1. Frumvarp

til fjárlaga fyrir árið 1932.

(Lagt fyrir Alþingi 1931).

I. KAFLI.

Tekjur:

1. gr.

Árið 1932 er ætlazt til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlazt til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	280000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	900000	
3.	Lestagjald af skipum	40000	
			1220000
4.	Aukatekjur	500000	
5.	Erfðafjárskattur	35000	
6.	Vitagjald	375000	
7.	Leyfisbréfagjöld	10000	
8.	Stimpilgjald	360000	
9.	Skólagjöld	15000	
10.	Bifreiðaskattur	80000	
			1375000
11.	Útflutningsgjald		900000
12.	Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)	400000	
	Flyt ...	400000	3495000

		kr.	kr.
	Flutt ...	400000	3495000
13.	Tóbakstollur	950000	
14.	Kaffi- og sykurtollur	850000	
15.	Annað aðflutningsgjald	180000	
16.	Vörutollur	1350000	
17.	Verðtollur	1450000	
			5180000
18.	Gjald af sætinda- (konfekt-) og brjóstsykurgerð ...		50000
	Samtals ...	... ...	8725000

3. gr.

		kr.	kr.
	A.		
	Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:		
1.	Rekstrarhagn. Póstsjóðs		10656
2.	— Símans		406842
3.	— Víneinkasölu		600000
4.	— Ríkisprentsmiðju		40000
5.	— Ríkisvélsmiðju		30000
6.	— Vífilsstaðabús		4000
7.	— Kleppsbús		3000
	Samtals ...	... ...	1094498
	Sundurliðun.		
	Póstsjóður.		
I.	Tekjur		550000
II.	Gjöld:		
	1. Laun:		
	a. Eftir launalögum 110000		
	b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur 80000		
	c. Bréfhirðingamenn 24000		
		214000	
	2. Póstflutningar	200000	
	Flyt ...	414000	550000

		kr.	kr.
	Flutt ...	414000	550000
3. Annar kostnaður:			
a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík, eftir reikningi	15000		
b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur	24000		
c. Húsaleiga utan Reykjavíkur ásamt stærri póststofum og póstafgreiðslum	15000		
d. Önnur gjöld	60000		
e. Fyrning húsa og áhalda, (sjá 20. gr.)	11344		
		125344	
			539344
	Fært á 3. gr. A. 1	... ...	10656
	Síminn.		
I. Tekjur			1800000
II. Gjöld:			
a. Til einkasíma í sveitum		30000	
b. Til starfrækslu landssímanna m. m.:			
1. Laun samkvæmt launalögum	320000		
2. Kostnaður við aðalskrifstofu landssímanna	25000		
3. Ritsímastöðin í Reykjavík	45000		
4. Loftskeytastöðin í Reykjavík.	11000		
5. Bæjarsíminn í Reykjavík	260000		
6. Áhaldahúsið	5000		
7. Ritsímastöðin á Akureyri	15000		
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði	16000		
9. Ritsímastöðin á Ísafirði...	11000		
10. Símastöðin á Borðeyri	6000		
11. Símastöðin í Hafnarfirði.	7500		
12. Símastöðin í Vestmannaeyjum	7000		
13. Símastöðin á Siglufirði	7500		
14. Til aukaritsímaþjónustu	5000		
15. Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva	120000		
16. Vextir af láni frá L. M. Ericsson o. fl.	85400		
	Flyt 946400	30000	1800000

		kr.	kr.
	Flutt 946400	30000	1800000
17. Til uppbótar á launum:			
a. Símritara o. fl. eftir sömu reglum og 1927	14000		
b. Til kvenvarðstjóra, kvensímritara o. fl.	3600		
	17600		
18. Til Steindórs Björnssonar	1200		
19. Til Jónasar Eyvindssonar og Gróu Dalhoff, persónuleg launaviðbót, 300 kr. til hvors	600		
		965800	
c. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.		40000	
d. Viðbót og viðhald stöðvanna		60000	
e. Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, allt að		10000	
f. Viðhald landssímanna...		185000	
g. Áframhaldsgjald		25000	
h. Til kennslu fyrir símamenn		2000	
i. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern		1500	
j. Ýms gjöld		6000	
k. Fyrning á línum, húsum og áhöldum (sjá 20. gr.)		67858	
			1393158
Fært á 3. gr. A. 2		... ...	406842
Eignahreyfingar.			
Út.			
I. Afborgun af láni L. M. Ericssen			55600
II. Til viðauka símakerfa, afborgana á húseigninni á Seyðisfirði o. fl....			50000
Fært á 20. gr. I. og II.		... ...	105600
Vínsinkasalan.			
I. Tekur (brúttó af vörusölu)			771000
II. Gjöld:			
a. Ýms reksturskostnaður		165000	
b. Fyrning á pakkhúsi og áhöldum (sjá 20. gr.) ...		6000	
			171000
Fært á 3. gr. A. 3		... ...	600000

		kr.	kr.
	B.		
	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:		
1.	Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs..		30000
2.	Tekjur af kirkjum		100
3.	Tekjur af silfurbergi		1000
4.	Legkaup til kirkjugarðs dómkirkjunnar.		3500
5.	Arnarhvoll:		
	a. Tekjur	53000	
	b. Gjöld:		
	1. Vextir (6,2% af 350 þús.) 21700		
	2. Ýms reksturskostnaður... 25800		
	3. Fyrning hússins (sjá 20. gr.) 3500		
		51000	
			2000
	Samtals ...	... ...	36600

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekur eru áætlaðar:

		kr.	kr.
1.	Tekjur af bönkum		10000
2.	Vextir af bankavaxtabréfum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909		20000
3.	Vextir af stofnfé Landsbankans 6% af 3 milj.		180000
4.	Aðrir vextir...		58000
	Samtals ...	... ...	268000

5. gr.

Óvissar tekjur eru taldar: Kr. 50.000.

II. KAFLI.

Gjöld:

6. gr.

Árið 1931 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
Vextir:		
1. Innlend lán		134113,54
2. Dönsk lán, danskar kr. 144258,34 á 122.00		175995,17
3. Ensk lán £ 32436 - 14 - 10 á 22.15		718473,34
Samtals ...	... ...	1028582,05

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfé Hans Hátignar konungsins 60 þús. danskar kr. á 122.00		73200

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreiknings er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		225000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga		4200
3. Fyrning á Alþingishúsi (sjá 20. gr.)		4087
Samtals ...	... ...	233287

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I. Ráðuneytið, ríkisféhirðir o. fl.			
1. Til ráðherra:			
a. Laun	35400		
b. Til risnu	8000		
		43400	
2. Til utanferða ráðherra		6000	
3. Laun starfsmanna stjórnarráðsins		75000	
4. Annar kostnaður		44000	
5. Fyrir að gegna ríkisféhirðisstörfum		27000	
Þar af 1000 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi ríkisbókara.			
6. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:			
a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna o. fl.	900		
b. Til pappírs og prentunar	12000		
c. Til kostnaðar við sendingar með póstum	1000		
		13900	
7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum og til hitunar og lýsingar hans		8000	
8. Fyrning á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað (sjá 20. gr.)		3667	
			220967
II. Hagstofan:			
1. Laun		13000	
2. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna		12000	
3. Prentun eyðublaða.		2000	
4. Húsaleiga, hiti og ljós m. m.		5000	
5. Aðstoðar- og skrifstofukostnaður		25000	
6. Til að gefa út manntalið 1703...		1000	
			58000
III. Utanríkismál o. fl.			
1. Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:			
a. Laun sendiherra	20000		
b. Húsaleiga...	5000		
c. Kostnaður við embættið	20000		
d. Til skrifstofuhalds...	17000		
		62000	
Flyt ...		62000	278967

	kr.	kr.
Flutt ...	62000	278967
2. Fyrir meðferð utanríkismála	12000	
3. Ríkisráðskostnaður	4000	
4. Kostnaður við sambandslaganefnd	1000	
5. Gengismunur af upphæðunum í 10. gr. III 1—3	11800	
		90800
Samtals ...	... ...	369767

11. gr.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Dómgæzla og lögreglustjórn.		
1. Hæstiréttur:		
a. Laun..	31400	
b. Annar kostnaður, allt að	5000	
Þar af 3000 kr. til ritara.		
		36400
2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra.. ...		150000
3. Laun hreppstjóra..		25000
4. Skrifstofukostnaður lögmannsins í Reykjavík:		
a. Laun 3 fulltrúa og 2 skrifara	26000	
b. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting	4200	
c. Ýms gjöld	5000	
d. Til samningar spjaldskrár yfir afsals- og veðmálabækur	2500	
		37700
5. Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík:		
a. Laun 4 skrifara	15120	
b. Laun 6 tollvarða..	30380	
c. Húsaleiga, ljós og hiti	7200	
d. Innheimtukostnaður	15000	
e. Ýms gjöld, allt að	17000	
		84700
Flyt ...	... ...	333800

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	333800
6. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
a. Laun 2 fulltrúa og 4 skrifara	25000	
b. Húsaleiga	4000	
c. Hiti og ljós	2400	
d. Ýms gjöld	3500	
		34900
Fastir starfsmenn í skrifstofum lögmannsins, tollstjórans og lögreglustjórans í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		
7. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta... ...		100000
9. Til landhelgisgæzlu, gegn allt að 300000 kr. framlagi úr landhelgissjóði		300000
10. Framlag til landhelgissjóðs		20000
11. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa		12000
12. Til vinnuhælisins í Litla-Hrauni		16250
(Þar af fyrning kr. 6250, sjá 20. gr.).		
13. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...		15000
14. Borgun til sjódómsmanna		2000
15. Borgun til setu- og varadómara		5000
16. Fyrning á Hegningarhúsi (sjá 20. gr.)...		1770
Samtals A. ...	... ...	840720
B.		
Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf	35000	
b. Fyrir embættisskeyti	45000	
		80000
2. Brunaábyrgðar- og fasteignagjald fyrir nokkrar opinberar fasteignir		25000
3. Til embættiseftirlitsferða		6000
4. Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar		40000
5. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.		15000
Samtals B. ...	... ...	166000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

	kr.	kr.
1. Laun		255000
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi, allt að		2000
3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sérstaklega erfiða læknissókn		9450
Styrkurinn skiptist þannig: 1. til Ólafsfjarðarbúa 600 kr. — 2. Til Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppa í Hnappadalssýslu, 200 kr. til hvers, 600 kr. — 3. Til Staðarsveitar 200 kr. — 4. Til Bæjarhrepps 300 kr. — 5. Til Öræfinga 400 kr. — 6. Til Þingvallahrepps 200 kr. — 7. Til Grímseyinga 400 kr. — 8. Til Suðureyrarhrepps 200 kr. — 9. Til Klofnings- og Skarðshreppa 300 kr. — 10. Til Holts- og Haganeshreppa 300 kr. — 11. Til Breiðdalshrepps 300 kr. — 12. Til Eyrarsveitar 200 kr. — 13. Til Flateyjarhrepps í Þingeyjarsýslu 200 kr. — 14. Til Selvogshrepps 150 kr. — 15. Til Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppa 200 kr. — 16. Til Sléttu-, Grunnavíkur- og Snæfjallahreppa, 300 til hvers, 900 kr. — 17. Til Borgarfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu 300 kr. — 18. Til Rauðasands- og Barðastrandarhreppa, 150 kr. til hvors, og til Múlahrepps 250 kr., 550 kr. — 19. Til Fjallahrepps í Norður-Þingeyjarsýslu og Jökuldalshrepps í Norður-Múlasýslu, vegna byggðar í Möðrudalsheiði og Jökuldalsheiði, 200 kr. til hvors, 400 kr. 20. Til Árneshrepps í Strandasýslu 600 kr., sé héraðið læknislaust. — 21. Til Loðmundarfjarðarhrepps 150 kr. — 22. Viðbótarstyrkur til Ólafsfjarðarbúa, gegn eigi minna tillagi frá þeim sjálfum en 1600 kr., ef þeir ráða til sín sérstakan lækni, 2000 kr.		
4. Til læknis í Reykjavík, er skylt sé að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi og Mosfellssveit og fara eftir taxta héraðslækna		1500
5. Til augnlækninga:		
a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík	1000	
b. Styrkur til augnlæknis á Akureyri	1000	
c. Styrkur til lækningaferða kringum landið	1000	
Flyt ...	3000	267950

		kr.	kr.
	Flutt ...	3000	267950
	Ferðastyrkurinn skiptist að jöfnu milli augnlæknis í Reykjavík, er hafi til yfirsóknar svæðið milli Eskifjarðar og Ísafjarðar, að báðum stöðum meðtöldum, og augnlæknis á Akureyri, er hafi hinn hlutann, frá Hólmavík til Norðfjarðar, enda hafi þeir dvöl a. m. k. á einni höfn eða tveim í hverri sýslu.		
			3000
6.	Styrkur til tannlæknis Vilhelms Bernhöfts í Reykjavík		1000
7.	Styrkur til háls-, nef- og eyrnalæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		1000
	Styrkurinn til augnlæknis í Reykjavík og læknanna Vilhelms Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hvor um sig, segi stúdentum í læknadeild háskólans til í sinni sérfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 4 sinnum á mánuði, og gefi skýrslu um það.		
8.	Til radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar		2500
9.	Styrkur til héraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sér nýrrar læknisþekkingar		3000
	Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.		
10.	Landspítalinn:		
	Rekstrarkostnaður		44000
	(Þar með talin fyrning húsa og áhalda samtals kr. 24000 (sjá 20. gr.).		
11.	Holdsveikraspítalinn		67272
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis...	7800	
	B. Annar kostnaður:		
	1. Laun starfsmanna... 11400		
	2. Viðurværi 35 manna (ca. 130 a. á dag) 16607		
	3. Klæðnaður 1400		
	4. Lyf og sáraumbúðir 1400		
	5. Ljós og hiti 9000		
	6. Húsbúnaður og áhöld... 1800		
	7. Viðhald á húsum... 2500		
	8. Þvottur og ræsting.. 1500		
	Flyt ... 45607	7800	389722

		kr.	kr.
Flutt ...	45607	7800	389722
10. Greftrunarkostnaður	500		
11. Skemmtanir	600		
12. Skattar o. fl.	3500		
13. Ýmisleg gjöld	1000		
14. Fyrning húsa og áhalda (sjá 20. gr.)	8265		
		59472	
		67272	
12. Geðveikrahælið á Kleppi:			
I. Gamli spítalinn			52655
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		6800	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna fastra	12000		
2. Kaup daglaunamanna	1600		
3. Matvæli	32000		
4. Klæðnaður 70 sjúklinga á 50 kr. handa hverjum	3500		
5. Klæðnaður starfsfólks	500		
6. Lyf og sáraumbúðir	500		
7. Ljós og hiti	10000		
8. Viðhald og áhöld	8000		
9. Þvottur og ræsting	3000		
10. Flutningskostnaður	2000		
11. Skemmtanir	750		
12. Skattar m. m.	2500		
13. Óviss gjöld	1400		
14. Fyrning húsa og áhalda (sjá 20. gr.)	6480		
		84230	
		91030	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 70 sjúklingum, kr. 1,50 á dag ...		38375	
Mismunur ...		52655	
Flyt ...		... ...	442377

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	442377
II. Nýi spítalinn			57708
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		6500	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna fastra	30000		
2. Kaup daglaunamanna	2000		
3. Matvæli	35000		
4. Fatnaður sjúklinga	2000		
5. Fatnaður starfsfólks	1000		
6. Lyf og sáraumbúðir	3000		
7. Ljós og hiti	12000		
8. Viðhald og áhöld	5000		
9. Þvottur og ræsting	4000		
10. Skattar og tryggingar	3000		
11. Skemmtanir	750		
12. Óviss útgjöld	1500		
13. Fyrning húss og áhalda (sjá 20. gr.)	10958		
		111208	
		117708	
Þar frá dregst:			
Innborgað frá sjúklingum		60000	
Mismunur ...		57708	
13. Heilsuhælið á Vífilsstöðum			710
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun yfirlæknis		6800	
B. Laun aðstoðarlæknis		6000	
C. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	37000		
2. Viðurværi..	104000		
3. Lyf og hjúkrunargögn...	11500		
4. Ljós og hiti	31500		
5. Þvottur og ræsting..	7500		
6. Viðhald húsa...	10000		
7. Viðhald véla	4500		
8. Húsbúnaður og áhöld...	11000		
9. Flutningskostnaður..	5000		
Flyt ...	222000	12800	500795

		kr.	kr.
Flutt ..	222000	12800	500795
10. Óviss gjöld	5000		
11. Fyrning á húsum og áhöldum (sjá 20. gr.)	9110		
		236110	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 120 sjúklingum, 5 kr. á dag	219000		
Meðgjöf með 20 börnum, 4 kr. á dag ...	29200		
		248200	
Mismunur ...		710	
14. Heilsuhælið í Kristnesi:			
Rekstrarkostnaður			10670
(Þar af fyrning kr. 7670 (sjá 20. gr.).			
15. Önnur gjöld:			
a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, allt að ...		18000	
Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 70 aurar fyrir hvern legudag, gegn því að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur, og að því tilskildu, að sjúklingar, sem ríkissjóður greiðir sjúkrahúsunum fyrir, njóti sömu kjara sem innanhéraðssjúklingar.			
b. Bólusetningarkostnaður		3500	
c. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma		17000	
d. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkd. berist til Íslands		1000	
e. Gjöld samkv. lögum nr. 16 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum		8000	
f. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum		2000	
g. Til hjálparstöðvar hjúkrunarfélagsins Líknar, gegn a. m. k. jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur ...		4000	
h. Til hjálparstöðvar Rauðakrossdeildar Akureyrar fyrir berklaveika, gegn jafnmiklu frá bæjarsjóði Akureyrar		500	
Flyt ...		54000	511465

	kr.	kr.
Flutt ...	54000	511465
i. Til félags íslenzkra hjúkrunarkvenna	700	
j. Til geitnalækninga, gegn að minnsta kosti $^2/_3$ annarsstaðar að	300	
k. Til styrktar mönnum, er þurfa að fá sjer gervilimi	4000	
l. Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launaviðbót annarsstaðar frá	300	
m. Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs	2000	
		61300
16. Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra		90000
Samtals ...	... ...	662765

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Vegamál.		
I. Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
1. Laun vegamálastjóra	7800	
2. Laun aðstoðarverkfræðings	6780	
3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, allt að	6000	
4. Til aðstoðarmanna og mælinga, allt að	10000	
5. Skrifstofukostnaður, allt að	8000	
		38580
II. Viðhald og umbætur		200000
III. Til slitlags á akvegum (bifreiðaskattur)		80000
IV. Fjallvegir		15000
V. 1. Til áhalda, allt að	10000	
2. Til bókasafns verkamanna	300	
		10300
Flyt ...	... ...	343880

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	343880
VI. Til sýsluvega:		
1. Tillög til akfærra sýsluvega, allt að ... ... gegn að minnsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar að og öðrum þeim skilyrðum, sem atvinnumálaráðherra setur.	40000	
2. Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 10 1923	70000	
		110000
VII. Til dragferjuhalds:		
1. Á Lagarfljóti	300	
2. - Skjálfandafljóti	300	
3. - Blöndu	300	
		900
VIII. Til ferju á Hrosshyl í Þjórsá		250
IX. Styrkur til þess að halda uppi vetrarflutningum yfir Hellisheiði		5000
X. Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu fyrir ferðamenn . ... Atvinnumálaráðuneytið veitir styrkinn ábúendum á afskekktum bæjum við þjóðbraut.		3000
XI. Iðgjöld til slysatryggingar verkamanna samkv. lögum nr. 44, 27. júní 1925		5000
XII. Fyrning áhaldahússins (sjá 20. gr.)		1248
Samtals A. ...	... ...	469278
B. Samgöngur á sjó.		
1. Til strandferða:		
a. Ríkissjóðs ... ... (Þar af fyrning kr. 31,600, sjá 20. gr.).	256600	
b. Eimskipafélags Íslands	60000	
c. H/f Skaftfellings	20000	
		336600
2. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum...		80000
Samtals B. ...	... ...	416600

		kr.	kr.
	C.		
	Vitamál og hafnargerðir.		
I.	Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála:		
1.	Laun vitamálastjóra	7800	
	Hann sé umsjónarmaður vitamála og hafnargerða og ókeypis ráðunautur landsstjórnar, hjeraðsstjórna og bæja í öllu því, er varðar vitamál og hafna.		
2.	Laun aðstoðarverkfræðings	6500	
3.	Til skrifstofuhalds, eftir reikningi	6000	
4.	Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi	2500	
			22800
II.	Laun vitavarða..		22000
	Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi vitaverði Gróttuvitans.		
III.	Rekstrarkostnaður vitanna		115000
IV.	Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		8000
V.	Til áhaldakaupa		5000
VI.	Ýmislegt		20000
VII.	Til bryggjugerða og lendingarbóta, allt að 1/3 kostnaðar, gegn 2/3 annarsstaðar að, enda sé það fé fyrir hendi og stjórnarráðið samþykki áætlun ...		20000
	Fyrning (sjá 20. gr.), ...		89790
	Samtals C. ...	... ...	302590
	D.		
	Útvarpið:		
Gjöld:			
I.	Starfræksla:		
1.	Yfirstjórn 18800		
2.	Útvarpsstöðin 60000		
3.	Útvarpssalur 30000		
4.	Útvarpsefni 60000		
5.	Skrifstofan... 18000		
6.	Óviss gjöld 10000		
		196800	
	Flyt ..	196800	

	kr.	kr.
Flutt ...	196800	
II. Vextir af láni frá Marconifélaginu í London	32250	
III. Fyrning húss, véla og áhalda (sjá 20. gr.)	29100	
		258150
Tekjur		200000
Tekjuhalli		58150
Eignahreyfingar.		
Út.		
Afborgun af láni frá Marconifélaginu í London £ 5600 á 22,15 (fært á 20. gr. Út I. 2. b.)		124000

14. gr.

Til kirkju- og kennslumála er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Kirkjumál.		
a. Biskupsdæmið:		
1. Laun biskups	8800	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, allt að	2000	
		10800
b. Önnur gjöld:		
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	300	
2. Hluti ríkissjóðs af lífeyrisgjaldi presta samkvæmt lögum nr. 49 1907	350	
3. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	7000	
4. Framlag til prestlaunasjóðs...	260000	
5. Til dómkirkjuprestsins í Reykjavík, fyrir skýrslugerðir	1000	
		268650
Samtals A ...	... ...	279450

	kr.	kr.
B. Kennslumál.		
I. Háskólinn:		
a. Laun	100000	
b. Til kennara í lagalæknisfræði	500	
c. Til kennslu í söng...	500	
d. Til kennslu í bókhaldi	400	
e. Til þess að greiða kostnað við heimsóknir erlendra vísindamanna, er hér halda fyrirlestra í háskólanum, allt að	2000	
f. Námsstyrkur	15000	
g. Húsaleigustyrkur	9000	
h. Rekstrarstyrkur til rannsóknarstofu háskólans	5000	
i. Til kennsluáhalda læknadeildar...	1000	
j. Fyrir starf við gerlarannsókn og kennslu í efnafræði	2000	
k. Hiti, ljós, ræsting og vélgæzla	4000	
l. Önnur gjöld:		
1. Til ritara og dyravarðar ... ... 4000 auk hlunninda, er dyravörður hefir áður notið.		
2. Ýms gjöld 5000		
	9000	
m. Ferðastyrkur vegna stúdentaskipta	750	
n. Framlag fyrir eitt herbergi í alþjóðastúdentagarði í París, þriðja greiðsla af fjórum	2500	
o. Fyrning á Kirkjustræti 12 (sjá 20. gr.)	549	
		152199
II. Námsstyrkur erlendis:		
a. Til íslenzkra stúdenta í erlendum háskólum ...	24000	
b. Námsstyrkur samkvæmt ákvörðun menntamálaráðs ... ... Styrkinn má veita konum sem körlum til hvers þess náms, er menntamálaráðið telur nauðsyn að styrkja.	10000	
		34000
III. Fræðslumálastjórnin:		
1. Laun fræðslumálastjóra	8100	
2. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, allt að	1000	
Flyt ...	9100	186199

		kr.	kr.
	Flutt ...	9100	186199
3.	Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, allt að ...	5000	
4.	Til fræðslumálarits...	800	
			14900
IV.	Menntaskólinn almenni:		
a.	Laun	74200	
b.	Önnur gjöld:		
1.	Til bókasafns skólans	1000	
2.	Til eldiviðar, ljósa og ræstingar ...	7500	
3.	Til skólahússins utan og innan ...	4000	
4.	Til stundakennslu og til prófdómenda, allt að	23000	
5.	Húsaleigustyrkur handa 15 lærisveinum, 75 kr. handa hverjum ...	1125	
6.	Námsstyrkur, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	2800	
7.	Læknisþóknun	500	
8.	Til kennslutækja	1500	
9.	Ýmisleg gjöld	3500	
10.	Til verðlaunabóka	200	
11.	Vegna kostnaðar við skólastjórn ...	2000	
12.	Fyrning (sjá 20. gr.)	6515	
		53640	
			127840
	Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sé venjulega aðeins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.		
V.	Menntaskólinn á Akureyri:		
a.	Laun	29000	
b.	Önnur gjöld:		
1.	Til aukakennara og stundakennslu	10000	
2.	Vegna kostnaðar við skólastjórn ...	2000	
3.	Til bóka og kennsluáhalda	1800	
4.	Til eldiviðar og ljósa	5000	
5.	Námsstyrkur	1000	
	Flyt ...	19800	29000	328939

		kr.	kr.
Flutt ...	19800	29000	328939
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
6. Til dyravörzlu	1400		
7. Til viðhalds	2000		
8. Til ýmislegra gjalda	3000		
9. Fyrning (sjá 20. gr.)	7000		
		33200	
			62200
VI. Kennaraskólinn:			
a. Laun		17000	
b. Önnur gjöld:			
1. Stundakennsla	3000		
2. Eldiviður og ljós	2500		
3. Bókakaup og áhöld...	500		
4. Námsstyrkur	2500		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
5. Til vornámsskeiðs fyrir barnakennara	1500		
6. Til viðhalds	1000		
7. Ýmisleg gjöld	2500		
8. Fyrning (sjá 20. gr.)	1869		
		15369	
			32369
VII. Stýrimannaskólinn:			
a. Laun		13500	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakennslu	2000		
2. Til eldiviðar og ljósa	1500		
3. Til Sveinbjarnar Egilssonar, til fyrirlestra	300		
4. Ýmisleg gjöld	2500		
5. Fyrning (sjá 20. gr.)	1285		
		7585	
			21085
Flyt ...		... ...	444593

			kr.	kr.
		Flutt ...		444593
VIII.	Vélstjóraskólinn:			
	a. Laun		9520	
	b. Önnur gjöld:			
	1. Til stundakennslu	1000		
	2. Húsnæði	3000		
	3. Ljós og hiti	400		
	4. Ræsting	600		
	5. Til prófhalda	900		
	6. Ýms gjöld	300		
			6200	
				15720
	Við skólana undir liðunum IV.—VIII. skal vera skólagjald, að minnsta kosti 150 kr. fyrir hvern innanbæjarnemanda. Stjórnarráðið má þó, eftir tillögum skólastjóra, veita undanþágu frá skólagjaldi, ef í hlut eiga efnalitlir, en einkar efnilegir nemendur.			
IX.	Bændakennsla:			
	1. Til bændaskólans á Hólum:			
	a. Laun	9650		
	b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkennslu	1450		
	c. Önnur gjöld:			
	1. Til verklegs náms, allt að 2500			
	2. Til kennsluáhalda ... 800			
	3. Til eldiviðar og ljósa... 3500			
	4. Ýmisleg gjöld 3000			
		9800		
	d. Fyrning húsa (sjá 20. gr.)	1714		
			22614	
	2. Til bændaskólans á Hvanneyri:			
	a. Laun	8550		
	b. Til smíða- og leikfimikennslu ...	1300		
	c. Önnur gjöld:			
	1. Til verklegs náms, allt að 2400			
	2. Til kennsluáhalda... ... 500			
	Flyt ... 2900	9850	22614	460313

			kr.	kr.
Flutt ...	2900	9850	22614	460313
3. Til eldiviðar og ljósa ...	3000			
4. Ýmisleg gjöld	3000			
		8900		
d. Fyrning húsa (sjá 20. gr.)		1530		
			20280	
Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám samkvæmt samningi, eigi skemur en 8 vikur á ári, og skila skólunum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, enda sjái skólastjóri nemendum fyrir ókeypis fæði og kennslu. Nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 18 kr. fyrir hverja viku námstímans.				
Styrkinn má aðeins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sé í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.				
3. Til steinsteypukennslu			2000	
				44894
X. Iðnfræðsla:				
a. Til Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Reykjavík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar			6000	
b. Til Iðnaðarmannafélagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds			2000	
c. Til Iðnaðarmannafélagsins á Ísafirði, til skólahalds			1200	
d. Til Iðnaðarmannafélagsins í Hafnarfirði, til kvöldskólahalds			800	
Styrkurinn til þessara 4 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ rekstrarkostnaðar.				
Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.				
e. Til að styrkja efnilega menn, karla og konur, til verklegs framhaldsnáms erlendis			3000	
				13000
Flyt ...			... ...	518207

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	518207
XI.	Verzlunarskólar:		
	a. Til Kaupmannafélagsins og Verzlunarmannafélagsins í Reykjavík, til að halda uppi skóla fyrir verzlunarmenn, undir umsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3/4 kostnaðar	6000	
	b. Til Sambands samvinnufélaganna, til þess að halda uppi verzlunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3/4 kostnaðar ..	6000	
			12000
XII.	Ljósmæðraskólinn:		
	1. Laun forstöðumanns	1000	
	2. Til verklegrar kennslu:		
	a. Laun tveggja ljósmæðra í Rvík ... 600		
	b. Annar kostnaður, allt að 200		
		800	
			1800
XIII.	Kvennaskólar:		
	1. Til kvennaskólans í Reykjavík:		
	a. Rekstrarkostnaður, gegn að minnsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 21000		
	b. 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er allt skólaárið, allt að 4000		
	c. Námsstyrkur til sveitastúlkna ... 1000		
		26000	
	2. Til kvennaskólans á Blönduósi:		
	a. Rekstrarstyrkur, gegn að minnsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 14000		
	b. 65 kr. fyrir hverja námsmey, sem er allt skólaárið, allt að... 2000		
		16000	
	Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.		
			42000
	Flyt ...	... ...	574007

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	574007
XIV.	Almenn barnafræðsla:		
1.	Laun kennara við fasta skóla og dýrtíðaruppbót	300000	
2.	Laun farkennara og dýrtíðaruppbót	30000	
3.	Til farkennslu og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, allt að... ...	7000	
4.	Til eftirlitskennara...	12000	
5.	Til þess að reisa barnaskóla utan kaupstaða, samkv. skilyrðum 14. gr. fræðslulaganna, allt að	20000	
6.	Utanfararstyrkur handa barnakennurum	2000	
			371000
XV.	Unglinga- og alþýðuskólar:		
1.	Til alþýðuskólans á Eiðum:		
	a. Laun	10500	
	b. Til hannyrða, leikfimi og smíðakennslu	2000	
	1. Til kennsluáhalda ... 500		
	2. Til eldiviðar og ljósa ... 4000		
	3. Ymisleg gjöld 3000		
	4. Til viðhalds... 1000		
	5. Til smíðastofu og smíðatólakaupa 500		
		9000	
	c. Fyrning húsa (sjá 20. gr.)	1680	
			23180
2.	Til héraðsskóla samkv. l. nr. 32 1929		70000
3.	Til gagnfræðaskóla samkv. l. nr. 48 1930. ...		50000
4.	Til unglingafræðslu utan kaupstaða, samkv. 20. gr. l. nr. 48 1930		16000
	Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sé minni en þriðjungur ríkissjóðsstyrksins. Kennslumálastjórnin úthlutar styrknum og hefir eftirlit með skólunum.			
5.	Til þess að reisa háraðaskóla í sveitum, allt að helmingi kostnaðar skv. 15. gr. l. nr. 27 1929		20000
	Flyt ..		179180	945007

	kr.	kr.
Flutt ...	179180	945007
6. Til þess að reisa unglingaskóla í kaupstöðum, $^2/_5$ kostnaðar, allt að	20000	
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að áætlun og teikning sé samþykkt af stjórnarráðinu og trygging sé fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn eign kaupstaðarins.		
7. Til bókasafna við unglingaskóla	2000	
8. Til þess að gefa út kennslubækur handa skólum	2000	
		203180
XVI. Húsmæðrafræðsla:		
1. Til húsmæðradeildar við Alþýðuskóla Þingeyinga	5000	
2. Til húsmæðrafræðslu á Hallormsstað.	5000	
Styrkir samkvæmt tölul. 1.—2 eru bundnir því skilyrði hvor um sig, að atvinnumálaráðherra samþykki reglugerðir skólanna.		
3. Til þess að reisa húsmæðraskóla, allt að helmingi byggingarkostnaðar	20000	
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að skólastaðurinn sé ákveðinn, áætlun og teikning samþykkt af stjórnarráðinu og trygging sé fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni.		
4. Til kvenfélagsins Óskar í Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að	5000	
Noti félagið ekki styrkinn, má greiða hann öðrum á Ísafirði eða Ísafjarðarsýslu, að óbreyttum skilyrðum.		
5. Til húsmæðrafræðslu í Vík í Mýrdal.	1000	
		36000
XVII. Til kennslu heyrnar- og málleysingja m. m.		26975
Þar af fyrning húss kr. 975,00 (sjá 20. gr.).		
Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		
Flyt ...	... ...	1211162

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	1211262
XVIII. Blindrakennsla:		
1. Til kennslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að	1000	
2. Til blindra manna, til þess að nema körfugerð og þesskonar iðnað innanlands, samkv. nánari fyrirmælum atvinnumálaráðuneytis	1500	
		2500
XIX. Sundkennsla o. fl.:		
1. Til sundkennslu í Reykjavík	300	
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kennsla þessi fari fram að minnsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu og að lærisveinar ríkisskólanna og skóla fyrir unglinga og fullorðna, sem styrktir eru af ríkisfé, njóti kennslunnar ókeypis.		
2. Laun Ólafs Pálssonar og Jóns Pálssonar fyrir sundkennslu þá, sem getur í 1. lið, og til að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund ...	3000	
3. Til sundkennslu o. fl. annarsstaðar en í Rvík ...	3000	
Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sé lagt til sundkennslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.		
4. Til þess að gera nýjar, steinsteyptar sundlaugar og sundskýli, enda séu þær til afnota fyrir almenning og landsstjórnin samþykki uppdrátt og kostnaðaráætlun, helmingur kostnaðar, allt að	20000	
		26300
XX. Til Ríkarðs Jónssonar, til þess að halda uppi kennslu í teikningu og tréskurði í þjóðlegum stíl		1800
XXI. Til íþróttakennslu		3000
XXII. Til Íþróttasambands Íslands		4000
Samtals B. ...	... ...	1248762

15. gr.

Til vísinda, bókmennta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun	18300	
b. Launauppbót til 1. bókavarðar, 500 kr., og til 2. bókavarðar 1000 kr.	1500	
c. Til aðstoðar	4500	
d. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands ..	15000	
e. Til að semja spjaldskrá	1000	
f. Til að semja og gefa út skrá yfir handrit	3000	
g. Til ritaukaskrár	800	
h. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
i. Húsaleiga	2000	
j. Ýmisleg gjöld	1000	
		47460
2. Þjóðskjalasafnið:		
a. Laun	6600	
b. Til bókbands, bóka- og handritakaupa, umbúnaðar skjala og aðstoðarmanns	5000	
c. Ýms gjöld	500	
		12100
3. Þjóðminjasafnið og verndun fornminja:		
a. Laun þjóðminjavarðar (fornminjavarðar)	7300	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, allt að	2550	
c. Til að útvega forngripi, allt að	1500	
d. Til áhalda og aðgerða	1500	
e. Til rannsókna og ferðakostnaðar	1000	
Þjóðminjasafnið sé opið 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		
		13850
4. Fyrning safnahússins (sjá 20. gr.)		6815
5. Náttúrufræðifélagið:		
a. Tillag	2000	
b. Til aðstoðarmanns	1400	
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sé til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		
		3400
Flyt ...	... ...	83625

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	83625
6. Landsbókasafnshúsið:		
a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	6500	
b. Til viðhalds og áhalda	2000	
		8500
7. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		2000
8. Aukastyrkur til þriggja bókasafna:		
a. Til amtsbókasafnsins á Akureyri, að því tilskildu, að Davíð skáld frá Fagraskógi hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar...	3000	
b. Til bókasafnsins á Ísafirði, að því tilskildu, að Guðmundur Gíslason Hagalín rithöfundur hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar	3000	
c. Til amtsbókasafnsins á Seyðisfirði ... ... enda skal starfrækja safnið í samráði við sýslunefnd Suður-Múlasýslu og bæjarstjórn Neskaupstaðar.	1000	
		7000
9. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði... ...		1000
10. Til bókasafnsins Íþöku, til bókakaupa		200
11. Til Hins íslenzka bókmenntafélags . ... enda haldi það áfram útgáfu hins íslenzka fornbréfasafns sem að undanförnu.		3400
12. Til Þjóðvinafélagsins, þar af 5000 kr. með því skilyrði, að félagið gefi út æfisögu Jóns Sigurðssonar ...		1800
13. Til Fornleifafélagsins		800
14. Til Sögufélagsins, til þess að gefa út alþingisbækur, landsyfirdóma o. fl.		2700
15. Til Fræðafélagsins til þess að gefa út Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (Jarðalýsing Snæfellsness- og Hnappadalssýrlu		2500
16. Til Fornritaútgáfunnar, 150 kr. á hverja prentaða örk, allt að		3000
17. Til Leikfélags Reykjavíkur, gegn að minnsta kosti 2000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur		6000
Flyt ...	.. ...	122525

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	122525
18.	Til Leikfélags Akureyrar, gegn að minnsta kosti 500 kr. framlagi frá Akureyrarkaupstað.		1500
19.	Til Leikfélags Ísafjarðar, gegn að minnsta kosti 300 kr. framlagi frá Ísafjarðarkaupstað		1000
20.	Til Páls Ísólfssonar, til þess að veita kirkjuorgelleikurum og barnakennurum utan Reykjavíkur ókeypis kennslu í orgelleik, hljómfræði og söngstjórn í kirkjum og barnaskólum...		2000
21.	Styrkur til skálda og listamanna, þó eigi minna en 500 kr. til hvers		6000
22.	Til Halldórs Kiljan Laxness, til ritstarfa		2000
23.	Til Þórbergs Þórðarsonar, til þess að safna orðum úr alþýðumáli, enda sé safnið eign ríkisins		2400
24.	Til Hannesar Þorsteinssonar, til þess að semja æfisögur lærðra manna íslenzkra á síðari öldum, enda sé handritið eign ríkisins að honum látnum		2000
25.	Til Sigurðar Nordals, til ritstarfa		2000
26.	Til Magnúsar Ásgeirssonar, til ljóðaþýðinga		1500
27.	Til Bjarna Sæmundssonar, til fiskirannsókna:		
	a. Föst laun með dýrtíðaruppbót	6800	
	b. Til ferða og annara útgjalda við rannsóknirnar ...	1000	
			7800
28.	Til dr. Guðmundar Finnbogasonar, til þess að vinna að bók um eðliseinkenni Íslendinga		2000
29.	Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sé nýtt ...		1000
30.	Til Páls Þorkelssonar, til þess að vinna að málsháttasafni sínu		1000
31.	Til listasafnshúss Einars Jónssonar ... ... (Þar af fyrning 1295 (sjá 20. gr.).		5295
32.	a. Til Einars Jónssonar myndhöggvara, 5000 kr. með verðstuðulsuppbót .. .. enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafns síns, er sé almenningi til sýnis endurgjaldslaust 4 stundir á viku.	6800	
	b. Til sama, til aðstoðar	1200	
			8000
33.	Til fréttastofu blaðamannafélagsins		2000
	Flyt ...	... ...	170020

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	170020
34. Ferðastyrkur til útlanda		5000
35. Þóknun fyrir störf menntamálaráðs Íslands (sbr. 1. gr. laga nr. 7, 12. apríl 1928)		3000
Samtals ...	... ...	178020

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

	kr.	kr.
1. Til Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun búnaðarþingsins... ...		250000
2. Til tilraunastarfsemi um grasfræ- og hafrasáningu, allt að		5000
Styrkur veitist af þessum lið eftir ákvörðun atvinnumálaráðuneytisins í samráði við Búnaðarfélag Íslands.		
3. Til sandgræðslu...		25000
Þar af 5000 kr. til áveitu og sandgræðslu í Meðallandi.		
4. Gjöld samkvæmt jarðræktarlögunum		460000
5. Til búfjártryggingarsjóðs Íslands		15000
6. Tillag til Búnaðarbankans:		
a. Til byggingar- og landnámssjóðs	200000	
b. Til bústofnslánadeildar	50000	
c. Til ræktunarsjóðs:		
1. Afgjöld þjóðjarða 30000		
2. Kostnaðartillag 6000		
3. Hluti af útflutningsgjaldi 60000		
	96000	
d. Til lánadeildar smábýla	50000	
		396000
7. Tillag til byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna, samkv. lögum um verkamannabústaði...		33000
8. Vegna ráðstafana um tilbúinn áburð		50000
Flyt ...	.. ...	1234000

	kr.	kr.
Flutt ..	... ...	1234000
9. Til að rannsaka og gera tillögur um raforkuveitur til almenningsþarfa utan kaupstaða, gegn fimmtungs framlagi frá hlutaðeigandi héruðum, allt að		15000
10. Til Garðyrkjufélags Íslands:		
Laun garðyrkjustjóra...		4000
11. Til skógræktar:		
a. Laun	11910	
Þar af 600 kr. húsaleiguuppbót til Einars Sæmundsens.		
b. Til skóggræðslu	15000	
		26910
12. Til dýralækninga:		
a. Laun handa 4 dýralæknum	17000	
b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	900	
		17900
13. Til rannsóknastofu í þarfir atvinnuveganna		20000
14. Til fjárkláðalækninga		6000
15. Til eftirlits með útflutningi á hrossum		500
16. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar, 4100 kr., með dýrtíðaruppbót ...	5740	
b. Til aðstoðar allt að	5600	
c. Húsaleiga	3000	
d. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	1200	
e. Til áhaldakaupa	800	
		16340
17. Til veðurstofu Íslands:		
a. Laun forstöðumanns og fulltrúa	15100	
b. Til aðstoðar	15000	
c. Til veðurathugana utan Reykjavíkur, áhalda o. fl.	9000	
d. Til veðurskeyta o. fl.	11000	
e. Til loftskeytatækja	800	
f. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	3000	
g. Eftirlit með veðurathugunarstöðvum o. fl.	1100	
h. Til að varpa út veðurskeytum á erlendum málum	1500	
i. Vegna flugferða	2000	
		58500
Flyt ...	... ...	1399150

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	1399150
18.	Til landmælinga		55000
19.	Til Fiskiveiðasjóðs Íslands		6000
20.	Til Fiskifélagsins, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun fiskiþingsins		70000
	Enda sjái það um á sinn kostnað útgáfu fiskimannaalmanaks.		
21.	Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
	a. 5 fiskiyfirmatsmenn	16600	
	b. Launauppbót fiskiyfirmatsmanna	8200	
	Af þessari upphæð fá fiskiyfirmatsmennirnir í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði 1500 kr. hver, fiskiyfirmatsmaðurinn í Vestmannaeyjum 1200 kr. og fiskiyfirmatsmaðurinn í Reykjavík 1000 kr. í ritfé.		
	c. Laun 4 ullarmatsmanna	2200	
	d. — 6 kjötmatsmanna	5000	
	e. Ferðakostnaður yfirmatsmanna	10000	
			42000
22.	Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra:		
	a. Laun skipaskoðunarstjóra	6800	
	b. Til skrifstofukostnaðar, allt að...	5000	
			11800
23.	Til markaðsleitar erlendis		10000
24.	Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum, gegn tvöföldu fjárframlagi annarsstaðar að		10000
25.	Til Sambands íslenzkra heimilisiðnaðarfélaga		6000
	Þar af 800 kr. til Geirs Þormars, til að halda uppi kennslu og námsskeiðum í tréskurði á Norður- og Austurlandi.		
26.	Til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, til að halda uppi kennslu og námsskeiðum í tréskurði og heimilisiðnaði		800
27.	Til Halldóru Bjarnadóttur, til þess að vinna að útbreiðslu og eflingu heimilisiðnaðar		1800
28.	Til Kvenfélags Hvammshrepps í Vík í Mýrdal, til þess að halda uppi kennslu í handavinnu kvenna ...		600
30.	Til sambands norðlenzkra kvenna		450
31.	Til sambands austfirzkra kvenna		450
32.	Til sambands sunnlenzkra kvenna		450
	Flyt ...	... ...	1614500

		kr.	kr.
	Flutt ...		1614500
32.	Til Bandalags kvenna		450
33.	Til kvenréttindafélags Íslands		500
34.	Til vörumerkjaskrásetjara		2000
35.	Handa Ungmennafélagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu .. .. Félagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fénu er varið.		6000
36.	Til Bandalags skáta		500
37.	Til Dýraverndunarfélags Íslands, til dýraverndunarstarfsemi		1000
38.	Laun húsagerðarmeistara		7800
39.	Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita, á móti byggingar- og landnámssjóði ... ... enda greiðist engin borgun fyrir leiðbeiningarnar.		4000
40.	Til mælinga og rannsókna á vatnasvæði Hornafjarðarfljóts og Hólmsár (síðari greiðsla)		4000
41.	Til Þórðar Flóventssonar, til leiðbeiningar um laxa- og silungaklak		1800
42.	Gjöld vegna laga um skipulag bæja og sjávarþorpa..		8000
43.	Til vatnsrennslismælinga		2000
	Samtals ...	... ...	1652550

17. gr.

Til almennrar styrktarstarfsemi er veitt:

		kr.	kr.
1.	Styrkur til berklasjúklinga		800000
2.	Gjöld samkvæmt lögum nr. 43, 31. maí 1927, 66. og 67. gr.		60000
3.	Styrkur til sjúkrasamlaga ... ... Af þessum lið má greiða sjúkrasamlagi Hins ísl. prentarafélags styrk í samræmi við styrk til annara sjúkrasamlaga.		8000
	Flyt ...	... ...	868000

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	868000
4. Til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafélaganna í Reykjavík		3500
5. Til sjúkra- og styrktarsjóðs vitavarða		500
6. Til slysatryggingar		10000
7. Til slysavarna, allt að ... ... enda sé stjórnarráðinu send skýrsla um starfsemina.		10000
8. Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis ...		1000
9. Til bjargráðasjóðs		24000
10. Tillag til ellistyrktarsjóða...		45000
11. Til Stórstúku Íslands, til bindindisstarfsemi		8000
12. Til Rauðakrossfélags Íslands		1000
13. Til slysatryggingarsjóðs félagsins Dagsbrúnar		500
14. Til sjúkrasjóðs Fellshrepps		300
15. Til sjúkrasjóðs Hofshrepps		400
16. Til styrktar- og sjúkrasjóðs verkakvennafélagsins Framsóknar í Reykjavík		500
17. Til sjúkrasjóðs Félags járnsmíðanema í Reykjavík ...		200
18. Til styrktarsjóðs sjómannafélags Vestmannaeyja		500
19. Til sjúkrasjóðs verkamannafélagsins Drífanda í Vestmannaeyjum		500
20. Til sjúkrasjóðs verkamannafélags Akureyrar		300
21. Til sjúkrasjóðs verkakvennafélagsins Einingar á Akureyri Fjárveitingarnar undir 13.—21. tölul. eru bundnar því skilyrði, að jafnmikið fé að minnsta kosti komi annarsstaðar að og að stjórnarráðinu sé send skýrsla um starfsemina.		150
22. Til gamalmennahælis á Ísafirði		1000
23. Til gamalmennahælis á Seyðisfirði		1000
24. Tillag til Alþjóðahjálparsambandsins (International Relief Union)		1000
Samtals ...	... ...	977350

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I.	Samkvæmt eftirlaunalögum:		
	a. Embættismenn	34532,97	
	b. Embættismannaekkjur og börn	17857,65	
	c. Prestsekkjur	5936,64	
	d. Lífeyrir samkvæmt lögum nr. 49 1923	2500,00	
	e. — — — — 51 1921	1000,00	
			61827,26
II.	Styrktarfé og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:		
	a. Embættismenn:		
	1. Til Sigurðar Magnússonar læknis ... 600,00		
	2. — Sigurðar Kvarans héraðslæknis 405,00		
	3. — Þorvalds Pálssonar læknis... ... 300,00		
		1305,00	
	b. Embættismannaekkjur og börn:		
	1. Til Magneu Ásgeirsson 200		
	2. — Ólivu Guðmundsson 175		
	3. — Theodóru Thoroddsen 800		
	4. — Sigríðar Hjaltadóttur 400		
	5. — Ingileifar Snæbjarnardóttur 400		
	6. — Sigríðar Fjeldsted læknisekkju ... 450		
	7. — Sigríðar Finnbogadóttur 800		
	8. — Rannveigar Tómasdóttur 600		
	9. — Önnu Gunnlaugsson 900		
	10. — Kristbjargar Marteinsdóttur 1200		
	11. — Kristínar Jacobson 600		
	12. — Guðnýjar Jónsdóttur 400		
	13. — Kirstínar Þ. Blöndal 300		
	14. — Guðlaugar Magnúsdóttur... 2000		
	15. — 2 barna hennar 200		
	16. — Rögnu Gunnarsdóttur læknisekkju 600		
	17. — Jenny Forberg 600		
	18. — Ástu Hallgrímsson 600		
	19. — Ástu Einarson 600		
	20. — Aðalbjargar Sigurðardóttur 1200		
	21. — Dómhildar Jóhannsdóttur 1200		
	Flyt ... 14225	1305,00	61827,26

		kr.	kr.
	Flutt 14225	1305	61827,26
22.	Til Önnu Þorgrímsdóttur læknisekkju, 600 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð 1300		
23.	— Soffíu Johnsen læknisekkju 500		
24.	— Kristínar Þórarinsdóttur læknisekkju 400		
25.	— Sigríðar Blöndal læknisekkju... ... 300		
26.	— Hrefnu Einarsdóttur læknisekkju, 600 kr., auk 100 kr. með einu barni í ómegð 700		
		17425	
c.	Uppgjafaprestar:		
1.	— Guðlaugs Guðmundssonar... ... 500,00		
2.	— Bjarna prófasts Einarssonar ... 780,00		
3.	— Sigurðar prófasts Gunnarssonar . 662,25		
4.	— Guttorms Vigfússonar... 600,00		
5.	— Björns Þorlákssonar 208,00		
6.	— Stefáns Jónssonar 370,00		
7.	— Jóns Árnasonar 445,00		
8.	— Þórðar Ólafssonar 370,00		
9.	— Páls Stephensens... 355,00		
10.	— Helga P. Hjálmarssonar 475,00		
11.	— Einars Jónssonar, sjá fjárl. 1930 3000,00		
		7765,25	
d.	Prestsekkjur:		
1.	Til Auðar Gísladóttur 300,00		
2.	— Bjargar Einarsdóttur 500,00		
3.	— Guðrúnar Björnsdóttur 300,00		
4.	— Guðrúnar J. Jóhannesdóttur ... 300,00		
5.	— Guðrúnar Ólafsdóttur... 300,00		
6.	— Guðrúnar Pétursdóttur 300,00		
7.	— Guðrúnar Torfadóttur 300,00		
8.	— Ingunnar Loftsdóttur 300,00		
9.	— Hlífar Bogadóttur, 300 kr. auk 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð 600,00		
10.	— Kirstínar Pétursdóttur 300,00		
11.	— Sigrúnar Kjartansdóttur 300,00		
	Flyt ... 3800,00	25190,25	61827,26

		kr.	kr.
Flutt ...	3800,00	25190,25	61827,26
12. Til Steinunnar Pétursdóttur	300,00		
13. — Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum	300,00		
14. — Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson	300,00		
15. — Guðlaugar Vigfúsdóttur	209,20		
16. — Ingibjargar Magnúsdóttur	157,90		
17. — Guðfinnu Jensdóttur	183,04		
18. — Guðrúnar Sigurðardóttur	181,07		
19. — Guðbjargar Hermannsdóttur ...	181,70		
20. — Þórunnar Bjarnadóttur	155,56		
21. — Guðrúnar S. Jónsdóttur	250,00		
22. — Önnu Stefánsdóttur	200,00		
23. — Helgu Skúladóttur	227,06		
24. — Guðríðar Ólafsdóttur	164,26		
25. — Guðríðar Helgadóttur, ekkju Jóh. L.L. Jóhannssonar, 132 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	432.00		
26. — Arndísar Pétursdóttur	137,90		
27. — Guðnýjar Þorsteinsdóttur	173,56		
28. — Valgerðar K. Guðmundsdóttur frá Grenivík	135,37		
29. — Jakobínu Sigurgeirsdóttur frá Borg	157,44		
30. — Kamillu Briem	170,57		
31. — Kristínar Jónsdóttur prófastsekkju á Brjánslæk	300,00		
		8116,63	
e. Kennarar, kennaraekkjur og börn:			
1. Til Önnu Ásmundsdóttur	300,00		
2. — Guðlaugar Zakaríasdóttur ...	360,00		
3. — Magnúsar Einarssonar	500,00		
4. — Elínar Briem Jónsson	300,00		
5. — Steinunnar Frímannsdóttur ...	450,00		
6. — Þórunnar Stefánsdóttur	400,00		
7. — Guðmundar Björnssonar	150,00		
8. — Jóns Strandfelds...	150,00		
9. — Einars Hávarðssonar	150,00		
10. — Elísabetar Jónsdóttur	300,00		
11. — Ragnheiðar Torfadóttur	400,00		
Flutt ...	3460,00	33306,88	61627,26

			kr.	kr.
	Flutt ...	3460,00	39306,88	61827,26
12.	Til Ásdísar Þorgrímsdóttur 300 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	700,00		
13.	— Sigurjóns Rögnvaldssonar ...	200,00		
14.	— Ástu Magnúsdóttur kennaraekkju	200,00		
15.	— Ögmundar Sigurðssonar	2000,00		
			6560	
f.	Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:			
1.	Til Guðm. Kristjánssonar	300		
2.	— Böðvars Jónssonar	300		
3.	— Þóru Matthíasdóttur	300		
4.	— Vigdísar Steingrímsdóttur	300		
5.	— Þórunnar Sigurðardóttur, ekkju Halldórs Bjarnasonar pósts	200		
6.	— Jens Þórðarsonar	300		
7.	— Friðriks Möllers	1200		
8.	— Anínu Arinbjarnardóttur	200		
9.	— Eliesers Eiríkssonar	200		
10.	— Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum	300		
11.	— Jóhannesar Þórðarsonar	300		
12.	— Guðm. Kristjánssonar	300		
13.	— Stefáns Stefánssonar, Eskifirði ...	600		
14.	— Friðriks Klemenzsonar	2000		
15.	— Óla P. Blöndals	1800		
16.	— Kristjáns Blöndals	1000		
17.	— Böðvars Sigurðssonar pósts ...	300		
18.	— Einars Árnasonar, fyrrum pósts ...	200		
19.	— Steindórs Hinrikssonar pósts ...	300		
20.	— Ólafs Ólafssonar pósts	200		
21.	— Halldórs Benediktssonar pósts ...	200		
22.	— Ragnheiðar Bjarnadóttur, ekkju Þorleifs Jónssonar	1000		
23.	— Friðriks Jónssonar pósts	450		
24.	— Einars Ólasonar fyrrum pósts ...	300		
25.	— Þórodds Bjarnasonar pósts	600		
	Flyt ...	13150,00	39866,88	61827,26

		kr.	kr.
	Flutt ... 13150	39866,88	61827,26
26.	Til Sigríðar Guðmundsdóttur, ekkju Böðvars Þorlákssonar 300		
		13450	
g.	Ritlöfundar:		
1.	Til Indriða skrifstofustjóra Einarssonar 3500		
2.	— Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum 500		
3.	— Einars Hjörleifssonar Kvarans ... 3000		
4.	— Þorsteins Gíslasonar 2000		
5.	— Guðmundar Friðjónssonar 1500		
6.	— dr. Helga Péturss 4000		
7.	— Kristínar Sigfúsdóttur skáldkonu... 1000		
8.	— Einars Benediktssonar 4000		
9.	— Stefáns frá Hvítadal 1200		
10.	— Jakobs Thorarensens 1200		
11.	— Sigurjóns Friðjónssonar 1000		
12.	— Guðmundar Kambans 2000		
13.	— Unnar Benediktsdóttur skáldkonu 1000		
		25900	
h.	Ekkjur og börn skálda og ritlöfunda:		
1.	Til Jakobínu Pétursdóttur 200,00		
2.	— Guðrúnar Jónsdóttur 300,00		
3.	— Arnbjargar Einarsdóttur 300,00		
4.	— Guðrúnar Sigurðardóttur 300,00		
5.	— Ólínu Þorsteinsdóttur 300,00		
6.	— 1 barns hennar 100,00		
7.	— Valgerðar Arnljótsdóttur 600,00		
8.	— Eleanor Sveinbjörnsson 1200,00		
		3300	
i.	Ýmsir starfsmenn og ekkjur:		
1.	Til Petreu Jónsdóttur 300 kr., og að auki 100 kr. með barni hennar, sem er í ómegð 400		
2.	— Kristínar Sigurðardóttur júbilljósmóður 500		
3.	— Matthildar Þorkelsdóttur júbilljósmóður 500		
4.	— Þórdísar Símonardóttur júbilljósmóður 500		
	Flyt ... 1900	82516,88	61827,26

			kr.	kr.
	Flutt ...	1900	82516,88	61827,26
5.	Til Jakobínu Sveinsdóttur júbilljósmóður	500		
6.	— Oddnýjar Guðmundsdóttur, júbilljósmóður	500		
7.	— Þórunnar Gísladóttur ljósmóður ...	500		
8.	— Önnu Þorsteinsdóttur ljósmóður ...	400		
9.	— Kristínar Jónasdóttur ljósmóður ...	300		
10.	— Nikólínu Björnsdóttur ljósmóður ...	300		
11.	— Sigurfljóðar Einarsdóttur ljósmóður	300		
12.	— Jórunnar Guðmundsdóttur ljósmóður	300		
13.	— Margrjetar Grímsdóttur ljósmóður	200		
14.	— Kristínar Guðmundsdóttur ljósm.	200		
15.	— Hólmfríðar Friðfinnsdóttur ljósmóður	200		
16.	— Áslaugar Bjarnadóttur ljósmóður	300		
17.	— Jakobínu Jensdóttur	300		
18.	— Hildar Jónsdóttur ljósmóður ...	300		
19.	— Sigurveigar Jónatansdóttur ljósmóður	300		
20.	— Guðrúnar Guðmundsdóttur ljósmóður	300		
21.	— Halldóru Metúsalemsdóttur ljósmóður	300		
22.	— Jensínu Pálsdóttur ljósmóður ...	200		
23.	— Margrétar Jónsdóttur ljósmóður ...	200		
24.	— Guðrúnar Jónasdóttur ljósmóður	200		
25.	— Guðrúnar Magnúsdóttur ljósmóður	200		
26.	— Gróu Jónsdóttur ljósmóður	200		
27.	— Þuríðar Jónsdóttur ljósmóður ...	300		
28.	— Sigríðar Narfadóttur	300		
29.	— Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar	300		
30.	— Páls Erlingssonar	1200		
31.	— Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri	300		
32.	— Einars Guðmundssonar, fyrrum vegavinnustjóra	300		
	Flyt ...	10800	82516,88	61827,26

			kr.	kr.
	Flutt ...	10800	82516,88	61827,26
33.	Til Guðlaugar Jónsdóttur, ekkju Jóns síldarmatsm. Stefánssonar	200		
34.	— Jakobs Björnssonar fyrrv. síldarmatsmanns	1600		
35.	— Gests Guðmundssonar, fyrrum vitavarðar	400		
36.	— Vigfúsar Sigurðssonar, fyrrum vitavarðar	300		
37.	— Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará	800		
38.	— Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar	600		
39.	— Margrjetar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar	300		
40.	— Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar	300		
41.	— Halldóru Pétursdóttur Briem	600		
42.	— Kristjönu Benediktsdóttur	400		
43.	— Bjargar Guðmundsdóttur	400		
44.	— Guðbjargar A. Þorleifsdóttur í Múlakoti	400		
45.	— Henriette Kjær...	600		
46.	— Helgu Ófeigsdóttur, ekkju Árna Zakaríassonar	400		
47.	— Guðrúnar Egilson, 2000 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	2400		
48.	— Guðjóns Guðlaugssonar...	1200		
49.	— Önnu Bjarnadóttur, ekkju Hjálmars Lárussonar	300		
50.	— Jóhannesar Jörundssonar hafnsögumanns, Hrísey	300		
51.	— Halldóru Þórðardóttur	600		
52.	— Vigdísar Bergsteinsdóttur fyrrv. spítalaráðskonu	300		
53.	— Sigríðar Magnúsdóttur hjúkrunarkonu	500		
54.	— Jónínu Marteinsdóttur hjúkrunarkonu	300		
	Flyt ...	24300	82516,88	61827,26

		kr.	kr.
	Flutt ... 24300	82516,88	61827,26
55.	Til Guðleifar Erlendsdóttur fyrrv. hjúkrunarkonu 300		
56.	— Sigurðar Péturssonar fangavarðar 1000		
57.	— Ragnheiðar Erlendsdóttur, ekkju Valdimars Daðasonar tollþjóns ... 300		
58.	— Susie Briem, ekkju Halldórs Briems 800		
59.	— Gunnlaugs Indriðasonar veðurfræðings 700		
		27400	
	Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.		
j.	Til ekkju Jóhanns skálds Sigurjónssonar	1000	
k.	Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli	3000	
			113916,88
III.	Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a.—i. ...		68597,65
	Samtals	... ...	244441,79

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar kr. 100000.

III. KAFLI.

Eignahreyfingar.

20. gr.

		kr.	kr.
	Inn.		
I.	Fyrningar (sjá sundurliðun með þessari grein):		
1.	Samkvæmt 3. gr. a.	85202	
2.	— 3. — b.	3500	
3.	— 9. —	4067	
4.	— 10. —	3667	
5.	— 11. —	8020	
6.	— 12. —	66483	
7.	— 13. —	151738	
8.	— 14. —	23118	
9.	— 15. —	8110	
			353905
II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum, keyptum skv. lögum nr. 14, 9. júlí 1909		24000
III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10000
IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		20000
V.	Tekjur Menningarsjóðs		15000
VI.	Skemmtanaskattur...		75000
	Samtals ...	... ...	497905
	Út.		
I.	Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
1.	Ríkissjóðslán:		
a.	Innlend lán 163936		
b.	Dönsk lán d. kr. 338.850 á 122.00 413398		
c.	Ensk lán £ 5606—1—2 á 22.15 ... 124174		
		701508	
2.	Lán ríkisstofnana:		
a.	Síminn (sjá 3. gr. a) 55600		
b.	Útvarpið (sjá 13. gr. D.) 124000		
c.	Ríkisprentsmiðjan 40000		
		219600	
			921108
	Flyt ...	... ...	921108

			kr.	kr.
		Flutt ...	... ...	921108
II.	Til eignaaukningar ríkisstofnana:			
	1. Búið á Vífilsstöðum (sjá 3. gr, a. 7)		4000	
	2. Búið á Kleppi (sjá 3. gr. a. 8)		3000	
	3. Ríkisvélsmiðjan (sjá 3. gr. a. 5)		30000	
	4. Síminn: Ný símakerfi o. fl. (sjá 3. gr. a)		50000	
				87000
III.	Framlag til Landsbankans, 19. greiðsla			100000
IV.	Til lögboðinna fyrirframgreiðslna			10000
V.	Til Menningarsjóðs (sjá 20. gr. Inn V.)			15000
VI.	Til Þjóðleikhúss (sjá 20. gr. Inn VI)			75000
		Samtals ...	... ...	1208108
	Sundurliðun fyrninga: Á 3. gr. a.			
I.	Póstsjóður:			
	1. Posthús í Reykjavík, s.[1])	256346	2563	
	2. — á Ísafirði, s.	110000	1100	
	3. — á Akureyri, s.	60000	600	
	4. — í Neskaupstað, s.	12100	121	
	5. Áhöld 58000 (matsverð póstmálastjóra, að undanteknum stimplum og póstpokum) 12%		6960	
				11344
II.	Síminn:			
	1. Símalínur, loftskeytatæki og símakerfi utan Reykjavíkur, samkv. mati landssímastjóra með áætlaðri viðbót 1930 og '31 (1% fyrning) kr. 5911000 .. .. (endurbætur þá færðar sem rekstursútgjöld). Nýja bæjarsímakerfið verður fyrnt samkv. tillögum sérfræðinga, sem eigi er hægt að fá ennþá, og er því eigi hægt að setja áætlun um það í þetta frumvarp.		59110	
	2. Stöðvarhúsið í Reykjavík, s....	291239	2912	
	3. Skúrar í Reykjavík, t.	9000	180	
	4. Loftskeytastöðvarhús á Melunum, s. ...	104022	1040	
		Flyt ...	63242	11344

1) s = steinhús, t = timburhús.

		kr.	kr.
	Flutt ...	63242	11344
5. Stöðvarhús í Hafnarfirði, s.	37850	378	
6. — á Ísafirði, s.	17640	176	
7. — á Seyðisfirði, t.	72720	1454	
8. Skúrar á Seyðisfirði, t.	9420	188	
9. Íbúðarhús á Seyðisfirði, t.	61100	1222	
10. Stöðvarhús í Vestmannaeyjum, s. ...	598	598	
11. — á Borðeyri (2%)...	9200	184	
12. — á Siglufirði, t.	20800	416	
			67858
III. Víneinkasalan:			
1. Vörugeymsluhúsið Nýborg, bókf. verð 31/12 '29 85300		4300	
2. Áhöld verzlunarinnar		1700	
			6000
	Samtals ...	... ...	85202
Á 3. gr. b.			
Arnarhvoll kostnaðarverð 350 þús.			3500
Á 9. gr.			
Alþingishúsið, s. 406730			4067
Á 10. gr.			
I. Stjórnarráðsbús, s. 128238 á 1 %		1282	
t. 18961 - 2 —		379	
			1661
II. Ráðherrabústaður, t. 100355 á 2 %			2007
	Samtals ...	... ...	3668
Á 11. gr.			
I. Hegningarhús, s. 169358 á 1 %		1695	
t. 3881 - 2 —		75	
			1770
	Flyt ...	... ...	1770

	kr.	kr.
Flutt		1770
II. Vinnuhæli:		
1. Byggingar, s. 134000	1340	
2. Pakkhús, t. 7000	140	
3. Utanhússáhöld (þar með bílar) 12000 á 25 %	3000	
4. Innanhússáhöld 14000 á 10 %	1400	
5. Girðingar 3700 á 10 %	370	
		6250
Samtals ...	... ...	8020
Á 12. gr.		
I. Landsspítalinn:		
1. Hús (byggingarverð) 1500000 á 1 %	15000	
2. Innanstokksmunir, áhöld og vélar 90 þús. samkvæmt áætlun á 10 %	9000	
		24000
II. Laugarnesspítali:		
1. Byggingin, t. 353271	7065	
2. Innanstokkksmunir og vélar áætl. 12000 á 10 %	1200	
		8265
III. Kleppsspítalinn gamli:		
1. Spítala- og íbúðarhús, t. 249094	4980	
2. Innanhúss og utanhússáhöld 15000 á 10 % ...	1500	
		6480
IV. Kleppsspítali nýi:		
1. Spítala- og læknishús, s. 488993	4890	
2. Vélar 10317 á 15 %	1547	
3. Innanstokksmunir og áhöld 45212 á 10 % ...	4521	
		10958
V. Vífilsstaðahælið:		
1. Spítalabyggingin, s. 500000	5000	
2. Íbúðarhús læknis, s. 50000	500	
3. — starfsmanna, s. 50000	500	
4. Líkhús, vagnask., kolageymsla, s. 11000	110	
5. Innbú, áhöld, vélar 30000 (metið) á 10 % ...	3000	
		9110
Flyt ...	.. ...	61187

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	61187
VI.	Kristneshælið:		
	1. Spítalabyggingin, s. 300000	3000	
	2. Rafstöð og rafleiðsla 25000 á 7 %	1750	
	3. Þvottavélar 6000 á 7 %	420	
	4. Áhöld og innbú 25000 á 10 %	2500	
			7670
	Samtals ...	... ...	66483
	Á 13. gr.		
I.	Strandferðir:		
	1. Esjan 5 % af bókfærðu verði pr. 31/12 '29 kr. 420000	21000	
	2. Súðin 5 % af ætluðu eignarverði pr. 31/12 '30 kr. 200000	10000	
	3. Áhöld skrifstofu c. 6 þús. á 10 %	600	
			31600
II.	Vitamálin:		
	1. Vitabyggingar og íbúðarhús vitavarða o. fl. samkv. áliti vitamálastjóra n. (áætlaðar viðbætur 1930 og '31)	85710	
	2. Vitabáturinn Hermóður 6 % af bókf. 68 þús.	4080	
			89790
III.	Útvarpið:		
	1. Hús m. m., s. 90000 á 1 %	900	
	2. Vélar 330000 á 6 %	19800	
	3. Möstur 150000 á 3 %	4500	
	4. Jarðstrengur o. fl. 130000 á 3 %	3900	
	Fyrningar-»prósentan« á 3 síðustu liðunum er er sett samkv. áliti forráðamanna útvarpsins, en af húsinu er hún í samræmi við fyrningar á öðrum steinhúsum ríkisins.		
			29100
IV.	Vegamálin:		
	1. Áhaldahús ríkisins, t. 62404		1248
	Samtals ...	... ...	151738

		kr.	kr.
	Á 14. gr.		
I.	Menntaskólinn og Íþaka, s. 63300, t. 294123		6515
II.	Menntaskólinn á Akureyri, t. 350000		7000
III.	Kennaraskólinn, t. 93478		1869
IV.	Stýrimannaskóli, t. 64321		1286
V.	Kirkjustræti (viðk. Háskólanum), t. 27492		549
VI.	Hvanneyrarskóli:		
	1. Íbúðar- og skólahús, s. 140000	1400	
	2. Leikfimishús, geymsluhús, s. 13000	130	
			1530
VII.	Hólaskóli:		
	1. Íbúðar- og skólahús, s. 155000	1550	
	2. Leihfimishús o. fl. smábyggingar, s. 16400 ...	164	
			1714
VIII.	Eiðaskóli:		
	1. Skólahús, s. 150000	1500	
	2. Íbúðarhús, t. 9000	180	
			1680
IX.	Daufdumraskóli, s. 61783, t. 17863		975
	Samtals ...	... ...	23118
	Á 15. gr.		
I.	Listasafnshús, s. 129476		1295
II.	Safnahús, s. 681554		6815
	Samtals ...	... ...	8110

21.

I. Rekstu

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		8725000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana	1094498	
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs	36600	
			1131098
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur...		268000
5. gr.	Óvissar tekjur		50000
	Samtals	... ...	10174098

II. Sjóð

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrarstekjur samkvæmt rekstrarsyfirliti	10174098
	Aðrar innborganir og fyrningar[1]):	
20. gr. I.	Fyrningar	353905
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum	24000
— III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur	10000
— IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	20000
— V.	Tekjur Menningarsjóðs	15000
— IV.	Skemmtanaskattur	75000
	Samtals	10672003

1) Fyrningar færðar hér til jafnaðar sömu upphæð, sem talin er í rekstrarútgjöldur

firlit.
rlit.

		kr.	kr.
	Gjöld:		
7. gr.	Vextir		1028582,05
8. gr.	Borðfé konungs		73200,00
9. gr.	Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreiknings		233287,00
10. gr.	Til ríkisstjórnarinnar		369767,00
11. gr. A.	Til dómgæzlu og lögreglustjórnar	840720,00	
— B.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	166000,00	
			1006720,00
12. gr.	Til læknaskipunar og heilbrigðismála		662765,00
13. gr. A.	Vegamál	469278,00	
— B.	Samgöngur á sjó	416600,00	
— C.	Vitamál og hafnargerðir	302590,00	
— D.	Rekstursh alli ríkisútvarps	58150,00	
			1246618,00
14. gr. A.	Kirkjumál	279450,00	
— B.	Kennslumál	1248762,00	
			1528212,00
15. gr.	Til vísinda, bókmennta og lista		178020,00
16. gr.	Til verklegra fyrirtækja		1652550,00
17. gr.	Til almennrar styrktarstarfsemi		977350,00
18. gr.	Til eftirlauna og styrktarfjár		244441,79
19. gr.	Oviss útgjöld		100000,00
	Rekstursafgangur		872585,16
	Samtals	... ...	10174098,00

rlit.

		kr.
	Út:	
7.—19. gr.	Rekstursútgjöld samkvæmt rekstursyfirliti	9301512,84
	Aðrar útborganir:	
20. gr. I.	Afborganir lána	921108,00
— II.	Til eignaaukningar ríkisstofnana	87000,00
— III.	Framlag til Landsbankans	100000,00
— IV.	Lögboðnar fyrirframgreiðslur	10000,00
— V.	Til menningarsjóðs	15000,00
— VI.	Til þjóðleikhúss	75000,00
	Greiðslujöfnuður (tekjuafgangur)	162382,16
	Samtals	10672003,00

22. gr.

Stjórninni er heimilt:

I. Að kaupa hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands fyrir allt að 85000 kr., eða veita því styrk allt að þessari upphæð, ef nauðsyn krefur.

II. Að greiða að helmingi halla þann, sem verða kann á tilraunum Sambands ísl. samvinnufélaga af að senda frosið kjöt á erlendan markað haustið 1931, miðað við verð það, er framleiðendur fá fyrir saltað kjöt. Tilraunin sé framkvæmd í samráði við landsstjórnina.

III. Að veita styrk í eitt skipti fyrir öll til þess að koma á stofn osta- og smjörbúum, sem nemi allt að 1/4 stofnkostnaðar. Styrkurinn sé því aðeins greiddur, að fyrirtækið sé fullbúið til starfrækslu.

23. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1932, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu.

Stjórninni er heimilt að greiða Þóru Beck, ekkju Þórólfs Becks skipstjóra, eftirlaun eftir svipuðum reglum og Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum skipstjóra sinna, og sé upphæðin færð á útgerðarreikning Esju.

24. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1931 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið eftir nokkuð öðrum reglum, að forminu til, en fyrri fjárlagafrumvörp. Þessi breyting á frumvarpinu stendur í sambandi við þær endurbætur á ríkisbókhaldinu og Ríkisreikningi Íslands, sem sumpart er búið að hrinda til framkvæmda og sumpart standa yfir, en ætlazt er til að staðfestar verði í fjárlögum ásamt lögum um bókhald og endurskoðun ríkisins, og er frumvarp til þeirra laga borið fram á þessu þingi. Í athugasemdum við það frumvarp er ítarlega lýst þörfinni á þessari endurbót, og jafnframt gerð grein fyrir því til hvers hún miðar. Nægir því að taka hér fram þá hlið málsins, sem beint snertir fjárlagafrumvarp þetta.

Aðal-breytingarnar frá fyrri frumvörpum eru þrjár:

1. Inn í frumvarpið sjálft er aðeins tekinn nettó-hagnaður og nettó-tap af rekstri ríkisstofnana.

Til þessarar breytingar liggja ýmsar orsakir, og má hún teljast mjög til bóta. Hingað til hafa sum ríkisfyrirtæki verið færð á fjárlög með nettó-tekjur eða nettó-tap, svo sem Vínein kasala, rekstur ríkisskipa og ýms smærri, en önnur með brúttó-tekjur meðal ríkistekna og útgjöldum meðal ríkisútgjalda. Brýn nauðsyn ber til að samræma þetta til þess, að rétt mynd fáist af brúttó-tekjum og gjöldum ríkissjóðsins. Þótti þá réttara að taka þessa leið, þar sem fyrirtæki skila aðeins afgangi sínum í ríkissjóðinn eða taka þaðan það, sem á vantar, að tekjur standi straum af gjöldum. Ennfremur fæst með þessu móti miklu skýrara yfirlit um rekstursafkomu hverrar stofnunar en áður var, og er það til stórkostlegra bóta. Þetta fyrirkomulag er í fullu samræmi við fyrirkomulag annara ríkja um þessi efni.

2. Frumvarpinu má skipta í 2 aðal-hluta, svo sem bezt kemur í ljós í 21. gr.

Fyrri hluti (I. og II. kafli) er um fjárveitingar og áætlanir þær, sem á sínum tíma hafa áhrif á reksturs-niðurstöðu þjóðarbúsins, og myndar því sá hluti grundvöllinn að rekstursreikningi ríkisins. Síðari hluti (III. kafli 20. gr.) er um þær fjárveitingar og áætlanir, sem eigi hafa áhrif á reksturs-niðurstöðu, og eru niðurstöðutölur samsvarandi hluta í Ríkisreikningi færðar á yfirlit um út- og innborganir, til þess að sýna greiðslujöfnuðinn (sjá 21. gr.). Ætlunin með þessu fyrirkomulagi er sú, að séð verði hversu mikið af fé ríkisins fer til beinna útgjalda og hve mikið til þess, að afla nýrra verðmætra eigna eða lækka skuldir, og ennfremur hve mikið af því fé, sem ríkið fær til ráðstöfunar á hverju ári eru beinar tekjur þess, og hve mikið vegna eignasölu, lána eða afborgana af útistandandi skuldum þess o. s. frv. Með öðrum orðum: Að reksturs-niðurstaða ríkisins sjáist af reikningum þess. Eins og gert er grein fyrir í 21. gr. frumvarpsins þar, sem dregnar eru saman niðurstöður þess, finnzt áætlaður greiðslujöfnuður ríkissjóðsins með því, að leggja saman niðurstöðutölur beggja aðal-hluta þess, og sú tala, sem nefnd er greiðslujöfnuður í þessu frumvarpi er fullkomlega hliðstæð þeim tölum í fyrri fjárlagafrumvörpum, sem nefndar hafa verið tekjuafgangur eða tekjuhalli. Missist því ekkert yfirlit við þetta form eða samanburður við fyrri ár (sjá aths. við 21. gr.), en ávinningur mikill eins og þegar hefir verið skýrt.

3. Ætlað er nú fyrir fyrningu á eignum ríkisins í fyrri hluta (II. kafla) frumvarpsins. Er sú ráðstöfun ómissandi til þess, að unnt sé að áætla reksturs-niðurstöðu þjóðarbúsins. Í kaflanum um eignabreifingar, er heildarupphæð allra fyrninganna færð til jafnaðar, og gengur sú upphæð til lækkunar á bókuðu verði þeirra eigna ríkisins, sem háðar eru fyrningu. Þessi mótfærzla veldur og því, að frumvarpið í heild sýnir greiðslujöfnuð ríkissjóðsins. Áætlanir fyrninga eru miðaðar við tillögur forstöðumanna ríkisstofnana, þar sem um sérstæðar eignir er að ræða, svo sem bjá Síma, Útvarpi, Vitamálastjóra o. fl., en fyrning á húseignum öllum er miðuð við brunabótamat, þar sem upphaflegt verð var eigi þekkt. Er reiknað 2% af timburhúsum og 1% af steinhúsum. Annars nægir að vísa í sundurliðun þá, sem er í 20. gr. um einstök atriði viðvíkjandi fyrningum. Má vera að áætlanir til fyrninga séu eigi svo nákvæmar, sem æskilegt væri, en slíkt ætti að geta orðið nákvæmara, þegar komið hefir verið upp fullkomnum efna-

hagsreikningi fyrir ríkið, og allt bókhald þess fært í uýtízku kerfi, sem fastlega er gert ráð fyrir, að verði til hlítar á yfirstandandi ári.

Eins og frá frumvarpinu er nú gengið er það að forminu til í öllum grundvallaratriðum samhljóða fjárlagafrumvörpum ýmsra annara ríkja, sem á undanförnum árum hafa unnið að endurbótum í þessum efnum, en þó einkum fjárlagafrumvarpi Dana. Hafa þeir komið þessu skipulagi á hjá sér, að undangengnum miklum rannsóknum um fyrirkomulag reikningsskila og fjárlaga, og hefir það þótt reynast vel, og mynda öruggan grundvöll undir umræður og dóma um fjárstjórn og fjárhag.

TEKJUBÁLKURINN.

Um 2. gr.

Í grein þessari eru nú taldir einungis skattar og tollar, en tekjur af ríkisfyrirtækjum í 3. gr. A. Þykir það gefa betra yfirlit um tekjur ríkisins, að blanda eigi saman óskyldum tekjustofnum. Nánar er gerð grein fyrir þessari breytingu í formála Athugasemdanna og athugas. við 3. gr. A.

Um 3. gr.

A. Í þessari grein eru taldar nettó-tekjur af rekstri ríkisstofnana og er sýnt með sérstakri sundurliðun fyrir hinar stærri þeirra, hversu þær niðurstöður eru fengnar, sem færðar eru í greininni um þetta fyrirkomulag hefir þegar verið rætt í formála Athugasemdanna. Með þessu frumvarpi og frumvarpi því um bókhald og endurskoðun ríkisins, sem borið er fram á þessu þingi er miðað að því, að fjárlög og ríkisreikningur nái yfir allan hinn beina rekstur ríkissjóðsins. Í samræmi við þetta eru taldar í 3. gr. A. áætlaðar nettó-tekjur Ríkisvélsmiðju, Ríkisprentsmiðju, Vífilsstaðabús og Kleppsbús, enda þótt eigi sé gert ráð fyrir, að tekjur þessara stofnana verði innborgaðar í ríkissjóðinn, heldur notaðar til þess, að auka skuldlausar eignir ríkissjóðsins í vörzlum þessara stofnana. Þess vegna eru færðar mótfærzlur í 20. gr. og þar tekið fram, að Ríkisprentsmiðjan muni nota sinn ágóða til þess að borga skuldir, sem á fyrirtækinn hvíla, en hinar stofnanirnar til þess, að auka við eignir sínar, en eitthvað af afgangi Vélsmiðjunnar mun þó fara í afborganir skulda hennar, þótt eigi þætti tiltækilegt að gefa nánari sundurliðun á því, að svo stöddu. Um rekstrarútgjöld pósts og síma, er að mestu fylgt tillögum póstmálastjóra og landsímastjóra.

B. 1.—4. Þessir liðir eru eins og í fjárlögum fyrir 1931.

5. liður er nýr, og sýnir áætlaðan hagnað af Arnarhváli eftir að frá hefir verið dregið fyrir vöxtum og fyrningu.

Um 4. gr.

Útdregin bankavaxtabréf eru nú eigi færð sem tekjur á þessari grein. Eru þau færð með öðrum innborgunum á 20. gr.

Hér eru áætlaðir, sem tekjur, 6 o/o vextir af stofnfé Landsbankans.

Um 5. gr.

Aðrir liðir, sem á þessari grein hafa staðið, eru færðir með innborgunum á 20. gr.

GJALDABÁLKURINN.

Um 7. gr.

Afborganir lána eru nú eigi færðar á þessa grein. Koma þær sem útborganir á 20. gr.

Þó skal hér gefið yfirlit bæði um vexti og afborganir, og síðan til þess vísað í athugas. við afborganir á 20. gr. Þess ber að geta er gerður er samanburður við fyrri ár á vaxtabyrði ríkissjóðs, að frá vaxtaútgjöldum, samkv. 7. gr., ber að draga þær 180 þús. kr., sem Landsbankinn væntanlega greiðir í vexti af stofnfé sínu (sjá 4. gr.).

Vextir og afborganir fastra lána 1932.

	1. Innlend lán.	Vextir. Kr. Au.	Afborganir. Kr. Au.
1.	Lán til ritsíma tekið 20. okt. 1916, til 25 ára með bankavöxtum hjá Landsbankanum	2400,00	4000,00
2.	Lán til ritsíma tekið í Landsbankanum 20. jan. 1918 til 25 ára með bankavöxtum, 85,000,00	2244,00	3400,00
3.	Lán hjá Háskóla Íslands, tekið 10. jan. 1919, með 5% vöxtum, afborgunarlaust	50000,00	» »
4.	Innlenda lánið, tekið í júlí 1920 með 5½% vöxtum til 20 ára, 3 milj. kr.	73250,00	150000,00
5.	Veðdeildarlán Staðarfells	325,54	236,50
6.	Lán hjá Landsbanka vegna Reykjatorfu í Ölvusi ...	504,00	1200,00
7.	Lán gegn skuldabréfi til Gísla Björnssonar v/ Reykjatorfu í Ölvusi 65000 kr., til 25 ára og 5% vöxtum ...	2990,00	2600,00
8.	Lán hjá Landsbankanum, tekið 13. sept. 1928 með 6% vöxtum til vinnuhælisins, til 20 ára	2400,00	2500,00
	Ísl. kr.	134113,54	163936,50

	2. Dönsk lán.		
1.	4½% lán tekið 1909 hjá dönskum bönkum, 1500000 kr., til 30 ára, til að kaupa III. fl. bankavaxtabréf Landsbankans	16312,50	50000,00
2.	4½% hjá lífsábyrgðarstofnuninni í Kaupmannahöfn, 250000 kr., tekið 1912 til 30 ára til að kaupa III. fl. bankavaxtabréf Landsbankans	4218,75	8333,34
3.	4% ritsímalán 1913, endurgreiðsa á 30 árum með föstu árgjaldi, tekið hjá mikla norr. ritsímafélagi 500000 kr.	10786,41	18204,61
		31317,60	76537,95

	Fluttar kr.	31317,66	76537,95
4.	5% ritsímalán 1917, tekið hjá mikla norr. ritsímafélagi til 30 ára, 500000 kr.	17117,30	15236,04
5.	Lán hjá Handelsbanken, tekið 1917 og 1923, 2200000 kr. Vextir ½% hærri en forvextir Þjóðbankans danska...	600,00	20000,00
6.	Lán hjá dönskum bönkum, tekið í júlí 1919 með 5% vöxtum, til 20 ára, 4½ milj. kr.	90000,00	225000,00
7.	Lán í Bicuben, til heilsuhælisins á Vífilsstöðum ...	5223,38	2076,62
	D. kr.	144258,34	338850,61

3. Ensk lán.

	Lánið 1921, vextir £ 16048—9—5 á ²²/₁₅, afborganir £ 5606—1—2 á ²²/₁₅	355473,34	124174,19
	Lánið 1930, vextir af ca. 6,6 milj. kr. á 5½%	363000,00	
	Ísl. kr.	718473,34	» »

7. gr.

Greiðalur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans.

I.	*Vextir:*		
	1. Innlend lán	134113,54	
	2. Dönsk lán, d. kr. 144258,34 á 122,00	175995,17	
	3. Ensk lán £ 32436—14—10 á ²²/₁₅	718473,34	
			1028582,05
II.	*Afborganir:*		
	1. Innlend lán	163936,50	
	2. Dönsk lán, danskar kr. 338850,61 á ¹²²/-	413397,74	
	3. Ensk lán £ 5606—1—2 á ²²/₁₅	124174,19	
			701507,43
III.	Framlag til Landsbankans 19. greiðsla	» »	100000,00
	Kr.	» »	1830090,48

Um 8. gr.

Liðurinn er hér talinn í íslenzkum krónum, en hefir áður verið talinn í dönskum krónum.

Um 9. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda að öðru leyti en því, að hér er ætlað fyrir fyrningu þinghússins. Það hefir þegar verið skýrt í formála greinargerðar, að fyrningar eru settar í fjárlögin, til þess að fyllilega sjáist kostnaður við hverja grein ríkisrekstursins, og rekstursniðurstaða þjóðarbúsins. Gildir þessi skýring um allar samskonar færslur í frumvarpinu.

Um 10. gr.

Er að mestu samhljóða fjárlögum 1931, að undanteknum III 4. og 5. lið, sem eru lækkaðir. Sá síðarnefndi vegna breytinga á 9. gr.

Um 11. gr.

Aðalliðir þessarar greinar eru að mestu óbreyttir frá gildandi fjárlögum, og gefst því ekki tilefni til athugasemda.

Um 12. gr.

Liðurinn til geislalækningastofu ríkisins er felldur niður, sakir þess að gert er ráð fyrir að stofan flytjist í Landsspítalann og kostnaðurinn við hana verði talinn með rekstursútgjöldum spítalans. Hinsvegar er tekinn upp nýr liður til rekstrar Landspítans samkv. tillögum landlæknis.

Hluti ríkissjóð af launum ljósmæðra er hækkaður vegna laga nr. 63, 19. maí 1930.

Um 13. gr.

Á þessari grein er gerð sú breyting, að útgjöldin til pósts og síma eru flutt á 3. gr. A og þar dregin frá tekjum þessara stofnanana.

A. Þar sem gera má ráð fyrir að ríkissjóði verði ekki fært að leggja eins mikið til vegagerða á árinu 1932 eins og áætlað er í fjárl. 1931, eru lækkaðir liðirnir til aðstoðarmanna og mælinga og til áhaldakaupa. Hins vegar má gera ráð fyrir að liðurinn til viðhalds og umbóta sé of lágt áætlaður í frumvarpinu. En þar sem lagt verður fyrir þingið frumvarp um hækkaðan bifreiðaskatt, ætti sú upphæð sem með því, fæst ef samþykkt verður, að nægja til viðhaldsins, í viðbót við það, sem ætlað er í frumvarpinu.

C. Tillögur vitamálastjóra verða lagðar fyrir þingið.

D. Ekkert verður fullyrt um það, hver verður rekstursútkoma Útvarpsstöðvarinnar, þar sem alla reynslu vantar. Tekjur hennar og gjöld er hér sett með hliðsjón af áætlun útvarpsstjóra.

Um 14. gr.

Samkv. 2. gr. laga nr. 35 1930, er verksviði fræðslumálastjóra breytt frá því sem verið hefir, að hann undir yfirstjórn kennslumálaráðuneytisins stýrir framkvæmdum í öllum kennslu- og skólamálum að Háskólanum undanskildum. Af þeim sökum eru nú laun hans og skrifstofukostnaður sett á undan þeim skólum sem heyra undir starfsvið hans.

XV. 2—5. Liðirnir settir samkv. gildandi lögum og með hliðsjón af áætlun og tillögum fræðslumálastjóra.

Á öðrum liðum gr. eru svo smávægilegar breytingar frá samskonar fjárveitingum í fjárl. 1931 að ekki virðist þörf frekari aths.

Um 15. gr.

Tekinn er hér upp styrkur til Fræðafélagsins til að gefa út hluta af jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Félagið hefir þegar gefið út sex bindi af þessu merkilega verki, en treystist ekki til að halda útgáfunni áfram styrklaust. Hefir félagið tjáð og fúst til að láta ríkinu í té endurgjaldslaust 20 eintök af jarðabókinni, bæði því sem út er komið og því sem eftirleiðis kemur út, handa skólum og bókasöfnum.

Liðirnir til menningarsjóðs og Þjóðleikhúss, sem hingað til hafa verið í þessari gr. eru færðar í 20. gr.

Aðrir liðir gr. eru að mestu óbreyttir frá því sem þeir eru á fjárl. 1931.

Um 16. gr.

Nokkrir liðir eru lækkaðir lítið eitt, frá því sem þeir eru í fjárl. 1931. Hinsvegar virðist ekki hjá því komist að hækka Efnarannsóknarstofuna og Veðurstofuna.

Um 17. gr.

Liðirnir að mestu óbreyttir frá því sem þeir eru settir í fjárl. 1931.

18.—19. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Eins og ítarlega er gerð grein fyrir í formála athugasemda við frumvarp þetta eru upphæðir þær, sem eigi geta talist rekstrarútgjöld eða tekjur færðar á þessa grein, og fæst með því heildaryfirlit um þessi efni. Verður því í framtíðinni mjög góð og nauðsynleg aðstaða til þess að bera saman hversu háar upphæðir hafa á hverju ári verið ætlaðar til eignaaukningar eða skuldalækkunar ríkissjóðs. Með öðrum orðum til aukningar skuldlausrar eignar ríkisins.

Afborganir lána eru sundurliðaðar í athugasemdum við 7. gr. Í athugasemdum við 3. gr. A. er að finna í greinargerð fyrir liðunum B. I. 2. c. og B. II. 1.—3. Í formála athugasemda og í 21. gr. eru skýringar á liðnum A. I. Aðrir liðir þurfa eigi skýringar við. Rétt þykir að láta yfirlit um útreikning fyrninga vera í þessari grein.

Um 21. gr.

Í grein þessari eru dregnar saman niðurstöðutölur frumvarpsins. Eru gerð 2 yfirlit, og bæði höfð í reikningsformi, þar sem þau verða með því móti gleggri.

Fyrra yfirlitið er um reksturinn sjálfan, og sýnir niðurstaða þess hver afgangur tekna er áætlaður, þegar greidd hafa verið eða til færð rekstursútgjöld.

Í síðara yfirlitinu eru teknar inn upphæðir 20. gr., og fæst þar með heildaryfirlitið um mismun út- og innborgana, greiðslujöfnuðinn, sem samkvæmt þessu frumvarpi er hin sama niðurstaða, er í fjárlögum hefir verið nefnd tekjuafgangur.

Í tilefni af hinu nýja formi frumvarpsins og til samanburðar við fyrri ár, þykir rétt að gefa upplýsingar um brúttó tekjur og útgjöld samkv. þessu frumvarpi ef það hefði verið samið eftir sömu grundvallarreglum og áður. Fæst yfirlitið þannig:

		Inn:	Út:
Niðurstöðutölur frumvarpsins eru (sjá 21. gr.)...	kr.	10672003	10509620,84
Við bætist:			
Gjöld póstsjóðs (dregin frá tekjum)	—	539344	539344
— síma —»—	—	1393158	1393158
Tekjur útvarps (dregnar frá gjöldum)... ...	—	200000	200000
	kr.	12804505	12642122,84
Frá dregst:			
Fyrningar... ... 353905			
Hagn. prentsmiðju ... 40000			
— vélsmiðju ... 30000			
— Vífilsstaðsbús.. 4000			
— Kleppsbús ... 3000	—	430905	430905
Tekjur og gjöld hefðu orðið:	kr.	12373600	12211217,84
Tekjuafgangur:	—		162382,14
	kr.	12373600	12373600,00

Sézt því glögglega, að greiðslu-jöfnuður í þessu frumvarpi svarar nákvæmlega til tekju-afgangs.

SKRÁ

yfir lögmælt eftirlaun til embættismanna og embættismannaekkna og barna í árslok 1930.

	kr.	kr.
A. Embættismenn:		
1. Einar Benediktsson, sýslumaður í Rangárvallasýslu (konungsúrskurður 9/4 1927	641,91	
2. Marinó Hafstein, sýslumaður í Strandasýslu (konungsúrskurður 30/11 1908)	1008,00	
3. Helgi Guðmundsson, héraðslæknir í Siglufjarðarhéraði (konungsúrskurður 1/11 1910)	1000,00	
4. Axel Valdimar Tulinius, sýslumaður í Suður-Múlasýslu (konungsúrskurður 1/7 1911)	1876,62	
5. Sigurður Þórðarson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu (konungsúrskurður 7/10 1914)	2276,70	
6. Davíð Scheving, héraðslæknir í Ísafjarðarhéraði (konungsúrskurður 3/8 1914)	1266,67	
7. Guðmundur Eggerz, sýslumaður í Árnessýslu	1558,52	
8. Skúli Árnason, héraðslæknir í Grímsneshéraði	800,00	
9. Jón Jónsson, læknir	991,67	
10. Sigurður Magnússon, læknir	963,33	
11. Stefán Gíslason, héraðslæknir	1000 00	
12. Magnús Guðmundsson fv. ráðherra, ...	1060,00	
13. Guðmundur Guðmundsson, fv. héraðslæknir	1000,00	
14. Karl Einarsson, fv. bæjarfógeti	1461,22	
15. Ólafur Thorlacius, fv. héraðslæknir	700,00	
16. Sig. H. Kvaran, fv. héraðslæknir	595,00	
17. Jóhannes Jóhannesson, fv. bæjarfógeti	8000,00	
18. Magnús Helgason, fv. skólastjóri	4200,00	
19. Sigurður Eggerz, fv. ráðherra	3000 00	
20. Þorgrímur Þórðarsonur, læknir	1133,33	
		34532,97
B. Embættismannaekkjur og börn:		
1. Caroline Rósa Jónassen, ekkja E. Th. Jónassens amtmanns, frá 10/1 1891	750,00	
2. Ásta Hallgrímsson, ekkja Tómasar Hallgrímssonar læknaskólakennara, frá 1/1 1894	350,00	
3. Ingibjörg Jensdóttir, ekkja Hjörts Jónssonar héraðslæknis í 4. læknishéraði, frá 1/5 1894	305,00	
4. Þuríður Johnsen, ekkja Jóns Johnsen sýslumanns í Suður-Múlasýslu, frá 1/11 1895	430,80	
Flyt	1835,80	34532,97

		kr.	kr.
	Flutt	1835,80	34532,97
5.	Alfheiður Helga Briem, ekkja Páls Briems amtsmanns, frá 1/1 1905	625,00	
6.	Elín G. Blöndal, ekkja P. Blöndal héraðslæknis	187,50	
7.	Guðrún B. Gísladóttir, ekkja Jóns Sigurðssonar héraðslæknis	189,37	
8.	Lára Malvina Scheving, ekkja Guðmundar Scheving héraðslæknis, frá 1/3 1909	187,50	
9.	Elina Marine Bolette Sveinsson, ekkja Hallgríms Sveinssonar biskups, frá 1/1 1910	875,00	
10.	Ingibjörg Sigurðardóttir, ekkja Jóns Jónssonar héraðslæknis í Hróarstunguhéraði, frá 1/9 1910	150,00	
11.	Þóra Gísladóttir, ekkja Sigurðar Pálssonar héraðslæknis í Sauðárkrókshéraði, frá 1/11 1910	212,50	
12.	Oliva María Guðmundsson, ekkja Guðlaugs Guðmundssonar, frá 1/9 1913	560,83	
13.	Johanne Margrethe Havsteen, ekkja Júlíusar amtmanns Havsteen, frá 1/6 1915	750,00	
14.	Sigríður Hjaltadóttir, ekkja Jóns Jenssonar yfirdómara, frá 1/7 1915	500,00	
15.	Theódóra Thóroddsen, ekkja Skúla Thóroddsen sýslumanns, frá 1/6 1916	535,17	
16.	Elín Stephansen, ekkja Magnúsar landshöfðingja Stephensen, frá 1/6 1917	1166,67	
17.	Sofía Johnsen, ekkja fyrv. héraðslæknis Þorgríms Johnsen, frá 1/9 1917	321,53	
18.	Þórunn Stefánsdóttir, ekkja fyrv. kennara síra Jónasar Jónassonar, frá 1/10 1917	200,00	
19.	Vigdís G. Blöndal, ekkja Jóns Blöndals héraðslæknis í Borgarfjarðarhéraði	187,50	
20.	Ingileif S. Aðils, ekkja Jóns Jónssonar Aðils prófessors, frá 1/8 1920	340,00	
21.	Sigríður Pálsson, ekkja Pálma Pálssonar yfirkennara	450,00	
22.	Finnboga Árnadóttir, ekkja Odds Jónssonar héraðslæknis í Reykhólahéraði	187,50	
23.	Steinunn Frímannsdóttir, ekkja Stefáns Stefánssonar skólameistara á Akureyri	715,82	
24.	Anna Daníelsson, ekkja hæstaréttardómara Halldórs Daníelss.	859,37	
25.	Guðrún Björnsdóttir, ekkja Þórðar Pálssonar læknis	187,50	
26.	Ingibjörg Magnúsdóttir, ekkja Júlíusar Halldórssonar héraðslæknis, frá 1/6 1924	212,50	
27.	Margrét Lárusdóttir, ekkja Guðmundar Þorsteinssonar héraðslæknis, frá 1/4 1924	150,00	
28.	Rannveig Tómasdóttir, ekkja Magnúsar Jóhannssonar héraðslæknis, frá 1/1 1924 kr. 187,40 Samkvæmt konungsúrskurði 20/8 1924, með hverju barni hennar til 16 ára aldurs, 80 kr. árlega: 1. Karl Jóhann, f. 7/9 1916. 2. Guðríður Erla, f. 8/1 1918.		
	Flyt kr. 187,40	11587,06	34532,97

		kr.	kr.
	Flutt kr. 187,40	11587,06	34532,97
3.	Axel Valgarður, f, $^{30}/_{9}$ 1922 . . . . . — 240,00	427,40	
29.	Katrín Skúladóttir, ekkja Guðm. Magnússonar prójessors. frá $^{1}/_{12}$ 1924	425,00	
30.	Anna Gunnlaugsson, ekkja Halldórs Gunnlaugssonar héraðslæknis, frá $^{1}/_{1}$ 1925 . . . . . kr. 150,00		
	Samkvæmt konungsúrskurði $^{10}/_{8}$ 1925, með syni hennar til 16 ára aldurs, 100 kr. árlega:		
	Gunnar Þór, f. $^{10}/_{6}$ 1919 . . . . . — 100,00	250,00	
31.	Kirstín Þ. Blöndal, ekkja Ásgeirs Blöndal héraðslæknis, frá $^{1}/_{5}$ 1926 . . . . . kr. 187,50		
	Samkvæmt konungsbréfi $^{18}/_{5}$ 1927, með kjördóttir hennar Esther, f. $^{24}/_{12}$ 1915, til 16 ára aldurs . . 100,00	287,50	
32.	Þórunn Siemsen, ekkja Frans Siemsens sýslumanns, frá $^{1}/_{1}$ 1926	391,90	
33.	Þóra Magnússon, ekkja Jóns Magnússonar ráðherrra, frá $^{1}/_{7}$ 1926	1200,00	
34.	Jenny Forberg, ekkja Oluf Forberg landzsímastjóra, frá $^{1}/_{4}$ 1925	500,00	
35.	Ragna Gunnarsdóttir, ekkja Ólafs Gunnarssonar héraðslæknis, frá $^{1}/_{2}$ 1927 . . . . . kr. 150,00		
	Samkv. konungsúrskurði $^{19}/_{9}$ 1927 með hverju barni hennar til 16 ára aldurs:		
	1. Nanna, f. $^{29}/_{1}$ 1915 . . . . . — 8,33		
	2. Sigrún, f. $^{2}/_{8}$ 1916 . . . . . — 100,00		
	3. Kristín; f. $^{20}/_{5}$ 1918 . . . . . — 100.00		
	4. Björn, f, $^{1}/_{12}$ 1920 . . . . . — 100,00		
	5. Gunnar, f. $^{6}/_{1}$ 1922 . . . . . — 100 00		
	6. Ólafur, f. $^{18}/_{1}$ 1924 . . . . . — 100,00	658,33	
36.	Sigríður Blöndal, ekkja Björns Blöndal, héraðslæknis, frá $^{1}/_{10}$ 1927	150,00	
37.	Kristín Þórarinsdóttir, ekkja Kr. Kristjánssonar héraðslæknis, frá $^{1}/_{12}$ 1927	237,50	
38.	Aðalbjörg Sigurðardóttir, ekkja Har. Níelssonar, próf. . .	340,00	
39.	Sigríður Jónsdóttir, ekkja Sigurðar Ólafssonar sýslumanns.	465,46	
40.	Anna Jónsson, ekkja Kl. Jónssonar	750,00	
41.	Sigríður Jónsdóttir, ekkja Bjarna Jenssonar læknis . . .	187,50	
			17857,65
	C. Prestsekkjur:		
1.	Anna Kristjánsdóttir frá Þóroddsstað	100 52	
2.	Ástríður Petersen frá Svalbarði	100'00	
3.	Bergljót Blöndal frá Hvammi í Skagafirði	100,00	
	Flyt	300,52	52390,62

		kr.	kr.
	Flutt	300,52	52390,62
4.	Camilla S. Briem frá Hruna	129,43	
5.	Elín Scheving frá Vogsósum	100,00	
6.	Guðríður Pétursdóttir frá Höfða	114,63	
7.	Björg Einarsdóttir frá Undirfelli	100,00	
8.	Guðrún J. Jóhannesdóttir frá Bergstöðum	107,54	
9.	Guðrún Jónsdóttir frá Kolfreyjustað	183,78	
10.	Guðrún Ólafsdóttir frá Otradal	100,00	
11.	Guðrún Pétursdóttir frá Görðum	314,81	
12.	Guðrún Torfadóttir frá Hólmum	134,40	
13.	Halldóra Vigfúsdóttir frá Breiðabólsstað	158,95	
14.	Ingunn Loftsdóttir frá Desjamýri	101,55	
15.	Margrét Þórðardóttir frá Gaulverjabæ	139,86	
16.	Ragnheiður H. Magnúsdóttir frá Stað í Steingrímsfirði	131,36	
17.	Ragnheiður Pálsdóttir frá Tjörn á Vatnsnesi	118,60	
18.	Ragnhildur Gísladóttir frá Eyvindarhólum	101,81	
19.	Sigríður Jónsdóttir frá Melstað	188,06	
20.	Sigríður Metúsalemsdóttir frá Staðarbakka	131,26	
21.	Vigdís Einarsdóttir frá Grunnavík	104,16	
22.	Þórey Kolbeins frá Staðarbakka	115,53	
23.	Helga Ketilsdóttir frá Grindavík	100,00	
24.	Sigrún Kjartansdóttir frá Mosfelli	147,50	
25.	Vilborg Jónsdóttir frá Prestsbakka	102,65	
26.	Sigríður Halldórsdóttir frá Holti í Önundarfirði	184,36	
27.	Guðlaug Vigfúsdóttir frá Stafafelli	90,80	
28.	Ingibjörg Magnúsdóttir frá Laufási	142,10	
29.	Guðfinna Jensdóttir frá Miklabæ	116,96	
30.	Guðrún Sigurðardóttir frá Flatey	118,93	
31.	Guðbjörg Hermannsdóttir frá Þingvöllum	118,30	
32.	Þórunn Bjarnadóttir frá Vigur	144,44	
33.	Anna Stefánsdóttir frá Stað í Súgandafirði	100,00	
34.	Helga Skúladóttir frá Kálfafellsstað	72,94	
35.	Valgerður Karólína Guðmundsdóttir frá Grenivík	164,63	
36.	Guðrún Hermannsdóttir frá Breiðabólstað	212,94	
37.	Arndís Pétursdóttir frá Vatnsfirði	162,10	
38.	Guðríður Ólafsdóttir frá Húsavík	135,74	
39.	Þorbjörg Pálsdóttir frá Gilsbakka	100,00	
40.	Guðríður Helgadóttir frá Kvennabrekku	168,00	
41.	Guðný Þorsteinsdóttir frá Nesi í Norðfirði	126,44	
42.	Jakobína Sigurgeirsdóttir frá Borg	142,56	
43.	Kristín Jónsdóttir frá Brjámslæk	103,00	
44.	Sigríður Þórðardóttir frá Stafholti	156,00	
45.	Jóhanna S. Jónsdóttir	150,00	
			5936,64
	D. Lög nr. 119, 1922:		
	Einar Þorkelsson fyrv. skrifstofustjóri Alþingis		2500,00
	E. Lög nr. 51, 1921, 8. gr.:		
1.	Ásta Einarson, ekkja Magnúsar Einarsonar dýralæknis	250,00	
	Flyt	250,00	60827,26

		kr.	kr.
	Flutt	250,00	60827,26
2. Anna Þorgrímsdóttir, læknisekkja		300,00	
3. Hrefna Einarsdóttir, læknisekkja	kr. 350,00		
Sonur hennar Sigurður, f. 23/7 1920, til 16 ára aldurs	— 100,00		
		450,00	
			1000,00
	Samtals		61827,26

2. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árið 1929.

(Lagt fyrir Alþingi 1931).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld, sem talin eru í fjárlögum 1929, eru veittar kr. 2.128.758.39 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—11. grein hér á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10 gr. er veitt:

I. Ráðuneytið o. fl.

		kr.	
Við	2. Utanfarir ráðherra	5014.90	
—	4. Annar kostnaður	36656.51	
—	5. Fyrir að gegna ríkisféhirðisstörfum	3093.02	
—	6. b. Til pappírs og prentunar	6817.73	
	c. Kostnaður við sending	355.17	
—	7. Til umbóta og viðhalds á ráðherrabústaðnum og stjórnarráðshúsinu	4885.21	
			56822.54
	Flyt		56822.54

		Flutt	56822.54	
		II. Hagstofan.		
Við	2.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	1832.06	
—	3.	Prentun eyðublaða	837.04	
—	4.	Húsaleiga, hiti og ljós m. m.	396.45	
—	5.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður ..	7012.64	
—	6.	Til þess að gefa út manntal 1703 ..	121.10	
				10199.29
		III. Utanríkismál o. fl.		
—	1. d.	Til skrifstofuhalds	1699.50	
—	4.	Kostn. við sambandslaganefnd	2054.80	
				3754.30
				70776.13

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin á 11. gr. er veitt:

		A. Dómgæzla og lögreglustjórn:		
Við	8.	Til landhelgisgæzlu	101774.24	
—	10.	Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaðar fangelsa	7126.57	
—	11.	Annar sakamálakostn. og lögreglumál m. m.	98809.49	
—	13.	Borgun til setu- og varadómara	6623.75	
				214334.05
		B. Sameiginlegur kostn. við emb.rekst.		
—	1. a.	Burðareyrir	16158.29	
	b.	Embættisskeyti	3262.67	
—	2.	Brunaábyrgðargjöld o. fl.	5295.15	
—	3.	Til embættiseftirlitsferða	10109.41	
—	4.	Til skattanefndarkostnaðar	78860.14	
—	5.	Eyðublöð o. fl.	38647.22	
				152332.88
				366666.93

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin á 12. gr. er veitt:

		Til læknaskipunar og heilbrigðismála:		
—	2.	Skrifstofukostn. landlæknis	2343.49	
		Flyt	2343.49	437443.06

	Flutt	2343.49		437443.06
Við	3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sérstaklega erfiða læknissókn	1000.00		
—	8. Til geislalækningastofu ríkisins	3000.00		
—	10. Styrkur til héraðslækna til utanferða	862.20		
—	11. Holdsveikraspítalinn	17208.85		
—	12. Geðveikrahælið á Kleppi	13284.92		
—	13. Heilsuhælið á Vífilsstöðum	5319.50		
—	15. Til að ljúka við byggingu Kleppssp.	113736.67		
—	d. Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknisbústaði	710.20		
—	j. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	432.45		
—	o. Til styrktar mönnum, sem þurfa gerfilimi	1578.77		
—	n. Til Evu Hjálmarsdóttur	84.24		
				159561.29

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin á 13. gr. er veitt:

Til samgöngumála.

A. Póstmál:

Við	2. Póstflutningar	47584.03		
—	3. a. Skrifstofukostnaður	4799.29		
	b. Skrifstofukostn. utan Rvíkur ...	600.00		
	d. Önnur gjöld	3363.30		
			56346.62	

B. Vegamál:

—	I. 3. Ferðakostn. og fæðispeningar ..	4626.89		
—	4. Til aðstoðarmanna og mælinga	12757.96		
—	5. Skrifstofukostnaður	3474.39		
—	II. Þjóðvegir:			
—	a. 1. Kjalarnesvegur	4208.07		
—	4. Vesturlandsvegur	13196.89		
—	6. Laugardalsvegur	5883.84		
—	7. Vallhólmsvegur	5474.43		
—	11. Hróarstunguvegur	1618.13		
—	12. Um Skafáreldahraun í V.-Sk.	26489.08		
—	14. Til vegar á Hólmahálsi	3550.00		
—	15. Til vegar yfir Hvolsvöll	6828.25		
	Flyt	88107.93	56346.62	597004.35

	Flutt	88107.93	56346.62	597004.35
Við	b. Viðhald og umbætur	166217.70		
—	III. Til brúagerða samkv. brúalögum	202911.71		
—	IV. Til slitlags á akvegum	45000.00		
—	V. Fjallvegir	9644.56		
—	VI. 1. Til áhalda	38297.18		
—	VII. 1. Tillög til akfærra sýsluvega	37407.87		
			587586.95	
	C. Samgöngur á sjó:			
—	2. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum	400.00		
			400.00	
	D. Hraðskeyta- og talsímasamband:			
—	I. Viðauki símakerfa	2804.13		
—	II. Símalagningar	32802.52		
—	III. 2. Kostnaður við aðalskrifstofuna	5218.46		
—	3. Ritsímastöðin í Reykjavík	14836.82		
—	4. Þráðlausa stöðin í Reykjavík ..	4858.15		
—	5. Bæjarsíminn í Reykjavík	21438.07		
—	7. Ritsímastöðin á Akureyri	15489.78		
—	8. — - Seyðisfirði	509.95		
—	9. — - Ísafirði	2603.48		
—	10. — - Borðeyri	729.66		
—	11. — - Hafnarfirði ...	3788.74		
—	12. — - Vestmannaeyjum	5649.00		
—	13. — - Siglufirði	12134.29		
—	14. Til aukaritsímaþjónustu	2604.42		
—	15. Til eftirlitsstöðva o. fl.	9250.49		
—	16. b. Til símritara o. fl.	621.31		
—	IV. Eyðublöð o. fl.	6031.56		
—	V. Viðbót og viðhald stöðvanna	27951.32		
—	VII. Viðhald landssímans	35356.66		
—	VIII. Áframhaldsgjald	1651.75		
			206330.56	
	E. Vitamál:			
—	I. 3. Til skrifstofuhalds	2526.20		
—	4. Ferðakostn. og fæðispeningar	4030.27		
—	II. Laun vitavarða	374.25		
—	III. Reksturskostnaður vitanna	2520.45		
—	V. Til vitabygginga	12000.38		
	Flyt	21451.55	850664.13	597004.35

	Flutt	21451.55	850664.13	597004.35
Við	VI. a. Til leiðarljósa	29620.22		
—	b. Til breytinga á ljóstækjum Reykjanesvitans	2238.23		
—	d. Til annara útgjalda	7428.73		
			60738.73	
				911402.86

6. gr.

Til viðbóta við gjöldin á 14. gr. er veitt:

Til kirkju- og kennslumála.

A. Andlegastéttin:

—	b. 7. Til húsabóta á prestssetrum	761.32		
			761.32	

B. Kennslumál:

—	I. e. Heimsókn erl. visindamanna ..	822.45		
—	j. Hiti, ljós, ræsting og vélgæzla	442.04		
—	k. 3. Ýms gjöld	6289.78		
—	II. f. Bjarni Sigurðsson, húsgerðarnemi	250.00		
—	n. Agnar Norðfjörð, hagfræðinemi	121.84		
—	III. b. 4. Til stundakennslu og til prófdómenda	4792.00		
—	IV. b. 1. Til aukakennara og stundakennara	1727.00		
	4. Til bóka og kennsluáhalda ..	707.40		
	7. a. b. Til dyravörzlu	500.00		
	8. Til skólahússins	2766.46		
	9. Ýms gjöld	4641.99		
—	V. b. 1. Stundakennsla	2663.00		
—	3. Bókakaup og áhöld	1323.00		
—	7. Ýms gjöld	1569.09		
—	VI. b. 1. Stundakennsla	199.00		
—	4. Ýms gjöld	86.92		
—	VII. b. 1. Stundakennsla	480.00		
—	2. Húsnæði	1400.00		
—	5. Til prófáhalda	122.50		
—	VIII. c. 1. Verklegt nám	232.40		
—	2. Kennsluáhöld	65.55		
	Flyt	31202.42	761.32	1508407.21

		Flutt	31202.42	761.32	1508407.21
Við	3.	Eldiviður og ljós	743.14		
—	4.	Ýms gjöld	3009.54		
—	2. c. 1.	Verklegt nám	179.95		
—	3.	Eldiviður og ljós	2240.48		
—	4.	Ýms gjöld	47343.18		
—	XI. 2. b.	Annar kostnaður	1030.70		
—	XIII. 5.	Prófdómarar	8398.83		
—	8.	Utanfararstyrkur barnakennara	500.00		
—	XIV. 1. b.	Aðstoðarkennsla	1200.00		
—	c. 2.	Kennsluáhöld	712.00		
—	3.	Eldiviður og ljós	629.42		
—	4.	Ýms gjöld	30.53		
—	3.	Til nýrra héraðsskóla	117458.45		
—	XV. 4.	Til húsmæðrafræðslu Laugaskóla	11000.00		
—	XVI.	Kennsla heyrnar- og málleysingja	10107.87		
				235786.56	
					236547.88

7. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem talin eru í 15. gr. er veitt:

Til vísinda, bókmennta og lista.

—	1. i.	Húsaleiga	937.50	
—	2. b.	Bókband o. fl.	378.97	
—	5. h.	Viðhald og áhöld	1057.55	
—	6.	Kaupstaðabókasöfn	80.00	
—	27.	Alþingissaga	5000.00	
—	32.	Björg Þorláksdóttir	824.46	
—	44. b.	Aðstoð	1200.00	
—	48.	Ferðastyrkur til útlanda	12055.00	
				21533.48

8. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem talin eru í 16. gr. er veitt:

Til verklegra fyrirtækja.

—	2.	Grasfræ- og hafrasáning	2340.57	
—	3.	Sandgræðsla	7212.05	
—	11. c.	Búfjársjúkdómar	4844.42	
—	12.	Fjárkláðalækning	384.25	
—	15. b.	Aðstoð	2876.01	
—	d.	Veðurskeyti	1100.00	
		Flyt	18757.20	1766488.57

	Flutt	18757.20	1766488.57
Við	18. f. Ferðakostnaður	4917.88	
—	19. Eftirlit skipa og báta	6336.00	
—	21. Sjávargarður á Neseyri	1629.50	
—	26. Markaðsleit	6030.90	
—	27. Erindrekstur	5677.95	
—	47. Til undirbúnings flugferða	1500.00	
			44849.60

9. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem talin eru á 17. gr. er veitt:

	Til almennrar styrktarstarfsemi.		
Við	3. Styrkur sjúkrasamlaga	4726.75	
—	8. Slysatryggingar	2575.52	
—	9. Til nauðstaddra Íslendinga erlendis	1948.51	
			9250.78

10. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem talin eru á 19. gr. er veitt:

Óviss útgjöld	199548.87	
		199548.87

11. gr.

Fjáraukalög og þingsályktanir:		
Væntanleg fjáraukalög	63896.20	
Þingsályktanir	44724.37	
		108620.57
		Kr. 2128758.39

Á s t æ ð u r

fyrir frumvarpi þessu eru í landsreikningnum 1929, athugasemdum yfirskoðunarmanna við þann reikning og svörum ráðherra gegn þeim athugasemdum.

3. Frumvarp

til laga um samþykkt á landsreikningnum 1929.

(Lagt fyrir Alþingi 1931).

	Áætlun	Reikningur
I. Tekjur:	kr.	kr.
1. Fasteignaskattur	240000.00	269257.02
2. Tekju- og eignarskattur	1050000.00	1403668.57
3. Lestagjald af skipum	40000.00	49217.00
4. Aukatekjur	400000.00	611851.79
5. Erfðafjárskattur	35000.00	61677.80
6. Vitagjald	320000.00	473098.63
7. Leyfisbréfagjöld	10000.00	15170.60
8. Stimpilgjald	300000.00	430270.98
9. Skólagjöld	15000.00	16463.96
10. Bifreiðaskattur	30000.00	78215.75
11. Útflutningsgjald	950000.00	1247261.94
12. Áfengistollur	325000.00	668376.68
13. Tóbakstollur	850000.00	1251654.50
14. Kaffi- og sykurtollur	850000.00	1096116.57
15. Annað aðflutningsgjald	160000.00	302362.88
16. Vörutollur	1250000.00	2052244.68
17. Verðtollur	1325000.00	2266822.63
18. Gjald af brjóstsykur og konfektgerð	25000.00	126679.84
19. Pósttekjur	450000.00	666192.13
20. Símatekjur	1500000.00	1621301.52
21. Vínein kasala	375000.00	1025795.97
22. Tekjur af fasteignum ríkissjóðs o. fl.	34600.00	40529.06
23. Tekjur af bönkum og vaxtatekjur	269000.00	393911.48
24. Óvissar tekjur, ýmsar greiðslur og endurgjöld	80000.00	105098.98
25. Tekjur samkv. sérstökum lögum (skiftimynt)		50300.00
26. Auknar lausaskuldir		2052926.24
Samtals	10883600.00	18376467.20

	Fjárveiting	Reikningur
II. Gjöld:	kr.	kr.
1. Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans	1317199.00	3166805.21
2. Borðfé hans Hátignar konungsins	60000.00	60000.00
3. Kostnaður við Alþingi og yfirskoðun landsreikninganna	204350.00	245406.73
4. Til ríkisstjórnarinnar:		
A. Ráðuneytið, ríkisféhirðir o. fl.	187100.00	255855.79
B. Hagstofan	46100.00	56919.29
C. Utanríkismál o. fl.	84000.00	87754.30
5. A. Dómgæzla og lögreglustjórn	651440.00	848615.44
B. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	144000.00	296332.88
6. Læknaskipun og heilbrigðismál	751355.00	911963.34
7. Til samgöngumála:		
A. Póstmál	481000.00	536482.63
B. Vegabætur	929650.00	1555435.93
C. Samgöngur á sjó	346750.00	261242.37
D. Hraðskeyta og talsímasamband	1418500.00	1620859.74
E. Vitamál	265700.00	326529.44
8. Til kirkju og kennslumála:		
A. Andlega stettin	314756.00	319606.11
B. Kennslumál	1134590.00	1406230.65
9. Til vísinda, bókmennta og lista	230860.00	243373.24
10. Til verklegra fyrirtækja	1297060.00	1481513.54
11. Til almennrar styrktarstarfsemi	679800.00	855255.40
12. Eftirlaun og styrktarfé	196747.92	206528.97
13. Óviss útgjöld	100000.00	299548.87
14. Lögboðnar fyrirframgreiðslur	10000.00	44357.21
15. Eimskipafélag Íslands		177451.61
16. Greiðsla samkvæmt lögum, fjáraukalögum og þingsályktunum		1764566.34
17. Aukin innstæða		9974.65
18. Aukinn sjóður		1337857.52
Samtals	10850957.92	18376467.20

Athugasemd við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er í sama formi og reikningslög þau, er áður hafa verið samþykkt. Landsreikningurinn fyrir árið 1929 verður lagður samhliða þessu frv. fyrir Alþingi, en hann telur allar tekjur og gjöld í sömu röð og fjárlögin, og vísast því til hans um nánari sundurliðun tekna og gjalda.

4. Frumvarp

til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi 1931).

I. KAFLI.

Um tekjuskatt.

1. gr.

Hver maður heimilisfastur hér á landi er skyldur til, með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum þessum, að greiða skatt í ríkissjóð af tekjum sínum, enda hafi hann verið heimilisfastur hér a. m. k. 6 mánuði af skattárinu.

Nú dvelur maður erlendis um stundarsakir, en bregður eigi heimilisfangi sínu hér á landi, og skal hann þá gjalda skatt eins og hann dveldi að staðaldri í landinu.

2. gr.

Nú er maður eigi heimilisfastur hér á landi, en á hér eignir og hefir tekjur af þeim, eða af atvinnu, eða af sýslan, sem hér eða héðan er rekin, svo sem sjómenn á íslenzkum skipum, sem eigi greiða skatt í öðru ríki, og skal hann þá gjalda skatt af tekjum þessum og tilnefna fyrir hlutaðeigandi skattheimtumanni, hver greiði skattgjald hans, enda sé sá maður búsettur á skattsvæði skattheimtumanns.

Sömuleiðis skal sá, er eigi hefir aðsetur hér á landi, en hefir laun, biðlaun eða styrk úr ríkissjóði, eða tekjur frá alþjóðlegri stofnun innlendri, eða arð af hlutafé í innlendu hlutafélagi eða öðrum fyrirtækjum, gjalda skatt af þessum tekjum, og skal tekjuskattinum haldið eftir við greiðslu fjárins.

Þeir menn, er starfa erlendis í þjónustu hins íslenzka ríkis, skulu undanþegnir tekjuskatti af þeim launum, sem þeir fá fyrir þau störf.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annara ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á tekju- og eignarskatti og sveitagjöldum þeirra íslenzkra og erlendra ríkisborgara, sem eftir gildandi skattlöggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu tekjum eða eignum í hvorutveggja ríkjanna.

3. gr.

Tekjuskatt greiða ennfremur:

a. Hlutafélög, samlagshlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, nema tekjuafgangi sé einungis varið til almennra þarfa.
b. Gagnkvæm ábyrgðarfélög, kaupfélög, smjörbú, sláturfélög og önnur samvinnufélög.

c. Önnur félög, sjóðir og stofnanir, sem ekki eru sérstaklega undanþegin skattgjaldi, sbr. 4. gr., svo og dánarbú og þrotabú.

Ef ekki eru fleiri en 4 félagar í verzlunarfélagi eða öðru atvinnufélagi með persónulegri ábyrgð, er skattur ekki lagður á félagið sjálft, heldur hvern einstakan félaga, ef ósk kemur fram um það frá félaginu, um leið og tekjur eru taldar fram, enda fylgi beiðninni þær skýrslur, sem með þarf til þess að ákveða skatt hvers einstaks félaga.

Slík félög og stofnanir, sem um ræðir í þessari grein og ekki eiga heimili hér á landi, en eiga hér eignir og hafa tekjur af þeim, eða af starfsemi, sem hér eða héðan er rekin, skulu greiða skatt í ríkissjóð af tekjum þessum.

4. gr.

Undanþegið öllum tekjuskatti er konungur og borðfé hans og ættmanna hans, ríkissjóður, ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir og aðrir þeir sjóðir, er standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, sveitarfélög og bæjarfélög, kirkjusjóðir, sparisjóðir, sem engan arð greiða stofnendum sínum eða ábyrgðarmönnum, og ennfremur sjóðir, félög og stofnanir, er ekki reka atvinnu eða veitt er skattfrelsi með sérstökum lögum.

5. gr.

Erlendir þjóðhöfðingjar, sendiherrar og sendikonsúlar annara ríkja og starfsmenn erlendra sendisveita eru undanþegnir tekjuskatti, nema að því leyti, sem þeir njóta tekna úr ríkissjóði eða alþjóðlegri stofnun innlendri, eigi hér fasteignir eða hafi tekjur af þeim, reki atvinnu eða eigi hlut í einhverju atvinnufyrirtæki hér á landi.

6. gr.

Skattgjald þeirra, sem ræðir um í 1. og 2. gr., reiknast þannig: Ef hinn skattskyldi hluti tekna þeirra er undir 500 kr., greiðist af honum 0,6%.

Af	500	til	1000	kr. greiðist	3	kr. af	500	kr. og	0,8%	af	afgangi
—	1000	—	2000	— —	7	— —	1000	— —	0,5	— —	—
—	2000	—	3000	— —	22	— —	2000	— —	2	— —	—
—	3000	—	4000	— —	42	— —	3000	— —	3	— —	—
—	4000	—	5000	— —	72	— —	4000	— —	4	— —	—
—	5000	—	6000	— —	112	— —	5000	— —	5	— —	—
—	6000	—	7000	— —	162	— —	6000	— —	6	— —	—
—	7000	—	8000	— —	222	— —	7000	— —	7	— —	—
—	8000	—	9000	— —	292	— —	8000	— —	8	— —	—
—	9000	—	10000	— —	372	— —	9000	— —	9	— —	—
—	10000	—	11000	— —	462	— —	10000	— —	10	— —	—
—	11000	—	12000	— —	562	— —	11000	— —	11	— —	—
—	12000	—	13000	— —	672	— —	12000	— —	12	— —	—
—	13000	—	14000	— —	792	— —	13000	— —	13	— —	—
—	14000	—	15000	— —	922	— —	14000	— —	14	— —	—
—	15000	—	16000	— —	1062	— —	15000	— —	15	— —	—

Af	16000	til	17000	kr.	greiðist	1212	kr. af	16000	kr.	og	16	%	af afgangi
—	17000	—	18000	—	—	1372	— —	17000	—	—	17	—	— —
—	18000	—	19000	—	—	1542	— —	18000	—	—	18	—	— —
—	19000	—	20000	—	—	1722	— —	19000	—	—	19	—	— —
—	20000	—	25000	—	—	1912	— —	20000	—	—	19,5	—	— —
—	25000	—	30000	—	—	2887	— —	25000	—	—	20	—	— —
—	30000	—	35000	—	—	3887	— —	30000	—	—	21	—	— —
—	35000	—	40000	—	—	4937	— —	35000	—	—	22	—	— —
—	40000	—	50000	—	—	6037	— —	40000	—	—	23	—	— —
—	50000	—	70000	—	—	8337	— —	50000	—	—	24	—	— —
—	70000	—	100000	—	—	13137	— —	70000	—	—	25	—	— —
—	100000	og	þar yfir		—	20637	— —	100000	—	—	26	—	— —

Skattgjald samkvæmt 2. gr. reiknast þó aldrei lægra en 5% af tekjum.

7. gr.

Skattgjald innlendra félaga og stofnana, er um ræðir í 3. gr., reiknast þannig:

Þegar skattskyldar tekjur í hlutfalli við innborgað hlutafé, stofnfé eða tryggingarfé, nema undir 2%, greiðist 5% af þeim.

2—	5%	greiðist	5	%	af	fyrstu	2%	og	10%	af afgangi
5—	10—	—	8	—	—	—	5—	—	15—	— —
10—	20—	—	11½	—	—	—	10—	—	20—	— —
20—	50—	—	15¾	—	—	—	20—	—	25—	— —
50%	og þar yfir		$21^{3}/_{10}$	—	—	—	50—	—	30—	— —

Með innborguðu hlutafé eða stofnfé skal telja varasjóð þann, sem félaginu kann að hafa safnazt af arði, sem lagður hefir verið til hliðar í því skyni, eins og sá sjóður var í byrjun næsta reikningsárs á undan niðurjöfnuninni.

Skattgjald innlendra félaga og stofnana án innborgaðs hlutafjár eða stofnfjár, svo og skattgjöld útlendra félaga, reiknast eftir reglunum í 6. gr., þó aldrei lægra en 5% af hinum skattskyldu tekjum.

Af skattskyldum tekjum þeirra félaga, sem um ræðir í 3. gr. b, greiðist jafnan 6%.

8. gr.

Tekjuskattinn eftir 6. og 7. gr. má með fjárlagaákvæði hækka eða lækka um ákveðna hundraðstölu, allt að 25%, eitt og eitt ár í senn.

9. gr.

Skattskyldar tekjur teljast, með þeim undantekningum og takmörkunum, er síðar greinir, allskonar arður, laun eða gróði, er gjaldanda hlotnast af eign eða atvinnu eða einstökum verknaði eða atvikum, ef þetta verður metið til peningaverðs, svo sem:

a. Tekjur af landbúnaði, sjávarútvegi, siglingum, verzlun, verksmiðjuiðnaði, handiðn, námurekstri og sérhverjum öðrum atvinnurekstri, ennfremur allar tekjur, sem telja má endurgjald fyrir starfsemi í þágu vísinda, lista

og bókmennta, eða fyrir hverskonar vinnu, greiða eða aðstoð. Til slíkra tekna telst fæði, húsnæði og önnur hlunnindi, sem látið er í té í kaupgjaldsskyni.

b. Tekjur af embættum eða sýslunum, svo sem: Föst laun, aukatekjur, embættisbústaður og önnur hlunnindi, landauragjald, jarðarafnot, endurgjald fyrir skrifstofukostnað (sbr. 12. gr. d.); ennfremur eftirlaun, biðlaun, lífeyrir, gjafir og allskonar styrktarfé.

c. Landskuld af leigujörðum og arður af allskonar ítökum og hlunnindum, leiga eftir hús, lóðir og skip, svo og áætlað afgjald af fasteignum og skipum, er eigandi notar sjálfur; ennfremur leiga af innstæðukúgildum á jörðum, sem eru í leiguábúð, og arður af byggingarpeningi og öðru lausafé, sem á leigu er selt.

d. Vextir eða arður af skuldabréfum, hlutabréfum og öðrum innlendum eða útlendum verðbréfum, svo og vextir af útistandandi skuldum og öðrum fjárkröfum, þótt bréf sé eigi fyrir, af sparisjóðsinnlögum og sérhverri annari arðberandi innstæðu.

e. Ágóði af sölu á fasteign eða lausafé, enda þótt salan falli ekki undir atvinnurekstur skattgreiðanda, ef ætla má, að hann hafi keypt eignina, eða öðlazt hana á annan hátt, í því skyni að selja hana aftur með ágóða og hún hefir verið í eign hans skemur en 5 ár, ef um fasteign er að ræða, en annars skemur en 3 ár. Þó má draga frá þessum ágóða skaða, sem kynni að hafa orðið á samskonar sölu á árinu.

f. Vinningur í veðmáli, happdrætti eða því um líku.

10. gr.

Til skattskyldra tekna félaga og stofnana, sem í 3. gr. segir, teljast eigi aðeins þær tekjur, sem varið er til að greiða hluthöfum og félagsmönnum í vexti eða arð af innborguðu fé, heldur einnig þær tekjur, sem varið er til afborgana af skuldum á árinu, óvenjulegra fyrninga og yfirfærslu á tekjuafgangi í varasjóð, tryggingarsjóð og aðra slíka sjóði.

Skattskyldar tekjur vátryggingarfélaga, sem starfa hér á landi, telst sá hluti heildarágóðans, sem svarar til hlutfallsins á milli iðgjaldatekna félagsins hér á landi og allra iðgjaldatekna þess.

Fjármálaráðherra getur sett fyrirmæli um heimild innlendra vátryggingarfélaga til að draga frá tekjum sínum það, er þau leggja til hliðar til að inna af hendi skyldur sínar gagnvart vátryggðum.

Loks getur fjármálaráðherra sett ákvæði um það, hvenær félög þessi skuli hafa skilað framtölum sínum og reikningum.

Samvinnufélögum ber ekki að telja með tekjum sínum lögboðið tillag til varasjóðs, samkv. 24. gr. laga nr. 30, 27. júní 1921, né verðlagsuppbót þá, er þau úthluta félagsmönnum sínum af eigin vöruskiptum þeirra af innlendum og erlendum vörum, hvort heldur sem verðlagsuppbótin er færð þeim til tekna í viðskiptareikningi eða stofnsjóðsreikningi, en verðlagsuppbótin á innlendum vörum er skattskyld hjá hinum einstöku félagsmönnum sem afrakstur af atvinnu þeirra.

Þar á móti er allur ágóði af viðskiptum við utanfélagsmenn, sem ekki fellur til varasjóðs, samkv. 7. lið 3. gr. fyrrnefndra laga, skattskyldar tekjur hjá félaginu. Geti félag ekki gert grein fyrir hlutfallslegum viðskiptum við félagsmenn og utanfélagsmenn, má telja allan hagnaðinn af starfsemi félagsins skattskyldar tekjur þess.

Nánari ákvæði má setja með reglugerð.

11. gr.

Til tekna telst ekki:

a. Sá eignarauki, sem stafar af því, að fjármunir skattgreiðanda hækka í verði, — hinsvegar kemur ekki heldur til frádráttar tekjum, þótt slíkir fjármunir lækki í verði, — ekki heldur tekjur, sem stafa af sölu á eignum skattgreiðanda (að meðtöldum verðbréfum), nema slík sala falli undir atvinnurekstur hlutaðeigandi skattgreiðanda, t. d. fasteignaverzlun, eða hún falli undir ákvæði í 9. gr. e. Þegar svo stendur á, telst verzlunarhagnaðurinn af sölunni til tekna, en draga má frá honum þann skaða, sem kynni að hafa orðið á samskonar sölu á árinu.
b. Eignarauki, sem stafar af arftöku, fyrirframgreiðslu upp í arf, fallinn eða ófallinn, af stofnun hjúskapar, útborgun lífsábyrgðar, brunabóta, eftirgjöf skulda eða þess háttar.
c. Tekjuliðir, sem stafa af eyðslu höfuðstóls eða af lántöku.
d. Dagpeningar og endurgreiðsla ferðakostnaðar, er skattgreiðandi fær í endurgjaldsskyni fyrir tilkostnað sinn, er hann verður að vera um stundarsakir fjarverandi heimili sínu vegna starfa í almenningsþarfir.

12. gr.

Frá tekjum skal draga, áður en skattur er á þær lagður:

a. Rekstrarkostnað, þ. e. þau gjöld, sem á árinu ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal vexti af skuldum, er stafa beinlínis af atvinnu eða öflun tekna, svo og venjulega fyrningu, eða það, sem varið er til tryggingar og nauðsynlegs viðhalds á arðberandi eignum gjaldanda. Nánari ákvæði um, hvernig reikna skuli fyrningu eða viðhald til frádráttar, skulu sett í reglugerð, sem fjármálaráðherra setur.

Með rekstrarkostnaði telst ekki það, sem gjaldandi hefir varið sér og skylduliði sínu til framfæris og notkunar, eigi heldur kaup handa honum sjálfum, né neinum af skylduliði hans, nema sá telji tekjur sínar fram sér í lagi. Eigi má gjaldandi heldur telja til rekstrarkostnaðar vexti af fé, sem hann sjálfur hefir lagt í atvinnurekstur sinn, né félag eða stofnun vexti af hlutafé, stofnfé eða tryggingarfé.

b. Tap á atvinnurekstri, er á skattárinu verður eða þá fyrst kemur í ljós. Tapi á atvinnurekstri frá sama ári má aldrei skipta á fleiri ár, og skal þegar tekið til frádráttar, er það er fullreynt.
c. Tap á útistandandi skuldum, enda stafi skuldin beinlínis af atvinnurekstri aðila og séu færðar fullnægjandi sönnur fyrir tapinu. — Það ár eitt kemur töpuð skuld til frádráttar, er sannreynt þykir, að hún er töpuð.

Nú greiðist skuld, er áður var talin töpuð að einhverju eða öllu leyti, og skal hið greidda þá talið til tekna það ár, er greiðsla átti sér stað.

d. Frá embættistekjum skal draga þann kostnað, sem embættisreksturinn hefir haft í för með sér, svo sem skrifstofukostnað og lögmæltar kvaðir, er á embættum hvíla.

e. Iðgjöld af lífeyri, sem skattgreiðandi er skyldur lögum samkvæmt að tryggja sér eða konu sinni eftir sinn dag, svo og iðgjöld af hverri annari lögboðinni persónutryggingu. Ennfremur skal draga frá tekjum þeirra manna, sem eigi eru að lögum skyldir að tryggja sér eða konum sínum lífeyri, iðgjöld af slíkum lífeyri eða lífsábyrgð, sem greidd hafa verið, þó ekki hærra iðgjald en 300 krónur.

f. Vexti af skuldum gjaldanda, öðrum en þeim, sem ræðir um í staflið a.

g. Af framlagi af ársarði samvinnufélaga, öðru en því, sem um ræðir í 10. gr., og hlutafélaga til varasjóðs má draga ⅓ hluta, er skal vera undanþeginn tekjuskatti og koma til frádráttar skattskyldum tekjum. Ef nokkur upphæð úr varasjóði síðar er notuð til úthlutunar til félagsmanna, eða á annan hátt notuð í einhverjum þeim tilgangi, sem ekki var tilætlunin þegar varasjóðurinn myndaðist, þá skal telja helming þeirrar upphæðar, sem þannig er ráðstafað, til skattskyldra tekna á því ári. Sem varasjóð samkvæmt þessari gr. og 3. málslið 7. greinar má ekki telja eftirlaunasjóði, arðjöfnunarsjóði eða aðra slíka sjóði, sem ekki eru beinlínis ætlaðir til þess að tryggja fjárhag fyrirtækisins sjálfs.

h. Helming þess, er áfallið hefir og greitt hefir verið í útsvar og tekju- og eignarskatt á árinu.

Þegar skattur er lagður á tekjur, sem renna til einstaklinga, félaga eða stofnana, sem ekki eiga heimili hér á landi (sbr. 2. gr. og síðari málsgr. 3. gr.), má draga frá tekjunum þau útgjöld, sem beinlínis viðkoma þessum tekjum.

Tekjur þær, sem koma til greina við ákvörðun skattsins, eru skattskyldar án tillits til þess, hvernig þeim er varið, hvort heldur gjaldandi hefir þær sér eða skylduliði sínu til framfæris, nytsemdar eða munaðar, til hjúahalds, nema til atvinnurekstrar sé, til þess að færa út bú sitt eða atvinnuveg, til umbóta á eignum sínum eða til þess að afla sér fjár, til gjafa eða hvers annars sem er.

13. gr.

Tekjur hjóna, er samvistum eru, skulu saman taldar til skattgjalds, enda þótt séreign sé eða sératvinna, enda ábyrgjast bæði skattgreiðslu. Rétt er bónda eða erfingjum hans að krefjast endurgjalds af konu eða erfingjum hennar á þeim hluta skattsins, er að réttum tölum kemur á séreign hennar eða sératvinnu.

Tekjur barna, sem í foreldrahúsum eru (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn), skal telja sérstaklega til skattgjalds.

Með tekjum barna, sem eru í foreldrahúsum og eru sjálf skattgreiðendur, telst eigi það framfæri, sem þau fá að nokkru eða öllu leyti hjá heimilisföður, nema það sé endurgjald fyrir vinnu við atvinnurekstur hans.

14. gr.

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér á landi, eins og þær eru ákveðnar samkv. 12. gr., skal draga sem hér segir:

1. Fyrir einstakling 800 kr.
2. Fyrir hjón, sem samvistum eru, 1600 kr.
3. Framfærslueyrir fyrir börn (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með), sem eru ekki fullra 14 ára í byrjun þess almanaksárs, er skatturinn er lagður á, og hafa ekki sjálf efni á að kosta framfæri sitt, 500 kr. fyrir hvert barn. — Sama er um aðra skyldu framfærlinga.

Frá tekjum þeirra, sem eru í foreldrahúsum á framfæri, eða við nám og enga atvinnu hafa, skal draga það, sem útheimtist til framfæris þeim og menningar.

Frá hreinum tekjum innlendra félaga og stofnana, eins og þær eru ákveðnar samkv. 12. gr., skal draga 4% af innborguðu stofnfé eða hlutafé, innborguðum hlutum af tryggingarsjóði og þess háttar.

Að loknum frádrætti samkv. þessari grein skal sleppa því, sem afgangs verður, þegar tekjuhæðinni er deilt með 50. Af þeirri tekjuupphæð, sem þá er eftir, greiðist skatturinn og við hann miðast skattgjaldið samkv. 6. og 7. gr.

Ef tekjurnar eftir allan löglegan frádrátt nema ekki fullum 100 kr., greiðist enginn skattur af þeim.

15. gr.

Skattinn skal miða við tekjur næsta almanaksárs á undan skattákvörðun, nema annað sé venjulegt rekstrarár í atvinnugrein aðila, eða hann sýni, þegar hann telur fram, að hann hafi annað reikningsár, enda getur skattanefnd þá veitt honum heimild til að hafa það reikningsár í stað almanaksársins.

II. KAFLI.

Um eignarskatt.

16. gr.

Af skuldlausri eign skal árlega greiða í skatt í ríkissjóð sem hér segir:

Af fyrstu 5000 kr. greiðist enginn skattur.

Af	5000	til	15000	kr.	greiðist	1	‰	af	því, sem er umfram 5000 kr.				
—	15000	—	20000	—	—	10	kr.	af	15000	kr.	og	1,2	‰ af afgangi
—	20000	—	30000	—	—	16	—	—	20000	—	—	1,5	— — —
—	30000	—	50000	—	—	31	—	—	30000	—	—	2	— — —
—	50000	—	100000	—	—	71	—	—	50000	—	—	3	— — —
—	100000	—	200000	—	—	221	—	—	100000	—	—	4	— — —
—	200000	—	500000	—	—	621	—	—	200000	—	—	5	— — —
—	500000	—	1000000	—	—	2121	—	—	500000	—	—	6	— — —
—	1000000	og	þar yfir		—	5121	—	—	1000000	—	—	7	— — —

Nemi skatturinn samkvæmt þessu ekki 1 krónu, skal honum sleppt.

17. gr.

Eignarskattinn eftir 16. gr. má með fjárlagaákvæði hækka eða lækka um ákveðna hundraðstölu, allt að 25%, eitt og eitt ár í senn.

18. gr.

Eignarskatt greiði allir hinir sömu, sem skattskyldir eru til tekjuskatts, ef þeir eiga eign og eignarréttindi, sem skatt ber að greiða af samkvæmt lögum þessum. Innlend hlutafélög og önnur félög hafa leyfi til að draga hlutafé sitt eða stofnfé frá eignaupphæðinni, áður en skattur er á lagður.

Menn, sem eigi eru heimilisfastir hér á landi, og útlend félög greiða aðeins eignarskatt af eignum sínum hér á landi, og reiknast skatturinn samkvæmt reglunum í 16. gr., þó aldrei lægri en 2‰ af hinum skattskyldu eignum.

19. gr.

Undanþegnir öllum eignarskatti eru hinir sömu, sem samkvæmt 4. gr. eru undanþegnir tekjuskatti. Þeir, sem samkvæmt 5. gr. eru undanþegnir tekjuskatti, eru einnig undanþegnir eignarskatti, í samræmi við reglur þær, sem settar eru í þeirri grein.

20. gr.

Skattskyldar eignir teljast, með þeim undantekningum og takmörkunum, sem gerðar eru í 16. og 18. gr., allar fasteignir og allt lausafé skattgreiðanda, að frádregnum skuldum, svo sem jarðir, húseignir, skip, skepnur, verkfæri, vélar, vörubirgðir, peningar og verðbréf, útistandandi skuldir og aðrar fjárkröfur og verðmæt eignarréttindi, húsgögn og aðrir innanstokksmunir og skartgripir. Þegar skattur greiðist samkvæmt síðari málsgrein 16. gr., má þó aðeins draga frá þær skuldir, sem hvíla á þeim eignum, sem skattur er greiddur af. — Eignirnar eru jafnt skattskyldar, hvort sem þær gefa af sér nokkrar tekjur eða engar.

21. gr.

Með skattskyldum eignum er eigi talið:

a. Skilyrðisbundin fjárréttindi, svo sem réttur til lífsábyrgðarfjár, sem ekki er fallið til útborgunar.
b. Réttur til eftirlauna, lífeyris eða annarar áframhaldandi greiðslu, sem bundin er við einstaka menn.
c. Réttur til leigulauss bústaðar, eða önnur afnotaréttindi.
d. Bækur og fatnaður til einkaafnota.

22. gr.

Við mat á eignum til eignarskatts skal farið eftir þessum reglum:

a. Virðing á fasteign skal fara eftir gildandi fasteignamati.
b. Búpening skal telja svo sem hann væri framgenginn í fardögum næst á eftir og með gildandi verðlagsskrárverði.
c. Verðlag á skipum og öðru lausafé skal miða við áætlað söluverð. Við

ákvörðun þess skal meðal annars hafa hliðsjón af því, hve hátt eignirnar eru vátryggðar.

d. Verzlunarvörur skal meta eftir því, hvað þær kosta komnar í hús eða á sölustað.

e. Hlutabréf, skuldabréf og önnur slík verðbréf skal meta eftir nafnverði, nema þau hafi annað gangverð eða áætlað söluverð.

f. Útistandandi skuldir skulu taldar með nafnverði, hvort sem vextir eiga að greiðast af þeim eða ekki, nema færðar séu sönnur á, að þær séu minna virði.

g. Réttindi til stöðugra tekna skulu metin eftir því endurgjaldi, sem hæfilegt væri fyrir þau þegar skatturinn er lagður á.

Nánari reglur um virðingu getur fjármálaráðherra sett.

23. gr.

Eignir hjóna, sem samvistum eru, skulu lagðar saman til eignarskatts, enda ábyrgjast bæði greiðslu.

24. gr.

Eignarskattur skal að jafnaði ákveðinn eftir eign gjaldanda í lok almanaksársins. Þó mega þeir, sem nota annað reikningsár en almanaksárið, telja fram eignir sínar í lok þess reikningsárs, sem er næst á undan skattálagningunni.

Upphæð sú, sem skattur er talinn af, skal ávallt deilanleg með 100; því, sem fram yfir er, skal sleppt.

III. KAFLI.

Um skattanefndir o. fl.

25. gr.

Tekjuskattur og eignarskattur samkvæmt lögum þessum er ákveðinn af skattanefndum í hreppum og skattanefndum eða skattstjóra í kaupstöðum. Í skattanefnd sitja 3 menn. Í hreppum: Hreppstjóri eða sá, er að lögum gegnir starfi hans, einn maður tilnefndur af sýslumanni og einn kosinn af hreppsnefndinni. Í kaupstöðum: Bæjarstjóri, einn maður tilnefndur af bæjarfógeta og einn kosinn af bæjarstjórn. Sé bæjarfógeti jafnframt bæjarstjóri kaupstaðarins, tilnefnir hann tvo menn í nefndina.

Skipa skal tvo varamenn, er taka sæti í skattanefndum í forföllum nefndarmanna. Annan varamanninn tilnefnir bæjarfógeti eða sýslumaður, en hinn kýs bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

Formaður skattanefndar í kaupstöðum er bæjarstjóri, eða þar sem hann er eigi, sá nefndarmaður, er bæjarfógeti nefnir til, en annarsstaðar er

hreppstjóri formaður. Í forföllum formanns kýs skattanefnd sjálf formann um stundarsakir.

26. gr.

Í Reykjavík skipar fjármálaráðherra skattstjóra og varaskattstjóra. Hefir skattstjóri Reykjavíkur sama vald og sömu störf og skattanefndir, eða eftir atvikum formenn skattanefnda utan Reykjavíkur.

Heimilt er fjármálaráðherra að gera sömu tilhögun um ákvörðun skatts í hinum öðrum kaupstöðum og sett er fyrir Reykjavík.

27. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi skal skipa yfirskattanefnd. Þar, sem bæjarfógetaembætti er sameinað sýslumannsembætti, skal vera ein yfirskattanefnd bæði fyrir kaupstaðinn og sýsluna. Í nefndinni eiga sæti lögreglustjóri, sem er formaður, og tveir menn, sem fjármálaráðherra skipar. Hann skipar og tvo varanefndarmenn, sem taka sæti í nefndinni í forföllum nefndarmanna, eftir því sem formaður ákveður.

28. gr.

Fjármálaráðherra skipar 3 menn í ríkisskattanefnd og jafnmarga varamenn. Formaður nefndarinnar heitir ríkisskattstjóri. Annar nefndarmanna skal hafa þekkingu á landbúnaði, en hinn á sjávarútvegi og viðskiptum. Ríkisskattanefnd hefir skrifstofu í Reykjavík.

29. gr.

Enginn má sitja í skattanefnd, yfirskattanefnd eða ríkisskattanefnd, nema hann:

1. hafi óflekkað mannorð,
2. sé fjárráður,
3. eigi heimili í skattumdæminu,
4. hafi náð lögaldri.

Í skattanefnd mega ekki sitja saman skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja, hjón, kjörforeldri og kjörbörn, fósturforeldri og fósturbörn, hvorki sem aðalmenn né varamenn.

30. gr.

Sami maður má ekki eiga sæti nema í einni skattanefnd. Skattanefndarmenn, aðrir en bæjarstjórar, hreppstjórar og skattstjórar, skulu skipaðir til 6 ára, þannig að annar meðnefndarmaður fer frá 3. hvert ár, eftir hlutkesti í fyrsta sinn. Ef nefndarmaður fer frá eða deyr áður en tími hans er liðinn, skal skipa mann í stað hans til þess tíma, er hann átti eftir að sitja í nefndinni.

Nefndarmann, sem gengur úr, má skipa svo oft sem vill. Nefndarstarfið er borgaraskylda, sem enginn löghæfur maður getur skorazt undan að gegna, nema hann hafi verið í skattanefnd í 6 ár samfleytt eða sé orðinn 60 ára gamall.

Skattstjórar í Reykjavík og öðrum kaupstöðum (sbr. 26. gr.) og ríkisskattstjóri skulu skipaðir til 6 ára.

31. gr.

Skattanefndarmenn og skattstjórar, er eigi hafa áður unnið heit embættismanna eða sýslunarmanna, skulu á fyrsta nefndarfundi, er þeir sitja, undirrita í gerðabók nefndarinnar drengskaparheit um það, að þeir skuli gegna starfinu hlutdrægnislaust eftir beztu vitund og sannfæringu og gæta þagnarskyldu um allt, er þeir fá vitneskju um í starfinu og varðar eignir og tekjur gjaldþegna.

32. gr.

Enginn má taka þátt í meðferð máls, hvorki skattákvörðun eða kæru, ef það mál varðar sjálfan hann, konu, niðja, foreldra, kjörforeldra eða fósturforeldra, kjörbörn eða fósturbörn, systkini, kjörsystkini eða fóstursystkini eða mægðamenn að feðgatali, eða ef aðrar ástæður eru til að óttast, að hann geti ekki litið hlutdrægnislaust á málavöxtu. Tekur varamaður sæti í nefnd samkvæmt kvaðningu formanns, ef aðalmanns missir við.

33. gr.

Skattanefndarmenn og skattstjórar fá laun fyrir störf sín sem hér segir:

a. Í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru hreppur fyrir sig, skal greiða skattanefnd 2%, en annarsstaðar á landinu 4% af þeirri upphæð, sem skatturinn nemur. Þó skal borgunin ekki fara fram úr 8 krónum og ekki vera minni en 4 krónur fyrir hvern starfsdag nefndarmanns.
b. Yfirskattanefndarmenn fá 8 krónur á dag og ferðakostnað. Borgun til formanna telst þó innifalin í embættislaunum þeirra.
c. Borgun til skattstjóra, ríkisskattstjóra og ríkisskattanefndar fer eftir samningi við fjármálaráðherra.

Þóknun til skattanefnda og skattstjóra greiðist úr ríkissjóði. Formenn yfirskattanefnda úrskurða reikninga skattanefnda og greiða þá á manntalsþingum. Fjármálaráðuneytið úrskurðar reikninga yfirskattanefnda og ríkisskattanefndar.

IV. KAFLI.

Um framtal tekna, fresti, úrskurði, innheimtur o. fl.

34. gr.

Gjaldendur skulu venjulega settir í skatt þar, sem þeir eru búsettir þegar skattanefnd tekur til starfa. Hlutafélög og önnur atvinnufélög innlend skulu sett í skatt þar, sem þau eiga heimili, en erlend þar, sem aðalumboðsmenn þeirra hér á landi eru búsettir, enda beri téðir umboðsmenn ábyrgð á greiðslu skattsins.

Aðrir gjaldendur, sem ekki eru búsettir hér á landi, greiði skatt á þeim stöðum, þar sem þeir hafa tekjur sínar eða eignir.

Ráðuneytið sker úr, ef vafi leikur á, hvar gjaldandi skuli settur í skatt.

35. gr.

Allir þeir, er hafa skattskyldar tekjur, skulu í Reykjavík fyrir 31. janúar, en annarsstaðar á landinu fyrir febrúarmánaðarlok ár hvert — eða ef þeir reka atvinnu á fleiri stöðum en einum, í síðasta lagi 20. marz — afhenda skattanefnd skriflega skýrslu, að viðlögðum drengskap, um tekjur sínar síðastl. ár og eignir í árslok. Sama skylda hvílir á hverjum þeim, er veitir forstöðu verzlun, verksmiðju eða öðru atvinnufyrirtæki, ef eigandinn er eigi búsettur innanlands, svo og á stjórn félags eða stofnunar og á þeim, er hefir á hendi fjárhald fyrir þann, sem ekki er fjárráða.

Nú þykist framteljandi ekki sjálfur vera fær um að gefa fullnægjandi skýrslu um tekjur sínar og eignir, og er þá skattanefnd skyld að veita honum aðstoð til þess, en hann er skyldur að láta skattanefnd í té allar upplýsingar, er hún þarf, til þess að gera framtal hans sem réttast.

Hvenær sem skattanefnd þykir þörf á, getur hún krafizt þess, að skattframteljendur leggi bækur sínar fyrir hana, eða einstaka nefndarmenn, eða einn eða tvo reikningsfróða menn utan nefndarinnar, er ekki séu keppinautar framteljanda.

36. gr.

Allir embættismenn og aðrir, er einhver störf hafa á hendi í almenningsþarfir, stjórnendur banka, sparisjóða, hlutafélaga og annara félaga og stofnana, eru skyldir að láta skattanefndum í té ókeypis allar þær skýrslur, er þær beiðast og með þurfa, svo sem skýrslur um starfslaun, um skuldabréf, vaxtabréf og hlutabréf, sem eigandi er nafngreindur að, um vaxtafé í bönkum og sparisjóðum, og annað því um líkt. Þeir, sem hafa menn í þjónustu sinni, er taka kaup fyrir starf sitt, eru og skyldir að skýra frá, hvaða kaup þeir greiða hverjum manni.

37. gr.

Eftir skýrslum þeim, er skattanefnd tekur gildar, skal hún kveða á um tekjuupphæð og eign hvers eins. Þyki nefndinni skýrsla einhvers ófullnægjandi eða tortryggileg, skal hún skora á hann að láta nefndinni í té frekari skýringar og sannanir. Fái skattanefnd eigi fullnægjandi skilríki fyrir framtalinu innan þess tíma, er hún hefir til tekið, skal hún áætla tekjur hans og eign eftir beztu vitund. Dvelji hann utanlands, eða svo langt í burtu, að erfitt er að ná til hans, og hafi hann ekki umboðsmann fyrir sig nærlendis, sem nefndinni er kunnugt um, eða ef ekki er kunnugt um dvalarstað hans, má hún áætla tekjur hans og eign án þess að gera honum aðvart.

Nú er einhver sá, er enga skýrslu gefur, og skal þá nefndin áætla tekjur hans og eign svo ríflega, að ekki sé hætt við, að upphæðin sé sett lægri en hún á að vera í raun réttri, enda skal hún vera að minnsta kosti 10%

hærri heldur en skattmat næst á undan, og ef vanræksla er ítrekuð, skal hækkunin vera minnst tvöföld á við hækkunina árið á undan.

38. gr.

Þegar alvarleg veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol skattgreiðanda, má skattanefnd taka við umsókn hans um linun eða eftirgjöf á skattgreiðslunni, og sendir hana með umsögn sinni til yfirskattanefndar, er leggur úrskurð á beiðnina. Skattanefnd getur og af eigin hvötum gert tillögu til lækkunar á skattgjaldi, þegar svo er ástatt sem segir í upphafi þessarar greinar.

39. gr.

Innan marzmánaðarloka skal skattanefnd hafa lokið ákvörðun tekna og eigna og samið skrá um alla þá, sem tekjuskatt eða eignarskatt eiga að greiða í hreppnum eða kaupstaðnum.

Skattskráin skal lögð fram 1. dag aprílmánaðar á þingstað hrepps eða öðrum hentugum stað, er skattanefnd hefir fyrirfram auglýst, og í kaupstöðum á bæjarþingstofunni eða skattstofunni, eða skrifstofu lögreglustjóra, og liggur skráin til sýnis til 15. dags sama mánaðar.

Sérhver gjaldþegn getur krafizt munnlega upplýsinga um það hjá skattanefnd, eftir hverju hún hafi farið við ákvörðun tekna hans og eigna.

40. gr.

Ef einhver er óánægður með ákvörðun skattanefndar um tekjur hans og eign, skal hann bera upp kæru sína bréflega fyrir formanni skattanefndar, eða skattstjóra, fyrir 15. dag aprílmánaðar. Innan sama tíma er hverjum gjaldanda heimilt að kæra yfir því, að skattskyldum manni sé sleppt eða tekjur og eign einhvers sé of lágt ákveðin, svo og bera upp aðfinningar um hvert það atriði á skattskránni, sem að einhverju leyti getur snert hagsmuni hans. Formaður kveður nefndarmenn til fundar, ásamt kæranda og þeim, sem kært er yfir, og skal úrskurður felldur um kæruna fyrir lok sama mánaðar og hlutaðeigendum gert aðvart um úrslitin.

Skattanefnd leiðréttir skrána samkvæmt úrskurðum þeim, sem felldir eru, og sendir hana síðan, ásamt framtalsskýrslum, tafarlaust til formanns yfirskattanefndar.

41. gr.

Úrskurði skattanefndar, eða skattstjóra, má skjóta til yfirskattanefndar. Skal það gert bréflega og ástæður færðar fyrir kærunni. Sé kæra ekki komin til formanns yfirskattanefndar fyrir 15. dag maímánaðar, verður henni ekki sinnt. Yfirskattanefnd skal úrskurða kærur fyrir 30. maí og birtir aðilum úrslitin tafarlaust.

Yfirskattanefnd úrskurðar einnig, hvort og að hve miklu leyti skuli taka til greina umsóknir þær, sem henni hafa borizt frá skattanefndum um linun í skattgreiðslu vegna ástæðna þeirra, er getið er í 38. gr.

42. gr.

Yfirskattanefnd skal nákvæmlega endurskoða allar skattskrár í umdæmi sínu og hafa strangt eftirlit með því, að skattanefndir gegni skyldum sínum. Ef nefndinni virðast framtalsskýrslur vera ófullnægjandi eða eitthvað óljóst eða rangt í skattskránum, svo sem að einhver sé vantalinn eða tvítalinn á skrá, getur hún heimtað nánari skýringar, og skal síðan leiðrétta skrána eftir því, sem henni þykir rétt vera.

Ef skattskrá breytist við endurskoðun yfirskattanefndar, skal hún tafarlaust tilkynna það skattanefnd og sömuleiðis þeim aðilum, er breyting varðar.

Yfirskattanefnd skal hafa lokið störfum sínum fyrir maímánaðarlok.

43. gr.

Úrskurði yfirskattanefndar má skjóta til ríkisskattanefndar, enda sé það gert bréflega og kæran, ásamt öllum nauðsynlegum gögnum, komin til formanns fyrir júlílok — annarskostar verður henni ekki sinnt. — Ríkisskattanefnd skal leggja úrskurð á kærur fyrir septemberlok og tilkynna lögreglustjóra úrslitin tafarlaust til birtingar aðilum.

44. gr.

Ríkisskattanefnd getur af eigin hvötum rannsakað hvert það atriði, er framkvæmd laga þessara varðar. Í því skyni getur hún krafizt allra upplýsinga hjá skattanefndum og yfirskattanefndum. Svo getur og ríkisskattstjóri ferðazt um á milli skattanefnda og yfirskattanefnda, ef ástæða þykir til, til þess að samræma skattframtal og skattákvörðun í hinum einstöku skattumdæmum, og yfir höfuð til að leiðbeina um allt það, er að skattframtali og skattákvörðun lýtur. Loks getur ríkisskattanefnd af sjálfsdáðum breytt ályktunum skattanefnda og yfirskattanefnda, þótt ekki hafi verið kært, en gera skal hún aðila aðvart áður en hún breytir skattgjaldi hans án þess að yfir því hafi verið kært.

Úrskurður ríkisskattanefndar er fullnaðarúrskurður. Ágreining um skattskyldu má þó jafnan bera undir dómstóla.

45. gr.

Skattanefndir allar og skattstjórar bæjanna skulu halda gerðabækur, er fjármálaráðuneytið lætur gera á kostnað ríkissjóðs. Löggildir lögreglustjóri gerðabækur skattanefnda og skattstjóra, en fjármálaráðuneytið gerðabækur yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar.

Í gerðabækur skattanefnda og skattstjóra skal meðal annars rita skattskrárnar og úrskurði. Yfirskattanefndir og ríkisskattanefnd skrá og í gerðabækur sínar úrskurði og aðrar ákvarðanir.

46. gr.

Formenn skattanefnda og skattstjórar skulu árlega láta niðurjöfnunarnefnd í té ókeypis endurrit af skattskrám, til afnota við niðurjöfnun út-

svara. Svo skulu og formenn skattanefnda og skattstjórar gefa Hagstofunni skýrslur um skattálagninguna, í því formi, sem hún fyrirskipar.

47. gr.

Fjármálaráðuneytið hefir eftirlit með því, að skattanefndir allar og skattstjórar ræki skyldur sínar og fylgi réttum reglum í starfi sínu. Hefir það rétt til að fá sendar framtalsskýrslur og leita umsagnar og skýringa skattanefnda og skattstjóra á öllu því, er framkvæmd þessara laga varðar.

48. gr.

Lögreglustjórar — í Reykjavík tollstjóri — innheimta tekjuskatt og eignarskatt á manntalsþingum ár hvert. Nú breytir ríkisskattanefnd skatti svo seint, að tilkynning um það hefir eigi náð til lögreglustjóra, eða tollstjóra, fyrir manntalsþing, og skal hann þá innheimta, eða endurgreiða, þann skatt síðar á árinu.

V. KAFLI.

Refsiákvæði.

49. gr.

Ef skattþegn telur ekki fram eignir sínar og tekjur, eða gerir það ekki fyrr en framtalsfrestur er liðinn, eða bætir ekki úr göllum, sem á framtali eru, þótt hann hafi fengið áskorun um það frá skattanefnd eða skattstjóra, þá skal ekki færa niður skatt hans, þótt hann kæri, nema hann sanni, að tekjur hans eða eign hafi verið áætlað meira en fjórðungi hærra en í raun og veru var. Sé mismunurinn ¼ eða meiri, skal hann greiða skatt af hinum réttu upphæðum, að viðbættum ¼.

Ákvæðum þessarar greinar þarf þó ekki að beita, ef gjaldþegn hefir fært gildar ástæður sér til afsökunar.

50. gr.

Nú skýrir maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt frá einhverju því, er máli skiptir um tekjuskatt hans eða eignarskatt, og skal hann þá sekur um allt að því tífalda skattupphæð þá, sem undan var dregin. Sektina skal þó aldrei miða við meira en 10 ár alls. Fjármálaráðherra ákveður sektina, nema hann eða hinn seki óski, að málinu sé vísað til dómstólanna.

Nú verður slíkt uppvíst við meðferð dánarbús, og skal þá greiða úr búinu tvöfalda þá upphæð, er á vantar.

Skiptaréttur og skiptaforstjórar skulu, að viðlögðum dagsektum samkvæmt úrskurði fjármálaráðherra, gefa skattanefnd skýrslu um fjármuni látinna manna, ef fjármunirnir nema meiru en 10000 kr.

51. gr.

Sá, sem sekur verður um afbrot það, sem um getur í 1. málsgr. 50. gr., skal auk sektarinnar, sem þar er ákveðin, greiða eftir á skattupphæð þá, sem undan var dregin.

Sömu skyldu til að greiða skatt eftir á hefir og hver sá, sem af afsakanlegum misskilningi eða misgáningi hefir skýrt frá tekjum sínum eða eignum lægri en vera bar, og því greitt minni skatt en honum bar skylda til.

52. gr.

Nú kemur það í ljós, að skattþegn vantar á skrá, og skal þá gera honum skatt eftir á, þó aldrei lengra aftur í tímann en 3 ár, enda sé skattálagningin tilkynnt honum tafarlaust og honum veitt færi á að bera sig upp undan henni með sama hætti sem öðrum gjaldendum, eftir því sem við á.

53. gr.

Skattanefndarmönnum og skattstjórum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættismenn og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag gjaldþegna.

Hið sama er að segja um þá, er veita nefndunum eða skattstjórum aðstoð við starf þeirra, eða á annan hátt fjalla um framtalsskýrslur manna.

54. gr.

Nú gegnir ekki einhver skyldu sinni samkvæmt 36. gr., eða skorast undan að láta þar nefndar skýrslur af hendi, og sker fjármálaráðherra þá úr og getur, ef þörf krefur, lagt við dagsektir, unz skyldunni er fullnægt.

55. gr.

Nú hefir skattanefnd eða skattstjóri ekki framkvæmt störf sín samkvæmt lögum þessum, áður lögmæltur frestur er liðinn, og varðar það þá sektum, allt að 200 kr., og getur fjármálaráðuneytið auk þess skyldað hina brotlegu til þess að ljúka störfunum, að viðlögðum dagsektum fyrir hvern einstakan mann, sem ekki hefir lögmæta afsökun.

56. gr.

Mál út af brotum þeim, er ræðir um í 50. gr., 1 málsgr., og 53. gr. laga þessara, skulu sæta sakamálsmeðferð. Mál út af brotum þeim, er í 49. gr., 50. gr., 3. málsgr., 54. gr. og 55. gr. segir, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála, en ekki skal slíkt mál höfða, nema skattþegn sjálfur, skattanefnd, skattstjóri eða fjármálaráðherra krefjist þess.

57. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð, og má innheimta þær með aðför.

VI. KAFLI.

Niðurlagsákvæði.

58. gr.

Fjármálaráðherra gefur út reglugerð um framkvæmd og skilning laga þessara, nánari ákvörðun skattskyldra tekna og eigna og störf skattanefnda og skattstjóra. Ennfremur lætur hann gera fyrirmyndir að eyðublöðum undir skattskrár og tekjuframtal og lætur prenta á kostnað ríkissjóðs.

59. gr.

Skattur samkvæmt lögum þessum skal í fyrsta sinn lagður á árið 1932. Um leið og þau koma til framkvæmda eru úr gildi numin:

Lög nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Tilskipun nr. 84, 30. nóv. 1921, um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík.

Tilskipun nr. 41, 1. apríl 1922, um breyting á og viðauka við tilskipun 30. nóv. 1921, um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík.

Lög nr. 2, 26. marz 1923, um breyting á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Lög nr. 39, 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Lög nr. 7, 16. maí 1925, um breytingar og viðauka við lög nr. 74, 27. júní 1921.

Athugasemdir við frumvarp þetta:

Frumvarp þetta er samhljóða frumvarpi því, sem samþykkt var í Neðri deild Alþingis á síðasta þingi og lagt hafði verið fram af meiri hluta milliþinganefndar í tolla- og skattamálum, en eigi varð útrætt í þinginu.

Um ástæður fyrir frumvarpinu vísast til athugasemda milliþinganefndarinnar (Fylgiskjal I), nafndarálits meiri hluta fjárhagsnefndar (Fylgiskjal II) og breytingartillögu, er samþykkt var (Fylgiskjal III).

Fylgiskjal I.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 23, 14. des. 1877, var tekjuskattur fyrst lögleiddur hér á landi, en þó var hann ekki þá talinn ná til aðalatvinnuvega landsins, landbúnaðar og sjávarútvegs. Á þá atvinnuvegi voru lagðir aðrir skattar, sem áttu að vega á móti tekjuskattinum. Á landbúnaðinum hvíldi ábúðarskattur og lausafjárskattur, en á sjávarútveginum útflutningsgjald og lausafjárskattur að nokkru.

Árið 1907 var skipuð 5 manna nefnd til þess að athuga skattalöggjöf landsins. Sú nefnd komst að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að lögleiða almennan tekjuskatt og eignarskatt, og samdi frv. um það efni. Þetta frv. var lagt fyrir Alþingi 1913, eftir að stjórnin hafði breytt því nokkuð og meðal annars fellt burtu eignarskattinn. Málið kom til umræðu í Neðri deild, en stjórnin tók frv. aftur, eftir að frv. um fasteignaskatt hafði verið fellt þar í deildinni.

Árið 1917 voru sett lög um breyting á og viðauka við tekjuskattslögin frá 1877. Aðalbreytingarnar, sem gerðar voru með þessum lögum, voru þær, að skatturinn var gerður stighækkandi og látinn ná bæði til landbúnaðar og sjávarútvegs, sem áður höfðu verið undanþegnir.

Á þinginu 1919 var landsstjórninni falið að endurskoða skattalöggjöfina, og árangurinn af þessu varð sá, að fyrir þingið 1921 var lagt, auk margra annara skattafrumvarpa, allítarlegt frumvarp um tekjuskatt og eignarskatt. Frumvarp þetta var samþykkt á því þingi með nokkrum breytingum. Eru það lög nr. 74, 27. júní 1921, og eru þau enn í gildi, en talsverðar breytingar hafa verið á þeim gerðar með lögum, er samþykkt voru á þingunum 1923, 1924 og 1925.

Á þinginu 1928 var enn kosin milliþinganefnd til þess að athuga skattalöggjöfina. Sú nefnd hefir tekið meðal annars tekju- og eignarskattslögin til allrækilegrar meðferðar og komið sér saman um ýmsar breytingar, sem felast í frv. hér á undan. Það varð að samkomulagi milli nefndarmanna að byggja á grundvelli laganna frá 1921 með síðari breytingum, vegna þess, að þau eru orðin kunn almenningi og skattanefndum og betra að átta sig á hinu nýja, ef niðurskipun efnis er sem líkust því, sem nú er. Þess er þó að geta, að einn nefndarmanna (HG) vill gera breytingar á skattstiganum og ýmsar frekari breytingar, sem sumpart leiða af því, enda hefir hann ekki átt kost á — vegna fjarveru — að eiga þátt í samningi athugasemda þessara. Mun hann bera fram sérstaklega umgetnar breytingartillögur sínar.

Tekju- og eignarskattur samkvæmt lögunum frá 1921 var fyrst heimtur inn árið 1922. Skattur þessi hefir árlega orðið eins og hér segir:

1922	kr.	1358983.76
1923	—	823347 63
1924	—	800847.98
1925	—	2464017,54

1926	kr.	1264484.66
1927	—	827783.89
1928	—	1056671.83

Af þessu yfirliti sézt, að skattur þessi hefir þann ókost fyrir ríkissjóðinn, að hann er misjafn, eftir því hvernig árferði er, og getur þetta munað geysimiklu. Aftur á móti er það kostur fyrir gjaldþegnana að losna við nokkuð af sköttum í slæmum árum, jafnvel þótt nokkru minna beri á þessu vegna þess, að skattur þessi greiðist ekki fyrr en ári síðar. Þetta raskar þó ekki réttmæti þessa skatts, en sýnir hinsvegar, að tekju- og eignarskattur eingöngu væri ríkissjóðnum harla ófullnægjandi.

Tekju- og eignarskatt þykir verða að telja meðal hinna réttlátustu skatta, enda mun hann hvarvetna tekinn í skattakerfi í hinum menntaða heimi, en engu að síður fylgja honum þó nokkrir gallar. Hann er allfyrirhafnarsamur og dýr í innheimtu og það er talsvert erfitt að hafa eftirlit með því, að hann komi í raun og veru niður á þann hátt, sem til er ætlazt, með því að hann verður að miklu leyti að byggjast á framtali gjaldþegnanna sjálfra. Aftur á móti hefir þessi skattur þann mikla kost, að hann lætur hina efnaðri eða tekjuhærri ríkisborgara greiða stighækkandi skatt, sem ætlazt er til, að fari sem næst réttlátri niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum.

En þótt allt þetta sé viðurkennt, getur samt orðið ærinn skoðanamunur um skatt þennan, sérstaklega um hversu hár hann megi vera og hversu stighækkuninni skuli varið, því að vitaskuld eru í þessu efni engar fastar reglur til, enda sýnir reynslan, að skattstig hinna ýmsu landa eru mjög mismunandi. Skoðanamunur í þessum efnum hefir og komið greinilega fram í nefnd þeirri, sem frv. þetta hefir undirbúið, en hann snertir sérstaklega 6., 7. og 16. gr., eins og fyrr segir.

Þegar ákveða á tekju- og eignarskatt til ríkissjóðs, má ekki gleyma því, að sveitar- og bæjarfélög verða að taka mest af tekjum sínum með niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum, og er sú skattheimta náskyld tekju- og eignarskattinum, svo að telja má, að sama tegund sé, þótt aðferðin sé nokkuð önnur og gefi meira svigrúm fyrir mat. Útsvör landsmanna eru að meðaltali nálægt 4 millj. kr. á ári, nærfellt fjórföld á móts við tekju- og eignarskattinn, og sýnir þetta ljóst, að mjög mikill hluti skatta þegnanna er greiddur eftir tekju- og eignarskattsfyrirkomulaginu eða öðru fyrirkomulagi, sem því er náskylt.

Í athugasemdunum hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim breytingum á gildandi löggjöf, sem frv. þetta ráðgerir:

Um 1. gr.

Þessi grein er samhljóða 1. gr. laga 1921, að því undanskildu, að það er beinlínis gert að skilyrði fyrir skattskyldu sökum heimilisfangs, að skattþegn hafi verið heimilisfastur hér hálft skattárið. Þetta er gert til þess að vernda þá, er flytja milli Íslands og annara landa, fyrir tvísköttun, sbr. niðurlag 5. gr. l. 1921

Um 2. gr.

Tvær fyrri málsgr. eru samhljóða 2. gr. l. 1921, nema í stað orðsins »annarsstaðar« kemur: í öðru ríki, — og er það aðeins orðabreyting. Tvær síðari málsgr. eru að efni samhljóða 2. og 3. gr. laga nr. 7, 16. maí 1925.

Um 3. gr.

Engin breyting frá gildandi lögum, nema að í stað »3« í upphafi 5. málsgr. kemur: 4, og þarfnast sú breyting ekki skýringa.

Um 4. gr.

Til skýringar er í gr. skotið inn orðunum: Ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir. Ennfremur er felld burtu 2. málsgr, 4. gr. laganna frá 1921, með því að réttast þykir, að þau ágreiningsefni, sem þar ræðir um, séu eingöngu dómstólamál.

Um 5. gr.

Þessi gr. er að efni til samhljóða 5. gr. l. 1921, eftir því sem hún hefir verið skilin. Niðurlag greinarinnar, eins og það er í lögunum frá 1921, er tekið upp í 1. gr. frv.

Um 6 gr.

Er samhljóða 1. gr. laga nr. 2, 26. marz 1923.

Um 7. gr.

Er samhljóða 7. gr. l. 1921 og 1. gr. l. nr. 7, 16. maí 1925, staflið a.

Um 8. gr.

Þessi grein er ný og hefir ekki verið hér í lögum, en svipuð ákvæði hafa lengi gilt í Englandi. Ákvæðið má skoða sem nokkurs konar mælikvarða á sparsemi þings og stjórnar og afkomu ríkissjóðs. Sama ákvæði að innihaldi var tekið upp í frv. til l. 1921, þó þannig, að ekki var sett ákveðið mark fyrir hækkun eða lækkun, en þingið felldi ákvæðið burtu.

Um 9. gr.

Aðeins örlitlar orðabreytingar eru hér gerðar á 8. gr. l. 1921.

Um 10. gr.

Hún er að innihaldi í samræmi við 9. gr. laganna frá 1921 og 1. gr. l. nr. 39, 4. júní 1924.

Um 11. gr.

Þessi gr. er mjög í samræmi við 10. gr. l. 1921. Í b-liðnum er þó bætt inn því ákvæði, að eftirgjöf skulda teljist ekki tekjur, og d-liður er orðaður nokkru skýrar en í gildandi lögum.

Um 12. gr.

Því nær allt innihald 11. gr. l. 1921 er tekið upp í þessa grein, en auk þess er bætt við 2 nýjum liðum, b og c, og munu þeir vera í samræmi við

framkvæmd laganna hingað til. E-liðurinn er lítið eitt breyttur, en ekki þarfnast sú breyting skýringa. Ennfremur er hér fellt inn efni 1. gr. l. nr. 7, 16. maí 1925, staflið b og c, með þeirri breytingu, að samvinnufélög eru sett á bekk með hlutafélögum um skattfrjálsan hluta af varasjóði.

Með lögum nr. 2, 26. marz 1923, var ákveðið, að draga skyldi frá skattskyldum tekjum aukaútsvar, tekjuskatt og eignarskatt. Það hefir orðið ofan á að fella þetta ákvæði burtu. Mun það meir en vega á móti skattlækkun þeirri, sem leiðir af hækkun persónufrádráttarins, sbr. aths. um 14. gr.

Um 13. gr.

Hér er gerð sú breyting, sem virðist sjálfsögð, að bæði hjónin ábyrgist skattgreiðslur, því ella getur svo farið, að t. d. konan aflar mestra eða allra teknanna og ræður yfir þeim, að skattur tapist.

Að öðru leyti er greinin í samræmi við gildandi lög.

Um 14. gr.

Hér eru gerðar þær breytingar, að persónufrádrátturinn er hækkaður og gerður nokkuð mismunandi, eftir dýrtíðum í landinu, en nú er hann jafn allstaðar, og getur það tæpast talizt sanngjarnt. Ennfremur er frádrætti fyrir börn og aðra framfærlinga breytt, sumstaðar hækkað og sumstaðar lækkað, og styðst það við svipaða sanngirni. Frádráttur sá, sem hér er stungið upp á, er að sönnu tæpast nægur til að standast kostnað við framfæri, nema hagsýni og sparnaðar sé gætt, en lengra hefir ekki þótt fært að fara, til þess að rýra ekki skattinn, sbr. einnig aths. við 12. gr. síðari málsgr. Þá er og lagt til að félög megi draga $4^1/_2$% af hlutafé sínu eða stofnfé frá hreinum tekjum sínum í stað 4%.

Um 15. gr.

Er samhljóða 14. gr. laganna frá 1921.

Um 16. gr.

Hún er samhljóða 15. gr. laganna frá 1921.

Um 17. gr.

Þetta er ný gr. og svarar til 8. gr., og vísast til athugasemdanna um hana.

Um 18. gr.

Hún er samhljóða 16. gr. laganna.

Um 19. gr.

Er samhljóða 17. gr. l. 1921.

Um 20. gr.

Hún er samhljóða 18. gr. l. 1921.

Um 21. gr.

Hér er stungið upp á þeirri breytingu, sem mun vera í samræmi við framkvæmd gildandi laga, að bækur og fatnaður til einkaafnota sé undanskilið eignaskatti. Að öðru leyti eru aðeins gerðar orðabreytingar á 19. gr. l. 1921.

Um 22. gr.

Ákvæði þessarar gr. eru mjög svipuð ákvæðum 20. gr. laganna frá 1921. Þó er sú breyting gerð, að búpeningur skal metinn til eignaskatts, framgenginn í næstu fardögum, eftir verðlagsskrárverði, sem gildir þegar skattur er lagður á. Aðrar breytingar má telja orðabreytingar.

Um 23. gr.

Þessi gr. svarar til 13. gr.. og vísast til athugasemdanna um hana um sameiginlega ábyrgð hjóna á skattgreiðslum.

Um 24. gr.

Þessi gr. svarar til 22. gr. laga 1921, og er að eins lítilfjörleg orðabreyting gerð.

Um 25. gr.

Þessi gr. er með sama innihaldi og 24. gr. laga 1921 og breytingarnar eru mestpart orðabreytingar.

Um 26. gr.

Þessi gr. er að innihaldi svipuð 1. gr. tilskipunar nr. 84, 30. nóv. 1921, og þarfnast því ekki skýringa, en að öðru leyti er sú breyting gerð að heimila fjármálaráðherra að taka upp í öðrum kaupstöðum sama fyrirkomulag í þessu efni og nú gildir í Reykjavík, ef eða þegar það þykir hentara, þ. e. að skipa þar skattstjóra í stað skattanefnda.

Um 27. gr.

Er samhljóða 25. gr. l. 1921.

Um 28. gr.

Það hefir oft verið fundið að því, að ósamræmi mundi vera í gerðum hinna ýmsu skattanefnda landsins, og ræður af líkum, að ekki er unnt að komast hjá því meðan engin allsherjarnefnd er, sem fylgist með og athugar, hverjum reglum er fylgt í hverjum stað. Þegar tekjuskattslögin voru sett 1921, kom það til orða, að nauðsynlegt mundi vera að hafa landsskattanefnd til þess að tryggja samræmi í skattaálagningunni. En þetta var þó ekki lögleitt þá, en nú þykir rétt að stinga upp á, að þetta verði gert, því að mikils er um vert, að skatturinn komi sem jafnast niður, og það er skýlaus sanngirniskrafa skattgreiðenda, að þeir séu skattaðir eftir sömu reglum, hvar sem þeir eru á landinu. Bezta tryggingin fyrir þessu virðist vera yfirskattanefnd alls landsins, er rannsaki gerðir annara skattanefnda.

Um 29. gr.

Þessi gr. er að mestu ný og telur skilyrði þau, sem skattanefndarmenn verða að fylla, og hversu skyldir og mægðir þeir menn mega vera, sem sitja saman í nefnd.

Um 30. gr.

Þessi gr. svarar til 26. gr. l. 1921, og eru aðeins gerðar orðabreytingar á henni, til samræmis öðrum breytingum, er frumvarp þetta ráðgerir.

Um 31. gr.

Er að undanteknum fáeinum orðabreytingum samhljóða 27. gr. l. 1921.

Um 32. gr.

Hún svarar til 28. gr. l. 1921, en er hér gerð talsvert ítarlegri til þess að fyrirbyggja, að hlutdrægni komist að við skattákvörðun.

Um 33. gr.

Í þessari gr. er ekki gert ráð fyrir annari breytingu frá gildandi lögum en að tryggja undirskattanefndum 4 kr. borgun minnst hverjum manni á dag, og má það sannarlega ekki minna vera. Borgun til ríkisskattanefndar þykir verða að fela fjármálaráðherra að ákveða.

Um 34. gr.

Þessi gr. er að innihaldi eins og 30. gr. l. 1921.

Um 35. gr.

Þessi gr. svarar til 31. gr. l. 1921, en hún er stytt lítilsháttar, an þess þo að efni sé breytt að neinu leyti.

Um 36. gr.

Er samhljóða 32. gr. laga 1921.

Um 37. gr.

Er samhljóða 33. gr. l. 1921.

Um 38. gr.

Hér er stungið upp á lítilfjörlegum orðabreytingum á 34. gr. l. 1921.

Um 39. gr.

Breytingar þær, sem hér eru ráðgerðar á 35. gr. l. 1921, eru svo smávægilegar, að þær þarfnast ekki skýringa.

Um 40. gr.

Er samhljóða 36. gr. l. 1921.

Um 41. gr.

Hér eru tekin upp aðalákvæði 37. gr. l. 1921 og ekki efni breytt að öðru leyti en því, að yfirskattanefndum er fyrirskipað að hafa lokið úrskurðum um kærur fyrir 30. maí.

Um 42. gr.

Hér eru aðeins orðabreytingar gerðar á 38. gr. l. 1921.

Um 43. gr.

Þessi gr. er ný og mælir fyrir um áfrýjun til ríkisskattanefndar, hversu fljótt skuli vera og hvenær nefndin skuli hafa lagt úrskurð sinn á.

Um 44. gr.

Þessi gr. er einnig ný og mælir fyrir um starfssvið ríkisskattanefndar. Virðast ákvæði gr. ekki þurfa skýringa.

Um 45. gr.

Þessi gr. svarar til 39. gr. 1921, og eru ekki gerðar á henni aðrar breytingar en þær, sem leiða af því, sem áður hefir verið gerð grein fyrir.

Um 46. gr.

Þessi gr. er að efni samhlj. 40. gr. l. 1921.

Um 47. gr.

Innihald þessarar gr. er í samræmi við 41. gr. l. 1921.

Um 48. gr.

Til viðbótar því, sem fyrir er mælt í 42. gr. l. 1921, er hér sagt fyrir um, hvernig fara skuli um innheimtu eða endurgreiðslu þess skatts, sem greiða ber samkvæmt ákvörðun ríkisskattanefndar.

Hér er og rétt að geta þess, að nefndinni hefir þótt nauðsynlegt að fella niður 43. gr. l. 1921, um að hver heimilisfaðir skuli inna skattinn af hendi fyrir þá menn, sem eru heimilisfastir hjá honum á gjalddaga, því að sú regla virðist ekki sanngjörn.

Um 49. gr.

Þessi gr. svarar til 44. gr. l. 1921, en nokkrar orðabreytingar eru á henni gerðar, en ekki þarfnast þær skýringa.

Um 50. gr.

Hér er stungið upp á nokkrum orðabreytingum á 45. gr. l. 1921, en ekki eru þær breytingar þess eðlis, að þær þarfnist skýringa.

Um 51. gr.

Er samhljóða 46. gr. l. 1921.

Um 52. gr.

Í lögunum frá 1921 eru engin ákvæði um þá gjaldþegna, sem eiga að greiða skatt, en af einhverjum ástæðum hafa fallið af skrá, en réttara er, að einnig séu fyrirmæli um, að slíkir gjaldþegnar skuli greiða skattinn, þegar uppvíst verður, að þeir hafa undan fallið. Þó hefir ekki þótt rétt að heimta skatt fyrir lengri tíma en 3 ár, meðal annars af því, að þegar skattþegn er ekki tekinn á skrá, má venjulega telja það sök skattanefndar að einhverju leyti.

Um 53. gr.

Er eins og 47. gr. l. 1921.

Um 54. gr.

Þessi gr. er að innihaldi eins og 1. málsgr. 48. gr. l. 1921.

Um 55. gr.

Grein þessi svarar til 2. málsgr. 48. gr. l. 1921. Hefir þótt fara betur á vegna niðurröðunar efnisins að skipta þeirri gr. í tvennt. Breytingar þær, sem gerðar hafa verið, þarfnast ekki skýringa.

Um 56. gr.

Er að innihaldi eins og 49. gr. l. 1921.

Um 57. gr.

Er með sama innihaldi og 50. gr. l. 1921.

Um 58. gr.

Það er næsta mikilsvert, að reglugerð sú, sem fjármálaráðherra er falið í grein þessari að gefa út, verði sem gleggst og ítarlegust, því að í lögum er ekki heppilegt að gefa svo nákvæmar skýringar, sem búast má við, að þörf sé á, til þess að ná fullum árangri af lögum um þetta efni. Reglugerðarfyrirkomulagið hefir þann mikla kost, að útskýringar og viðauka er miklu auðveldara að gefa en ef sækja þarf til þingsins.

Um 59. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Frumvarp þetta, með athugasemdum, er óbreytt eins og það var afgreitt til ríkisstjórnarinnar af milliþinganefndinni í tolla- og skattamálum. Í athugasemdunum er gerð grein fyrir mismunandi afstöðu hinna einstöku nefndarmanna, er væntanlega kemur þó skýrar fram við umræður í þinginu.

Frumvarpið er flutt eftir ósk fjármálaráðherra.

Fylgiskjal II.

1930.

Nd. **303. Nefndarálit**

um frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt (þskj. 65).

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Fyrir nefndinni lágu frv. bæði meiri hlutans og minni hlutans í milliþinganefndinni í tolla- og skattamálum um tekjuskatt og eignaskatt.

Þegar afstaða var tekin til málsins, var einn nefndarmanna (HV) ekki á fundi.

Meiri hl. nefndarinnar telur ekki fært með skatthækkun á þessum tekjustofni ríkissjóðs að ganga svo á tekjustofn sveitar- og bæjarsjóða sem frv. minni hl. gerir, og befir því hallazt að frv. meiri hl. Með frv. minni hl. væri að vísu séð betur fyrir tekjuþörfum ríkissjóðs, en sveitar- og bæjarsjóðir stæðu þá tekjusneyddir eftir með jafnstóran hluta af útgjöldum til opinberra þarfa og áður, nálægt 1/4 af samlögðum þörfum til opinberra útgjalda. Þykir meiri hl. nefndarinnar í því hvorki sanngirni eða fyrirhyggja. Útsvörin eru langsamlega megintekjur sveitar- og bæjarsjóða og nær því hinn eini tekjustofn margra þeirra, og þau mega teljast nær algerlega hinn sami tekjustofn sem tekju- og eignarskatturinn. Allt þangað til tekju- og eignarskattslögin voru sett 1921, mátti svo heita, að sveitar- og bæjarsjóðir hefðu þennan tekjustofn nær óskertan. Síðan hafa útgjöld þeirra hraðvaxið án þess að öllum fjölda þeirra hafi verið séð fyrir nokkrum nýjum tekjustofnum.

Þótt meiri hlutinn hafi ekki getað fallizt á tillögur minni hl. í milliþinganefndinni að þessu leyti, hefir hann samt tekið tillit til tillagna hans um ýms önnur smærri atriði, og kemur það fram í breytingartillögum nefndarinnar.

Innan nefndar meiri hl. er ágreiningur um eitt atriði í frv. meiri hl. milliþinganefndarinnar, en það er niðurfelling þess ákvæðis, að tekju- og eignarskatt og útsvör megi draga frá skattskyldum tekjum Tillaga nefndarinnar um að helminga þessi útgjöld til frádráttar er miðlunartillaga, sem sumir af nefndarmönnum eru þó óbundnir við, en sem ætla má, að meiri hluti þingsins geti fallizt á, og er hið sama að segja um sumar aðrar breytingartillögur nefndar meiri hlutans.

Með þessum formála leggur meiri hl. nefndarinnar til, að frv. verði gert að lögum á þessu þingi með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. 3. og 4. málsgr. 2. gr. orðist svo:

Þeir menn, er starfa erlendis í þjónustu hins íslenzka ríkis, skulu undanþegnir tekjuskatti af þeim launum, sem þeir fá fyrir þau störf.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annara ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á tekju- og eignarskatti og sveitagjöldum þeirra íslenzkra og erlendra ríkisborgara, sem eftir gildandi skattlöggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu tekjum eða eignum í hvorutveggja ríkjanna.

2. Við 10. gr.
   a. 2. og 3. málsgr. orðist svo;
      Skattskyldar tekjur vátryggingarfélaga, sem starfa hér á landi, telst sá hluti heildarágóðans, sem svarar til hlutfallsins á milli iðgjaldatekna félagsins hér á landi og allra iðgjaldatekna þess.
      Fjármálaráðherra getur sett fyrirmæli um heimild innlendra vátryggingarfélaga . . . . . vátryggðum.
   b. 5. málsgr. orðist svo:
      Samvinnufélögum ber ekki að telja með tekjum sínum lögboðið tillag til varasjóðs, samkv. 24. gr. laga nr. 30, 27. júní 1921, né verðlagsuppbót þá, er þau úthluta félagsmönnum sínum af eigin vöruskiptum þeirra af innlendum og erlendum vörum, hvort heldur sem verðlagsuppbótin er færð þeim til tekna í viðskiptareikningi eða stofnsjóðsreikningi, en verðlagsuppbótin á innlendum vörum er skattskyld hjá hinum einstöku félagsmönnum sem afrakstur af atvinnu þeirra. Þar á móti er allur ágóði af viðskiptum við utanfélagsmenn, sem ekki fellur til varasjóðs, samkv. 7. lið 3. gr. fyrnefndra laga, skattskyldar tekjur hjá félaginu. Geti félag ekki gert grein fyrir hlutfallslegum viðskiptum við félagsmenn og utanfélagsmenn, má telja allan hagnaðinn af starfsemi félagsins skattskyldar tekjur þess.
3. Við 12. gr.
   a. Upphaf stafliðs g. orðist svo:
      Af framlagi af ársarði samvinnufélaga, öðru en því, sem um ræðir í 10. gr., og hlutafélaga . . . . .
   b. Á eftir staflið g. komi nýr stafliður:
      h. Helming þess, er áfallið hefir og greitt hefir verið í útsvar og tekju- og eignaskatt á árinu.
4. Við 37. gr. Fyrir »tortryggileg« í upphafi 2. málsliðar komi: ófullnægjandi eða tortryggileg.

Alþingi, 11. marz 1930.

H. Stefánsson,	Sig. Eggerz,	Hannes Jónsson,
form. og frsm.	með fyrirv., einnig um rökstuðninginn.	fundaskr., með fyrirvara.

Ólafur Thors,
með fyrirvara.

Fylgiskjal III.

1930.

Nd. **299. Breytingartillaga**

við frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt (þskj. 65).

Flutningsm.: Pétur Ottesen og Jón Sigurðsson.

Við 14. gr.

a. Töluliður 1. orðist svo:
Fyrir einstakling 800 kr.

b. Töluliður 2. orðist svo:
Fyrir hjón, sem samvistum eru, 1600 kr.

c. Við tölul. 3. Fyrir orðin »Í Reykjavík . . . . . fyrir hvert barn« kemur: 500 kr. fyrir barn.

5. Frumvarp

til laga um verðtoll.

(Lagt fyrir Alþingi 1931).

1. gr.

Verðtoll skal greiða í ríkissjóð af vörum, sem fluttar eru til landsins, eftir þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Verðtollinn innheimta sýslumenn og bæjarfógetar, en í Reykjavík tollstjóri. Póstmenn innheimta verðtoll af þeim vörum, sem til landsins flytjast í pósti.

3. gr.

Gjaldheimtumenn greiða verðtollinn í ríkissjóð eftir þeim reglum, sem gilda um opinber reikningsskil, og fjármálaráðherra er heimilt að setja allar nauðsynlegar reglur til þess að tryggja ríkissjóð.

4. gr.

Hver, sem fær vörur frá útlöndum, er skyldur til, áður en vörurnar eru afhentar honum, að sýna hlutaðeigandi gjaldheimtumanni, eða umboðsmanni hans, reikning yfir innkaupsverð þeirra, kominna um borð í skip, er flytja á vörurnar hingað til lands, og er verðtollurinn innheimtur eftir þeim reikningum.

Á innkaupsreikningum skulu skýrt og greinilega tilgreind nöfn vörutegunda þeirra, er hann ræðir um, og verðið á hverri einstakri vörutegund, bæði einingar og heildarverð. Svo skal og í þeim greint í hverri mynt er reiknað. Allir töluliðir reikninganna skulu lagðir saman og aðalupphæð þeirra skýrt tilgreind. Bannað er með öllu að nota á innkaupsreikningum verðskrárnúmer eða stafi í stað vöruheita. Innkaupsreikningar skulu einnig skýra greinilega frá númerum og merkjum á umbúðum vörunnar, svo og frá stykkjatölu hennar og þunga, með og án umbúða (brúttó og nettó þyngd).

Á innkaupsreikningum skal vera vottorð seljanda, undirritað af honum sjálfum eða af einhverjum þeim, er samkvæmt lögum í landi seljanda hefir rétt til að rita firma hans, um að stykki þau, er þar eru talin, hafi ekki aðrar eða meiri vörur inni að halda en þær, sem reikningurinn hljóðar um, og að allar vörur á reikningnum séu taldar með fullu því verði, sem kaupanda eða móttakanda her að greiða fyrir þær. Sé téð vottorð ekki ritað á reikninginn eða ef hann fullnægir ekki öðrum framangreindum skilyrðum, varðar það innflytjanda allt að 1000 kr. sektum.

Auk innkaupsreiknings ber innflytjanda við greiðslu tollsins að sýna gjaldheimtumanni farmskírteini yfir vöruna og sé á því greinilega skýrt frá vörutegund, stykkjatölu, merkjum og númerum stykkjanna.

Nú kemur það í ljós, að innkaupsverð á reikningi, sem fullnægir að formi til framangreindum skilyrðum, er óeðlilega lágt, getur gjaldheimtumaður þá krafið innflytjanda um fyllri sannanir fyrir innkaupsverðinu, og fáist þær ekki, er gjaldheimtumanni heimilt að meta eða láta meta vöruna til verðs með hliðsjón af almennu innkaupsverði á samskonar vöru.

Gjaldheimtumenn geta og, hvenær sem þeim þykir þörf, rannsakað innfluttar vörur, og gengið þannig úr skugga um, að innkaupsreikningar, farmskírteini og farmskrár greini rétt frá innihaldi sendinganna.

Sýnishorn og gjafir, sem enginn innkaupsreikningur fylgir og enginn reikningur verður gefinn yfir, metur gjaldheimtumaður eða lætur meta til verðs, og reiknast verðtollurinn af því matsverði. Sömuleiðis er gjaldheimtumanni heimilt að meta eða láta meta til verðs vörur þær, sem hann lætur selja á uppboði fyrir tolli, þegar hann hefir ekki fengið fullnægjandi skilriki um innkaupsverð þeirra. Kostnaður af mati á vöru, sem seld er fyrir tolli, greiðist af uppboðsandvirði vörunnar.

5. gr.

Gjaldheimtumaður, eða umboðsmaður hans, kvittar fyrir greiðslu verðtollsins með því að stimpla reikninga þá, er í 4. gr. getur, með merkjum þeim og á þann hátt, sem ræðir um í lögum nr. 75, 27. júní 1921. Önnur kvittun er ógild gagnvart ríkissjóði. Póstmenn kvitta þó fyrir verðtolli með frímerkjum.

6. gr.

Verðtollurinn er tvennskonar:

a. Allsherjar verðtollur, sem greiðist með sama hundraðshluta af öllum

vörum, hvort sem þær að öðru leyti eru tollaðar eða ekki, nema sérstakar undantekningar séu gerðar.

b. Sérstakur verðtollur, sem greiðist með mismunandi hundraðshluta af verði vöru, eftir flokkum þeim, sem taldir eru í lögum þessum.

7. gr.

Verðtollur sá, er ræðir um í a-lið 6. gr., er 1½%. Hann greiðist af öllum vörum, þar með talin skip og bátar, er til landsins flytjast, nema íslenzkum vörum, sem endursendar eru frá útlöndum, ef þær eru endursendar óbreyttar í sömu umbúðum og þær voru sendar héðan, og notuðum umbúðum undan íslenzkum vörum, enda sé gjaldheimtumanni, þar sem þær eru settar í land, afhent vottorð frá tollgæzlustöð, þar sem þær eru fluttar í skip erlendis, um að varan sé íslenzk vara, eða umbúðirnar séu undan íslenzkum vörum, sem komið hafa héðan til útlanda.

Venjulegur farangur ferðamanna telst ekki vara í lögum þessum, og ekki heldur heimilismunir manna, sem flytja vistferlum til landsins, né notaðir munir, sem sendir hafa verið til aðgerðar.

8. gr.

Undanþegnar verðtolli þeim, er getur í b-lið 6. gr., eru þær vörur, sem hér segir:

a. Aflvélar, aðrar en í mótorhjól og mótorvagna, til kökugerðar og brjóstsykurgerðar og kvikmyndasýninga.
b. Áburðarolíur og áburðarfeiti.
c. Áburður, tilbúinn.
d. Benzín.
e. Brunavarnatæki.
f. Girðingavír, girðinganet, steypuvírnet, steypuvír og girðingastólpar og kengir.
g. Hurðir, gluggar og húsalistar.
h. Jarðyrkjuáhöld.
i. Járnpípur, dregnar og steyptar, og tengistykki á þær, og leirpípur.
j. Korntegundir, fóðurmjöl og fóðurkökur.
k. Leður og skinn, sútað, nema loðskinn.
l. Lyf og lyfjavörur.
m. Ofnar, eldavélar og miðstöðvartæki, og hlutar í þau.
n. Pappi, pappír, umslög, bækur, tímarit og blöð.
o. Rúðugler.
p. Saumur, hnoðsaumur og skrúfnaglar.
q. Símavír og efni til símalagningar.
r. Skip og bátar.
s. Smíðajárn, gjarðajárn, þakjárn, stál og blikk.
t. Steinlím og kalk.
u. Steinolía.
v. Trjáviður.
x. Veggfóður og veggplötur til bygginga, gólfplötur og þakhellur.

y. Veiðarfæri og veiðarfæraefni, nema til stangarveiði.
z. Vörur, sem tollaðar eru í sérstökum tolllögum.

9. gr.

Verðtollur sá, sem í 6. gr. b getur, er eins og hér segir:

A. Með 30% tollast eftirtaldar vörur:
Blómlaukar. Bréfspjöld og myndabækur. Flugeldar. Gimsteinar og demantar. Glysvarningur, svo sem blómglös, blómvasar, borðflögg, grímur, grímubúningar, jurtapottar úr hverskonar efni, ef þeir eru eitthvað skreyttir, og aðrar slíkar vörur. Gull-, silfur-, platínu- og plettvörur. Jólatré og jólatrésskraut. Kransar og kransaefni. Lakkrís. Lakkskór, flosskór, flauelsskór og rósaskór (brokadeskór). Leikföng allskonar. Loðskinn og loðskinnafatnaður. Munnhörpur. Plöntur og blóm, lifandi, þurkuð og tilbúin. Silkivefnaður, silkifatnaður, silkihattar og silkiskór. Skrautvarningur, svo sem málverk, myndir, myndastyttur, skrautsmælki (nips) og veggskildir, og aðrar slíkar vörur. Spil. Sólhlífar.

B. Með 20% tollast eftirtaldar vörur:
Ávaxtamauk. Ávextir og grænmeti, þurkað, saltað, niðursoðið og syltað. Egg, ný, niðursoðin og eggjaduft. Eldspítur. Fiður, dúnn og dýnur úr því efni. Fiskur, nýr, ísvarinn, niðursoðinn, hertur og saltur. Ger, gerdupt og gerefni allskonar. Grammófónar og grammófónplötur, og tilheyrandi tæki. Göngustafir. Hanskar, nema úr silki. Harmónikur. Hár, allskonar. Hár-, húð- og handsnyrtitæki og efni, sem notuð eru við slíkar snyrtingar, hárgreiður, höfuðkambar, hárnálar, hand- og raksápur. Hattar (aðrir en silkihattar) og húfur. Humar, krabbar, ostrur og aðrir skelfiskar. Kex, kökur og brauð hverskonar. Kjöt og kjötmeti, nýtt, ísvarið, niðursoðið, saltað og hert. Krydd og kryddolíur allskonar. Legsteinar. Ljósmyndaáhöld og efni til ljósmyndagerðar. Mótorhjól og reiðhjól. Myndarammar (úr öðru en gulli, silfri, platínu og pletti). Postulíns-, leir-, gler-, kristal-, alumin-, tin- og steinungsvörur. Rakhnífar, rakvélar og rakvélablöð. Regnhlífar. Speglar og spegilgler. Tóbakspípur og tóbaksmunnstykki. Úr, úrfestar (úr öðru en gulli, silfri og platínu) og klukkur. Veiðistengur og veiðarfæraefni til stangaveiða. Veggteppi, gólfteppi, teppadreglar og dyratjöld (úr öðru en silki).

C. Með 10% tollast eftirtaldar vörur:
Fatnaður, annar en olíufatnaður og fatnaður, sem fellur undir hærri verðtoll. Fólksflutningabifreiðar. Fægidupt, fægilögur, fægisápur og fægismyrsl. Garn og tvinni, allskonar. Gljávax (bon). Hnífar og hnífapör. Húsgögn allskonar, heil og í hlutum. Kerti. Línsterkja. Mjólk og rjómi allskonar. Mjólkurdupt. Ostar. Reiðtýgi. Rótarávextir. Skotfæri, skotvopn. Skófatnaður, annar en sá, er fellur undir hærri verðtoll. Skóáburður og stigvélaáburður. Smjör og smjörlíki. Tólg. Töskur allskonar. Vefnaðarvörur, aðrar en segldúkur, fiskábreiður, umbúðastrigi, segl- og strigaborðar og vefnaðarvörur, sem falla undir hærri verðtoll. Veski allskonar.

D. Með 5% tollast:

Allar vörur, sem ekki eru undanþegnar þessum tolli, né taldar í A.-C.-lið.

Verði ágreiningur um flokkunina, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

10. gr.

Af vörum þeim, sem til landsins flytjast í póstbögglum, greiðist verðtollur eftir reglum 9. gr. Ef reikningur fylgir ekki póstböggli, skal um verðmætið fara eftir skýrslum viðtakanda, ef póstþjónn telur hana ekki tortryggilega, en að öðrum kosti skal hann meta verðið.

Heimilt er póstmönnum að opna böggulsendingar, sem sendar eru í pósti frá útlöndum, að viðtakanda ásjáandi eða umboðsmanni hans, um leið og þær eru afhentar, ef grunsamt þykir, að ekki sé rétt frá skýrt um innihald þeirra.

Verðtollinn greiðir viðtakandi í frímerkjum um leið og hann tekur við bögglinum, og skal pósthúsið, sem afhendir hann, líma þau á hann eða fylgibréfið og stimpla þau á venjulegan hátt. Póstmaður skal gæta þess, að viðtakandi taki frímerkin. Af póstbögglum, sem endursendir eru til útlanda, skal ekkert gjald greiða.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja nánari reglur um innheimtu verðtolls af póstbögglum, ef þurfa þykir.

11. gr.

Verðtollinn skal greiða gjaldheimtumanni í því lögsagnarumdæmi, þar sem varan er flutt úr skipi, nema hún eigi samkvæmt farmskrá skipsins að halda áfram með sama eða öðru skipi til annarar hafnar innanlands, og að því er lausakaupmenn snertir, þar sem skipið á fyrst að sýna skipsskjöl sín eftir gildandi lögum.

12. gr.

Hinar gjaldskyldu vörur má ekki byrja að flytja úr skipi fyrr en skipstjóri eða afgreiðslumaður hefir skilað gjaldheimtumanni eða umboðsmanni hans öllum skjölum, er skipsfarminn snerta, og látið fylgja skriflegt vottorð skipstjóra, að viðlögðum drengskap, um það, að ekki séu í skipinu aðrar eða meiri gjaldskyldar vörur til þess staðar en þær, sem tilfærðar eru á farmskránni.

Sé afferming byrjuð áður en fullnægt er fyrirmælum þessarar greinar, verður skipstjóri sekur um allt að 1000 kr.

13. gr.

Ekki má án samþykkis gjaldheimtumanns afhenda viðtakendum gjaldskyldar vörur fyr en gjaldið er greitt. Brot gegn þessu fyrirmæli varðar sektum, allt að 1000 kr., á hendur skipstjóra eða afgreiðslumanni skips, ef hann er þar á staðnum. Auk þess ber skipstjóri eða afgreiðslumaður ábyrgð á greiðslu tollsins af hinum afhentu vörum á sama hátt og segir um viðtakanda í 17. gr. Hafi vörurnar verið afhentar viðtakanda án samþykkis gjaldheimtumanns eða áður en hann hefir fengið kvittun gjaldheimtumanns fyrir

því, að gjaldið sé greitt, þá er viðtakandi skyldur til að skýra gjaldheimtumanni eða umboðsmanni hans frá þessu þegar í stað, eða í síðasta lagi innan þriggja daga frá því er hann tók við vörunum, og greiði hann þá gjaldið um leið, ef það er ekki þegar greitt. Verðtollurinn fellur í gjalddaga, þegar skip það, er vörurnar flytur, hefir hafnað sig þar, sem gjaldið á að greiðast.

14. gr.

Lögreglustjórar (í Reykjavík tollstjóri) hafa vald til, hvenær sem vera skal, að heimta af hverjum manni í umdæmi sínu, er ástæður þykja til að ætla, að fái gjaldskyldar vörur frá útlöndum, skriflegt vottorð, að viðlögðum drengskap, um hvort hann hafi fengið þesskonar vörur, og ef svo er, þá hverjar og hve mikið af þeim og hvað þær hafi kostað.

Ef nokkur tregðast við að gefa þau vottorð, sem ræðir um í þessari grein, má þvinga hann til þess með dagsektum, allt að 60 kr. á dag, og má gjaldheimtumaður ákveða sektirnar í bréfi til viðtakanda.

15. gr.

Farmskrá yfir allan farm skips skal frá hverju landi vera samin í minnst 2 samritum, og auk þess samhljóða útdrættir úr farmskránni yfir vörur þær, sem tara eiga á hverja einstaka höfn. Eitt eintak af aðalfarmskránni afhendist gjaldheimtumanni í þeirri höfn, þar sem skipið hafnar sig fyrst, en hann sendir það síðan fjármalaráðuneytinu með fyrstu ferð. Útdrættina úr aðalfarmskránni skal afhenda gjaldheimtumanni eða umboðsmaani hans á þeirri höfn sem vörurnar eiga að affermast Útdrættir þessir skulu vera greinilega skrifaðir svo auðvelt sé að lesa þá. Á þeim sé greinilega tilgreint stykkjatal, merki og númer þeirra, sendandi og móttakandi, heiti og þungi eða rúmmál vörunnar, svo og flutningsgjald. Vörusendingar skulu á skrám og útdráttum tilfærðar í óslitinni töluröð.

Það varðar skipstjóra sektum, allt að 1000 kr., ef farmskrár fylgja ekki skipi, samdar eins og hér er mælt fyrir, eða ef vanrækt er að afhenda þær gjaldheimtumanni eða umboðsmanni hans. Ef svo stendur á eða skrám er áfátt, getur gjaldheimtumaður og krafist þess, að skipstjóri eða afgreiðslumaður láti rita skrár upp svo þær fullnægi framangreindum skilyrðum, og ef hann telur þess þörf, látið telja vörur upp úr skipinu á kostnað skipseiganda. Annars má gjaldheimtumaður, hvenær sem honum þykir þurfa, látið telja vörur úr skipi, en ekki ber skipseigandi þá kostnað við það, nema skrár reynist rangar við talninguna.

16. gr.

Nú verður maður uppvís að því að hafa vanrækt að skýra gjaldheimtumanni, áður en lögmætur frestur er liðinn, frá verðtollsskyldum vörum, er hann hefir innflutt eða tekið við, eða hafa sagt rangt til um slíkar vörur eða verð þeirra, án þess þó að yfirlýsingin sé gefin á þann hátt, sem í 155. gr. almennra hegningarlaga, 25. júní 1869, segir, og skal hann þá sæta frá 50—3000 kr. sektum.

Nú hefir maður ranglega gefið slíka yfirlýsingu á þann hátt, sem í 155.

gr. almennra hegningarlaga greinir, eða á annan samsvarandi hátt, og skal hann þá sæta þeirri refsingu, sem í nefndri grein hegningarlaganna er ákveðin, þó þannig, að aldrei verði beitt vægari refsingu en 30 daga einföldu fangelsi eða lægri sektum en 200 kr.

Sömu refsingu og til er tekið í 2. málsgrein þessarar gr. skal sá sæta, sem afhendir til stimplunar reikninga, sem hann veit, að ekki sýna hið rétta verð vörunnar.

Ennfremur skal jafnan auk refsingar þrefaldur verðtollur af vörum, þegar rangt hefir verið sagt til um magn þeirra eða verð.

Auk þeirrar refsingar, er í 1., 2. og 3. málsgr. segir, skal sá, er þrisvar hefir gerst sekur um þar nefnd brot, við 3. brot, ef miklar sakir eru, dæmdur til að hafa fyrirgert leyfi til verzlunar eða umboðssölu, ef hann hefir slíkt leyfi. Að liðnum 5 árum frá dómsuppsögn að telja getur hann þó fengið slíkt leyfi aftur, enda hafi hann ekki á þeim tíma orðið sekur að nýju um brot gegn ákvæðum þessara laga. Sá, er eigi hefir slík leyfi er hann verður brotlegur, getur ekki fengið þau fyrr en að sama tíma liðnum.

17. gr.

Hinar aðfluttu verðtollsskyldu vörur skulu vera að veði fyrir tollinum og sektum, og hefir viðtakandi ekki rétt til að ráðstafa þeim fyrr en tollurinn er greiddur. Veðrétturinn helzt eins, þótt vörurnar hafi verið afhentar viðtakanda. Séu ekki skil gerð samkvæmt lögum þessum, hefir gjaldheimtumaður vald til að selja vörurnar, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar tolli og sektum. Það skal gera á uppboði, er boðað sé með viku fyrirvara, og má krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst ekki til vöru þeirrar, er gjaldið átti af að greiða, og má þá, án undanfarinnar birtingar, gera lögtak fyrir verðtolli og sektum í öðrum eignum viðtakanda og selja hið lögtekna á sama hátt og að framan greinir um hina tollskyldu vöru.

18. gr.

Nú vill svo til, að verðtollsskyld vara ónýtist á leið hingað til lands, eða í uppskipun, og greiðist þá enginn tollur af henni. Ef vara rýrnar í verði vegna skemmda á leiðinni, greiðist tollurinn eftir því verðmæti, sem hún hefir þannig skemmd, eftir óvilhallra manna mati.

Þegar sjóskemmdar vörur eru seldar á uppboði, telst söluverðið sannvirði, og greiðist verðtollurinn af uppboðsandvirðinu með forgangsrétti næst á eftir uppboðskostnaði.

19. gr.

Nú er vara, sem verðtollur hefir verið greiddur af, flutt úr landinu aftur, og getur útflytjandi þá fengið hjá gjaldheimtumanni skírteini þar að lútandi. Ef hann síðar skilar því skírteini aftur, með áritun útlendrar tollstjórnar um það, að vara sú, sem ræðir um í skírteininu, sé þangað innflutt, þá skal endurgreiða honum tollinn. Þó er ekki skylt að endurgreiða tollinn, ef lengri tími en eitt ár líður frá því að varan hefir verið flutt hingað til lands þar til hún hefir verið flutt úr landinu aftur.

20. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál. Þó sæta brot gegn 2. og 3. málsgr. 16. gr. sakamálsmeðferð.

21. gr.

Sektir eftir lögum þessum renna í ríkissjóð.

22. gr.

Um leið og lög þessi öðlast gildi, eru úr gildi numin þau lög, sem hér segir:

Lög nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll á nokkrum vörum.

Lög nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll.

Lög nr. 16, 31. maí 1927, um breyting á lögum nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll.

Ákvæðin: »Efnivörur til framleiðslu innlendrar tollvörugerðar skulu undanþegnar verðtolli« í 1. málsgr. 3. gr. laga nr. 50, 31. maí 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Lög nr. 4, 3. apríl 1928, um breyting á lögum nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll, og

Lög nr. 5, 3. apríl 1928, um breyting á lögum nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll á nokkrum vörum.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1932.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eftir beiðni fjármálaráðherra var lagt fyrir Alþingi 1930 frumvarp til laga um verðtoll (Alþtíð. 1930, A, þingskjal 66), óbreytt eins og það var afgreitt til ríkisstjórnarinnar af meiri hluta milliþinganefndarinnar í tolla- og skattamálum. Fylgdu frumvarpinu ítarlegar athugasemdir, sem nefndin hafði samið við það. Í athugasemdum þessum gerir nefndin grein fyrir, af hvaða ástæðum hún leggi til að komið sé á verðtolli á öllum aðfluttum vörum til landsins í stað vörutolls (þungatolls) þess og verðtolls, sem nú hvílir á allflestum innfluttum vörum samkvæmt gildandi lögum, öðrum en þeim, sem tollaðar eru í sérstökum tolllögum (munaðarvörutollur), en sá tollur gerir nefndin ráð fyrir að haldi sér áfram, þótt þær vörur verði eftir verðtollslagafrumvarpinu jafnframt tollaðar með lágum verðtolli ($1^1/_2$%), sem hvílir á öllum aðfluttum vörum, auk munaðarvörutollsins og hins sérstaklega verðtolls, sem flokkaður er eftir vörutegundum. Í athugasemdunum gerir nefndin einnig ítarlega grein fyrir því, hverjar tekjur megi vænta fyrir ríkissjóð af verðtolli þeim, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, byggða á útreikningi, miðuðum við vörumagn og verðlag eftir innflutningsskýrslunum. Þessar athugasemdir milliþinganefndarinnar eru prentaðar með lagafrumvarpi þessu sem fylgiskjal I.

Framangreint frumvarp milliþinganefndarinnar var við fyrstu umræðu í neðri deild Alþingis vísað til nefndar, en þingnefndin skilaði ekki áliti í málinu. Með bréfi 17. marz f. á. beiddi fjármálaráðherra tollstjórann í Reykjavík um álit hans um lagafrumvarpið eins og það þá lá fyrir, og þá sérstaklega um það atriði, hvort hann teldi mikil vandkvæði á innheimtu verðtolls eftir því. Í bréfi til fjármálaráðherra, dags. 25. s. m., lét tollstjóri uppi álit sitt um frumvarpið, og er nefnt bréf hans prentað með lagafrumvarpi þessu sem fylgiskjal II. Þetta bréf tollstjóra afhenti fjármálaráðherra svo milliþinganefndinni, sem að Alþingi afstöðnu tók verðtollsfrumvarpið til nýrrar yfirvegunar. Með bréfi, dags. 26. septbr. þ. á., til fjármálaráðuneytisins lét meiri hluti milliþinganefndarinnar svo í ljósi álit sitt um nefnt álit og tillögur tollstjórans, og fellst á það í öllum aðalatriðum. Þetta bréf milliþinganefndarinnar er prentað með lagafrumvarpi þessu sem fylgiskjal III.

Í lagafrumvarp það, sem hér liggur fyrir, eru teknar allar þær breytingar á hinu upphaflega frumvarpi, sem tollstjórinn í nefndu bréfi sínu hefir lagt til að gerðar væru á því. En auk þeirra hefir ráðuneytið gert nokkrar breytingar við flokkunina í 8. gr. og 9. gr. frumvarpsins, sem flestar miða að því að gera innheimtuna auðveldari, með því að færa samskonar vörur, sem erfitt er að sundurgreina á innkaupsreikningum, undir sama verðtollsflokkk. Er hér á eftir gerð grein fyrir þessum breytingum ráðuneytisins á 8, og 9. gr. frumvarpsins. En hvorki þessar breytingar né þær breytingar á tollflokkuninni í hinu upphaflega frumvarpi milliþinganefndarinnar, sem teknar eru í lagafrumvarp þetta eftir tillögum tollstjóra í framannefndu bréfi hans (fylgiskjal II), breyta svo nokkru nemi hinni fjárhagslegu niðurstöðu frumvarpsins fyrir ríkissjóð, þar sem sumar hækka en aðrar lækka tollinn og koma þannig til að vega hver aðra upp, svo að hina fjárhagslegu niðurstöðu eftir útreikningum milliþinganefndarinnar má telja hina sömu eftir frumvarpi milliþinganefndarinnar og eftir lagafrumvarpi því, sem hér liggur fyrir.

Um breytingar ráðuneytisins á flokkuninni í 8. og 9. gr. skal þetta tekið fram:

Um 8. gr.

Stafl. b. Orðin: »í tunnum og dunkum« hafa verið feld niður vegna þess að allmikið af áburðarolíum er flutt inn í glösum og smáum blikkílátum, en það virðist eðlilegt, að allar áburðarolíur sæti sama tolli, þótt þær séu í mismunandi umbúðum. Við þennan staflið er bætt áburðarfeiti, og virðist það eðlilegast, þar sem hún er notuð í sama tilgangi og nefndar olíur, enda er hún tolluð í sama flokki og þær.

Stafl. f. Við þennan lið í frumvarpinu er bætt: Steypuvír, sem einnig er notaður stundum til girðinga og í innkaupi er öllu ódýrari en a mennur girðingavír.

Auk þess er bætt við þennan lið girðingakengjum, en þeir eru oftast fluttir inn með girðinganetum og girðingavír og þá taldir með í verði þeirra á innkaupsreikningunum.

Stafl. j. Við þennan lið í frumvarpinu er bætt: Fóðurmjöl og fóðurkökur. Hvað fóðurmjölið snertir virðist eðlilegt, að það sé allt tollað undir sama lið og kornvörur, þó sumt af því kunni að innihalda örlítið af öðrum efnum en korni, svo sem beinamjöli, kalktegundum og steinefnum. Um fóðurkökurnar skal þess

getið, að efni þeirra eru mestmegnis korntegundir og eru þær stundum fluttar inn heilar, en þó oftast malaðar sem fóðurmjöl. Skyldleiki og notkun þessara vara mælir því sérstaklega með því, að þær séu allar tollaðar með sama tolli. Samkvæmt gildandi lögum er bæði fóðurmjöl og fóðurkökur tollfrjálst.

Stafl. p. Við þennan lið frumvarpsins er bætt: Skrúfnaglar. Þessi viðbót er æskileg, vegna tollheimtunnar til þess að forðast misskilning, því á innkaupsreikningum er þessi vara oft tilgreind undir nafninu saumur eða tilsvarandi útlendu orði, enda notuð í sama tilgangi.

Um 9. gr.

Stafl. A. Úr þessum lið frumvarpsins er fellt niður: »Ávextir syltaðir og ávaxtamauk«. Þessar vörur virðast mjög hliðstæðar, ávöxtum, þurkuðum, söltuðum og niðursoðnum, sem taldir eru upp í B-lið þessarar greinar, enda er þessum vörum oftast blandað saman á innkaupsreikningum og því örðugt að aðgreina þær í hvert skifti, nema með nákvæmri tollskoðun. Verð þeirra og notkun er auk þess mjög áþekkt.

Einnig hefir úr þessum lið verið fellt niður: »silkigarn«. Það virðist eðlilegast að það falli undir sama flokk og annað saumgarn, enda er því ætíð blandað saman við annað garn og tvinna á innkaupsreikningum. Auk þess skal þess getið, að mjög mikið af nefndum silkitvinna er ekki úr hreinu silki, heldur mikið blandaður ull og baðmull.

Stafl. B. Í þennan lið frumvarpsins hefir verið bætt: Ávextir syltaðir og ávaxtamauk, og vísast hér með til þess, er áður hefir verið sagt um það í A-lið.

Auk þess hefir verið bætt í þennan lið á eftir »grammófónar og grammófónplötur«: Og tilheyrandi tæki, þar eð eðlilegast er, að grammófónnálar og önnur tæki til grammófóna tollist eins, enda fylgist þetta oft að á innkaupsreikningum.

Ennfremur hefir verið bætt í þenna lið: Veiðarfæraefni til stangaveiða, og virðist það sjálfsagt, þar eð veiðistengur eru tollaðar undir þessum lið, enda er slíkt veiðarfæraefni all-dýrt í innkaupi og virðist því geta borið sama toll og sjálfar veiðistengurnar.

Stafl. C. Í þennan lið frumvarpsins hefir verið bætt: Fólksflutningabifreiðar. Þær bifreiðar eru nú tollaðar í 2. flokki gildandi vörutollslaga og samkvæmt gildandi verðtollslögum með 15% verðtolli þar að auki. Eftir frumvarpi milliþinganefndarinnar heðu fólksflutningsbifreiðar jafnt og vöruflutningsbifreiðar fallið undir D-flokk frumvarpsins, eða samtals $6^1/_2$% verðtoll. Það virðist erfitt að færa ástæður fyrir svo mikilli tollhækkun á fólksflutningabifreiðum, þar sem mikið af þeim er notað til skemmtana og annara ekki eins mikilla nauðsynja eins og vöruflutningsbifreiðar, sem eru orðnar nú alveg nauðsynlegar fyrir atvinnuvegina í landinu. Virðist því ekki rétt að láta þær hvorutveggju sæta sömu tollkjörum, og virðist það ekki of hart í farið að tolla fólksflutningabifreiðar í þessum flokki, eða samtals með $11^1/_2$%, þær fá þó þar með talsverða tollhækkun frá því sem nú er.

Svo hefir í þennan lið frumvarpsins verið bætt: Garn og tvinni allskonar, en orðið: »Ullargarn« fellt burtu. Er það samkvæmt því sem sagt er um silkigarn undir A-lið hér á undan, og virðist í alla staði haganlegast og tryggast fyrir

tollheimtuna, að jafn hliðstæðar vörur falli undir sama tolllið, og yrði með því móti komist hjá misskilningi og óþægindum, sem tollaðgreining kynni að valda.

Loks hefir í þessum lið frumvarpsins orðin: »Gerilsneytt og niðursoðið«, á eftir mjólk og rjómi, verið felld burtu, en í stað þeirra sett: *allskonar*, enda virðist það víðtækara og haganlegra, því vel gæti svo farið, að nefndar vörur yrðu fluttar inn kældar eða í öðru ásigkomulagi.

Fylgiskjal I.

Athugasemdir milliþinganefndarinnar í tolla- og skattamálum við frumvarp til laga um verðtoll, sem lagt var fyrir Alþingi 1930.

Eftir að aðflutningsbannlögin voru samþykkt (1909) var lögleiddur almennur þyngdartollur (vörutollur) á innfluttar vörur (að frátöldum sértolluðum vörum), til þess að afla tekna í ríkissjóð í stað vínfangatollsins. Kom vörutollurinn fyrst til innheimtu 1913 og nam þá 300—400 þús. kr. Þegar vörutollslögin voru samþykkt, var um það deilt, hvort lögleiða skyldi heldur þungatoll (vörutollinn) eða verðtoll, en þyngdartollsstefnan varð í meiri hluta á þinginu. Ágreiningurinn var ekki svo mjög um það, hvor aðferðin væri eðlilegri og réttlátari, — því hefir aldrei verið verulega mótmælt, að verðtollurinn væri það — en aðalástæðan — og sú ástæða, sem mun hafa valdið úrslitunum —, sem á móti verðtollinum var færð, var sú, að brotin væri sú leynd, sem kaupmenn ættu rétt á og væri nauðsynlegt að hafa um viðskiftasambönd sín og verðlag, ef þeir þyrftu að leggja innkaupsreikninga fyrir tollheimtumenn ríkissjóðs.

Fram til ársins 1924 stóð svo vörutollurinn einn í lögum, þó með ýmsum breytingum. Frá $^5/_6$ 1918 var hann tvöfaldaður. Í ágúst 1919 var salttollurinn hækkaður upp í 8 krónur á tonn og 1919 var kolatollurinn hækkaður upp í 10 krónur á tonn, en 1923 var salttollurinn felldur ofan í 3 krónur og kolatollurinn í 5 krónur á tonn.

Árið 1924 var lögleiddur verðtollur á ýmsum vörum ofan á þungatollinn og hefir staðið svo síðan, með ýmsum breytingum að því er snertir einstakar vörutegundir.

Það mun mega til sanns vegar færa, að þungatollur og verðtollur hvor um sig hafa ýmsa galla, þótt skiptar séu skoðanir um, hverjir séu mestir. En án tillits til þess, hverjir agnúarnir séu stærstir, þá er auðsætt, að með því að hafa bæði þungatoll og verðtoll, þá er haldið í galla hvorstveggja þessa skipulags. Auk þess er tollákvörðun og tollheimta með þessu fyrirkomulagi óþarflega fyrirhafnarsöm, og ærið óskýrt, hversu hár tollurinn er á hinum ýmsu vörum, því frekar, sem tollar þessir hafa verið, síðan þeir voru upp teknir, sífelldum breytingum undirorpnir.

Ef á það er fallizt, að óskipulegast og óhagfelldast að öllu leyti sé að

hafa almennan þungatoll og verðtoll á sömu vörutegundum og þess vegna beri að halda sér til annarshvors eingöngu, þá vefst ekki í villu, að það muni vera verðtollur — m. a. af því, að svo háa upphæð, sem nú er heimt með þessum tollum báðum, myndi ókleift að heimta með viðunandi sanngirni um það, hvernig tollurinn legðist á, með þungatolli einum. Það orkar lítt tvímælis, að verðtollurinn er eðlilegri og réttlátari, og þar sem aðalmótbáran gegn honum — leyndin á viðskiptasamböndum og verðlagi — hefir nú verið að engu höfð með ákvörðun þingisins 1924, án þess að komið hafi að þeirri sök, sem andmælendur hans hafa óttast, þá þykir nefndinni einsætt, að hverfa beri til verðtolls eingöngu.

Þótt að því verði horfið að heimta vörutollinn og verðtollinn samanlagða með verðtolli einum saman, þá má haga álagningu tollsins á ýmsa vegu. Má búast við, að allir geti ekki orðið á eitt mál sáttir um, hvernig álagningu tollsins skuli hagað.

Vörutollurinn nam nál. 333000 króna að meðaltali fyrstu fimm árin, frá 1913—1917. Svo lágri upphæð væri auðvelt að ná — sennilega ágreiningslítið — með verðtolli, og án þess að það þyrfti að snerta nokkuð verulega allan þorra almennings, með því að leggja hann á hinar óþarfari vörur aðeins.

Síðan verðtollurinn var lögleiddur, hafa vörutollurinn og verðtollurinn samanlagðir numið nálega 3000000 króna að meðaltali. Og í fjárlögum næsta árs (1930) eru þeir áætlaðir 2850000 króna. Svo hárri upphæð er ekki hægt að ná nema með því móti, að tollurinn komi að allmiklu leyti niður á allan almenning, og vex þar með vandinn um það, hvar og hvernig hann verði á lagður.

Síðastliðin 4 ár — 1925—1928 — hefir meðalinnflutningur erlendra vara verið rétt um 57 milj. króna að meðtöldu flutningsgjaldi til landsins. Af því eru sértollaðar vörur nál. 6 millj. króna, og flutningsgjöld til landsins mun mega telja nál. 5. milj. Eru þá eftir 46 milj., sem þyrfti að jafna verðtollinum á. Svarar það til 6—7% álagningar á þær vörur, en 5—6% á allar innfluttar vörur, til að ná áætluðum tolli 1930. Ganga má út frá því sem vísu, að hvorug þessi leið þyki fær.

Má þá enn benda á tvær leiðir sem einna líklegastar:

1. Að undanskilja verðtolli — auk sértollaðra vara — hinar brýnustu nauðsynjavörur, sem ekki er hægt að afla í landinu sjálfu (korntegundir, helztu vörur til framleiðslu til lands og sjávar og iðnaðar, byggingarefni, girðingarefni, vörur til símalagningar, bækur o. fl.) og leggja svo verðtoll á það, sem þá er eftir, annaðhvort jafnt álag eða mismunandi, eftir nytsemi vörunnar. Þær vörur — að meðtöldum sértolluðum vörum og frádrætti á flutningsgjaldi —, sem samkvæmt framangreindu væru undanþegnar verðtolli, munu nema 33—34 millj. kr. Eru þá eftir 13—14 mill., sem þyrfti að jafna verðtollinum niður á, og næmi það sem jafnt hundraðsgjald 21—22% á innkaupsverð varanna.
2. Að leggja lágt hundraðsgjald, t. d. 1½% á allar innfluttar vörur, að meðtöldum sértolluðum vörum. Næmi það tæpum 800 þús. kr. Jafna svo viðbótinni, nál. 2200 þús. kr., á þær fyrtöldu 13—14 milj., annaðhvort sem jöfnu eða mismunandi álagi. Næmi það sem jafnt álag nál. 15%.

Af þessum tveim leiðum virðist sönnu nær að velja þá síðari. Aðalástæður fyrir því eru þessar:

1. Að þá væri skylt að koma með alla innkaups- og farmgjaldsreikninga til stimplunar, en með því móti væri nokkur trygging fyrir því, að ekki væri hægt að draga undan tolli tollskyldar vörur.
2. Tollurinn dreifðist þá á sem flestar hendur. En það verður að teljast réttmætt og eðlilegt, þegar um svo háan toll er að ræða, að sem flestir leggi þar fram nokkurn skerf.
3. Að þá verður auðveldara að koma niður eftirstöðvunum á þann tiltölulega litla hluta innflutningsins, sem aukatollurinn væri lagður á.
4. Það gæfi nokkra festu um upphæð tollsins, að hafa lágt innflutningsgjald á allar innfluttar vörur, fram yfir það, sem ella væri.

Þetta lága innflutningsgjald væri mjög sambærilegt við útflutningsgjaldið, en kæmi þó niður bæði á framleiðendum og neytendum, þar sem útflutningsgjaldið hvílir eingöngu á framleiðendum.

Eftir er þá að álíta, hvort heldur skyldi hafa viðbótartollinn jafnt hundraðsálag eða mishátt.

Með því að hafa jafnt hundraðsálag mælir einkum það, að tollákvörðun væri þannig langeinföldust og fyrirhafnarminnst.

Með hinu aftur, að flokka vörurnar og hafa mishátt álag, mælir það, að þær vörur, sem viðbótartollurinn félli á, eru mjög misþarfar; sumar nær eins nauðsynlegar og þær vörur, sem kæmu undir innflutningsgjaldið aðeins, aðrar miður þarfar, eða hægt að afla þeirra innanlands, og sumar lítt þarfar eða með öllu óþarfar. — Munu þessar ástæður vega meira.

Tillögur frumv. eru byggðar á þessari síðastnefndu tilhögun, þannig, að tollurinn fellur eðlilegar og sanngjarnar á eftir nytsemi og nauðsyn varanna og einnig, að því er ætla má, eftir gjaldþoli kaupenda en nú er.

Eftir flokkun þeirri. sem gerð er á innflutningsvörunum í frv. (8. og 9. gr.). miðað við vörumagn og verðlag eftir innflutningsskýrslunum 1926 og með áætluðum frádrætti fyrir flutningsgjaldi, myndu vörurnar skiptast að verði sem næst því, sem hér segir:

Vörur taldar í 8. gr.	...	29	milj.	kr.	
A. fl. 9. gr.	...	1	—	—	
B. — — —	...	3	—	—	
C. — — —	...	8	—	—	
D. — — —	...	11	—	—	52 milj. kr.

Samkvæmt þessu myndu þá tollákvarðanir frv. gefa tekjur sem hér segir:

1½%	af kr.	52	millj.	...	...	kr.	780 þús.
30 —	— —	1	—	...	...	—	300 —
20 —	— —	3	—	...	...	—	600 —
10 —	— —	8	—	...	...	—	800 —
5 —	— —	11	—	...	...	—	550 —
					Samtals	kr.	3030 þús.

Flokkunin og tollálagið er miðað við það, að verðtollurinn gefi álíka tekjur og vörutollurinn og verðtollurinn gefa nú. Með vaxandi innflutningi vegna fólksfjölgunar vex hann af sjálfu sér. Nefndin ætlar, að tekjur ríkissjóðs eftir frumv. muni reynast jafnari og ekki minni en eftir gildandi lögum um vörutoll og verðtoll. — Þyki fært að leggjast léttara eða þyngra á þennan tekjustofn, þá er það auðvelt eftir formi frumvarpsins.

Um einstakar gr. frumv. þykir rétt að taka það fram, sem hér segir:

Um 1.—3. gr.

Þessar gr. þykja ekki gefa tilefni til athugasemda.

Um 4. gr.

Þessi gr. er í samræmi við upphaf hinna gildandi verðtollslaga, og er því engin ástæða til að skýra hana.

Um 5. gr.

Hér er sagt fyrir um, hvernig greiðslu verðtollsins er háttað og hvernig fyrir hann er kvittað. Með því að afhending stimpilmerkja fyrir tollinum er aðaltryggingin fyrir því, að tollurinn komi í ríkissjóð, þykir rétt, að aðrar kvittanir séu ógildar. Með því er tollgreiðendum skapað svo mikið aðhald um að krefjast stimpilmerkja, er límd séu á reikninginn, að ekki sýnist það betur gert á annan hátt.

Um 6. gr.

Hér er gert ráð fyrir tvennskonar vörutolli. Af ákvæðum þessarar gr. leiðir, að reikningar yfir allar vörur, svo að segja, eiga að afhendast til verðtollsstimplunar. Í þessu er fólgin nokkur trygging fyrir, að vörur sleppi ekki við lögákveðið gjald.

Um 7. gr.

Vegna hinnar miklu tekjuþarfar ríkissjóðs hefir ekki þótt fært að undanskilja þessu lága innflutningsgjaldi neina útlenda vöru, sem til landsins flytzt. Gjald þetta er jafnhátt útflutningsgjaldinu af íslenzkum afurðum, og er tæpast að undra, þótt vér gerum ekki útlendum vörum hærra undir höfði en eigin framleiðsluvörum vorum, sem eru hyrningarsteinn framfara og menningar í landinu.

Um 8. gr.

Í þessari grein eru taldar þær vörur, sem tilætlunin er að undanskilja öðrum verðtolli en $1^1/_2$ %, en auðvitað er að ýmsu leyti álitamál, hverjar vörur skuli taka hér með og hverjum sleppa. Mun þar og sitt sýnast hverjum og ekki ástæða til að ræða frekar um það hér.

Um 9. gr.

Hér eru taldir tollflokkar hins hærra verðtolls, og þótti ekki fært að hafa þá færri en 4. Þessi gr. er vitanlega þungamiðja frv., og má ganga út frá því sem gefnu, að mikill ágreiningur verði um hana, enda ekki ósennilegt, að engir 2 menn mundu flokka nákvæmlega á sama hátt. En þegar gera á slíka flokkun

sem hér er um að ræða, verður að hafa tekjuþörf ríkisins í huga. Ríkissjóður þarf í stað núverandi verðtolls og vörutolls að fá tekjustofn, sem gefur sem næst 3 milj. kr. á ári, og við það er flokkunin miðuð sérstaklega. Ennfremur verður að taka tillit til, að tolleftirlitið hér á landi hlýtur að vera lítið á ýmsum stöðum. Þess vegna er ekki unnt að fylgja í flokkuninni ítrasta réttlæti, og kennir þess nokkuð í flokkuninni, og er ómögulegt eins og nú er að komast hjá þessu með kleifum kostnaði. Þá má og um það deila, hvort nöfn varanna og framsetning flokkunarinnar sé heppilega og greinilega framsett, eða sundurliðun nóg.

Einn nefndarmanna (HG) er óbundinn um flokkunina og tollinn eftir 8. og 9. gr., og mun hann gera grein fyrir tillögum sínum sérstaklega, Um hina nefndarmennina er þess að geta, að hvorugur þeirra mun gera smærri breytingar að ágreiningsefni, enda eru þeir og óbundnir um einstaka liði.

Um 10. gr.

Innihald þessarar greinar er að mestu tekið úr 7. gr. gildandi verðtollslaga og 2. gr. gildandi vörutollslaga. Að öðru leyti er tæpast ástæða til skýringa.

Um 11. gr.

Þessi gr. er að efni til eins og fyrri hluti 4. gr. vörutollslaganna, en síðari hluta greinarinnar þykir ekki ástæða til að taka hér upp, því að um greiðslu tollsins hlýtur að fara eftir venjulegum viðskiptareglum.

Um 12. gr.

Hér er að miklu leyti tekin upp 5. gr. vörutollslaganna, en breytingar þær, sem á eru gerðar, sýnast ekki þarfnast skýringa.

Um 13. gr.

Þessi gr. er mjög í samræmi við 6. gr. vörutollslaganna, og hefir þótt rétt að taka hana upp sem öryggisráðstöfun, jafnvel þótt vitað sé, að óvíðast sé bókstaflega eftir henni farið.

Um 14. gr.

Er að innihaldi mjög svipuð 7. gr. vörutollslaganna, og þær breytingar, sem á eru gerðar, þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Það er álitamál, hvort ekki mætti hætta að krefja um farmskrár, þegar vörutollurinn fellur niður, en þó þykir ekki rétt að hverfa að því ráði, því að ekki er unnt að neita því, að skrár þessar gefa gjaldheimtumönnum ýmsar upplýsingar, sem geta verið þeim til leiðbeiningar um innheimtu verðtollsins. 8. gr. vörutollslaganna er því tekin hér upp, en með allmiklum breytingum, sem ekki er ástæða til að ræða frekar.

Um 16. gr.

Þessi gr. er mjög í samræmi við 8. gr. vörutollslaganna, en 3. málsgr. er þó ný, en hún virðist svo sjálfsögð, að um hana þarf tæpast að ræða.

Um 17. gr.

Hún svarar til 10. gr. vörutollslaganna, og eru skýringar óþarfar.

Um 18. gr.

Til hliðsjónar við samning þessarar gr. hefir 11. gr. vörutollslaganna verið höfð, en ákvæði þessarar gr. eru svo skýr, að tæpast þarf að útlista hana nánar.

Um 19. gr.

Hún er í samræmi við innihald 12. gr. vörutollslaganna.

Um 20. gr.

Er að efni til eins og 13. gr. vörutollslaganna, þó með þeirri breytingu, sem leiðir af hinni nýju málsgr. í 16. gr.

Um 21. gr.

Það þykir sjálfsagt, að allar sektir eftir lögum þessum renni í ríkissjóð.

Um 22. gr.

Hér eru talin lög þau, sem ætlazt er til, að falli úr gildi, ef frv. þetta verður að lögum.

Um 23. gr.

Þarfnast engra skýringa.

Fylgiskjal II.

TOLLSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. marz 1930.

Jafnframt því að senda mér hjálagt frumvarp til laga um verðtoll, þskj. 66, hafið þér, hæstvirti ráðherra, beiðst í bréfi 17. þ. m. álits míns um frumvarpið, og þá sérstaklega um það atriði, hvort ég telji mikil vandkvæði á innheimtu verðtollsins, að því leyti, að innflytjendum tækist að koma vörum úr hærri tollflokki undir lægri flokk.

Út af þessu leyfi ég mér hér með, allra virðingarfyllst, að láta yður í té eftirfarandi álit um þetta efni.

Ég skal þá fyrst víkja að þeirri sérstaklegu spurningu yðar:

I. Um hættuna á tollsvikum.

Um þetta hafa verið misjafnar skoðanir eins og bent er á í athugasemdunum við frumvarpið. En hinar mismunandi skoðanir á því hafa fremur verið byggðar á því hvað menn hafa ímyndað sér í því efni, en á þeirri reynslu, sem þegar hefir fengist hér við framkvæmd verðtollslega þeirra, sem hafa gilt hér undanfarin ár.

Með lögum nr. 2 frá 15. marz 1920, um viðauka við lög nr. 12, 12. ágúst 1918 um stimpilgjald, var lögleiddur hér almennur verðtollur, sem sé á innkaupsreikninga yfir allar vörur, sem fluttust hingað frá útlöndum, bæði þeim, sem verðtollur og tollur (munaðarvörutollur) hvíldu á samkvæmt tollilögunum frá 1911 og vörutollslögunum frá 1912. Var verðtollur þessi því víðtækari en frumvarpið, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir. Í lögum þessum voru tveir tollflokkar, 15 % af leikföngum og munum, sem notaðir eru einungis til skrauts, en 1 % af öllum öðrum innfluttum vörum. Lög þessi voru í gildi og framkvæmd frá 15. marz 1920 til 31. desember 1921.

Með lögum nr. 3 frá 1. apríl 1924, um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum, var aftur lögleiddur verðtollur. Var lagður 20 % verðtollur á innkaupsreikninga yfir allar vörur, sem ræðir um í 3., 6 og 7. flokki vörutollslaganna, og að auki fólksflutningabifreiðar, tilbúnar hurðir og glugga. Nokkrar vörur úr nefndum þremur vörutollsflokkum voru taldar upp í lögunum og undanþegnar verðtolli, voru það aðallega nauðsynleg tæki til fiskveiða og landbúnaðar og einstaka annarar atvinnu, byggingavörur nokkrar, lyfjavörur og nokkrar almennast notaðar innfluttar matvörur. Þessum lögum var svo breytt með lögum nr. 8 frá 27. maí 1925, og voru þar lögleiddir þrír verðtollsflokkar, 30 %, 20 % og 10 % um tímabilið frá 1. júní 1925 til 28. febrúar 1926, 20 %, 15 %, og 5 % frá 1. marz til 31. desbr. 1926. Svo komu næst lög nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll á nokkrum vörum, og öðluðust þau lög gildi 1. janúar 1927 og voru þar lögleiddir aftur tveir tollflokkar, 20 % og 10 %, og vörurnar nákvæmar upptaldar og sundurliðaðar í hvorum flokknum fyrir sig. Var þeim lögum því næst breytt með lögum nr. 5, 3. apríl 1928 þannig, að verðtollurinn var hækkaður upp í 30 % og 15 %, og gilda þau lög til ársloka 1930.

Samkvæmt þessu hafa almenn verðtollslög gilt hér á landi frá 15. marz 1920 til ársloka 1921, og lög um verðtoll á alflestum innfluttum vörum frá 1. apríl 1924 til þessa dags. Ætti því að vera þegar fengin næg reynsla fyrir því, hvort meiri vandkvæði væru hér á innheimtu verðtolls en vörutolls eftir þunga, og í því sérstaklega, hvert innflytjendum takist fremur að koma vörum úr hærri tollflokk undir lægri eftir verðtollslögum en vörutollslögum. Skal nú að því vikið.

Síðan fyrst var lögleiddur hér á landi tollur á innfluttum vörum með tilskipun 26. febr. 1872, um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, hefir tollheimtan aðallega verið byggð á farmskrá eða vöruskrá, sem hér gildandi lög hafa gert skipum, sem hingað sigla, skylt að hafa meðferðis, svo og hinni sérstöku dönsku tollskrá, sem danskir tollgæzlumenn hafa samið frá því fyrsta yfir hinar fornu tollvörur, sem fluttar hafa verið hingað úr dönsku tollsvæði.

Eftir að tollvörur þessar hafa með síðari löggjöf hér verið sundurgreindar meira og við þær bætt, hafa þessar sérstaklegu skrár minni þýðingu en áður við innheimtu tolls af þessum vörum, enda fást þessar skrár ekki annarsstaðar að en frá Danmörku. Aðal-grundvöllurinn fyrir tollheimtunni hér á þungatolli nú, sérstaklega þar sem ekki er sérstök tollgæzla, eru því farmskrár skipanna. Trygging fyrir því, að farmskrárnar séu réttar, hvað vörutegund, vörumagn og þunga snertir, mun talið aðallega liggja í því, að skipseigandi eða afgreiðslumaður gæti þess til að fá rétt flutningsgjald af vörunni. Því tollmenn þar, er varan er flutt út, munu sjaldnast hafa neinna tollshagsmuna að gæta um útflutningsvörur frá sínu landi. Meðan allur þorri vara var í sama vörutollsflokki, og í hinum flokkunum voru fáar auðþekkjanlegar vörutegundir, og tollurinn mjög lágur, gátu farmskrárnar út af fyrir sig verið þolanlegur grundvöllur yfirleitt, en svo var það eftir hinum upprunalegu vörutollslögum frá 1912. Eftir það hefir vörutollslögunum hvað eftir annað verið breytt í þá átt, að bæði hefir flokkunum verið fjölgað, en sérstaklega hefir verið bætt miklum fjölda vörutegunda í hvern flokk fyrir sig, og tollurinn verið hækkaður mjög mikið og gerður mjög mikill munur á tollfjárhæðum hvers flokks fyrir sig. Nú eru iðulega vörur úr ýmsum tollflokkum í sömu sendingunni með einum þunga á allri sendingunni á farmskránni, og er þá ekki eftir farmskránni eða farmskírteini, sem venjulega eru og eiga að vera samhljóða, einum saman hægt að ákveða tollinn, heldur verður að gera það með samanburði við innkaupsreikninga, sem nú er skylt að sýna eftir ákvæðum verðtollslaganna, með rannsókn á sendingunni og sundurvigt, sbr. ákvæðin í 7. flokki, 1. gr. laga nr. 54, 15. júní 1926. Það er auðsætt, að hér er opinn vegur fyrir innflytjanda, sér í lagi er hann er í samvinnu við sendanda, að koma vörum úr hærra vörutollsflokki í lægri vörutollsflokk, með því að rita farmskírteinin ónákvæmt, en eftir þeim er svo farmskráin samin. En til þess að koma hinu sama fram við verðtoll, verður sendandi að falsa innkaupsreikninginn, og á hann meira á hættu í því, bæði að því er greiðslu á reikningnum og annað snertir. Hér í bænum, þar sem allnákvæmt tolleftirlit hefir verið á síðastliðnum árum, hefir mjög lítið borið á því, að menn hafi ætlað að leitast við að gera þetta, og er mér nær að halda að skyldan til að sýna innkaupsreikninga og að krafa um það hefir verið framfylgt, hafi átt sinn góða þátt í því. Og reynslan hefir verið sú, að þar sem farmskrá eða farmskírteini hefir verið áfátt, þar hafa innkaupsreikningarnir reynst réttari við rannsókn.

Nú hefir, eins og áður segir, verðtollur verið innheimtur hér á landi af aðfluttum vörum, mestan hlutan af undanförnum tíu árum, og hefir ekki borið á því hér í bænum, þar sem tollgæzla hefir verið aukin smátt og smátt á því tímabili, að menn hafi fremur leitast við að svíkja þann toll en vörutollinn. Á því tímabili hafa, sumpart með reglum útgefnum af ráðuneytinu og sumpart við aðferð þá, sem notuð hefir verið við tollgæzluna og tollheimtuna í anda tolllöggjafarinnar, og sem sjálfsögð skilyrði fyrir henni, myndast ákveðnar reglur fyrir formi, og innihaldi innkaupsreikninga og samræmi þeirra við farmskírteini og farmskrár. Og þessar reglur hafa breiðst út um landið með tollgæzlumönnum þeim, sem landsstjórnin hin síðustu ár hefir látið í té til aðstoðar gjaldheimtumönnunum út um land, er mest er um að vera með margvíslegan innflutning og til margra

móttakenda, en allir þessir menn hafa áður en þeir tóku til starfa verið hér við tollgæsluna, lengri eða skemmri tíma, áður en þeir tóku við starfi sínu. Þessar reglur, sem þörfin og framkvæmd verðtollslaga hefur skapað, finnst mér sjálfsagt og nauðsynlegt að færa saman í sjálft lagafrumvarpið, sem hér liggur fyrir, til fyllingar og skýringar þeim ákvæðum, er í því standa í sama tilgangi, og skal ég leyfa mér að víkja að því síðar undir sérstökum lið í þessu bréfi.

Með hliðsjón af því, sem tekið er fram hér á undan, vil ég þá láta það álit í ljósi, að ekki sé nú hér á landi meiri hætta á tollsvikum á verðtolli heldur en á vörutolli, eins og tollálagningin er nú orðin í framkvæmd samkvæmt gildandi löggjöf um þessa tolla hvorutveggju.

Þessu næst skal ég snúa mér að þeim ákvæðum fyrirliggjandi lagafrumvarps, sem miða að því að tryggja innheimtuna og gera gjaldheimtumönnum mögulegt og heimilt bæði að framkvæma það og krefjast þess, sem tryggir það, að tollurinn fáist greiddur, og að gera þær kröfur um innheimtuskilríki að formi og efni, að tollurinn geti orðið rétt ákveðinn. Í frumvarpinu eins og það liggur fyrir eru aðallega aðeins hin eldri ákvæði úr tolllögunum og vörutollslögunum um þetta efni, en hin nýju ákvæði, sem framkvæmd verðtollslaganna hafa haft í för með sér, ekki tekin þar upp, en réttast er og hentugast að hafa þau ákvæði öll í sjálfum lögunum, og hefðu þau eflaust verið sett þar frá byrjun, hefði mönnum verið fyrirfram ljóst hvað með þurfti.

Ég tek þá hverja grein frumvarpsins fyrir sig hér á eftir og get þess, hverju þurfi við þær að bæta í nefndum tilgangi:

II. Ákvæði til tryggingar innheimtunni:

(Hér á eftir er breyting eða viðauki við frumvarpið prentað með skáletri).

4. gr.

Ég legg til að greinin orðist svo:

Hver, sem fær vörur frá útlöndum, er skyldur til, áður en vörurnar eru afhentar honum, að sýna hlutaðeigandi gjaldheimtumanni, eða umboðsmanni hans, reikning yfir innkaupsverð þeirra, kominna um borð í skip, er flytja vörurnar hingað til lands, og er verðtollurinn innheimtur eftir þeim reikningum.

A innkaupsreikningum skulu skýrt og greinilega tilgreind nöfn vörutegunda þeirra, sem hann ræðir um, og verðið á hverri einstakri vörutegund, bæði einingar og heildar verð. Svo skal og í þeim greint í hverri mynt er reiknað. Allir töluliðir reikninganna skulu lagðir saman og aðalupphæð þeirra skýrt tilgreind. Bannað er með öllu að nota á innkaupsreikningum verðskrárnúmer eða stafi í stað vöruheita. Innkaupsreikningar skulu einnig skýra greinilega frá númerum og merkjum á umbúðum vörunnar, svo og frá stykkjatölu hennar og þunga brúttó og nettó (með og án umbúða).

A innkaupsreikningum skal vera vottorð seljanda, undirritað af honum sjálfum eða af einhverjum þeim, er samkvæmt lögum í landi seljanda hefir rétt til að

rita firma hans, um að stykki þau, er þar eru talin, hafi ekki aðrar eða meiri vörur inni að halda, en þær, sem reikningurinn hljóðar um, og að allar vörur á reikningnum séu taldar með fullu því verði, sem kaupanda eða móttakanda ber að greiða fyrir þær. Sé téð vottorð ekki ritað á reikninginn eða ef hann fullnægir ekki öðrum framangreindum skilyrðum, varðar það innflytjanda allt að 1000 kr. sektum.

Auk innkaupsreiknings ber innflytjanda við greiðslu tollsins að sýna gjaldheimtumanni farmskírteini yfir vöruna og sé á því greinilega skýrt frá vörutegund, stykkjatölu, merkjum og númerum stykkjanna.

Nú kemur það í ljós, að innkaupsverð á reikningi, sem fullnægir að formi til framangreindum skilyrðum, er óeðlilega lágt, getur gjaldheimtumaðar þá krafið innflytjanda um fyllri sannanir fyrir innkaupsverðinu, og fáist þær ekki, er gjaldheimtumanni heimilt að meta eða láta meta vöruna til verðs með hliðsjón af almennu innkaupsverði á samskonar vöru. Gjaldheimtumenn geta og hvenær sem þeim þykir þörf rannsakað innfluttar vörur og gengið þannig úr skugga um, að innkaupsreikningar, farmskírteini og farmskrár greini rétt frá innihaldi sendinganna.

Sýnishorn og gjafir, sem enginn innkaupsreikningur fylgir ag enginn reikningur verður gefinn yfir, metur gjaldheimtumaður eða lætur meta til verðs, og reiknast verðtollurinn af því matsverði. Sömuleiðis er gjaldheimtumanni heimilt að meta eða láta meta til verðs þær vörur, sem hann lætur selja á uppboði fyrir tolli, þegar hann hefir ekki fengið fullnægjandi skilriki um innkaupsverð þeirra. Kostnaður af mati á vöru, sem seld er fyrir tolli, greiðist af uppboðsandvirði vörunnar.

Ákvæðum þeim um innkaupsreikninga, form þeirra og innihald, sem sett eru inn í greinina hér á undan, er nú beitt við innheimtu verðtolls. Nauðsynlegt er að heimta að lagt sè fram með innkaupsreikningum farmskírteini, sem við þá á, og er það ávallt heimtað nú. Ákvæði um grunsama reikninga er í samræmi við hina almennu heimild löggjafarinnar fyrir tollrannsókn, en rétt, að það sé tekið hér upp til að vekja athygli bæði gjaldheimtumanna og innflytjanda og koma í veg fyrir deilur um það efni. Mjög er algengt að vörur komi hingað með skipum frá útlöndum, án þess móttakandi sé nafngreindur (to order), vörur þessar eru oft ekki hirtar, svo þær verður að selja fyrir tolli, en ekki hægt að fá innkaupsreikninga yfir vöruna. Réttast er að hafa bein ákvæði um þetta, þótt hingað til hafi verið fylgt líkum reglum við framkvæmd laganna.

7. gr.

Ég legg til að greinin orðist svo:

Verðtollur sá, er ræðir um í a-lið 6. gr., er 1½%. Hann greiðist af öllum vörum, þar með talin skip og bátar, er til landsins flytjast, nema íslenzkum vörum, sem endursendar eru frá útlöndum, ef þær eru endursendar í sömu umbúðum og þær voru sendar héðan, *og notuðum umbúðum undan íslenzkum vörum*, enda sè gjaldheimtumanni, þar sem þær eru settar á land, afhent vottorð frá tollgæzlustöð, þar sem *þær* eru fluttar í skip erlendis, um að *varan* sé íslenzk vara, *eða umbúðirnar séu undan íslenzkum vörum, sem komið hafi héðan til útlanda.*

Venjulegur farangur ferðamanna telst ekki vara í lögum þessum og ekki

heldur heimilismunir manna, sem flytja vistferlum til landsins, *né notaðir munir, sem sendir hafa verið til aðgerðar.*

Í samræmi við nú gildandi lög finnst mér óhjákvæmilegt, að það sé tekið fram, að umbúðir, sem endursendar eru frá útlöndum undan íslenzkum afurðum, er þangað hafa verið seldar héðan, séu verðtollsfrjálsar, því mikið er endursent hingað aftur af slíkum umbúðum, sérstaklega kassar og aðrar umbúðir um fiisk, tómar sódavatnsflöskur og kassar um þær o. fl. Ennfremur hefi ég lagt til, að notaðir munir, sem sendir hafa verið til útlanda til aðgerðar, séu tollfrjálsir eins og nú.

13. gr.

Aftan við orðin: sé hann þar á staðnum, í 13. gr. bætist:

Auk þess ber skipstjóri eða afgreiðslumaður ábyrgð á greiðslu tollsins af hinum afhentu vörum á sama hátt og segir um viðtakanda í 17. gr.

Um þessa viðbót skal ég taka það fram, að svo hefir verið litið á og því framfylgt, að auk sektanna beri umræddir menn ábyrgð á greiðslu tolls af ólöglega afhentum vörum, en til þess að aðvara þá um það er rétt, að það sé beinlínis tekið fram hér. Það er mjög áríðandi að afgreiðslumenn fari eftir ákvæðum þessarar greinar og hefir það kostað mikla fyrirhöfn að koma því á, að þeir hlýði ákvæðum hennar.

15. gr.

Ég legg til að greinin orðist svo:

Farmskrá yfir allan farm skips skal frá hverju landi vera samin í minnst 2 samritum, og auk þess samhljóða útdrættir úr farmskránni yfir vörur þær, sem fara eiga á hverja einstaka höfn. Eitt eintak af aðalfarmskránni afhendist gjaldheimtumanni í þeirri höfn, þar skipið hafnar sig fyrst, en hann sendir það síðan fjármálaráðuneytinu með fyrstu ferð. Útdrættina úr aðalfarmskránni skal afhenda gjaldheimtumanni eða umboðsmanni hans á þeirri höfn, þar sem vörurnar eiga að affermast. *Útdrættir þessir skulu vera greinilega skrifaðir svo auðvelt sé að lesa þá. A þeim sé greinilega tilgreint stykkjatal, merki og númer þeirra, sendandi og móttakandi, heiti og þungi eða rúmmál vörunnar svo og flutningsgjald. Vörusendingar skulu á skrám og útdráttum tilfærðar í óslitinni tölaröð.*

Það varðar skipstjóra sektum, allt að 1000 kr., ef farmskrár fylgja ekki skipi, samdar eins og hér er mælt fyrir, eða ef vanrækt er að afhenda þær gjaldheimtumanni eða umboðsmanni hans. *Er svo stendur á eða skrám er áfátt, getur gjaldheimtumaður og krafist þess, að skipstjórl eða afgreiðslumaður láti rita skrár upp, svo þær fullnægi framangreindum skilyrðum, og ef hann telur þess þörf, látið telja vörur upp úr skipinu á kostnað skipseiganda. Annars má gjaldheimtumaður, hvenær sem honum þykir þurfa, láta telja vörur úr skipi, en ekki ber skipseigandi þá kostnað við það, nema skrár reynist rangar við talninguna.*

Það hefir viljað koma fyrir í seinni tíð, að farmskrár og farmskrárútdrættir hafa ekki verið eins vel úr garði gerð og áður tíðkaðist, vantað á

skrárnar fullnægjandi upplýsingar um vörur, er með skipinu hafa verið, og þær stundum verið nærri ólæsilegar og ritaðar á lélegan pappír, sem fer illa í meðförunum. Það er tilætlunin með framanrituðum viðbótartillögum að gefa skipafélögunum aðhald um að vanda betur til skránna, svo tollheimtan verði auðveldari.

19. gr.

Ég legg til að aftan við gseinina sé bætt:

Þó er ekki skylt að endurgreiða tollinn, ef lengri tími en eitt ár líður frá því að varan hefir verið flutt hingað til lands þar til hún hefir verið flutt úr landinu aftur.

Í núgildandi lögum er ekki tiltekið, að menn sem vilja endursenda vörur og fá endurgreiddan toll af þeim, skuli gera það innan tiltekins tíma frá því vörurnar komu hingað til lands. Af því leiðir að móttakendur, sem ætla sér ekki að hirða vörurnar, láta þær liggja afskiftalausar í geymsluhúsum skipafélaganna, þar til þær verður að láta selja fyrir tolli. Af þessu stafar og skaði fyrir sendendur varanna og óþægindi fyrir tollheimtuna og afgreiðslur skipanna. Og þó nú svo að tollur sé greiddur til að losna við sölu varanna, er það engu síður tímatöf fyrir tollgæzluna að rannsaka og sannfæra sig um, er langt er um liðið, hvenær tollur hefir verið greiddur af umræddri vöru, en það er tollheimtunni gert að skyldu að votta um er varan loks er flutt út aftur. Með viðaukatillögunni er því leitast við að ýta bæði undir móttakendur og afgreiðslumenn að láta endursending varanna ekki dragast úr hófi, er krafan um endurgreiðslu á tolli af þeim tapast er ákveðinn tími er liðinn frá því að þær voru fluttar hingað til lands. Ársfrestur virðist vera nægur í öllum tilfellum.

22. gr.

Á eftir 4. málsgreininni komi ný málsgrein:

Akvæðin: »Efnivörur til framleiðslu innlendrar tollvörugerðar skulu undanþegnar verðtolli« í 1. málsgr. 3. gr. laga nr. 50, 31. maí 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Í lagafrumvarpi þessu er gert ráð fyrir því í 7. og 9. gr. að ýmsar efnivörur til innlendrar tollvörugerðar séu verðtollsskyldar. Nú er í lögum nr. 50, 31. maí 1927, 3. gr. 1. málsgr. ákveðið, að slíkar efnivörur skuli undanþegnar verðtolli. Þó að það nú megi telja rétt, að frumvarp þetta, er það væri orðið að lögum, hafi fellt þetta ákvæði niður, þar sem það ekki samrýmist ákvæðum þeim er hér standa, mun þó réttast, til að útiloka allan efa og losa gjaldheimtumenn við deilur út af þessu að fella umgetin ákvæði úr lögum með beinum fyrirmælum, eins og lagt er til í framangreindri viðbótartillögu.

Ég vil nú taka þriðja aðalatriði frumvarpsins, um niðurskipun hinna ýmsu vörutegunda í mismunandi hátt tollaða flokka, til athugunar. Í sjálfu sér hefir spurningin um tollflokkunina minni þýðing fyrir sjálft tollheimtustarfið, en spurningar þær sem teknar hafa verið til athugunar hér á undan undir liðunum

I og II. Flokkunin er fremur stjórnmálalegs eðlis, sem sé spurning um það, hverjar vörur ættu að bera hærri toll og hverjar lægri, hvaða vörum eigi að hlífa við háum tollum, svo sem vegna þess að þær eru notaðar við atvinnu eða framleiðslu, sem beri að hlynna að, vegna þess að þær eru notaðar af öllum almenningi, að menn geta ekki án þeirra verið eða laða eigi fólk til að auka notkun þeirra vegna hollustu eða annara eiginleika þeirra. En í yfirvegun um þetta framanneínda blandast svo önnur atriði, sem fremur eru tekjulegs og kostnaðarlegs eðlis, svo sem það, að þess meira sem einhver innflutt vara er almennt notuð þess meira nemur tollurinn af henni í heild fyrir ríkissjóð, nefnum t. d. eldspítur, og á hinn bóginn, að þótt einhver innflutt vara teljist eiga að bera hían toll, annaðhvort vegna þess að hún telst óþörf eða þeir sem kaupa hana séu venjulega vel eínum búnir, tökum t. d. gimsteina, þá getur verið svo mikill kostnaður við gæzlu á því að henni sé ekki smyglað og jafnframt svo lítið notað af henni í landinu, að alls ekki borgi sig fyrir ríkissjóð að eltast við þá vöru með háum tollum.

Ég skal þá víkja að ákvæðum frumvarpsins í *8. og 9. gr.* þess.

III. Um tollflokkana:

Eins og getið er um í athugasemdunum við frumvarpið er það tilætlunin með því, að útvega ríkissjóði með því nokkurn veginn sömu tekjur og hann hefir nú eftir vörutollslögunum og verðtollslögunum, sem nú gilda, og hafa þeir, er frumvarpið hafa samið, reiknað út eftir verzlunarskýrslunum fyrir 1926, hve miklar tekjur megi ætla að frumvarpið gæfi eftir tollflokkun þeirri sem í frumv. stendur. Yrði því, ef maður ætlaði að setja fram ákveðnar tillögur um breytingar á tollflokkum frumvarpsins, að reikna út hver áhrif þær breytingar mætti ætla að hefðu á heildarupphæð þá, sem ríkissjóður fengi eftir frumvarpinu. Ég hefi ekki séð mér fært að ráðast í þetta, bæði af því að flokkunin skiptir, eins og segir hér á undan, gjaldheimtuna ekki svo miklu, bara ef flokkunin er glögg, og svo sérstaklega vegna þess, að ég hefi ekki af flokkun frumvarpsins getað nógu nákvæmlega séð, hverjum meginreglum þeir, sem frumvarpið hafa samið, hafa fylgt í flokkun sinni, eða hverjum aðaltilgangi þeir hafa viljað ná með flokkuninni, svo sem með tilliti til þess til hvers vörurnar eru aðallega notaðar, hve nauðsynlegar þær eru, gjaldþoli þeirra, sem helzt nota þær o. s. frv. Hinsvegar vil ég benda á það, í hverju mér finnst flokkun frumvarpsins áfátt með tilliti til gjaldheimtunnar, svo sem í því, að hin tilfærðu vöruheiti séu ekki nægilega nákvæm, svo að ekki verði með vissu séð eða deila megi um, hverjar vörur falli undir heitið, eða að vörur, sem erfitt er að aðgreina hverja frá annari, séu í frumvarpinu settar sitt undir hvern flokk, og annað þessu líkt.

Safnheiti, svo sem »korntegundir«, »veiðarfæraefni«, »glysvarningur« og »skrautvarningur« eru svo víðtæk og óákveðin heiti, að oft getur leikið mikill efi á því fyrir gjaldheimtuna við tollflokkun vara, hvort telja megi vörur undir þau heiti, sem bæði veldur töfum og mismunandi skilningi hjá hinum ýmsu gjaldheimtumönnum. Svo ég nefni fyrst korntegundir, þá skal þess getið, að undir kornvörur í lögum nr. 54, 15. júní 1926 var úrskurðað, að skyldi falla vörur

svo sem hænsnamjöl, fóðurmjöl, glutensfóður og klíð, enda er í þessum vörum mestmegnis korn, kornhýði og fræ, blandað ofurlítið með muldum baunum, beinamjöli, kalktegundum og steinaefnum. Ef frumvarpið verður að lögum, kemur spurning fram um, hvort hið nýja heiti korntegundir sé þrengra eða rýmra en hið fyrra heiti kornvörur. Að því er veiðarfæraefni snertir, þá virðast beinlínis falla undir það vörur eins og t. d. netagarn, netaflár, netateinar, netakúlur, lóðarbelgir, önglar, öngultaumar, botnvörpuhlerar, vörpulásar, botnrúllur, botnrúllukeðjur, hlerajárn og hleraskór. Hinsvegar eru vörur, sem notaðar eru mikið til veiðarfæra, en einnig til mjög margs annars, svo sem t. d. kaðlar, vírkaðlar, vírtrossur, saltaðar húðir, fiskkörfur o. fl. Má búast við að fram komi við tollheimtuna kröfur um, að þær vörur sæti sama tolli og hinar fyrst nefndu, en alveg ómögulegt er fyrir tollheimtuna að fara eftir því, hvort slíkar vörur eru í hverju einstöku tilfelli notaðar til veiðarfæra eða ekki. Þá kem ég að vöruheitunum glysvarningur og skrautvarningur. Það eru mjög óákveðin vöruheiti, og í verzlunarmálinu er margt talið til glysvarnings, sem verður að telja mjög þarfa vöru. Í núgildandi löggjöf er í stað skrautvarnings notuð skilgreiningin »munir sem eingöngu eru ætlaðir til skrauts«, og er það miklu ákveðnara heiti. Það væri leiðbeining fyrir gjaldheimtuna, að við þessi safnheiti væri bætt við nokkrum dæmum upp á slíkar vörur, svo gjaldheimtumenn gætu flokkað undir þau aðrar hliðstæðar vörur. Og skal ég í því skyni nefna hér nokkrar vörur, sem hafa eftir núgildandi lögum verið flokkaðar undir nýnefnd tvö safnheiti. en sleppi þó þeim, sem frumvarpið telur nú sérstaklega upp af þeim vörum. Til glysvarnings hefir t. d. verið talið: blómaglös, blómvasar, borðflögg, grímur, grímubúningar og jurtapottar úr hverskonar efni, ef þeir eru einhvern veginn skreyttir. Til skrautvarnings hefir t. d. verið talið: myndastyttur, myndir (allar, einnig ljósmyndir, og ekki einungis veggmyndir, eins og er í frumvarpinu), skrautsmælki (nips) og veggskildir.

Þessu næst vil ég, frá sjónarmiði gjaldheimtunnar, athuga nokkra aðra sérstaka liði í flokkum frumvarpsins.

8. gr.

f. Það væri æskilegt, að í þenna lið væri bætt: *steypuvírnet*, sem einnig er oft notað í girðingar og illt er oft að greina frá girðinganetum. Ég vil líka vekja athygli á því, að girðingastólpar úr járni falla, eftir frumvarpinu, undir 9. gr. D, en girðingastólpar úr tré undir trjávið í 8. gr. Þessu mætti breyta með því að bæta við þenna staflið: *girðingastólpar*.

i. Æskilegt væri að aftan við þenna lið væri bætt: *og tengistykki á pær*. Þau eru flutt inn með pípunum og oftast ekki hægt að greina þær frá á innkaupsreikningum. Svo skal athygli leidd að því, hvort ekki ætti einnig að telja hér: *leirpípur*, sem eins og járnpípur eru notaðar til vatnsleiðslu og skólpleiðslu.

m. Það væri æskilegt, að aftan við þenna lið væri bætt: *og hlutar í þau*. Bæði ofnar, eldavélar og miðstöðvartæki eru oft flutt inn í hlutum og varahlutar með þeim, svo ekki er hægt að greina þetta í sundur eftir innkaupsreikningum.

p. Til þess að fyrirbyggja misskilning væri æskilegt, að við lið þenna væri bætt: *og hnoðsaumur.*

s. Við þenna lið þyrfti að bæta: *blikk.*

x. Það væri mjög æskilegt að aftan við veggplötur væri bætt: *og gólfplötur*, því á innkaupsreikningum er oft mjög örðugt að aðgreina hvað eru gólfplötur og hvað veggplötur. Athygli skal og leidd að því, hvort ekki væri rétt að bæta hér við: *þakhellur*, aðflutningur á ýmiskonar þakhellum hefir aukist í seinni tíð, og þykja þær varanlegri og ódýrari í viðhaldi en þakjárn.

9. gr.

A. Orðin: *og blómfræ* ættu að falla burt, því í framkvæmdinni yrði ekki mögulegt að greina það frá öðru fræi. Það hefir ekki heldur neina fjárhagslega þýðingu að vera að taka það upp hér.

Orðin: *og flugeldaefni* virðist ættu að falla burt. Efnin í flugeldum er púður, saltpétur, magnesia og brennisteinn, en þau eru notuð til annars líka, og ómögulegt fyrir gjaldheimtuna að tolla það sérstaklega, sem notað væri af þeim til flugeldagerðar, sem engin er hér á landi, það ég til veit.

Ef fallist yrði á það, sem sagt er áður í þessu bréfi um safnheiti, ætti í stað Glysvarningur hverskonar, að koma: *Glysvarningur, svo sem blómglös, blómvasar, borðflögg, grímur, grímubúningar, jurtapottar úr hverskonar efni, ef þeir eru eitthvað skreytlir, og aðrar slíkar vörur.*

Orðið: *ilmsmyrsl* ætti að falla burt hér. Það er eiginlega röng þýðing á franska orðinu »baume-cosmétique«, því þessar vörur, og það oft þær dýrustu, eru án ilmefna. Ég mun hér á eftir koma með tillögur um tollun á þessum vörum með öðrum alveg tilsvarandi vörum, sem venjulega fylgjast að á innkaupsreikningum.

Liðurinn: *Ísaumsvörur og knipplingar* verður að falla niður hér sem sérstakur tollliður. Á innkaupsreikningum og í sendingum er þessum vörum nær ávalt blandað saman við aðrar vefnaðarvörur, og eru tilgreindar þar undir ýmsum nöfnum. Til þess að geta tollað þessar vörur rétt, yrði að skoða flestar vefnaðarvörutendingar, og það helzt af fagfróðum manni, til að vinsa umræddar vörur úr. Af eiginlegum knipplingum mun svo að segja ekkert flytjast til landsins, en blúndur (laufaborðar) og leggingar, sem mjög almennt eru notaðar og oftast eru afaródýrar, ganga oftast í skýrslu n og á innkaupsreikningum undir nafninu knipplingar. Sé ég því engan veg til að tolla þessar vörur öðruvísi en með öðrum vefnaðarvörum.

Liðurinn: *Kaffibætisefni*, sem er cikoríu-rætur, virðist eiga að falla úr þessum flokki og koma í C-flokk með öðrum rótarávöxtum. Í sambandi við tillögur mínar áður í þessu bréfi, um breyting á 22. gr. frumvarpsins, skal ég geta þess, að kaffibætisefni er nú undanþegið verðtolli, en greiddur af því vörutollur í 7. flokki. Ef það væri tollað hér í A-flokki frumvarpsins, þá myndi innflutningstollur af því rúmlega tvöfaldast, og myndi það verða mjög tilfinnanleg hækkun fyrir kaffibætisgerðirnar hér. Ef þessi vara hinsvegar yrði tollað í C-flokki frumvarpsins yrði innflutningstollurinn ofurlítið lægri en

hann er nú, en hækkaði hins vegar mikið, ef varan væri sett í B-flokk þessa frumvarps.

Ég legg til að bætt verði hér inn í frumvarpið: *Kransar og kransaefni.* Í þessum flokki frumvarpsins eru tolluð tilbúin blóm, sem eru aðalefnivara í kransa, og þá telst sjálfsagt, að innfluttir kransar tilbúnir sæti ekki lægri tolli, svo og grindur í þá o. s. frv.

Í staðinn fyrir lakkskór og flosskór komi: *Lakkskór, flosskór, flauelsskór, rósaskór (brokadeskór).* Skófatnaður þessi er allt saman viðhafnarskófatnaður og með svipuðu innkaupsverði.

Ég legg til að bætt sé hér inn í frumvarpið: *Munnhörpur,* sem nú eru tollaðar í leikfangaflokki.

Ef fallist er á það, sem sagt er áður í þessu bréfi um safnheiti, ætti í stað Skrautvarningur hverskonar að koma: *Skrautvarningur, svo sem málverk, myndir, myndastyttur, skrautsmælki (nips) og veggskildir og aðrar slíkar vörur.*

Ef á þessa síðustu tillögu yrði fallist, þá á liðurinn: *Veggmyndir og málverk,* að falla burtu.

B. Með tilvísun til þess, sem áður er sagt í þessu bréfi um A-lið viðvíkjandi ilmsmyrslum, vil ég leggja til að hér sé bætt inn í frumvarpið: *Hár-, húð- og handsnyrtitæki, og efni, sem notuð eru við slíkar snyrtingar, hárgreiður, höfuðkambar, hárnálar, hand- og raksápur.* Með þessum tolli verða handsápur, raksápur, hárgreiður og höfuðkambar með áþekkum tolli og nú. Eins og getið er áður hér í bréfinu fylgjast framangreindar vörur venjulega að á innkaupsreikningum.

Ef fallist er á það, sem ég hér á undan hefi lagt til um skrautvörur, á orðið: *Ljósmyndir* að falla burt úr þessum lið frumvarpsins.

Í stað liðsins: Postulíns-, leir-, gler-, alumín-, og steinungsvörur, komi: *Postulíns-, leir-, gler-, kristal-, alumín-, tin- og steinungsvörur,* því kristal-, og tinvörur myndu ella falla undir D-lið frumvarpsins, ef þær ekki eftir eðli sínu væru glys- eða skrautvörur.

Í stað liðsins: Sætt kex og kökur, komi: *Kex, kökur og brauð hverskonar.* Þá yrði þessi vöruflokkur líkt settur með toll eins og nú.

C. Ef fallist er á tillögur mínar hér á undan um, að *handsápur, raksápur, hárgreiður og höfuðkambar* tollist með öðrum snyrtivörum. eiga þeir liðir að falla burtu hér.

Ef fallist yrði á tillöguna hér á undan, um að *kaffibætisefni* flytjist í þenna lið úr A-lið, verður að bæta því hér inn í frumvarpið. Í samræmi við það falli niður orðin: *aðrir en til kaffibætisgerðar,* á eftir Rótarávextir.

Ef fallist yrði á tillöguna um breyting á liðnum Lakkskór og flosskór í A-lið, ætti liðurinn Skófatnaður (annar en lakk-, flos- og silkiskór) að orðast þannig: *Skófatnaður annar en sá, sem fellur undir hærri verðtoll.*

Jón Hermannsson.

Til
fjármálaráðherrans.

Fylgiskjal III.

MILLIÞINGANEFND Í TOLLA- OG SKATTAMÁLUM.

Reykjavík, 26. sept. 1930.

Hjálagt álit og tillögur tollstjórans í Reykjavík um frv. meirhl. nefndarinnar hefir nefndin haft til athugunar. Minnihluti nefndarinnar (H. G.) óskar ekki að láta upp nokkurt álit, þar sem hann er ósamþykkur frv. í verulegum atriðum (sbr. brtt. hans við frv. á síðasta þingi).

Álit og tillögur tollstjórans snerta aðallega þrjú atriði:

I. Hættu á tollsvikum.
II. Viðaukaákvæði til tryggingar innheimtunni.
III. Tollflokkunin.

I. Álit tollstjórans, með tilvísun til reynslunnar, um að ekki muni vera meiri hætta á tollsvikum af verðtolli en vörutolli, styður eindregið þá hagkvæmu breytingu, að taka upp verðtoll einan í stað vörutollsins og verðtollsins. Lýsir meirihl. ánægju sinni yfir þeim mikilsverða stuðningi sem felst í þessu áliti þess manns, er mesta reynslu hefir í þessu efni, og væntir að það styðji mjög að því, að tillögur frv. um sameining verðtollsins og vörutollsins í einn toll verði látin ganga fram.

II. Viðaukatillögur tollstjórans til tryggingar innheimtu. Breytingartill. við 4., 13., 15. og 19. gr. snerta mest part innkaupsreikninga og farmskrár, hvernig útbúin skuli, og er miðað við það, hverjar kröfur hafa verið gerðar um þessi skjöl í framkvæmdinni. Meirihl. virðist þessar till. bæði að efni og formi þannig, að eðlilegra og hentugra gæti verið að þessar ákvarðanir væru settar með reglugerð — þá væru þær hreyfanlegri eftir ástæðum —, en gerir þó ekki ágreining um, ef frekar væri hallast að að taka þessi ákvæði upp í lögin sjálf. Brtt. við 7. gr. getur meirihl. fallist á.

Brtt. við 22. gr. Álitamál getur verið um vörur þær, er hér ræðir um. Eftir 1. málsgr. 3. gr. laga nr. 30, 31. maí 1927, eru þær undanþegnar verðtolli, en munu hins vegar vera undir vörutolli. Eftir frumv., og einnig með viðaukatill. tollstjóra, myndu þær falla undir toll í 9. gr. D. Til mála gæti og komið að telja þær með undantekningum 8. gr. undir sérstökum staflið og myndi þær þá verða tollaðar mjög líkt og nú. Meirihl. leggur ekki áherzlu á hver af þessum leiðum væri farin.

III. Till. tollstjórans um tollflokkunina eru meir orðabreytingar en efnisbreytingar og munu vera yfir höfuð til bóta um það að gera tollákvörðun léttari og skýrari. Á það skal þó bent, að vörurnar: »Hár- húð- og handsnyrtitæki og efni, sem notað er við slíkar snyrtingar«, virðast mega vera í A flokki, en aftur á móti vörnar: »hárgreiður, höfuðkambar, hárnálar, hand- og raksápur« í C flokki. Þessi aðgreining er þó ekki svo mikilsverð, að vert sé að gera örðugleika við tollákvörðun og innheimtu þessarar skiftingar vegna — ef svo væri. Ennfremur

skal á það bent, að réttmætt væri að gera mun á kaffibrauði (sætt kex og kökur) og matarbrauði (skipsbrauði) og er svo gert nú. En vera má að það valdi þeim örðugleik í framkvæmd að það sé ekki tilvinnandi.

F. h. n.

H. Stefánsson.

Til
fjármálaráðuneytisins.

6. Frumvarp

til tollaga.

(Lagt fyrir Alþingi 1931).

1. gr.

Þegar fluttar eru til landsins vörur þær, sem nú skal greina, ber að greiða af þeim gjöld til ríkissjóðs þannig:

1. Af allskonar ölí, límonaði og öðrum samskonar óáfengum drykkjum, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, kr. 0,40 af hverjum lítra.
2. Af Sherrý, portvíni og malaga kr. 2,50 af hverjum lítra.
3. Af kognaki og vínanda með 8° styrkleika eða minna, kr. 3,75 af hverjum lítra, yfir 8° og allt að 12° styrkleika kr. 5,00 af hverjum lítra, yfir 12° og allt að 16° styrkleika kr. 6,25 af hverjum lítra.

   Af vínanda, sem aðfluttur er til eldsneytis eða iðnaðar og gerður er óhæfur til drykkjar undir umsjón yfirvalds kr. 2,50 af hverjum lítra og af ilmvötnum og hárlyfjum, sem vínandi er í, kr. 5,00 af hverjum lítra.
4. Af rauðvíni, ávaxtasafa, súrum berjasafa og öðrum slíkum áfengum eða óáfengum drykkjum, sem ekki eru taldir í öðrum liðum, kr. 1,25 af hverjum lítra.
5. Af sódavatni kr. 0,10 af hverjum lítra.

   Ef vörutegundir þær, sem taldar eru í tölulíðunum 2., 3., 4. og 5., eru innfluttar í ílátum, sem rúma minna en lítra, skal greiða sama gjald af hverjum $^3/_4$ lítra sem af lítra í stærri ílátum.
6. Af óunnu tóbaki kr. 5,00 af hverju kg.
7. Af allskonar unnu tóbaki, neftóbaki, munntóbaki og reyktóbaki, kr. 6,00 af hverju kg.
8. Af tóbaksvindlum og vindlingum (cigarettum) kr. 16,00 af hverju kg.

   Vindlingar skulu tollaðir að meðtöldum pappírnum, öskjum og dósum, sem þeir eru seldir í.
9. Af kaffibæti allskonar 75 aura af hverju kg,
10. Af óbrenndu kaffi 60 aura af hverju kg.

11. Af allskonar brenndu kaffi 80 aurar af hverju kg.
12. Af sykri og sýrópi 15 aura af hverju kg.
13. Af tegrasi kr. 2,00 af hverju kg.
14. Af súkkulaði kr. 1,00 af hverju kg.
15. Af kakaodufti kr. 0,60 af hverju kg.
16. Af öllum brjóstsykurs- og konfekttegundum kr 3 af hverju kg.

Af vörutegundum þeim, sem nefndar eru í töluliðunum 1—5, skal brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meira, talið sem heil tolleining en minna broti skal sleppt. Af vörutegundum í 6—16. lið, ber að reikna tollinn af hálfri tolleiningu, þannig að ¾ og þar yfir telst heil, ¼ allt að ¾ hálf, en minna broti skal sleppt. Tóbaksblöð, sem aðflutt eru undir umsjón yfirvalds og notuð til lækningu á sauðfé, eru undanþegiu tollgjaldi.

Af vörum, sem ætlaðar eru til neyzlu skipverjum sjálfum eða farþegum á því skipi, er vörurnar flytur, skal eigi toll greiða, Á fyrstu höfn, er skipið tekur hér við land og á að sýna skipsskjöl sín eftir gildandi lögum, skal tollheimtumaður eða löggiltur umboðsmaður hans rannsaka skipsforðann og aðrar þær birgðir af tollskyldum vörum, er bryti skipsins eða aðrir menn í skipinu kunna að hafa meðferðis eða umráð yfir, hvort sem þær eru taldar á tollskránni eða sérstakri skrá, eða þær eru hvergi tilfærðar í skipsskjölunum. Bryta skipsins er skylt að láta tollheimtumanui í té skriflegt drengskaparvottorð um allar þær tollskyldar vörur, er hann hefir hönd yfir. Ef skipsforðinn eða umræddar vörubirgðir eru meiri en svo, að ætla megi, að það nægi skipverjum sjálfum eða farþegum á skipinu til neyzlu í því, skal greiða toll af því. sem umfram er, eftir úrskurði tollheimtumanns. Ákvörðun tollheimtumanns um þetta liggur undir úrskurð fjármálaráðuneytisins. Fyrir rannsókn þessa ber tollheimtumanni eða umboðsmanni hans 10 kr., er skipstjóri greiðir.

2. gr.

Merkja skal umbúðir allra tóbakstegunda, hverju nafni sem nefnast, um leið og gerð er grein fyrir tollinum, með álímdum miðum, er fjármálaráðuneytið lætur tollheimtumönnum í té og á er letrað »tollur greiddur«.

Tollheimtumenn eða umboðsmenn þeirra sjá um framkvæmd þessa ákvæðis, og setur fjármálaráðuneytið nánari ákvæði um tollmerkin, ef þurfa þykir.

3. gr.

Tollstjóri er tollheimtumaður í Reykjavík en annarsstaðar lögreglustjórar, Tollinn skal greiða í því lögsagnarumdæmi, þar sem varan er flutt úr skipi, eða að því er lausakaupmenn snertir, þar sem skipið á fyrst að sýna skipsskjöl sín, eftir gildandi lögum. Það skal greitt í peningum eða með ávísun, stíluðri upp á borgun við sýningu, á banka eða peningastofnanir í Reykjavík. Til þess að ákveða gjaldið, skal fara eftir tollskrá skipsins eða farmskrá, farmskírteinum eða öðrum skipsskjölum, er snerta hinar tollskyldu vörur. svo og innkaupsreikningum, sem innflytjanda er skylt að sýna tollheimtumanni er hann krefst þess.

4. gr.

Hinar tollskyldu vörur má eigi byrja að flytja úr skipi fyr en skipstjóri eða afgreiðslumaður hefir skilað tollheimtumanni öllum skjölum, er snerta skipsfarminn, og látið fylgja skriflegt vottorð frá skipstjóra upp á æru og samvizku um það, að eigi séu í skipinu aðrar eða meiri tollskyldar vörur til þess staðar en þær, er tilfærðar eru á tollskránni eða farmskránni, og þær sem hann þá samstundis skýrir frá, að ætlaðar séu skipverjum eða farþegum til neyzlu í því, og skal það tilgreint annaðhvort á tollskránni eða sérstakri skrá yfir skipsforðann. Sé afferming byrjuð áður en fullnægt er fyrirmælum greinar þessarar, verður skipstjóri sekur um allt að 1000 kr.

5. gr.

Eigi má án samþykkis tollheimtumanns afhenda viðtakendum tollskyldar vörur, fyr en tollgjaldið er greitt. Brot gegn þessu fyrirmæli varðar sektum, allt að 1000 krónum, á hendur skipstjóra eða á hendur afgreiðslumanni skipsins, ef hann er þar á staðnum. Auk þess ber skipstjóri eða afgreiðslumaður ábyrgð á greiðslu tollsins af hinum afhentu vörum á sama hátt og segir um viðtakanda í 10. gr. Hafi vörurnar verið afhentar viðtakanda, án samþykkis tollheimtumanns, eða áður en hann hefir fengið kvittun tollheimtumanns fyrir því, að gjaldið sé þegar greitt: þá er viðtakandi skyldur til að skýra tollheimtumanni frá þessu þegar í stað, í síðasta lagi innan 3 daga frá því, að hann tók við vörunum. og greiði gjaldið um leið, ef það er eigi þegar gert. Um fastar verzlanir gilda þó fyrirmæli laga 16. nóvbr. 1907 um tollvörugeymslu og tollgreiðslufrest, en að öðru leyti er tollurinn fallinn í gjalddaga, þegar skip það, er vörurnar flytur, hefir hafnað sig þar, er gjaldið á að greiða.

6. gr.

Tollheimtumaður hefir vald til þess, hvenær sem vera skal, að heimta af hverjum manni í umdæmi sínu, er ástæða þykir til að ætla, að fái gjaldskyldar vörur frá útlöndum, skriflegt vottorð, að viðlögðum drengskap, um hvort hann hafi fengið þesskonar vörur, og ef svo er, hverjar og hve mikið af þeim. Svo getur hann og krafist, að viðtakendur sýni innkaupsreikninga þá er vörunar snerta.

Tregðist nokkur við að gefa vottorð þau, sem um ræðir í þessari grein eða sýna innkaupsreikninga sína, má þvinga hann til þess með dagsektum allt að 60 kr. á dag, og getur tollheimtumaður tiltekið sektirnar í bréfi til viðtakanda.

7. gr.

Í tollskrám skipa og farmskrám skal tilgreina styrkleik vínfanga þeirra sem talin eru í 3. tölulið 1. greinar þessara laga, nema vínföngin flytjist í flöskum, er taki $^3/_4$ lítra eða minna. Sé það eigi tiltekið, skal tollgreiðandi greiða hæzta gjald, nema hann á sinn kostnað láti rannsaka hinar aðfluttu vörur og fái vottorð tollheimtumanns um styrkleika þeirra.

Að því er snertir vörur þær, er taldar eru í töluliðunum 6.—16. í 1.

grein, skal þyngd þeirra tilgreind á tollskrám og farmskrám skipanna. Sé ógreinilega sagt frá um tollskyldar vörur á tollskránni eða farmskránni eða ef skýrslurnar þar að lútandi eru eigi fullnægjandi, eða sé ástæða til að rengja, að rétt sé skýrt frá, má tollheimtumaður eða umboðsmaður hans láta rannsaka farminn og hafa eftirlit með affermingu svo sem með þarf. Kostnað þann, er af þessu leiðir, skal ríkissjóður greiða, ef skýrslurnar reynart nákvæmar, en ef þær reynast ónákvæmar, fellur kostnaður á skipseiganda, eða ef nauðsyn krefur, á þá, er við vörum taka. Annars má tollheimtumaður, hvenær sem honum þykir þurfa, láta telja vörur úr skipi, en ekki ber skipseigandi kostnað við það, nema skrár reynist rangar við talninguna.

8. gr.

Hver maður, sem fær böggulsendingar fluttar með pósti frá útlöndum, er skyldur að láta í té skriflegt vottorð, að viðlögðum drengskap, um hvort sendingar hafi inni að halda tollskyldar vörur, og ef svo er, hverjar og hve mikið af þeim. Eigi mega póstmenn án samþykkis tollheimtumanns afhenda viðtakendum slíkar sendingar, fyr en tollgjaldið er greitt. Sé um tóbakstegundir að ræða, skulu póstmenn afhenda slíkar sendingar tollheimtumanni til merkingar samkvæmt 2. gr.

9. gr.

Nú verður maður uppvís að því, að hafa sagt rangt til um gjaldskyldar vörur, sem hann hefir innflutt eða veitt móttöku, eða gefið ranga yfirlýsing þar að lútandi, eða eigi skeytt því, að skýra tollheimtumanni frá tollskyldum vörum, er hann hefir innflutt eða tekið við, innan þess tíma er segir í 5. gr., og skal hann þá sæta sektum allt að 3000 krónum, og gjaldi auk þess þrefalda þá upphæð gjaldsins, er hann hefir reynt að draga undan.

Við ákvörðun sektanna skal taka sérstakt tillit til þess, hvort viðtakandi hefir haft ástæðu til að álíta, að tollheimtumaður hefði af tollskrá eða öðrum slíkum skilríkjum fengið vitneskju um vöru þá, sem um er að ræða.

10. gr.

Hinar aðfluttu tollskyldu vörur skulu vera að veði fyrir tollinum og sektunum, og hefir eigandi ekki rétt til að ráða yfir þeim, fyr en búið er að greiða gjöld þessi. Veðrétturinn helzt eins, þótt vörurnar hafi verið afhentar viðtakanda. Séu ekki tollskil gerð samkvæmt lögum þessum, hefir tollheimtumaður vald til að selja vörurnar, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar tolli og sektum. Það skal gera á uppboði, er boðað sé með viku fyrirvara, og má tollheimtumaður krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til vöru þeirrar, er tollinn átti af að greiða, og má þá án undanfarandi birtingar, gera lögtak fyrir tolli og sektum í öðrum eigum viðtakanda, og selja hið lögtekna á sama hátt og að framan greinir um hina tollskyldu vöru.

11. gr.

Verði sú raun á, þegar tollskyldar vörur eru fluttar til landsins, að nokkuð af þeim hafi ónýzt eða rýrnað, vínföng lekið niður, eða vörurnar hafi

með einhverju móti farið forgörðum á leiðinni, eða við uppskipun, skal ekkert gjald greiða af því, sem farist hefir, ef eigandi eða umboðsmaður hans sanna með vottorði tollheimtumanns eða umboðsmanns hans, að tollskráin eða farmskráin telji meira en viðtakandi fær. Þegar sjóskemmdar tollvörur eru seldar á uppboði, skal tollurinn greiðast fyrirfram af uppboðsverðinu, og fáist eigi svo hátt boð, sem tollinum nemur, þá greiðist í toll það, sem uppboðsandvirðið nemur að kostnaði frádregnum.

12. gr.

Með mál, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Sektir allar eftir 4. og 5. gr. renna í ríkissjóð. Hið sama er um sektir eftir 6. og 9. gr., nema einhver hafi komið því til leiðar með frásögn sinni, að tollsvikin komust upp og fær hann þá helming sektanna.

14. gr.

Fyrir tollheimtum og sektum eftir lögum þessum skal tollheimtumaður gera reikninga samkvæmt reglum þeim, sem settar eru eða settar verða um opinber reikningsskil.

15. gr.

Nú er tollskyld vara, er tollgjald hefir verið greitt af, flutt út úr landinu aftur, og getur útflytjandi þá fengið hjá tollheimtumanni skírteini þar að lútandi. Ef hann síðan skilar því skírteini aftur, með áritun útlendrar tollstjórnar um það, að vara sú, sem ræðir um í skírteininu, sé þangað innflutt, þá skal endurgreiða honum tollinn. Þó er ekki skylt að endurgreiða tollinn, ef lengri tími en eitt ár liður frá því að varan var flutt hingað til lands þar til hún hefir verið flutt úr landinu aftur.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1932 og falla samtímis úr gildi þau lög, sem hér segir:

Tollllög nr. 54, 11. júlí 1911, að því leyti sem þau eru ekki áður úr gildi feld.

Lög nr. 41, 27. júní 1921, um breytingu á 1. gr. tolllaga nr. 54, 11. júlí 1911.

Lög nr. 2, 27. marz 1924, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

Lög nr. 48, 27. júní 1925, um breyting á lögum nr. 41, 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tolllaga nr. 54, 11. júlí 1911, og viðauka við þau lög.

Lög nr. 26, 19. maí 1930, um breyting á lögum nr. 36, 7. maí 1928 (Gengisviðauki).

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fjármálaráðuneytinu hefir frá milliþinganefndinni í tolla- og skattamálum borist frumvarp til tollaga. Hefir milliþinganefndin dregið saman í frumvarpið öll núgildandi lagaboð um toll af munaðarvöru, þar á meðal lagaákvæðin um gengisviðauka á þeim tollum. Hefir nefndin lagt það til í frumvarpi sínu, að lögin um gengisviðauka verði feld úr gildi að öllu leyti og tollarnir hækkaðir sem gengismuninum svarar, þó með ofurlitilli lækkun á einum tolllið og smávægilegri hækkun á fimm tollliðum, eins og nánar er gert grein fyrir í athugasemdum nefndarinnar við frumvarp hennar. Þessar athugasemdir milliþinganefndarinnar eru prentaðar sem fylgiskjal með lagafrumvarpi þessu.

Milliþinganefndin hefir, eins og getið var, lagt það til í tollagafrumvarpi sínu, að gengisviðaukalögin séu felld úr gildi að öllu leyti, einnig að því er snertir gengisviðauka á vitagjöldum og afgreiðslugjöldum skipa, og hefir nefndin því jafnframt tollagafrumvarpinu sent ráðuneytinu frumvörp til laga um vitagjald og til laga um breyting á 54. gr. aukatekjulaganna, þar sem þessi gjöld hvvrutveggju eru hækkuð um það, sem gengisviðaukanum nemur. Bæði þessi lagafrumvörp milliþinganefndarinnar verða lögð fyrir Alþingi af fjármálaráðherra.

Í tollagafrumvarpi þessu er alveg farið eftir tillögum milliþinganefndarinnar að því er bæði tollliðina og tollupphæðirnar á hverjum lið snertir. Af frumvarpinu má, eins og milliþinganefndin víkur að í athugasemdum sínum, vænta ofurlítils tekjuauka fyrir ríkissjóð, þó reyndar hafi minkað mjög mikið innflutningur undanfarin ár á sódavatni og öli, sem tollur hækkar dálíið á, og af vörum í hinum þrem liðunum, sem tollur er hækkaður á, hefir ávalt verið flutt tiltölulega lítið inn, en hinsvegar kemur kakaótollurinn til lækkunar, en af því er flutt töluvert inn. Að því er snertir hin önnur ákvæði frumvarpsins, til tryggingar tollheimtunni, sem aðallega eru tekin úr tollögunum frá 1911, hefir ráðuneytið samrýmt þau, eftir því sem við á, við nýrri lagaákvæði og tilsvarandi ákvæði í lagafrumvarpinu um verðtoll, sem lagt verður einnig fyrir Alþingi.

Fylgiskjal.

Athugasemdir milliþinganefndarinnar í tolla- og skattamálum við tollagafrumvarp nefndarinnar.

Milliþinganefndin í skattamálum hefir tekið til athugunar tollögin og orðið á það sátt, að rétt sé að færa tollög þau, sem nú gilda, saman í eina heild. Gengisviðaukinn, sem lögleiddur var 1924 hefir verið framlengdur með ýmsum breytingum til ársloka 1932 og engar líkur til að ríkissjóður geti þá án hans verið. Það er yfir höfuð að tala ekki ólíklegt, að skoða verði gengisviðaukann sem fastan lið í tollögggjöfinni fyrst um sinn að minnsta kosti. Það hefir því þótt rétt, um leið og tollögin eru færð saman í eina heild, að bæta gengismuninum

við tollinn sem áður var og yrði þá framvegis ekki gerður greinarmunur á hinum eiginlega tolli og gengisviðaukanum.

Að því er ákvörðun tollsins snertir, þá hefir ekki þótt fært að hækka tollana svo nokkru verulegu nemi. Vínfangatollinn þótti tilgangslaust að hækka, þar sem ríkiseinkasala er á vínum og öðru áfengi, sem leyfilegt er að flytja til landsins. Tóbakstollurinn er svo hár síðan hann var hækkaður 1925, að ekki þykir fært að hækka hann meira. Það hefir einnig orðið ofan á að láta kaffi- og sykurtollinn halda sér, eins og hann er nú, þótt gengisviðaukinn á þessum vörutegundum hafi áður verið feldur niður.

Yfirleitt er það því svo, að frv. þetta gerir ráð fyrir sem næst jafnháum tolli og nú er, að meðtöldum gengisviðauka, þar sem um hann er að ræða. Eftir frv. er enginn tollur lækkaður nema tollurinn á kakaódufti. Hann er nú með gengisviðauka 63 aurar á kílógram, en frumvarpið gerir ráð fyrir að hann verði 60 au., og er þetta þýðingarlaust atriði að kalla fyrir ríkissjóð. Tollur á tei er aftur á móti hækkaður úr kr. 1,88 í 2 kr., tollur á súkkulaði úr 94 au. í 1 kr. og tollur af brjóstsykri og konfekt úr kr. 2,50 í 3 kr. og verður af þessu dálítill tekjuauki fyrir ríkissjóð. Tollur á öli er hækkaður úr 38 au. í 40 au. pr. lítra og af sódavatni úr 8 au. í 10 au. pr. lítra.

Í frv. er að öðru leyti ekki gerð nema svo lítil breyting á gildandi tollögum, að engin ástæða er til að gera athugasemdir um sérstakar greinar frumvarpsins. Þess er þó rétt að geta, að sektir eru hækkaðar, enda eru ákvæðin um þær síðan 1911.

7. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 27, 27. júní 1921, um aukatekjur ríkissjóðs.

(Lagt fyrir Alþingi 1931.)

1. gr.

54. gr. laganna orðist svo:

Fyrir að rita á skjöl verzlunarskipa, vöruskipa og mannflutningaskipa og fyrir að láta af hendi þau skilríki, sem skipin eiga að fá hér á landi, skal greiða kr. 1,25 af hverri smálest af rúmi skipsins, þannig að ½ smálest eða þar yfir ber að telja heila smálest, en sleppa því sem er minna en ½ smálest. Gjald þetta skal greiða á hinni fyrstu höfn á landinu, er skipið tekur, til þess að taka á móti vörum eða fólki, eða til þess að skipa upp vörum eða skjóta fólki í land. Nú kemur skipið á aðrar hafnir í sömu ferðinni og skal þá eigi greiða gjald á þeim höfnum fyrir að rannsaka og rita á skjöl þess, eða fyrir nýjar farmskrár, þar með talin löggilding vöruskoðunarvotta.

Skip sem skrásett eru í Danmörku og koma hingað eingöngu til fiskveiða, skulu greiða kr. 1,25 gjald af hverri smálest á fyrstu höfn er þau taka, þó ekki nema einu sinni á ári.

Önnur útlend skip, sem koma hingað eingöngu vegna fiskveiða skulu greiða 65 au. af hverri smálest á fyrstu höfn, er þau taka, þó eigi nema einu sinni á ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1932.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Út af því að milliþinganefndin í tolla- og skattamálum lagði það til í frumvarpi sínu til tolllaga, sem lagt verður fyrir Alþingi, að lögin um gengisviðauka séu úr gildi felld, en í þeim lögum er meðal annars heimilað, að innheimta afgreiðslugjöld af aðkomuskipum, samkvæmt 54. gr. aukatekjulaganna nr. 27, 27. júní 1921, með gengisviðauka, hefir meiri hluti milliþinganefndar samið og sent fjármálaráðuneytinu frumvarp til laga um breyting á téðri grein aukatekjulaganna. Í greinargerð sinni við frumvarpið segir nefndin þetta:

„Gengisviðaukinn, sem lögleiddur var með lögum nr. 2, 27. marz 1924, náði til afgreiðslugjalda skipa, sem greiðast eiga samkv. 54. gr. aukatekjulaganna og með því að lagt er til í tollafrv. frá nefndinni, að hin fyrnefndu lög verði úr gildi numin, en það hinvegar þykir ekki fært, að rýra tekjur ríkissjóðs af gjöldum þessum, hefir sama ráð verið tekið um afgreiðslugjaldið og tollana, að hækka það, sem svarar gengisviðaukanum. Þó skal það tekið fram, að frumv. þetta gerir ráð fyrir, að gjaldið af smálest útlendra skipa, annara en danskra verði 65 au., en það er nú að meðtöldum gengisviðauka 63 au. Að öðru leyti felur frumv. ekki í sér neinar breytingar frá því sem nú er".

Lagafrumvarp það, sem hér liggur fyrir, er alveg samhljóða frumvarpi milliþinganefndarinnar. Þess skal getið, að mismuninum milli gjaldsins af dönskum og öðrum útlendum fiskiskipum er haldið í frumvarpinu eins og í núgildandi lögum vegna ákvæðanna í 6. gr. 4. mgr. sambandslaga nr. 39, 30. nóvbr. 1918, enda mun afgreiðslugjaldið af dönskum fiskiskipum hafa á sínum tíma verið ákveðið í aukatekjulögunum með hliðsjón af því, að það væri sambærilegt við lestagjaldið af íslenzkum fiskiskipum, og þrátt fyrir mismuninn á afgreiðslugjaldinu verða dönsk fiskiskip sízt ver sett að því er skipagjöld yfirleitt snertir en önnur útlend fiskiskip, því vegna nefndra ákvæða í sambandslögunum greiða dönsku fiskiskipin vitagjald hér aðeins einu sinni á ári, en þau útlendu í hvert sinn, er þau koma hingað frá útlöndum, enda koma dönsku fiskiskipin, sérstaklega þau færeysku, hingað frá útlöndum venjulega oftar en einu sinni á ári.

8. Frumvarp

til laga um vitagjald o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi 1931).

1. gr.

Fyrir hvert skip, sem hefir fullkomið þilfar eða gangvél og tekur höfn hér á landi eða haldið er úti frá landinu, skal greiða gjald til vita, sjómerkja og til mælinga siglingaleiðum, er nemur kr. 1,25 af hverri smálest af rúmmáli skipsins, og skal hálf lest og þaðan af stærra brot talin heil, en minna broti slept. Skemmtiferðaskip, sem flytja engan farm fyrir borgun, annan en farþega, skulu þó aðeins greiða 50 aura gjald af hverri smálest.

Undanþegin gjaldi þessu eru herskip og skip, sem leita hafnar í neyð, en taka engan farm í landi né úr öðrum skipum, né heldur flytja farm í land eða önnur skip, enda hafi sannast í sjóprófi eða á annan hátt, að þau hafi verið í nauðum stödd af árekstri, sjóskemmdum, veikindum, farmskekkju eða ófriði.

Gjald þetta skal greiða í hverri ferð, er skip kemur frá útlöndum, og skal það innt af hendi á fyrstu höfn, sem skipið tekur hér við land. Skip, sem aðeins eru höfð til innanlandssiglinga eða haldið er úti til fiskjar af landsmönnum, greiða gjald þetta einu sinni á ári, þó aldrei minna en kr. 12.50. Árgjaldið greiðist í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett.

Ríkisstjórnin hefir heimild til að semja við stjórnir annara ríkja um gjald þetta fyrir fiskiskip, sem þaðan eru gerð út til fiskveiða hér við land.

2. gr.

Gjald það, sem um ræðir í 1. gr., rennur í ríkissjóð og innheimtir það tollstjórinn í Reykjavík, en annarsstaðar lögreglustjórar eða umboðsmenn þeirra. Þegar umboðsmenn lögreglustjóra innheimta gjald þetta af erlendum fiskiskipum á stöðum, þar sem lögreglustjóri er ekki búsettur, ber innheimtumanni 20% af gjaldinu.

Skipstjóri er skyldur að sýna innheimtumanni dagbók skipsins.

3. gr

Brot gegn lögum þessum varða skipstjóra 30—600 kr. sektum til ríkissjóðs, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

4. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1932 og falla samtímis úr gildi þessi lög:

Lög nr. 17, 11. júlí 1911, um vitagjald, að því leyti sem þau eru ekki áður úr gildi felld.

Lög nr. 29, 28. nóv. 1919, um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. júlí 1911.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi því til tolllaga, sem samkvæmt tillögum milliþinganefndarinnar í tolla- og skattamálum verður lagt fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir því, að lögin um gengisviðauka, meðal annars af vitagjaldi, verði úr gildi felld, en eins og getur í athugasemdunum við tolllagafrumvarpið hefir fjármálaráðuneytinu borizt frá milliþinganefndinni frumvarp til laga um vitagjald o. fl., þar sem núgildandi lagaákvæði um vitagjald eru tekin upp í eina heild og bætt inn í frumvarpið beinum ákvæðum um, að gjaldið sé ætlað til vita, sjómerkja og til mælinga á siglingaleiðum. Gjaldið er í frumvarpinu ákveðið eins og það er nú að viðbættum gengisviðaukanum. Lagafrumvarp það, sem hér liggur fyrir, er alveg samhljóða frumvarpi milliþinganefndarinnar og eru athugasemdir nefndarinnar við frumvarpið prentaðar sem fylgiskjal hér á eftir.

Fylgiskjal.

Athugasemdir milliþinganefndarinnar í tolla- og skattamálum við frumvarp nefndarinnar til laga um vitagjald o. fl.

Gengisviðaukinn, sem lögleiddur var með lögum nr. 2, 27. marz 1924, náði til vitagjaldsins og með því að lagt er til í tollafrv. frá nefndinni, að þau lög verði úr gildi numin, en það hinsvegar þykir ekki fært að rýra tekjur ríkissjóðs af gjaldi þessu, hefir sama ráð verið tekið um þetta gjald og tollana, að hækka það sem svarar gengisviðaukanum og jafnframt taka lögin, sem snerta gjald þetta, saman í eina heild.

Gjald þetta er einkum ætlað til að standast kostnað ríkissjóðs af vitum landsins, eins og kunnugt er. Og í flokk með vitum virðist í þessu efni mega setja sjómerki og mælingar á siglingaleiðum. Mjög sennilegt er, að á næstu árum verði talsverðu fé varið úr ríkissjóði til slíkra mælinga og meðal annars af þeiri ástæðu þykir ekki fært að lækka gjald þetta, þótt það sé óneitanlega hátt. Með tilliti til þessa er orðalag 1. gr. frv. þannig, að það kemur skýrt í ljós, að gjaldið sé einnig tekið í þeim tilgangi að standast kostnað af mælingum siglingaleiða.

Annars eru breytingar þær, sem frv. ráðgerir á gildandi lögum ekki þannig vaxnar, að sérstaklega þurfi um þær að ræða.

Vitagjald mun fyrst hafa verið lögleitt hér á landi 1878, er Reykjanesvitinn var byggður, en síðan hefir gjaldinu verið mjög oft breytt. Með lögum nr. 20, 10. okt. 1879 var gjaldið ákveðið 20 au. af smálest skipa, sem tóku höfn milli Reykjaness og Öndverðarness, en 15 au. ef þau tóku höfn annarsstaðar við

land. Með lögum nr. 51, 16. nóv. 1907 var gjaldinu breytt þannig, að það varð 20. au. af smálest hvar sem skip hafnaði sig hér við land, og stóð svo þar til vitagjaldið var fært upp í 25 au. af smálest með lögum nr. 17, 11. júlí 1911. Vitagjaldalögunum var breytt nokkuð með lögum nr. 52, 10. nóv. 1913, en ekki var vitagjaldið þó hækkað. Með lögum nr. 55, 26. okt. 1917 var gjaldið aftur á móti hækkað í 40 au. af smálest, og enn var það hækkað með lögum nr. 29, 28. nóv. 1919 í 1 kr. af smálest. Þau lög gilda enn, en með lögum nr. 2, 27. marz 1924 var ákveðið að taka gengisviðauka á vitagjaldinu og við það hækkaði það í kr. 1.25 fyrir smálest hverja.

9. Frumvarp

til laga um ríkisbókhald og endurskoðun.

(Lagt fyrir Alþingi 1931).

I. KAFLI.

Skilgreining hugtaka.

1. gr.

Ríkisbókhald nefnist í lögum þessum allt það bókhald, sem ríkisbókara er falið.

Ríkisstofnun er í lögum þessum talin hver sú stofnun, sem rekin er fyrir reikning ríkissjóðs.

Reikningshaldari er nefndur hver sá starfsmaður ríkisins, sem hefir með höndum opinber reikningsskil (sbr. Auglýsingu um reglugerð um opinber reikningsskil frá 11. des. 1929).

Reikningsráð nefnist í lögum þessum nefnd 3ja manna, skipuð aðalbókara ríkisins, aðalendurskoðanda fjármálaráðuneytisins, ásamt einum endurskoðunarfróðum manni, sbr. 16. gr.

II. KAFLI

Ríkisbókhald.

2. gr.

Í ríkisbókhaldinu skal bókfæra eftir reglum tvöfaldrar bókfærslu öll fjárviðskipti íslenzka ríkisins. Viðskiptin skal bókfesta samkvæmt gögnum frá ríkisféhirði um út- og innborganir, er hann afhendi bókhaldinu daglega, og samkvæmt tilkynningum fjármálaráðuneytisins, reikningum og skilagreinum frá ríkisstofnunum, reikningshöldurum og öðrum þeim, sem hafa fjármuni rík-

isins í vörzlu eða annast útborganir, innheimtu eða önnur viðskipti fyrir þess hönd. Ríkisstofnanir og umboðsmenn þeir, sem að framan getur, eru skyldir að hafa fullkomið bókhald yfir þær fjárreiður ríkisins, sem þeim er falið að annast, og haga skilagreinum og reikningum til ríkisbókhaldsins svo, sem fjármálaráðuneytið fyrirskipar, að fengnum tillögum reikningsráðs. Fjármálaráðuneytið getur og sett, að fengnum tillögum reikningsráðs, reglur um hversu bókhaldi ríkisstofnana og opinberra reikningshaldara skuli hagað.

3. gr.

Allar meiri háttar ríkisstofnanir skulu bókfæra í sínum bókum allar þær ríkiseignir, er þær hafa undir höndum, og skuldir, sem þeim er beinlínis ætlað að standa straum af.

Efnahagsreikningar stofnana þessara séu felldir inn í ríkisbókhaldið, og þá jafnframt inn á aðalreikning ríkisins yfir eignir og skuldir.

Allar þær eignir og skuldir ríkisins, sem ekki eru bókfærðar hjá einstökum ríkisstofnunum samkvæmt framansögðu, skulu færðar í bókum ríkisbókhaldsins.

Fjármálaráðuneytið segir fyrir um, að fengnum tillögum reikningsráðs, hverjar ríkisstofnanir skuli bókfæra eignir og skuldir samkvæmt þessari grein.

Fjármálaráðuneytið ákveður í samráði við forstöðumenn ríkisstofnana með hvaða verði eignir ríkisins skuli bókfærðar.

4. gr.

Bækur ríkisbókhaldsins skulu færðar þannig, að samkvæmt þeim verði saminn, í lok reikningsárs, Ríkisreikningur Íslands. Reikningi þessum sé þann veg fyrir komið, að af honum verði séð rekstursniðurstaða þjóðarbúsins. Sé þess vandlega gætt, til þess, að því marki verði náð, að gera greinarmun á raunverulegum tekjum og gjöldum og öðrum viðskiptum, sem ekki hafa áhrif á rekstursútkomuna.

Þessir séu lokakaflar í Ríkisreikningi Íslands:

1. Rekstursreikningur, er sýni rekstursniðurstöðu þjóðarbúsins. Þar skal tilgreind fyrning á eignum ríkisins.
2. Sjóðyfirlit, er sýni breytingar á peningaforða ríkissjóðs og af hvaða ástæðum þær hafa orðið.
3. Efnahagsreikningur, er sýni eignir og skuldir ríkisins í lok reikningsársins.

Ennfremur fylgi efnahagsreikningi yfirlit um ástæður til breytinga á skuldlausri eign.

Hinn sundurliðaði hluti ríkisreikningsins skal saminn í samræmi við fjárlög, og skulu framannefndir yfirlitsreikningar samdir samkvæmt honum.

5. gr.

Fjárlög skulu samin í tveim köflum. Í fyrri kaflanum séu áætlanir og fjárveitingar tekna og gjalda, og eru niðurstöðutölur þess kafla ríkisreiknings færðar á rekstursreikning. Í síðari kafla skulu færðar fjárveitingar og áætlanir,

sem ekki hafa áhrif á rekstursútkomu, og skulu niðurstöðutölur þess kafla í ríkisreikningi færðar á sjóðyfirlit.

Með fjárlögum sé ákveðin fyrning á eignum ríkisins.

6. gr.

Forstöðumaður ríkisbókhaldsins nefnist ríkisbókari, og skal hann skipaður af fjármálaráðherra. Ber hann ábyrgð á því, að störf stofnunarinnar séu leyst af hendi sem vera ber samkvæmt lögum þessum og reglum þeim, sem settar verða um þau efni. Ennfremur ber ríkisbókhaldinu að gæta þess í samvinnu við ríkisendurskoðunina, að ríkisstofnanir og umboðsmenn ríkisins fylgi í öllu fyrirmælum um reikningsskil þeirra, sem sett eru með lögum þessum eða síðar kunna að verða sett með lögum, reglugerðum eða öðrum bindandi fyrirmælum.

Ríkisbókari hefir sömu laun og ríkisféhirðir.

7. gr.

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um starfstilhögun í ríkisbókhaldinu, og um samvinnu þess við ríkisféhirði, að fengnum tillögum reikningsráðs. Einnig ákveður ráðuneytið hver aðstoð ríkisbókara er veitt við störf hans.

Fjármálaráðherra setur ríkisbókara erindisbréf.

III. KAFLI.

Endurskoðun.

8. gr.

Allir reikningar, sem samdir eru samkvæmt framanrituðu, skulu endurskoðaðir. Við endurskoðun þessa ber þess fyrst og fremst að gæta:

1. Að reikningarnir séu tölulega réttir og rétt samdir samkvæmt bókhaldsreglum, og að allir tekju- og gjaldaliðir séu sannaðir með viðeigandi fylgiskjölum.
2. Að greiðslur allar og viðskipti séu í samræmi við gildandi lög og reglur og þar að lútandi samninga.
3. Að engin útgjöld séu innt af hendi án lagaheimildar, að fjárveitingar séu réttilega notaðar samkvæmt fyrirmælum, og að útgjöld, tekjur og aðrir liðir viðskiptanna séu bókfærðir á réttan hátt.
4. Að fulls sparnaðar og hagsýni sé gætt við rekstur þann, er reikningarnir hljóða um.

Að fengnum tillögum reikningsráðs getur fjármálaráðuneytið sett nánari og fyllri fyrirmæli um framkvæmd og tilhögun endurskoðunar.

9. gr.

Endurskoðun á reikningum ríkisstofnana og opinberra reikningshaldara, sem um getur í 2. gr., skal framkvæmd af fjármálaráðuneytinu, svo og endur-

skoðun á reikningum allra þeirra sjóða, sem háðir eru varðveizlu eða eftirliti ríkisins. Þó er fjármálaráðuneytinu heimilt fyrst um sinn að fela mönnum utan ráðuneytisins að endurskoða hjá reikningshöldurum utan Reykjavíkur.

Eftir að lög þessi öðlast gildi, skal um endurskoðun allrar þeirrar reikningsfærslu, er undir grein þessa falla, fara eftir ákvæðum laga þessara.

10. gr

Fjármálaráðuneytinu ber að láta endurskoðunarskýrslu fylgja reikningum þeim, sem það endurskoðar, þegar þeir eru lagðir fyrir yfirskoðunarmenn ríkisreikningsins, sem fylgiskjöl með honum.

Í endurskoðunarskýrslu skal fram tekið, hvernig endurskoðun hefir verið hagað, hverjar athugasemdir hafi verið gerðar, svör við þeim og úrskurðir, ennfremur sérhvað það viðvíkjandi reikningsskilunum eða rekstri, er fjármálaráðuneytið telur rétt að vekja athygli á eða gera athugasemdir um til yfirskoðunarmanna.

11. gr.

Þar sem slíkt þykir henta fer endurskoðun samkvæmt 8. og 9. gr. fram á skrifstofum þeirra stofnana eða einstaklinga, sem í hlut eiga.

12. gr.

Fjármálaráðuneytið getur ákveðið, að fengnum tillögum reikningsráðs, að ríkisstofnanir endurskoði reikninga undirmanna sinna, er gera þeim reikningsskil, enda gefi viðkomandi stofnun ráðuneytinu skýrslu um tilhögun þeirrar endurskoðunar, þegar hún skilar reikningum sínum til ráðuneytisins. Ráðuneytið lætur síðan fara fram dreifikönnun á reikningum þeim, sem þannig hafa verið endurskoðaðir, eftir því, sem ástæða þykir til.

13. gr.

Ríkisreikningurinn og bækur ríkisbókhaldsins skulu endurskoðast af yfirskoðunarmönnum samkvæmt 39. gr. stjórnarskrár konungsríkisins Íslands. Heimilt er þeim að fela fjármálaráðuneytinu að annast þann hlut af endurskoðunarstarfinu, sem um ræðir í 1. tölulið og niðurlagi 3. töluliðar 8. gr. laga þessara.

Yfirskoðunarmenn geta krafizt upplýsinga um hvert það atriði, sem þeim eigi þykir nægilega ljóst í reikninga ríkisins eða bókum ríkisbókhaldsins.

Ennfremur geta þeir lagt fyrir fjármálaráðuneytið að rannsaka nánar hvert það atriði í reikningum þeim, sem ráðuneytið hefir endurskoðað, en eigi þykir nægilega upplýst.

14. gr

Yfirumsjón með allri endurskoðun fjármálaráðuneytisins skal falin einum af endurskoðendum þess, og nefnist hann aðalendurskoðari. Hann skal hafa sérþekkingu á endurskoðun og reikningsfærslu.

Aðalendurskoðari stendur beint undir fjármálaráðherra. Fjármálaráð-

herra skal setja reglur um starf hans og afstöðu í fjármálaráðuneytinu og setja honum erindisbréf.

Aðalendurskoðari skal ennfremur hafa umsjón með störfum ríkisbókhaldsins fyrir hönd fjármálaráðherra eftir því, sem ráðherra nánar ákveður.

Aðalendurskoðari sé skipaður af fjármálaráðherra. Hann hefir í árslaun kr. 6000.00 auk dýrtíðaruppbótar.

15. gr.

Fjármálaráðuneytið lætur framkvæma sjóðtalningu hjá ríkisféhirði, ríkisstofnunum og öðrum þeim, sem hafa fjármuni hins opinbera undir höndum, svo oft sem þurfa þykir, og eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Undir ákvæði þessarar greinar fellur eftirlit með frímerkjaútgáfu og birgðum póstsjóðs.

Þar, sem endurskoðun er hagað samkvæmt 12. gr., getur fjármálaráðuneytið krafizt, að ríkisstofnun láti vottorð um sjóðtalningu hjá undirmönnum sínum fylgja aðalreikningi.

Hafi sami einstaklingur fjárreiður fyrir fleiri en eina ríkisstofnun, skal sjóðtalningu hagað þannig, að samtímis sé taldir sjóðir beggja eða allra stofnananna, annaðhvort af sama endurskoðanda, eða endurskoðendur séu mættir til starfans í sama mund.

16. gr.

Ríkisbókari, aðalendurskoðari fjármálaráðuneytisins ásamt einum bókhaldsfróðum manni, skipuðum af fjármálaráðherra, skipa reikningsráð. Sé það starf þessa ráðs að gera tillögur samkvæmt 2., 3., 7., 8. og 12. gr. laga þessara, og ennfremur að ræða og gera tillögur um nýmæli í endurskoðunar- og bókhaldsfyrirkomulagi ríkisins, sem reynslan kann að gefa tilefni til, og einkum það, er miðar til þess að samræma til hlítar reikningsfærslu hinna ýmsu ríkisstofnana. Ráðið skal halda fundi svo oft, sem tilefni er til og eigi sjaldnar en einu sinni á mánuði. Aðalendurskoðari fjármálaráðuneytisins sé formaður ráðsins. Það telst embættiskylda ríkisbókara og aðalendurskoðara að starfa í ráði þessu, og greiðist þeim því eigi sérstaklega fyrir þau störf.

17. gr.

Fyrir brot gegn ákvæðum laga þessara skal refsað með sektum frá 200—2000 kr., þema þyngri refsingar liggi við samkvæmt öðrum lagaákvæðum. Auk sektarinnar má dæma sökunaut til að hafa fyrirgert stöðu sinni eða embætti, ef brot er ítrekað eða í stórum stíl.

Heimilt er fjármálaráðherra að beita dagsektum við vanrækslu á framkvæmd starfa samkvæmt lögum þessum, allt að 50 kr. á dag, unz úr er bætt.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti almennra lögreglumála.

IV. KAFLI.

Ákvæði um stundarsakir o. fl.

18. gr.

Ríkisreikninga Íslands fyrir 1930 skal semja samkvæmt lögum þessum, að svo miklu leyti sem unnt er, enda þótt þeir verði eigi í fullu samræmi við fjárlög fyrir það ár, en fylgja skulu reikningum svo fullnægjandi skýringar, að fullur samanburður fáist á fjárveitingum og eyðslu, og einnig samanburður við önnur ár.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Frá sama tíma eru úr gildi numin öll ákvæði, er í bága brjóta við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Nú um nokkurt skeið hefir það eigi farið leynt, að reikningsskil íslenzka ríkisins þykja eigi gerð í því formi og með þeim hætti, sem viðunandi megi teljast. Verður þetta meir og meir áberandi, þar sem ríkisbúskapurinn eykst stöðugt. Er ástand þessa máls eigi síður orðið til baga þeim, sem um fjármálin eiga að annast og um þau ákveða fyrir hönd þjóðarinnar, en þjóðinni sjálfri eða þeim hluta hennar, sem fylgjast vill með í fjármálum.

Erum vér Íslendingar nú orðnir langt á eftir nágrannaþjóðum vorum í þessu atriði, og með þeim hætti, að eigi verður lengur við unað, enda eigi ástæða til slíks, þar sem margfallt stærri þjóðir, en vér erum, hafa komið þessum málum sínum í ágætis horf.

Galla landsreikningsins þykir eigi ástæða til að rekja hér í formála greinargerðar þar sem það er gert að nokkru í greinargerðinni fyrir einstökum greinum frumvarpsins.

Nú þegar hefir verið unnin mikil undirbúningsvinna í málinu, og er árangur hennar sá, að nú um nýár var byrjað að færa bækur ríkisbókhaldsins eftir fullkomnum bókhaldsreglum og þar með fenginn grundvöllur undir fullkominn ríkisreikning. Er því frumvarp þetta fram komið til þess að fá lögfest í aðalatriðum fullnægjandi skipulag í þessum málum.

Einnig er það full ljóst, að endurskoðun ríkisins er eigi nógu vel skipulögð. Eru því í frumvarpi þessu ítarleg fyrirmæli um hversu henni skuli fyrir komið. Það liggur í augum uppi, að aldrei verður tryggt fullkomið öryggi um endurskoðun í öllum greinum ríkisrekstursins nema því aðeins, að yfirumsjón með allri umboðslegu endurskoðuninni (þar með stofnana allra, sem beinlínis eru reknar fyrir ríkissjóðs reikning) og endurskoðun þeirra sjóða, sem ríkið hefir í sínum vörzlum, verði lögð undir fjármálaráðuneytið, en eigi sumpart falin ýmsum, sem eru öðrum störfum hlaðnir, sem aukavinna, svo sem hingað til hefir tíðkazt. Aðalbreytingin, sem frumvarpið gerir ráð fyrir á endurskoðuninni,

er því í þessu atriði, og er nánar gerð grein fyrir henni í athugasemdum við einstakar greinar þess.

Um 1. gr.

Til hægðarauka þótti rétt að skýra í upphafi frumvarpsins þau hugtök, er ný mega teljast og fyrir koma í frumvarpinu.

Um 2., 3. og 4. gr.

Efni greina þessara er í svo nánu sambandi, að rétt þykir að gera grein fyrir þeim öllum í senn.

Hingað til hafa því nær eingöngu út- eða innborganir í sjálfan ríkissjóðinn verið færðar í ríkisbókhaldinu og á Landsreikning. Ríkisbókhaldið hefir því í raun réttri aðeins verið sjóð-bókhald (kassa-bókhald) sjálfs ríkissjóðsins. Takmark ríkisbókhalds hlýtur þó að vera, að með því náist yfirlit yfir allan ríkisrekstur inn, að hægt sé að sýna með lokareikningum, sömdum eftir bókum þess, hina raunverulegu rekstursniðurstöðu þjóðarbúsins og efnahag þess.

Þessu takmarki verður hinsvegar aldrei náð með því að bókfæra aðeins inn- eða útborganir. Til þess að réttu takmarki verði náð þarf að færa fullkomið tvöfallt bókhald, sem byggt sé jöfnum höndum á út- og innborgunum og reikningum eða skilagreinum frá ríkisstofnunum og reikningshöldurum. Til þess að sýna þörfina á þessari endurbót ætti að vera nægilegt að benda á, að með því að færa eigi annað til tekna eða gjalda í ríkisreikningi en út- og innborganir, koma tekjur og gjöld oft eigi á rekstursreikning þess árs, sem þau eiga heima á, og er þar með grundvellinum kippt undan samanburði á rekstursútkomu einstakra ára, þar eð eigi fæst rétt rekstursniðurstaða. Ennfremur hefir þessi aðferð í för með sér óhæfilegt ósamræmi á reikningi ríkisins annarsvegar og hinsvegar reikningum þeirra ríkisstofnana, sem gera upp eftir réttum reglum.

Til dæmis um þetta má nefna:

1. Í landsreikningi 1926 eru tekjur af víneinkasölu taldar kr. 200.000.00, en samkv. reikningi Áfengisverzlunarinnar er hagnaðurinn kr. 500.000.00 auk þess, sem lagt er í varasjóð.

Liggur mismunur þessi í því, að í landsreikningi eru aðeins taldar **innborganirnar** frá Áfengisverzluninni, samkv. þeirri venju sem að framan hefir verið drepið á. Er rétt að geta þess einnig, að næsta ár, 1927, tekur Áfengisverzlunin að innborga tekjur fyrra árs, sem teknar eru að losna úr birgðum og útistandandi skuldum, en þá eru innborganir þessar ekki taldar sem tekjur í rekstrarreikningi ríkisins, heldur skoðaðar sem afborganir af rekstrarláni til Áfengisverzlunarinnar. Bendir því allt til þess, að tekjur verzlunarinnar árið 1926 verði aldrei allar taldar til tekna í rekstrarreikningi ríkisins, ekki einu sinni þegar þær innborgast.

2. Í landsreikningi 1925 eru símatekjur taldar kr. 1.468 þús. en í reikningi símans fyrir sama ár eru þær taldar kr. 1.429 þús.

Stafar ósamræmi þetta af því, að meira hefir innborgast af eftirstöðvum fyrri ára hjá landssímanum, en sem nemur eftirstöðvum af tekjum ársins. Í landsreikningi 1929 eru símatekjur taldar kr. 1621 þús., en í reikningi símans

kr. 1786 þús. Eru því taldar kr. ca. 165 þús. lægri í landsreikningi en þær raunverulega voru, vegna þess að eigi hefir sú upphæð verið innborguð fyrr en eftir reikningslok.

Eina ráðið til þess að ráða bót á þessum reikningsvillum verður að bókfæra tekjur og gjöld hvers árs samkvæmt reikningum stofnana og reikningshaldara, enda þótt þau séu eigi að fullu út- eða innborguð í sjálfan ríkissjóðinn. Í þessu skyni eru sett fyrirmæli í 2. gr. um gögn þau, er bókhaldið á að byggjast á.

Sumir kunna að halda því fram, að verði sú aðferð upp tekin, að gjöld og tekjur verði tilfærðar á rekstrarreikning án tillits til þess hvort þær eru til fulls innborgaðar í sjálfan ríkissjóðinn, kunni að leiða af því slælegri framganga um innheimtu til ríkissjóðs frá innheimtumönnum og ríkisstofnunum.

Á þessu er þó sízt meiri hætta en nú, þar sem ætíð verður séð af yfirliti því um peningaforðann, sem gert er ráð fyrir að samið verði (sjá 4. gr. frumvarpsins), hve mikið af tekjum þeim og gjöldum, sem tilfærð eru á rekstrarreikningi, er innborgað eða útborgað, með því að athuga hækkun og lækkun eftirstöðva. Er og rétt að minnast í þessu sambandi, að nú þegar hafa verið sett fyrirmæli um, að gjaldheimtumenn ríkisins skili tekjunum í ríkissjóð a. m. k. mánaðarlega.

Efnahagsreikningur ríkisins hefir til þessa verið mjög ófullkominn, og er það svo augljóst, að eigi getur talizt þörf að benda á sérstök dæmi þessu til sönnunar. Mat á eignum er auðsjáanlega mjög af handahófi, og reikningurinn tekur oft alls eigi þeim breytingum, sem viðskipti ársins gefa tilefni til. Hefir því alls eigi verið hægt að byggja álit um rekstursafkomu ríkissjóðs á eignaaukningu ríkisins samkv. efnahagsreikningi.

Hafa þessir gallar efnahagsreikningsins verið mjög tilfinnanlegir, þar sem hina raunverulegu rekstursniðurstöðu þjóðarbúsins hefir eigi verið unnt að sjá af niðurstöðum reiknings þess, sem nefndur hefir verið rekstursreikningur, og síðar verður minnst. Þarf eigi að fjölyrða um það, að ríkið getur eigi unað við þetta ásigkomulag efnahagsreikningsins. Hið eina, sem leiðir til fullra endurbóta, er að bókfæra allar eignir og skuldir ríkisins í bókum ríkisbókhaldsins.

Eru fyrirmæli um þetta efni í 3. gr. Réttara þótti að stærri ríkisstofnanir bókfærðu sjálfar sínar eignir og skuldir, og væru þær síðan teknar inn í bækur ríkisins samkv. reikningum þeirra.

Segja má með fullum rétti, að rekstursreikningur íslenzka ríkisins hafi hingað til alls eigi sýnt hina raunverulegu rekstursútkomu ríkisbúskaparins. Eins af aðalgöllum hans hefir verið minnst að framan. En höfuðgallinn er þó ótalinn.

Á rekstursreikning hefir verið færður fjöldi upphæða, sem eigi hafa áhrif á rekstursútkomuna. Má nefna framlög til nýbygginga, afborganir lána, keyptar eignir o. fl. o. fl. Aftur á móti er ekki færð fyrning (þ. e. verðlækkun vegna slits, sem ekki verður fyrirgirt með viðhaldi) á eignum ríkisins, sem þó er óhjákvæmilegt, ef hin raunverulega niðurstaða á að sjást. Ýms erlend ríki hafa á undanförnum árum unnið að endurbótum á reikningum sínum og bókfærslu á svipuðum grundvelli og lagður er nú hér með lögum þessum. Hefir aðaláherslan venjulegast verið lögð á það, að komast að fullri niðurstöðu um rekst-

ursútkomu ríkjanna. Hefir í því skyni verið vandlega greint á milli tekna og gjalda og annara viðskipta, og aðeins tekjur og gjöld verið færð á rekstursreikninga. Önnur viðskipti koma fram á sjóðyfirliti því, sem um getur í 4. gr., og er þar hægt að sjá til hlítar allar út- og innborganir og aðrar færslur, sem eigi koma fram á rekstursreikningi, og ennfremur greiðslujöfnuð sjálfs ríkissjóðsins. Er því eigi nein hætta á, að erfiðar gangi að fylgjast með greiðslujöfnuði ríkissjóðs með þessu fyrirkomulagi, en því, sem verið hefur. Gert er einnig ráð fyrir, að á rekstursreikning verði færð fyrning á eignum ríkisins, til þess að reikningurinn nái að fullu tilgangi sínum. Eigi þurfa að verða vandkvæði á að komast að niðurstöðu um, hver sé rétt fyrning á eignum ríkisins, fremur en einkafyrirtækja, sem gera fyrir fyrningu við uppgjör sín. Leiki vafi á, er gert ráð fyrir, að fyrning verði ákveðin í samráði við forstöðumenn og sérfræðinga í hverri grein ríkisrekstursins.

Í 4. gr. eru taldir þeir kaflar í ríkisreikningunum, sem sýna eiga niðurstöður og gera yfirlit um rekstur ríkisins og hag þess. Hefir þeirra nú þegar verið minnzt. Gert er einnig ráð fyrir því, að birt verði yfirlit um ástæður til breytingar skuldlausrar eignar. Er þetta mjög nauðsynlegt. Eins og reikningum verður hagað samkv. hinu nýja skipulagi verður niðurstaðan oftast sú, að aukning eða rýrnun skuldlausra eigna verður jöfn halla eða afgangi á rekstursreikningi. En þó geta legið orsakir til þess, að þetta verði eigi alltaf svo, og er þá nauðsynlegt að yfirlitsreikningur fylgi til skýringar.

Sem dæmi má nefna: Eignir séu seldar hærra verði en þær voru bókfærðar, án þess að rétt sé að telja muninn með tekjum á rekstursreikningi. Eignir hækki í verði, og því bókfært verð þeirra hækkað o. s. frv. o. s. frv.

Eins og getið var í formála greinargjörðar hefir nú þegar verið lagður fullkominn grundvöllur að því skipulagi, sem ráð er fyrir gert í 2., 3. og 4. gr., en rétt þótti, að lög yrðu sett um þetta efni, sem tryggðu fullkomið skipulag til frambúðar. Er að þessu leyti farið að dæmi annara þjóða.

Um 5. gr.

Vegna nýbreytni þeirrar á reikningsskilum, sem gert er ráð fyrir í 2., 3. og 4. gr., og gerð hefir verið grein fyrir, er nauðsynlegt að komið sé á breytingu á fjárlögum. Þykir rétt að hafa fyrirmæli um þetta í lögum, til þess að tryggja samræmi í formi laga og reikningsskila í höfuðdráttum. Aðalbreytingin er sú, að í sérstökum kafla í fjárlögum séu hafðar allar fjárveitingar og áætlanir, sem eigi hafa áhrif á sjálfa rekstursútkomu ríkisins, svo sem: nýbyggingar, afborganir lána, lánveitingar o. fl. o. fl., og ennfremur að ætlað sé fyrir fyrningu á eignum ríkisins í fjárlögum. Er það atriði ómissandi til þess, að ekki verði breytt niðurstöðum reikninga með því að breyta þeim færslum eftir því, sem á stendur. Fjárlagafrumvarp það fyrir 1932, sem nú liggur fyrir Alþingi, er samið eftir þessum reglum. Er auðséð á því, að eigi missist neitt yfirlit um greiðslujöfnuð ríkissjóðs við notkun þessa forms. Mismunurinn á samanlögðum öllum útborgunarupphæðum annars vegar og öllum innborgunarupphæðum hins vegar sýnir greiðslujöfnuðinn, sem áður hefir verið nefndur tekjuafgangur eða tekjuhalli. Mismunur á niðurstöðutölum fyrri kafla laganna sýnir hinn ætlaða rekstursaf-

gang eða rekstursha11a þjóðarbúsins, en hins síðara hve mikið ætlað er til eignaaukningar. Að öðru leyti nægir að vísa til fjárlagafrumvarps þess, er fyrir liggur.

Um 6. og 7. gr.

Rétt þótti, að taka inn í lagafrumvarpið ákvæði um ríkisbókara og störf hans og samvinnu við endurskoðunina. Er þó gert ráð fyrir, að um þetta atriði verði nánar ákveðið með erindisbréfi, og með reglum verði skipað samvinnu bókhalds og féhirðis. Ennfremur er sjálfsagt að fjármálaráðuneytið ákveði um aðstoð þá, er ríkisborgara er veitt, þar sem ríkisbókhaldið er í raun réttri aðeins deild í fjármálaráðuneytinu. Hefði verið æskilegast, að ríkisbókhaldið og ríkisféhirðir hefðu skrifstofur í Stjórnarráðinu þótt eigi verði því við komið nú sökum húsnæðisástands.

Hingað til hefir það verið svo, að ríkisbókari hefir haft sömu laun og ríkisféhirðir, og þykir rétt, að það fyrirkomulag verði lögfest.

Um 8. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um hversu endurskoðuninni skuli hagað. Er það vitanlega eitt höfuðatriði þess, að endurskoðun og eftirlit nái tilgangi sínum, að í hendur haldist töluleg endurskoðun og gagnrýni á rekstri þeirra fyrirtækja, sem endurskoðað er hjá. Í lögin þótti því rétt að setja skýr ákvæði um þetta atriði. Gert er ráð fyrir, að settar verði nánari reglur um þessi efni.

Það skal skýrt fram tekið, að undir ákvæði greinarinnar fellur endurskoðun á reikningum allra þeirra ríkisstofnana, sem beint eru reknar fyrir ríkissjóðs reikning, og skilagrein gera til ríkisbókhaldsins samkvæmt lögum þessum.

Um 9. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru sett með tvennt fyrir augum, og eru í raun réttri merkasta nýmælið um endurskoðunina í lögum þessum.

Í fyrsta lagi er það með öllu ljóst, að aldrei verður fullkomið samræmi í endurskoðuninni eða hún trygg, nema því aðeins, að hún sé öll framkvæmd af einni stofnun eða undir hennar eftirliti. Dæmi hafa sýnt þetta og sannað. Víða í öðrum löndum hefir skipulag á ríkisendurskoðun fram á síðari tíma verið í ýmsu svipað og hér hefir verið, þ. e. að nokkur hluti af endurskoðun ríkjanna hefir verið falinn ýmsum starfsmönnum sem hjáverkavinna. En jafnframt því, sem ríkin hafa unnið að endurbótum á reikningsfærslunni hafa þau einnig fært endurskoðunina í kerfi. Hafa endurbætur gengið í þá átt að koma endurskoðuninni allri undir eina stofnun.

Að þessu á einnig að geta orðið mikill sparnaður, auk þess sem það gefur betri tryggingu fyrir góðum árangri. Til þess að skýra sparnaðarhlið málsins er rétt að geta þess, að samkvæmt skýrslu Ríkisgjaldanefndar hafa verið greiddar (II.—IV. bls. 219) árið 1926 kr. 13.945 fyrir endurskoðun reikninga ýmsra fyrirtækja og stofnana, sem falla mundi undir fjármálaráðuneytið samkvæmt ákvæðum greinar þessarar. Þótt nú séu að vísu greiddar mun lægri upphæðir fyrir endurskoðun ýmsra þeirra fyrirtækja, sem teknir eru með við útreikning þessarar upphæðar, þá hafa síðan bætst við fjölmargar stofnanir, sem gera má

ráð fyrir, að yrðu látnar sæta samskonar endurskoðun, ef eigi kæmi til ákvæði frumvarps þessa. Má nefna: Ríkisútvarpið, Viðtækjaverzlun, Ríkisprentsmiðju, Vélsmiðju, Vinnuhæli o. fl.

Er áreiðanlega hægt að auka starfskrafta fjármálaráðuneytisins nægilega, til þess að afkasta allri endurskoðuninni, fyrir miklu minna fé, en til þessarar endurskoðunar færi með núverandi fyrirkomulagi. Auk þess yrði starfið allt tryggara, ef yfir því yrði vakað af sérfræðingi, svo sem ráð er fyrir gert í 14. gr. frumvarpsins og nánar verður getið í umsögn um þá grein.

Um 10. gr.

Ákvæði greinar þessarar miða að því að gera yfirskoðunarmönnum auðveldara að fylgjast með allri meðferð reikningsskila.

Um 11. gr.

Rétt þykir að hafa ákvæði um þetta í lögum, þar sem oft er vinnusparnaður að því að framkvæma endurskoðun á skrifstofu viðkomandi reikningshaldara eða stofnunar.

Um 12. gr.

Hingað til hafa aðalskrifstofur póst- og símamála endurskoðað reikninga allra sinna undirmanna. Hefir þetta fyrirkomulag þótt vel henta, enda óhjákvæmilegt þar sem margir undirmenn gera reikningsskil. Þykir því rétt að hafa ákvæði í lögum um að fjármálaráðuneytið hafi vald til að ákveða, að endurskoðun skuli þannig háttað þar sem hentugt þykir.

Um 13. gr.

Rétt þykir að ákveða nokkru nánar um starf yfirskoðunarmanna, en gert er með Stjórnarskránni, þegar gerð eru heildarlög um þessi efni. Ennfremur þykir hentugt, að yfirskoðunarmenn geti velt af sér að nokkru tölulegri endurskoðun, og hafi þá betri tíma til gagnrýningar reikninganna í öðrum atriðum. Er þetta í samræmi við fyrirkomulag sumra annara ríkja.

Um 14. gr.

Sýnt þykir, þar sem að endurskoðun fjármálaráðuneytisins verður aukin að vandasömum viðfangsefnum með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, að annars sé eigi kostur, en að í ráðuneytinu verði a. m. k. einn sérfræðingur í þessum efnum, sem hafi yfirumsjón með allri endurskoðuninni og verkstjórn.

Er gert ráð fyrir að aðstaða hans í ráðuneytinu verði nánar ákveðin af fjármálaráðherra.

Um 15. gr.

Nauðsynlegt þykir að hafa í lögum ákvæði um sjóðtalningu hjá embættismönnum og ríkisstofnunum.

Um 16. gr.

Þar sem um jafn gagngerða endurbót er að ræða, og gert er ráð fyrir í lögum þessum á bókhaldi og endurskoðun, verður henni eigi komið á til fullr-

ar hlítar hjá öllum ríkisstofnunum og reikningshöldurum í einum svip, né án rækilegra fyrirmæla. Til þess að tryggja framgang málsins þykir rétt að setja ákvæði í lög um reikningsráð, er skipað sé þeim mönnum, sem mest fjalla um þessi efni, ríkisbókara og aðalendurskoðanda. Eigi þykir annað hlýða, en ráðið sé skipað þrem mönnum, og er því gert ráð fyrir að fjármálaráðherrann velji bókhaldsfróðann mann til samstarfs við bókara og endurskoðanda. Ráð þetta á einnig að tryggja áframhaldandi starfsemi til endurbóta. Þetta ákvæði er sniðið mjög eftir fyrirmælum danskra laga um bókhald og endurskoðun, sem sett voru fyrir nokkrum árum, er Danir komu á endurbættu skipulagi í þessum efnum. Hefir starfsemi þessa ráðs þótt mjög vel gefazt.

Um 17. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Nauðsynlegt þykir að hafa þetta ákvæði um reikninginn fyrir 1930 þar eð æskilegt er, að hann verði saminn, að svo miklu leyti, sem unnt er, eftir hinum nýju reglum, en getur þá ekki orðið í fullu samræmi við fjárlög.

Um 19. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

10. Frumvarp

til laga um bifreiðaskatt o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi 1931).

1. gr.

Til viðhalds og umbóta akvegum skal greiða sérstakt innflutningsgjald og skatt af bifreiðum, sem hér segir:

a. Af benzíni 6 aura innflutningsgjald af hverju kg.
b. Af hjólabörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar 1 — eina — krónu í innflutningsgjald af hverju kg.
c. Af bifreiðum, sem aðallega eru gerðar til fólksflutninga 6 — sex — krónur í þungaskatt árlega af hverjum fullum 100 kg. af þunga þeirra.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar sker fjármálaráðherra úr.

d. Af tvíhjóla bifreiðum 20 — tuttugu — krónur árlega af hverri bifreið.

2. gr.

Undanþegnar skatti samkvæmt 1. gr. c. og d. lið eru bifreiðar erlendra sendisveita og erlendra ræðismanna, ef þeir eru eigi íslenzkir ríkisborgarar.

Ennfremur eru undanþegnir þessum skatti vagnar, sem renna á spori eða eru notaðir eingöngu af slökkviliði eða til sjúkraflutninga.

3. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um skilgreiningu á benzíni, um hvernig skuli reikna gjaldið af benzíni ef miðað er við rúmmál í stað þunga, svo og önnur atriði, er þurfa þykir vegna innheimtu gjaldsins.

Heimilt er að setja í slíka reglugjörð ákvæði um gjaldfrest á innflutningsgjaldi af benzíni, er miðast við sölu af birgðum innflytjanda.

Sama innflutningsgjald, sem segir í 1. gr. b-lið, skal greiða af hjólbörðum og gúmmíslöngum, sem fylgja bifreiðum, er fluttar eru til landsnis.

4. gr.

Eindagi gjalds þess, er ræðir um í 1. gr. c- og d-lið er 1. júlí ár hvert, í fyrsta skifti 1932, og innheimtist þar, sem bifreið eða bifhjól er skrásett. Gjaldskylda telst frá afhendingu bifreiðarmerkis, ef um ný skrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. júlí 1931, og reiknast skatturinn hlutfallslega fyrir hluta úr ári, hvort sem svo stendur á, að merki hefir verið af hent á gjaldárinu eða gjaldskyld bifreið hefir ónýtst. Skatturinn telst aðeins fyrir heila mánuði, þannig, að 15 dagar eða meira telst heill mánuður, en minna broti er sleppt.

Skattinn skal sá greiða, sem er eigandi á gjalddaga eða síðast var eigandi, ef bifreið er ónýtt.

Skatturinn hefir lögtaksrétt, enda er bifreiðin að veði fyrir honum, og gengur það veð fyrir öðrum veðum.

Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði um lækkun skattsins, ef eigandi bifreiðar afhendir lögreglustjóra í umdæmi því, þar sem bifreiðin er skrásett, einkennismerki bifreiðarinnar til geymslu um tíma, en sleppa skal broti úr mánuði við frádrátt skattsins.

5. gr.

Sama gjald af benzíni er segir í 1. gr. a., skal greiða af öllum benzínbirgðum innflytjenda, sem til eru í landinu þá er lög þessi ganga í gildi, sömuleiðis af birgðum einstakra manna eða félaga, þó skulu gjaldfrjáls 300 kg. hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur benzínið er í vörzlum eiganda sjálfs eða ekki.

Sérhver sá, er á eða hefir umráð yfir 300 kg. af benzíni eða meiru þann dag, er lög þessi ganga í gildi skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Skal hann skyldur að aðstoða við að kanna birgðir hans og mæla, ef til kemur.

Innheimtumaður getur krafizt upplýsinga hjá benzíninnflytjendum og benzínsölum um sölu samkvæmt verzlunarbókum til viðskiptamanna áður en lög þessi ganga í gildi.

6. gr.

Innheimtu gjaldsins annast lögreglustjórar, en í Reykjavík tollstjóri, og fer um reikningsskil eftir því, sem ráðuneytið skipar fyrir.

7. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett ákvæði um endurgjald á innflutningsgjaldi af benzíni, er sönnur eru færðar á, að það hafi ekki verið notað eða verði ekki notað til bifreiða. Má í reglugerðinni setja ákvæði, er takmarki endurgreiðslu við ársnotkun, er nemi að minnsta kosti 500 kg. hjá hverjum notanda, svo og aðrar takmarkanir, er nauðsynlegar þykja til að tryggja, að heimildin til endurgreiðslu gjaldsins nái réttum tilgangi.

8. gr.

Tekjum samkvæmt lögum þessum skal varið sem hér segir, í fyrsta sinn árið 1932:

a. 70% af hvers árs tekjum skal varið til viðhalds og umbóta akfærum þjóðvegum auk fjár þess, sem veitt er í fjárlögum af öðrum tekjum ríkissjóðs. Um skipting fjárins til einstakra vega og vegakafla fer eftir sömu reglum og um annað fé til viðhalds þjóðvegum.

b. 10% af hvers árs tekjum má verja til akfærra sýsluvega, samkvæmt reglugerð, er atvinnumálaráðherra setur. Skiptir atvinnumálaráðuneytið þessum hluta milli einstakra sýslna eftir tillögum vegamálastjóra. Skal þess gætt, að lagt verði fé eingöngu til þeirra sýsluvega, þar sem er tiltölulega mikil umferð bifreiða og örðug aðstaða til fullnægjandi viðhalds, enda sé skilyrði fyrir framlagi í hvert sinn, að jafnt komi á móti úr sýslusjóði eða sýsluvegasjóði.

Verði þessi hluti skattsins ekki notaður upp eitt ár, má verja eftirstöðvunum til viðhalds þjóðvegum til viðbótar a-lið.

c. 20% af hvers árs tekjum skal verja til þess að greiða aukakostnað, er af því stafar, að malbika þjóðvegakafla, þar sem mest er umferð bifreiða og til að halda þeim köflum við.

Verði einhver hluti skattsins ekki notaður upp eitt ár, skal leggja eftirstöðvarnar í sérstakan sjóð, er nefnist „Sjóður til malbikunar akvegum“, og má ekki verja fé úr sjóðnum til annara vegabóta.

Sjóður þessi skal vera í vörzlum atvinnumálaráðherra, en vegamálastjóri skal árlega gera reikning sjóðsins.

Við skipting tekna samkvæmt framangreindu, skal jafnan farið eftir tekjum undanfarins árs; í fyrsta sinn eftir tekjum ársins 1931.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og gegn reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 10—500 kr. nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

Mál út af broti gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 56, 27. júní 1921 um bifreiðaskatt.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1931.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af milliþinganefndinni í skatta- og tollamálum, samkvæmt ósk fjármálaráðherra, og fylgdi því frá meiri hluta nefndarinnar svohljóðandi

Greinargerð.

Meiri hluti nefndarinnar hefir fallizt á þá stefnu, sem kom fram í frumvarpi til laga um benzínskatt, er lá fyrir síðasta Alþingi og vísar almennt til greinargerðar, er fylgdi því frumvarpi.

Telur meiri hluti fyllstu nauðsyn, enda fyllilega réttlátt, að afla tekna til viðhalds og umbóta akvegunum með sérstökum skatti, er komi niður á bifreiðunum og þá vitanlega að lokum á landflutningum yfirleitt. Það verður að teljast eðlilegt og sanngjarnt að þeir, sem mest not hafa veganna, leggi allverulegan skerf til viðhalds þeirra, og því hærri sem afnotin eru meiri.

Nefndin hefir rætt mál þetta við vegamálastjóra og fallizt á ástæður hans fyrir því, að sívaxandi kröfur um aukið viðhald muni valda eðlilegri hækkun á viðhalds- og umbótakostnaði akveganna jafnframt því, er þeir lengjast árlega og vitanlega bætist einnig þannig við kostnaðinn. Meðfylgjandi línurit, er vegamálastjóri hefir gert, sýnir glöggt hve viðhaldskostnaðurinn hefir vaxið undanfarin ár. Býst vegamálastjóri við að áætla verði ekki minna en 500 þús. til viðhalds og umbóta þjóðvegunum á næsta ári. Telur því meiri hl. nefndarinnar hæfilegt að miða við að skattur þessi nemi þegar á fyrsta ári ekki minna en 300 þús. kr., því frekar sem ætlast er til, að nokkur hluti skattsins fari til sýsluveganna.

Meiri hl. nefndarinnar telur réttara að dreifa skattinum, heldur en að hafa hann á benzíni eingöngu, er þó gert ráð fyrir, að meginhluti skattsins fáist af benzíni, en að nokkru leyti af gúmmí því, er bifreiðar nota, og að nokkru sé hann sérstakur þungaskattur af fólksflutningabifreiðum. Er þannig vöruflutningum ívilnað að nokkru í skatti.

Samkvæmt innflutningsskýrslum hagstofunnar 1929 yfir innflutt benzín og gúmmí og skýrslum vegamálastjóra um skrásettar bifreiðar 1. júlí 1930 — sbr. meðf. línurit — áætlast tekjur samkvæmt frumvarpinu þessar:

Benzín 3100000 kg. á 6 aura[1])	kr.	186000.00
Hjólbarðar og slöngur 75000 kg. á 100 aura	—	75000.00
Fólksflutningabifreiðar 548, 6 kr. pr. 100 kg., meðalskattur á bifreið 70 kr.	—	38000.00
Tvíhjólabifreiðar 105 á 15 krónur	—	1600.00
	Kr.	300600.00

1) 6 aurar á kg. svarar til 4.2 aura á líter.

Til samanburðar skal þess getið, að tilsvarandi bifreiðaskattur er í nálægum löndum sem hér segir, og er alstaðar miðaður við gullkrónur:

Í Danmörku:

a. **Benzínskattur** 7 aurar á líter eða um 10 aura á kg.
b. **Þungaskattur á fólksbifreiðar** frá 10—20 kr. á hver 100 kg. af þunga bifreiðar, meðalskattur 12 kr. á 100 kg. af bifreiðum af svipaðri stærð og eru algengastar hér á landi.
c. **Vöruflutningabifreiðar, þungaskattur** frá 13—20 kr. á hver 100 kg. af þunga bifreiðar, meðalskattur 13 kr. á 100 kg. 1—1½ tonna bifreiðum, sem hér eru algengastar.
d. **Tvíhjólabifreiðar,** 6 kr fyrir hver 50 kg. eiginþunga, svarar til 12 kr. meðalskatts á hverja.

Í Svíþjóð:

a. **Benzínskattur** 5 aurar á líter eða 7 aurar á kg.
b. **Gúmmískattur** 50 aurar á kg.
c. **Þungaskattur** af öllum bifreiðum, 8 kr. af hverjum 100 kg. af þunga bifreiðar.
c. **Tvíhjóalbifreiðar,** 15 kr. af hverri, en 25 kr. ef hliðarvagn er með.

Í Noregi:

a. **Benzínskattur** 3 aurar á líter eða 4.5 aurar á kg. (frá 1. jan. 1931).
b. **Gúmmískattur,** bifreiðaborðar kr. 1.50 á kg.
c. **Þungaskattur** 6 kr. á hver 100 kg. bifreiðar.

Sérstakur benzínskattur mun og vera í þessum löndum, en upplýsingar liggja ekki fyrir um aðrar tegundir bifreiðaskatta, sem þar kunna að vera jafnframt benzínskattinum:

Belgía	9.5	aur. á l.
Frakkland	13.5	— —
Holland	3.5	— —
Ítalía	23.7	— —
Sviss	17.0	— —
Þýzkaland	6.3	— —
Austurríki	5.3	— —
U. S. A.	1.0-5	— —

(mismunandi í ýmsum ríkjum).

Tölur þessar eru samkvæmt skýrslum frá 1927 og má vera að einhverjar breytingar hafi orðið síðan.

Vitanlega er skattur sá, sem hér yrði lagður á bifreiðaflutninga, nokkuð tilfinnanlegur, en hækkar þó ekki rekstur þeirra verulega. Til þess að gera sér nokkra hugmynd um, hve þungur skatturinn er, má setja upp eftirfarandi áætlun:

Venjuleg 7 manna bifreið eyðir á hverja 100 km. aksturs:

Benzín 22 lítr. á 33 aura	kr.	7.26
Gummí, hver gangur kostar um 550 kr. og dugir á 12000 km., kemur á hverja 100 km.	—	4.65
..	Kr.	11.91
Skattur:		
22 lítrar benzín á 4.2 aura	kr.	0.93
Gúmmí, gangurinn vigtar um 90 kg., verður skattur því 90 kr. á 15000 km. eða á 100 km.	—	0.75
Þungaskattur 90 kr. á ári. Ef gert er ráð fyrir 30000 km. akstri kemur á hverja 100 km.	—	0.30
	Kr.	1.98
Núverandi skattur er um 250 kr. á ári fyrir slíka bifreið eða á hverja 100 km. miðað við 30000 km. akstur	kr.	0.80
	Hækkun skatts kr.	1.18

miðað við hverja 100 km. aksturs.

Nú kostar slík bifreið t. d. til Þingvalla fram og aftur 50 kr., en það eru 100 km., og er því hækkunin samkvæmt þessari áætlun rúmlega 2%, en breytist auðvitað eftir því hvort bifreiðin ekur meira eða minna en 30 þús. km. vegarlengd, sem hér er lögð til grundvallar.

Hækkun skattsins fyrir flutningabifreiðar er nokkru minni, því á þeim er enginn þungaskattur.

Um einstakar greinir frumvarpsins þykir rétt að taka þetta fram:

Um 2. gr.

Er að mestu samhljóða 3. gr. núgildandi laga um bifreiðaskatt.

Um 3. gr.

Nauðsynlegt er að nákvæm skilgreining verði gerð á benzínvökva þeim, sem skatt ber að greiða af, svo og um hlutföll þunga og rúmmáls við mismunandi hitastig, og þykir rétt að það sé gert í reglugerð.

Með því að miklar birgðir af benzíni eru nú venjulega fluttar inn í einu, þá þykir rétt að heimila í reglugerð nokkurn frest á greiðslu innflutningsgjaldsins miðað við sölu af birgðum innflytjenda.

Um 4. gr.

Greinin er að miklu leyti samhljóða 4. gr. í núgildandi lögum.

Um 5. gr.

Sjálfsagt er að taka einnig gjald þetta af benzínbirgðum, sem fyrir eru í landinu, er lögin öðlast gildi, en sleppa þó vitanlega smáslöttum. Eru ákvæði þessi svipuð og sett hafa verið í lög nágrannaþjóðanna.


Um 7. gr.

Þar sem innflutningsgjaldinu verður varið til viðhalds vegum, þykir rétt að heimila endurgreiðslu, ef sannað er fyrir innheimtumanni, að benzínið hafi ekki verið notað til bifreiða. Hinsvegar verður þó að setja lágmarksákvæði fyrir rétti til endurgreiðslu, svo að innheimtumönnum verði ekki gerð fyrirhöfn út af smáupphæðum. Verður hér aðallega um að ræða benzín til smávélabáta og til dráttarvéla. Er eðlilegast að slíkt ákvæði sé sett í reglugerð.


Um 8. gr.

Talið er rétt að meginhluti skattsins fari til venjulegs viðhalds og umbóta þjóðvegunum. Þá hefir og nefndin fallizt á hugmynd þá, sem fram kom á þskj. 549 á síðasta Alþingi um að nokkrum hluta skattsins megi verja til sýsluveganna, en nefndin vill leggja áherzlu á skilyrði þau, sem sett eru fyrir þeirri greiðslu.

Þá telur og nefndin, eftir bendingu frá vegamálastjóra, rétt að lögfesta, að nokkrum hluta skattsins verði varið til þess að gera váranlegt slitlag úr malbiki eða þ. h. efni á þjóðvegarkafla, þar sem almest er umferð bifreiða. Samkvæmt upplýsingum vegamálastjóra ætti að vera unnt að malbika að meðaltali allt að 2—3 km. vegar fyrir 20% af skattinum eins og hann er áætlaður, eftir því hve vönduð og kostnaðarsöm gerð slitlagsins er höfð. Kemur þetta ákvæði vitanlega fyrst að notum aðalvegunum út frá Reykjavík, enda eðlilegt, þar sem þaðan kemur mestur hluti skattsins.



Viðhaldskostnaður þjóðveganna




..... bifreiðaskattur

Gúmíslöngur og barðar.


——— slöngur og barðar

..... barðar.



Bensín.

Innflutningur.


tala
280
260
240
220
200
180
160
140
120
100
80
60
40
20
0
1924
25
26
27
28
29
Bifreiðainnflutningur
vörubifreiðar
fólksbifreiðar
bifreiðahlutar í tonnum
tala
900
800
700
600
500
400
300
200
100
0
1925
26
27
28
29
30
Bifreiðar á skattskrá
vörubifreiðar
fólksbifreiðar
bifhjól

11. Tillaga

til þingsályktunar um að Ísland sæki um upptöku í Þjóðabandalagið.

(Lögð fyrir Alþingi 1931).

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita upptöku fyrir Ísland í Þjóðabandalagið.

Greinargerð.

Með friðarsamningnum frá 28. júní 1919 (Versaillesamningnum) var Þjóðabandalagið stofnað. Að fráskildum Bandaríkjum Ameríku urðu öll þau ríki er undirrituðu friðarsamninginn fastir meðlimir Þjóðabandalagsins, en síðan hafa, svo sem kunnugt er, önnur ríki gerzt meðlimir þess, svo aðeins fá ríki standa nú fyrir utan það. Meðal þeirra mætti nefna, auk Íslands og Bandaríkjanna, Rússland, Tyrkland, Egyptaland, Mexikó og Brasilíu. Síðastnefnt ríki gekk úr Þjóðabandalaginu, en er þó meðlimur Verkamálaskrifstofu þess.

Það ber því ekki að draga dul á, að hugsjónin, að öll ríki heimsins bindist í bandalag, hefir enn sem komið er ekki náð fram að ganga, en afrek Þjóðabandalagsins eru þó svo stórfelld, einkum fyrir starfsemi þess sem tengiliður, er styður að bróðurlegri samvinnu milli allra þjóða, að ríkisstjórnin telur mjög varhugavert að íslenzka ríkið standi lengur fyrir utan Bandalagið.

Í stuttri greinargerð er ekki rúm til þess að gera grein, svo að nokkru nemi, fyrir starfssviði og starfsháttum Þjóðabandalagsins. Í stórum dráttum mætti þó taka fram, að Bandalagsþing er háð árlega í septembermánuði í Genéve, er nú á seinni árum hefir staðið yfir í nálægt 4 vikur. Mæta þar jafnan forsætisráðherra eða utanríkismálaráðherra allra nærliggjandi ríkja, en gjarnan sendiherrar í Evrópu fyrir ríki í öðrum heimsálfum. Á Bandalagsþinginu hefir hvert ríki eitt atkvæði. Auk þess starfar Bandalagsráð, er kemur saman minnst 4 sinnum árlega, og Bandalagsskrifstofa, sem á að annast um framkvæmd á ákvörðunum Bandalagsþingsins og Bandalagsráðsins og undirbúa málefni fyrir þau. Fastur dómstóll er geri út um ágreininga milli ríkja er hliðstæð, sjálfstæð stofnun innan Þjóðabandalagsins, og ennfremur Verkamálaskrifstofan og Verkamálaþingið, er kemur saman í maí—júnímán. árlega og situr jafnan í nálægt 3 vikur. Samkvæmt friðarsamningnum eiga að mæta á þessu þingi 4 fulltrúar fyrir hvert ríki, þar af tveir sem umboðsmenn ríkisvaldsins, einn útnefndur að ósk verkamannafélaga og enn einn að ósk atvinnurekenda. Þessu ákvæði hefir í framkvæmdinni ekki ávallt verið fullnægt af minni, fjarlægari löndum. Hér mætti einnig bæta því við, að ýmsar nefndir, launaðar af Þjóðabandalaginu, starfa að mestu velferðarmálefnum mannkynsins, svo sem að heilbrigðismálum, viðskiptamálum, fjárhagslegum málum, og að því að greiða fyrir almennri afvopnun og aukinni andlegri samvinnu milli ríkja..

Bræðralagshugsjón Þjóðabandalagsins er framkvæmd með því að veita öllum meðlimum þess jafnan atkvæðisrétt á Þjóðabandalagsþinginu. Smáríkjum er þar með ekki aðeins gert jafnt undir höfði og stórveldunum, heldur er þeim nú í fyrsta sinni opnuð leið til, með samvinnu sín á milli, að hafa stórfelld áhrif á samþykktir Bandalagsþingsins og þar með á gang heimsviðburðanna. Sjálfs síns vegna, en einnig til þess að styrkja önnur smáríki í viðleitni þeirra að tryggja heimsfriðinn og efla heimsmenninguna telur ríkisstjórnin að Íslandi beri skylda til að gerast sem fyrst meðlimur Þjóðabandalagsins.

Samkvæmt 1. gr. 2. málslið friðarsamningsins eru þessi skilyrði sett fyrir því að nýjir meðlimir geti gengið í Þjóðabandalagið:

1. Umsóknin hérað lútandi verður að vera góð og gild.
2. Ríkisstjórnin er þess beiðist þarf að vera viðurkend af öðrum ríkjum.
3. Ríkið er upptöku beiðist verður að hafa varanlega stjórn og afmörkuð landamæri.
4. Ríkið verður að vera sjálfstjórnandi.
5. Það verður að upplýsast, hvaða trygging sé fyrir því að ríkið haldi alþjóðlegar skuldbindingar sínar, og hvað ríkið hafi gert til þess að fullnægja kröfum Þjóðabandalagsins um afvopnun.

Um skilyrði þessi er óþarft að fjölyrða, en aðeins geta þess, að það er fengin rík trygging fyrir því, að upptökubeiðni Íslands, ef til kæmi, fái góða móttöku á Þjóðabandalagsþingi.

Sem meðlimur Þjóðabandalagsins yrði Ísland vitanlega að uppfylla þær skyldur er þátttaka í því útheimtir. Er þar fyrst að geta skuldbindingarinnar samkvæmt 16. gr. friðarsamningsins að taka þátt í viðskiptahömlum gegn ríki er rýfur friðarsáttmálann, en auk þess er Þjóðabandalagsráðinu falið að gera tillögur til meðlima Bandalagsins um hernaðarráðstafanir, ef með þarf, gegn hinu brotlega ríki. Þetta ákvæði felur ekki í sér neina skuldbindingu fyrir meðlimina til þess að leggja fram herafla, en þótt nokkur vafi kunni að leika á um, hvort algert hlutleysi í ófriði sé samrýmanlegt kvöð þeirri en 16. grein friðarsamningsins leggur á herðar Bandalagsþjóðum þá er þess að geta, að efni 16. greinar Bandalagssáttmálans er að öllu breytt eftir að allir meðlimir Þjóðabandalagsins og önnur ríki að auki, þar á meðal Ísland, hafa með Kellogg-Briand sáttmálanum skuldbundið sig til þess að leita úrlausna á öllum milliríkjadeilum með friðsamlegum hætti. Möguleikinn fyrir ófriði er friðarsamningurinn gerir ráð fyrir er því þjóðréttarlega útilokaður enda eru í undirbúningi breytingar á þeim ákvæðum friðarsamningsins, sem eru í ósamræmi við rétt þjóðanna samkvæmt Kellogg—Briand sáttmálanum.

Þátttaka Íslands í Þjóðabandalaginu hefir eðlilega kostnað í för með sér. Allir meðlimir þess taka sameiginlega þátt í kostnaðinum, en þó þannig, að hann er jafnaður niður á meðlimina í hlutfalli við fjárhagsbolmagn þeirra. Þannig er öllum kostnaðinum deilt niður í 986 einingar og hverjum meðlimi gert að greiða svo og svo margar einingar. Smæstu þjóðirnar eru aðeins látnar greiða eina einingu og mundi vafalaust fara svo um Ísland. Kostnaðurinn við rekstur Þjóðabandalagsins fyrir árið 1931 er áætlaður 31.637.-501 gullfrankar. Ein eining yrði því nálægt 32 þúsund frönkum eða 28.330 kr.

Kostnaðurinn við að sækja Bandalagsþingið og Verkamálaþingið færi vitanlega eftir því hversu margir fulltrúar væru sendir héðan, og þótt lítilsháttar aukning yrði á skrifstofukostnaði í Stjórnarráðinu fyrir þátttöku Íslands í Þjóðabandalaginu ætti samanlagður kostnaður hér að lútandi þó ekki að þurfa að fara fram úr 43 þúsund kr.

Annars lítur ríkisstjórnin svo á, að ekki beri að líta einvörðungu á kostnaðarhliðina heldur og hitt, að með upptöku í Þjóðabandalagið er Íslandi skipað sæti meðal annarra sjálfstæðra þjóða sem þátttakandi í alheimsviðleitninni að efla bræðralag þjóðanna og þar með heimsmenninguna.

12. Frumvarp

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

(Lagt fyrir Alþingi 1931).

1. gr.

26. gr. stjórnarskrárinnar orðist þannig:

Á Alþingi eiga sæti 36 þjóðkjörnir þingmenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.

Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Á þriðjungur þingmanna sæti í efri deild, en tveir þriðju hlutar í neðri deild. Verði þingmönnum fjölgað þannig, að eigi sé unnt að skipta til þriðjunga í deildirnar, eiga þeir þingmenn, einn eða tveir, sem umfram eru, sæti í neðri deild.

Þingmenn skulu kosnir óhlutbundnum kosningum til 4 ára í sérstökum kjördæmum. Þó má með lögum ákveða, að þingmenn Reykjavíkurkaupstaðar, skuli kosnir hlutbundnum kosningum og gilda þá um kjörgengi og kosningarrétt sömu reglur sem við óhlutbundnar kosningar.

Sameinað Alþingi kýs þingmenn þá, sem sæti eiga í efri deild úr flokki þingmanna í byrjun fyrsta þings á kjörtímabilinu. Hinir eiga sæti í neðri deild.

2. gr.

27. gr. stjórnarskrárinnar fellur burtu og breytist greinartalan samkvæmt því.

3. gr.

28. gr., sem verður 27. gr., orðist svo:

Deyi þingmaður á kjörtímanum, eða fari frá, skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans.

4. gr.

1. málsliður 1. málsgr. 29. gr., sem verður 28. gr., orðist þannig:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar og konur, sem

eru 21 árs eða eldri, þegar kosning fer fram og sem hafa ríkisborgararétt hér á landi og hafa verið búsettir í landinu síðustu fimm árin áður en kosningar fara fram.

3. málsgr. sömu greinar orðist þannig:

Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um Alþingiskosningar.

5. gr.

Fyrri málsgrein 30. gr., sem verður 29. gr., orðist svo:

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver ríkisborgari, sem kosningarrétt á til þeirra. Kjósa má samt mann, sem á heima utan kjördæmis, eða sem hefir átt heima í kjördæminu skemur en eitt ár.

6. gr.

2. og 3. tölul. ákvæða stjórnarskrárinnar um stundarsakir falli burtu, en í stað þeirra komi nýr 2. liður svohljóðandi:

Umboð núverandi landskjörinna þingmanna fellur niður að loknu reglulegu Alþingi 1932 og fara þá fram nýjar kosningar til efri deildar í byrjun næsta þings.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þareð almennar kosningar eiga að fara fram að afloknu þessu þingi, og þannig er hægt að koma fram breytingum á stjórnarskránni án þess að aukakosningar þurfi að fara fram, þótti rétt að nota tækifærið til þess að bera fram þær breytingar á stjórnarskránni nú, sem frumvarpið felur í sér. Eru breytingarnar aðeins tvær.

Önnur er um fækkun þingmanna með afnámi landkjörsins.

Þá er stjórnarskrárbreytingin var borin fram á Alþingi 1927, var afnám landkjörsins aðaltillagan frá meiri hluta stjórnarskrárnefndar í neðri deild (6 af 7 nefndarmönnum).

Um rökstuðning fyrir þessari tillögu vísast til nefndarálits meiri hluta stjórnarskrárnefndar 1927 (þingskjal 417) og umræðna um málið í deildinni.

Hin breytingin er sú að færa aldurstakmark kosningarréttar og kjörgengis niður í 21 árs aldur. Með lögum nr. 23., 14. júní 1929, um breyting á lögum nr. 23, 15. júní 1926 um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða er slíkt aldurstakmark sett við þær kosningar. Mun það nú orðin almenn skoðun að hið sama aldurstakmark eigi að gilda um Alþingiskosningar, enda liggja til þess hin sömu rök.

Einstök atriði frumvarpsins leiða af þessum tveimur aðalatriðum.

13. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 52, 7. maí 1928, um tilbúinn áburð.

(Lagt fyrir Alþingi 1931).

1. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Árin 1932, 1933 og 1934 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði þann kostnað, sem af því leiðir að flytja tilbúinn áburð bæði frá útlöndum og milli og til allra þeirra hafna, sem skip Eimskipafélags Íslands og strandferðaskip ríkisins koma á.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1932 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 46. 14. júní 1929 um breyting á lögum nr. 52, 7. maí 1928 um tilbúinn áburð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Heimild sú, sem felst í 2. gr. laga nr. 52, 7. maí 1928, til þess að greiða flutningsgjald á tilbúnum áburði, fellur niður um næstu áramót, en með því að enn verður að telja sömu ástæðu til að létta undir með bændum um notkun tilbúins áburðar sem var, þegar lögin um tilbúinn áburð voru sett, þykir þörf á að framlengja þessa heimild um næstu þrjú ár. Það þykir þó ekki til neinna bóta að halda því formi á téðri lagagrein, sem hún fékk með lögum nr. 46, 14. júní 1929, og er því greinin orðuð á sama hátt og gert var í hinum upphaflegu lögum fyrir árin 1929, 1930 og 1931.

14. Frumvarp

til laga um Brunabótafélag Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi 1931).

1. gr.

Brunabótafélag Íslands, stofnað með lögum 3. nóv. 1915, er gagnkvæmt ábyrgðarfélag með ábyrgð ríkissjóðs fyrir allt að 800000 krónum og ábyrgð vátryggjenda eftir því, sem lög þessi ákveða.

2. gr.

Félagið tekur að sér eldsvoðatryggingar á húseignum utan Reykjavíkur, og í Reykjavík ef um semst, og á lausafé, allt eftir þeim nánari ákvæðum, sem lög þessi og reglugerðir setja.

3. gr.

Skylduábyrgð til félagsins hvílir á öllum húseignum í kaupstöðum og kauptúnum, þar með talin hús í smíðum, hvort sem þær eru eign einstakra manna, félaga eða opinberar eignir. Sömuleiðis hvílir skyldutrygging til félagsins á öllum íbúðarhúsum utan kaupstaða og kauptúna úr hverju efni, sem þau eru byggð, svo og geymsluhúsum, sem þeim eru áföst þannig, að þau megi teljast vera í sameiginlegri brunahættu við íbúðarhúsin. Ennfremur á kirkjum, skólahúsum og samkomuhúsum.

4. gr.

Heimilt er félaginu að taka eldsvoðaábyrgð á öllum öðrum húsum í sveitum, svo sem gripahúsum og hlöðum; sömuleiðis er félaginu heimilt að taka í ábyrgð, hvar sem er á landinu, hverskonar lausafé, þar með taldar verzlunarvörur, skip eða báta á landi eða í höfn.

5. gr.

Vátryggingarupphæð húsa ákveðst með virðingargerð, og vátryggir félagið alla virðingarupphæðina, þó má tryggja hús í smíðum samkvæmt skýrslu eiganda. Lausafé skal tekið í ábyrgð eftir skrá, er eigandi semur með áætluðu sanngjörnu verði munanna.

6. gr.

Tryggingar félagsins skiptast í þrjá flokka og myndast af iðgjöldum til félagsins þrír tryggingarsjóðir hver fyrir sinn flokk:

1. Tryggingarsjóður af iðgjöldum fyrir hús í skylduábyrgð í kaupstöðum og kauptúnum, 1. flokkur.
2. Tryggingarsjóður af iðgjöldum fyrir öll hús í sveitum utan kauptúna, hvort sem þau eru í skylduábyrgð eða í frjálsri tryggingu, 2. flokkur.
3. Tryggingarsjóður af iðgjöldum fyrir lausafé, sem tryggt er í félaginu, 3. flokkur.

7. gr.

Félagið leitar endurtryggingar eða samtryggingar (co-assurance) hjá öðrum brunabótafélögum á því er vátryggingar, er félagið tekur að sér, eru hærri en hér segir:

A. **Hús og mannvirki.**
   1. Steinhús ..... kr. 20000.00
   2. Timburhús eldvarnarklædd ..... — 15000.00
   3. Önnur hús og mannvirki ..... — 10000.00

B. **Lausafé.**
   1. Í steinhúsum ..... — 12000.00

2. Í timburhúsum eldvarnarklæddum .. — 9000.00
3. Í öðrum húsum og annað lausafé .. — 6000.00

Á meðan félagið fær ekki endurtryggingu á lausafé, er því ekki skylt að taka hærri lausafjártryggingar en að framan segir.

8. gr.

Allir þeir, sem vátryggja í Brunabótafélagi Íslands, eru félagsmenn þess. Félagsmenn ábyrgjast hver í sínum flokki hver gagnvart öðrum, að iðgjaldasjóður þess flokks standi í skilum. Þó nær skuldbinding þessi aðeins til eigna þeirra, sem vátryggðar eru í félaginu.

Skaðabóta má krefjast af félagsmönnum aðeins á þann hátt að heimt sé inn aukagjald, er eigi sé hærra nokkurt ár, en helmingur hins árlega iðgjalds, er tiltekið er í brunaskírteininu.

9. gr.

Ríkissjóður ábyrgist með allt að 800000 kr., að félagið uppfylli skyldur sínar. Geti félagið eigi af eigin rammleik borgað skaðabætur, er skylt er að greiða, leggur ríkissjóður til það er vantar, þó aldrei meira en áðurnefnda upphæð.

Ef félagið hefir orðið að leita aðstoðar ríkissjóðs til þess að greiða skaðabætur, skal styrkur sá, er félagið hefir fengið af ríkissjóði, endurgreiðast smátt og smátt eftir því sem efni félagsins leyfa. Nú nemur það, er lagt hefir verið fram af ríkissjóði, meira en 50000 kr., og skal félagið þá gera vátryggendum að greiða aukagjöld þannig, að það, sem fram yfir er 50000 kr. endurgreiðist ríkissjóði á 10 árum í seinasta lagi, ef hægt er, en ávallt skal gæta ákvæða 8. greinar um stærð aukaiðgjalda.

10. gr.

Vátryggingar á lausafé og húseignum samkvæmt 4. gr. gilda til þess tíma, sem tiltekið er í vátryggingarskírteini.

Enga tryggingu má fella úr tryggingu fyrir þá sök að iðgjald sé eigi greitt.

11. gr.

Félagið tekur ekki ábyrgð á tjóni, sem orsakast af landskjálfta eða ófriði, né heldur á tjóni, sem af því leiðir, að vátryggjandi, kona hans eða nánustu erfingjar eru valdir að brunanum af ásettu ráði, eða fyrir stórkostlegt hirðuleysi.

Félagið á auk þess rétt á að draga fjórðung af brunabótum, er vátryggjandi hefir út af eldsvoðanum verið dæmdur í sekt fyrir brot gegn brunamálalögunum, eða ef hann hefir gengizt undir það sjálfviljugur að greiða slíka sekt.

12. gr.

Tjón sem eigi nemur meira en 30 kr. verður eigi bætt, og sé það 200 kr. eða meira skal draga 30 kr. frá brunabótum. Ef sérstaklega stendur á, má þó gera undantekningu frá þessum ákvæðum.

Ákvæði greinar þessarar gilda ekki um tjón, er stafa af ráðstöfunum til að hindra útbreiðslu eldsvoða, sem þegar er kominn upp.

13. gr.

Skaðabætur má eigi greiða af hendi fyrr en haldin hefir verið réttarrannsókn út af brunanum, þó má félagið gera undantekningu frá þessu ef tjónið nemur eigi meiru en 500 kr.

14. gr.

Bætur fyrir tjón á húsum má aðeins greiða til þess að gera við hús, sem skemmst hefir við bruna, eða endurbyggja á sama stað hús, er brunnið hefir, eða þar sem félagið, í samráði við byggingarnefndir í kaupstöðum og kauptúnum og hreppsnefndir í sveitum, ákveður, og er félaginu skylt að tryggja það, áður en brunabæturnar eru greiddar, að þeim sé réttilega varið. Félaginu er heimilt að veita undanþágu frá byggingarskyldu, samkvæmt ákvæðum fyrri málsgreinar þessarar greinar, þó svo að 10—20% af brunabótaupphæðinni sé þá dregið frá, nema að almannahagur heimti að vikið sé frá þessu ákvæði um frádrátt.

15. gr.

Þegar eignir þær, er tryggðar eru hjá félaginu, eru veðsettar, nær veðrétturinn einnig til brunabótafjárins. Glati veðsetjandi rétti sínum til brunabótanna á veðhafi engu að síður heimtingu á greiðslu þeirra, svo sem með þarf, til þess að borga kröfuskuld hans með eins árs vöxtum, ef annað veð eða aðrar eignir veðsetjanda hafa ekki hrokkið til.

16. gr.

Tryggingariðgjaldið hvílir á eignum þeim, er tryggðar eru í félaginu, og gengur í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum, er á þeim liggja, nema sköttum til ríkissjóðs.

Öll iðgjöld til félagsins, virðingargjöld og skirteinagjöld má heimta með lögtaki.

17. gr.

Eindagi á öllum iðgjöldum skal vera 15. október. Nú eru eignir vátryggðar á öðrum tíma, og skal þá ávallt fyrsta vátryggingartímabilið teljast til 15. okt. þess, er næstur kemur eftir að vátryggingin byrjar, nema að vátryggt sé til skemmri tíma. Öll iðgjöld greiðast fyrirfram fyrir vátryggingartímabilið.

18. gr.

Nánari ákvæði um verksvið félagsins, virðingar, iðgjöld, endurtryggingu, brunatjón og brunabætur, ábyrgð félagsmanna og annað fyrirkomulag á málum þess, setur ríkisstjórnin með reglugerð.

19. gr.

Félagið skal hafa heimili og varnarþing í Reykjavík og stendur undir umsjón ríkisstjórnarinnar.

20. gr.

Félaginu stjórnar framkvæmdarstjóri, er skipaður er af ríkisstjórninni. Félagið greiðir laun framkvæmdarstjóra og annan starfrækslukostnað.

21. gr.

Félagið hefir umboðsmenn í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru sérstakur hreppur. Í kauptúnum sem ekki eru sérstakur hreppur, getur félagið einnig haft umboðsmenn, en utan kaupstaða og kauptúna er hreppsnefndum skylt að annast umboðsstörf fyrir félagið, hverri fyrir sinn hrepp, gegn tilsvarandi ómakslaunum og umboðsmenn félagsins hafa.

22. gr.

Iðgjaldasjóði kaupstaða og kauptúna, sem félagið varðveitir samkv. 7. gr. laga nr. 54, 3. nóv. 1915, skal varið þannig, að fyrst séu greiddar af sameiginlegum eignum sjóðanna skuldir einstakra sjóða við Brunabótafélag Íslands og það, er hinir einstöku kaupstaðir og kauptún kunna að hafa greitt til að bæta brunatjón umfram iðgjöld, en afgangurinn sé látinn renna í tryggingarsjóð kaupstaða og kauptúna.

Brunabótasjóðir sveitabæja og annara húsa utan kauptúna samkv. 1. gr. laga nr. 35, 27. júní 1921, og hinn sameiginlegi brunabótasjóður samkv. 18. gr. sömu laga, skulu mynda tryggingarsjóði sveitabæja utan kaupstaða og kauptúna að greiddum skuldum hinna einstöku sjóða.

23. gr.

Af tryggingarsjóði kaupstaða og kauptúna skal taka 10 þúsund krónur og leggja í sérstakan tryggingarsjóð fyrir lausafé, og er það stofnfé lausafjártryggingarsjóðs.

24. gr.

Brjóti vátryggjandi móti lögum þessum eða reglum þeim og skilyrðum, sem sett eru samkvæmt þeim, varðar það réttindamissi til brunabóta eftir málavöxtum, svo sem reglugerð nánar tiltekur.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum hennar, 10—500 kr., er renni í sjóð þann, sem brotið er við.

25. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. okt. 1931.

Frá sama tíma eru úr gildi felld lög nr. 54, 3. nóv. 1915, um stofnun Brunabótafélags Íslands, og lög nr. 35, 27. júní 1921, um vátrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum utan kauptúna, svo og um lausafjártryggingar.

Greinargerð.

Frumvarp nær samhljóða þessu frv. lá fyrir síðasta þingi, og var þá afgreitt með svohljóðandi rökstuddri

dagskrá:

„Í því trausti að ríkisstjórnin taki upp í frv. það, sem hér liggur fyrir breyting á stjórnarskipun Brunabótafélagsins í þá átt sem ræðir um í 25. gr. laga um Brunabótafélag Íslands, og sendi síðan sveitastjórnum til umsagnar svo tímanlega að frv. að fengnum tillögum sveitastjórnanna geti orðið lagt fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá".

Samkvæmt þessari afgreiðslu málsins sendi ráðuneytið frv. til álits og umsagnar öllum viðkomandi sveitarstjórnum ásamt svohljóðandi viðaukatillögu til að fullnægja dagskránni:

Á eftir 20. gr. komi ný grein svohljóðandi:

Ríkisstjórnin skipar þriggja manna fulltrúaráð, til þriggja ára í senn, til eftirlits um stjórn og rekstur félagsins og til að gæta hagsmuna vátryggjenda. Fulltrúaráðið velur sér formann og ritara og heldur gerðabók.

Leitað skal álits og tillagna fulltrúaráðsins um breytingar á lögum og reglugerð félagsins svo og um flokkunarreglur og ákvörðun iðgjalda.

Fulltrúaráðið skal vera ríkisstjórninni og framkvæmdarstjóra félagsins til aðstoðar og ráðuneytis um endurtryggingar og samtryggingar.

Skylt er framkvæmdarstjóra að veita fulltrúaráðinu allar upplýsingar um stjórn sína og rekstur á félaginu hvenær sem það óskar þess.

Ríkisstjórnin ákveður þóknun fulltrúaráðsins og greiðist hún af félaginu.

Svör hafa borizt frá 14 sveitarstjórnum. Eru sveitastjórnirnar allar að einni undanskilinni fylgjandi frv. í aðalatriðum. Sumar þeirra gera aths. við einstök atriði frv. og nokkrar breytinga- eða viðaukatillögur.

Helztu aths. og tillögur eru þessar:

1. Ein sveitarstjórn (Ísafjarðarkaupst.) vill að skyldutryggingin nái einnig til Reykjavíkur.

2. Ein bæjarstjórn (Hafnarfj.) vill að skyldutrygging nái einnig til lausafjár.

3. Ein sveitarstjórn (Kjósarhr.) vill að tjón sem orsakast af landsskjálfta sé ekki undanskilin tryggingu.

4. Þrjár sveitarstjórnir eru því mótfallnar, að sérsjóðir sveitafélaganna falli til sameiginlega sjóðsins.

5. Fimm sveitarstjórnir eru meðmæltar fulltrúaráði, tvær eru hikandi, ein eindregið mótmælt. Hinar minnast ekki á það. Engin leggur á það áherzlu.

6. Tvær sveitarstjórnir vilja að vátryggjendur hafi frjálst val um að hafa nokkra sjálfsábyrgð.

7. Ein sveitarstjórn vill fella niður 12. gr. frv.

Sú eina sveitarstjórn, sem segja má að leggist á móti frv. (Þingeyrarhr.), er þó meðmælt því að færa tryggingarskylduna til allra kauptúna, en leggst eindregið á móti því að færa hana til sveitanna.

Ætla má að fleiri svör verði komin þegar þing kemur saman. En af þeim

svörum, sem þegar liggja fyrir, má ætla, að meginstefna og meginbreytingar frv. hafi eindregið fylgi sveitastjórna.

Aths. og tillögur sveitastjórnanna eru engar mikilsverðar, flestar vafasamar og sumar athugaverðar.

Að því er snertir viðaukatillögu þá um sérstakt fulltrúaráð, sem eftir áskorun dagskrárinnar var lögð fyrir sveitarstjórnirnar með frv., þá telur ráðuneytið fyrir sitt leyti ekki ríkari ástæðu til en áður að efna til þessa aukakostnaðar, sem því hlyti að fylgja, sízt fyrir Brunabótafélagið eitt út af fyrir sig. Hitt væri nokkru nær, að hafa eitt sameiginlegt fulltrúaráð, eða tryggingarráð, fyrir allar deildir tryggingarstofnunarinnar. Um það er þó ekki gerð tillaga að sinni.

Ríkisstjórnin ber ekki fram beinar tillögur um fulltrúaráð, né aðrar breytingar eða viðauka eftir tillögum sveitarstjórna en leggur það á vald þingsins, hvort það óskar að eiga frumkvæði að því að gera slíkar breytingar, eftir því sem málið liggur fyrir nú.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar, sem fylgdi frv. á síðasta þingi.

15. Frumvarp

til laga um breyting á vegalögum nr. 41, 4. júní 1924.

(Lagt fyrir Alþingi 1931).

Á 2. gr. vegalaga, nr. 41 1924, er gerð þessi breyting:

Við D.

Á eftir tölulið 4 kemur nýr liður:

Jökuldalsvegur frá Jökulsárbrú hjá Fossvöllum upp Jökuldal yfir Gilsárbrú.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af vegamálastjóra að tilhlutun atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins og fylgir því svohljóðandi

Greinargerð.

Vegur þessi var þjóðvegur fram til 1925, en með vegalögunum frá 1924 var þjóðvegurinn fluttur út Jökulsárhlíð og um Vopnafjörð og aðrar sveitir til Húsavíkur. Síðan hefir Jökuldalsvegurinn verið sýsluvegur. Þegar leiðin um Reykjaheiði hefir verið gerð akfær, verður samhangandi fær akvegur frá

Akureyri um Húsavík og Kelduhverfi yfir Jökulsárbrú hjá Skinnastöðum. Undanfarin 2 ár hefir verið unnið að því að gera akfæran fjallveginn þaðan um Hólsfjöll til Grímsstaða og komust bifreiðar þangað á síðastliðnu hausti. Þaðan þarf lítilla umbóta austur undir Ármótasel (eyðibýli), um 63 km. vegarlengd eftir gamla þjóðveginum um Möðrudalsöræfi. Frá Ármótaseli að Gilsá er og fjallvegur. Vegarlengdin er um 7 km. og þarf á þeim kafla nokkrar umbætur, en lítið annað en ruðning svo að akfært verði. Ég býst við að sæmileg lagfæring á öllum fjallveginum um Hólsfjall og Möðrudalsöræfi muni naumast kosta yfir 15 þús. kr.

Frá Gilsá út Jökuldal að brúnni hjá Fossvöllum eru 33 km. og er sú leið víða akfær, en þarf talsverðra umbóta, sem hafa verið áætlaðar að kosta 100 þús. kr. að meðtöldum 5 smábrúm. Frá Fossvöllum er kominn akvegur til Reyðarfjarðar og um Hérað.

Þegar fjallvegurinn að Gilsá er orðinn akfær vantar aðeins þenna stutta kafla til þess að tengja saman Austurlandsvegina við akvegakerfi landsins. Þar sem kostar tiltölulega lítið að gera þenna vegarkafla þá þykir mér sjálfsagt, að því verði hraðað og tel ég sanngjarnt og heppilegast að hann verði tekinn í þjóðvegatölu, þar sem hann þannig verður þjóðleið að minnsta kosti þann tíma árs, sem fær er bifreiðum. Með því móti fæst og bezt trygging fyrir, að hæfilega verði til vegabótanna vandað í upphafi og viðhald vegarins verði í lagi. Enda ekki sanngjarnt gagnvart Norður-Múlasýslu, að hún kosti vegagerð á svo fjölfarinni aðalleið milli landsfjórðunga, sem þessi leið verður, er hún opnast fyrir umferð bifreiða.

16. Frumvarp

til laga um eignar- og notkunarrétt hveraorku.

(Lagt fyrir Alþingi 1931).

1. gr.

Í lögum þessum nefnast þær vatnsuppsprettur og þau loft- eða gufuaugu, sem hafa 15 stiga hita á Celsiusmæli eða meira allt árið, einu nafni hverir. Hveraorka er sú hitaorka, sem hagnýtt verður úr hverum.

2. gr.

Landareign hverri innan þinglýstra takmarka, fylgir réttur til umráða og hagnýtingar á hverum (jarðhita) sem í henni eru, þó með takmörkunum þeim, sem lög þessi tilgreina.

3. gr.

Nú liggja landamörk um hverasvæði þannig, að einhver hluti hveranna liggur svo í landareign tveggja eða fleiri landeigenda, að ekki verður aðskilið,

þegar hagnýtt er, og skal þá umráða- og hagnýtingarrétturinn vera sameign þeirra.

Ef landeigendur verða ekki ásáttir um réttindi til hagnýtingar, skal mat skera úr.

Nú vill einn eða fleiri hagnýta hveraorkuna, sem er sameiginleg, en aðrir ekki, og getur þá hinn eða hinir fyrri hagnýtt alla orkuna, svo sem væri hún öll í hans eða þeirra landi. Hinn eða hinir síðari eiga engar bætur fyrir hagnýting orkunnar, en hann eða þeir geta hvenær sem er síðar orðið þátttakendur í hagnýtingu hennar með því að leysa inn sinn eða sína hluta. Náist ekki samkomulag um innlausnina, skal mat skera úr.

Nú rennur heitt vatn frá hver að fornu fari yfir á annars manns landareign, og er þá hveraeiganda eða landeiganda óheimilt að breyta að nokkru leyti farveg þess vatns, sem rennur frá hverunum, fyrr en skorið er úr því með mati, ef ekki næst samkomulag á annan hátt, hvernig hagnýtingarréttinum verði skipt milli eiganda hvera eða lands eða hvernig sameign þeirra er varið.

4. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja landareign sinni jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi atvinnumálaráðherra. Þó má hann, ef um sameign er að ræða, sbr. 2. gr., selja meðeiganda án sérstaks leyfis. Kaup á slíkum réttindum eru landkaup.

5. gr.

Landeiganda er rétt að hagnýta sér hveri, eða ráðstafa þeim, eins og honum þykir bezt henta, sbr. þó 3. gr. Hann hefir rétt til að stífla frárennsli úr þeim, hlaða bakka um þau, gera garð um þau, ræsa fram ofanjarðar eða neðan, án þess hætta stafi af, eða veruleg óþægindi fyrir umferð, eða spjöll á eign annars manns, sem ekki er skylt að hlíta samkvæmt sérstakri heimild.

Skylt er landeiganda að girða umhverfi hvera, ef sérstök hætta stafar af.

6. gr.

Óheimilt er landeiganda eða umráðamanni að spilla hverum á landi sínu, hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti, nema það sé talið nauðsynlegt samkvæmt matsgerð, til varnar því landi eða landsnytjum.

Hvorki landeigandi né aðrir mega breyta goshverum, nema með leyfi atvinnumálaráðherra. Ríkisstjórnin getur fyrirskipað friðun á tilteknum hverum (sbr. lög nr. 40, 16. nóv. 1907, um verndun fornmenja).

7. gr.

Nú vill jarðeigandi ekki leggja neinn kostnað fram til hagnýtingar hveraorku á jörðinni, og er þá ábúanda heimilt að hagnýta hana á sinn kostnað, þó þannig, að hann spilli ekki jörð að neinu leyti. Má því ekki byrja á verkinu, fyrr en það hefir verið álitið af úttektarmönnum, og þeir talið það réttmætt.

8. gr.

Ef héraðsstjórn telur rétt, að taka hveraorku einhverrar jarðar, til almennra afnota í héraðinu, og fær til þess samþykki ráðherra, þá hefir hún rétt til að taka orkuna eignarnámi, þó þannig, að jarðeigandi eða umráðamaður hafi eftir nægilega hveraorku til nauðsynja sinna, nema hann óski heldur endurgjalds í peningum. Um eignarnámið fer að öðru leyti eftir lögum nr. 61, 14. nóv. 1917.

9. gr.

Nú eru hverir þannig settir, að þeir verða ekki hagnýttir af landeiganda eða héraðsbúum eða þeir eru taldir meiri en svo, að þeir nægi landeiganda einum eða héraðsbúum, eftir að fram hefir farið rannsókn sú, sem rætt er um í 11. gr., og hefir ríkið þá rétt til að taka hverina eignarnámi á sama hátt og segir í 8. gr.

10. gr.

Þegar hverir hafa verið teknir eignarnámi, sbr. 8. og 9. gr., eru landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem orkan á að koma til afnota, skyldir að þola öll mannvirki, er af notkun leiðir, á löndum sínum og lóðum, svo og láta af hendi land og mannvirki, og þola hverskonar afnot af landi, takmarkanir á umráðarétti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og starfrækslu, gegn fullu endurgjaldi, sem ákveðið skal með mati, ef samkomulag næst ekki.

11. gr.

Ríkið hefir rétt til að láta rannsaka hveraorku með borun eða á annan hátt, hvar sem er á landi hér. Er landeigandi eða umráðamaður skyldur til að leyfa mönnum þeim, er ríkið gerir út í þeim tilgangi, óhindraðan aðgang að landareigninni. Verði landið fyrir einhverjum skemmdum við rannsóknina, eða bíði landeigandi eitthvert tjón af henni, skal það bætt að fullu eftir mati úttektarmanna, náist ekki samkomulag. Enga aðstoð er landeigandi eða umráðamaður skyldur að láta í té við rannsóknina, nema fyrir fulla borgun.

12. gr.

Nú vill einhver annar en landeigandi eða umráðamaður, bora eftir neðanjarðar hveraorku, og sýnir að hann er þess megnugur, og skal hann þá fá leyfi til þess hjá lögreglustjóra. Í leyfisbréfi skal tiltekið á hvern hátt rannsókninni skuli hagað og hversu stórt svæði er látið af hendi. Skal miða það við, að leyfisbeiðandi fái nægilega stórt svæði til rannsóknar, og væntanlegrar hagnýtingar með borun, án þess að vænta megi verulegra truflana frá borholum utan svæðisins. Tiltekið skal í leyfisbréfi, hversu nálægt mörkum svæðisins leyfishafi megi bora með tilliti til væntanlegra borana annara utan svæðisins. Skal lögreglustjóri í því efni fara eftir áliti ráðunautar ríkisstjórnarinnar.

Áður en leyfi er veitt, skal lögreglustjóri tilkynna landeiganda, að sótt hafi verið um borunarleyfi. Skal þá landeigandi gefa yfirlýsingu um það, hvort hann ætli sjálfur að bora eftir hveraorku og má eigi leyfa það öðrum, ef

hann vill sjálfur bora, enda byrji hann á því innan tiltekins hæfilegs tima. Leyfi þarf hann ekki og engin gjöld greiðir hann til ríkissjóðs.

Áður en leyfishafi byrjar að bora, skal fara fram úttekt á leyfissvæðinu af úttektarmönnum og hveraorkan mæld.

Sá er borunarleyfi fær, öðlast einkarétt til hveraorkurannsókna á leyfissvæðinu og rétt til virkjunar á þeirri neðanjarðar hveraorku, er hann finnur (sbr. þó 15. gr.), enda greiði hann árlegt gjald til ríkissjóðs, eftir því, sem nánar verður tiltekið í leyfisbréfinu. Fyrir leyfisbréf skal greiða 200 krónur, er renna í ríkissjóð. Árgjald til ríkissjóðs má fella burt, ef virkjað er til almenningsþarfa eingöngu.

Leyfishafi skal greiða fullar bætur fyrir átroðning og spjöll, er landeigandi kann að verða fyrir, og fyrir þau óþægindi, er leyfishafi kann að baka öðrum með rannsóknum sínum, eða með hagnýtingu hveraorkunnar.

Verði leyfishafi að taka land til notkunar í sambandi við hagnýtingu hveraorkunnar, skal það bætt að fullu, og fyrir hveraréttindi, er jörðinni fylgdu, en sem leyfishafi skerðir eða breytir við hagnýtingu hveraorkunnar, skal hann í staðinn láta landeiganda í té jafnmikla hveraorku og landeigandi missir, nema hann óski fremur endurgjalds í peningum.

Ef ágreiningur verður um endurgjald fyrir átroðning og spjöll, bætur fyrir land, afhending hveraorku eða fjárgreiðslu í stað hveraorku eða annað slíkt, skal skorið úr þeim ágreiningi með mati.

Leyfishafi er skyldur til að láta landeiganda í té svo mikið af þeirri hveraorku, er hann nær haldi á með borun, sem landeigandi óskar, gegn því að hann greiði kostnað af boruninni að tiltölu við hveraorku þá, sem hann fær til umráða. Semji ekki um þá greiðslu skal úr því skorið með mati. Sama og hér er sagt um rétt landeiganda til að fá umráð yfir hveraorku, sem leyfishafi hefir náð haldi á með borun, gildir um þá hveraorku, sem ríkið hefir náð upp með borun samkv. 11. gr. Af þeirri hveraorku, sem landeigandi þannig fær umráð yfir greiðist ekkert gjald til ríkissjóðs.

13. gr.

Leyfisbréf til borunar, eða forgangsrétt til borunar má ekki framselja nema með leyfi atvinnumálaráðherra.

14. gr.

Leyfishafi er skyldur til þess að hafa fyrirskipaðar dagbækur um rannsóknir sínar og senda skýrslu um þær til atvinnumálaráðuneytisins eftir nánari fyrirmælum, er fram skulu tekin í leyfisbréfi. Ráðherra getur látið ráðunaut sinn hafa eftirlit með borunarrannsóknunum, og skal honum heimill aðgangur að öllum gögnum, er leitt geti til einhvers hagnýts og vísindalegs árangurs af rannsóknunum.

15. gr.

Nú er borunarrannsókn lokið og skal þá byrjað á hagnýting jarðhita innan ákveðins árafjölda, sem tiltekinn er í leyfisbréfinu, þó aldrei síðar en innan 10 ára. Að öðrum kosti fellur forgangsréttur leyfishafa til virkjunar jarðhita

niður, og er þá hverjum heimilt að fá nýtt leyfi til borunar og hagnýtingar eins og segir í 12. gr. Við umsókn um borunarleyfi ,ef fleiri eru, gengur hagnýting til almenningsþarfa fyrir, og umsókn héraðsstjórna fyrir umsóknum einstakra manna.

16. gr.

Til hagnýtingar hveraorku, sem borað hefir verið fyrir, þarf sérstakt leyfi atvinnumálaráðherra, ef meira en 500 hestöfl (hreyfiöfl) eru og fara að öllu leyti með sem vatnsafl væri eftir vatnalögum.

Ef borunarmanni er synjað um leyfi til hagnýtingar, af því héraðsstjórn eða ríkisstjórn vill sjálf hagnýta orkuna til almennra þarfa, á hann rétt til að fá endurgreiddan allan kostnað, er leitt hefir af borunum hans, og eftir atvikum bætur eftir mati fyrir réttindamissi.

17. gr.

Um rafmagnsveitur eða rafstöðvar, sem jarðhita nytja, fer eftir ákvæðum vatnalaga, um raforkuver og veitur, og eftir ákvæðum laga nr. 7, 15. júní 1926 um raforkuvirki. Um hitaveitur fer eftir ákvæðum laga þeirra, er á hverjum tíma gilda um öryggi og eftirlit með verksmiðjum og vélum, en að öðru líkt og um vatnsveitur samkvæmt vatnalögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fyrir Alþingi 1928 og 1929, en var eigi útrætt á þeim þingum. Þykir stjórninni vera hin sama ástæða, sem þá, til að leggja það á ný fyrir þingið og vísast til athugasemda þeirra, er fylgdu frumvarpinu 1928, er það var fyrst lagt fyrir þingið. Frumvarpinu hefir verið lítilsháttar breytt og bætt við tveim greinum, 1. gr. sem skilgreinir hveri og hveraorku, og 14. gr. um að sá, sem leyfi fær til borunar skuli skyldur að gefa atvinnumálaráðuneytinu skýrslur um rannsóknir sínar. Er fróðlegt og gagnlegt að fá slíkar skýrslur þaðan sem borun fer fram. Bætt hefir verið nýjum málslið við 2. málsgr. 12. gr. og nýrri málsgrein aftan við sömu grein, sem hvorttveggja miðar að því að tryggja landeiganda aðgang að því að nota sér hveraorku þá, sem felst í jörð hans, en eigi verður náð nema með borun.

17. Frumvarp

til laga um brúargerðir.

(Lagt fyrir Alþingi 1931).

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta framkvæma eftir því sem fé er veitt í fjárlögum og önnur atvik og ástæður leyfa, byggingu brúa þeirra, sem 2. gr. ákveður.

Bygging brúnna framkvæmist eftir þeirri röð, er landsstjórninni með ráðum vegamálastjóra þykir rétt.

Allar brýr, er gerðar verða samkvæmt lögum þessum, skulu gerðar úr varanlegu efni, svo sem járni eða járnbentri steinsteypu.

2. gr.

Brýr þær, er landsstjórninni heimilast að láta gera, eru yfir vatnsföll þau, sem hér greinir:

A. Brýr yfir 10 metra haf og lengri:

I. Nýjar brýr á þjóðvegum:

a. Vesturland.

1. Laxá í Kjós.
2. Brynjudalsá.
3. Botnsá.
4. Geitabergsá í Svinadal.
5. Miðdalsgil á Vesturlandsvegi.
6. Suðurá í Dalasýslu.
7. Reykjadalsá í Dalasýslu hjá Fellsenda.
8. Glerá í Dalasýslu.
9. Geiradalsá í Barðastrandarsýslu.
10. Prestbakkaá í Strandasýslu.
11. Víkurá í Strandasýslu.
12. Grjótá í Strandasýslu.
13. Staðará í Strandasýslu.
14. Miðdalsá í Strandasýslu.
15. Laxá á Laxárdalsheiði.
16. Kaldakvísl á Stykkishólmsvegi.

b. Norðurland.

1. Norðurá í Borgarfirði hjá Fornahvammi.
2. Nesá á Vaðlaheiði.

3. Kaldakvísl á Tjörnesi.
4. Svalbarðsá í Þistilfirði.

c. Austurland.

1. Vestradalsá í Vopnafirði.
2. Skjalþingsstaðaá í Vopnafirði.
3. Laxá í Jökulsárhlíð.
4. Selfljót í Hjaltastaðaþinghá.

d. Suðurland.

1. Litla-Laxá í Hreppum.
2. Laugará hjá Geysi.
3. Rimhúsaáll undir Eyjafjöllum.
4. Miðskálaá undir Eyjafjöllum.
5. Holtsá undir Eyjafjöllum.
6. Laugará undir Eyjafjöllum.
7. Skógaá undir Eyjafjöllum.
8. Holtsá í Mýrdal.
9. Klifandi og Hafursá í Mýrdal.
10. Hvammsá í Mýrdal.
11. Kerlingadalsá í Mýrdal.
12. Illagil á Höfðabrekkuheiði í Mýrdal.
13. Múlakvísl hjá Selfjalli.
14. Skálm á Mýrdalssandi.
15. Breiðbalakvísl á Síðu.
16. Hörgsá á Síðu.
17. Eldvatn á Síðu.
18. Brúará í Fljótshverfi.
19. Laxá í Fljótshverfi.
20. Djúpá í Fljótshverfi.
21. Kolgríma á Mýrum.
22. Bergá í Hornafirði.

II. Endurbygging trébrúa á þjóðvegum.

a. Vesturland.

1. Fossá í Kjós.
2. Álftá á Stykkishólmsvegi.

b. Norðurland.

1. Grafará í Skagafirði hjá Hofsós.
2. Glerá hjá Akureyri.

3. Skjálfandafljót, vesturkvísl.
4. Klapparós á Kópaskersvegi.

c. Austurland.

1. Jökulsá í Jökuldal.
2. Böðvarsdalsá í Vopnafirði.
3. Kaldakvísl á Fagradalsbraut.
4. Fagradalsá á Fagradalsbraut.
5. Geithúsaá á Fagradalsbraut.

d. Suðurland.

1. Brúará á Geysisvegi.

III. Nýjar brýr á öðrum vegum en þjóðvegum.

1. Hvítá hjá Húsafelli.
2. Blanda hjá Löngumýri.
3. Eyjafjarðará á Stíflu.
4. Skjálfandafljót í Köldukinn.
5. Jökulsá á Fjöllum hjá Grímsstöðum.
6. Lagarfljót hjá Lagarfossi.
7. Jökulsá í Fljótsdal.
8. Hvítá í Árnessýslu, hjá Iðu.
9. Þjórsá hjá Þjórsárholti.

IV. Aðrar brýr.

Um fjárveitingar til nýrra brúa og endurbyggingar trébrúa á öðrum vegum en þjóðvegum, skal fara sem hér segir:

a. Brýr á fjallvegum gerist að öllu fyrir fé úr ríkissjóði.
b. Brýr á sýsluvegum má kosta að ⅔ hlutum af ríkissjóði gegn ⅓ hluta annarstaðar frá.
c. Brýr á öðrum vegum má kosta að helmingi af ríkissjóði gegn því, sem á vantar annarstaðar frá.

B. Brýr yfir 4 metra haf eða lengra, allt að 10 metra.

Á þjóðvegum og fjallvegum skal greiða kostnað við slíkar brýr að öllu úr ríkissjóði.

Á öðrum vegum má greiða allt að helmingi kostnaðar úr ríkissjóði gegn framlagi frá hlutaðeigendum að öðru leyti.

C. Brýr yfir styttra en 4 metra haf.

Kostnað við slíkar brýr skal telja með kostnaði við veg þann, sem brúin er á.

3. gr.

Viðhald brúa, sem gerðar verða samkvæmt 2. gr., skal telja með viðhaldskostnaði þess vegar, sem brúin er á. Þó skal greiða úr ríkissjóði viðhaldskostnað þeirra brúa, sem taldar eru í III. kafla.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 62, 20. nóv. 1919 um brúargerðir.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1932.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið af vegamálastjóra að tilhlutun atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, og fylgdi því svohljóðandi greinargerð:

Með lögum um brúargerðir nr. 62, 28. nóv. 1919, var stigið stórt spor í áttina að vinna eftir fastri áætlun að framkvæmdum brúargerða. Er það af öllum viðurkennt, að lög þau hafa að öllu leyti reynzt mjög vel og átt sinn mikla þátt í þeim miklu framförum, sem orðið hafa á undanförnum áratug.

Skýrslur þær og línurit, er ég hefi gert og hér með fylgja, sýna glöggt, hve stórstígar framkvæmdirnar hafa verið. Frá 1890, en þá var Ölfusárbrúin byggð, fyrsta brúin, sem ekki var úr timbri, þar til 1920, er lög þessi komu til framkvæmda, voru byggðar samtals 59 brýr stærri en 10 metrar úr járni og járnbentri steypu, og var kostnaður samtals um kr. 855154.00. Síðan hafa verið byggðar 100 brýr stærri en 10 metrar, að árinu 1929 meðtöldu, fyrir samtals kr. 2336624.00. Á árinu 1930 hafa enn bætzt við 27 brýr, sem hafa kostað nálægt 500 þús. kr., ásamt 11 smábrúm.

Í lögunum frá 1919, með breytingum frá 1925, er gert ráð fyrir að brúa 68 ár á þjóðvegum og flutningabrautum, allar stærri en 10 metrar. (En hér eftir jafnan miðað við þessa stærð brúa, þegar ekki er annars getið).

Af þessum ám er nú lokið að brúa 54 og eina betur að mestu leyti (Skjálfandafljót, Vesturkvíslin óbrúuð). Auk þeirra hafa verið byggðar 28 brýr á þjóðvegum. Eru þá 14 ár enn óbrúaðar á þjóðvegum, þeirra, sem taldar eru í lögunum.

Brýr á sýslu- og hreppsvegum hafa á þessu tímabili verið byggðar samtals 37 fyrir kr. 647470.00, að meðtöldu tillagi hlutaðeigenda, sem hefir samtals numið um 166 þús. kr. Brýr á fjallvegum eru byggðar aðeins 2 og hafa

kostað báðar um kr. 6900.00. Fyrir breytingar á vegalögunum eru flestar þessar brýr nú á þjóðvegum.

Sérstaka skýrslu um minni brýr en 10 metra hefi ég ekki fullgerða enn, en þær brýr skipta tugum bæði á þjóðvegum og sýsluvegum.

Þar sem nú svo langt er komið framkvæmdum þeim, sem miðað er við í lögum um brúargerðir, sérstaklega að því er snertir þjóðvegina, þá virðist mér kominn tími til að marka nú næsta sporið í brúabyggingum.

Viðhorf er nú nokkuð breytt síðan 1919 um nauðsyn þess, að ár allar verði brúaðar á akfærum vegum og vegir eru nú orðnir akfærir miklu víðar en menn þá hefði órað fyrir að myndi nást á liðnum áratug.

Takmarkið verður nú að brúa allar ár á þjóðvegunum og öðrum vegum í byggð, þar sem nokkur veruleg umferð er eða flutningaþörf.

Ég hefi því tekið fyrir hendur að gera áætlanir um kostnað við allar þessar brýr. Á undanförnum árum hafa verið mæld og rannsökuð flest brúastæði, sem til greina koma. Rannsókn þessi er að vísu vitanlega sumstaðar enn nokkuð lausleg, en þó nægileg til þess að gera sér yfirlit um heildarkostnaðinn.

Niðurstaða mín er sú, að framkvæmanlegt sé, að brúa allar ár á þjóðvegum og öðrum vegum yfirleitt, þar sem byggð er í sveitum, nema þessar stórár í Austur-Skaftafellssýslu: **Núpsvötn, Skeiðará, Hornafjarðarfljót** og **Jökulsá á Lóni**, og verður þó vikið að þeim síðar. Kostnaður allur hefir verið áætlaður um 3.5 milljónir króna.

Ég tel heppilegast að sett verði ný lög um brúargerðir, á sama grundvelli og lögin frá 1919. Nokkrar breytingar á einstökum ákvæðum þeirra laga tel ég rétt að gera, sérstaklega að fella burt lánsheimildina, en binda framkvæmdir við fjárveitingar hvers árs, enda hefir þeirri venju verið fylgt síðan 1925 að taka upp í fjárlög fjárveitingar til brúargerða eins og annara vegabóta. Ennfremur að sleppa ákvæðinu um hámark framlags til brúa á sýsluvegum og til smábrúa.

Ég hefi þó ekki að þessu sinni tekið með brýr á allar ár á þjóðvegum, sérstaklega vegna þess, að aðstaða til brúargerða er sumstaðar ekki nægilega rannsökuð, en ég hefi talið allar þær ár, sem ég tel lýkur til að verði brúaðar á næstu árum. Má þá bæta við síðar, er fenginn er ábyggilegri grundvöllur til áætlana um kostnað.

Ég hefi skipt brúnum eftir landsfjórðungum til gleggra yfirlits. Til þess að fá heildaryfirlit yfir útgjöld þau, er frumvarp þetta hefir í för með sér, sérstaklega að því er snertir brýr á þjóðvegum, hefi ég gert eftirfarandi kostnaðaráætlun, sem þó ber að skoða frekar sem heildaráætlun, með því að áætlanir um sumar brýrnar eru nokkuð lauslegar:

A. I. Nýjar brýr á þjóðvegum.

a. Vesturland.

1. Laxá í Kjós	kr.	20000
2. Brynjudalsá	—	9000

3. Botnsá	—	10000		
4. Geitabergsá	—	8000		
5. Miðdalsgil á Vesturlandsvegi	—	10000		
6. Suðurá á Vesturlandsvegi	—	5000		
7. Reykjadalsá á Vesturlandsvegi	—	15000		
8. Glerá í Dalasýslu	—	15000		
9. Geiradalsá í Barðastrandarsýslu	—	10000		
10. Prestbakkaá í Strandasýslu	—	8000		
11. Víkurá í Strandasýslu	—	10000		
12. Grjótá í Strandasýslu	—	8000		
13. Staðará í Strandasýslu	—	16000		
14. Miðdalsá í Strandasýslu	—	10000		
15. Laxá í Strandasýslu	—	9000		
16. Kaldakvísl á Stykkishólmsvegi	—	8000		
			kr.	171000.00

b. Norðurland.

1. Norðurá í Borgarfirði	kr.	12000		
2. Nesá á Vaðlaheiði	—	6000		
3. Kaldakvísl á Tjörnesi	—	12000		
4. Svalbarðsá í Þistilfirði	—	15000		
			—	45000.00

c. Austurland.

1. Vestradalsá í Vopnafirði	kr.	10000		
2. Skjaldþingsstaðaá í Vopnafirði	—	10000		
3. Laxá í Jökulsárhlíð	—	8000		
4. Selfljót	—	14000		
			—	42000.00

d. Suðurland.

1. Litla-Laxá í Hreppum	kr.	6000		
2. Laugará hjá Geysi	—	8000		
3. Rimhúsaáll undir Eyjafjöllum	—	7000		
4. Miðskálaá undir Eyjafjöllum	—	10000		
5. Holtsá undir Eyjafjöllum	kr.	17000		
6. Laugará undir Eyjafjöllum	—	9000		
7. Skógará undir Eyjafjöllum	—	18000		
8. Háls í Mýrdal	—	11000		
9. Klifandi og Hafursá í Mýrdal	—	68000		
10. Hvammsá í Mýrdal	—	9000		
11. Kerlingadalsá í Mýrdal	—	30000		
12. Illagil í Mýrdal	—	12000		
13. Múlakvísl í Mýrdal	—	35000		
14. Skálm í Mýrdal	—	12000		

15. Breiðbalakvísl á Síðu	—	50000		
16. Hörgsá á Síðu	—	14000		
17. Eldvatn á Síðu	—	8000		
18. Brúará í Fljótshverfi	—	7000		
19. Laxá í Fljótshverfi	—	15000		
20. Djúpá í Fljótshverfi	—	27000		
21. Kolgríma á Mýrum	—	12000		
22. Bergsá í Hornafirði	—	8000		
			—	393000.00
A. I. samtals			kr.	651000.00

A. II. Endurbygging trébrúa á þjóðvegum.

a. Vesturland.

1. Fossá í Kjós	kr.	12000		
2. Álftá á Stykkishólmsvegi	—	9000		
			kr.	21000.00

b. Norðurland.

1. Grafará í Skagafirði	kr.	10000		
2. Glerá hjá Akureyri	—	7000		
3. Skjálfandafljót, vesturkvísl	—	25000		
4. Klapparós á Kópaskersvegi	—	9000		
			—	51000.00

c. Austurland.

1. Jökulsá í Jökuldal	kr.	14000		
2. Böðvarsdalsá í Vopnafirði	—	8000		
3. Kaldakvísl á Fagradalsbraut	—	9000		
4. Fagradalsá á Fagradalsbraut	—	5000		
5. Geithúsaá á Fagradalsbraut	—	14000		
			—	50000.00

d. Suðurland.

1. Brúará á Geysisvegi			kr.	12000.00
A. II. samtals			kr.	134000.00

A. III. Nýjar brýr á öðrum vegum en þjóðvegum.

Vesturland: 1. Hvítá hjá Húsafelli			kr.	9000.00
Norðurland: 2. Blanda hjá Löngumýri			—	65000.00

	3. Eyjafjarðará á Stíflu	—	30000.00
	4. Skjálfandafljót í Köldukinn	—	100000.00
	5. Jökulsá á Fjöllum	—	150000.00
Austurland:	6. Lagarfljót hjá Lagarfossi	—	65000.00
	7. Jökulsá í Fljótsdal	—	80000.00
Suðurland:	8. Hvítá í Árnessýslu hjá Iðu	—	110000.00
	9. Þjórsá hjá Þjórsárholti	—	125000.00
	A. III. samtals	kr.	734000.00

Samandregið yfirlit:

A. I.	Nýjar brýr á þjóðvegum, 46 brýr	kr.	651000.00
A. II.	Endurbygging trébrúa á þjóðvegum, 12 brýr	—	134000.00
A. III.	Nýjar brýr á öðrum vegum en þjóðvegum, 9 brýr	—	734000.00
		Kr.	1519000.00

Í flokki merktum A. III. eru talin 9 stórvötn, og munu 7 brýr teljast á sýsluvegum, allar nema Hvítá hjá Húsafelli og Jökulsá á Fjöllum hjá Grímsstöðum, en þær eru báðar á fjallvegum. Allar brýrnar, nema sú fyrsta, eru dýrustu brýrnar, sem sýnilegt er nú að gerðar verði á næstu árum. Allar 7 brýrnar eru á miðri byggð og yfirleitt ein í hverri sýslu. Með tilliti til, að þær verði óvenju kostnaðarsöm mannvirki og margar aðrar óbrúaðar ár eru í sýslum þessum, þá tel ég sýslunum nokkuð ofviða að leggja fram fé til þeirra svo að nokkru nemi, og hefi því tekið þann kost, að leggja til, að ríkissjóður kosti þær að öllu. Ég tel og þann flokk brúa sérstæðan að því leyti, að í engum öðrum sýslum eru enn óbrúaðar slíkar stórár niðri í byggðinni. Samkvæmt ákvæðum núgildandi laga, myndi hlutaðeigendur verða að leggja fram ¼ hluta kostnaðar fyrrgreindra 7 brúa, eða samtals tæpar 150 þús. kr.

Viðvíkjandi brúm í flokki merktum A. IV. vil ég taka þetta fram:

Ég hefi fellt úr núgildandi lögum ákvæðið um fjórðungstillag hlutaðeigenda til brúa á sýsluvegi, er kosta yfir 40 þús. kr. Er það gert með tilliti til þess, að þegar frá eru teknar fyrrnefndar 7 stórbrýr í flokki A. III., sem ég legg til að ríkissjóður kosti að öllu leyti, þá tel ég ekki horfur á að neinar þær brýr verði byggðar á sýsluvegum, er kosti 40 þús. kr. eða þar yfir. Tel ég því ákvæðið óþarft.

Brýr á fjallvegum, er koma hér undir, verða naumast margar á næstu árum. Helztar má telja yfir þessar ár: Tungufljót fyrir austan Geysi, Laxá undir Kolugafjalli í Skagafirði, Brimilsgjá í Steinadal og Gilsá í Jökuldal (endurbygging). Eru þær allar áætlaðar að kosta 55 þús. kr. Ef gert er 20 þús. kr. fyrir öðrum brúm, má áætla kostnað af brúm í þessum flokki 75 þús. kr.

Vitanlega kemur þó að því síðar, að ýmsar ár verði brúaðar á fjöllum uppi. Vil ég þar sérstaklega nefna Tungnaá og Skjálfandafljót á Sprengisandsvegi, Hvítá, Blöndu og Ströngukvísl á Kjalvegi.

Á Tungnaá og Hvítá munu þó væntanlega koma góðar ferjur fyrst, er taki bifreiðar, þegar svo er komið vegagerðum, að akfært verður inn á fjöll, en þess mun ekki langt að bíða.

Ég hefi gert skrá yfir, ásamt kostnaðaráætlun um allar helztu brýr á sýsluvegum, er ég tel væntanlegar á næstu 10 —15 árum. Samandregnar áætlanir eru þannig, raðað eftir sýslum:

Borgarfjarðarsýsla: Hvítá á Barnafossi (endurbygging) að ½ á móti Mýrasýslu, Grímsá hjá Fossatúni, Grímsá í Lundarreykjadal, Flóká, Reykjadalsá, Andakílsá hjá Ausu	5½	brú	kr.	95000
Mýrasýsla: Hvítá hjá Barnafossi móti Borgarfjarðarsýslu, Urriðaá, Álftá	2½	—	—	18000
Dalasýsla: Hörðudalsá , Miðá, Laxá, Hvammsá, Kjarlaksstaðaá, Tungnaá, Haukadalsá	7	—	—	89000
Snæfellsnessýsla: Staðará, Vatnsholtsá, Kálfá, Hraunhafnará, Sleggjubeinaá, Sveinsstaðaá, Fróðá og Fossá hjá Ólafsvík, Svelgsá og Svínafossaá á Skógarströnd	10	—	—	78000
Barðastrandarsýsla: Móra	1	—	—	9000
Ísafjarðarsýsla: Unaðsdalsá, Laugardalsá, Langá	3	—	—	17000
Strandasýsla: Selá í Steingrímsfirði, Bjarnarfjarðará	2	—	—	45000
Vestur-Húnavatnssýsla: Vesturdalsá, Austurdalsá, Núpá, Urriðaá í Miðfirði	4	—	—	33000
Austur-Húnavatnssýsla: Svartá, Svínadalsá	2	—	—	30000
Skagafjarðarsýsla: Mælifellsá, Laxá í Laxárdal, Gönguskarðsá og Kallá, Hrollaugsdalsá, Höfðaá, Fljótaá, Brúnastaðaá og Lambanesá í Fljótum, Jökulsá eystri	10	—	—	165000
Eyjafjarðarsýsla: Eyjafjarðará hjá Saurbæ, Öxnadalsá hjá Bægisá, Öxnadalsá hjá Þverá, Syðri Tungnaá, Ólafsfjarðarós, Skíðadalsá, Svarfaðardalsá	7	—	—	91000
Suður-Þingeyjarsýsla: Laxá í Laxárdal, Þverá í Reykjahverfi, Vetrarvötn undir Garðsnúpi	3	—	—	18000
Hér við má væntanlega bæta Skjálfandafljóti í Bárðardal, en upplýsingar vanta um brúarstæði og verður brú þar líklega nokkuð dýr.				
Norður-Þingeyjarsýsla: Ormalónsá hjá Raufarhöfn, Sauðanesós á Langanesi	2	—	—	38000
Norður-Múlasýsla: Jökulsá í Jökuldal hjá Hjarðarhaga, Kelduá í Fljótsdal, Gilsá að hálfu móti Suður-Múlasýslu, Bessastaðaá í Fljótsdal	3½	brú	kr.	55000
Suður-Múlasýsla: Múlaá, Geitdalsá hjá Þingmúla, Búðará í Reyðarfirði (endurbygging), Gilsá að hálfu móti Norður-Múlasýslu	3½	—	—	50000
Rangárvallasýsla: Ytri-Rangá, nálægt Geldingalæk, Eystri-Rangá á Tungufossi, Hólsá í Vestur-Landeyjum	3	—	—	92000
Árnessýsla: Kálfá í Hreppum	1	—	—	7000
Samtals	70	brýr	kr.	870000

Það er víst, að nokkrar brýr bætast við þær, er hér hafa verið taldar, sérstaklega á Vestfjörðum, því þar hefir enn lítið verið rannsakað, hvar þörf er nýrra brúa, en þær munu yfirleitt smáar og ódýrar. Tel ég að ríflega sé gert fyrir þeim, ef miðað er við að kostnaður verði alls 1 milljón kr. Kæmi þá í hlut ríkissjóðs allt að ⅔ hlutum, eða tæpar 700 þús. kr.

Undir lið IV C. myndu koma aðeins smábrýr, helzt á hreppsvegum, og tel ég gert nóg fyrir framlagi til þeirra með því að miða við þær 700 þús. kr., sem nú voru nefndar.

Brýr, sem koma undir 2. gr. B., verða og allar ódýrar. Áætlun hefir verið gerð um 21 brú á þjóðvegum, samtals 110 þús. kr., og 13 brýr á sýsluvegum, samtals 62 þús. kr., er ríkissjóður myndi greiða að hálfu. Framlag ríkissjóðs til þeirra 34 brúa er því áætlað 141 þús. kr.

Væntanlega bætast nokkrar fleiri brýr í þenna flokk, og tel ég því hæfilegt að áætla 200 þús. kr. úr ríkissjóði á næstk. 10 ára tíma.

Með tilvísun til þess, er hér hefir sagt verið, kemur fram svohljóðandi heildaryfirlit um áætlaðan kostnað af brúargerðum þeim, er frv. þetta gerir ráð fyrir:

1.	Brýr á þjóðvegum, 58 brýr	kr.	785.000
2.	Brýr á nokkrum öðrum vegum, 9 brýr	kr.	734.000
3.	Brýr á sýsluvegum samkv. A. IV., 70 brýr	—	700.000
4.	Brýr á fjallvegum samkv. A. IV.	—	75.000
5.	Smábrýr samkv. 2. gr. B.	—	200.000
	Samtals	kr.	2494.000

Línurit það er hér fylgir sýnir, að varið hefir verið úr ríkissjóði að meðaltali kr. 233662.00 á ári til brúagerða á árunum 1920—29, en árlegar fjárveitingar hafa verið mjög misháar, allt frá 25 þús. kr. til rúmlega 500 þús. kr. Með því að miða við svipaða meðaltölu fjárveitinga á næstu árum, ætti að vera unnt að byggja allar þessar brýr á næstu 10 árum.

Með brúargerðum þeim, er hér hefir verið gert ráð fyrir, er þó enn ekki lokið að fullu að brúa landið. Fer hér á eftir nokkuð yfirlit yfir hvað þá verður enn ógert.

Vatnasvæði Markarfljóts og Þverár hefir enn ekki verið tekið með hér, en tillaga um brúargerðir þær mun verða lögð fram í sérstöku frumvarpi í sambandi við fyrirhleðslu vatnanna. Verður að teljast vel kleift að brúa þessi vötn, en það er kostnaðarsamt og verður álitamál að hve miklu leyti ber að telja þann kostnað til brúargerða og að hve miklu leyti til varna gegn ágangi vatns.

Að öðru leyti má telja þessar ár enn óbrúaðar á þjóðvegum, og er jafnframt sett lausleg kostnaðaráætlun:

1.	**Á Vesturlandi:** Dragá í Skorradal, Andakílsá hjá Grund	2 brýr	kr.	25000
2.	**Á Norðurlandi:** Grjótá á Öxnadalsheiði ásamt 3 giljum þar, 3 gil á Tjörnesi	7 —	—	100000
3.	**Á Austurlandi:** Finnafjarðará, Saurbæjará og Bakkaá, allar í Skeggjastaðahreppi, Reiðhólskvísl og Fossá í			

Jökulsárhlíð, Breiðdalsá, Berufjarðará, Fossá, Hvítá, Búlandsá, Kambá, Stekká, Geithellnaá, Hofsá, Starmýrará, Selá	16	—	—	200000
Áætlunin er, sérstaklega um brýr á Breiðdalsá og Hofsá, mjög óviss. Þessar ár renna mjög dreift á eyrum og verður líklega ókleift að brúa þær, sérstaklega Hofsá, sem er mikið vatnsfall, nema gera jafnframt allverulegar fyrirhleðslur.				
4. **Á Suðurlandi:** Jökulsá á Breiðamerkursandi	1	—	—	150000
Samtals 26 brýr kr.				475000

Þar eð brúarstæði á ám þessum eru yfirleitt lítt rannsökuð, þá eru áætlanir nokkuð lauslegar og hefi ég því að svo stöddu ekki talið rétt að taka þær brýr upp í frumvarp það, er hér kemur fram.

Með því að gera ráð fyrir sömu meðalfjárveitingum enn 3 ára bil umfram áðurnefnd 10 ár, ætti að vera unnt að koma einnig þessum brúargerðum í framkvæmd, og er þá jafnframt ætlað nokkuð fyrir öðrum minni brúm, sem við kunna að bætast.

Þá skal ég víkja nokkrum orðum að stórvötnum þeim á þjóðvegum, sem enn eru ekki talin. Eru það þessar ár:

Núpsvötn, Skeiðará, Hornafjarðarfljót og Jökulsá í Lóni.

Farvegur Hornafjarðarfljóts er mjög breiður á þjóðveginum, liggur það þar í 2 kvíslum, sem samtals eru tæpir 4 km. á breidd, og er hvergi brúarstæði öllu skárra en þarna. Hugsanlegt er að gera háa, öfluga garða yfir mestan hluta farvegarins og síðan brýr milli garðanna, en mannvirki þetta yrði mjög dýrt. Hinsvegar hagar vel til um að hafa bílferju í Hornafjarðarós, kostar hún tiltölulega lítið fé og fullnægir flutningaþörf allri, sem þarna er. Vestan óssins eru sandar fram með sjó, sem bílfærir verða með lítilli aðgerð. Verður þá jafnframt komizt hjá að brúa nokkrar örðugar jökulár á Mýrum milli Hornafjarðarfljóts og Kolgrímu. Fengist þannig bílfær vegur úr Hornafirði allt til Öræfa, þá er Jökulsá á Breiðamerkursandi er brúuð, sem ekki ætti að vera verulegum vandkvæðum bundið, að því er mér hefir virzt. Í Öræfum eru margar smáár og hafa brýr á þær ekki verið teknar með í áætlanir mínar, þar eð engin rannsókn hefir enn farið fram á brúarstæðum né heldur, hve mikil þörf sé að ár þessar verði brúaðar. Núpavötn, Skeiðará og Jökulsá á Lóni renna allar mjög dreift um flata sanda, en sérstaklega gera jökulhlaupin í Núpsvötnum og Skeiðará ókleift að brúa þau vötn.

Jökulsá á Lóni er væntanlega unnt að brúa, en er þó ekki rannsakað mál, og verður vitanlega mjög dýrt.

Reykjavík, 23. jan. 1931.

Geir G. Zoëga.


Brýr lengri en 10 metrar byggðar árin 1890—1929.


st. = brýr úr járnbentri steypu; j = járnbrýr.

Lengd:	1890—1900		1901—10		1911—20		1921—29		Samtals 1890—1929			Byggingar-kostn.
	st.	j.	st.	j.	st.	j.	st.	j.	st.	j.	samt.	kr.
10— 20 m.	„	„	2	3	20	1	43	6	65	10	75	554.425
20— 30 m.	„	1	1	3	12	2	17	4	30	10	40	487.250
30— 50 m.	„	1	„	1	8	„	5	6	13	8	21	399.540
50—100 m.	„	1	1	1	2	1	10	„	13	3	16	789.375
100—200 m.	„	1	„	1	„	„	3	„	3	2	5	486.600
200—300 m.	„	„	„	1	„	„	„	1	„	2	2	397.920
Samt.	„	4	4	10	42	4	78	17	124	35	159	3115.110

Landshl.:	1890—1900		1901—10		1911—20		1921—29		Samtals 1890—1920			Byggingar-kostn.
	st.	j.	st.	j.	st.	j.	st.	j.	st.	j.	samt.	kr.
Suðv.land .	„	1	3	1	16	1	23	2	42	5	47	709.250
Vestfirðir ..	„	„	„	„	2	„	3	2	5	2	7	64.860
Norðurl. ..	„	1	1	5	15	„	34	5	50	11	61	1164.700
Austurl. ..	„	„	„	3	5	„	10	„	15	3	18	331.730
Suðurl. ...	„	2	„	1	4	3	8	8	12	14	26	844.570
Allt landið	„	4	4	10	42	4	78	17	124	35	159	3115.110
	4		14		46		95			159		

	1890-1900	1901-10	1911-20	1921-29	1890-1929
Byggingarkostnaður	175.400	309.945	512.245	2117.520	3115.110
Þar af:					
Steinsteypubrýr	„	43.530	431.555	1452.750	1927.835
Járnbrýr	24.400	193.315	80.690	664.770	963.175
Járnhengibrýr	151.000	73.100	„	„	224.100


Kr.
500.000
400.000
300.000
200.000
100.000
0
Brúargerðakostn
greiðslur ríkissjóðs
61.300
75.700
24.400
14.000
56.400
Tölurnar sýna g
Ölfusá
Þjórsá
Blanda
Jökulsá í Axa
1890
1895
1897
1899
1904


ur 1890-1929.
tillag sýslufjelaga.
133.040
1.450
38.400
11.730
57.425
26.315
71.370
55.730
32.624
24.122
28.087
7.500
53.362
65.497
506.779
149.860
147.091
168.737
25.177
108.453
176.949
275.878
319.784
457.911
63.961
22.238
9.489
slur ríkissjóðs.
233.662,42 kr.
meðaltal 1920-'29
ga í gildi
Brúalög ganga í
agarfljót
8.604
19.110
8.305
22.088
24.497
10.000
1.000
07
08
09
10
11
12
13
14
15
16
17
18
19
20
21
22
23
24
25
26
27
28
29
1930

18. Frumvarp

til laga um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts.

(Lagt fyrir Alþingi 1931).

1. gr.

Til þess að bæta samgöngur um vatnasvæði Þverár og Markarfljóts í Rangárvallasýslu og varna skemmdum og ágangi vatns, skal gera þessi mannvirki:

1. Brú á Þverá nálægt Dufþaksholti.
2. Brú á Affall norðan við Ossabæ.
3. Brú á Markarfljót móts við Litlu Dímon.
4. Nauðsynlegar fyrirhleðslur til þess að veita Markarfljóti og Álum að brúaropinu hjá Litlu Dímon.
5. Nauðsynlegar vegabætur í sambandi við brýrnar.
6. Nauðsynlegar fyrirhleðslur og önnur mannvirki til varnar yfirvofandi stórfelldum skemmdum á vatnasvæðinu að dómi atvinnumálaráðherra.
7. Flóðgáttir til áveitu, þar sem öruggt er og nauðsyn þykir.

2. gr.

Vegurinn frá vegamótum Fljótshlíðarvegar fyrir vestan Garðsauka um brýr þær, er taldar eru í 1. gr. skal vera þjóðvegur og kostar ríkissjóður að öllu mannvirki þau, sem talin eru í 1. gr. 1.—5. lið.

Brýr á Þverá og Affall skal gera sem fulltraustar bráðabirgðabrýr.

Nauðsynlegar fyrirhleðslur og önnur mannvirki, sem talin eru í 1. gr. 6. og 7. lið skal kosta þannig:

Varnir fyrir innan Hlíðarenda í Fljótshlíð fyrir ágangi Þverár kostar ríkissjóður að $\frac{7}{8}$ hlutum, en sýslufélög Rangárvallasýslu að $\frac{1}{8}$ hluta.

Varnir annarsstaðar og flóðgáttir kosta sömu aðilar að $\frac{3}{4}$ og $\frac{1}{4}$ hluta.

3. gr.

Sýslunefnd Rangárvallasýslu veitist heimild til að jafna niður, að einhverju eða öllu leyti, þeim hluta fyrirhleðslukostnaðarins, sem sýslufélaginu ber að inna af hendi samkvæmt 2. gr., á þær jarðir í sýslunni, sem hagnað hafa af fyrirhleðslunni.

Við niðurjöfnun þessa skal aðallega miðað við þær skemmdir, sem þegar eru orðnar á jörðunum af ágangi vatnsfalla, en ætla má að aftur létti af, eða sem vissa þykir fyrir að varnað verði með fyrirhleðslunum. Skal sýslunefnd afla ábyggilegra skýrslna um þetta áður en jafnað er niður gjaldinu, og skulu skýrslurnar gefnar af tveim óvilhöllum mönnum, er til þess skulu sérstaklega dómkvaddir. Verði þeir eigi sammála um einhver atriði, dómkveður héraðsdómari, ef hann á hér eigi hagsmuna að gæta, ella næsti héraðsdómari, þriðja manninn sem oddamann.

Niðurjöfnun sýslunefndar geta jarðeigendur, sem gjaldið er jafnað niður á, skotið til atvinnumálaráðherra, er lætur rannsaka málavöxtu og leggur á þá fullnaðarúrskurð.

4. gr.

Sé gjald það, sem þannig er jafnað niður á jarðir þær, sem hér eiga hlut að máli samkvæmt 3. gr., eigi greitt með þeim hætti, er sýslunefnd áskilur, getur hún látið taka eignarnámi jörð þá, sem vanskilin stafa frá, og verður sýslufélagið eigandi jarðarinnar. Greiðir það jarðeiganda það, sem umfram er af matsverði jarðarinnar, gjaldi því og kostnaði, sem honum ber að greiða.

Til þess að meta jörð til eignarnáms samkvæmt því, sem hér segir, dómkveður héraðsdómari 3 óvilhalla menn, er óríðnir eru við fyrirtækið. Um mat þetta, og yfirmat, þurfi á því að halda, fer að öðru leyti eftir ákvæðum vatnalaganna frá 20. júní 1927.

5. gr.

Ríkisstjórnin sér um framkvæmd allra þeirra mannvirkja, er um ræðir í lögum þessum, en umsjón og viðhald mannvirkja þeirra, er um ræðir í 1. gr. 6. og 7. lið, að þeim loknum, annast sýslunefnd, þó með þeirri undantekningu, er um getur í 7. gr. Kostnaði, sem af viðhaldi leiðir, getur sýslunefnd jafnað niður á hlutaðeigandi jarðir, eftir sömu reglum og 3. gr. setur um niðurjöfnun á stofnkostnaðarhlutdeild sýslufélagsins.

Leiguliði á jörð skal skyldur, ef jarðeigandi krefst, að viðlögðum ábúðarmissi, að greiða hinn árlega niðurjafnaða viðhaldskostnað, en af stofnkostnaði eigi meira en vexti af því, sem jarðeigandi hefir lagt fram.

6. gr.

Bætur fyrir skemmdir á landi, er sannað þykir að fyrirhleðslur þær, sem gerðar eru til þess að veita vötnunum í farveg Markarfljóts, hafi beinlínis valdið, skal telja með kostnaði við verkið. Má ákveða slíkar skaðabætur eftir samkomulagi milli landeiganda og umboðsmanns stjórnarvalda þeirra, sem bætur eiga að greiða. Nú næst ekki samkomulag, eða ef um verulegt tjón er að ræða, og skal þá ákveða bætur eftir mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Skal að öðru leyti fara um framkvæmd matsins og greiðslu skaðabóta svo sem fyrir er mælt í vatnalögunum frá 20. júní 1923.

7. gr.

Viðhald þeirra mannvirkja, er gerð verða fyrir innan Hliðarenda í Fljótshlíð til varnar fyrir ágangi Þverár greiðist úr ríkissjóði að $\frac{7}{8}$ hlutum, en að $\frac{1}{8}$ hluta af sýslufélagi Rangárvallasýslu. Framkvæmd viðhaldsins annast ríkisstjórnin.

8. gr.

Ákvæði laga þessara um viðhald flóðgátta og mannvirkja til varnar ágangi vatns, skulu einnig gilda að því er snertir mannvirki, sem gerð hafa verið samkvæmt lögum nr. 69, 14. nóv. 1917 um fyrirhleðslu fyrir Þverá og Markarfljót.

9. gr.

Ríkisstjórnin skal hafa eftirlit með því, að mannvirkjum þeim, er gerð verða, sé vel við haldið, og skal sýslunefnd Rangárvallasýslu skylt að hlíta fyrirskipunum hennar hér að lútandi.

Um viðhaldið og allt það, er þar til heyrir, skal sýslunefnd gera samþykkt, og skulu þar greindar þær jarðir allar, sem verkið nær til samkvæmt ákvæðum þessara laga. Hefir samþykktin öðlast gildi, er hún hefir hlotið staðfesting atvinnumálaráðuneytisins.

Sektir má ákveða í samþykktinni fyrir brot gegn henni, og renna þær í sérstakan sjóð, til viðhalds fyrirhleðslunum. Með brot gegn samþykktinni skal fara sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 69, 14. nóv. 1917 um fyrirhleðslu fyrir Þverá og Markarfljót.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af vegamálastjóra að undirlagi atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins og hefir hann látið því fylgja eftirfarandi

Greinargerð.

Lög nr. 69, 14. nóv. 1917 um fyrirhleðslu Þverár og Markarfljóts hafa lítt komið til framkvæmda ennþá. Þau gerðu sérstaklega ráð fyrir varnargörðum inn við Þórólfsfell og við Stóru Dímon, og að Seljalandsgarðurinn yrði lengdur nokkuð, ennfremur að brú yrði sett á Markarfljót móts við Litlu Dímon. Kostnað við varnargarðana skyldi ríkissjóður greiða að ¾ hlutum gegn fjórðungstillagi frá hlutaðeigendum, en brúna á Markarfljót að öllu leyti.

Seljalandsgarðurinn var lengdur 1925 um 500 metra og er nú 1200 metrar að lengd. En ekki hefir verið hafizt um að byrja á varnargörðunum inn við Þórólfsfell né hjá Dímon. Var þó gerð í fyrrahaust lítilsháttar bráðabirgðatilraun með timburgirðingar í farveginum undir Streitum fyrir innan Þórólfsfell.

Nokkru eftir að fyrirhleðslulögin voru sett, kvað mest að skemmdum í Vestur-Landeyjum og Þykkvabæ. Var þá hlaðið þar í ýmsa ósa; var Djúpós þeirra stærstur, hinir voru Valalækjarós, Fróðholtsós og Bakkakotsós. Kostnaður við þessi mannvirki, sem varð nokkuð yfir 100 þús. kr., var greiddur samkvæmt téðum lögum. Tókst með íteppum þessum að verja að fullu land beggja megin Hólsár, en þar rennur Þverá nú til sjávar ásamt Rangánum báðum.

Síðan hefir jökulvatnið hvergi valdið teljandi skemmdum, nema á nokkrum jörðum í Fljótshlíð innarlega, en þar hefir Þverá að heita má árlega brotið nokkuð land, og sumsstaðar borið aur upp á bakka, þar sem þeir hafa verið lægstir.

Víða í Landeyjum hefir jökulvatnið verið tekið til áveitu og hefir þótt gefast vel.

Vitanlega má gera ráð fyrir að skemmdir á landi haldi áfram víðsvegar meðfram vatnafarvegum, ef ekki verður aðhafst til varnar.

Þó er naumast að óttast verulegt tjón að þessu á næstunni, nema í Fljótshlíðinni. Þær eru að minnsta kosti meira hægfara annarsstaðar og nær þá nýtt land að gróa upp á tímabilinu.

Trygging gegn skemmdum fæst þó eingöngu með nægilega öflugum fyrirhleðslum.

Daglegar bifreiðaferðir eru nú komnar á allan meginhluta ársins beggja megin vatnanna, allt til Víkur. En yfir vötnin verður að fara á hestum; er það bæði tafsamt og dýrt, þótt flutningar gangi greiðlega eins og hefir verið undanfarin tvö ár. Nú er umferðin svo að segja eingöngu ferðafólk, en gera má ráð fyrir að hefjist þó nokkrir vöruflutningar til mikilla hagsmuna nærliggjandi sveitum, ef akfært verður, og fólksumferð mun vitanlega einnig vaxa mjög.

Í fjárlögum 1930 var veitt 10 þús. kr. til mælinga á vatnasvæðinu og til undirbúnings tillagna um framkvæmdir. Mælingar þessar voru gerðar 1929 og hafa nú í vetur verið gerðar áætlanir um tilhögun mannvirkja þeirra til landvarna og samgöngubóta, er talið verður að komi til álita.

Kemur þá í ljós að margar lausnir þessa máls eru mögulegar. Kostnaðarminnst verður að hugsa aðeins um samgöngubætur ásamt þeim varnargörðum, sem nauðsynlegir eru eingöngu vegna brúnna á vötnin. En eins og eðlilegt er, vex kostnaðurinn mjög, því öruggari og víðtækari, sem mannvirkin verða gerð.

Til landvarna er gert ráð fyrir öflugum görðum, gerðum úr möl, grassnyddu, grjóti, timbri og hrísi. Fylgir með þvermynd af garði til glöggvunar. Mun verða að breyta nokkuð til um gerð garða eftir því hvaða nothæft efni fæst í þá með hægasta móti á hverjum stað. Vænt blágrýti fæst aðeins á 3 stöðum á þessu svæði, inn í Þórólfsárgili, í Háamúla og í Stóru Dímon. Með því að grjótið er það efni, sem nauðsynlegast er í garðinn, þá verður nokkuð að binda sig um legu garðanna við, að kleift þyki kostnaðar vegna að afla grjótsins. Mógrýti fæst víðar og blágrýtismulningur, en mógrýtið er létt í sér og mulningurinn er svo smágerður, að hann verður ekki notaður í garðinn nema í virnetsvörpum.

Til grjótflutninga er hugsað að nota frekar bifreiðar en sporvagna á járnbraut. Allt stórgrýti þarf að sprengja og er gert ráð fyrir að nota loftþrýstiáhöld til að bora og kljúfa klappir.

Hrís fæst inni í Þórsmörk, og er gert ráð fyrir að fleyta því svo langt, sem takast má, en flytja síðan á bifreiðum, því akfært er að heita má um alla sanda milli vatnafarveganna. Grassnydda er engin inn við Þórólfsfell og mjög lítið um hana hjá Dímon, en fæst bæði hjá Háamúla og Miðkoti. Mölin er alstaðar, en er smærri miklu eftir því, sem neðar dregur farveginn. Hún er alstaðar ágæt í steypu.

Vegna þess að aðalkjarni garðanna er úr möl, þarf feiknin öll af henni, og er því að sjálfsögðu gert ráð fyrir að grafa mölina og flytja í garðinn með vél. Getur komið til mála að breyta svo skurðgröfunni, sem notuð hefir verið við áveituskurðina á Skeiðum og í Flóa, að hana megi nota.

Timbur og annað efni er yfirleitt gert ráð fyrir að skipa upp í Hallgeirsey, en flytja þaðan á bifreiðum.

Vatnsrennslið í ánum er æði misjafnt. Samkvæmt gerðum mælingum má áætla meðalsumarrennsli um 200 teningsmetra á sek., en í miklum rigningum eða hlákum margfaldast rennslið. Þykir ekki ólíklegt að það komist oft upp í 500 teningsmetra. Þá koma og endrum og sinnum aftaka flóð í vötnin, sem ef til vill eiga upptök sín í einhverjum umbrotum í jöklinum. Eitt slíkt flóð kom í ágúst 1896, og segja kunnugir, að eftir það flóð hafi Markarfljót mjög lagst í Þverá, en fram til þess tíma hafi hún að mestu verið bergvatn eingöngu. Þetta mun hafa verið eitt hið mesta flóð, sem komið hefir á undanförnum 60—70 árum. Í marzbyrjun 1930 kom og mikið flóð eingöngu af hláku. Í slíkum flóðum flæðir vatnið víða um eyrarnar og fer vatnsmagnið sennilega fram úr 1000 teningsmetrum á sek.

Til þess að standast slík flóð þurfa garðarnir að vera mjög traustir, enda er nú gert ráð fyrir bæði hærri og öflugri görðum en var 1917. Hæð garðanna er miðuð við, að þeir standi yfirleitt 2 metrum upp fyrir aurinn.

Til örguggra varna verða ekki höfð önnur ráð en traustir garðar, og verður að gæta þess að þrengja ekki mjög að vötnunum, en ætla þeim ríflegt svæði að bylta sér á. Við framkvæmd slíkra mannvirkja er þess mjög gætt að nota orku hins rennandi vatns sem bezt til þess að létta verkin, og er þá mjög algengt að gera timburgirðingar, stundum með viðföstu hrísi, eða koma fyrir grjótköstum og ýmsu slíku, nálægt eða í farvegunum á ýmsan hátt, er sumpart almenn reynsla, en sumpart sérstök reynsla í hverju vatnsfallið hefir sýnt, að gæti gefizt vel. Venjulega eru þessar varnir aðeins til bráðabirgða til undirbúnings varanlegum görðum, en stundum næst með þeim furðanlega mikill og varanlegur árangur, en öryggi er þó lítið, og í flóði getur það alltaf komið fyrir að vatnið brjótist aftur í gegn.

Slíkar girðingar voru settar upp haustið 1930 innarlega undir Þórólfsfelli, hjá Streitum, þar sem venjulega eru vatnaskil milli Markarfljóts og Þverár. Um árangur verður alls ekki dæmt enn. Bæði er tíminn of stuttur og eins voru girðingar þessar nokkuð lítilfjörlegar. Þó hefir vatnið lagzt í Markarfljót að mestu, einmitt á þessum slóðum eftir að girðingarnar voru settar, en ég vil samt ekki halda því fram, að það sé girðingunum beinlínis að þakka.

Kemur að sjálfsögðu til greina að reyna frekar árangur slíkra girðinga sérstaklega þarna inn á aurum.

Skal þá gerð nokkur grein fyrir hverri einstakri leið, sem álitið hefir verið að komið geti til greina til varnar landi og til samgöngubóta.

1. tillaga. Í aðaldráttum sú leið, sem gert var ráð fyrir í lögunum frá 1917. Með varnargarði fyrir Þverá og Affall inn hjá Þórólfsfelli, 2500 metra löngum, er öllu vatninu veitt í Markarfljótsfarveg, sem er austan við mjög flata bungu á aurum þeim, sem nú skilja Affall og Markarfljót. Brú er sett á Fljótið 250 metra löng móts við Litlu Dímon, varnargarður frá vestri brúarenda norður að Stóru Dímon og annar garður frá Stóru Dímon norðanverðri á ská í Hallshólma. Í framhaldi garðsins eru bakkar hólmans varðir með grjóti.

Grjót í garðinn frá Þórólfsfelli verður að sækja inn í Þórólfsárgil og má

telja heldur örðugt aðstöðu til grjótnáms og flutninga. Grassnydda er engin, en hrís er nærtækt úr Þórsmörk. Grjótmulningur er á eyrunum og í blágrýtishöfðum, en svo smár, að hann verður að láta í vírnetsvöndla, til þess hann geri sama gagn og stórgrýti.

Á mælingu frá 1923 sést, að þá hafa engir álar legið úr Markarfljóti vestur í Affall eða Þverá neðan við fyrirhugað garðstæði; aftur á móti hafa þá legið á einum stað smákvíslar suður á við úr Affallinu í Álana. Það virðist því mikil ástæða til þess að álykta að vötnin, ef þeim er beint suður undir Eyjafjöll (Langanes), haldi þeim farvegum um nokkurt árabil. Nú er það alkunnugt mál, að vötn eins og Markarfljót, sem flytja mikið af aur og möl, haga sér þannig, að þegar farvegur þeirra rýmkar, þá mynda þau ávalar eyrar (keilur) vegna þess að minnkandi straumhraði orkar ekki að flytja mölina burt jafnört og hún berst að ofan. Þess vegna má búast við, að enda þótt núverandi Markarfljóts farvegur geti flutt allt vatnsmagn Þverár, Affalls og Markarfljóts um nokkurt árabil, þá muni vafalaust reka að því með tímanum, að fljótið neðan við garðsendann beri svo undir sig, að tryggja þurfi Markarfljótsfarveginn með garði norðan við farveginn á 7—8 km. svæði, sem framkvæmt yrði eftir þörfum á nokkuð mörgum árum. Hér er allt í nokkurri óvissu, svo að engin leið er að gera áætlun um líklegan kostnað, en ef gizka ætti á einhverja upphæð mætti nefna um 700000 kr.

Samfara þessu úrræði væri ástæða til að gera ráð fyrir nokkrum vörnum við land Merkurbæjanna, þar sem vatninu nú er stefnt frekar að þeim en áður. Slíkar varnir er nærri því ómögulegt að áætla neitt um, því landið liggur þannig að Fljótinu, að vel getur verið, að breyting þessi hafa sama sem engar skemmdir í för með sér. Vörnum þessum er því sleppt úr kostnaðaráætluninni, enda getur aldrei orðið um mikla upphæð að ræða, þar eð fasteignamat Merkurbæjanna allra er aðeins 26 þús. kr. (1920).

Með garði frá Stóru Dímon í Hallshólma, 600 metra löngum, og nokkrum vörnum á bökkum Hallshólma í framhaldi garðsins, er Álunum veitt austur fyrir Stóru Dímon. Garðurinn í suður frá Stóru Dímon er 2300 m. langur, og er með honum öllu vatninu veitt undir Markarfljótsbrúna hjá Litlu Dímon. Talið er að sú brú verði að vera 250 m. á lengd til þess að brúaropið geti rúmað allt vatnsrennslið, er því hefir verið veitt saman.

Tvær áætlanir hafa verið gerðar um brú á Fljótið, er önnur miðuð við brú úr járnbentri steypu, með staurastöplum úr sama efni, eins og gerðar hafa verið ýmsar brýr á síðastliðnum árum, t. d. Héraðsvötn, Hofsá og Stóra-Laxá. Hin er miðuð við, að brúarstöplar séu okar úr gegndreyptum staurum, með þverbitum og langbitum úr járni, sömuleiðis handriði, en með þvertrjám og timburgólfi. Allt timbur er gegndreypt.

Samkvæmt áætlun kostar brú úr járnbentri steypu kr. 130000.00, en brú úr gegndreyptu timbri og járni kr. 105000.00. Munar þannig um 25% hvað steypta brúin er dýrari en hin, en vegna þess hve steypta brúin er endingarbetri og þarfnast svo að segja ekki viðhalds, þá væri æskilegra að velja þann kostinn. Þar sem allt timbur er gegndreypt í hinni brúnni má þó vænta þess, að það endist í 40 ár. Lagarfljótsbrúin er nú 25 ára og býst ég við að hún endist minnst 15 ár enn; mun þó ekki hafa verið gegndreypt timbur í henni. Þar sem verðmunurinn er

ekki meiri, en hinsvegar kostir steyptu brúarinnar, verður miðað við hana í áætlununum.

Hætt er við, að vatnið valdi skemmdum, er það kemur niður fyrir brúna, sérstaklega í landi Eyvindarholts, Dalbæja og Hamragarða. En einnig er hætt við því, er tímar líða, að það kunni að gera sér farvegi vestur Markarfljótsaurana og valda skemmdum í landi Hólmabæja, sérstaklega Tjarna og Brúna, en síður Borgareyra og Dalsels.

Þó verða þessar jarðir í rauninni ekki í meiri hættu en áður, með því að alltaf hafa þær átt allt vatnið yfir sér. Aðstaða Dalsels og Borgareyra verður jafnvel öllu frekar tryggari en áður.

Gert er ráð fyrir, að unnt sé að verja nokkuð land Eyvindarholts, Dalabæja og Hamragarða með þvergörðum aðallega eða girðingum, en verður ekki nánar greint fyrr en til framkvæmda kæmi, hvernig þeim skuli fyrir komið. Þar sem fasteignamat þessara bæja er aðeins rúm 22 þús. kr. (1920), þá má þó ekki kosta mjög miklu til varnar landbroti. Vegna kostnaðar tel ég ekki fært að gera ráð fyrir varnargörðum vestan Fljótsins fyrir neðan brúna. Fasteignamat jarðanna Brúnir og Tjarnir er aðeins um 13 þús. kr., en varnargarður myndi kosta miklu meira en 20 sinnum þá upphæð.

Nauðsynlegt verður að lengja Seljalandsgarðinn um 150 metra, til þess að varna Fljótinu farveg austur í fjallabæi, og styrkja hann allverulega, þar sem hann á nú að geta varizt öllu vatnsmagninu. Fljótið hefir hin síðari ár legið allfast að fremsta hluta garðsins og rifið niður og sandorpið miklu af hlífðargrjótinu; er það að vissu leyti til styrktar garðinum, en þarf þó að bæta á nýju grjóti til frekari tryggingar.

Jafnframt þessum mannvirkjum þyrfti að gera smábrú á Þverá neðan Miðkots í Fljótshlíð; er gert ráð fyrir að 25 m. löng brú nægi, af hinni sömu gerð og hin ódýrari brú yfir Markarfljót. Yfir Affall og Ála þarf engar brýr, þar eð teppt er í þá farvegi. Þá þarf og nokkrar vegabætur, af Fljótsveginum að brúm á Þverá hjá Miðkoti og þaðan að Markarfljótsbrúnni, og loks þaðan að Seljalandi.

Kostnaðaráætlun um þau mannvirki, er gera þarf samkvæmt þeirri tilhögun, er hér hefir verið gerð grein fyrir, er þannig:

1.	Varnargarður hjá Þórólfsfelli 2500 m. langur	kr.	400000.00
2.	Varnargarður til norðurs frá Dímon 600 m.	—	90000.00
3.	Varnir utan í bakka Hallshólma í frh. af garði, 150 m. kafli	—	9000.00
4.	Varnargarður suður af Stóru-Dímon, 2300 m. langur	—	370000.00
5.	Varnir á árbökkum austan farvega Markarfljóts	—	100000.00
6.	Framlenging Seljalandsgarðs um 150 m. og efling	—	50000.00
7.	Brú á Markarfljót, 250 m. löng	—	130000.00
8.	Brú á Þverá, 25 m. löng	—	10000.00
9.	Vegabætur norðan Þverár	—	5000.00
10.	Vegabætur milli Þverár og Dímonar, 8.3 km.	—	16000.00
11.	Vegabætur frá Dímon að Seljalandsmúla, 5.3 km.	—	32000.00

12.	Ræsi og smábrýr	—	10000.00
13.	Bráðabirgðastíflur, umsjón og óvíst, 10% af liðum 1—6	—	93000.00
	Samtals	kr.	1225000.00

2. tillaga. Aðalvarnargarður úr Háamúla í innri enda Langhólma og þaðan í Hallshólma, síðan eins og í 1. tillögu. Enginn garður eða varnir hjá Þórólfsfelli. Hér er öllum vötnunum veitt með samfelldum fyrirhleðslum austur í brúaropið hjá Litlu-Dímon. Þessi tillaga er sú eina, sem gerir ráð fyrir fullkominni og endanlegri vörn á öllum löndum jarðanna í Fljótshlíðinni, nema tveimur (Barkastaðir og Fljótsdalur), svo og öllum löndum í Landeyjum, nema 4 í Austur-Landeyjum, þ. e. Dalsels, Borgareyra, Brúna og Tjarna. Það er að vísu ókostur við þessa leið, að skilja eftir óvarið land Barkastaða og Fljótsdals, en fasteignamat þeirra jarða er aðeins um 18 þús. kr. (1920), og er því ekki unnt að taka mikið tillit til þeirra.

Í stað þess að stefna beint úr Hallshólma í Háamúla er stefnt nærri því í norðaustur unz komið er að Langhólmanum, þá er beygt til austurs og suðurbakka hólmans fylgt á 1600 m. svæði unz beygt er til norðurs yfir í Háamúla. Þetta verður ódýrara heldur en að fara beint úr Hallshólma í Háamúla, vegna þess, að hólmi þessi er allmikið hærri en aurinn (1,0—1,2 m.), og þyrfti því að grafa farveg fyrir Þverá gegnum hólmann. Í Háamúla er óþrjótandi grjótnám af góðu grjóti (blágrýti), og eftir öllum líkum sú ódýrasta að vinna, þótt eigi sé vert að gera ráð fyrir því í áætlun að óreyndu. Í hólmum þeim, sem farið er hjá, er allgóð stunga, svo miklar líkur eru fyrir því, að notað verði eingöngu sprengt grjót og grassnydda bæði við byggingu og til viðhalds garðanna.

Frá Hallshólma er gert ráð fyrir sömu mannvirkjum og í tillögu 1.

Kostnaðaráætlun verður þannig:

1.	Varnargarður frá Háamúla í Langhólma, 1900 m.	kr.	285000.00
2.	Varnir sunnan við Langhólma um 1600 m.	—	95000.00
3.	Varnargarður milli Langhólma og Hallshólma, 2700 m. ..	—	405000.00
4.	Varnir sunnan við Hallshólma, 1200 m.	—	69000.00
5.	Varnargarður beggja megin Stóru-Dímonar, eins og 2.—6. liður í 1. tillögu	—	529000.00
6.	Brú á Markarfljót	—	130000.00
7.	Brú á Þverá	kr.	10000.00
8.	Vegabætur eins og 9—12. liður í 1. tillögu	—	63000.00
9.	Bráðabirgðastíflur, umsjón og óvíst, 10% af 1.—4. lið	—	139000.00
	Samtals	kr.	1725000.00

Þetta er dýrasta en jafnframt tryggasta leiðin til öruggra landvarna og fullkominna samgöngubóta.

3. tillaga. Varnargarður úr Háamúla í Langhólma samkvæmt 2. tillögu, en sleppt vörnum á suðurbökkum og varnargarði milli Hallshólma og Langhólma. Því næst varnir, brú á Markarfljót og vegabætur eins og í 1. og 2. till.

Með garðinum frá Háamúla er Þverá veitt suður fyrir Langhólma í Affallsfarveginn og verður því að brúa Affallið með lengri brú, ekki styttri en 150 metra. Er um 2 brúarstæði að ræða og hvorugt gott, er annað um Tóttarhólma, og þarf í sambandi við brú þar að gera allmikla varnargarða, sérstaklega til þess að verja Tóttarhólma að austanverðu og veita farveginum sunnan hólmans norður fyrir hann.

Hitt brúarstæðið er ofan við Ossabæ, og er þar öllu betri aðstaða að því leyti, að varnargarða þarf þar ekki, en gert er ráð fyrir að brúin sjálf verði jafnlöng og jafndýr sem á efri staðnum. Miðað er við, að brú á Affallið verði með nokkuð einfaldari gerð en á Markarfljóti. Er það gert með tilliti til þess, að brúin verði jafnvel aðeins til bráðabirgða, með því að síðar verði hlaðið fyrir Affallsfarvegina, og verður því brúin og fyrirhleðslur beggja megin hennar óþarfar. Þess vegna eru einnig varnargarðarnir gerðir nokkru veigaminni en inn við Þórólfsfell og hjá Dímon, enda þarf ekki að gera ráð fyrir, að vatnsmagn Affallsins geti orðið svipað eins mikið og í Þverá eða í Markarfljóti, er öllu vatninu hefir verið veitt saman. Ef valið yrði neðra brúarstæðið, þá verður jafnframt miklu heppilegra að brúa Þverá milli Dufþaksholts og Hemlu. Brú yrði þar 25 m. löng, járnbitar á stauraokum.

Nokkrar vegabætur þyrfti sunnan Hemlu vestan við sandgræðslugirðinguna að Affallsbrúnni og þaðan áfram að Markarfljótsbrú. Vegarstæðið er um slétta móa og sanda, nema mýrarkafli sunnan við Hemlu, og verður vegagerðin því ekki kostnaðarsöm. Milli Þverár og Affallsbrúar eru 9 km., en 9.5 km. þaðan að Markarfljótsbrú.

Affallsfarvegurinn er rúmgóður og ekki mikil hætta á, að aukið vatnsmagn í honum geti orsakað skemmdir að mun neðar meðfram honum fyrst um sinn, því að farvegsbakkanum liggja einungis tún á tveim jörðum, þ. e. Úlfsstaðabæja með hjáleigum og Bergþórshvols. Umhverfis Affallsfarveginn er víðasthvar allgóð mýrarstunga, sem nota má til fyllingar í trékláfa, en þeir myndu vafalaust reynast hér einna hentugastir, til þess að hrinda vatninu frá bökkum, sem verja þyrfti. Í áætluninni er gert ráð fyrir kr. 20000.00 í þessum tilgangi.

Sunnan við Langhólma eru flatir aurar, sem Þverárvatnið myndi dreifa sér um. Aðalhluti þess myndi þó líklega leggjast í Affallið, en nokkur hluti ef til vill í vexti renna suður í Álana og þá suður í Markarfljót austan við fyrirhleðsluna um Stóru-Dímon. Ef nú tíminn leiddi það í ljós, að vatnið legðist um of að Hallshólma, svo viðbúið væri, að það jafnvel gæti lagzt á hinn fyrirhugaða veg norðan og vestan við Stóru-Dímon, þá eru í framtíðinni þau úrræði að verja Hallshólmann eða að gera fyrirhleðsluna úr Hallshólma í Langhólma og veita öllu vatninu austan við Stóru-Dímon í brúaropið við Litlu-Dímon. Mun minni hætta virðast vera á því, að hið sameinaða vatnsmagn Þverár og Affalls leggist að landinu norðan Affallsins eða geti gert þar mikinn skaða á landi eða á veginum, því hér er mikið land að ganga á, og svo munu vötnin á þessu svæði frekar leita suður á bóginn, sem sjá má af því, að kvíslar úr Þverá renna í vexti gegnum Langhólma á móts við Múlakot. Með því að mun minna vatnsmagn yrði nú eftir í Þverá hjá Miðkoti heldur en gert er ráð fyrir í 1. tillögu, þar sem tvær stærstu árnar í Fljótshlíðinni (Þórólfsá og Bleiksá) eru komnar í Þverá áður

en fyrir hana er hlaðið, þá er nú gert ráð fyrir 15 metra brú þar í stað 25 metra áður.

Kostnaðaráætlun verður þannig:

A. Miðað við brú á Þverá hjá Miðkoti og á Affall um Tóttarhólma.

1.	Varnargarður frá Háamúla í Langhólma 1900 m.	kr.	250000.00
2.	Varnargarður beggja megin við Stóru-Dímon eins og 2.—6. liður í 1. tillögu	—	529000.00
3.	Brú á Markarfljót	—	130000.00
4.	Vegagerð austan Markarfljóts að Seljalandi	—	42000.00
	Austari leið um Miðkot og Tóttarhólma:		
5.	Vegur norðan Þverár	—	5000.00
6.	Brú á Þverá, 15 m.	—	7000.00
7.	Vegur frá Þverá að Litlu-Dímon, um 8.3 km.	—	17000.00
8.	Brú á Affallið, 150 m. löng	—	45000.00
9.	Varnargarður við Affall, 1510 m.	—	125000.00
10.	Bráðabirgðastíflur, umsjón og óvíst, 10% af 1.—2. lið og 9. lið	—	90000.00
		Samtals kr.	1240000.00

B. Miðað við brú á Þverá hjá Dufþaksholti og á Affallið hjá Ossabæ.

1.	Varnargarður, brú á Markarfljót og vegagerð austan Markarfljóts, eins og 1.—4. liður í 3. tillögu	kr.	951000.00
	Vestari leiðin um Hemlu og Ossabæ:		
2.	Vegur norðan Þverár	—	10000.00
3.	Brú á Þverá	—	10000.00
4.	Vegur frá Þverá um brú hjá Ossabæ að Markarfljótsbrú, 18.5 km.	—	30000.00
5.	Brú á Affallið, 150 m. löng	—	45000.00
6.	Vegarfylling við brú á Affallið	—	5000.00
7.	Bráðabirgðastíflur, umsjón og óvíst, 10% af kr. 779000.00, sbr. A. 1.—2. lið	—	78000.00
		Samtals kr.	1129000.00

Af þessum tveim kostum tel ég hinn síðari hagkvæmari, sérstaklega af því að hann verður svo miklu ódýrari. Ef nú síðar kæmi í ljós, að skemmdir frá Affallinu yrði svo miklar, að ekki mætti við una, þá yrði væntanlega að gera að einhverju eða öllu leyti varnargarðana úr Hallshólma í Langhólma, en allir þeir garðar eru áætlaðir að kosta 620 þús. kr., sem þá kæmi til viðbótar að einhverju eða öllu leyti, en þó naumast fyrr en að löngum tíma liðnum.

4. tillaga. Engin fyrirhleðsla fyrir Þverá, og einungis höfð í huga nauðsynleg vega- og brúagerð á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts. Ekki er gert ráð fyrir neinum vörnum gegn vatnságangi, nema að því leyti, sem þær eru nauð-

synlegar til að leiða vatnið að brúaropunum og til að hindra að aukið vatnsmagn í farvegum við sameiningu vatnanna geti valdið frekari skemmdum en áður. Nær þessi hætta þó eingöngu til nokkurra jarða austan við Markarfljót, en sunnan við Litlu-Dímon. Er því gert ráð fyrir 10 þús. kr. til varnar lands þeirra jarða.

Velja má um 2 brúarstæði á Þverá og Affalli, svo sem lýst er í greinargerð fyrir 3. tillögu. En nú er miðað við að brúin á Þverá sé 200 m. löng undan Dufþaksholti, en um 120 m. löng hjá Miðkoti. Vegna aðstöðu er talið nauðsynlegt að miða við að ytri brúin sé ekki styttri en 200 m. til þess að komast að mestu hjá vörnum, en farvegir árinnar eru þarna nú um 350 metrar milli bakka og eru að vísu venjulega miklar eyrar upp úr, en farvegir á víð og dreif milli bakka. Botn er þarna sandur og fíngerð möl, nálægt 5 metra undir venjulegu vatnsborði, en þá tekur við móhella. Er því góð aðstaða til að reka niður staura í brúarstöpla.

Hjá Miðkoti er svo grunnt á fast móberg, að gera verður fasta stöpla steypta, er hleypa brúarverðinu mjög fram, sérstaklega þar sem sjálf brúin verður þá einnig að vera úr járnbentri steinsteypu. Jafnframt brú þar verður og að gera varnargarða um 760 metra á lengd frá suðurenda brúarinnar, og hleypa þeir fram kostnaðinum um 70 þús. kr., en sjálf brúin er áætluð að kosta þarna 68 þús. kr., eða samtals um 138 þús. kr., sem er fyllilega helmingi meira en áætlað er að kosti brú á Þverá hjá Dufþaksholti.

Brú á Affallið er nú áætluð aðeins 80 m. löng og verður brú hjá Ossabæ vegna betri aðstöðu miklu ódýrari en um Tóttarhóla, sérstaklega vegna þess að við Tóttarhóla hleypa varnargarðarnir svo mjög fram kostnaðinum.

Áætlað er að gera brýrnar á Þverá og Affall mjórri en venja er, með aðeins 2.0 m. breidd í stað 2.6 m., einnig svo rýrar að efni til sem frekast þykir öruggt, til þess að spara nokkurn kostnað. Er það gert með tilliti til þess að síðar meir komi að því, að hlaðið verði fyrir þær báðar, og verða þá brýrnar óþarfar. Timbur er þó allt gegndreypt, en langbitar, þverbitar og handrið er úr járni. Tel ég að ætla megi, að slíkar brýr endist í 40 ár. Verði þær óþarfar fyrr, má taka þær af og nota mikið af efninu í brýr annarsstaðar.

Gert er ráð fyrir að varnargarðar beggja megin við Dímon verði þeir sömu, sem áður hefir verið gerð grein fyrir, en þó af rýrari gerð, þar eð ekki rennur að þeim nema Markarfljót, en Þverá og Affallið hafa einn farveg óbreyttan. Má síðar styrkja garðinn og tryggja betur, er vötnunum yrði öllum veitt saman. Þykir það tryggara en að brúa Álana norðan við Dímon og verður naumast mikið dýrara. Gunnarshólmalænu þarf að hlaða í eða gera smábrú á, og verður hvorugt kostnaðarsamt, en er talið með í áætlunarupphæðinni til vegar frá Þverá að Markarfljóti.

Verði þessi kostur tekinn, myndi jafnvel ekki þörf að gera fyrst um sinn nema syðsta hluta varnargarðsins suður frá Dímon, aðeins svo sem 500—1000 metra næst brúnni á Markarfljóti. Þá eru að vísu álarnir óbrúaðir, en bæði er, að jafnaðarlega eru þeir vatnslitlir og svo mætti gera yfir stærstu farvegi þeirra mjög ódýrar bráðabirgðabrýr úr verkpöllum og mótaviði Markarfljótsbrúar, líkt og sett var á Hafursá í Mýrdal. Mætti á þann hátt flýta fyrir að akfært verði yfir allt vatnasvæðið.

Brúin á Markarfljót er gerð jafnlöng og áður er greint, 250 metrar, og af sömu gerð. Þykir rétt að hún sé þegar í upphafi nógu löng til þess að taka allt vatnsmagnið, er því síðar yrði öllu veitt í einn stokk.

Vegabætur austan Markarfljóts að Seljalandi þarf þær sömu og áður er gert ráð fyrir.

Seljalandsgarðinn þarf ekki að lengja eða styrkja, nema Fljótið breyti sér eitthvað, og taki að renna til austurs fyrir endann á garðinum; er því engin upphæð til þess tekin með í kostnaðaráætlunina.


Kostnaðaráætlunin verður þannig:

1.	Brú á Þverá undan Dufþaksholti, 200 m. löng		kr.	65000.00
2.	Brú á Affall hjá Ossabæ, 80 m. löng		—	35000.00
3.	Brú á Markarfljót, 250 m. löng		—	130000.00
4.	Vegur norðan Þverár		—	10000.00
5.	Vegur frá Þverá að Markarfljóti		—	30000.00
6.	Vegur frá Markarfljótsbrú að Seljalandi		—	42000.00
7.	Varnargarðar beggja megin við Stóru-Dímon:			
	a. Til norðurs frá Dímon, 600 m. langur	kr. 36000.00		
	b. Varnir utan á bakka Hallshólma	— 4000.00		
	c. Til suðurs frá Dímon, 2300 m. langur ..	— 150000.00		
			—	190000.00
8.	Varnir austan farvega Markarfljóts		—	10000.00
9.	Bráðabirgðastíflun, umsjón og óvíst, 10% af 7.og 8. lið ..		—	20000.00
			Samtals kr.	532000.00

Ef miða má við, sem ég tel gerlegt fyrst um sinn, að gerðir verði aðeins svo sem 1000 syðstu metrarnir af syðri garðinum lækkar áætlunarupphæðin um nálægt 125 þús. kr., en jafnframt verður að áætla 10 þús. kr. til bráðabirgðabrúar og annara aðgerða við Álana. Verður þá heildarupphæðin **kr. 417000.00.**

Verði þessi kostur tekinn, tel ég þó rétt að varið verði nokkurri upphæð til þess að reyna að verja innhluta Fljótshlíðarinnar skemmdum áður en lagt yrði í stórfellda fyrirhleðslu, og á ég þar við jarðirnar frá Hlíðarenda inn að Fljótsdal. Fasteignamat þessara jarða er tæp 80 þús. kr. (1920), en ekki má miða við fasteignamatið eingöngu, því land þetta hefir einnig gildi frá sjónarmiði fegurðar — og metnaðartilfinningar. Ég er ekki vonlaus um að takast megi, sérstaklega með timburgirðingum og þvergörðum frá árbökkunum fram í farveginn hingað og þangað að varna stórfelldu frekara landbroti. En mér þykir rétt og sanngjarnt, að hlutaðeigendur greiði einhvern hluta kostnaðarins.

Þegar tillaga þessi er athuguð, sést að öll dýrustu mannvirkin verða liður í fullkominni fyrirhleðslu síðar meir, hvort sem hún yrði gerð eftir 1. eða 2. tillögu. Má því skoða hana sem byrjun að framkvæmdum til fullkominnar fyrirhleðslu vatnanna. Það eru aðeins brýrnar á Þverá og Affall, sem þá yrðu óþarfar, en þær eru áætlaðar að kosta um 100 þús. kr. Og þó þarf þá einnig einhverja brú á Þverá, en að vísu miklu styttri. Má sá munur koma á móti og jafnast við ef bráðabirgðabrú verður sett á Álana. Ég tel hér ekki með kostnað við vegabætur norðan Þverár eða sunnan, með því að þeir vegir munu koma Vestur-


Breiðabólsstaður
Torfastaðir
Teigur
Dufþaksholt
Lambey
Bollakot
Miðkot
Amundakot
Hemla
Aurasel
Brók
Ey
Borgarnes
Eyjarfljót
Áffall
Hólmatjörn
Gunnarshólmi
Ossabær
Gunnarsá
Rjettasandur
Kanastaðir
Voðmúlastaðir
Alar
Steinmóðarbæjará
Steinmóðarbær
Fauski
aurar
Markarfljóts
Sel
Dalssel
Miðeyjarholmur
Miðey
Seljaland
Brúnir
Fitjarmýri
Seljalandssel
Tjarnir
Rot
1km. 0 1 2 3 4 5km.
ÞVERÁR OG MARKARFLJÓTS
Þórólfsfell
Múlakot
Hámúli
Arkvörn
Fljótsdalur
Streitur
Langholmi
Markarfljót
REYKJAVÍK í JANÚAR 1931
VEGAMÁLASTJÓRINN

Landeyjum að varanlegum notum. Verður því gert ráð fyrir, að um 100 þús. kr. af kostnaðinum, eða um fjórði hluti, ef miðað er við hina lægstu upphæð, séu greiddar fyrir mannvirki, sem ekki eru til frambúðar, þegar síðar yrði ráðist fullnaðarvarnir.

Virðist mér það ekki svo stór upphæð, að í það sé horfandi, ef með því móti verður leyst viðunandi og miklu fyrr úr samgönguvandræðunum um vatnasvæðið en ella er kostur. Þá má og þess geta, að með brú á Þverá milli Hemlu og Dufþaksholts leysist sérlega vel úr samgönguvandræðum Vestur-Landeyja, sem ekki yrði gert með brú hjá Miðkoti.

Ef tekinn yrði sá kostur, að hefjast þegar handa um fullkomnar varnir samkvæmt 1. og 2. tillögu, þá yrði hvort sem er að byrja fyrst á varnargörðum hjá Dímon og brúargerð á Markarfljót, því ekki dugir að veita vatninu í einn stokk fyrr en jafnframt er gert kleift að komast yfir það, en það er þá svo mikið, að hætt er við að venjulega verði ófært á vöðum og aðstaða þannig, að ekki verður unnt að koma ferjum við. Þá þarf og að gæta þess, að verja ekki svo eina sveit, að veitt sé á aðra.

Með þessari leið geta bændur og haldið fyrst um sinn áveitum sínum og áveituskurðum óbreyttum, sem nú eru.

Í tillögum þeim, er hér hefir verið gerð grein fyrir, er ekki minnst á áveitur. Er það af þeim ástæðum, að ég tel ekki öruggt, að svo hagi til, þó flóðgáttir verði settar í garðana, að vatn náist gegnum þær til áveitu. Vatnsrásir meðfram görðum verða væntanlega nokkuð á víð og dreif, stundum meðfram þeim, en stundum langt eða skammt frá þeim. Getur því orðið erfiðleikum bundið að veita vatni að flóðgáttum, þegar jafnframt verður að gæta fulls öryggis, að ekki saki garðana.

Við nána athugun þessa máls, hefi ég því komizt að þeirri niðurstöðu, að rétt sé að byrja framkvæmdir samkvæmt síðustu — 4. — tillögu minni, og er frv. miðað við þá ákvörðun. Mun þá tíminn leiða í ljós síðar, að hve miklu leyti þykir fært að ráðast í að gera frekari mannvirki til fullkominna varna. Mun það væntanlega að mestu fara eftir efnalegri getu ríkissjóðs, en auðvitað jafnframt eftir því, hvernig vötnin haga sér á næstu árum. Hvort þau halda áfram landbroti í stórum stíl, en ef svo fer ýtir það auðvitað undir framkvæmdir, en til landvinninga er, að minnsta kosti ekki í nánustu framtíð, að því er séð verður, ekki næg ástæða til að leggja þarna stórfé í kostnað. Hér á landi eru víðast stór óræktuð landflæmi í hverri sveit, sem bíða eftir vélaaflinu og mannshöndinni, að gera þau arðberandi og þarf þar ekki miklu til að kosta móts við þau landvarnarmannvirki, er hér hefir verið gerð grein fyrir.

Ég vil í þessu sambandi láta þess getið, að komið gæti það fyrir, að Þverá tæki að senda kvíslar suður Vestur-Landeyjar, þar sem hún virðist eiga gamla farvegi, sérstaklega austan við Hemlu, þó ekki séu miklar horfur á því eins og stendur. Takist ekki að teppa slíka farvegi, myndi væntanlega ekki undan skotizt að hefjast handa um fyrirhleðslur hið innra í Fljótshlíð.

Um framkvæmd mannvirkjanna vil ég taka þetta fram:

Sjálfsagt er að byrja á Þverárbrúnni og þá brú á Affall, en síðast brú á

Markarfljót. Vegur norðan Þverár gæti beðið nokkuð, en að nokkru leyti yrði að lagfæra veginn milli Þverár og Affalls áður en brú yrði sett á það. Ef fjárveiting fæst úr ríkissjóði, væri mjög æskilegt og hagkvæmt að ljúka brúnum öllum og nauðsynlegustu vörnum við Markarfljótsbrúna á 2 árum.

Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir, að ríkissjóður kosti að öllu brýr, vegi og varnir þær, sem nauðsynlegar eru, vegna þeirra mannvirkja, enda verði leið þessi þjóðvegur. Sömuleiðis varnir þær, sem gera þarf til þess að verja skemmdum, er beint stafa af því, að vatninu er veitt saman. Jafnframt eru þó sett ákvæði um skaðabætur í því sambandi.

Haldið er ákvæði fyrirhleðslu-laganna frá 1917 um heimild til greiðslu úr ríkissjóði að ¾ hlutum gegn ¼ frá hlutaðeigendum, kostnað við aðra varnargarða og flóðgáttir og er þá aðallega átt við Seljalandsgarðinn, ef þörf yrði að lengja hann eða tryggja, ennfremur varnargarða og íteppur í ósa, ef til kemur meðfram Þverá sérstaklega. Þó er hlutfallsgreiðslunni breytt að því er snertir varnir í Fljótshlíðinni fyrir innan Hlíðarenda. Þar sem álita verður, að svo fáir aðilar eigi þar hlut að máli um bráðabirgðavarnir, en hinsvegar um mjög miklar upphæðir að ræða, ef fullnaðar fyrirhleðslur verða gerðar, þykir sanngjarnt að kostnaðarhluti þeirra verði aðeins ⅛ hluti, með tilliti til, að hér getur orðið um tiltölulega háar upphæðir að ræða.

Rétt þykir að skyldan til viðhalds mannvirkjum til vatnsvarna hvíli eins og undanfarið á hlutaðeigendum, þó að Fljótshlíðarbæjunum undanskildum, en mér þykir þó sanngjarnt, að þeir kosti viðhaldið í sama hlutfalli og sjálf mannvirkin, enda getur oft orðið örðugt að greina viðhald frá nýbyggingu.

Frumvarpið er sniðið eftir fyrirhleðslulögunum frá 1917 eftir því sem við á og eru því sum ákvæði þeirra tekin upp óbreytt.

19. Frumvarp

til laga um nýjan veg frá Lækjarbotnum í Mosfellssveit austur í Ölfus.

(Lagt fyrir Alþingi 1931).

1. gr.

Nýjan veg skal leggja af Suðurlandsbraut hjá Lækjarbotnum í Mosfellssveit sunnan við Lyklafell, um svo nefnd Þrengsli og Eldborgarhraun, niður í Ölfus vestanvert allt að Suðurlandsbrautinni nálægt Reykjum.

2. gr.

Skal fyrst lokið austurkafla vegar þessa þaðan, er hann liggur frá núverandi vegi um Svínahraun, skammt fyrir neðan Kolviðarhól, allt austur að vegamótum í Ölfusi.

Vegarkafli þessi skal fyrst í stað gerður sem vetrarleið í stað núverandi vegar um Hellisheiði.

3. gr.

Skal gæta þess sérstaklega um legu vegarins og gerð, að hann verjist sem bezt snjó.

4. gr.

Vegur þessi skal vera þjóðvegur og skal telja kostnað við vegagerðina í fjárlögum, svo sem annan kostnað við lagningu nýrra akvega. Viðhald vegarins skal greiða af fé því, sem árlega er veitt í fjárlögum til viðhalds þjóðvegum.

5. gr.

Meðan sá kafli vegarins, er um getur í 2. gr., er aðeins vetrarleið, skal halda við þjóðveginum um Hellisheiði sem aðalflutningaleið.

6. gr.

Þá er nýr vegur frá Lækjarbotnum að vegamótum Suðurlandsbrautar í Svínahrauni er fullgerður, leggst niður núverandi vegur á þessum kafla.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af vegamálastjóra að tilhlutun stjórnarinnar og fylgdi því svohljóðandi

greinargerð:

Síðan gerður var síðast (1926) samanburður á járnbraut og fullkomnum akvegi til Ölfusár, hafa komið fram miklar þær breytingar, er áhrif hafa á þennan samanburð. Umferðin á veginum, allan meginhluta ársins, þann tíma allan, er vegurinn hefir verið fær bifreiðum, hefir farið mjög vaxandi, en vetrarumferðin er enn tiltölulega lítil, jafnvel þó vegurinn sé auður, sérstaklega eru afurðaflutningarnir að austan enn tiltölulega litlir.

Árið 1927 voru bifreiðar hér sunnanlands 461, en 1. júlí 1930 voru þær orðnar 1008 og hafa því meir en tvöfaldazt á þessum 3 árum. Eldri skýrslur hefi ég ekki til samanburðar.

Mestur munurinn liggur þó í því, hve flutningsgjöld öll með bifreiðum hafa lækkað og veldur því einkum sú ástæða, að bæði bifreiðar og allt sem þarf til rekstrar þeirra hefir lækkað mjög í verði og er jafnframt orðið miklu haldbetra; á það sérstaklega við bæði um sjálfar bifreiðarnar og gúmmí til þeirra, en einnig benzínið hefir lækkað til muna. Þá eru og vöruflutningabifreiðar orðnar stærri svo þær flytja miklu meiri þunga en áður. Er nú komið svo, að lifandi fé og stórgripir er nálega allt flutt til Reykjavíkur á bifreiðum. Hafa því öll flutningsgjöld lækkað mikið, jafnvel fyllilega um helming, og eru nú nálega

komin niður í það verð, ef flutningur er báðar leiðir, sem áætlað var með járnbraut, 20 kr. fyrir 1000 kg. milli Reykjavíkur og Ölfusár. Hafa jafnvel stundum fengizt fluttar vörur fyrir lægra verð en þetta.

Sumpart hefir og samkeppnin valdið þessari lækkun. Fargjöld fyrir fólk eru komin langt niður úr því verði sem áætlað var með járnbraut. Þannig var fargjald í lokaðri, þægilegri bifreið 1930 milli Reykjavíkur og Ölfusár 5 kr., en var áætlað kr. 6.70 með járnbrautinni.

Fólksflutningar allir eru orðnir mjög reglubundnir og með góðu skipulagi, en mesta skipulagsleysi er enn á vöruflutningum yfirleitt, og er það mál, sem þörf væri að taka til rannsóknar.

Jafnframt er og orðið miklu þægilegra en var, jafnvel fyrir 5 árum, að ferðast í bifreiðum; þær eru orðnar bæði rýmri, hlýrri og mýkri og öruggari í akstri, svo þær fara með miklu meiri hraða nú en fyr. Eru því jafnaðarlega aðeins 1½—2 klst. milli Reykjavíkur og Ölfusár, sem áætlað var að járnbrautarlest færi á 2½ klst.

Jafnframt hefir reynslan sannað það í nálægum löndum, að tilgangslaust er að beita nokkurri þvingun til að tryggja járnbrautum flutninga í samkeppni við bifreiðar. Hinsvegar hefir víðast verið tekið það ráð að leggja allríflegan skatt á bifreiðar til þess að fá nokkuð upp í viðhald og umbætur veganna og hefir það hvarvetna gefizt mjög vel.

Í þeirri samkeppni, sem undanfarið hefir verið háð, og enn er mjög harðvítug milli bifreiða og járnbrauta, hefir sætt furðu, hve lækkað hefir flutningskostnaður með bifreiðum og verður að játa það, að þær hafa víðast unnið á í samkeppninni, sérstaklega á vegalengdum innan við 100 km., og það mikið.

Rekstrarkostnaður járnbrautanna hefir vitanlega einnig lækkað og víða mikið, en sérstaklega við að gera reksturinn óbrotnari, slaka á ýmsum gömlum kröfum, sem sjálfsagðar þóttu meðan járnbrautirnar voru einráðar. Þessarar lækkunar myndi ekki gæta að sama skapi hér, með því að þegar í upphafi var miðað við mjög einfaldan og sparan rekstur á öllum sviðum.

Má því ekki áætla lækkun rekstrar kostnaðar járnbrautar neitt svipað sem í hlutfalli við þá lækkun, sem orðin er nú þegar með bifreiðum.

Þar sem það nú er sýnt, að bifreiðar geta fullnægt flutningsþörfinni með mjög hóflegu og jafnvel lágu flutningsgjaldi allan þann tíma, sem austurvegurinn er fær, þá tel ég nú aðalkjarna samgöngumáls þessa vera orðinn að finna leið til þess að fullnægja flutningaþörfinni þann tíma árs, sem snjór teppir núverandi veg.

Snjóruðningar og snjóbílar.

Ég réði því, að gerðar hafa verið hér tilraunir til þess að halda veginum færum að vetrarlagi með snjóruðningi.

Tilraun þessi var að mínu áliti öldungis nauðsynleg. Hún hefir verið gerð af vanefnum með aðeins einni bifreið, en hún hefir þó borið nokkurn árangur.

Hefir þannig eftir fyrstu hríðar alltaf tekizt að opna aftur veginn, en er meiri snjór hlóðst að, hækka smásaman svo veggirnir með tröðunum, að óvinn-

andi verk er að minnsta kosti með þessum tækjum, að halda leiðinni opinni yfir Hellisheiði sjálfa. Og vegna svo að segja sífelds skafrennings og tíðra veðurlagsbreytinga í námunda við frostmark, tel ég óhugsandi að halda Hellisheiðarveginum færum á vetrum. Hinsvegar tel ég að á venjulegum vetrum megi vafalaust halda færum veginum frá Reykjavík að Lækjarbotnum og veginum um allt Ölfus. Dag og dag kann að vísu að teppast umferð meðan hríðin stendur, en með því að ryðja burt snjónum með snjóplógum eftir hríðar, er varla standa nema einn eða örfáa daga á láglendinu, þá er naumast hætt við nokkurri teljandi flutningateppu á þessum köflum.

Frá Lækjarbotnum að Kolviðarhóli, og að vísu yfir alla Hellisheiði, liggur vegurinn mjög víða, þar sem langmest snjóþyngsli eru og djúpir skaflar setjast þegar í fyrstu snjóum.

Síðan veturinn 1925—26, er fyrst var byrjað að reyna að halda austurleiðinni opinni, hafa verið gerðir smáspottar framhjá verstu sköflunum og hafa þessar vetrarbrautir orðið mjög til þess að létta starfið við að halda veginum bílfærum. Hefir þannig tekizt með nokkrum kostnaði, en þó aldrei verulegum, að halda yfirleitt opinni leið þessi ár upp að Kolviðarhóli, nema nokkra daga í einu, er staðið hafa samfeldar hríðar eða harðvítugur skafrenningur.

Sumarið 1929 var mælt fyrir nýjum vegi frá Lækjarbotnum um þrengslin austur á Ölfusveginn utarlega, yfirleitt nálægt þeirri leið sem mælt hafði verið fyrir járnbrautinni. Öll þessi leið liggur um miklu snjóléttara land en núverandi vegur. Fyrst og fremst er komizt hjá Hellisheiði og liggur því þessi leið, þar sem sízt festir snjó og tel ég eftir þeim athugunum, sem gerðar hafa verið 100 metrum í hæð yfir sjávarmál, miðað við Hellisheiði, og veldur það mestu, en því næst er kappkostað að rekja sem bezt alla hávaða, melbungur og hraunrana, þar sem síst festir snjó og tel ég eftir þeim athugunum, sem gerðar hafa verið þau 8 ár síðan mælt var á þessum slóðum fyrir járnbrautinni, óhætt að fullyrða að alla þessa vetur, jafnvel þegar mestur var snjórinn, þá hefði ekki verið meiri snjór á fyrirhuguðum vegi þarna, en hefir verið á kaflanum upp að Lækjarbotnum eða austur í Ölfusi, þegar tillit er tekið til að vitanlega verður vegurinn í upphafi gerður mun hærri en venja er. Undanfarnir vetur hafa að vísu yfirleitt verið snjóléttir, en þó hafa komið tímabil, er kyngt hefir niður æðimiklum snjó, en flutningateppa nærlendis hefir samt ekki orðið nema mjög stutt (að undanskilinni Hellisheiði) og ég hygg að hún hefði ekki staðið verulega lengur á nýjum vel upphleyptum vegi frá Lækjarbotnum um Þrengslin.

Í fyrra vetur var að tilhlutun minni keyptur snjóbíll, er skríður ofan á snjónum, og reyndur lítilsháttar til flutninga á þessari leið.

Ég vil í þessu sambandi geta þess, að snjóbílar þeir er nokkrum árum áður höfðu komið á markaðinn höfðu reynst illa, vegna þess hve vélin var afllítil og umbúnaður allur á bernskustigi, enda höfðu þeir hvergi fengið neina útbreiðslu og hvergi verið notaðir til fólks- eða vöruflutninga um snjó að neinu gagni. Hafði ég því ráðið frá, að þeir yrðu reyndir hér, þar eð ég taldi það gagnslaust vegna þessara galla.

Í vetur hafa enn verið keyptir fleiri snjóbílar og eru þeir nú 2 til afnota á austurveginum er hann teppist. Þessir bílar eru miklu stærri en hinir fyrri

og að öllu leyti fullkomnari. Virðist sú reynsla, sem þegar er fengin, ótvírætt gefa beztu vonir um, að þeir geti bætt úr mjög brýnni þörf hér á landi. Hinsvegar er víst, að þeir verða alldýrir í rekstri, bæði fyrir eðlilega eyðslu og slit, og ekki síður fyrir hve dýrir þeir eru, einkum ef miðað er við að þeir verða aðeins notaðir skamman tíma árlega. Að sjálfsögðu má vænta þess, að þeir verði og enn fullkomnari smátt og smátt, en samt væri fjarstæða að telja að með þeim sé fundin frambúðarlausn á samgönguvandræðunum milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendis, enda mun þeirri skoðun naumast haldið fram. Hinsvegar er með þeim óefað bætt mjög verulega úr bráðustu þörfinni, því þess verður að að gæta, að flutningaþörfin á þessari leið er miklu meiri en svo, að henni verði eðlilega fullnægt með annari samgöngubót en öruggri opinni leið allan veturinn. En víðsvegar um land allt er samgönguþörfin, að minnsta kosti í nánustu framtíð, ekki meiri en svo, að slíkir snjóbílar geta vafalaust fullnægt þörfinni og bætt þannig úr mjög brýnni nauðsyn.

Samgöngubætur.

Vitanlega er járnbrautin fullkomnasta samgöngubótin, og öruggust til vetrarflutninga, en fjárhagsafkoma hennar verður fyrir breyttar ástæður að teljast miklu lakari en bifreiðaflutninga. En járnbrautin kostar fullar 6 millj. kr., sem greiðast yrðu úr ríkissjóði að öllu, þar sem nú er fyrirsjáanlegt, að ekkert verður úr stórvirkjum vatnsorku hér sunnanlands á næstu árum. Jafnvel þó hagur atvinnuveganna og ríkissjóðs stæði með meiri blóma en nú er, þá er þess þó engin von, að slík fúlga fengist til samgöngubóta hér sunnanlands. Virðist mér því sjálfsagt og rétt að slá af kröfunum og bæta úr brýnni þörf öruggari vetrarsamgangna með nýjum vegi frá Lækjarbotnum austur í Ölfus.

Um veg þenna og endurbætur á veginum frá Reykjavík að Lækjarbotnum og um Ölfusið hafa verið gerðar ýmsar áætlanir, sem hér verður gerð grein fyrir. Til betra yfirlits verður veginum skipt í 4 kafla og gerð grein fyrir hverjum þeirra sérstaklega.

1. Reykjavík—Lækjarbotnar.

Vegarlengd er 16,4 km., vegurinn liggur yfirleitt svo, að hann ver sig allvel í snjónum. Skaflar hafa sérstaklega setzt að honum á kafla meðfram Hólmsá. Var þar á síðastliðnu sumri lagður nýr vetrarvegur rúmur 1,5 km. að lengd, sem telja má öruggan fyrir snjó. Annarsstaðar mun ekki þörf verulegra breytinga. Vegur þessi er nú allur grjótlagður og mölborinn, er því yfirleitt allgóður, eftir því sem hér gerist, en má bæta enn til muna með auknu viðhaldi. Kaflinn inn að vegamótum Mosfellssveitarvegar um 4,5 km., verður fyrir mestu sliti af umferðinni og fer ekki hjá því, að brýn þörf verði að malbika hann svo fljótt, sem því verður komið við kostnaðar vegna.

Breidd vegarins á þessum kafla er á 6. metra og er hann því alls staðar nægilega breiður. Þaðan að Lækjarbotnum er vegbreiddin mismunandi 4—5

metrar, og þarf því sumstaðar breikkunar við, en 5 m. verða að teljast nægileg breidd. Til breikkunar kæmi þó ekki fyr en vegurinn yrði síðar meir malbikaður.

2. Lækjarbotnar—Svínahraun ofarlega,

þar sem nýr vegur sker núverandi og beygir suður í Þrengsli. Vegarlengdin er 13,2 km., og liggur vegurinn á þessum kafla víða mjög illa við snjó og koma þar á hann miklir skaflar og fannir. Á Sandskeiðinu er farið eftir vatnsfarvegum, sem þurrir eru á sumrin, en vetrarvötn eru þar stundum svo mikil í hlákum, að ófært er eða illfært. Á þessum kafla, sem er um 1,5 km. að lengd, er ekki upphleypt braut. Var þó gerð í upphafi, er vegurinn var lagður, en skolaðist fljótlega burt af vatnsrennslinu.

Vegur þessi allur er að mestu grjótlagður undir malarslitlaginu, vegbreiddin er 4—5 m., yfirleitt nálægt 5 m. og sumstaðar meir. Vegna þess, hve vegstæðið er afleitt, kemur ekki til mála að verja fé til verulegra umbóta veginum.

Fyrir nýjum vegi er mælt mun norðar nálægt Lyklafelli, en komið á núverandi veg í miðju Svínahrauni, og honum þá fylgt á 3,3 km. löngum kafla. Vegstæðið er mjög jafnlent, svo nýr vegur getur orðið mjög hallalítill og beinn á löngum köflum, en bugður eru mjög víða.

Þessi nýi vegur verður 1 km. styttri en núverandi, eða 12,2 km. Kaflann um Svínahraun 3,3 km., er gert ráð fyrir að hækka til muna og draga úr bugðum og brekkum á veginum, svo hann verði ekki síður öruggur en nýi vegurinn.

3. Svínahraun um Þrengslin og Ölfus,

á núverandi veg skammt austan við Reyki. Vegurinn liggur um flatt hraun vestan og sunnan við Meitil og Skálafell og hækkar landið mjög lítið, frá Svínahrauni aðeins um 20 m., þar sem vegurinn er hæstur, er hann 275 m. yfir sjávarmál, en Hellisheiðarvegurinn er allt að 370 m. yfir sjó, eða tæpum 100 m. hærri en þessi nýja leið. Jafnlendi er þannig á þessari leið, að hvergi er nein teljandi brekka, fyr en hallar niður í Ölfusið ofan við Vindheima. Þessi kafli er um 17,0 km., að lengd, þar til komið er niður á láglendið. Síðan er enn flatt og mishæðalaust land um allt Ölfusið, og er sá kafli 12,7 km. að lengd. Samtals er því vegarlengdin frá efri vegamótum í Svínahrauni á vegamót austan við Reyki 29,7 km.

Vegalengdin yfir Hellisheiði milli þessara sömu staða er aðeins 17,2 km. og verður því nýi vegurinn 12,5 km. lengri en núverandi. Þessi munur er mjög tilfinnanlegur fyrir allan flutningskostnað eins og síðar verður vikið að.

Vegarkaflinn um Ölfusið er allur um byggð og kemur sveitinni að miklum notum. Þá má og telja leið þessari það til gildis, að vegurinn liggur nálægt Þorlákshöfn, ef þar skyldi einhverntíma verða gerðar hafnarbætur.

Vegamót í Ölfusi — Ölfusárbrú.

Á þessum kafla þarf hvergi að breyta núverandi vegi, og má enn um hríð halda honum við sem malarvegi, en þarf þó að verja nokkru meir til viðhaldsins, en gert hefir verið undanfarið. Aðeins austustu 4 km. vegarins eru grjótlagðir, en annarsstaðar er yfirbyggingin að mestu möl eingöngu. Vegarkafli þessi er alls 12,2 km., og er yfirleitt nokkuð á 5. metra á breidd, en víða um 5 metrar.

Framkvæmdir og tillögur.

Skal ég þá gera grein fyrir framkvæmd þessarar vegabóta, eins og ég hefi hugsað mér þær.

Eins og áður er minnst á, tel ég brýnustu þörfina að koma vetrarflutningunum í betra horf. Með breytingum þeim, sem hér hefir verið gerð grein fyrir, á núverandi vegi, yrði leiðin til Ölfusár 11,5 km. lengri en vegurinn er nú, eða 70,5 km., í stað 59 km. Umferð um Hellisheiði mun nú vera nálægt 30000 bifreiðar á ári. Ef akstur hvern km. er talinn kosta 35 aura, sem er frekar lágt, nemur flutningskostnaður milli Reykjavíkur og Ölfusár nálægt 600 þús. kr., en aukinn flutningskostnaður við þessa lengingu er 125 þús. kr. eða um 20%. Má því ekki lengja leiðina nema vegurinn verði jafnframt bættur svo, að flutningskostnaður gæti lækkað að sama skapi, en til þess þarf vegurinn að malbikast, eða verða jafnsléttur og malbikaður væri. Öðru máli gegnir um vetrarumferðina út af fyrir sig. Henni er það vafalaust til hagræðis og beinna hagsmuna ef akfært er alla leið austur, jafnvel þó leiðin lengist um þessa 11,5 km. eða jafnvel 12,5 km., ef miðað er eingöngu við kaflann um Þrengslin.

Ég tel því að mesta áherzlu beri að leggja á að fá nýjan vetrarveg gegnum Þrengslin og Ölfusið og nægi fyrst um sinn að miða gerð hans eingöngu við umferð 4 vetrarmánuðina desember—mars, lengur þarf ekki að gera ráð fyrir að Hellisheiðarvegurinn sé teptur, og marga undanfarna vetur hefir hann verið teptur mun styttri tíma; veturinn 1928—29 tepptist hann t. d. engan dag að kalla.

Undanfarin ár hefir umferðin þessa mánuði verið að meðaltali 10—15 bílar á dag, og er þá allri umferðinni jafnað á þá daga, sem fært hefir verið. Tel ég því nóg að gera akbreidd vegarins aðeins 3 metra, en hafa útskot nokkuð víða, þar sem bílar geti mætzt. Nægir það fyllilega, jafnvel þó þessi umferð tvöfaldist. Ætlast ég því til að Hellisheiðarvegi verði haldið við áfram, fyrst um sinn sem aðalvegi.

Vegurinn er þegar gerður óvenju hár og með tilliti til þess að haganlegt verði að breikka hann síðar um 2 metra. Hann þarf allur að vera púkkaður, til þess að þola umferð hvernig sem viðrar. Ofan á grjótlaginu er möl í slitlagi eins og venja er. Ræsi eru í upphafi gerð með fullri breidd, 5 m. en þar sem þau eru aðeins 22 og öll smá, þá hleypir það lítið fram kostnaði.

Kostnaðaráætlun er þannig, og er í þessari og síðari áætlunum miðað við sama kaup og greitt var í vegavinnu á síðastliðnu ári.

Undirbygging: 131300 tenm. fylling. Meðtalið púkklagið, þar sem vegurinn liggur um hraun (hér af um 88 þús. tenm. hraun)			kr. 427000
Yfirbygging: Púkklag á 11.07 km. utan hrauns	kr.	44000	
Malarlag á 29.7 km.	—	119000	
			— 163000
Ræsi 22 frá 1—3 m. á vídd			— 16000
Áhöld, 6% af kr. 606000			— 36000
Verkamannakostnaður, 5% af kr. 606000			— 30000
Verkstjórn og ýmislegt, 10% af kr. 606000			— 60000
			Samtals kr. 732000

Undirbyggingin er tiltölulega dýrust, bæði vegna þess hve vegurinn er hár og hve erfitt er að vinna hraunið. Í hrauninu er erfitt um möl og má jafnvel búast við að verði að vélmylja möl úr hraungrýti í suma kafla vegarins. Verður því malarlagið einnig nokkuð dýrt. Að meðaltali er hver km. vegarins áætlaður að kosta kr. 24600.00.

Næsta stigið tel ég að leggja nýjan veg frá Lækjarbotnum upp í Svínahraun. Sá vegur þarf að vera fullbreiður frá byrjun með 3 metra akbraut og verður þá lagður niður núverandi vegur á þessum kafla, er hinn er fullgerður. Grjótlag þarf í hann allan undir slitlagið, sem er möl eins og venja er til.

Kostnaðaráætlun um þennan kafla er þannig:

Undirbygging: 70350 tenm. fylling. Meðtalið púkklagið þar sem vegurinn liggur um hraun			kr. 224000
Yfirbygging: Púkklag á 6.83 km. utan hrauns	kr.	41000	
Malarlag 12,2 km.	—	73000	
			— 114000
Ræsi, 11 ræsi á 1 m. 1 ræsi 2.5 m.			— 6000
Brýr, 1 brú 8 metra, 1 brú með 3 opum 5 metra, 1 brú með 2 opum 12.5 metra			— 25000
Áhöld, 6% af 369000			— 22100
Verkamannakostnaður, 5% af kr. 369000			— 18500
Verkstjórn og ýmislegt, 10% af kr. 369000			— 36400
			Samtals kr. 446000

Hér af er 5.9 km. nýr vegur, en 3.3 km. er endurbættur vegur í Svínahrauni, og er kostnaður við þær endurbætur rúmar 100000 kr. meðtalinn. Að meðaltali er hver km. vegarins áætlaður að kosta kr. 36700.00.

Þegar svo er komið, að þessum kafla væri einnig lokið, þá tel ég fengið svo öruggt vegasamband við Suðurlandsundirlendi, sem unnt er. Jafnframt þessum vegagerðum mun verða haldið áfram endurbótum vegarins frá Reykjavík að

Lækjarbotnum og vegarins um Ölfus, og verður hann væntanlega malbikaður næst Reykjavík, þar sem mest er umferð.

Nýi vegurinn frá Lækjarbotnum um Þrengslin austur í Ölfus er 41.93 km. á lengd, og samkvæmt framangreindu áætlaður að kosta kr. 1178000.00. Myndi ég telja hæfgkvæmt, að kaflinn um Þrengslin og Ölfus yrði gerður á 3 árum, en neðri kaflinn frá Lækjarbotnum upp í Svínahraun á 2 árum.

Að þessum framkvæmdum loknum, mun koma til rannsóknar hvort malbika skuli allan veginn austur að Ölfusá og þá jafnframt að breikka veginn um Þrengslin og Ölfus í 5 metra akbreidd, en ég tel ekki rétt, hvorki að leggja niður Hellisheiðarveginn né að breikka veginn um Þrengslin, fyrr en ákveðið er að malbika allan austurveginn. Breikkun þessa kafla, 29.7 km. að lengd, hefir verið áætlaður að kosta 300 þús. kr. Kostar þá sem næst 1½ milljón krónur, 5 metra breiður vandaður vegur frá Lækjarbotnum austur í Ölfus.

Breikkun núverandi vegar í Ölfusi, ásamt grjótlagi, þar sem það enn vantar, og malarlagi, er áætlað að kosti 100 þús. kr., og nokkrar endurbætur vegarins frá Reykjavík að Lækjarbotnum annað eins. Þessar endurbætur þarf ekki að framkvæma fyrr en ákveðið hefir verið að malbika veginn.

Samkvæmt fengnum upplýsingum um kostnað við malbikun erlendis, má áætla, að hver km. í 5 metra breiðum vegi kosti frá 25—40000 kr., eftir því, hve mjög er til verksins vandað. Ef miðað er við 30 þús. kr. á hvern km., kostar um 2.1 millj. kr. að malbika allan veginn, 70.5 km., austur að Ölfusá, en að fullgera hann undir malbikun kostar samkvæmt framangreindri áætlun um 1.7 millj. kr. Verður þannig áætlun um nokkuð vandaðan malbikaðan veg samtals um 3.8 millj. kr.


Ákvörðun um malbikun alls vegarins austur getur að minu álitin beðið enn nokkur ár. Aðalatriðið er, að fá veginn frá Lögbergi austur í Ölfus vel öruggan til vetrarflutninga. En þegar því takmarki er náð, mun reynslan jafnvel sýna, hve mjög flutningar hafa þá aukizt.


Verður þá á ný að taka ákvörðun um, hverra frekari samgöngubóta er þörf, hvort heldur skuli malbika veginn eða ráðast í lagningu járnbrautar, ef ástæður eru þá að einhverju leyti breyttar frá því sem nú er, eða jafnvel halda enn um skeið veginum við sem malarvegi.


Reykjavík, 24. jan. 1931.


Geir G. Zoëga.

Umferð um Suðurlandsbraut, meðaltal bifreiða á dag í hverjum mánuði.






þús. smál.
Umferð um Suðurlandsbraut
(Hellisheiði)
Vörumagn í smálestum
16
15
14
13
12
11
10
9
8
7
6
5
4
3
2
0
1929
1922
1912
15.900 smál.
15.000
tjárrekstrar
4.900
2.250
jan. febr. mars apr. maí júní júlí ág. sept. okt. nóv. des.


55
50
45
40
35
30
25
20
15
10
5
0
þús.
Umferð um Suðurlandsbraut
(Hellisheiði)
Mannfjöldi í bifreiðum.
1929
1922
1912
1910
1922
55.200 menn
27.700
16.200
12.700
10.100
mannaumferð annur en í bifreiðum
jan. febr. mars apr. maí júní júlí ág. sept. okt. nóv. des.

20. Frumvarp

til laga um búfjárrækt.

(Lagt fyrir Alþingi 1931).

I. KAFLI.

Um nautgriparækt.

1. gr.

Bannað er að láta naut eldri en 5 mánaða ganga laus í afréttum eða heimahögum nema heimild til þess felist í lögum þessum.

2. gr.

Í hverjum hreppi eða bæjarfélagi, þar sem ekki er nautgriparæktarfélag viðurkennt af Búnaðarfélagi Íslands, skal vera nautgripakynbótanefnd, skipuð þrem mönnum. Um kosning í nefndina fer eftir sömu reglum og um kosning í hreppsnefnd. Þar sem er starfandi nautgriparæktarfélag er stjórn þess sjálfkjörin nautgripakynbótanefnd, og þar sem stofnuð verða nautgriparæktarfélög eftir að lög þessi öðlast gildi og eftir að kosin hefir verið nautgripakynbótanefnd, fellur starfssvið hennar niður, en við því tekur hin nýja stjórn nautgriparæktarfélagsins.

3. gr.

Kynbótanefnd skal sjá um að jafnan séu til hæfilega mörg kyngóð og efnileg naut, til afnota fyrir hreppsbúa. Naut þau er kynbótanefnd velur skal hún aðallega velja að vorinu, fyrir vorhreppaskilaþing, og á þeim tilkynna hreppsbúum hver þau séu. Heimilt er kynbótanefnd að kaupa eða taka naut á leigu, eða semja um það á annan hátt eftir því sem henni þykir bezt við eiga. Heimilt er kynbótanefndum tveggja eða fleiri hreppa að vinna saman að kynbótum, t. d. með því að nota sömu kynbótanaut, sömu girðingar, hafa sama eftirlitsmann o. fl.

Leyft getur kynbótanefnd einstöku mönnum sem vegna afstöðu sinnar eiga óhægt með að nota kynbótanautin eða taka annan þátt í starfinu, að vera utan við starfið, en allir sem ekki fá slíka undanþágu eru skyldir að taka sameiginlegan þátt í öllum kostnaði, er leiðir af nautahaldinu, að réttri tiltölu við tölu kúa með kálfi (sbr. 7. gr.).

4. gr.

Kynbótanefnd getur leyft að kynbótanaut gangi laus ef öruggt þykir að þau geti engan skaða gert. Sé um leigunaut að ræða, og það í vörzlu eiganda, ber hann ábyrgð á ef skaði hlýzt af, en sé að ræða um félagsnaut, sem kynbótanefnd sér um haga fyrir, ber hún ábyrgðina.

5. gr.

Öll naut, sem eru 5 mánaða eða eldri, og ekki eru valin af kynbótanefnd til að notast til undaneldis í hreppnum, skal gelda, gefa inni eða hafa í öruggri vörzlu beitartíma kúnna. Brot gegn þessu varða sektum og skaðabótum ef tjón hlýzt af eftir nánari fyrirmælum reglugerðar. Taka má slík naut þó í heimalandi eiganda sé, ef það ekki er í öruggri vörzlu, og fara með sem óskilafénað og selja án innlausnarfrests.

6. gr.

Nú hittist naut, sem kynbótanefnd hefir auglýst að nota beri til kynbóta í hreppnum, gæzlulaust og ekki í öruggri vörzlu, og skal þá taka það í örugga vörzlu, og á hús og hey ef þörf krefur. Sá sem tekur nautið, skal tafarlaust gera kynbótanefnd aðvart, og skal hún svo fljótt, sem því verður við komið vitja nautsins og borga áfallinn fóður- og hirðingarkostnað. Hafi nautið verið í geymslu eiganda á hún aftur aðgang að honum með greiðsluna. Hafi kynbótanefnd ekki vitjað nautsins innan hálfsmánaðar, skal sá er tók nautið í hald, afhenda það hreppstjóra, er þá selur það með mánaðar innlausnarfresti.

7. gr.

Öllum árlegum kostnaði við nautahaldið, svo sem þóknun til kynbótanefndar, landleigu fyrir sumarhaga, vetrarfóður, kostnaði við nautagirðingu, vöxtum og afborgunum af lánum til nautakaupa eða girðinga o. s. frv., jafnar kynbótanefndin niður á allar kýr, sem leiddar eru undir naut í hreppnum á því ári og sem ekki eru eign manna, sem hafa fengið undanþágu frá að þurfa að taka þátt í sameiginlega kostnaðinum, sbr. 3. gr.

Sanni kýreigandi að kýrin hefir ekki fest fang þó leidd hafi verið, ber honum ekki að borga nema hálfan nautstoll.

Heimilt er kynbótanefnd, ef það er samþykkt með meirihluta atkvæðum allra kýreiganda, að láta menn borga nautstolla með fóðri eða heyi, að nokkru eða öllu leyti, enda gangi það þá hlutfallslega jafnt yfir alla kýreigendur.

Verði allur kostnaður við kynbótastarfið svo mikill, að nautstollar þurfi að vera hærri en kr. 8,00 á hverja kú, sem haldið var í hreppnum, er heimilt að taka það af nautakostnaðinum, sem fram yfir er, úr hreppssjóði. Gjöldum, sem kynbótanefnd jafnar niður eftir þessari grein, fylgir lögtaksréttur.

8. gr.

Nautgripakynbótanefnd skal bóka gerðir sínar svo og reikninga, bréf og annað. Á fundum nefndarinnar ræður afl atkvæða. Nefndarfundir eru löglegir og ályktunarfærir þó einn nefndarmann vanti, ef hinir tveir eru sammála. Eftir hver áramót skal formaður nefndarinnar gera reikning yfir tekjur og gjöld nautahaldsins (sbr. 7. gr.). Hafi nautahaldið verið að einhverju kostað af hreppnum skal reikningurinn endurskoðaður af hreppsnefnd, en ella af tveim mönnum, sem sérstaklega eru til þess kosnir, og skal reikningurinn síðan sendur Búnaðarfélagi Íslands.

9. gr.

Nautakynbótanefnd skal árlega ræða um kynbótastarfið á almennum hreppsfundi. Þar skal taka ákvörðun um hvort hreppssjóður leggur til fé til starfsins, hvernig og hvenær skuli innheimta nautstolla svo og annað, er starfið varðar. Það sem samþykkt er á fundinum og ekki kemur í bága við lög þessi er bindandi fyrir nefndina og hreppsmenn.

10. gr.

Þar sem 10 bændur í hreppi, eða meiri hluti bænda þar, ef færri eru í hreppnum en 10, hefir samþykkt að stofna nautgriparæktarfélag, komið sér saman um reglur fyrir félagið og fengið þær samþykktar af Búnaðarfélagi Íslands, getur félagið fengið styrk til starfseminnar úr ríkissjóði, eftir því sem fyrir er mælt í lögum þessum.

11. gr.

Styrkur til nautgriparæktarfélags miðast við almanaksár og greiðist eftir á, þegar félögin hafa sent skýrslur sínar til Búnaðarfélags Íslands og verið taldar þar fullnægjandi. Upphæð styrksins til hvers einstaks félags skal vera kr. 1,00—2,50 fyrir hverja kú, sem telst hafa verið í notum hjá félagsmönnum heilt ár.

12. gr.

Félag, sem stofnað er eftir 10. gr., getur auk styrks þess, sem um ræðir í 11. gr., fengið styrk til nautahalds, ef það notar naut sem er að minnsta kosti tveggja ára, og sem hefir hlotið I. eða II. verðlaun á sýningu, eða verið viðurkennt þess verðugt af ráðunaut Búnaðarfélags Íslands í nautgriparækt. Styrkurinn skal vera 50—150 krónur fyrir hvert naut.

13. gr.

Að tilhlutun Búnaðarfélags Íslands skal halda nautgripasýningu í hverju nautgriparæktarfélagi fimmta hvert ár. Skal þá landinu skipt í 5 sýningarsvæði og sýningar haldnar í þeim til skiptis. Til verðlauna á sýningunum leggur ríkissjóður 50 aura fyrir hvern framtalinn nautgrip, gegn jöfnu framlagi annarsstaðar að. Fyrstu og önnur verðlaun á naut greiðast eingöngu úr ríkissjóði. Búnaðarfélag Íslands sér um fyrirkomulag sýninga þessara og úthlutun verðlauna.

14. gr.

Nú kemur nautgriparæktarfélag sér upp girðingu til að geyma naut sín í sumarlangt, og skal þá greiða úr ríkissjóði, ⅓ af kostnaðarverði girðingarinnar, þó aldrei meira en 400 krónur til sama félags.

15. gr.

Búnaðarfélag Íslands sér um framkvæmdir samkvæmt þessum kafla, úthlutun á styrk eftir honum og annað, sem að því lýtur, og hann fjallar um. Það safnar skýrslum um starfið og sér um að unnið verði úr þeim sem aðgengilegast yfirlit, og það birt eftir því sem nauðsyn þykir. Búnaðarfélag Íslands getur

sett reglur um þau atriði nautgriparæktar, sem lög þessi fjalla um og skulu þær samþykktar af atvinnumálaráðuneytinu.

16. gr.

Brot gegn kafla þessum varða sektum frá 10—500 kr. og renna þær í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

17. gr.

Verði ágreiningur um skilning á einhveju í þessum kafla, eða um kostnað við kynbótastarfið, sker atvinnumálaráðherra úr og er það fullnaðarúrskurður.

II. KAFLI.

Um kynbætur hrossa.

18. gr.

Bannað er að láta graðhesta, 1½ árs eða eldri, ganga lausa í heimahögum eða afréttum, nema heimild til þess felist í lögum þessum.

19. gr.

Í hverjum hreppi skal vera hrossakynbótanefnd, skipuð þrem mönnum, kosin eftir sömu reglum og gilda um kosning í hreppsnefnd. Þar sem hrossaræktarfélag er, sem starfar með styrk úr ríkissjóði (sbr. 34. gr.), er stjórn þess sjálfkjörin kynbótanefnd.

20. gr.

Á hverjum vetri skal hrossakynbótanefnd velja eða útvega, innan eða utanhrepps, hæfilega marga góða graðhesta, til undaneldis í hreppnum næsta sumar. Hesta, sem kynbótanefnd velur, skal nefndin kaupa til afnota innanhrepps. Skal nefndin gera hreppsbúum kunnugt um val hestanna, með auglýsingu fyrir lok marzmánaðar.

Heimilt er hrossakynbótanefndum tveggja eða fleiri hreppa, að vinna saman að hrossakynbótum, nota sömu hesta, sömu girðingar o. s. frv.

21. gr.

Hrossakynbótanefnd hefir vald til að ákveða, hvaða kynbótahestur er tekin á leigu fyrir hreppinn, og sömuleiðis til að semja um leigu, fóður og hirðingu fyrir hestinn, en til að kaupa hest þarf nefndin heimild hreppsnefndar eða lögmæts hreppsfundar. Þó má ekki kaupa kynbótahest nema hrossakynbótanefnd samþykki valið á hestinum.

22. gr.

Nú á hreppsfélag enga girðingu fyrir kynbótahross, en hrossakynbótanefnd sannar að hún geti ekki haldið gildandi lög um kynbætur hrossa, nema

að hún hafi slíka girðingu til afnota, og er henni þá heimilt að taka slíka girðingu á leigu, og semja um leiguna. Telst þessi kostnaður með öðrum gjöldum kynbótastarfseminnar.

Geti hrossakynbótanefnd ekki notað sér neitt tilboð um girðingarafnot, sem hún telur viðunanlegt, skal hún tilkynna hreppsnefndinni það, en hreppsnefdnin kaupa land, eða taka það á leigu, og girða það, svo fljótt sem þurfa þykir og við verður komið. Skylt er hrossakynbótanefndinni að aðstoða hreppsnefndina við þessar framkvæmdir. Vextir og afborganir af fé því, sem þarf til þessara framkvæmda, telst til útgjalda hrossakynbótanna, hvort sem það er greitt úr hreppssjóði eða til þess tekið sérstakt lán.

23. gr.

Alla graðhesta, sem kynbótanefnd hefir valið til undaneldis eða verðlaun hafa hlotið á héraðssýningum, er styrks hafa notið úr ríkissjóði, skal merkja þannig, að klippa Kh á hægri lend þeirra. Eigandi eða umráðamaður hestsins skal endurnýja merkið svo oft sem með þarf, til þess að það sé jafnan glöggt.

Nú sannast að einhver hafi merkt graðhest þessu merki, án leyfis kynbótanefndar, enda hafi hann ekki hlotið verðlaun, eins og fyrr segir, og varðar það sektum. Taka má slíkan hest, hvar sem hann hittist, utan gripheldra girðinga, ráðstafa honum sem óskilafé, og selja án innlausnarfrests.

24. gr.

Alla graðhesta, sem eru 1½ árs eða eldri, og ekki eru ætlaðir til undaneldis, samkv. 21. og 22. gr., skal gelda eða taka í örugga vörzlu fyrir 20. apríl ár hvert. Graðhesta á þeim aldri, sem ekki er hægt að gelda þá vegna byggingarlýta, skal taka í örugga vörzlu þar til þeir hafa verið geltir.

Nú vanrækir eigandi eða umráðamaður að láta gelda hesta sína, eða taka í örugga vörzlu, og skal hann þá sekt gjalda, og auk þess skaðbætur, ef tjón hlýzt af. Taka má slíkan hest, hvar hann hittist, nema í öruggri vörzlu sé, ráðstafa honum sem óskilagrip, og selja án innlausnarfrests.

25. gr.

Nú hittist graðhestur, merktur Kh á hægri lend, gæzlulaus án heimildar, hvort heldur er innan eða utan þeirrar sveitar eða svæðis, er hann var valinn fyrir sem undaneldishestur, og má þá taka hann í örugga gæzlu, og ef þörf gerist á fóður, á kostnað eiganda eða umráðamanns, en gera skal honum aðvart svo fljótt sem unnt er. Ef hestsins er ekki vitjað, og greiddur áfallinn kostnaður áður liðnar eru 6 vikur frá því hann var tekinn, má ráðstafa honum sem óskilagrip og selja hann með 4 vikna innlausnarfresti.

26. gr.

Öllum árlegum kostnaði við kynbæturnar, svo sem þóknun til kynbótanefndar, er ákveðin sé á hreppaskilaþingi, leigu fyrir kynbótahest, hagagöngu, umsjón með hestinum, fóður, leigu eftir girðingu, vexti og afborganir af lán-

um o. s. frv., jafnar nefndin niður á folöld þau, sem fæðast í hreppnum á því ári, með þeim undantekningum sem um getur í 28. gr., þó svo, að aldrei verði hærra gjald en kr. 8.00 á hvert folald. Skulu eigendur greiða gjald þetta árlega til hrossakynbótanefndar, á þeim tíma er hún til tekur, og er gjaldið lögtakskræft.

Nú verður kostnaður meiri en hámarksgjaldi nemur, á hvert folald, og greiðir þá hlutaðeigandi sveitarsjóður afganginn.

Nú nær kostnaðurinn við kynbótastarfið ekki 8 kr. á hvert folald og er kynbótanefnd þó heimilt að jafna niður meiru en kostnaðinum nemur, allt að 2 kr. á hvert folald, þó svo að alls verði ekki greitt yfir 8 kr. fyrir hvert folald. Verði ágreiningur um gjald þetta, sker atvinnumálaráðherra úr.

27. gr.

Nú er hryssu komið í fóður eða í hagagöngu í annan hrepp en eigandi á heimili í, og kastar áður en hún er færð heim, þá skal gjalda toll af því folaldi þar sem hryssan var talin fram.

Sé hryssan yfir allt árið í öðrum hreppi en heimili eigandans er, og er leidd þar til kynbótahests, þá skal gjalda toll af folaldi hennar þar sem hún framfærist, en ekki þar sem eigandinn er til heimilis.

28. gr.

Nú er samþykkt á lögmætum sveitarfundi, með meiri hluta atkvæða, að hreppurinn hafi engan graðhest til afnota, í eitt eða fleiri ár, og geta þá þeir hreppsbúar, er vilja hafa graðhest, krafizt þess af hrossakynbótanefnd, að hún semji um afnot af graðhesti fyrir þá í öðrum hreppi eða leyfi þeim að hafa graðhest til notkunar, sbr. 31. gr.

29. gr.

Þegar hluti af hreppi er í hrossaræktarfélagi, sem nýtur styrks úr ríkissjóði, sbr. 34. gr., og sá hluti hreppsins, sem er utan félagsins, vill ekki vera í samvinnu við félagið um hrossakynbætur, þá er þeim, sem í félaginu eru ekki skylt að taka neinn þátt í kostnaði af kynbótastarfi þess hluta hreppsins, sem ekki er í félaginu, enda er sveitarsjóði þá ekki heldur skylt að greiða neitt af kynbótakostnaði félagsmanna, þótt hann verði meiri en kr. 8.00 á folald.

30. gr.

Heimilt er kynbótanefnd að leyfa hrossamörgum bændum, eða þeim, sem eiga mörg góð hrossakyn, eða öðrum, sbr. 29. og 30. gr., að halda sjálfir sína eigin graðhesta, og greiða þeir þá ekki tolla af folöldum sínum, til kynbótastarfsemi hreppsins, en samþykkja skal kynbótanefnd val slíkra kynbótahesta. Eigendur kynbótahestanna skulu aftur á móti skuldbinda sig til að lána þá, eftir því sem kynbótanefnd telur henta bezt fyrir sveitina, og eigi við hærra verði, en þá gildir almennt í þeirri sveit. Þó má kynbótanefnd leyfa að þessir tollar séu allt að kr. 5.00 hærri, sé um mjög ágæta kynbótahesta að ræða.

31. gr.

Hrossakynbótanefnd skal halda gerðabók, þar sem hún ritar í allar ályktanir sínar og aðrar gerðir, reikninga, bréf o. fl.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála á nefndarfundum og eru þeir lögmætir og ályktunarfærir þó einn nefndarmanna vanti, ef hinir tveir eru sammála.

Formaður gerir reikning yfir tekjur og gjöld hrossakynbótastarfsins á nýliðnu ári, strax eftir hver áramót. Reikninginn skal endurskoða af hreppsnefnd, og leggja fram á næsta vorhreppaskilaþingi.

32. gr.

Rétt er bændum að stofna hrossaræktarfélag, og skal félagssvæðið að jafnaði vera bundið við hreppstakmörk, sbr. þó 21. gr. Nú hafa 5 bændur orðið ásáttir um reglur fyrir félagið, og fengið þær samþykktar af Búnaðarfélagi Íslands, þá getur félagið fengið styrk úr ríkissjóði, eftir því sem segir í lögum þessum, sbr. 34., 35., og 36. gr.

33. gr.

Reikningsár hrossaræktarfélags er almanaksár. Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal hrossaræktarfélag hafa sent Búnaðarfélagi Íslands skýrslu um störf sín á síðastliðnu ári og reikning yfir tekjur og gjöld félagsins á sama tíma, og sé reikningurinn endurskoðaður og samþykktur af aðalfundi félagsins. Beri ársskýrsla og reikningur félagsins það með sér, að félagið hafi uppfyllt þær kröfur, sem Búnaðarfélag Íslands gerir til slíkra félaga, þá nýtur það styrks úr ríkissjóði, sem hér segir:

1. Fyrir hverja hryssu sem leidd er til kynbótahests félagsins kr. 1.50.
2. Upp í fóðurkostnað kynbótafélagsins:
   a. Ef hann hefir hlotið I. verðlaun á afkvæmasýningu, þar sem ríkissjóður greiddi verðlaunin kr. 100.00.
   b. Ef hann hefir hlotið II. verðlaun á afkvæmasýningu, sem að framan greinir, kr. 50.00.

34. gr.

Starfandi hrossaræktarfélög, sem um ræðir í 32. og 33. gr., njóta styrks úr ríkissjóði, til að kaupa kynbótahesta, er nemur ⅓ þess verðs, er hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands virðir hestinn til peninga, enda mæli hann með kaupunum. Styrkur þessi skal bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi félag noti hestinn til undaneldis, á meðan hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands telur það rétt. Styrkur þessi má endurtakast til sama félags, þó eigi með skemmra millibili en 15 árum, enda mæli hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands með því.

35. gr.

Hrossaræktarfélög njóta styrks úr ríkissjóði, til að koma upp girðingum, til afnota fyrir hrossakynbætur, með allt að ⅓ kostnaðar, þó ekki yfir 400 kr. til hverrar girðingar. Skyld eru félög að halda slíkum girðingum við,

til afnota fyrir kynbótastarfsemina, að minnsta kost í 15 ár, ella endurgreiði þau styrkinn. Styrkur þessi má endurtakast til sama félags, þó eigi með skemmra millibili en 15 árum, enda mæli hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands með því.

36. gr.

Nú þekkir hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands stóðhest, sem, eftir því sem vitað verður, er ágætur kynbótagripur, og eigandi hans hefir ekki ástæður til að halda hann graðan, en fær ekki kaupanda að honum sem kynbótahesti, eða að hesturinn þykir svo ágætur, að sérstaklega þurfi að tryggja framtíð hans sem kynbótahests. Er þá atvinnumálaráðherra rétt að kaupa hestinn fyrir ríkissjóðsfé, enda hafi hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands mælt með kaupunum. Skal þá Búnaðarfélag Íslands ráðstafa hestinum með samþykki atvinnumálaráðherra, þannig að hestinum sé fengið fóður og hirðing í því héraði, þar sem álízt mest þörf að bæta við góðum kynbótahesti, og skal hann þá lánaður héraðsbúum til afnota fyrir ákveðið gjald fyrir hverja hryssu, sem leidd er til hans. Gjaldið ákveður Búnaðarfélag Íslands í samráði við atvinnumálaráðherra.

Heimilt er að selja slíka hesta, þó aðeins hrossaræktarfélögum, og með því skilyrði, að þeir séu notaðir til undaneldis á meðan hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands telur það rétt. Þó skal ríkissjóður aldrei eiga fleiri en 4 kynbótahesta samtímis.

37. gr.

Að tilhlutun Búnaðarfélags Íslands skal halda hrossasýningar í hverri sýslu landsins þriðja hvert ár. Skal þá landinu skipt í þrjú sýningarsvæði, og sýningar haldnar í þeim til skiptis.

Til verðlauna á sýningunum leggur ríkissjóður 10 aura fyrir hvert framtalið hross, í sýningarumdæminu og þó aldrei minna en 100 krónur til hverrar sýningar, gegn jöfnu framlagi frá hlutaðeigandi sýslusjóði. Auk þess greiðir ríkissjóður 50 kr. til viðbótar hverjum I. verðlaunum stóðhestanna, en af sýningarfjám skulu greiddar 50 kr. og fylgi sú kvöð, að skylt sé að nota þessa hesta til undaneldis næstu þrjú ár eftir að verðlaunin voru greidd. Önnur verðlaun ákveður dómnefnd hverrar sýningar.

Hlutaðeigandi sýslunefnd kýs sýningarstjóra og tvo dómnefndarmenn, á þær sýningar, sem haldnar verða í hverri sýslu, og greiðist þeim þóknun fyrir starfið úr sýslusjóði. Einnig ákveður sýslunefnd, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, hve margar sýningar skuli haldnar í sýslunum og á hvaða stöðum. Hlutaðeigandi sýsla annast um nauðsynlegan undirbúning á sýningarstöðunum, en átroðningur af sýningum greiðist af fé sýningarinnar.

38. gr.

Jafnframt því sem héraðssýningar eru haldnar, skal gefa eigendum fullorðinna stóðhesta kost á afkvæmasýningum fyrir þá. Hver hestur má keppa tvisvar um verðlaun fyrir afkvæmi, og líði ekki minna en 6 ár á milli. Verðlaun fyrir afkvæmi greiðist úr ríkissjóði.

Er hestur keppir í fyrsta sinn um verðlaun fyrir afkvæmi, skulu þau vera: I. verðlaun 300 kr., II. verðlaun 200 kr. og III. verðlaun 100 kr. Er hestur keppir í annað sinn um slík verðlaun, skulu þau vera: I. verðlaun 500 kr., II. verðlaun 300 kr. og III. verðlaun 100 kr.

Á afkvæmasýningu leggur eigandi hestsins til sýningarstaðinn, hlutaðeigandi sýsla 2 menn í dómnefnd, Búnaðarfélag Íslands oddamann dómnefndarinnar, sem jafnframt er sýningarstjóri, og skal það vera hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands.

39. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur sett reglugerð um framkvæmd þessa kafla eftir því sem þurfa þykir.

40. gr.

Brot gegn þessum kafla varða sektum 10—500 krónum, er renna í sjóð hrossaræktarfélags þar sem brotið er framið, ella renni það til sveitarsjóðs hlutaðeigandi hrepps.

III. KAFLI.

Um sauðfjárrækt.

41. gr.

Hrútar mega eigi ganga lausir frá 1. nóv. til 1. maí ár hvert, nema þeir séu í öruggri vörzlu.

42. gr.

Skylt er hverjum hrúteiganda að merkja hrúta sína að haustinu þá er þeir heimtast, með glöggu merki.

Nú hittist heimtur hrútur, sem ekki er í vörzlu á þeim tíma, sem þeir mega ekki ganga lausir, sbr. 1. gr., og skal þá afhenda hann hreppstjóra. Hreppstjóra er skylt að taka hrútinn til geymslu og gera eiganda hrútsins, eins fljótt og verða má, aðvart um hann. Eigandi skal hafa vitjað hrútsins innan viku, frá því að hann fékk tilkynningu um hann og borga allan áfallinn kostnað, en að öðrum kosti er hreppstjóra heimilt að selja hrútinn án innlausnarfrests.

Hrút, sem heimtist á þeim tíma, sem hann á að vera í vörzlu má ekki sleppa lausum, en koma skal honum tafarlaust til eiganda, sé hann innan þeirrar sveitar, þar sem hrúturinn kemur fyrir, en ella fer um skil á honum eins og aðkomnum hrút, er hittist laus eftir 1. nóv., eins og áður er sagt.

43. gr.

Ríkissjóður styrkir kynbótabú í sauðfjárrækt, samkvæmt því sem segir í 45. gr., þó ekki fleiri en eitt í hverri sýslu.

44. gr.

Sýslunefnd, búnaðarsamband eða þessir aðiljar í félagi, ákveða hvort stofna skuli sauðfjárræktarbú og þá hvar.

45. gr.

Nú hefir verið ákveðið að stofna sauðfjárræktarbú, samkvæmt ákvæðum 44. gr., og skulu því þá settar starfsreglur eftir fyrirmynd, er atvinnumálaráðuneytið setur að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Stofnendur búsins skulu hafa um næstu 15 ár tryggt því styrk að ⅓ til móts við styrkinn úr ríkissjóði, og að búið starfi að minnsta kosti þann tíma (15 ár).

Ríkissjóður greiðir 800 kr. árlegan styrk til hvers sauðfjárræktarbús, sbr. þó 43. gr., gegn 400 kr. tillagi annarsstaðar að.

46. gr.

Búnaðarfélags Íslands skal hafa yfirumsjón sauðfjárræktarbúanna og skulu þau haga skýrslugerð eftir fyrirmælum þess.

Skylt er sauðfjárræktarbúunum að senda Búnaðarfélagi Íslands árlega skýrslu yfir störf sín, og skal það birta úr þeim útdrátt eftir því sem þurfa þykir.

47. gr.

Rétt er mönnum að stofna með sér félag til að vinna að kynbótum sauðfjár.

Félagssvæðið skal að jafnaði vera bundið við sveitartakmörk.

Félög sem starfa í þessu skyni, skulu fá styrk úr ríkissjóði eftir því, sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

48. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, reglur um það hvernig sauðfjárræktarfélög, sem um ræðir í 47. gr., skulu haga starfi sínu. Búnaðarfélag Íslands sér um prentun eyðublaða undir þær skýrslur, er sauðfjárræktarfélögin eiga að halda.

49. gr.

Sauðfjárræktarfélög (sbr. 47. og 48. gr.) skulu fá styrk úr ríkissjóði, er aðallega sé miðaður við tölu hrúta, er félagið eða félagsmenn eiga og sem fengið hafa fyrstu verðlaun á hrútasýningum. Styrkurinn skal vera 50—120 kr. fyrir hvern hrút. Auk þess má veita hverju sauðfjárræktarfélagi 70—150 kr. verðlaun úr ríkissjóði fyrir fyrirmyndar starfsháttu í hirðingu sauðfjár. Atvinnumálaráðuneytið úthlutar styrk og verðlaunum að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

50. gr.

Hrútasýningar skal halda í einstökum hreppum, þar sem þess er óskað, þriðja hvert ár. Skal þá skipta landinu í þrjú umdæmi og skulu sýningar haldnar í þeim til skiptis.

Til hrútaverðlauna á sýningum þessum, veitir ríkissjóður sýningarárið 2 aura á hverja framtalda kind í hreppnum, gegn jöfnu fjárframlagi á móti, annarsstaðar að. Búnaðarfélag Íslands setur reglur um sýningarnar og skulu þær samþykktar af atvinnumálaráðuneytinu.

51. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að verja úr ríkissjóði, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, allt að 5000 kr. á ári í næstu þrjú ár, til verðlaunasamkeppni milli sauðfjárbúa. Skal veita 1., 2. og 3. verðlaun þeim þrem búum, er bezt eiga féð og arðsamast að dómi þar til kvaddra manna.

Samkeppni í hvert sinn skal standa yfir í tvö ár. — Reglur um fyrirkomulag verðlaunasamkeppni milli sauðfjárbúa skulu samdar af Búnaðarfélagi Íslands og staðfestar af atvinnumálaráðuneytinu.

Ríkissjóður ber allan kostnað við eftirlit og umsjón með keppendum.

52. gr.

Samkeppni þá, sem ræðir um í 51. gr., má endurtaka á 5 ára fresti, ef Búnaðarfélags Íslands telur það rétt, og skal þá verja til þess fé úr ríkissjóði, á sama hátt og segir í 51. gr.

53. gr.

Verði ágreiningur um skilning þessa kafla, sker atvinnumálaráðuneytið úr, og er það fullnaðarúrskurður.

IV. KAFLI.

Um fóðurbirgðafélög.

54. gr.

Heimilt er sveitar- og bæjarfélögum á Íslandi, að stofna fóðurbirgðafélög og takmarkast félögin ætíð af hreppamörkum.

55. gr.

Verksvið fóðurbirgðafélaga er að tryggja það, að á hverju hausti sé til fóður, fyrir búfé félagsmanna, sem nægi í hinum harðasta vetri, og að rannsaka, hvernig bændur eigi að fóðra búfé sitt, svo að það gefi sem mestan arð, miðað við tilkostnað.

56. gr.

Nú vilja menn koma á fóðurbirgðafélagi í hreppi eða kaupstað og skal þá sveitarstjórn boða til almenns sveitarfundar með nægum fyrirvara og leggja fyrir hann uppkast að samþykkt fyrir félagið. Atkvæðisrétt á þeim fundi hafa allir þeir, sem búfénað hafa í fóðrum í sveitinni. Sé fundur lögmætur og nái uppkastið samþykki meiri hluta atkvæðisbærra fundarmanna, skal stofna félagið og er uppkastið bindandi fyrir alla sveitarbúa, enda hafi það verið tekið fram í fundarboðinu, að um þetta mál yrði rætt og gengið til atkvæða um það.

Samþykkt sveitarfundarins skal leggjast fyrir næsta hlutaðeigandi sýslufund til samþykktar.

Nú samþykkir sýslufundur samþykktaruppkast fóðurbirgðafélagsins

óbreytt og sendist það þá atvinnumálaráðuneytinu til staðfestingar. Breyti sýslufundur samþykktinni, skal bera hana með áorðnum breytingum undir atkvæði lögmæts hreppsfundar á sama hátt og í fyrra skiptið. Fallist hann á breytingar sýslufundar sendist samþykktin atvinnumálaráðuneytinu til staðfestingar. Að öðrum kosti er hún fallin, nema gerðar séu á henni breytingar og skal þá leggja hana fyrir sýslunefnd að nýju og aftur með fara á sama hátt og ný samþykkt væri. Virðist ráðuneytinu samþykkt, sem því hefir verið send til staðfestingar koma í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, endursendir það hana án staðfestingar ásamt synjunarástæðum. Að öðrum kosti staðfestir ráðuneytið samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur hvenær hún öðlist gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, sem í þeim hreppi eða kaupstað búa, sem hún er gerð fyrir.

Samþykkt, sem ráðuneytið hefir staðfest, má ekki breyta á annan hátt en hún var stofnuð.

57. gr.

Hvert það fóðurbirgðafélag, sem er stofnað samkvæmt lögum þessum, og fullnægir fyrirmælum þeirra og samþykktar, sem um þau er gerð samkvæmt 56. gr., njóta árlegs styrks úr ríkissjóði, sem hér segir:

1. Fyrir hvern bónda sem býr einn á jörð 10 kr.
2. Þegar fleiri en einn bóndi búa á sömu jörð, nemur styrkurinn 10 kr. fyrir einn bóndann (eða annan), en 5 kr. fyrir hinn bóndann, eða hvern hinna, ef fleiri eru en tveir.

58. gr.

Hvert fóðurbirgðafélag skal stofna tryggingarsjóð og er hann óskiptileg eign félagsins. Skal hann ávaxtaður í sparisjóði eða annari tryggri peningastofnun, en þó þannig, að ætíð sé hann félaginu handbær, ef það þarf að kaupa fóður.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Framlag úr hlutaðeigandi sveitarsjóði, sem nemur 50 kr. fyrir hvern félagsmann, og greiði sveitarsjóður það á eigi lengri tíma en fimm árum, með jöfnum árgreiðslum.
2. Árlegt gjald, sem búfjáreigendur greiða eftir búfjárfjölda, sem þeir hafa á fóðrum, sem sé
   a. Fyrir hvern nautgrip ..... 50 aurar.
   b. Fyrir hvert hross ..... 25 —
   c. Fyrir hverja sauðkind ..... 5 —
3. Ef styrkur ríkissjóðs eyðist ekki allur til árlegrar starfrækslu félagsins, leggst það sem af gengur í tryggingarsjóðinn.

Gjöld samkvæmt 2. tölulið hafa lögtaksrétt samkvæmt lögum nr. 29, 16. des. 1885.

59. gr.

Nú nægir tryggingarsjóður ekki til fóðurkaupa í hallæri, og er þá félaginu heimilt lán úr Bjargráðasjóði, gegn 5% ársvöxtum, og endurgreiðist lánið á 10 árum.

Skylt er hlutaðeigandi hreppsnefnd að ábyrgjast hallærislán fyrir fóðurbirgðafélag.

60. gr.

Gjalddagi iðgjalda er 1. des. ár hvert. Reikningsár fóðurbirgðafélaga er fardagaár. Skýrsluár félagsins er frá 1. október til jafnlengdar næsta ár.

61. gr.

Fóðurbirgðafélagi stýrir þriggja manna stjórn. Tveir þeirra eru kosnir eftir sömu reglum og sveitarstjórnir, en einn þeirra tilnefnir hlutaðeigandi hreppsnefnd.

Stjórn félagsins sér um allar fjárreiður félagsins og framkvæmdir, og eru skuldbindingar hennar bindandi fyrir félagið.

62. gr.

Nú er tryggingarsjóður fóðurbirgðafélagsins orðinn svo stór, að hann nemur 150 kr. fyrir hvern félagsmann, og er þá félaginu rétt með aðalfundarsamþykkt, að létta af iðgjöldum þeim, sem ræðir um í 58. gr. tölul. 2. Þó þarf samþykki atvinnumálaráðherra til þess.

63. gr.

Þau sveitar- eða bæjarfélög, sem koma á hjá sér fóðurbirgðafélagsskap, samkvæmt lögum þessum, skulu undanþegin ákvæðum laga um forðagæzlu, frá 10. nóv. 1913, meðan félagsskapurinn starfar, og er viðurkenndur af atvinnumálaráðherra.

64. gr.

Fyrir brot gegn samþykkt má í henni ákveða sektir allt að 200 krónum, er renna í sjóð þess fóðurbirgðafélags, sem samþykktin er gerð fyrir.

Atvinnumálaráðuneytið getur, ef þurfa þykir, sett nánari reglur um fóðurbirgðafélög og má ákveða sömu sektir og segir í næstu málsgrein á undan fyrir brot gegn þeim og renni þær í sjóð þess fóðurbirgðafélags þar sem brotið er framið.

V. KAFLI.

Um búfjártryggingarsjóð Íslands.

65. gr.

Búfjártryggingarsjóður Íslands, stofnaður með lögum nr. 28, 7. maí 1928, skal taka að sér vátryggingu á kúm, kynbótanautum, kynbótahestum, hrútum og öðru því búfé, sem lög þessi heimila, og sem skylduábyrgð hvílir á samkvæmt þessum kafla. Skal ríkissjóður hafa lagt sjóðnum til 45.000 krónur fyrir árslok 1931 og síðan 15.000 kr. á ári í 17 ár, þannig að tillag ríkissjóðs verði alls 300.000 krónur. Um vátrygginguna fer að öðru leyti eftir fyrirmælum þessa kafla og nánari ákvæðum reglugerðar, sem atvinnumálaráðherra setur, en

hann hefir yfirstjórn þeirra mála, sem undir lög þessi falla, og úrskurðar ágreining, er út af þeim kann að rísa, nema um dómsmál sé að ræða.

66. gr.

Sérhvert sveitar- og bæjarfélag á Íslandi, sem hefir á lögmætum fundi skv. 72. gr. samþykkt að leita vátryggingar hjá Búfjártryggingarsjóði Íslands, á rétt á að fá vátryggingu hjá sjóðnum, að því tilskildu, að skylduábyrgð hvíli á öllum þeim gripum, sem um getur í 65. gr., allra búfjáreigenda í því sveitar- eða bæjarfélagi. Þó tekur Búfjártryggingarsjóður Íslands ekki til starfa fyrr en atvinnumálaráðherra hefir borizt slík beiðni um vátryggingu frá að minnsta kosti 10 sveitarfélögum.

67. gr.

Búfjártryggingarsjóður bætir ⅓ hluta alls þess skaða, er eigendur eða afnotahafar vátryggðra gripa verða fyrir, af hverskonar vanhöldum gripanna, ef ekki er um að kenna fóðurskorti, hirðuleysi eða handvömm hlutaðeiganda, þjóna þeirra eða nánustu erfingja, að áliti virðingarmanna sjóðsins.

Til vanhalda teljast dauðsföll gripa af sjúkdómum og slysum, svo og vanheimtur og afurða og afnotamissir sakir veikinda og eðlisgalla (t. d. ófrjósemi kynbótadýra), eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

68. gr.

Aldrei má hafa í vátryggingu eldri gripi en hér segir: Hrúta 6 vetra, kynbótanaut 12 vetra, kýr 15 vetra og stóðhesta 18 vetra.

Lambhrúta má eigi taka í vátryggingu fyrr en liðnir eru 8 dagar frá bólusetningu. Svo getur og stjórn vátryggingarsjóðsins krafizt þess, að vátryggðir hrútar skuli bólusettir veturgamlir og eldri, en ekki er heimilt að sjóðurinn bæti skaðann, þótt hrútur farist af bólusetningu, nema stjórn sjóðsins hafi fyrirfram viðurkennt þann, er bólusetur. Vátrygging á kynbótahestum nær til slysa af geldingu, þó því að eins, að dýralæknir, eða annar maður, er stjórn sjóðsins hefir viðurkennt, geldi.

69. gr.

Vátryggingarskylda hvílir á öllum eigendum þeirra gripa, sem taldir eru í 65. gr., þegar samþykkt hefir verið á löglegan hátt að leita vátryggingar hjá Búfjártryggingarsjóði Íslands, sbr. 72. gr.

70. gr.

Takast má vátryggingarsjóður á hendur almenna vátryggingu sauðfjár og hrossa í þeim sveitar og bæjarfélögum, þar sem fóðurtrygging er í góðu lagi að áliti Búnaðarfélags Íslands. Leita skal þó samþykkis ráðherra um þetta í hverju einstöku tilfelli.

71. gr.

Hvergi má vátryggja annarsstaðar þann ⅓ hluta af virðingarverði vátryggðra gripa, sem ekki er vátryggður samkvæmt lögum þessum.

72. gr.

Húsráðendur í sveitum og aðrir búfjáreigendur, er atkvæðisrétt eiga í sveitarmálum og eigendur vátryggingarskyldra gripa í bæjarfélögum og kauptúnum, sem eru hreppar út af fyrir sig, geta á lögmætum fundi samþykkt að leita vátryggingar hjá Búfjártryggingarsjóði Íslands á öllum þeim gripum allra búfjáreigenda hreppsins, sem sjóðurinn tekur að sér vátryggingu á skv. 65. gr.

Meiri hluti atkvæða allra þeirra, er um ræðir í málsgrein þessarar greinar, ræður úrslitum, og hafa þeir allir jafnan atkvæðisrétt, án tillits til gripaeignar. Þó hafa formenn kynbótafélaga sjálfstæðan atkvæðisrétt fyrir kynbótagripi félaga þeirra, sem þeir eru formenn fyrir.

Fundur er lögmætur í sveitum, þá er hreppsnefnd boðar hann öllum hlutaðeigendum með skriflegu fundarboði og eigi minna en tveggja vikna fyrirvara, en í bæjum eða kauptúnahreppum, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd boðar hann öllum eigendum vátryggingarskyldra gripa, með fundarboði í blaði, auglýsingu á fjölförnum stað í bænum eða kauptúninu, eða með umburðarbréfi, og með viku fyrirvara. Jafnan skal taka fram í fundarboðinu, um hver mál atkvæðagreiðsla skuli fram fara.

Nú er samþykkt á lögmætum fundi að leita vátryggingar hjá Búfjártryggingarsjóði Íslands, eftir því sem fyrr var sagt, og skal þá sveitar- eða bæjarstjórn tafarlaust tilkynna það atvinnumálaráðuneytinu, en það gerir svo fljótt sem verða má allar þær ráðstafanir, sem það nauðsynlegar eða reglugerð ákveður, til þess að vátryggingin gangi í gildi.

73. gr.

Sveitarstjórnir í hreppum, en bæjarstjórnir í bæjarfélögum, ábyrgist gagnvart Búfjártryggingarsjóði Íslands öll iðgjöld og aukaiðgjöld, sem búfjáreigendum hreppsins ber að greiða. Öll gjöld til sjóðsins innheimtir hann með öðrum sveitargjöldum og má heimta þau með lögtaki.

74. gr.

Nú hefir Búfjártryggingarsjóður Íslands tekið að sér vátryggingu fyrir sveitar- eða bæjarfélag og skal þá sýslumaður eða lögreglustjóri nefna virðingarmenn, 2 eða fleiri, fyrir sjóðinn í samráði við hreppsnefnd eða bæjarstjórn, og einn varamann fyrir hverja tvo aðalvirðingarmenn, til þess að virða gripi til vátryggingar og skaðabóta samkvæmt lögum þessum og nánari ákvæðum reglugerðar.

Heimilt er þó stjórn sjóðsins að ákveða, fyrir eitt ár í senn jafnaðarverð til skaðabóta á hverri tegund búfjár í hreppnum, án þess að sérstakt mat fari fram. Má það verð ekki vera hærra en það, sem telja má sannvirði á meðalgrip. Vilji vátryggjandi eigi hlíta því meðalverði, sem þannig er sett, getur hann á sinn kostnað látið virðingarmenn meta gripi sína og vátryggt þá samkvæmt því mati.

Verði ágreiningur milli virðingarmanna og vátryggjenda, sker stjórn sjóðsins úr, en áfrýja má þeim úrskurði til atvinnumálaráðherra.

75. gr.

Allar virðingargerðir rita virðingarmenn inn í sérstaka bók, er ráðherra lætur gera og leggur til, en sveitar- eða bæjarstjórn varðveitir, og sendir hún ráðherra afrit af öllum virðingargerðum og skaðabótavirðingum á þar til gerð eyðublöð, svo oft sem ráðherra ákveður og eftir þeim reglum sem ráðherra setur.

76. gr.

Iðgjaldið hvílir á hinum vátryggðu gripum og greiðist af eigendum þeirra. Eigandi telst í þessu sambandi hver sá, er vátryggingarskylda gripi hefir undir höndum, hvort sem þeir eru eign hans eða leigugripir, eða þeir eru í hans umsjá sem formanns í félagi, er gripina á eða hefir á leigu.

77. gr.

Nú eru gripir, sem vátryggðir eru samkvæmt lögum þessum, veðsettir og nær þá veðrétturinn einnig til vátryggingarfjárins. Fyrirgeri veðsetjandi rétti sínum til skaðabóta, hefir veðhafi eigi að síður rétt til skaðabótanna, að svo miklu leyti sem þarf til lúkningar veðskuldinni, ef annað veð eða eignir veðsetjanda hafa eigi hrokkið til.

78. gr.

Iðgjöld til vátryggingarsjóðs ákveður atvinnumálaráðuneytið með reglugerð eða auglýsingu, og skal þá leggja til grundvallar vanhaldaskýrslur þær, sem um getur í 79. gr., þegar þær eru fengnar, en að öðrum kosti þær beztu upplýsingar um vanhöld, sem ráðuneytið getur aflað sér á annan hátt. Heimilt er ráðuneytinu jafnan að breyta iðgjöldum, þegar því þykir ástæða til, svo að þau séu í sem beztu samræmi við eðlileg eða venjuleg vanhöld, en tilkynna skal það breytinguna eigi síðar en 3 mánuðum áður en ákveða skal iðgjöld eftir henni.

79. gr.

Til leiðbeiningar um réttlátan og hæfilegan mælikvarða fyrir iðgjaldagreiðslum leggur atvinnumálaráðuneytið fyrir lögreglusjóra landsins að safna skýrslum um vanhöld á búpeningi, í því formi, sem það ákveður.

80. gr.

Atvinnumálaráðherra annast stofnun, stjórn og framkvæmdir Búfjártryggingarsjóðs Íslands og lætur ávaxta fé hans á tryggilegan hátt. Þegar honum þykir nauðsyn bera til getur hann falið einum manni eða fleirum stjórn sjóðsins á hendur, gegn endurgjaldi af sjóðnum, er hann ákveður.

81. gr.

Nú verða vanhöld svo mikil á gripum, sem vátryggðir eru í sjóði þessum, að hann hrekkur ekki til, og skal þá ríkissjóður lána vaxtalaust það, sem á skortir, og endurborgast það eftir því sem tekjur sjóðsins vinnast til. En fari svo, að lán þetta nemi meiru en 25 þúsund krónum, skal leggja á alla eigendur gripa sem vátryggðir eru hjá sjóðnum ,aukagjöld, í réttu hlutfalli við

hið fasta iðgjald þeirra ár hvert, svo sem þörf krefur, til þess að sá hluti lánsins, sem umfram er 25 þúsund krónur, greiðist ríkissjóði að fullu á eigi lengri tíma en 10 árum.

Eigi getur sveitar- eða bæjarfélag sagt upp vátryggingu sinni hjá sjóðnum meðan ógoldin eru aukaiðgjöld eða hluti þeirra.

82. gr.

Nú eru atvinnumálaráðuneytinu færðar líkur fyrir því, að of há sé vátryggingarvirðing á gripum í einu eða fleiri sveitar- eða bæjarfélögum, sem stofnuð eru samkvæmt lögum þessum, og er því þá heimilt að skipa fyrir um endurvirðing í þeim félögum. Lækki þá virðing til jafnaðar, greiðist kostnaður við endurvirðingu úr hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarsjóði, en að öðrum kosti greiðist kostnaðurinn úr Búfjártryggingarsjóði Íslands.

83. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur reglur um nánara fyrirkomulag á Búfjártryggingarsjóði Íslands. Skal þar meðal annars segja fyrir um flokkun vátryggðra gripa eftir vanhaldahættu og ákveða upphæð iðgjalda fyrir hvern flokk, og skulu þau vera ⅕ hluta hærri en áætluð venjuleg vanhöld. Reglugerð þessa og tilkynningar um breytingar á iðgjöldum, sbr. 78., 79. og 81. gr. skal senda öllum sveitar- og bæjarfélögum á landinu.

84. gr.

Í reglugerðinni skal gefa leiðbeiningar um, hvernig meta skal skaða af vanhöldum, og ákveða nánar, hvað telst til vanhalda, sem skylt er að bæta. Eru reglur þær og leiðbeiningar bindandi fyrir alla vátryggjendur. Síðan lætur atvinnumálaráðuneytið prenta eyðublöð fyrir vátryggingarskírteini handa öllum vátryggjendum, og séu þar á prentuð vátryggingarskilyrðin og þau ákvæði laganna, sem einkum varða hvern vátryggjanda.

Ábyrgð vátryggingarsjóðs byrjar, þá er vátryggjandi hefir í hendur fengið vátryggingarskírteini eða greiðsluskírteini fyrir iðgjaldi.

Ennfremur lætur ráðuneytið prenta önnur nauðsynleg eyðublöð fyrir Búfjártryggingarsjóð Íslands, svo og fyrir vanhaldaskýrslur lögreglustjóranna.

85. gr.

Virðingarbækur og gerðabækur lætur ráðuneytið búa til ag fá sveitar- og bæjarstjórnir þær ókeypis. Bækurnar eru eign ríkisins og skulu sendar Landsskjalasafninu, þá er þær eru fullskrifaðar fyrir nokkru og nýjar bækur komnar í stað hinna eldri, eftir því sem atvinnmálaráðuneytið nánar ákveður.

Vanskil á bókum varða sektum, allt að 100 krónum, er renna í Búfjártryggingarsjóð Íslands.

86. gr.

Vanhaldaskýrslur skal prenta á kostnað ríkissjóðs, en aðrar skýrslur, skírteini og bækur á kostnað Búfjártryggingarsjóðs Íslands.

87. gr.

Brot vátryggjanda og vanræksla á ákvæðum þessa kafla og reglum þeim og skilyrðum, sem sett eru samkvæmt honum, verða missi skaðabótaréttar eftir málavöxtum, svo sem reglugerð tiltekur nánar. Svo má og í reglugerð ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum hennar, 5—200 kr., er renna í sjóð þann, sem brotið er við.

VI. KAFLI.

Almenn ákvæði.

88. gr.

Halda skal sýslusýningar 10. hvert ár, þegar sýslunefnd óskar þess og má þar sýna helztu tegundir búfjár, svo sem sauðfé, nautgripi, hross, geitfé og hænsn. Skal þá skipta landinu í 10 umdæmi og sýningar haldnar í þeim til til skiptis.

Styrkja skal sýningar þessar að ¾ hlutum úr ríkissjóði, en að ¼ úr viðkomandi sýslusjóði, er hvorttveggja gangi til gripaverðlauna. Auk þess styrks, er sýslusjóður veitir til gripaverðlauna, ber sýslunefnd að annast um allan undirbúning sýningarsvæðisins. Búnaðarfélag Íslands setur reglur um tilhögun sýslusýninga, er atvinnumálaráðuneytið staðfestir.

89. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum, skal fara sem almenn lögreglumál.

90. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 24, 22. nóv. 1918; lög nr. 19, 15. júní 1926; lög nr. 29, 14. júní 1929; lög nr. 28, 7. maí 1928 og lög nr. 42, 28. nóv. 1919 um samþykktir eftirlits- og fóðurbirgðafélaga, sem og öll önnur ákvæði er koma í bág við lög þessi.

91. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1932.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Bændur þessa lands lifa á því að láta búfé sitt umsetja fóðrið, sem það fær í afurðir, sem sumpart eru notaðar í heimilunum, sumpart seldar. Afkoma bændanna er undir því komin, hve ódýrt þeir geta aflað fóðurs, hve hagkvæmt skepnurnar geta breytt því í afurðir, hvaða verð fæst fyrir þær afurðir, hve mikið þeir þurfi að kaupa, og með hvaða verði, til að fullnægja

þeim lífsþörfum, sem ekki verður fullnægt með því sem heima er framleitt, og hve hagsýnir þeir eru í vinnu og vinnustjórn.

Sé á varanlegan hátt hægt að hafa áhrif á eitthvert af framantöldum atriðum, svo afkoman verði betri, þá er það þjóðarhagur, og að því ber vitanlega að keppa að bæta möguleikana í þá átt.

Hið opinbera hefir um langt skeið stutt að því að heyöflun yrði ódýrari, en af alhug er fyrst unnið að því með jarðræktarlögunum.

Árangur hefir þá líka náðst. Til muna færra fólk en áður vann að heyskap, heyjar nú á ári hverju meira en áður var gert. Eftir því sem næst verður komizt munar þetta um fjórða hluta frá því sem var fyrir 15 árum. (Athugunin byggð á því, sem 150 bændur hafa gefið upp um þetta efni).

Með ríkissjóðsstyrknum til túnbótanna hefir því náðst verulegur árangangur, og aðstaðan fyrir næstu kynslóð er hún tekur við af þeirri, sem nú er uppi, er ólíkt betri en var fyrir núverandi kynslóð, er hún byrjaði verulega á umbótunum.

En þó þarna sé fengin mikilsverð framför, þá vantar hitt jafnframt, að hugsað sé um að bæta búféð, svo það umsetji fóðrið í sem mestar og beztar afurðir. Þetta verður að fylgja með auknu ræktuninni ef vel á að fara, annars næst ekki verulegur árangur.

Fyrir því þarf Alþingi að fara að stuðla að því að hafizt verði handa, og af alhug unnið að kynbótum búfjársins. Með starfsemi Búnaðarfélags Íslands má að vísu segja að nokkuð hafi verið unnið á þessu sviði fyrir opinbert fé, en með lagafrumvarpi því, er hér liggur fyrir er málinu gefið fastara form, og það ákveðið, að svo framarlega sem starfið sé rekið svo, að vænta megi árangurs af, þá sé því að lögum tryggður styrkur.

Allir vita hver vágestur fóðurbrestur hefir verið þessari þjóð. Mann- og skepnufellir hefir endurtekið sig of oft í sögu landsins. Að vísu má deila um það hvort fóðurbrestur hafi eins oft verið orsök fellis og annálar telja, en að hann hafi verið það oft, og oftast átt meiri eða minni þátt í fellum, verður varla deilt um.

Enn getur komið fóðurskortur. Og fari hann saman við ísár, getur enn komið fellir, að minnsta kosti á skepnum. Til að gera þeim sveitarfélögum mögulegt að tryggja sig gegn fóðurskorti og felli, sem það vilja, og þess þurfa, er í frumvarpið tekinn kafli um fóðurbirgðafélög.

Með bættu búfé fylgir hærra verð, meiri höfuðstóll, er stendur í búfénu. Sérstaklega gildir þetta um kynbótaskepnur. Fyrir því má ætla að menn vilji líftryggja þær. Auk kynbótaskepnanna er gert ráð fyrir að tryggja megi í framtíðinni allt búfé.

Að vísu er þetta tryggingamál erfitt viðfangs, og varla enn nægilega undirbúið, en þó þykir ekki rétt að gera það viðskila við lög, er fjalla um kynbætur búfjársins, enda í lögunum sjálfum gert ráð fyrir að reglugerð komi síðar, eftir að málið hefir fengizt nægilega upplýst.

Þá er búfjárræktin fyrst komin allvel í lag, er unnið er af alhug að kyn-

bótum, verðmætustu skepnurnar tryggðar gegn vanhöldum og allar skepnurnar tryggðar gegn fóðurskorti.

Um einstaka kafla skal þetta sagt:

UM I. KAFLA.

Árið 1928 samþykkti Alþingi lög um kynbætur nautgripa. Jafnframt voru eldri lög um sama efni frá 1905 numin úr gildi. Óbeint hefir Alþingi styrkt kynbætur nautgripa þar sem það hefir styrkt Búnaðarfélag Íslands, og nokkur hluti af þeim styrk runnið til nautgriparæktarinnar. Alþingi hefir því þegar viðurkennt að því beri að styrkja kynbætur nautgripa. Þess vegna þarf ekki að benda á nauðsyn þess máls. Fyrsti kafli þessa frumvarps sníður kynbótastarfi nautgripanna fastara form en verið hefir. Jafnframt er það fært í þann farveg, sem bezt hefir gefizt öðrum þjóðum, og sem í ýmsum greinum, sem reyndar hafa verið, hefir líka gefizt vel hér á landi.

Jafnframt því, sem reynt er með frumvarpi þessu að leggja traustan grundvöll undir framtíðarstarfið, þá er lögunum um kynbætur nautgripa frá 1928 breytt eftir því, sem reynslan hefir sýnt að nauðsynlegt er.

UM II. KAFLA.

Um hrossaræktina er sama að segja, að Alþingi hefir þegar með styrk sínum til Búnaðarfélags Íslands viðurkennt það að kynbætur hesta beri að styrkja.

Margir líta nú hin síðari ár svo á, að lítið beri að gera fyrir hrossaræktina. Hrossin séu að detta úr sögunni. En þetta er megn misskilningur. Að vísu verður því ekki neitað að hrossin eiga að fækka, en jafnframt því þarf að leggja áherzlu á að þau verði góð notkunarhross. Því þó vélarnar og vélavinnan sé sjálfsögð þar sem hún á við, þá er hestavinnan jafn sjálfsögð þar sem hún hentar betur. Og líklega verður sú reyndin á að því að eins gengur nýræktin vel og fljótt, að véla- og hrossavinnan haldist í hendur. Þess vegna skiptir það nokkru máli, að fá upp duglega hrossastofna og útbreiða þá. Kynbótastarfinu í hrossaræktinni er hér settur rammi til að starfa eftir. Jafnframt er eldri lögum um sama efni lítillega breytt eftir því sem reynslan hefir sýnt að nauðsynlegt er.

UM III. KAFLA.

Engin ákvæði hafa verið í lögum fyr um sauðfjárræktina, er svipi til þeirra, er í frumvarpi þessu felast. Þetta er því undarlegra, sem þar er um höfuðatvinnuveg bænda landsins að ræða. Á þessu er reynt að ráða bót með þessu frumvarpi. Með vissu um það að það hefði einna mesta þýðingu að hægt væri að bæta sauðfjárkynið, voru tekin upp í frumvarpið ýms ákvæði, er miðuðu að þessu og tryggðu þeim, er að þessu ynnu, opinberan styrk, þegar kynbótastarfið væri rekið með von um árangur. Það þarf ekki að benda á það hér að að mjög miklu skiptir að sauðfé sé arðsamt, og að það ber að styrkja viðleitni í þá átt að gera það arðsamara. En til þess að þetta verði mönnum enn ljósara skal það nefnt sem dæmi, að 8 ær, sem alla sína æfi lifðu við sömu lífskjör í sama húsi og landi á sama bæ reyndust svo:

	Aldur ánna varð	Meðalþungi lifandi lamba á ári kg.	Ærnar léttust yfir veturinn að meðaltali kg.	Hve oft tvílembd á æfinni.
Nr. 1	8 ár	46,3	3	0
— 2	7 —	48,7	1,3	0
— 3	5 —	47,4	4,2	0
— 4	9 —	67,3	4,1	4
— 5	5 —	42,3	3,0	0
— 6	9 —	62,0	2,7	4
— 7	6 —	52,0	3,0	1
— 8	6 —	57,7	2,9	1

Munurinn á arðsemi þessara áa þarf ekki útskýringar við. Og hver aðstöðumunur það er fyrir bóndann, sem á 100 ær, að eiga þær allar eins og þá beztu, samanborið við ær eins og þær eru yfirleitt, er ljóst. Og að það beri að styrkja og tryggja þeirri starfsemi tilverurétt sem að því vinnur er ómótmælanlegt. Þetta er reynt að gera með ákvæðum III. kafla.

UM IV. KAFLA.

Alla stund síðan Ísland byggðist, hafa hallæri vofað yfir landsmönnum, sem lamandi ógn. Þau hafa komið með svo stuttum milliblium, og oft í löngum lotum, að aldrei er vitað hvenær næsta hallæri kemur, hvort sem langt er eða skammt síðan hinu síðasta létti. — Hefir þetta lengstum gengið svo, að bændur hafa lagt sig fram um að fjölga búfé sínu, þá er vel lét í ári, en fellt það að meira eða minna leyti í hallærunum.

Nokkrar tilraunir hefir löggjafarvaldið gert í þá átt, að knýja bændur til aukinnar fyrirhyggju, en ekki virðast þær hafa borið tilætlaðan árangur, og þar sem tilraunir hafa nú staðið yfir í fullar tvær aldir, þá virðist fullreynt um þessa leið.

Hin leiðin, sem reynd hefir verið, er að fá bændur til að bindast frjálsum samtökum, til þess, á hverjum tíma, að vera búnir undir illt árferði. Byggjast þessar tilraunir einkum á því, að þá ráða framsýnustu menn hverrar sveitar fyrir þeim, sem skammsýnir eru, afstýra vandræðum þeirra jafnframt því, sem þeir sjá sér sjálfum farborða. Gera þeir þá hinum vanmáttugu mikinn greiða, án þess að líða nokkurn skaða við það sjálfir. Sannast þá oft að „hægra er að styðja en reisa“. — Hefir þessi leið verið nokkuð reynd, þó ekki til hlítar, og gefur sú reynsla vonir um góðan árangur.

Undirstaða búfjárræktarinnar er fyrst og fremst nægilegt fóður handa öllum gripum. — Ekki eru nema 11 ár síðan fellir vofði yfir hér á landi. Flestir bændur landsins fóðruðu þá mikið með erlendu kjarnfóðri síðari hluta vetrar og sumir svo mjög, að skepnur átu upp verðmæti sitt í aðkeyptu fóðri. Ef hafís hefði fylgt þessum harðindum, svo að siglingaleiðir kringum landið hefðu lokast, hefði fjöldi búfjár hlotið að falla í öllum þeim héruðum, sem gátu ekki flutt að sér fóður. Það virðist því auðsætt mál, að þegar samin eru lög um búfjárrækt á Íslandi, þá verði í þeim að vera ákvæði um tryggingu gegn

fóðurskorti og það skemmsta sem hægt er að ganga, er að það séu heimildarlög, í þeirri von að búfjáreigendur noti sér heimildina.

Í trausti þess eru þessi ákvæði frumvarpsins samin.

Um V. KAFLA.

Það gengur yfir öld trygginga og samstarfs. Gamla orðtækið „hver er sjálfum sér nógur“ er tæpast talið rétt, enda þótt hver og einn ætti að keppa að því eftir mætti. Eftir því sem skepnur landsmanna batna þegar farið verður af alhug að vinna eftir lögum þessum, eftir því eykst verðmæti þeirra. Þess vegna er með þessum kafla gert ráð fyrir því að menn í náinni framtíð geti vátryggt búfé sitt og þá sérstaklega það sem verðmætast er, kynbóta karldýr og nautgripi.

Þó frumvarp þetta verði samþykkt á þessu þingi þarf ekki að gera ráð fyrir, að þessi kafli þess komi til framkvæmda fyrr en farið hefir fram rannsókn, sem hægt sé að byggja á hæð iðgjalda.

Um hinar einstöku greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Sbr. 1. gr. í lögum um kynbætur nautgripa frá 1928. Breytingin er ekki önnur en aldurstakmark nauta, sem mega ganga laus er fært niður í 5 mánuði. Á þeim aldri eru vel alin naut orðin kynþroska, og því verður að hafa aldurtakmarkið í samræmi við það, ef að gagni á að koma.

Um 2. gr.

Sbr. 2. gr. í lögum um kynbætur nautgripa frá 1928. Hér eru bæjarfélögum ætlað að hafa kynbótanefndir alveg eins og hreppum. Þetta var ekki í eldri lögunum. Þá er það skýrt tekið fram að starf nautgripakynbótanefndar falli niður þegar nautgriparæktarfélag hafi verið stofnað í hreppnum. Þetta var ekki áður, og varð af því ágreiningur.

Um 3. gr.

Sbr. 3. gr. í lögum frá 1928. Hér er lögð ríkari áhersla á að nautin séu valin strax að vorinu, og hreppsbúum tilkynnt hver þau séu. Þetta stendur líka í sambandi við að ákvæði þau, sem nú eru í 6. gr. laganna frá 1928 eru látin falla niður. Sbr. athugasemd við 6. gr.

Um 4. gr.

Sumstaðar hagar svo til að naut eru höfð laus á afréttum að sumrinu, og þykir ekki rétt að banna það, enda hefir því banni í núgildandi lögum ekki verið fylgt. Á hinn bóginn verður sá, er því ræður að vera ábyrgur, ef skaði hlýzt af.

Um 5. gr.

Sbr. 5. gr. í lögunum frá 1928 svo og 1. gr. í frumvarpi þessu.

Um 6. gr.

Sbr. 5. gr. laga um kynbætur nautgripa frá 1928.

Um 7. gr.

Sbr. 6. gr. laga um kynbætur nautgripa frá 1928. Hér er þó um nokkrar breytingar að ræða. Nú ber að jafna kostnaðinum af kynbótastarfinu niður á alla kálfa sem fæðast, en eftir frumvarpinu á allar kýr, sem leiddar eru undir naut. Haldi kýrin ekki, ber einungis að greiða hálfan toll (áður engan). Sú viðbót, er hér sett við lögin frá 1928, að kynbótanefnd má heimta nautatollana inn í heyi ef meiri hluti kýreiganda er með því.

Um 8. og 9. gr.

Sbr. 8. gr. laga um kynbætur nautgripa frá 1928. Þurfa ekki skýringar við.

Um 10. gr.

Greinin gerir ráð fyrir að minnst 10 bændur þurfi til að geta myndað nautgriparæktarfélag nema ef um svo litla hreppa er að ræða að bændur séu færri en svo, þá sé það meirihluti þeirra, sem geti myndað félag.

Um 11. gr.

Greinin ákveður að nautgriparæktarfélög geti fengið ársstyrk til starfsins líkt og þau nú fá frá Búnaðarfélagi Íslands. Síðastliðin 6 ár hefir styrkurinn til félaganna orðið:

1924	.....	2758 kr.
1925	.....	3103 —
1926	.....	3758 —
1927	.....	3702 —
1928	.....	3842 —
1929	.....	5269 —

Styrkurinn vex vitanlega eftir því sem félögin fjölga, og gæti orðið um 50.000 kr. mestur, ef allir kýreigendur landsins væru í félögum. Að svo verði er fremur ólíklegt, því svo er ekki enn í neinu landi, og er þó í öllum nágrannalöndunm veittur styrkur til félaganna og hann ekki óríflegri en hér er farið fram á.

Um 12. gr.

Gert er ráð fyrir að nautgriparæktarfélögin fái styrk til nautahalds líkt og er í Noregi. Hér er miðað við tveggja ára gömul naut, og naut sem hafa hlotið fyrstu eða önnur verðlaun. Fyrstu verðlaunanaut eru sem stendur engin til í landinu en um 50 hafa fengið, eða mundu fá önnur verðlaun. Hér er því ekki um stóra upphæð að ræða nú, en hún getur orðið stór, því um 500 naut eru til eldri en tvævetur og alls þarf um 1000 naut handa öllum kúm landsins. En þangað til þau öll verða tvævetur eða eldri og öll hafa hlotið 1. eða 2. verðlaun líður langur tími. Það er því óþarfi nú að reikna hver styrkurinn gæti orðið.

Um 13. gr.

Nautgripasýningar hafa verið haldnar 5. hvert ár í þeim hreppum, sem þeirra hafa óskað. Verðlaun á þeim hafa verið greidd að hálfu af opinberu fé eða frá Búnaðarfélagi Íslands, og auk þess 1. eða 2. verðlaun á naut. Hér er ætlast til að sýningar verði ekki eftirleiðis nema þar sem nautgriparæktarfélög eru starfandi. Þetta byggist á því að önnur þýðing sýninganna er að vekja menn til umhugsunar og skilnings á því að eiga góða gripi. Þetta hefir þegar verið gert með því að sýningar hafa verið haldnar um allt land, og verður að líta svo á að það sé varla réttlætanlegt að halda áfram að kosta slíka vakningarstarfsemi af opinberu fé. Hin þýðing sýninganna er að beina úrvali á kynbótagripunum inn á þær beztu leiðir, sem um er að ræða, en þar þarf bæði að taka tillit til gæða — og þau sjást einungis í félögunum — og góðrar byggingar og hún sést á sýningunum. Þess vegna eru þær nauðsynlegur liður í kynbótastarfinu, þar sem félögin eru, en gagnslitlar annarsstaðar. Nú eru um 30 þúsund nautgripir í landinu. Á 5 árum eða einni umferð þyrfti því 15.000 kr. til verðlauna ef sýningar væru haldnar í öllum hreppum, en þar sem þær eftir frumvarpinu yrðu einungis innan vébanda félagsskaparins yrði upphæðin miklum mun lægri, og færi eftir útbreiðslu hans.

Um 14. gr.

Nautgriparæktarfélögin hafa fengið styrk til að koma upp girðingum um kynbótanautin og er ætlast til að svo verði og framvegis.

Um 15. gr.

Gert er ráð fyrir að ráðunautur eða ráðunautar Búnaðarfélags Íslands mæti á sýningunum og hafi eftirlit með starfi félaganna og kynbótanefndanna, og er það í samræmi við það sem nú er um jarðræktarlögin.

Um 16. og 17. gr.

Þurfa ekki skýringar. Sbr. 9. gr. í lögunum frá 1928.

Um 18. til 39. gr.

Eru í öllum aðalatriðum sniðnar eftir núgildandi lögum og reglugerð um kynbætur hrossa og reglum þeim, er Búnaðarfélag Íslands fylgir nú um styrkveitingar til hrossaræktarinnar.

Áður hefir verið gerð grein fyrir tillögum í þessum efnum, og skal ekki endurtaka þær hér. Dálitlar breytingar fara þessar tillögur að vísu fram á, og miða þær allar að auknum styrk til hrossaræktarinnar, þó er aðalatriðið að fá styrkina lögfesta, svo að bændur eigi þá vísa, og geti byggt á þeim, er þeir ráða ráðum sínum um þessar framkvæmdir.

Skal þá rekja útgjaldaliðina til hrossaræktarinnar, og tilgreina hverju lagt er til að breytt verði.

1. Árlegur styrkur til hrossaræktarfélaga er óbreyttur.
2. Styrkur til að fóðra beztu hestana hefir ekki verið greiddur áður. Yrði þessi styrkur ákveðinn, mundi það styðja mjög að því, að hrossaræktarfé-

lög vönduðu svo til kynbótahesta sinna, að þeir yrðu aðnjótandi þessa styrks. Að sjálfsögðu verður að hækka styrkinn, ef hestur hefir fengið 1. verðlaun fyrir afkvæmi, því þá er rétt að nota hestinn svo lengi sem verða má. Hve þessi styrkur yrði hár í framtíðinni, er ekki unnt að fullyrða. Nú er til í landinu einn stóðhestur er hlotið hefir 1. verðlaun fyrir afkvæmi og 5 stóðhestar, sem hafa hlotið 2. verðlaun.

Eftir hrossaframtali 1928, ættu hrossaræktarfélög ekki að þurfa yfir 70 stóðhesta, þó allir hrossaeigendur væru félagar. Ekki er líklegt að allir kynbótahestar fái nokkru sinni 1. verðlaun eða 2. fyrir afkvæmi, því kröfur til þeirra vaxa að sama skapi og ræktuninni þokar áfram.

3. Styrk til kynbótahestakaupa félaganna er ekki breytt, nema að hér er lagt til, að styrkurinn megi endurtakast á 15 ára fresti, og miðar það að viðhaldi góðra hesta, sem eru notaðir fram í elli.

Til viðhalds 70 hestum kæmu því tæplega 5 á ári. Meðal styrkur á hest áætlaður um 300 krónur, alls 1500 krónur. Er sennilegt, að áður en hrossaræktarfélög ná til allra, sem ala upp hross, verði hrossum fækkað til muna, eða að óræktaða stóðið verði miklu færra.

4. Styrkur til girðinga hefir verið ¼girðingarkostnaðar, þó ekki yfir 300 kr. til hverrar girðingar. Nú er lagt til að styrkurinn verði ⅓ þó ekki yfir 400 kr. Árið 1929 mundi þessi breyting hafa numið 468 krónum.

5. Þá kemur nýr útgjaldaliður, að ríkið kaupi úrvalshesta, þegar sérstök ástæða þykir til að tryggja framtíð þeirra. Bak við þessa tillögu liggur einnig sú hugmynd, að ef ríkið ætti 2—4 úrvalshesta yrðu þeir hafðir til afnota í þeim héruðum, sem enga viðleitni hafa sýnt, að bæta hross sín, og mætti þeim mönnum þá verða sjón sögu ríkari, um þýðingu þessarar viðleitni.

Ekki er auðvelt að áætla hve mikið þetta mundi kosta ríkissjóð, því hendingar ráða að nokkru hve margir hestarnir yrðu, og hvenær keyptir. Ekki er ástæða til að ríkið eigi fleiri en 3—4 hesta, því hvorttveggja er, að lítið er framleitt árlega af úrvals stóðhestum og eftirspurnin nokkur. Loks má geta til, að ef ríkið fengi úrvals kynbótahesti fóður og hirðingu í því héraði, sem ekkert hefði aðhafst til umbóta hrossunum, þá ætti héraðsbúum að vera augljós áhrif hestsins, og mundi þá hrossaræktarfélag verða til að kaupa hann, svo að hann yrði ekki fluttur í burtu.

Líklega mundi góður graðhestur kosta um 1000 krónur, og ársmeðgjöf með honum verða um 300 kr. Ætti hann þá að vinna inn með tollum, sem svarar fóðri og hirðingu, þó tollar væru lágir, t.d. 5 kr.

6. Styrkur til héraðssýninganna hefir verið um 7 aurar fyrir hvert framtalið hross, nema þar sem hross eru mjög fá, þá hefir styrkurinn verið aukinn nokkuð, en nú er lagt til að hann verði 10 aurar á hross, og fækkar þá þeim héruðum, sem þurfa viðbót við þenna venjulega styrk, til þess að hann nemi ekki minna en 100 kr. á sýningu.

Síðastliðin 3 ár hefir Búnaðarfélag Íslands varið til héraðssýninga á hrossum alls 3373 kr. en eftir því sem hér er lagt til, yrði það í sömu héruðum 4640 kr. Er þá hækkunin 1267 krónur.

Tilhögun um afkvæmasýningar er lagt til að verði óbreytt. Þó er hér sú viðbót í lögunum, að hver hestur megi keppa tvisvar á æfinni um verðlaun fyrir afkvæmi. Þetta atriði hefir ekki enn verið afráðið af Búnaðarfélagi Íslands, en verður að afráðast fyrir 1933, því þá verða sennilegt 3 hestar, sem keppa um þessi verðlaun í annað sinn.

Til þess að upplýsa betur hvaða aukin útgjöld breytingarnar hefðu í för með sér, ef þær yrðu að lögum, er hér settur samanburður við árið 1929.

	Útgjöld Búnaðarfél. Ísl.	Tillaga frumvarpsins
1. Árlegur styrkur til hrossaræktarfélaga	kr. 2556.00	kr. 2556.00
2. Fóðurstyrkur til beztu hestanna	— „	— 350.00
3. Styrkur til stóðhestakaupa	— 1415.00	— 1415.00
4. Styrkur til kynbótagirðinga	— 1404.00	— 1872.00
5. Til héraðssýninga	— 1260.00	— 1360.00
6. Til uppbótar I. verðlaunum stóðhesta	— 350.00	— 350.00
7. Til afkvæmasýninga	— „	— „
Mismunur	— 918.00	
Alls	Kr. 7903.00	Kr. 7903.00

Síðastliðið ár bættust 3 félög við, svo nú eru 44 starfandi, og hafa til afnota 49 stóðhesta. Nú eru ekki enn komnar skýrslur frá öllum félögunum um starf þeirra 1930, svo ekki var hægt að segja til um kostnað það ár, en eitthvað verður hann meiri en 1929.

Haganlegast væri, að hrossaræktarfélög væru svo stór, að hvert þeirra ætti marga hesta. Þannig yrði stóðhestafjöldanum stillt í hóf, og hver hestur notaður til fulls. Væri svo gott lag á, mætti ætla hverjum hesti 70 hryssur á vori, en meðal frjósemi er um $^{7}\%_{00}$. Eftir folaldaframtali 1928, hefði átt að nægja um 7 stóðhestar á öllu landinu, en það ár eru taldir fram 331. Nú er ekki hægt að komast hjá nokkurum tilkostnaði við stóðhestana. Er það því augljóst, hver hagur hrossaeigendum væri að því, ef unnt væri að fækka stóðhestunum þó ekki væri nema niður í 100.

Ekki er unnt að upplýsa nú, hve þungur baggi hrossaræktin yrði á ríkissjóði, ef allir þeir sem ala upp hross, væru í hrossaræktarfélögum, sem nytu styrks úr ríkissjóði, enda virðist það ekki standa fyrir dyrum, en langt yrði komið að þoka hrossaræktinni í hagkvæmt horf, er ríkissjóður greiddi hennar vegna 20.000 krónur á ári, og virðist það ekki úr hófi, þegar gætt er að nytsemi hestanna fyrir landbúnaðinn.

Um 40. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Um 41. og 42. gr.

Þar er mönnum bannað að láta hrúta sína ganga lausa í fénu frá 1. nóv. að hausti til 1. maí að vorinu. Þar sem hér er um nýmæli að ræða er rétt að

rökstyðja það. Það er víða siður að láta hrútana ganga lausa í fénu allt árið. Þetta er slæm meðferð á hrútunum, og útilokað að þeir sem hana hafa, geti eflt fjárræktina að nokkru settu marki. Bóndinn veit ekkert um ætt lambanna. Val líflambanna verður blint hópúrval, og um nokkrar verulegar umbætur er ekki að ræða. Einstaklingar, sem búa í sveitum, þar sem þessi siður er, geta ekkert gert til kynbóta, því þó þeir vilji, þá geta þeir það ekki fyrir hrútum nágrannanna.

Í sumum sveitum eru menn sem vilja láta gamalær vera geldar að haustinu, til þess að fá þær vænni til frálags. En þeir geta þetta ekki vegna nágrannanna, sem hafa hrútana í ánum, eða sleppa þeim í ærnar eftir fengitíma. Árangurinn verður því oft og einatt sá að þeir fá ærnar sem þeir hleyptu hjá, með sumrungum og hafa því skaða af, en ekki ábata. Hvorttveggja þetta eiga lögin að fyrirbyggja. Þau eiga að gera þeim mönnum, sem vilja hefjast handa og vinna að kynbótum á sínu fé, fært að geta það, en ekki láta þá sem skeytingarlausir eru, gera þeim sem viljann hafa, allt ómögulegt.

Annars eru ákvæði þessi samhljóða og þau ákvæði, sem nú gilda bæði um graðhesta og naut, og virðist ekki síður vanþörf á að hafa þau líka um hrútana en hitt búfé.

Um 43.—46. gr.

Sauðfjárkynbótabú hafa starfað hér öðrum þræði um langt skeið. Margir vitna í að árangur af starfi þeirra sé rýr, og er það mestu leyti rétt. Ein helzta ástæðan til þess að búin hafa ekki sýnt gagn sem vera ber, er að þau hafa ekki starfað nema stutt. Almenningur hefir krafizt árangurs strax, og þegar hann hefir ekki sézt á 3. eða 4. ári hafa mörg búin verið lögð niður. Önnur ástæða er sú að ekkert bú hér hefir til þessa verið rekið eftir raungildum arfgengis grundvallarreglum og fyrirkomulag þeirra til þessa ekki verið þannig, að þess væri hægt að krefjast, að þau héldu þær bækur og gerðu þær athugasemdir, sem úrvalið þarf að byggjast á. Þess vegna sannar fyrri reynsla í þessu efni ekkert. Á hinn bóginn er það eina leiðin til að fá kynhreina góða einstaklinga, að fá með úrvali og ættrækt á búunum upp kynhreina góða stofna. Að því þarf að vinna og að því miða ákvæði þessara greina. Nú eru 5 starfandi bú á landinu, en eftir frumvarpinu geta þau orðið 23 eða eitt í hverri sýslu. Hver útgjöld leiddi af þessu fyrir ríkissjóð fer því allt eftir því hve ört búunum fjölgaði, og þarf ekki að gera ráð fyrir að þau komi í öllum sýslum landsins, fyr en að mörgum árum liðnum, en að hinu leytinu mun þeim vafalaust fjölga nokkuð strax á næstu árum.

Um 47.—49. gr

Gert er ráð fyrir að menn geti myndað með sér félag til að vinna að kynbótum sauðfjárins, og að slík félög geti fengið styrk úr ríkissjóði. Er styrkurinn miðaður við tölu góðra hrúta, og þá aðallega hrúta, sem hafa hlotið fyrstu verðlaun, eða verið mjög góðir annars flokks. Búið er nú að halda sýningar í 14 sýslum landsins á undanförnum 3 árum. Á þær hafa komið 4848 hrútar eða rúmlega 50% af framtöldum hrútum á öllu svæðinu og eru þá

taldir með þeir hreppar, sem engin sýning hefir orðið í. Af þessum hrútum hafa 154 fengið fyrstu verðlaun og líklega eru álíka margir, sem komið gæti til mála að greiða styrk fyrir af annars flokks hrútunum, eða um 300 alls. Að sjálfsögðu yrði félagsskapur, sem myndaðist í þessu augnamiði, og sem styrk fengi, að halda glöggar skýrslur og ættbækur svo greinilega kæmi fram reynsla um hrútana, sem læra mætti af, og fyrir því er gert ráð fyrir að auk þess styrks, sem miðaður væri við tölu hrúta, er félagið notaði, geti orðið að ræða um lítilfjörlegan ársstyrk.

Um 50. gr.

Eftir síðustu ákvörðun Búnaðarþings eru hrútasýningar nú haldnar í hreppum landsins 3. hvert ár. Hér er gert ráð fyrir að þetta verði svo framvegis, og ríkissjóður borgi hálf verðlaun eins og hann hefir óbeint gert undanfarið.

Að ári eiga sýningarnar t. d. að vera í Gullbringu- og Kjósarsýslum, Snæfellsness- og Hnappadalssýslum, Dala-, Barðastranda-, Ísafjarðar- og Strandasýslum. Framtalið fé þar er um 150 þúsund, og yrði því styrkur til sýninganna, ef þær væru alstaðar þegnar, um 3000 kr.

1932 eiga þær að vera í Húnavatns-, N.-Þingeyja-, Múla-, A.-Skaftafells- og Mýra- og Borgarfjarðarsýslum. Framtalið fé þar er um 230 þús. og því yrði styrkur það ár um 4700 kr.

1933 eru þær svo á hinum hluta landsins og þar er talið fram álíka margt fé, og yrði því líka þá um 4700 kr. varið til verðlauna, ef allir óskuðu sýninga.

Um allt nánara fyrirkomulag sýninganna er gert ráð fyrir að settar verði reglur, og þá að nokkru hert á þeim reglum er nú gilda, svo að kröfurnar um góða byggingu og reynslu hrútanna verði meiri en nú er.

Um 51. og 52. gr.

Gert er ráð fyrir því að ríkið efli til samkeppni milli sauðfjárbúa, og veiti þeim verðlaun, er reynast bezt og eiga arðsamast fé. Fyrirmyndin fyrir þessu er í samkeppni milli kúabúa hjá nágranna þjóðunum og hefir það reynst einhver bezta leiðin til að finna beztu búin og fá haldgóða vissu um ýmislegt, sem að rekstrinum laut, og sem aðrir gátu lært af.

Ætlast er til að auglýst verði að mönnum verði gefinn kostur á þátttöku í samkeppninni. Til þess að geta tekið þátt í henni verða þátttakendur að skuldbinda sig til að halda skýrslur eftir fyrirmyndum, er Búnaðarfélag Íslands gæfi út eftir fyrirmyndum Atvinnumálaráðuneytisins. Eftirlit og yfirumsjón með keppendum yrði Búnaðarfélag Íslands að hafa, og til að gera þann kostnað kleifan gæti komið til mála að skipta landinu í samkeppnissvæði, og hafa samkeppnina hvert árið í sínum hluta.

Það sem vinnast ætti við samkeppnina er fyrst og fremst fróðleikur. Það sæist af skýrslunum af hverju arðsemin væri meiri hjá einu búinu en öðru og er líklegt að þar fengist reynsla, sem menn gætu haft gagn af. En auk þess ætti samkeppnin að sýna hver af keppendum ætti bezt fé, og þar

sem ætla má að ekki taki þátt í henni aðrir en þeir, sem eiga féð bezt, ættu fjárbestu heimilin að finnast.

Um 53. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Um 54. gr.

Heimilar sveitar- og bæjarfélögum að stofna fóðurbirgðafélög. Takmörk þeirra þurfa að vera takmörk hlutaðeigandi hrepps, af því að hver hreppur hefir margar fjárreiðar sameiginlegar, og hreppsfélaginu er ætlað að ábyrgjast lán fyrir félgið, ef með þarf, sbr. 59. gr.

Um 55. gr.

Ákveður verksvið fóðurbirgðafélaganna. Fyrra atriðið, fóðurtryggingarnar, þarf ekki að skýra. Um síðara atriðið skal það tekið fram, að félagsmönnum er ætlað að halda fóður- og afurðaskýrslur fyrir búfé sitt. Má með reglugerð ákveða um fyrirkomulag þeirra og framkvæmd. — Þar sem eftirlits- og fóðurbirgðafélög hafa starfað um nokkur ár, kemur það glöggt fram, að þær athuganir eru gagnlegar, því þær sýna bændum, að ill fóðrun er svo mikil óhagsýni, að enginn sem þekkir það af eigin reynslu bakar sér vísvitandi það tjón.

Um 56. gr.

Þarf ekki skýringa.

Um 57. gr.

Mælir fyrir um styrk úr ríkissjóði til fóðurbirgðafélaga, sem stofnuð yrðu með heimild laganna. Styrkurinn er hinn sami, og slík félög hafa notið undanfarin ár, frá Búnaðarfélagi Íslands, og miðast við, að hann nægi til að greiða kostnað af stjórn félagsins og eftirliti. — Stjórn hvers félags verður að hafa mann í þjónustu sinni, sem ferðast um félagssvæðið, er þurfa þykir, til að leiðbeina félagsmönnum og safna skýrslum og öðrum nauðsynlegum upplýsingum fyrir félagsstofnunina.

Um 58. gr.

Ræðir um, hvernig stjórn hvers fóðurbirgafélags fái fé til umráða, sem hún geti gripið til, ef þarf að kaupa fóður. Fyrst og fremst er sveitarsjóði ætlað að leggja fram 50 krónur fyrir hvern félagsmanna. Jafnast þessi hluti tryggingarsjóðs á gjaldendur hreppsins, eftir efnum og ástæðum. Virðist það sanngjarnt, af því sjóðnum er ætlað að verða til þess að bjarga einum og öðrum frá því að þurfa að þiggja af sveit, en þeim styrk mundi jafnað niður á sama hátt og þessum hluta tryggingarsjóðsins. — Önnur tekjugrein tryggingarsjóðs eru iðgjöldin, sem miðast við búfjárfjölda hvers félagsmanns. Eftir þeirri reynslu, sem fengin er hjá eftirlits- og fóðurbirgðafélögunum, eru há iðgjöld til skiptilegra sjóða ekki vinsæl.

Bændur hafa nú margt að greiða af litlum tekjum búa sinna, og þar sem sjóðirnir eru nú skiptilegir, endurgreiðast iðgjöldin, ef félagsmaður deyr

eða flytur í burtu af félagssvæðinu og þurfa því iðgjöldin af búfénu ætíð að vera há. Hér er ætlast til, að áður langt um líður verði tryggingarsjóður hvers félags svo sterkur, að iðgjöldin megi hverfa.

Um 59. gr.

Heimilar fóðurbirgðafélögum lán úr Bjargráðasjóði, þegar tryggingarsjóður hrekkur ekki til fóðurkaupa. Virðist hagfeldara að nota hann til að afstýra felli búfjárins, en að taka þá fyrst til hans, þegar búféð er fallið og fólkið sveltur. Að sjálfsögðu þurfa þessi lán að vera vel tryggð, og því er hreppsnefndum gert að skyldu að ábyrgjast þau. Er hér og um að ræða að bjarga sveitarfélaginu frá ítrustu neyð.

Um 60. gr.

Ákveður að reikningsár fóðurbirgðafélags skuli hið sama og ábúðarár, og þarf það ekki skýringar. Skýrsluárið er sett svo, að árangur fóðursins komi fram í þess árs afurðaskýrslum.

Um 61. gr.

Mælir fyrir um stjórn fóðurbirgðafélaga. Er þar ákveðið að hlutaðeigandi sveitarstjórn tilnefni einn mann í stjórn fóðurbirgðafélagsins, og byggist það á skyldu hreppsnefndarinnar að ábyrgjast hallærislán fyrir fóðurbirgðafélagið.

Um 62. gr.

Leggur það í vald atvinnumálaráðherra hvenær megi létta iðgjöldum af þeim fóðurbirgðafélögum, sem hafa eignazt í tryggingarsjóð 150 kr. fyrir hvern félagsmann. Verður þá vafalaust fengin reynsla fyrir því, hve mikið fé þurfi til að verjast felli, þó harðindi séu mikil. Auk þess heldur tryggingarsjóður áfram að vaxa, af sínum eigin vöxtum.

Um 63. gr.

Þar sem í þessu frumvarpi er gerð ítarlegri trygging til að verja menn fóðurskorti og felli en gert er í forðagæzlulögunum frá 1913, þykir ekki ástæða til að beita þeim á þeim stöðum, þar sem lög þessi koma til framkvæmda.

Um 64. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Um 65.—87. gr.

Ekki getur talizt að tryggingarmáli þessu sé komið í viðunandi horf fyr en allt búfé er tryggt.

Fyrir því er opnuð leið samkv. 65. og 71. gr. til að tryggja allar helztu tegundir búfjár, að uppfylltum settum skilyrðum.

Við samning reglugerðar í sambandi við lög nr. 28, 7. maí 1928, um búfjártryggingar, hafa komið í ljós gallar á nefndum lögum, sem óhjákvæmilegt virðist að kippa í lag áður en lokið er við samning reglugerðarinnar og lögin koma til framkvæmda. Aðalgallinn liggur í því hvernig lögin ákveða skiptingu

áhættunnar annarsvegar og iðgjaldanna hinsvegar milli vátryggingarsjóða sveitanna og Búfjártryggingarsjóðs Íslands. Skulu hér færðar ástæður fyrir því á hvern hátt þetta kemur fram.

Skv. 2. gr. laganna bætir vátryggingarsjóður $\frac{4}{5}$ hluta alls skaða af skaðabótskyldum vanhöldum, en samkvæmt 21. gr. innheimtast iðgjöldin með $\frac{1}{5}$ fram yfir venjuleg vanhöld. Í meðalári, þ. e. a. s. ári með venjulegum vanhöldum, mundu vátryggjendur (vátryggingarsjóðir sveitanna og Búfjártryggingarsjóður Íslands samanlagt) þannig bæta $\frac{4}{5}$ hluta af hinum raunverulegu sköðum ársins, en fá $\frac{5}{5}$ hluta og þess vegna hafa í afgang $\frac{2}{5}$ af „venjulegum vanhöldum", eða 33⅓% af iðgjöldunum. Við þetta er nú ekkert að athuga, þar sem iðgjöldin að sjálfsögðu verða að bera ýmsan kostnað vátryggjenda og þar að auki að vera ríflega reiknuð svo einhver sjóðmyndun geti orðið til að mæta slæmum árum. Með lögunum ætti þannig að vera tryggð afkoma vátryggjenda (vátryggingarsjóða sveitanna og Búfjártryggingarsjóðs Íslands samanlagt) þegar til lengdar lætur, ef vátryggingunni er þannig fyrirkomið að rekstrurskostnaðinum sé í hóf stillt og tekizt hefir að ákveða iðgjöldin hæfilega eftir þeim vanhöldum, sem reynast að verða „venjuleg". En þetta er ekki nóg. Lögin verða að vera þannig úr garði gerð að afkoma beggja aðilja, vátryggingasjóða sveitanna annars vegar og Búfjártryggingarsjóðs Íslands hins vegar, sé tryggð, en þá kröfu uppfylla lögin ekki með þeirri skiptingu, sem í þeim er ákveðin á iðgjöldum og sköðum.

Í 17. gr. laganna er ákveðið að vátryggingarsjóðir sveitanna, sem innheimta iðgjöldin, greiði $\frac{1}{5}$ hluta af iðgjöldum sínum í Búfjártryggingarsjóð Íslands, en fyrir þetta gjald á hann að bæta þann skaðabótaskylda hluta allra skaða, sem fara fram úr venjulegum vanhöldum í hlutaðeigandi hreppi. Sé nú gert ráð fyrir að iðgjöldin séu hæfilega ákveðin, innheimtir vátryggingarsjóður eins hrepps iðgjöld, sem eru $\frac{5}{5}$ hlutar venjulegra vanhalda í hreppnum, en af þessu iðgjaldi hans rennur $\frac{1}{5}$ hluti eða $\frac{5}{25}$ hlutar venjulegra vanhalda til Búfjártryggingarsjóðs Íslands, en $\frac{4}{5}$ hlutum iðgjaldsins, eða $\frac{24}{25}$ hlutum venjulegra vanhalda heldur hann eftir. Skaðabætur þær sem hann greiðir geta í hæsta lagi orðið hinn skaðabótaskyldi hluti venjulegra vanhalda eða $\frac{4}{5}$ hlutar þeirra, og hann hefir þess vegna allt af, hversu mikil sem vanhöldin verða, $\frac{4}{25}$ venjulegra vanhalda eða $\frac{2}{15}$ hluta iðgjaldsins í afgang, þegar hann er búinn að bæta sinn hluta skaðabótanna. Þessi afgangur verður svo þeim mun meiri á árum, þar sem vanhöldin eru óvenjulega lág. Vátryggingarsjóðir sveitanna bera þess vegna í raun og veru enga áhættu, en þar af leiðir að öll áhætta við vátrygginguna lendir á Búfjártryggingarsjóði Íslands, og hvort hann er fær um að bera þessa áhættu fyrir þau iðgjöld, sem hann fær, er algerlega undir hælinn lagt, og er komið undir því hvernig skaðarnir dreifast milli hinna einstöku hreppa og frá einu ári til annars. Verður þetta bezt skýrt með dæmi. Tökum hrepp, þar sem venjuleg vanhöld væru 2000 kr. á ári og gerum ráð fyrir óbreyttri gripaeign í 5 ár og ennfremur að vanhöldin á þessum 5 árum reyndust þannig:

	Vanhöld	Skaðabætur	Þar af greiðir vátryggingarsjóður sveitarinnar	Búfjártryggingarsjóður Íslands
1. ár	800 kr.	640 kr.	640 kr.	„ kr.
2. —	7000 —	5600 —	1600 —	4000 —
3. —	1200 —	960 —	960 —	„ —
4. —	600 —	480 —	480 —	„ —
5. —	400 —	320 —	320 —	„ —
Samt.	10000 kr.	8000 kr.	4000 kr.	4000 kr.

Yfir 5 ára tímabilið samanlagt væru vanhöldin „venjuleg“ og vátryggingarsjóður sveitarinnar og Búfjártryggingarsjóður Íslands hefðu hvorir um sig greitt 4000 kr. í skaðabætur. Iðgjöldin verða 2400 kr. á ári og þar af fær vátryggingarsjóður sveitarinnar ⅓ eða 1920 kr. en Búfjártryggingarsjóður Íslands ⅕, eða 480 kr. á ári. Iðgjöldin yfir 5 ára tímabilið verða því 9.600 kr. til vátryggingarsjóðs sveitarinnar en 2400 kr. til Búfjártryggingarsjóðs Íslands. Útkoma vátryggingarinnar verður því 5.600 kr. tekjuafgangur til vátryggingarsjóðs sveitarinnar, en 1.600 kr. *tap* hjá Búfjártryggingarsjóði Íslands.

Nákvæmlega hin sama gæti útkoman orðið, ef maður í staðinn fyrir að taka 5 ár hjá sama hrepp, tæki sama ár hjá 5 hreppum, og niðurstaðan verður því sú, að með lögum er vátryggingarsjóður sveitanna tryggður tekjuafgangur, sem ekki er nauðsynlegur vegna vátryggingarinnar, en Búfjártryggingarsjóður Íslands getur þurft að leita á náðir ríkissjóðs, þó vátryggingin í heild sinni ber sig.

Þegar nú þess er gætt að vátryggingarsjóðir sveitanna bera enga áhættu, en gleypa hinsvegar mikinn hluta af þeim tekjuafgangi, sem er ætlaður til samanlagðs reksturskostnaðar vátryggingarinnar og til nauðsynlegrar sjóðmyndunar, verður spurningin sú, hvort ekki beri að takmarka starfsemi þeirra meira en gert er með lögunum. Er þess þá fyrst að gæta, að sú leið að auka áhættu vátryggingarsjóða sveitanna er mjög varhugaverð, og þarf í því sambandi ekki annað en minna á svipaða reynslu hjá brunabótasjóðum þeim, sem stofnaðir hafa verið og starfað hafa hjá einstökum sveitarfélögum og sýna það að sveitarsjóðirnir eru ekki færir um að taka á sig áhættusama vátryggingarstarfsemi, og á hinn bóginn á benda á það, að sú dreifing áhættunnar, sem á að vera grundvöllur undir allri heilbrigðri vátryggingarstarfsemi, næst ekki með því að láta svo fámennan flokk vátryggjenda sem einstakt sveitarfélag er, taka þátt í vátryggingaráhættunni. Virðist þá eðlilegasta leiðin vera sú að öll áhætta tryggingarinnar sé sameinuð hjá einum einstökum vátryggjanda, Búfjártryggingarsjóði Íslands, en áhættusöm vátryggingarstarfsemi tekin af einstökum sveitarfélögum. En með tilliti til þess að jafnframt er nauðsynlegt að takmarka sem mest allan reksturskostnað við vátrygginguna í heild sinni, virðist óþarft að láta hina einstöku sveitarsjóði hafa annað starf á hendi en innheimtu iðgjaldanna. Er lagafrumvarp það, sem hér liggur fyrir, ekki annað en lögin frá 1928 með nauðsynlegum breytingum í þessa átt.

Um 88. gr.

Til að fá samanburð á úrvals húsdýruum innan hverrar sýslu er gert ráð fyrir sýningum á þeim í hverri sýslu um sig 10. hvert ár, ef sýslunefndir óska þess. Ekki er hægt að áætla kostnað við þær, þar sem það er komið undir þátttöku og upphæð verðlauna, sem ákveðið yrði um þegar að því kæmi að halda slíkar sýningar.

Um 89.—90. gr.

Þurfa ekki skýringar við.

21. Frumvarp

til laga er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárbóta.

(Lagt fyrir Alþingi 1931).

I. KAFLI.

Um innflutningsheimild og innflutning.

1. gr.

Með lögum þessum er ríkisstjórninni heimilað, að láta flytja inn sauðfé af brezku holdafjárkyni á kostnað ríkissjóðs til einblendingsræktar og hreinræktar hér á landi.

Framkvæmd laganna og öll mál, er standa í sambandi við þau, heyra undir atvinnumálaráðherra í samráði við Búnaðarfélag Íslands, rannsóknarstofu ríkisins í þágu atvinnuveganna og dýralækna landsins, einkum dýralækninn í Reykjavík.

2. gr.

Eigi má flytja inn önnur sauðfjárkyn en Oxfordshiredown og Leicester, og einungis frá þeim héruðum í Skotlandi, sem dýralæknaráð Skotlands gefur vottorð um, að lifrarormasýki (Leverfluke) eigi þar ekki heima né aðrir skæðir búfjársjúkdómar, sem ekki liggja hér í landi, og að gin- og klaufaveiki hafi eigi gert þar vart við sig tvö síðastliðin ár, áður en innflutningur fjárins fer fram.

3. gr

Enga kind má flytja inn, nema henni fylgi vottorð frá skozkum dýralækni, að hún sé eigi haldin neinum næmum sjúkdómi og að gætt hafi verið allra varúðarráðstafana, sem ákveðnar kunna að vera í skozkum lögum, því til tryggingar, að fé, sem selt er þar úr landi til kynblöndunar í öðrum löndum, sé eigi haldið næmum sjúkdómum.

4. gr.

Eigi má fyrst um sinn flytja inn sauðfé til annara hafna hér á landi en til Reykjavíkur, og einungis með þeim skipum, er koma þangað beinustu siglingaleið frá Skotlandi.

Einstökum mönnum eða félögum má eigi leyfa innflutning.

II. KAFLI.

Um sóttvarnir.

5. gr.

Nú er afráðið að flytja inn erlent sauðfé samkvæmt lögum þessum og skal þá atvinnumálaráðherra sjá um, að til verði hentug sóttkví til þess að flytja það í, og allt undirbúið til að veita því viðtöku til hirðingar þegar í stað. Er honum heimilt að taka til þess Lundey við Kollafjörð eða aðrar eyjar, er hentugar þættu og fáanlegar væru, eða haganlegt svæði í landi, er fást kynni og yrði tryggilega girt.

6. gr.

Þá er skip það kemur í höfn, sem fé flytur, skal dýralæknir tafarlaust skoða hverja kind og gefa atvinnumálaráðuneytinu skýrslu um ástand og heilsufar fjárins. Ef hann álítur fé heilbrigt, skal það flutt beina leið í sóttkvína. Þar skal það síðan vera í tvö ár eða lengur, ef ástæða þykir til.

Ef fé er flutt í umbúðum, skal flytja það í þeim í sóttkvína og má eigi flytja umbúðirnar þaðan, nema þær séu áður sótthreinsaðar tryggilega og dýralæknir veiti leyfi til þess.

Eigi má flytja innlent búfé í innflutningsskipið, meðan hið innflutta fé er þar og eigi fyrr en örugg sótthreinsun hefir farið fram í lestarrúmi því, er það var í, nema dýralæknir álíti hana óþarfa.

Þegar hið innflutta fé er komið í sóttkví skal það sem fyrst bólusett gegn bráðafári.

7. gr.

Nú er fleira fé flutt inn, en í sóttkvínni verði haft, eða áður en liðin eru tvö ár frá því að innflutt fé var látið þangað, og er atvinnumálaráðherra þá heimilt að taka aðrar eyjar eða önnur fulltrygg svæði til afnota, er ríkið á eða tekur á leigu. En ætíð skal dýralæknir fylgja fénu, þar til það er komið á sóttkvíunarstaðinn, eða fulltrúi hans, sem ráðherra hefir samþykkt.

8. gr

Innfluttum kindum, sem haldnar eru, eða grunur leikur á að haldnar séu einhverjum skæðum sjúkdómi, sem óþekktur er í íslenzku sauðfé að áliti dýralæknis eða forstöðumanns rannsóknarstofu ríkisins í þágu atvinnuveganna, skal tafarlaust lóga, þegar þess verður vart og fara með eftir ströngustu sóttvarnarreglum.

Nú kemur slíkur sjúkdómur fram, eða grunur um hann, eftir að fé er

í sóttkví komið og skal svo með fara, sem nú var sagt, og eigi má þá sleppa fé úr þeirri sóttkvi, eða taka þangað annað fé, fyrr en liðin eru 2 ár.

9. gr.

Fé, sem í sóttkví er, skal vera undir eftirliti þess dýralæknis, er næstur situr, nema ráðherra leggi öðruvísi fyrir, og skal því eftirliti hagað eftir reglum, er atvinnumálaráðherra setur þar um.

10. gr.

Eigi má annað fé hafa á sóttvarnarstöðum á sóttvarnartíma, en hið innflutta fé, samanber þó 11. gr.

III. KAFLI.

Um einblendingsrækt.

11. gr.

Meðan hið innflutta fé er í sóttkví (2 ár eða lengur), skal það látið æxlast og öll lömb látin lifa, sem lífvænleg þykja. Jafnframt skal kaupa nokkrar ær íslenzkar, helzt 3—5 úr hverjum landsfjórðungi, setja þær saman við hið útlenda fé og láta þær fá lömb við hinum innfluttu hrútum. Lömbum þeirra skal öllum lóga, og hrútlömbum ekki síðar en 15. október, nema gelt séu. Ær þessar skulu háðar sömu sóttvarnarreglum sem hið innflutta fé. Veikist þær af einhverjum ískyggilegum kvilla, skal með þær fara eftir fyrirskipun dýralæknis.

12. gr.

Nú hefir innflutt fé verið í sóttkví tilskilinn tíma og er ósjúkt, að áliti dýralæknis. Er þá atvinnumálaráðherra heimilt að selja hrúta einstökum mönnum, fjárræktarfélögum, eftirlits- og fóðurbirgðafélögum, búnaðarfélögum og sveitarfélögum til einblendingsræktar, enda hafi kaupandinn áður undirgengizt þær skuldbindingar, er atvinnumálaráðherra setur um meðferð og notkun slíkra hrúta og afkvæma þeirra.

13. gr.

Atvinnumálaráðherra gefur út reglugerð um einblendingsrækt til leiðbeiningar fyrir þá, sem hana vilja stunda. Skal þar einnig sýnt með dæmum fram á, hvert tjón getur hlotizt af misnotkun hennar og greint frá hver viðurlög eru, ef útaf reglunum er brugðið.

14. gr.

Lóga skal öllum einblendingum hvert haust fyrir októberlok, nema geldingum, sem menn kynnu að vilja láta lifa. Finnist einblendingur lifandi eftir 1. nóv. og er ekki geldingur, skal þegar lóga honum. Sé hann þá lifandi sam-

kvæmt ákvörðun eða vilja eiganda, skal eigandi sæta sektum, auk þess sem kindin skal vera eign ríkissjóðs.

Eiganda einblendinga er óheimilt að selja þá öðrum, nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra, eða fulltrúa þess, sem ræðir um í 17. gr., enda sé ekki um sölu til slátrunar að ræða. Sama gildir um hrúta af útlendu kyni.

Afkvæmi einblendinga, er finnast kunna, skulu eign ríkissjóðs, en eigandi sæti sektum, ef þau eru til orðin með vilja hans og vitund.

15. gr.

Eigendum hrúta af erlendu kyni og einblendinga er skylt að tilkynna atvinnumálaráðuneytinu, fulltrúa þeim, sem um getur í 17. gr., eða dýralækni tafarlaust, ef vart verður við eða grunur leikur á, að það fé sé haldið einhverjum kvillum eða sjúkdómum, sem óvenjulegir eru eða óþekktir í íslenzku sauðfé.

16. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur krafizt þess, að þeir sem stunda einblendingsrækt gefi því árlega skýrslu um fjárrækt sína í því formi, sem því þykir við eiga, einkum um frálagsverðmæti fjárins, bæði einblendinga og annars sláturfjár.

17. gr.

Heimilt er atvinnumálaráðherra að skipa fulltrúa í hverri sveit, þar sem stunduð er einblendingsrækt, til þess að hafa eftirlit með því, að hlýtt sé ákvæðum laga þessara og öðrum fyrirmælum í sambandi við þau. Með erindisbréfi skal ákveða skyldur og vald slíkra fulltrúa.

IV. KAFLI.

Um stofnfjárrækt.

18. gr.

Nú þykir sýnt, að áliti Búnaðarfélags Íslands að einblendingsrækt sú, er um ræðir í lögum þessum, megi verði hér til verulegra hagsbóta. Er þá atvinnumálaráðherra heimilt að auka innflutninginn svo, að fullnægt megi verða eftirspurn eftir hrútum af hinu innflutta kyni, enda sé í engu brugðið frá reglum þeim um innflutning og sóttvarnir, sem að framan greinir, svo og gera aðrar ráðstafanir, sem nauðsynlegar verða vegna eftirspurnar.

Í þessu skyni heimilast ráðherra, að stofna og láta reka bú, eitt eða fleiri á kostnað ríkissjóðs til hreinræktar á hinu innflutta kyni, eða kynjum. Ræður hann þá bústjóra til að veita slíkum búum forstöðu og gefur þeim erindisbréf.

V. KAFLI.

Um brot, sektir o. fl.

19. gr

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim varða sektum allt að 2000 krónum.

Verði einhver uppvís að óleyfilegri kynblöndun, eða öðru alvarlegu broti á lögunum, skulu auk sekta hrútar þeir, er hann á af innfluttu kyni, vera upptækir og eign ríkissjóðs.

20. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum, skal fara sem almenn lögreglumál.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1931.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lagafrumvarpi þessu, er orðið við margendurteknum óskum einstakra manna, fjárræktarfélaga og Búnaðarþinga um að leyfður verði innflutningur á bráðþroska sauðfjárkynjum frá Bretlandi til einblendingsræktar og hreinræktar hér á landi, til þess að sýnt megi verða hvern ábata slík kynblöndun getur gefið hér, en vonir manna um ábatann styðjast við góða reynslu annara þjóða af einblendingsrækt; er hún víða mikið notuð og m. a. mjög í Bretlandi sjálfu.

Með lögum nr. 56, 10. nóv. 1905 og lögum nr. 25, 9. júlí 1909 um breytingar á þeim, var bannaður innflutningur á útlendu kvikfé til þess að sporna við því að hingað flyttust búfjárkvillar, sem hér voru ekki til í búfé. Þessi lög voru felld úr gildi með lögum nr. 22, 15. júní 1926, sem aftur voru felld úr gildi með lögum nr. 11, 23. apríl 1928, sem nú gilda um þetta efni. Undanþágu frá innflutningsbanninu má þó stjórnin veita enda séu þá jafnan settar reglur um öruggar varnir gegn því að alidýrasjúkdómar flytjist hingað með hinum innfluttu dýrum. Hefir verið leyft að flytja inn nokkur dýr, en þó ekki á síðustu árum nema hunda, ketti, refi og stofufugla og svo gæsir frá Færeyjum. Um leyfi til innflutnings á nautgripum mun aldrei hafa verið sótt, síðan lögin voru sett, en margsinnis hefir verið beðið um leyfi til að mega flytja inn sauðfé, en aldrei verið veitt. Hefir þetta verið gert í samráði við ráðunaut stjórnarinnar í þeim málum, dýralækninn í Reykjavík, aðallega af ótta við að með hinu innflutta fé flyttist hingað lifrarormasýki, sem landlæg er í öllum votlendum héruðuðum Bretlands, en alls ekki skæð, eða gin- og klaufaveiki.

Sjálfsagt er að gæta allrar varúðar gegn því að hingað flytjist búfjár-

sjúkdómar með innfluttu kvikfé. En hins vegar er á það að líta að þeir geta borizt hingað á ýmsan annan hátt en með kvikfé, aðstaðan er að sumu leyti betri nú en áður, til að verjast þeim, eða sporna við útbreiðslu þeirra, hagsvonin af einblöndun er meiri nú en nokkru sinni áður, síðan möguleikar urðu á því að flytja kælt og fryst kjöt á brezkan markað, og nú er málið um innflutning fjár til einblöndunar og hreinræktar tekið upp á öðrum grundvelli en nokkru sinni áður hefir verið hugsað til, þar sem það er nú ríkið eitt sem er innflytjandi, og með frumvarpinu er svo um búið að mjög er dregið úr allri áhættu, sem annars getur verið innflutningnum og kynblönduninni samfara. Að öðru leyti en því, sem hér er tekið fram vísast til eftirgreindra athugasemda um hina einstöku kafla frumvarpsins, svo og til sögulegs yfirlits um málið eftir Metúsalem búnaðarmálastjóra Stefánsson, sem prentað er hér á eftir sem fylgiskjal.

Um I. kafla.

Í upphafi laganna er svo ákveðið, að ríkisstjórnin ein hafi heimild til að flytja inn sauðfé hér til lands, til einblöndunar. Heimildin er bundin við tvö brezk fjárkyn, þau er líkindi eru til að orkað geti bráðustum þroska lamba undan íslenzkum ám, ef þeim er haldið undir hrúta af þessum kynjum.

Þótt nefnd séu tvö brezk kyn, þá er það ætlun stjórnarinnar og áform ef frumv. verður að lögum, að einungis verði flutt inn fé af Oxfordshire-downkyni fyrst um sinn, þar til séð verður hver árangur verður af blöndun þess við íslenzk fjárkyn. Verði hann góður, má búast við, að enn betri árangur fáist við kynblöndun með Leicesterkyni, sem er bráðþroskaðra og stórvaxnara en Oxfordshire-down. Að rétt þykir þó að byrja með hið síðarnefnda kyn kemur til af því, að einblendingar af því kyni (grásnoppungar) eru auðkennilegri en einblendingar af Leicester kyni sökum þess að þeir hafa mórautt höfuð og fætur en hvítan bol. Er því betra að þekkja þá og varast áframhaldandi kynblöndun þeirra með íslenzku fé, en hana ber að varast eigi síður en sjúkdóma þá er hugsanlegt er að fylgi innfluttum fjárkynjum.

Eðli þess máls, er lögin ræða um, gerir það sjálfsagt, að atvinnumálaráðherra fari með framkvæmd laganna í samráði við Búnaðarfélag Íslands og dýralæknana, einkanlega dýralækninn í Reykjavík, og sennilega eingöngu við hann, ef Lundey ein yrði notuð sem sóttkví, eða annar staður nærri Reykjavík.

Verði góður árangur af einblöndun, þá hlýtur það að leiða til þess, að hér verði hreinræktaður stofn af hinu innflutta fé, til þess að betur megi fullnægja eftirspurn eftir hrútum af því kyni, enda mundi það flýta fyrir útbreiðslu þeirra og verða ódýrara en innflutningur allra hrúta er hér þyrfti að nota. En vitanlega þyrfti öðru hverju að flytja inn hrúta til þess að bæta stofninn, og fá í hann nýtt blóð.

Lifrarormasýki er sá sjúkdómur, er mest hefir verið óttast, að hingað kynni að flytjast, ef leyfður yrði innflutningur fjár frá Bretlandi. Vegna lifnaðarhátta lifrunnar getur sýkin eigi komið sér við nema í mýrlendum héruðum, og í sumum héruðum Skotlands er hún þess vegna ekki til. Fyrir því er hér bannað, að flytja inn fé frá öðrum héruðum en þeim, sem ósýkt eru af veiki

þessari. Þá er og að sjálfsögðu sett það skilyrði fyrir innflutningi, að dýralæknisvottorð fylgi hinu innflutta fé, og áskilið, að fylgt hafi verið þeim varúðarráðstöfunum, sem ákvæði kunna að vera um í brezkum lögum, því til varnar, að þaðan sé flutt út fé, sem haldið er einhverjum næmum sjúkdómum. Slík ákvæði munu vera til, og sett í sama skyni og þau lagaákvæði sem sett eru um vöruvöndun, til þess að tryggja markað fyrir viðkomandi vörur.

Til enn frekari tryggingar gegn því, að sjúkdómar berist hingað með hinu innflutta fé, er bannað að flytja það inn til annara hafna en Reykjavíkur og með öðrum skipum en þeim, er hingað koma beinustu siglingaleið frá Skotlandi. Er þá auðveldara að stemma stigu fyrir útbreiðslu sjúkdóma, sem hugsanlegt er að hingað kynnu að berast með hinu innflutta fé, heldur en ef innflutningsstaðir væru margir, m. a. vegna þess að í Reykjavík nýtur bezt aðstoðar rannsóknarstofu ríkisins í þágu atvinnuveganna og allrar þekkingar á heilbrigðismálum. Í sama skyni er bannað að leyfa einstökum mönnum eða félögum innflutning, en búast má við að um það verði sótt, ef vel gengur í fyrstu með kynblöndunina.

Um II. kafla.

Öll ákvæði í þessum kafla laganna eru sett til þess að tryggja það enn betur, en gert er með 1. kafla, að ekki flytjist hingað sjúkdómar með hinu innflutta fé, og til að stemma stigu fyrir útbreiðslu þeirra, ef þeirra yrði vart.

Með því að hafa féð í sóttkví í 2 ár, má telja alveg útilokað, að það sé haldið nokkrum næmum sjúkdómum, ef þeirra verður ekki vart innan þess tíma. En til þess að fyrirbyggja allt samband milli hins innflutti og innlenda fjár, áður en innflutta féð er komið í sóttkví og meðan það er þar, eru ákvæði 5. gr. sem banna að taka innlent búfé í innflutningsskipið, fyr en innflutta féð hefir verið tekið og lestarrúm sótthreinuð, ef þess er talin þörf, — og ákvæði 6. og 7. gr. er heimila atvinnumálaráðherra að taka Lundey við Kollafjörð fyrir sóttkví og að nota aðrar eyjar er ríkið á, eða ráðherra tekur á leigu á sama hátt.

Með því að flytja innflutta féð tafarlaust, beinustu leið og undir eftirliti dýralæknis út í eyjar, og halda því þar í tvö ár, er girt fyrir allt samband milli þess og innlenda fjárins, svo sem bezt má vera á sóttvarnartímanum.

Gefist kynblöndunin vel í fyrstu, má þegar búast við mikilli eftirspurn eftir innfluttum hrútum, þá má og búast við, að rétt þyki, og ekki verði undan því komizt, að flytja inn fleira fé en í Lundey má hafa og örara, en hver hópurinn sleppur þaðan úr sóttkví, einkanlega ef sjúkdómar kæmu í ljós, svo að lengja þyrfti sóttvarnartímann, en þó ekki svo alvarlegir, að þeirra vegna yrði tekið fyrir allan frekari innflutning.

Ákvæði 8. gr. um að lóga skuli tafarlaust fé, sem sýkt er eða grunað um að sýkt sé af næmum og skæðum sjúkdómi hér óþekktum, eru svo sjálfsögð að engrar skýringar er þörf um þau.

Þar sem öll ákvæði II. kafla hniga að því, að fyrirbyggja allan samgang og allt samband við innflutta féð í tvö ár eftir að það kemur til landsins þá leiðir þar af, að ekki má nota hrútana handa íslenzkum ám á sóttvarnartímanum — utan sóttkvíarinnar.

Um III. kafla.

Í 11. gr. eru ákvæði um það, að byrjað skuli þegar eftir innflutning hins útlenda fjár á tilraunum með hreinræktun þess, sem annars ræðir um í IV. kafla frumvarpsins. Til þess að nokkuð verði úr hreinræktartilraunum, þarf því auk hrútanna að flytja inn allmargar útlendar ær. Auk þess þykir rétt að gera þegar tilraun með sláturfjárblöndunina meðan féð er í sóttkví og hafa þar nokkrar íslenzkar ær með hinu fénu. Með því að hafa þannig allmargar kindur saman í sóttkvínni ynnist það tvennt, að líklegt er að sjúkdóma sem kynnu að flytjast með útlenda fénu hlyti frekar að verða vart í mörgu fé, þar sem þeir gætu frekar leynst í örfáum kindum, en hlytu að koma fram og sýkja ótvíræðlega eitthvað af mörgum kindum saman og hinsvegar gæti stofninn aukizt meðan á sóttkvínni stendur, ef svo vel vildi til að engin sýki kæmi fram í fénu, sem verður að teljast vonandi og líklegust. Ætti með því að hafast nokkuð upp í kostnað við geymslu innflutta fjárins og á þann hátt að verða til fleiri hrútar við lok sóttkvíunartímabilsins en ella. — Ennfremur fengist með framangreindu fyrirkomulagi þegar á sóttkvíunartímanum nokkur reynsla um það, hvernig einblendingar af útlendu og íslenzku fé yrðu.

Þessi kafli ræður annars um notkun hrúta af innfluttu kyni til einblendingsræktar, og setur skorður við því, að þeir verði notaðir á annan hátt þar sem bannað er algerlega, að nota afkvæmi þeirra til undaneldis. Öll ákvæði kaflans hníga að því beint eða óbeint, að gera ráðherra mögulegt, að framfylgja því banni og koma í veg fyrir alla misnotkun innflutta fjárins og afkvæma þess með innlendu fé (kynblendinganna í 1. lið). Á þann hátt, að af yrði áframhaldandi kynblöndun og óregluleg. Eftir erlendri og innlendri reynslu um einfalda kynblöndun (einblendings eða hálfblóðsrækt) er meiri fullvissa fyrir því, að hér megi fá miklum mun bráðþroskaðri lömb og meiri til frálags með einfaldri kynblöndun milli íslenzkra og brezkra fjárkynja, eins og til er ætlast með frumvarpi þessu, en eins víst er og hitt, að með áframhaldandi blöndun, sem verða mundi óregluleg hjá flestum eða öllum, og ætið leiða til óreglulegrar kynblöndunar, að lokum, yrði innlendu kynstofnunum spillt, og eyðilagður árangur sá og hagsmunir, er verða mættu af einblendingsrækt. Fyrir því eru hér sett allítarleg lagaákvæði í því skyni, að útiloka misnotkun innflutta fjárins, sbr. einkum 14. gr.

Í 12. gr. er gert ráð fyrir að hrútar af innfluttu kyni verði seldir bæði einstökum mönnum og félögum sveitabænda. Meðan lítið er af hrútum þessum, má búast við að færri geti fengið þá en vilja, og er þá vegur til nokkurrar úrlausnar fyrir marga að félög fái þá til afnota fyrir sína meðlimi líkt og nú er um kynbótanaut og kynbótahesta.

Gert er ráð fyrir í 12. gr., að kaupendur hrúta af innfluttu kyni undirgangist vissar skuldbindingar, viðvíkjandi meðferð og notkun hrútanna og afkvæma þeirra.

Þareð menn hér eru almennt ókunnugir einblendingsrækt og ófróðir um afleiðingar reglulausrar framhaldskynblöndunar, þykir nauðsynlegt að um þetta verði gefnar út leiðbeinandi reglur og skýringar, og er gert ráð fyrir þeim í 13. gr.

Ákvæði 15. gr. er sjálfsögð varúðarráðstöfun.

Gagnlegt og fróðlegt er að fá skýrslur þær, sem um ræðir í 16. gr. og því rétt að heimilt sé að krefjast þeirra, einkum meðan reynsla er að fást í þessum efnum.

Það er nauðsynlegt að með því sé haft nákvæmt eftirlit að reglur þær séu haldnar, sem settar eru um einblendingsræktina, einkum um það að ekki blandist kynstofninn. Þykir því rétt að heimilt sé að skipa trúnaðarmann í hverri sveit til að líta eftir, að engin misnotkun eigi sér stað, og er því ráðherra veitt þessi heimild í 17. gr. frv.

Um IV. kafla.

Það er áður tekið fram í umsögn um I. kafla, að góður árangur af einblöndun hljóti að leiða til þess, að hér verði hreinræktaður stofn af hinu innflutta kyni eða kynjum, og er þá bæði átt við það, að skýrslur þær um árangur kynblöndunar, sem um ræðir í III. kafla, sýni að auka megi vænleik lamba vegna bráðþroska, er af kynblöndun leiðir, svo að veruleg hagsbót sé að og eins hitt, að ekki hafi hlotizt tjón af sjúkdómnum, er fylgt hafi hinu innflutta fé eða rekja megi orsakir að til þess.

Í IV. kafla laganna eru sett ákvæði um það hvernig haga skuli hreinræktun og þykir ekki fært að óreyndu, að gera ráð fyrir öðru, en að ríkið eigi sjálft og reki hreinræktarbúin á sinn kostnað; en fari allt að óskum og gangi slysalaust getur svo farið, að ástæða þyki til, að veita einstökum mönnum, eða fjárræktarfélögum rétt til þess að reka slík bú, því að allmikið þarf af hreinræktuðum hrútum, til þess að fullnægja þörfinni ef einblendingsrækt yrði almenn um allt land, og mestmegnis yrði slátrað einblendingslömbum og e. t. v. einblendingssauðum.

Um V. kafla.

Þarf ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Forfeður vorir, er hér námu land í fyrstu, komu hingað flestir austan um haf frá Noregi, en þó líka allmargir vestan um haf frá Írlandi, Orkneyjum og Hjaltlandi, og fluttu með sér búfé frá fyrri heimkynnum sínum. Má því ætla, að sauðfé og annar búpeningur hér á landi, sé upprunalega ættað úr þeim löndum, er landnámsmennirnir komu frá. Og kynblöndun, sem síðar hefir átt sér stað fyrir innflutning frá öðrum löndum, hefir ekki náð að gera neina gagngerða breytingu á íslenzku búfé, eða setja á það annan svip né gefa því önnur einkenni, heldur hefir það mótazt mest af náttúrufari landsins og aðbúð mannanna um liðnar aldir. Þó hófust hér tilraunir til kynbóta á sauðfé um miðja 18. öld við kynblöndun með útlendu fé, og er öllum landsmönnum enn kunnugt um fyrstu tilraunirnar í þessa átt, þótt liðið sé nú hátt á aðra öld síðan þær

hófust, ekki vegna þess að þær tilraunir hafi breytt íslenzkum fjárkynjum og mótað þau, heldur sökum þeirra sorglegu afleiðinga, sem af þeim hlutust, fjárkláðanum, sem háð hefir íslenzkri sauðfjárrækt tilfinnanlega, og hnekkt landbúnaðinum ýmislega alla tíð síðan.

Fyrstu upptök að innflutningi útlendra sauðfjárkynja hingað til lands til kynbóta, mun mega rekja til þess, að stungið var upp á því 1737 af Mathias Jockimsen Vogel, að komið væri hér upp ullarverksmiðju og flutt inn ensk fjárkyn til kynbóta. Skyldi þá eðlilega leggja aðaláherzluna á að bæta ullina. Segir Þorv. Thoroddsen að verð á íslenzkri ull hafi þá venjulega verið 3—4 skildingar pundið, en á finustu erlendri ull um 48 sk. Var því til mikils að vinna ef takast mætti með kynblöndun við fínullað fé, að gjörbreyta ullarfari íslenzka fjárins.

Þó varð eigi af framkvæmdum fyrr en 1756, er hingað var sendur sænskur fjárræktarmaður, F. W. Haslfer barón með 10 enska hrúta, og stofnað kynbótabú með þeim og 100 íslenzkum ám á Elliðavatni. Er svo sagt að Haslfer léti byggja sér stofu mikla og fjárhús, meira en flestar kirkjur hér á landi í þá daga og alþiljað. Haslfer dvaldi hér skamma stund í það sinn, en 4 árum síðar eða 1760 kom hann út hingað aftur og hafði þá með sér spánska hrúta og er talið að með þeim hafi flutzt hingað fjárkláðinn (fyrri), er fór um land allt, á árunum 1762—1780 og gerði stórtjón, svo sem kunnugt er. Bendir hin skjóta útbreiðsla fjárkláðans til þess, að hrútar hafi verið keyptir víðsvegar að frá kynbótabúinu á Elliðavatni og að landsmenn hafi álitið það gagnlegt og vænlegt til góðs árangurs. Má því ætla, að kynblendingarnir hafi þótt álitlegir, enda er það alkunna, að kynblöndun leiðir oft til mikils þroska í fyrstu, en áhrifin verða skammvinn, og þegar frá líður einatt þau ein, að rugla og dreifa þeirri kynfestu, sem fyrir kann að hafa verið í heimakyninu.

Tólf árum eftir innflutning spönsku hrútanna eða 1772 var fyrirskipaður niðurskurður á öllu fé og niðurrif allra fjárhúsa á kláðasvæðinu. Er svo talið að alls hafi farizt og verið að velli lögð vegna fjárkláðans um 280 þús. fjár. Eftir önnur 12 ár féll fénaður landsmanna í móðuharðindunum. Féllu þá, að því er menn ætla, um 177 þús. fjár og eftir lifðu tæp 50 þúsund alls í landinu.

Þrátt fyrir þær hörmungar, sem fylgdu í spor þessara fyrstu tilrauna með innflutning sauðfjár, til kynblöndunar og kynbóta hér á landi, og vel hefði mátt ríða slíkri umbóta viðleitni að fullu, er þó haldið áfram öðru hverju að flytja inn útlendar kindur til kynbóta hér framyfir aldamótin 1800, og virðist ekki fjarri sanni að draga þar af þá ályktun, að menn hafi þótzt sjá góðan árangur af kynblönduninni, þar sem allt gekk slysalaust og er, að minnsta kosti af sumum þeim mönnum, er dómbærastir mega teljast um slíka hluti nú á dögum, litið svo á, að enn sjái merki þeirrar kynblöndunar, sem þá var. Má í því sambandi nefna Kleifaféð í Dalasýslu og Strandasýslu, er þykir bera vott um áhrif af cheviotfé.

Á fyrsta fjórðungi 19. aldar kveður mest að kynbótatilraunum Magnúsar Stephensen, konferenzráðs. Var þá bæði flutt íslenzkt fé til Danmerkur (1802) og blandað þar með spönsku fé, og spanskt og enskt fé hingað. Lætur

Magnús vel af tilraunum með ísl. fé í Danmörku, og sennilega hefir það ýtt undir hann með að fá hingað spánskan hrút (og enska hrúta) árið 1809. Undir þennan hrút voru leiddar fyrsta veturinn 50 fínullaðar ær veturgamlar. Síðan var hann notaður í 2—3 vetur og þótti vel reynast. Reyfi hrútsins vóg óþvegið 11—12 merkur, en af afkvæmi hans veturgömlu rúmar 8 merkur og af tvævetru 10 merkur.

Árið 1816 fékk Magnús aftur veturgamlan merinó hrút og ær af sama kyni, og gaf afkvæmi þeirra um Borgarfjörð, Vestur- og Norðurland. Hjá Magnúsi sjálfum þótti afkvæmi þetta vel gefast, en annarstaðar fara ekki sögur af árangrinum. Segir Þorv. Thoroddsen að ísl. ull hafi þá verið seld almennt á 24 skildinga pundið, en fyrir ullina af kynblendingunum fékk Magnús 1 rd. fyrir pundið. Þessar o. fl. tilraunir Magnúsar með útlenda kynblöndun urðu til þess, að fleiri fengu á þeim árum útlent fé — sennilega mest merinó — einkum til ullarbóta. Segir svo í Gesti Vestfirðingi að ullargæði hafi batnað hjá nokkrum vestra fyrir þá sök, að þeir hafi fengið útlent fé með mjúkri og því nær toglausri ull, með þeim árangri, að ull kynblendinganna verði hálfu betri en almennt gerist og þriðjungi þyngra hvert reifi. Kynblendingarnir gangi eins vel fyrir sér á vetrum og sé engu lakari til frálags en alislenzkt fé.

Hversu langvinn eða drjúg til frambúðar áhrif þessarar kynblöndunar hefir orðið verður ekki um dæmt, en á þessum tíma virðist allt hafa gengið slysalaust. Árið 1854 hafði bóndinn í Svignaskarði farið þess á leit, að honum væri útvegaður spánskur hrútur og ær. Ári síðar er hrúturinn sendur hingað og 2 ær, einnig af spönsku kyni (Infantados). Fara eigi neinar slysasögur af þessum kindum, en sama sumarið koma hingað 4 ensk lömb, er áttu að fara að Hraungerði í 21. viku sumars, en voru um tíma í Miðdal í Mosfellssveit. Er talið að þessi lömb hafi sýkt fé þar af fjárkláða og að með þeim hafi seinni fjárkláðinn borizt hingað til landsins. Næstu árin hér á eftir urðu illvígar deilur hér í landi milli tveggja öndverðra flokka: niðurskurðarmanna og lækningamanna, út af fjárkláðanum og hörð barátta gegn þeim ófögnuði. Var stefnum beggja flokka framfylgt, en hvorugri til fulls, enda varð árangurinn eftir því: Sauðfjártalan í landinu lækkaði um framt að 200 þús. (= 38,8%) á árunum 1855—1859, en kláðinn lifði eftir sem áður, og hefir ekki tekizt að útrýma honum enn, þrátt fyrir margítrekaðar tilraunir til þess og m. a. gagngerða gangskör að því, laust eftir síðustu aldamót. Innflutningur fjár til kynbóta hér á landi, hefir oftar átt sér stað en nú hefir verið nefnt, en ekki er ástæða til að rekja það mál lengra hér. Þó skal þess enn getið, að Jón Jónsson, bóndi á Veðramóti í Skagafirði, flutti inn hrút af skozku kyni frá Lálandi, 1878. Hefir Hermann Jónasson sagt svo frá, að afkvæmi þess hrúts í fyrsta lið — „hálfblóðsfé" hafi þótt mjög fallegt, og hafi Jón selt hálfblóðshrúta á 50 krónur, sem þá var óþekkt verð á hrútum. Einn af þessum hrútum hafði veturgamall 32 kg. skrokk. Annar ættliður þótti reynast bezta beitarfé, en úr því kom tilbreytnin, sumt var fallegt með glöggum einkennum útlenda föðurkynsins, en aftur varð annað mesta rýrðarfé og mun það að lokum hafa fengið yfirhöndina almennt.

Þótt sagan um innflutning sauðfjár hér til lands, til kynblöndunar og

kynbóta sé raunasaga og tilraunirnar hafi orðið landsmönnum harmabrauð, ef það er rétt, sem allir trúa, en verður þó tæplega sannað, að fjárkláðinn hafi borizt hingað með innflutta fénu, og þótt ekki verði með fullum rökum sýnt að þessar tilraunir hafi orðið að nokkru varanlegu gagni, fyrir íslenzka sauðfjárrækt; þá virðist á hinn bóginn augljóst, að ætíð hafi útlenda féð mótað afkvæmi sín í fyrsta lið mjög greinilega, ullin verður fínni og meiri eftir merinós-hrútana, þroski afkvæmanna bráðari og frálagið meira, þegar um holdsfé er að ræða. Og eftir þeirri þekkingu og reynslu, sem menn hafa nú um kynblöndun, er þetta það sem vænta mátti og annað ekki, þegar tillit er tekið til þeirrar takmörkuðu þekkingar og að mörgu leyti röngu hugmynda, sem menn á þeim tíma höfðu á og gerðu sér um erfðir eiginleika, þeirrar aðstöðu, sem menn höfðu hér á landi til reglubundinnar kynblöndunar og þess kynbótastofns, sem fyrir var í landinu.

Nú er það kunnugt, að með kynblöndun, þ. e. æxlun milli óskyldra kynja, má sameina ólíka kosti þeirra og eiginleika hjá afkvæminu „kynblendingnum", þegar í fyrsta ættlið, og ná þannig skjótum árangri og oft miklum, þegar í stað, einkanlega ef um góð kyn er að ræða, vel ræktuð og kynföst, en slík kyn fást bezt með náinni skyldleikarækt, sem farið hefir á undan kynblönduninni. Séu hinsvegar kynblendingarnir notaðir til undaneldis (gagngerð kynblöndun) þá bregður mjög til beggja vona um arfgengi þeirra, og mörg góð kyn hafa verið eyðilögð með gagngerðri en óreglulegri kynblöndun. Kynblendingarnir hafa arfgengismöguleika tveggja ólíkra kynja, og aldrei verður fyrir fram vitað, hverjir ráðandi verði, eða hverjar eiginleika samstæður (eða ósamstæður) verða ríkjandi hjá afkvæmum þeirra, þegar fram í sækir, nema öll framkvæmd kynblöndunarinnar sé hnitmiðuð eftir föstum reglum, byggðum á niðurstöðum vísindalegra arfgengisrannsókna, en þess er ekki að vænta, að almenningur geti fylgt þeim reglum svo sem þarf, til þess að ákveðnum árangri og settu takmarki verði náð með gagngerði kynblöndun.

Allt öðru máli gegnir um einfalda kynblöndun, þar sem kostir tveggja kynja eru sameinaðir í einum ættlið „hálfblendingnum", **sem ekki er gefið færi á að geta afkvæmi.** Sú aðferð er mjög tíðkuð í sauðfjárrækt Breta, og það er kunnugt að engin þjóð stendur þeim á sporði í búfjárrækt, og heita má, að allar þjóðir heims hafi sótt „nýtt blóð" í búfé sitt til Breta, og þó er það ekki fyr en um 18. öld, að nokkurt orð fer af þeim í þessum efnum umfram aðrar þjóðir. En þá vekjast þar upp menn eins og Bakwell, Ellman, Webb, Collingsbræður o. fl., sem gera garðinn frægan.

Af sauðfjárkynjum Breta er Border-Leicester féð einna frægast, og svo segja fróðir menn að nú finnist vart það fjárkyn í heiminum, sem nokkurs er um vert, er ósnortið sé af áhrifum frá því. Hrúturinn sem Jón á Veðramóti flutti inn 1878 var af því kyni (eða oxfordshiredown). Undan honum og íslenzkri á fékk hann veturgamlan hrút með 32 kg. skrokk, og var það þá alveg óþekktur vænleiki í því byggðarlagi. Jón H. Þorbergsson segir að Leicester féð hafi um 20% meiri kjötþunga en íslenzkt fé, samanborið við lifandi þunga og það er mjög bráðþroska. Líkt má segja um svarthöfða (Blackface) og Oxfordshire-

down-féð í Bretlandi hvað þroska snertir, en þó stendur það ekki jafnfætis Leicester kyninu.

Bretar hafa nú um 27 miljónir fjár, og engir hafa vænna fé en þeir til frálags. Stafar það m. a. af því, hve framúrskarandi kyn þeirra eru og af meðferð fjárins og eldi til slátrunar. En einna mest má þó þakka þetta tímgunaraðferð þeirri, er þar tíðkast, en það er „hálfblóðs"-tímgun. Aðal-fjárstofn-Skota, t. d. að taka, er Cheviot fé, sem að vísu er gott fjárkyn, en hvorki eins stórt eða bráðþroska og hin kynin, sem nefnd eru hér á undan. Til þess að fá vænna fé (aðallega lömb) til frálags, hafa þeir hrúta af Leicester eða Oxfordshiredown kyni handa þeim ánum, um ⅗, sem þeir ætla að lóga undan, en Cheviot hrúta handa hinum og halda þannig stofninum hreinum, því að hálfblóðsfé**ð nota þeir aldrei til varanlegs undaneldis.** En jafnhliða hálfblóðs eða einblendings ræktinni (half bred) viðhafa þó Bretar einnig nokkuð tvíblendings rækt þ. e. a. s. að hálfblóðs ám er haldið undir Oxfordshire-down eða Hampshire hrúta, og verður þá afkvæmið blendingur þriggja kynja með fjórðungs blóðblöndun frá tveimur kynjum og helmingsblöndun frá einu. Slíkir kynblendingar kallast down-cross, og kynblöndunaraðferðin sömuleiðis.

Einblendingar undan Cheviot-ám og Leicester hrútum kallast hálfblendingar (half bred), en undan svarthöfða ám og Leicester hrútum grásnoppungar (grey faced). En séu foreldrin hálfblendings- eða grásnoppungsær og Oxfordshire- eða Hampshire-hrútar, kallast afkvæmi eins og áður var sagt „down-cross".

Allir þessir kynblendingar eru miklum mun vænni til frálags á jöfnum aldri (bráðþroskaðri) en hreinræktuðu kynin, eins og sjá má af eftirfarandi dæmum, sem tekin eru úr ritgerð Hallgríms Þorbergssonar: Blöndunarrækt á Englandi, í 23. árg. Búnaðarritsins og eru frá árinu 1909.

1. dæmi:

Grásnoppungslömb seldust á	kr. 20—26
Svarthöfðalömb	— 14—20
Verðmunur því	kr. 6—12

2. dæmi:

Grásnoppungslömb seldust á	kr. 34
Svarthöfðalömb	— 22
Verðmunur því	kr. 12

Öll voru lömbin jafngömul og höfðu búið við sömu kjör frá upphafi. Þau voru ekki vegin, en gizkað var á, að grásnoppungslömbin hefðu vegið til jafnaðar 15—17½ kg. meira en svarthöfðalömbin.

Þá tilfærir Hallgrímur eftirfarandi dæmi frá sýningu, er hann var á í Edinborg 2. og 3. desember 1908:

Fjártegund	Lömb Tala	Aldur mánuðir	Meðalþyngd ensk pd.	Sauðir Tala	Aldur mánuðir	Meðalþgynd ensk pd.
Grásnoppungar	3	7	162	3	19	249
Svarthöfðar	3	7	134	3	19	217
Mism.			28			32
Hálfblendingar	3	7	172	3	19	271
Cheviot	3	7	139	3	19	230
Mism.			33			41
(Suffolk + Leicester)	3	9	216	3	21	330

Allt var þetta fé stríðalið fyrir sýninguna og feitara en gott þykir, til slátrunar, en tölurnar sýna þyngdarmuninn, sem af kynblönduninni stafar.

Jón H. Þorbergsson tilfærir eftirfarandi dæmi frá Hjaltlandi, um verðmun á kynblendings-lömbum og hreinkynjuðum (Búnaðarrit 29. ár. bls. 44—45):

	Söluverð	Verðmunur
1. Grásnoppungar 4½ mán.	kr. 18.63	
Svarthöfðalömb 4½ mán.	— 6.37	kr. 12.26
2. Kynblendingar 4½ mán.	— 14.56	
Hjallensk lömb 4½ mán.	— 5.46	— 9.10
3. Grásnoppungar 5 mán.	— 23.66	
Svarthöfðalömb 5 mán.	— 15.38	— 8.28
4. Grásnoppungar 5 mán.	— 29.12	
Svarthöfðalömb 5 mán.	— 16.40	— 12.72

Jón getur þess, að stærðarmunur lambanna sé að vísu minni, en verðmunurinn segir til, sökum þess að lömbin eru keypt til fitunar á fóðurrófum og túnum og kynblendingslömbin eru bráðþroskari og taka því betur eldinu. Og því má bæta við, að kjöt þeirra er betri markaðsvara og selst því hærra verði.

Enn tekur Hallgrímur dæmi af tveim bændum á Norðymbralandi: Annar hefir 500 ær af hreinu svarthöfða kyni og selur 400 lömb undan þeim fyrir 16 krónur hvert til jafnaðar, alls kr. 6400.00. — Hinn hefir 200 hreinkynjuð svarthöfða lömb og 300 hálfblendingslömb og selur 100 hreinkynjuð svarthöfðalömb á 16/— ..... kr. 1600.00
og 300 hálfblendingslömb á 22/— ..... — 6600.00
Alls kr. 8200.00

Báðir hafa jafnan tilkostnað, en sá sem hefir einblendingsræktina fær 1800 kr. meira fyrir jafnmörg lömb, og það eru 300 hálfblóðslömb, sem gera þenna mun.

Þessi og fleiri dæmi, sem þeir hafa dregið fram og þekkja af veru sinni í Skotlandi, Hallgrímur og Jón Þorbergssynir, sýna hversu mikill ávinningur getur verið af einblendings- eða hálfblóðsaðferðinni í sauðfjárræktinni, þegar annarsvegar (hrúturinn) er af bráðþroska holdakyni, enda hafa þeir o. fl. nú

milli 20 og 30 ár verið ákveðnir talsmenn þess, að þessi fjárræktaraðferð yrði reynd hér á landi og hafa margsinnis sýnt fram á, hvers arðs mætti af henni vænta, vegna bráðari þroska og þar af leiðandi meiri þunga kynblendinganna, er ekki mundi sízt koma fram á lömbunum, en þau eru nú mestur hluti sláturfjárins, sem kunnugt er.

En það er ekki einungis að lömbin yrðu þyngri og meiri til frálags, heldur mundi og kjötið verða betra, meiri samryskja og fastari feitin, svo að það félli betur í smekk Breta, en þar er nú helzta markaðsvonin fyrir útflutningskjöt það, sem flutt er út kælt og frosið, og að því ber efalaust að stefna, að koma öllu kjötinu þannig á erlendan markað. Vegna meiri kjötgæða hjá kynblendingunum má búast við hærra verði á hvert kg. en ella, og kæmi það þá til viðbótar við kjötþungann — og þyngri gærur.

Það var fyrst árið 1905 að Hallgrímur Þorbergsson fór fram á það við stjórnina að fá að flytja inn 2 Cheviotkindur, er bóndi einn á Norðymbralandi hafði gefið honum, til þess að flytja þær hingað, en sú málaleitun fékk enga áheyrn. Og eins hefir farið um beiðnir einstakra manna og félaga og margendurteknar áskoranir Búnaðarþings, um að leyfður væri innflutningur brezkra fjárkynja til kynblöndunar hér á landi. Hafa stjórnarvöld landsins stuðzt þar við lög um bann gegn innflutningi lifandi gripa til landsins og um varnir gegn næmum sjúkdómum og svo við álit dýralækna, einkanlega Magnúsar sál. Einarssonar, er var ráðunautur stjórnarinnar í slíkum málum og lagði ætíð eindregið móti innflutningi sauðfjár og annars búpenings. Óttaðist hann einkum að með fénu kynni að flytjast hingað skæðir sjúkdómar, sérstaklega lifraryktusýki, svo og að verða mundi áframhaldandi og reglulaus kynblöndun, er spilla mundi íslenzku fjárkyni, gera það kvillasamara og innflutningurinn verða einnig af þeirri ástæðu fjárræktinni og landbúnaðinum til tjóns. Samkvæmt stöðu sinni hlaut dýralæknir að benda á þessar hættur og vara við þeim, og engu síður hinni síðarnefndu, einkanlega þegar beiðnir komu frá einstökum mönnum, og engin lög voru til, er heimiluðu stjórninni ákveðið eftirlit og taumhald á innflutta fénu og notkun þess, eftir að það var komið til landsins og úr sóttkví. Væri búið að veita einum undanþágu frá ákvæðum laganna um bann gegn innflutningi, þá væri örðugra að synja öðrum, er bæðu um innflutningsleyfi, en við slíkum beiðnum mætti þá ætíð búast, ef allt gengi slysalaust í fyrstu.

Hinsvegar mátti og búast við augljósum árangri af kynblönduninni þegar í stað, og þá var sú hættan á ferðum, að menn freistuðu að reyna að festa þá kosti, er í ljós kæmu í kyninu, með áframhaldandi kynblöndun, en slíkt hefir víða illa gefizt og oftsinnis orðið til stórtjóns, einkanlega þegar mikið hefir á milli borið um eiginleika hinna blönduðu kynja og lífskjörin, sem þau hvort um sig eru uppalin við, til orðin og við vanin. Og hér hefði verið um allmikinn mun að ræða og hætt við ömurlegum eftirköstum af viðvarandi kynblöndun, jafnvel enn alvarlegri en af fjárkláða og öðrum verstu kvillum sauðfjárins.

Báðar þessar hættur eru enn til, og þegar stjórnin ber nú fram frumvarp til laga um innflutning fjár til **einblendingsræktar**, þá gerir hún það í þeirri vissu von, að það megi verða til þess, að framleitt verði hér miklum mun vænna og verðmeira sláturfé en nú gerist, og í fullu trausti þess að bændur skilji, að

hér er **ekki** um „**kynbætur**“ að ræða, heldur **einungis sláturfjárbætur**, þar sem lögin banna stranglega, að kynblendingarnir megi auka kyn sitt og leyfa stjórninni hverskonar ráðstafanir, er hún telur nauðsynlegar til þess að fyrirbyggja að svo verði.

Þá eru og með lögunum gerðar svo sterkar varúðarráðstafanir gegn innflutningi búfjársjúkdóma, með hinu innflutta fé, að meiri sjúkdómshætta stafar af ýmsum öðrum innflutningi, sem lengst af hefir verið leyfður hindrunarlaust, því að á margan annan hátt geta þeir sjúkdómar borizt milli landa, sem búfjárrækt stendur mikil hætta af, en með innflutningi lifandi gripa.

Á það má og benda, að þar sem sótt er eftir brezku fé til kynblöndunar svo að segja um allan heim, og sá útflutningur er Bretum drjúg tekjulind, þá muni þeir sjálfir leggja allt kapp á að hafa hraust fé og kvillalaust og gera ráðstafanir heima fyrir í þá átt, t. d. með því að hafa útflutningsfé í sóttkví áður en það er flutt úr landi. — Þess skal og getið, að um 1860 gekkst landsstjórnin norska fyrir því, að farið var að flytja inn fé til Noregs frá Skotlandi til gagngerðra kynbóta, og 1890 var stofnað í Noregi kynbótabú með Cheviotfé, sem enn er rekið (Hodne). Hefir ætíð síðan verið innflutningur fjár frá Skotlandi til Noregs, og bústjórinn á Hodne hefir gefið Jóni H. Þorbergssyni þær upplýsingar 1914, að hann viti ekki til að neinir kvillar hafi borizt með brezku fé til Noregs — og mun svo vera enn. En lifraryktusýkin var að vísu áður í Noregi, en hefir aldrei verið þar skæður sjúkdómur, og frá Skotlandi hefir Jón H. Þorbergsson það eftir góðum heimildum, að þar í landi muni ekki drepast úr þeirri veiki nema 2—3 fullorðnar kindur af þúsundi. Og í þurrlendum sveitum þar hefir alls ekki orðið vart við veikina. Er þá sjálfsagt, ef til innflutnings kemur, að flytja féð inn frá þeim héruðum, og beita á annan hátt allri varúð við innflutninginn, sem tryggt getur, svo sem verða má, að það fé sé heilbrigt, sem inn er flutt.

Í nálega aldarfjórðung hefir innflutnings- og kynblöndunarmálið verið á dagskrá búnaðarþinganna og búnaðarþingsfulltrúarnir hafi yfirleitt verið fylgjandi innflutningi og oftsinnis látið í ljós óskir og áskoranir til stjórnarinnar að leyfa innflutning, en það hefir aldrei fengið áheyrn af þeim ástæðum sem fyrr eru nefndar.

Skal nú rakin hér stuttlega saga málsins á búnaðarþingum.

1. Á Búnaðarþingi 1907 kemur fram umsókn frá Sigurgeir Jónssyni frá Baldursheimi um styrk til að rækta Cheviot-fjárkyn. Kynbótanefnd, sem hafði málið til meðferðar, sá sér eigi fært að mæla með styrkbeiðninni að svo stöddu, þar sem engar áætlanir liggja fyrir um kostnað við tilraunina, og svo telur nefndin vafasamt hvort fjárkynið (Cheviot) sé heppilega valið.

2. Árið 1911 kemur til Búnaðarþings umsókn frá Kynblöndunarfélagi Þingeyinga, en það félag var stofnað fyrir forgöngu Hallgríms Þorbergssonar í þeim tilgangi, að reyna enska kynblöndun, um allt að 750.00 kr. styrk til að kaupa 8 kindur af tveim enskum fjárkynjum (Leicester og Oxfordshire-down) 4 af hvoru, og gera með þær blöndunartilraunir til sláturfjárframleiðslu.

Búfjárræktarnefnd lagði þá til, að félaginu verði, ef til kemur, veittur styrkur þannig, að Búnaðarfélagið greiði það sem 8 kindur, að meðtöldum

kostnaði, kosta fram yfir 750.00 kr., eftir reikningi, er Búnaðarfélagið samþykkir, þó ekki yfir 500.00 kr. (samþ. með 7 : 3 atkv.), og „Nefndin treystir því að sjálfsögðu, að innflutningur kinda þessara verði því aðeins leyfður, að öruggt sé að ekki stafi sjúkdómshætta af“ (samþ. í e. hl.).

Ekkert varð af framkvæmdum fyrir kynblöndunarfélaginu sökum þess, að synjað var um innflutningsleyfi.

3. Fyrir Búnaðarþingið 1913 og 1915 koma engin erindi um innflutning fjár til kynblöndunar, en á síðara þinginu lét búfjárræktarnefndin í ljósi þá ósk, að félagsstjórnin gangist fyrir því, að fá fullnaðarvitneskju um þau vandkvæði, er á því eru, sakir sýkingarhættu, að flytja inn kynbótapening til takmarkaðrar kynbótablöndunar á sláturfé.

Í nefndaráliti sínu um fjölgun búfjárræktarráðunauta, gerir hún ráð fyrir að þeir séu tveir; hafi annar með höndum öll mál, er snerta nautgripi og hross, en hinn sauðfjárræktina, og segir í sambandi við það: „Þar er einnig mikið óunnið verk fyrir hendi og getur drjúgum aukizt. Allra helzt, ef sú stefna verður ofan á, sem eigi er ólíklegt, að byrjað verði á innflutningi sauðfjár til kynblöndunar á sláturfé“.

Má af þessu ráða, að það er enn skoðun Búnaðarþings, að taka skuli upp einblendingsrækt á sauðfé.

Félagsstjórnin leitar síðan álits dýralæknanna Magnúsar Einarssonar, Sigurðar Hlíðar og Hannesar Jónssonar, og eru svör tveggja hinna fyrr nefndu birt í 30. árg. Búnaðarritsins, bls. 278—283. — Þar er og álit dýralæknaráðsins í Kaupmannahöfn, en svar Hannesar er í 31. árg., bls. 180—188. Er vísað til svara þeirra hér, af því að þau eru of löng, einkum hið síðasta, til þess að taka þau hér upp. Allir benda þeir á, að ýmiskonar sýkingarhætta geti stafað af innflutningi og hvetja til varúðar um innflutningsleyfi, svo sem þeim bar að gera. Magnús bendir á, að ýmislegt þurfi að breytast hér til hins betra, áður en líkur séu til að innflutningur verði oss að gagni, en „vera má að þeirra breytinga verði ekki afarlangt að bíða og mætti þá, ef til vill ætla, að óhættara yrði að leyfa það, sem nú virðist ekki vera takandi í mál“.

Hannes segir m. a.: „Ryðji sú skoðun sér meira og meira til rúms, að það sé stórt tap, sem landbúnaðurinn bíði við það, að vera bægt frá því að blanda bústofninn, mun veita erfitt að spyrna móti broddunum til lengdar, og mætti þá svo fara að byrjað yrði á innflutningi meira af kappi en forsjá. Gætu þá leikar farið þannig, að betra hefði verið að leyfa fyrr takmarkaðan innflutning, og reyna að búa svo um, að sýkingarhættan við hann yrði svo lítil sem unnt er“ ..... „og minnka mætti mjög mikið sýkingarhættuna við innflutning búfjár, er hann væri mjög takmarkaður og bundinn ströngum varúðarreglum“.

Dýralæknaráðið danska réði þá frá því, að innflutningsleyfi væri veitt.

4. Á aðalfundi Búnaðarfélagsins vorið 1917 flytur Jón H. Þorbergsson erindi um innflutning búfjár, og bar að lokum fram svohljóðandi tillögu:

„Fundurinn óskar að Búnaðarþingið mæli með því við landsstjórnina, að

leyft verði að flytja inn Border-Leicester-fé, til þess að tilraunir verði gerðar með það hér bæði til blöndunar sláturfjár og til viðhalds því hér á landi".

Um tillöguna urðu nokkrar umræður milli tillögumanns og Páls Zóphoníassonar annarsvegar, en Magnúsar dýralæknis Einarssonar hinsvegar. Kemur enn fram í þeim umræðum, að það er einkanlega lyfraryktusýkin, sem Magnús óttast, og þó engu síður áframhaldandi kynblöndun, svo og að innflutta féð muni illa þola þau lakari lífskjör, sem það verður hér við að búa, og verði þess vegna kvillasamt.

Páll Zóphoníasson bendir á, að hafa mætti innflutta féð í eyjum 3—4 ár, áður en það kæmi saman við innlent fé, og benti á Breiðafjarðareyjar — sem dýralæknirinn á Vesturlandi var þá í nánd við — og Hrísey í Eyjafirði.

Í bréfi til Jóns H. Þorbergssonar frá dýralæknaráðinu í Kaupmannahöfn, dags. 12. sept. 1916, bendir ráðið á, að hafa innfluttu kindurnar, ef einhverjar yrðu, í eyju, eða á afgirtum tanga í tvö ár, áður en þeim yrði sleppt með öðru fé.

Að loknum umræðum samþykkti fundurinn tillögu Jóns með 13 : 3 atkv.

5. Næsta stig málsins á þessum vettvangi er það, að á Búnaðarþingi 1917 kemur fram erindi frá kennurum bændaskólans á Hvanneyri um tilraunir með kynblöndun á erlendu og innlendu sauðfé í fyrsta lið — og erindi frá Jóni H. Þorbergssyni, þá bónda á Bessastöðum, um styrk til sauðfjárkynbótabús, fyrst og fremst að viðhafðri innlendri kynblöndun, þ. e. með aðfengnu innlendu úrvalsfé, í öðru lagi kennsla í fjárrækt, og ef innflutningur yrði leyfður, blöndun með innfluttu fé til sláturlambaframleiðslu og hreinræktun innflutta fjárins. Búfjárræktarnefndin lagði til, o gþingið samþykkti í einu hljóði, að heita Jóni 1000 kr. styrk hvort árið 1917 og 1918, og vilyrði fyrir áframhaldandi styrk, til þess að koma upp sauðfjárræktarbúi og reka það. Þótt það komi ekki fram í þingtíðindunum, þá er það vitað, að áform Jóns um einblendingsrækt og hreinræktun erlendra kynja réði nokkru um undirtektir þær, er málið fékk. Sýnir það hug búnaðarþingsfulltrúanna til innflutnings og kynblöndunartilrauna, og engin kynbótabú fengu þá hærri styrk árlega en 200 krónur. Hvanneyringar gera þá tillögu um innflutninginn, að samið yrði við einhvern eyjabónda, þar sem fé þarf aldrei að koma í land, um að hirða erlenda féð, undir eftirliti dýralæknis, eins lengi og hann telur þurfa, til þess að vissa fáist fyrir, að féð sé hraust og ekki haldið neinum nýjum sjúkdómum. Nefndin hefir ekkert við þessa tilhögun að athuga, en bendir á, að eftirlitið yrði þá að fela dýralækninum vestra eða nyrðra, þar sem Magnús Einarsson hafði þá tekið það fram við einn nefndarmanninn „að hann vildi ekki taka að sér neina umsjón með innflutningi erlends sauðfjár".

Nefndinni er það áhugamál að flýta megi tilrauninni svo sem mest gæti orðið að ósekju, en vill þó leggja það á vald dýralæknanna að ráða því, hverjar sóttvarnarráðstafanir yrðu við hafðar, ef til innflutnings kæmi.

Ætlast nefndin til, að þeir, sem innflutningsins óska greiði verð fjárins og allan kostnað, annan en sóttvarnarkostnað, er ríkissjóður greiði.

Telur nefndin það mjög æskilegt og mikið nauðsynjamál, að sem fyrst geti fengizt lausn á því, að hverju gagni það mætti koma, að flytja hingað bráð-

þroska erlent holdafé, til þess að koma hér upp vænum kynblendings lömbum til slátrunar og gengur út frá því sem vísu, að félagsstjórnin, í samræmi við samþykktir Búnaðarþings (sbr. m. a. samþ. um styrk til J. H. Þorgergss.) veiti styrk í því skyni, eftir því sem þörf krefur og getan leyfir.

Tillaga nefndarinnar varð svo þessi:

„Búnaðarþing felur félagsstjórninni að skora á landsstjórnina að leyfa innflutning á sauðfé til blöndunartilrauna, til framleiðslu sláturlamba, undir eftirliti og með ráði dýralækna, og jafnframt að landssjóður beri þann kostnað, er sóttkvíunin hefir í för með sér".

Tillaga þessi var samþykkt í einu hljóði á Búnaðarþingi; henni var þó ekki beint til landsstjórnarinnar, vegna viðskiptateppunnar sem þá var.

6. Málinu miðaði því ekki fram, en áhuginn fyrir því var enn vakandi og nú er það Búnaðarsamband Austurlands, er sendir Búnaðarþingi 1919 erindi um innflutning sauðfjár til sláturfjárbóta. Gat þáverandi forseti Eggert Briem þess, er hann lagði þetta erindi fyrir þingið, að Landbúnaðarfélagið danska hefði ákveðið, að styrkja slíkar tilraunir, og er þá átt við að fé, sem tilfellur Íslandi af Hansens-sjóði árin 1917—1921 verði varið til styrktar slíkum tilraunum, en því fé getur Búnaðarfélagið reyndar ráðstafað á hvern þann hátt er því sýnist, landbúnaðinum til eflingar, og í samráði við Landbúnaðarfélagið. Forseti gat og þess, að hann hefði átt tal við prófessor Bang í Kaupmannahöfn og væri það álit hans, að búa mætti til serum, til þess að kanna hvort kind væri sýkt eða ekki.

Annað erindi barst og því þingi frá Jóni H. Þorbergssyni þar sem hann fer fram á 5000 kr. styrk til þess að kaupa og flytja inn 8 kindur af Leicester fé frá Bretlandi, og gera tilraunir með það, bæði til blöndunar til sláturfjár og til hreinræktunar. Í búfjárræktarnefnd áttu þá sæti núverandi formaður félagsins, forsætis- og atvinnumálaráðherra, báðir núverandi búnaðarmálastjórar, ásamt Guðmundi Þorbjarnarsyni og Jóni H. Þorbergssyni.

Tillaga nefndarinnar um þessi erindi var ein og svohlj.:

„Búnaðarþing felur félagsstjórninni að skora á ríkisstjórnina að leyfa innflutning á sauðfé til kynblöndunartilrauna, undir eftirliti og með ráði dýralæknis, og heimilar félagsstjórninni að veita í þessu skyni allt að 5000 kr. styrk, í eitt skipti fyrir öll, enda sé tilraunin gerð undir eftirlit Búnaðarfélagsins".

Nefndin leggur áherzlu á, að settar verði nákvæmar sóttvarnarreglur og eftirlit haft með, að þeim sé fylgt.

Tillaga nefndarinnar var samþykkt í einu hljóði.

7. Enginn árangur varð af þessari samþykkt og engin erindi bárust Búnaðarþingi 1921 um innflutning sauðfjár, en búfjárræktarnefndin tók málið upp með svohljóðandi ályktun:

Í framhaldi af ályktun síðasta Búnaðarþings, er það einróma álit búfjárræktarnefndar, að skora enn á ný á félagsstjórnina, að beita sér fyrir því, að leyfður verði innflutningur á lifandi sauðfé og gera tilraunir með einblendingsrækt með enskum kjötsöfnunarhrútum og okkar innlenda fjárstofni.

Í þessu skyni álítur nefndin, að nægilegt sé, nú fyrst um sinn, að kaupa tvo enska hrúta og heimila til þess allt að 2500 kr. — Samþ. með 9:2.

8. Enn varð engu um þokað, stjórnin hélt fast við það, með ráði dýralæknisins í Reykjavík, að synja algerlega um innflutningsleyfi og eftir að forseti hafði svarað fyrirspurn frá Halldóri skólastjóra Vilhjálmssyni á Búnaðarþingi 1923 um hvað málinu liði þá og fengið þessar upplýsingar, bar hann fram eftirfarandi tillögu:

„Búnaðarþingið skorar á félagsstjórnina enn á ný, að beita sér fyrir ályktun síðasta Búnaðarþings, að leyfður verði innflutningur á ensku sauðfjárholdakyni, til þess að gera einblendingstilraunir með því og okkar innlenda sauðfjárstofni".

Tillagan var samþykkt að við höfðu nafnakalli með 8:1 (Guðjón Guðlaugsson greiddi eigi atkvæði, Jósep Björnsson var farinn af þinginu en Jón H. Þorbergsson var ekki á fundi).

9. Enn var áskorun Búnaðarþings að engu höfð og á Búnaðarþingi 1925 gerðist ekki annað í málinu, en að samþykkt var að leggja styrkinn af A. V. Hansens-sjóði 1917—1921, í sérstaka sparisjóðsbók, unz hægt er að framkvæma þær blöndunartilraunir, með ensku og íslenzku fé, er stjórn sjóðsins (Det kgl. danske Landhusholdningsselskab) ætlast til að framkvæmdar séu, og felur stjórn Búnaðarfélags Íslands, að fá leyfi sjóðsstjórnarinnar til þessa.

Eins og áður er getið (tölul. 6) hafði landbúnaðarfélagið danska áður ráðstafað fénu í þessu augnamiði, eftir tillögum forseta Búnaðarfélagsins, E. Briem. En með þessari ályktun vill Búnaðarfélagið tryggja það, að þeirri ráðstöfun verði ekki breytt, þótt ófyrirsjáanlegur dráttur verða, að hægt sé að framfylgja henni, og sýnir hún að þingið er enn sama sinnis sem áður um innflutninginn, þótt það í þetta sinn sé þreytt á, að endurtaka áskoranir sínar til ríkisstjórnarinnar um innflutningsleyfi.

10. Það ber heldur ekki vott um áhugaleysi eða stefnubreytingu í málinu, þótt því sé ekki hreyft á Búnaðarþingi 1927 eins og sjá má af meðferð málsins á þinginu 1929.

Þá kemur erindi frá stjórn Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga, er þá var nýstofnað, og sækir um styrk, til að flytja inn nokkrar kindur af brezku holdafjárkyni, til einblendingstilrauna hér á landi. Búfjárræktarnefnd fékk málið til meðferðar, og þar sem álit nefndarinnar og tillaga sýnir afstöðu Búnaðarþings til innflutningsmálsins nú, þykir rétt að taka það hér upp í heild að mestu leyti:

„Nefndin telur erindi þetta frá Búnaðarsambandi Suður-Þingeyinga mjög merkilegt. Búnaðarþingið hefir oft haft þetta mál til meðferðar. Málið hefir til þessa strandað á því aðallega, að Magnús sál. Einarsson dýralæknir var jafnan eindregið mótfallinn því, að innflutningur þessi væri leyfður. Sumir ráðherranna, er setið hafa að völdum síðan málaleitun þessi komst á gang, hafa verið því fylgjandi að tilraunin yrði gerð, en ekki þótzt hafa heimild til þess í lögum,

þegar dýralæknir, ráðunautur stjórnarinnar í þeim málum, lagði á móti því. — Það, sem vakir fyrir erindisaðila er, að leiða í ljós hagnaðinn af einblendingsrækt, sem yrði hér í því fólginn, að blanda saman hrútum af brezku holdafjárkyni og hreinkynjuðum íslenzkum ám.

Þegar kjötmarkaðurinn tók að breytast í það horf, að neytendur gerðu kröfur aðallega til kjöts af dilkum, voru það Bretar, sem fundu út þessa aðferð, til þess að framleiða vænni lömb. Hefir hún síðan breiðzt út um nýlendur þeirra og víðar, og þykir hvervetna bera góðan árangur.

Nú er hér hafinn útflutningur á frosnu dilkakjöti til Englands, og í sambandi við það hefir þegar komið í ljós, að dilkar okkar þykja rýrir og ekki útgengilegir á brezkum markaði. — Miklar líkur eru til, að með kynblöndun þeirri er hér um ræðir yrði ráðin bót á þessu.

Í sambandi við innflutning á hinu brezka fé, er sjúkdómshættan aðalþyrnir í augum landsmanna. En þess ber að gæta, að aðstaðan er ólík nú og á fyrir tímum, þegar fjárkláðinn barst hingað til landsins með erlendu sauðfé. Þá voru hér engir dýralæknar, og engar ráðstafanir til varúðar gerðar. Þekking á alidýrasjúkdómum var hér sama sem engin og á lágu stigi hjá öðrum þjóðum, en nú er allt öðru máli að gegna í þessum efnum, sem kunnugt er.

Berum við því fram eftirfarandi tillögu:

„Búnaðarþingið lítur svo á, að innflutningur á brezku holdafé til einblendingsræktar geti haft mikla fjárhagslega þýðingu, sérstaklega í sambandi við útflutning á frystu kjöti, og telur því fulla þörf á, að þessu máli sé sinnt og tilraun gerð hið bráðasta. Þess vegna samþykkir það, að veita Búnaðarsambandi S.-Þing. 300. kr. styrk í þessu skyni, gegn þeirri skuldbindingu að hlíta þeim reglum, um innflutning fjárins og sóttkvíun, er dýralæknar setja og Stjórnarráð Íslands samþykkir".

Tillaga nefndarinnar var samþ. með 6:5 atkv.

Af atkvæðagreiðslunni mætti ályktа að nú væri Búnaðarþingið klofið í þessu máli, sem verið hefir á dagskrá þess meira en 20 ár, alltaf verið stutt þar og oftast einhuga. En það er umsækjandinn og styrksupphæðin, sem ágreiningurinn var um og sumir fulltrúarnir þóttust vita með vissu, að innflutningur yrði ekki leyfður, og þess vegna væri þýðingarlaust að samþykkja tillöguna. Hinsvegar sést það að allir fulltrúarnir eru fylgjandi innflutningi á því, að samþykkt er í einu hljóði eftirfarandi tillaga frá fjárhagsnefnd: Búnaðarþingið ákveður, að sjóður af Hansens-legati, sem til er í Búnaðarfélagi Íslands, að upphæð um 2000 kr. verði ávaxtaður, ásamt því fé, sem við hann bætist, og að honum á sínum tíma verði varið til styrktar innflutningi á brezku holdafé til einblendingsræktar".

Er þetta að efni til sama tillagan sem samþykkt var á Búnaðarþingi 1925 um ráðstöfun á styrknum úr Hansens-sjóði og sýnir samþykkt hennar það, að Búnaðarþingið vill að Búnaðarfélagið sé viðbúið að styrkja innflutning sauðfjár til einblendings ræktar, hvenær sem innflutningsleyfi fæst veitt.

Þessi saga málsins á Búnaðarþingum sýnir, að svo að segja allir forsvarsmenn landbúnaðarins, og forgöngumenn landbúnaðarframfara, sem þar

hafa átt sæti s. l. aldarfjórðung, hafa verið fylgjandi innflutningi holdafjárkynja frá Bretlandi til einblöndunar með íslenzku fé til sláturfjárbóta.

Undirstaða þessara stefnu er annarsvegar sannfæring um það — byggð á margfaldri reynslu annara þjóða — að með slíkri kynblöndun megi fá hér miklum mun vænna sláturfé, og hinsvegar augljós og knýjandi þörf bænda á því, að auka afrakstur búa sinna, og aðal-söluafurðir búanna, og þær einu til útflutnings, sem teljandi eru, eru einmitt sauðfjárafurðirnar. Aldrei hefir þörfin verið jafnknýjandi sem nú fyrir meiri framleiðslu söluafurða, og aldrei meiri ávinnings von af bættri kjötframleiðslu, síðan möguleikar urðu á því, að senda kælt og fryst kjöt til Englands, og telja má víst að með einfaldri kynblöndun megi framleiða hér kindakjöt, sem betur fellur í smekk Breta, en það kjöt, sem nú er framleitt hér, og hefir áður verið á það drepið í greinargerð þessari.

Á hina hliðina er sýkingarhættan, sem innflutningi fylgir, og alltaf hefir orðið sá þröskuldur á vegi þessa máls, sem varnað hefir framgangi þess, og hættan, sem stafað getur af óreglulegri kynblöndun. Bæði þessi atriði eru vissulega viðsjárverð, en enda þótt innflutningur sauðfjár sé ekki áhættulaus fyrir heilbrigði innlenda fjárstofnsins og kynblöndunin tvíeggjað sverð, ef brugðið er oftar en um sinn, svo og að óhöpp og misbrúkun góðra ráða, verði eigi með lögum útilokuð, þá er það þó líklegt að svo megi um hnútana búa, ef innflutningurinn er algerlega á vegum ríkisvaldsins og öll framkvæmd málsins háð skírum lagaboðum og ströngu eftirliti, og hér er til svo mikils að vinna, og svo mikils góðs að vænta, landbúnaðinum til hagsbóta, að réttmætt þykir, að þing og stjórn taki að sér málið á þann hátt, sem lagafrumvarpið gerir ráð fyrir. Og er það þá gert í trausti þess að bændur landsins og allir aðiljar skilji, að þeirra vegna er það gert, og geri sér ljóst, hver áhætta fylgir þessu og sýni þroska sinn í því að haga sér þar eftir.

22. Frumvarp

til laga um bókhald.

(Lagt fyrir Alþingi 1931).

1. gr.

Bókhaldsskyldir eru allir þeir, sem taldir eru í 2. gr. þessara laga, með þeim undantekningum, sem um getur í 3. gr.

2. gr.

1 Kaupmenn, en kaupmaður er hver sá talinn í þessum lögum, sem hefir atvinnu af því að selja vörur, verðbréf og hverskonar lausafé eða fasteignir, sem hann hefir í því skyni keypt.
2. Hlutafélög öll, kaupfélög, pöntunarfélög og samvinnufélög.

3. Bankar, sparisjóðir, víxlarar og vátryggingarfélög.
4. Umboðssalar, farandsalar, mat-, gisti- og veitingasalar, brytar, lyfsalar, forleggjarar, blaðaútgefendur.
5. Iðnrekendur allir, bæði handiðnaðar og verksmiðjuiðnaðar, þar með taldir gas- og vatnsinnlagningarmenn, rafmagnsvirkjar, bakarar, klæðskerar, rakarar, gosdrykkja- og ölgerðarmenn, rekendur hárgreiðslustofnana, lýsis- og síldarbræðslna, þvotta- og baðhúsa, rjómabúa, ishúsa, vatns- og rafmagnsveitna.
6. Þeir, sem reka útgerð til fiskiveiða, manna- og vöruflutninga og fiskverkun.
7. Vöru- og skipamiðlarar, afgreiðslumenn skipa og þeir, sem hafa atvinnu af að geyma vörur fyrir aðra.
8. Þeir, sem hafa atvinnu af rekstri bifreiða til mann- eða vöruflutninga.
9. Rekendur kvikmyndahúsa, leikhúsa, hringleikahúsa (cirkus) og fjölleikahúsa (varieté).
10. Þeir, sem taka að sér að flytja mál fyrir dómstólum eða gegna öðrum málaflutningsmannsstörfum.
11. Byggingameistarar, verkfræðingar og aðrir, er taka að sér að reisa hús og gera önnur mannvirki, eða gegna öðrum byggingameistara- og verkfræðingastörfum.
12. Þeir, sem hafa atvinnu af því að lána öðrum fé.
13. Þeir, sem hafa atvinnu af að sjá um jarðarfarir.

Læknum í kaupstöðum, er reka sjálfstæða atvinnu, svo og prestum í kaupstöðum er skylt að halda sjóðbók.

3. gr.

Undanskildir bókhaldsskyldu eru þó þeir, er hér greinir:

1. Mat- og veitingasali, sem að staðaldri rekur fyrirtæki með aðstoð konu sinnar, barna innan 16 ára aldurs og tveggja aðstoðarmanna eða færri, og bryti, sem ekki rekur sjálfstæða atvinnu.
2. Handiðnarmaður, sem að staðaldri aðeins selur handavinnu sjálfs sín, konu sinnar, barna innan 16 ára aldurs og tveggja aðstoðarmanna eða færri.
3. Útgerðarmenn, einn eða fleiri, er reka fiskiveiðar eða mann- og vöruflutninga á 2 bátum eða færri, undir 6 smál. brúttó hvor, eða aðeins einu skipi undir 20 smál. brúttó.
4. Sá, sem rekur fiskverkun með konu sinni, börnum innan 16 ára aldurs og fjórum mönnum öðrum eða færri.
5. Þeir, sem eigi reka fleiri en tvær bifreiðar til mann- eða vöruflutninga.
6. Þeir byggingameistarar, málaflutningsmenn og verkfræðingar, sem ekki reka sjálfstæða atvinnu.

4. gr.

Allir þeir, sem bókhaldsskyldir eru samkvæmt 2. gr. og 3. gr., skulu hafa tvöfalt bókhald, en þessu ákvæði er fullnægt með færslu þeirra bóka og yfirlitsreikninga, sem um getur í 5.—8. gr.

Lögreglustjórum er þó heimilt að veita smáatvinnurekendum, sem ekki falla undir ákvæði 3. greinar þessara laga, undanþágu til allt að 5 ára í senn frá því að færa bækur sínar eftir reglum tvöfaldrar bókfærslu. Þeir, sem undanþágu beiðast, skulu færa gild rök fyrir því, að það sé þeim, einhverra hluta vegna, um megn að færa tvöfalt bókhald. Einkum á þetta ákvæði við um þá, sem þegar hafa byrjað atvinnurekstur, er lög þessi öðlast gildi. Bókhaldi þeirra, sem undanþágu fá, skal þó vera þannig fyrir komið, að það gefi greinilegar upplýsingar um fjárhag þeirra.

5. gr.

Frumbækur.

Í þær séu færð öll verzlunarviðskipti, önnur en þau, er hönd selur hendi daglega jafnskjótt og þau fara fram. Í bók þessa skal rita nöfn þeirra, er hafa afhent og móttekið vöruna er hún var seld (= lánuð) eða keypt (= lögð inn), og sömuleiðis fyrir hvers reikning hún er úttekin eða innlögð og ennfremur verð hennar.

Samrit af viðskiptunum eins og þau eru bókuð í frumbókina skal ætíð láta skiptavini í té, í hvert sinn er einhver viðskipti fara fram bóklega. nemi þau meiru en 2 krónum.

6. gr.

Sjóðbók.

Í hana séu færðar allar sjóðgreiðslur. Hver greiðsla færist sérstaklega, þó er leyfilegt að færa í einu lagi fjárhæðir þær, er inn koma daglega vegna sölu gegn staðgreiðslu. Þeir, sem hafa sjálfvinnandi peningakassa, geymi renninginn með ástimplaðri niðurstöðutölu sem fylgiskjal með innfærslunni. Ennfremur er stærri fyrirtækjum leyfilegt að færa undirbækur yfir sjóðgreiðslur, enda sé færslu þeirra hagað á sama hátt og sjálfrar sjóðbókarinnar. Skylt er að færa niðurstöðutölur undirbókanna daglega í sjálfa sjóðbókina, og sé í henni vísað til undirbókanna til sönnunar færslunum. Fylgiskjöl öll með sjóðgreiðslum séu tölusett og til þeirra vísað í sjóðbókinni eða sjóðdagbókinni eða undirbókum þeirra, og þau síðan geymd í réttri töluröð.

Ennfremur sé í sjóðbók vísað til mótfærslna eða tilsvarandi færslna í öðrum bókum (t. d. viðskiptamannabók, sjá 7. gr., aðalbók, sjá 8. gr., frumbókum o. s. frv.).

Sjóðbók skal vera innbundin og tölusett.

Undirbækur við sjóðbók mega vera lausblaðabækur.

7. gr.

Viðskiptamannabók.

Í henni skal færður sérstakur reikningur yfir viðskipti við hvern viðskiptamann, önnur en þau, er hönd selur hendi. Í bókina skulu við-

skipti þau, sem færð eru í frumbækurnar, skráð á sama hátt og þar, eða samanlagðar fjárhæðir þær í krónum og aurum, er úttekt eða innlegg nemur í hvert sinn samkvæmt frumbókunum. — Þó er leyfilegt, sé um úttekt að ræða, sem samið er um, að greiða skuli að fullu viku- eða mánaðarlega, að færa í viðskiptamannabókina samanlagðar fjárhæðir þær, sem úttekt hvers viðskiptamanns hefir numið um vikuna eða mánuðinn samkv. frumbókunum, ennfremur að færa sameiginlegan reikning í viðskiptamannabók fyrir alla þá viðskiptamenn, sem aðeins hafa slík viðskipti.

Við færslu á viðskiptamannabók sé ætíð vísað til mótfærslna eða tilsvarandi færslna í öðrum bókum (t. d. sjóðbók, aðalbók, frumbókum o. s. frv.).

Nota má lausblaðabækur sem viðskiptamannabækur, en þó því aðeins, að þá sé færður sameiginlegur viðskiptareikningur fyrir alla viðskiptamenn, er reikning hafa í viðskiptamannabók, í aðalbók, dagbók eða sjóðdagbók (sjá 8. gr.). Í reikning þennan má færa úttekt og innlegg viðskiptamanna samandregið eftir frumbókunum og öðrum bókum, enda sé vísað til þeirra til sönnunar færslunum.

8. gr.

Skylt er að færa eftirgreinda yfirlitsreikninga um reksturinn:

1. Reikning(a), er sýni brúttótekjur (t. d. í verzlunum reikningur yfir keyptar og seldar vörur, í framleiðslufyrirtækjum reikningur yfir seldar afurðir o. s. frv.).
2. Reikning(a), er sýni rekstrarkostnað.
3. Reikning(a), er sýni víxlaviðskipti (víxlareikning, accept-reikning).
4. Reikning(a), er sýni framlög og úttekt eiganda (eigenda) til og frá fyrirtækinu í peningum eða öðrum verðmætum.
5. Reikning(a), er sýni, hve mikið fé er lagt í byggingar, skip, áhöld og aðrar eignir, sem ætlaðar eru til stöðugrar notkunar við reksturinn.
6. Aðra þá reikninga, sem í hverju einstöku dæmi eru nauðsynlegir til þess, að því grundvallaratriði tvöfaldrar bókfærslu verði fylgt, að hver fjárhæð sé færð á tveimur stöðum.

Reikningar þessir skulu færðir í sérstakri tölusettri, bundinni bók, aðalbók, dagbók, eða í sjóðbók, sem þá nefnist sjóðdagbók. Við færslu í reikninga þessa sé ætíð vísað til mótfærslna eða tilsvarandi færslna í öðrum bókum (t. d. sjóðbók, viðskiptamannabók, frumbókum o. s. frv.).

9. gr.

Allir þeir, sem bókhaldsskyldir eru samkv. lögum þessum, eru skyldir að gera yfirlit um efnahag sinn (efnahagsreikning) einu sinni á hverju almanaksári, ásamt yfirlitsreikningi um reksturinn á undanfarandi reikningsári.

Í Reykjavík séu reikningar þessir fullgerðir og undirskrifaðir 1 mánuði eftir lok reikningsársins, en annarsstaðar á landinu 2 mánuðum. Lögreglustjórum er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef brýnar

ástæður eru fyrir hendi, en þó sé reikningsuppgerð ætíð lokið 3 mánuðum eftir lok reikningsárs.

Reikningarnir séu færðir í sérstaka löggilta bók, efnahagsbók, í sjóðdagbók eða aðalbók, ef þær eru löggiltar.

Við samning reikninganna sé til sönnunar vísað til bóka þeirra, sem færðar eru.

10. gr.

Á efnahagsreikningi séu tilfærðar allar eignir og skuldir hlutaðeigenda, eins og þær eru í lok reikningsársins.

Eignir ber að tilfæra með þeirri fjárhæð, er raunverulega svarar til verðmætis þeirra.

Óvissar kröfur séu tilfærðar með nafnverði, og síðan í sjálfum efnahagsreikningnum gerður frádráttur fyrir þeirri fjárhæð, sem sýnt þykir, að eigi muni greiðast. Kröfur, sem fyrndar eru að lögum, má eigi tilfæra sem eignir á efnahagsreikningi.

11. gr.

Efnahagsreikningi fylgi greinargerð um allar veðsetningar á eignum hlutaðeiganda, að svo miklu leyti, sem greindur reikningur ber slíkt ekki með sér, ennfremur allar ábyrgðir, er hann hefir tekizt á hendur fyrir aðra.

12. gr.

Sjálfráðir eru menn, hverjar bækur þeir færa aðrar en þær, sem fyrirskipaðar eru í lögum þessum.

13. gr.

Eigi má rita í bækur þær, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum — aðrar en frumbækur — með blýanti. Ennfremur eigi skafa út eða gera á annan hátt með ásetningi ólæsilegt það, sem eitt sinn hefir verið í þær skráð, eða rita ofan í skriftina, svo að ólæsilegt verði það, er áður stóð, enda þótt fyrst hafi misritazt af vangá. Þurfi að gera breytingu á því, sem eitt sinn er ritað, skal annaðhvort leiðrétta það með annari innfærslu, er komi til jafnaðar annarsvegar við það, er ofritað var hinsvegar, eða bæti því við, er vanritazt hafði, eða þá þannig, að strika út það, sem rangt varð, án þess að ólæsilegt verði það, er út var strikað, en rita leiðréttinguna milli lína eða á spássíu, eftir því sem bezt hentar.

Eigi má rífa eða á annan hátt losa blöð úr þeim innbundnum bókum, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum.

14. gr.

Skylt er hverjum bókhaldsskyldum að geyma í skipulegri röð öll bréf og símskeyti, er honum berast viðkomandi atvinnu hans, og ennfremur að halda eftir samriti af öllum þeim bréfum og símskeytum, er hann ritar og sendir öðrum bókhaldsskyldum viðkomandi atvinnunni, og geyma eftir sömu reglum.

15. gr.

Allar þær bækur, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum, ásamt fylgiskjölum, svo og bréf þau og símskeyti, samrit bréfa og símskeyta, sem um ræðir í næstu grein hér á undan, séu geymdar í 10 ár frá því síðast er ritað í bækurnar og bréfin, eða símskeytin móttekin eða send.

16. gr.

Nú er skuldar krafizt innan þriggja missira frá því er hún varð til, og skal þá það, sem skráð er í bækur þær, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum, hafa það sönnunargildi, ef bækurnar eru vel og skipulega ritaðar, og engin atvik liggja til, þau er gera bókunina grunsama, að álíta skal það rétt, er í þeim stendur, ef aðili sá, er í hlut á, vill eigi synja fyrir með eiði, að rétt sé bókað. Nú er hann dauður, eða að hann getur ekki eiðinn unnið sakir vitfirringar eða þvíumliks, og má þá, ef engin atvik liggja svo til, að þau geri það ísjárvert, dæma eiganda eða umráðamanni fyrirtækisins heimilt að sanna sitt mál með eiði sínum, eða eiði þess manns, er í bækurnar hafði ritað það, er um var þrætt.

Að þeim fresti liðnum, sem að ofan er nefndur, missa bækur þær, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum, það sérstaka sönnunargildi, er þeim er veitt samkvæmt þessari grein, þó aðeins gagnvart skiptavinum, sem sjálfir eru ekki bókhaldsskyldir; en í viðskiptum milli bókhaldsskyldra halda bækurnar gildi sínu án tillits til frests þess, er að framan var nefndur.

Nú eru báðir málsaðilar bókhaldsskyldir, og stendur sín innfærsla um sama efnið í bókum hvors um sig, en ber eigi saman, þá hefir hvorug innfærslan sérstakt sönnunargildi.

Nú er fjárhæð færð í fleiri bækur en eina hjá sama manni (fyrirtæki) og bókunum ber eigi saman, þá skal innfærslan eigi hafa sérstakt sönnunargildi.

17. gr.

Sé að áliti lögreglustjóra ástæða til að ætla, að einhver hliti eigi ákvæðum þessara laga um bókhald, er honum heimilt að rannsaka eða láta rannsaka bókhald hlutaðeiganda, og reynist bókhaldið eigi lögum þessum samkvæmt, má ákveða hlutaðeiganda dagsektir, allt að kr. 25.00, unz hann hefir komið því í lag.

18. gr.

Brot gegn 5. gr. varðar sektum, kr. 5.00—200.00.

19. gr.

Brot gegn 4. gr. og 6.—9. gr. varðar sektum, kr. 10.00—1000.00. Kveði svo mikið að brotinu gegn greinum þessum, að bókfærslan geti bersýnilega ekki náð tilgangi sínum, þannig að eigi sjáist, hversu rekstur fyrirtækisins gengur, hvernig efnum þess er varið eða hvernig hagur atvinnurekand-

ans stendur, varðar það auk sekta missi atvinnurekstrarleyfis eða stöðvun atvinnurekstrar um stundarsakir eða til fulls eftir atvikum.

20. gr.

Brot gegn 10., 11. og 13.—15. gr. varða sektum samkvæmt 19. gr. Sé um fölsun verzlunarbóka að ræða, eða geri einhver í sviksamlegum tilgangi rangan efnahagsreikning, eða eyðileggi eða skjóti undan bókum þeim og skjölum, sem um getur í 14. og 15. gr., varðar það fangelsi, eða betrunarhúsvinnu, allt að tveimur árum, ef miklar sakir eru.

21. gr.

Þeir, sem bókhaldsskyldir eru samkvæmt eldri lögum, en eigi færa bækur, sem fullnægja ákvæðum laga þessara, mega hafa bókhald sitt óbreytt til loka reikningsárs þess, er yfir stendur er lög þessi öðlast staðfestingu.

22. gr.

Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum og reglum sem almenn lögreglumál.

23. gr.

Numin eru úr gildi með þessum lögum lög nr. 53, 11. júlí 1911, um verzlunarbækur, og öll þau lagaákvæði, sem koma í bág við þessi lög.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1932.

Greinargerð:

Frumvarp þetta var borið fram á síðasta þingi eftir tilmælum Dómsmálaráðuneytisins, og er nú borið fram eins og það var samþykkt af efri deild þingsins. Gegnum neðri deild komst frumvarpið eigi sökum þess hve áliðið var þingtímans er það kom fyrst fram. Á frumvarpinu voru gerðar nokkrar smábreytingar í efri deild, og voru þær til bóta. Þess skal og getið, að verzlunarráði Íslands var í fyrra sent frumvarpið til umsagnar og var það samþykkt því í öllum aðalatriðum. Nægir hér að vísa til bréfs þess, sem prentað er á þskj. 185 í Alþt. 1930.

Núgildandi lög um verzlunarbækur eru nr. 53 frá 1911, og er ætlazt til, að frumvarp þetta komi í þeirra stað.

Það hefir nú um skeið verið ljóst, að lög þessi eru mjög ófullkomin, enda er slíkt að vonum, þar sem viðskipti öll og atvinnurekstur í landinu hefir tekið gagngerðum breytingum síðan þau voru samin. Sú breyting, sem mestu varðar í þessum efnum, er aukin notkun lánsfjár til hverskonar atvinnurekstrar. Má svo að orði kveða, að flest atvinnufyrirtæki byggist nú á stórfelldum lánum og gagnkvæmri tiltrú.

Aukin lánsfjárnotkun hefir haft í för með sér fjölgun tækifæra til margs-

konar fjársvika og óráðvandlegrar meðferðar á annara fé. Á síðasta þingi voru sett ný lög um gjaldþrotaskipti. Voru þar lögfest margskonar nýmæli, sem gengu í þá átt að vernda rétt lánardrottnanna. Mun mega fullyrða, að einn hinn mesti þrándur í götu við framkvæmd laga þessara er ófullnægjandi bókhald þeirra, sem lánsfé nota til atvinnurekstrar síns. Þótt fyrirmælum núgildandi laga um bókhald sé hlýtt til fulls, er það hinum mestu erfiðleikum bundið að rekja til hlítar rekstur fyrirtækjanna og komast að niðurstöðu um, hvernig fjármunum þeim, sem þau hafa haft til notkunar, hefir verið varið. En það hlýtur að verða krafa lánardrottnanna, að með lögum sé fyrirskipað svo fullkomið bókhald, að hvenær sem er sé hægt að sjá, hvernig hag fyrirtækjanna er varið og hvernig þau hafa ráðstafað því fé, sem þeim hefir verið trúað fyrir.

Síðan fyrgreind lög voru sett hefir Alþingi samþykkt lög um tekju- og eignarskatt. Samkvæmt þeim fara greiðslur manna til opinberra þarfa mjög eftir tekjum og eignum, en til þess að unnt sé að ákveða gjöld þessi réttilega, þurfa að liggja fyrir ábyggilegar upplýsingar frá hverjum einstökum um þessi efni. Það mun hafa komið mjög berlega í ljós, að upplýsingum er mjög áfátt um þessi atriði hjá mörgum þeim, sem reka verzlun eða aðra atvinnu, sem krefur reikningsfærslu, og það jafnvel þótt viðkomandi hafi fært lögskipaðar bækur á réttan hátt.

Orsökina til þess er að finna í því, að ekki er í núgildandi bókhaldslögum skipað fyrir um færslu neinna yfirlitsreikninga um rekstur fyrirtækjanna. Er úr þessu bætt í frv., svo sem nánar er rætt í athugasemdum við 4. gr.

Síðast en eigi sízt ber að minnast þeirrar nauðsynjar, sem hverjum atvinnurekanda er á því að fylgjast með rekstri sínum og allri fjárhagsafkomu. En fullyrða má, að slíkt sé eigi kleift fyrir þá, sem hafa mikið fé til notkunar við atvinnu sína, nema með því að færa glöggt og gott bókhald. Fjöldi atvinnurekenda mun þegar hafa skilið þessa nauðsyn, og færa bókhald sitt þannig, að þeir geta til fulls fylgzt með rekstri fyrirtækjanna, og munu þar á meðal ýmsir, sem eigi eru bókhaldsskyldir samkvæmt núgildandi lögum. Þó munu margir láta sér nægja að færa aðeins þær bækur, sem lögboðnar eru nú, og hefir reynslan sýnt, eins og að framan er drepið á, að mörgum þeirra hefir reynzt því nær ókleift að komast að réttri niðurstöðu um rekstur sinn.

Má því fullyrða, að verði frumvarp þetta að lögum, mun það styðja mjög að meiri gætni í atvinnurekstri og viðskiptum allskonar en ríkt hefir nú undanfarið. Má í mörgum dæmum rekja ófarnað manna í viðskiptum til þess, hve illa þeir hafa fylgzt með atvinnurekstri sínum. Er ekkert ráð til við slíku annað en glögg reikningsfærsla, sem hvenær sem er gefur fullkomnar upplýsingar um rekstur viðkomanda og afkomu alla.

Við samning frv. þessa er að nokkru stuðst við erlend lög um sama efni, aðallega sænsk, sem öðluðust gildi 1. jan. þ. á.

Í frv. eru allmörg nýmæli, og mun þeirra getið í athugasemdum um einstakar greinar, er hér fara á eftir.

Um 1.—3. gr.

Í núgildandi lögum er ákvæðið um bókhaldsskyldu bundið við atvinnurekstrarleyfi. Eigi þótti fært að fylgja þessu grundvallaratriði í frumvarpinu, þar sem vitanlegt er, að fjöldi atvinnufyrirtækja og einstakir menn hafa mikið fjármagn til notkunar við atvinnurekstur sinn, þótt eigi þurfi þeir að leysa slík leyfisbréf. Hefir því sú stefna verið tekin upp, að skylda þá til að færa bækur, sem líklegt þykir, að noti til muna lánsfé við rekstur fyrirtækjanna, og ennfremur þá, sem sýnt þykir, að eigi muni geta komizt að niðurstöðu um tekjur sínar og gjöld nema með færslu bóka. Hafa ákvæðin í grein þessari verið sniðin mjög eftir sænsku lögunum, sem að framan getur.

Um 4. gr.

Eins og drepið hefir verið á hér að framan, er einn höfuðgalli núgildandi bókhaldslaga sá, að eigi er skipað fyrir um færslu yfirlitsreikninga um rekstur fyrirtækjanna. Ef eigi eru færðar aðrar bækur en þær, sem lög mæla fyrir um, verður bókhaldið mjög ófullkomið og óglöggt til eftirlits, niðurstöður ótryggar og lítt ábyggilegar. Virðist svo sem úr þessu verði ekki bætt nema með lögskipun tvöfalds bókhalds, og er ákvæði um það tekið inn í grein þessa. Nauðsyn yfirlitsreikninganna gerir ákvæði þetta óhjákvæmilegt, því með færslu þeirra verður bókhaldið tvöfalt (sjá 8. gr.). Eigi þykir rétt að lögbjóða eitt sérstakt kerfi bókhalds, þar sem sitt hentar hverjum í því efni. Er því tekin upp sú aðferð að skipa ákveðið fyrir um þær bækur, sem sameiginlegar verða hjá öllum fyrirtækjum, og síðan um færslu yfirlitsreikninga (sjá 8. gr.), en mönnum jafnframt í sjálfsvald sett, hversu þeir skipa þeim niður í bækurnar. Af þessu leiðir, að ákvæðum frumvarpsins er hægt að fullnægja með færslu hvaða tvöfalds bókfærslukerfis sem er.

Eitt grundvallaratriði tvöfaldrar bókfærslu er, að hver fjárhæð færist tvisvar. Af þessu leiðir, að hægt er hvenær sem er að sannprófa, hvort bækurnar eru rétt færðar. Ennfremur gefur þetta atriði tryggingu fyrir réttum niðurstöðum, og er það hið mesta hagræði fyrir hlutaðeigendur. Ýmsir, sem ókunnir eru málavöxtum, álíta, að miklu meiri vinna sé við færslu tvöfalds bókhalds en þess, sem nefnt er einfalt og fullnægjandi er samkvæmt núgildandi lögum. Gætir hér nokkurs misskilnings. Ef tvöfalt bókhald er fært á haganlegan hátt, er vinnuaukningin hverfandi í samanburði við mismun þann, sem verður á árangrinum af færslu þess annarsvegar og einfalda bókhaldsins hinsvegar. Sé fært einfalt bókhald, getur atvinnurekandinn, ef um veruleg viðskipti er að ræða, alls eigi komizt að niðurstöðu um rekstur sinn, nema með því að „gera upp“ allar bækur sínar, og þar sem slíkt kostar ærna vinnu, er það eigi að öllum jafnaði gert nema einu sinni á ári. Sé tvöfalt bókhald fært á réttan hátt, getur atvinnurekandinn ætíð fylgst með í rekstri fyrirtækisins, og leiðir það af færslu yfirlitsreikninganna. Er rétt að benda á í þessu sambandi, að haganlegasta fyrirkomulag fyrir flesta atvinnurekendur mun að færa yfirlitsreikninga þá, sem um getur í 8. gr., í sjálfri sjóðbókinni, sem þá nefnist sjóðdagbók samkv. frumv. (dálkakerfið). Verður þá sú eina bók nægileg til fullnægingar

ákvæðum frumvarpsins, sé eigi um nein lánsviðskipti að ræða, ella verða ennfremur að færast frumbækur og viðskiptamannabók (sjá 5. og 6. gr.).

Um 5. gr.

Grein þessi er að mestu samhljóða 2. gr. núgildandi laga.

Frumbækur þær, sem um ræðir í greininni, eru jafnnauðsynlegar kaupanda og seljanda. Samritið, sem viðskiptavinur fær hjá atvinnurekanda, gerir honum unnt að fylgjast með viðskiptum sínum. Atvinnurekanda eru bækur þessar nær ómissandi til notkunar við samdrátt undir innfærslu í aðrar bækur og yfirlitsreikninga (t. d. viðskiptamannabók, vörureikning o. s. frv.).

Um 6. gr.

Í grein þessari eru engin veruleg nýmæli. Samkvæmt núgildandi lögum er fyrirskipuð færsla sjóðbókar. Eru fyrirmælin um færslu bókarinnar aðeins nokkru ítarlegri hér. Nauðsynlegt þykir að leyfa færslu undirbóka fyrir sjóðgreiðslu, er jafnframt að skipa fyrir um innfærslu niðurstöðutalna þeirra daglega inn í sjálfa sjóðbókina, til þess að í henni sé ætíð að fá fullt yfirlit um öll peningaviðskipti.

Um 7. gr.

Viðskiptamannabók sú, sem um ræðir í þessari grein, notast að mestu á sama hátt og höfuðbókin, sem fyrirskipuð er í núgildandi lögum. Þó eru í grein þessari tvenn mikilsverð nýmæli, sem ganga í þá átt að gera mönnum léttara fyrir um færslu bókarinnar.

Hið fyrra er um færslu úttektar þeirrar, er samið er um greiðslu á viku- eða mánaðarlega. Samkvæmt núgildandi lögum er skylt að færa í höfuðbók (= viðskiptamannabók) niðurstöðutölur hverrar frumbókarnótu. Erfiðleikar á að fylgja þessu ákvæði hafa komið greinilega í ljós, einkum í Reykjavík, þar sem ofannefnd viku- og mánaðarviðskipti eru mjög algeng. Er því með ákvæðum greinar þessarar leyft að færa í einni fjárhæð í viðskiptamannabókina viku- eða mánaðarúttekt þeirra, sem samninga hafa svo sem að framan getur. Ennfremur er leyfilegt að færa sameiginlegan reikning í viðskiptamannabókinni fyrir þá, sem aðeins hafa slík samningsviðskipti. Verður heimild þessi til hins mesta verksparnaðar við færslu þessara viðskipta, án þess þó að rýra í nokkru tryggingunа, sem lánardrottnum á að vera í bókhaldi skuldunauta, eða gagn það, sem atvinnurekanda sjálfum er að bókhaldinu.

Hið síðara nýmæli er heimildin til þess að nota lausblaðabækur sem viðskiptamannabækur.

Notkun lausblaðabóka ryður sér nú mjög til rúms, til mikils verksparnaðar við reikningsfærslu. En jafnframt því, sem í lögum er gert ráð fyrir notkun þeirra, verður til tryggingar að setja ákvæði um, að í einhverri innbundinni lögskipaðri bók sé færður reikningur yfir öll þau viðskipti, sem tilfærð eru í lausblaðabækur, þar sem ætíð er nokkur hætta á, að blöð týnist úr bókum þessum.

Um 8. gr.

Eins og um hefir verið getið í athugasemd við 4. gr., er hér um algert nýmæli að ræða með fyrirskipun færslu yfirlitsreikninga þessara, og er í því fólgin höfuðbreytingin frá fyrirmælum núgildandi laga. Nægir að vísa til athugasemda við sömu grein um skýringu á nauðsyn reikninganna og ástæður fyrir því, að eigi er í frumvarpinu skipað nákvæmlega fyrir um, í hvaða bókum þeir skuli færðir.

Um 9. gr.

Fyrirmæli greinar þessarar um samning rekstrarreiknings er nýmæli, sem er bein afleiðing af ákvæðinu um tvöfalda bókfærslu, og hefir það eigi í för með sér aukna fyrirhöfn. Ákvæði greinarinnar um það, hvenær reikningsuppgerð skuli lokið, er í samræði við ákvæði skattalöggjafarinnar um sama efni.

Um 10. gr.

Nauðsynlegt þótti að setja ákvæði um, hvernig samningi efnahagsreiknings skyldi hagað í höfuðatriðum.

Um 11. gr.

Ákvæði greinar þessarar er sett með tilliti til þess, að fullkomið yfirlit um hag hlutaðeiganda sé eigi fengið nema þessar upplýsingar séu fyrir hendi. Eru fyrirmæli þessi sniðin að mestu eftir sænsku lögunum, sem að framan um getur.

Um 12. gr.

Greinin er að efni til samhljóða 1. málsgr. 6. gr. núgildandi laga um verzlunarbækur.

Um 13. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 4. gr. núgildandi laga um verzlunarbækur. Þó þótti rétt að setja ákvæði um, að eigi mætti færa lögskipaðar bækur með blýanti, aðrar en frumbækur, og eigi mætti rífa eða á annan hátt losa blöð úr bundinni lögskipaðri bók.

Um 14. gr.

Ákvæði þessarar greinar kemur í stað ákvæða 3. gr. núgildandi laga um að halda bréfabók.

Um 15. gr.

Ákvæði þessarar greinar er sett með það fyrir augum, að fyrir gæti komið, að nauðsyn bæri til, að upplýsingar væru fyrir hendi um rekstur hlutaðeiganda yfir langan tíma. Fyrirmælið er að mestu samhljóða ákvæðum sænsku laganna um þetta efni.

Um 16. gr.

Grein þessi er að mestu samhljóða 10. gr. núgildandi laga um verzlunarbækur.

Um 17. gr.

Nauðsynlegt þótti að hafa skýr fyrirmæli um tilhlutunarrétt lögreglustjóra um eftirlit með lögunum.

Um 18.—20. gr.

Þar sem brot gegn lögum þessum geta verið mjög misjafnlega refsiverð, þykir nauðsynlegt, að dómarinn sé eigi mjög bundinn í vali viðurlaga og geti fremur ákveðið hegningu eftir því, sem málefni standa til í hverju einstöku dæmi.

Um 21.—24. gr.

Þarfnast eigi skýringar.

23. Frumvarp

til laga um byggingu fyrir Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi 1931).

1. gr.

Á árunum 1934—1940 er landsstjórninni heimilt að láta reisa byggingu fyrir Háskóla Íslands. Höfuðbyggingin má kosta allt að 600 þúsundum króna, og skal verkið framkvæmt eftir því, sem fé er veitt í fjárlögum, eða með lántöku eftir heimild Alþingis. Svo skal hagað byggingunni, að taka megi nokkurn hluta hússinns til afnota fyrir Háskólann, þótt byggingin sé ekki fullger.

2. gr.

Skilyrði fyrir því, að ríkissjóður leggi fram fé til háskólabyggingar samkvæmt 1. gr., er það, að samkomulag náist við bæjarstjórn Reykjavíkur um, að Reykjavíkurbær gefi Háskólanum til kvaðalausrar eignar 8—10 hektara af landi á þeim stað, sem kennslumálaráðherra og háskólaráði þykir hentugt, og að Reykjavíkurbær leggi til vatn úr hitaveitu sinni til að hita höfuðbygginguna og væntanlegan stúdentabústað, með kostnaðarverði.

3. gr.

Landstjórninni heimilast að ætla húsrúm fyrir kennslu í uppeldisvísindum í væntanlegri háskólabyggingu og að láta reisa heimavist fyrir kennaraefni á þeim hluta lóðarinnar, sem ætlaður verður fyrir sjálfstæðar smábyggingar.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu að efni var lagt fyrir Alþingi 1930, og náði samþykki allra flokka í efri deild. Bæjarstjórn og borgarstjóri Reykjavíkur tók málinu einkarvel, og lagði til að Háskólinn fengi ennþá betri lóð, heldur en áður hafði verið um talað. Samkvæmt því yrði háskólabygging og stúdentagarður ekki reist á Skólavörðuhæðinni, heldur neðanvert við væntanlegan skemmtigarð, suður af Tjörninni. Ef Háskólinn fær þar til sinna þarfa 8—10 ha. af landi, verður þar hægt að bæta við byggingum eftir því sem þörf landsins krefur, þó að aldir líði.

Við meðferð Alþingis í fyrra hefir byggingarmál Háskólans tekið gerbreytingum. Áður var hugsað til að Háskólinn fengi eina allstóra byggingu, sem vel nægði þörfum hans, eins og hann er nú, og að heimavist fyrir 30—40 stúdenta yrði byggð þar hjá. En ekki var gert ráð fyrir vexti né nýjum viðfangsefnum. Háskólinn og stúdentaheimilið myndu hafa lokast inni í bænum, og eftir stutta stund hefði orðið að bæta við nýjum byggingum á allt öðrum stöðum í Reykjavíkurbæ. Með þessu móti hefði Háskólinn er til lengdar leið slitnað í sundur og ekki orðið sjálfstæð, lifræn heild.

Með frv. sem lagt var fyrir Alþingi 1930, var bætt úr þessu með því að gera ráð fyrir að Háskólanum væri þegar í upphafi tryggt land til umráða, 8—10 ha., en forráðamenn bæjarins munu heldur vilja láta land þetta á öðrum stað en suður af Skólavörðu, og virðist það vera, ef á allt er litið, um meiri hagræði að gera fyrir Háskólann. Nú er bætt við skilyrði, sem öll sanngirni mælir með, að bærinn leggi til heitt vatn til hitunar hinum fyrstu byggingum, stúdentagarði og kennslustofum. Með kostnaðarverði er átt við að eigi sé tekið verð fyrir vatnið sjálft, heldur hlutfallslega fyrir kostnaði við leiðslu til bæjarins.

Við háskóla, sem enn eru í myndun, t. d. í Árósum í Danmörku, er höfð hin sama ráðagerð og hér. Bærinn leggur til mikið samfellt land í útjaðri borgarinnar, og háskólinn verður ekki ein stór bygging, heldur rísa smátt og smátt margar aðskildar, en skipulagsbundnar byggingar.

Sú tilhögun, sem gert var ráð fyrir í fyrravetur, að nota nokkur ár til undirbúnings málinu, er því nauðsynlegri, þar sem yfirstandandi erfiðleikar atvinnulífsins í landinu valda því, að tæplega mun þykja ráðlegt að leggja út í stórbyggingar fyr en yfirstandandi kreppu hefir létt af.

24. Frumvarp

til laga um kirkjugarða.

(Lagt fyrir Alþingi 1931).

1. gr.

Í kirkjugörðum þjóðkirkjunnar á hver maður rétt til legstaðar þar í sókn, sem hann andast, hefur átt lögheimili eða óskað legstaðar. Sjóreknir menn og drukknaðir eiga legstað þar, er þeir eru á land fluttir, og þeir, er á fjöllum eða öræfum andast, þar í sókn, er þeir eru fyrst fluttir til byggða.

2. gr.

Hver kirkjugarður þjóðkirkjunnar er sjálfseignarstofnun með sérstöku fjárhaldi, í umsjón og ábyrgð safnaðar undir yfirstjórn biskups.

Sóknarnefnd hefir á hendi umsjón og fjárhald kirkjugarðs, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

3. gr.

1. Skylt er sveitar- eða bæjarfélagi því, er liggur innan sóknar, að leggja til ókeypis hæfilegt kirkjugarðstæði eða grafreit, svo og hleðslu- eða steypuefni — sand og möl — í girðingu, þó svo, að kvaðir þær, er þegar eru á jörðum og lóðum, þar sem kirkjugarðar standa, haldist óbreyttar.
2. Þar, sem ekki er völ á nægilega þurrum eða djúpum jarðvegi til kirkjugarðsstæðis, skal sveitar- eð bæjarfélagið kosta framræslu eða uppfyllingu landsins, svo að unnt verði að taka nægilega djúpar grafir og vatn standi ekki í gröfum.
3. Þar, sem kirkja er ekki í kirkjugarði, leggur sveitar- eða bæjarfélag veg frá kirkju að kirkjugarði og heldur honum akfærum. Ennfremur leggur sveitar- eða bæjarfélag til ókeypis hæfilegan ofaníburð í götur og gangstíga kirkjugarðs, ef þess er krafizt.
4. Í kaupstöðum og kauptúnum sér sveitar- eða bæjarfélag fyrir nægilegu vatni til vökvunar blóma og trjágróðri í kirkjugarðinum, úr vatnspípum innan garðs, þar sem við verður komið, eða úr brunni í nánd, þar sem engin óhollusta getur af honum stafað.
5. Nú hafa fleiri en eitt sveitarfélag, eða bæjarfélag og hreppur eða hreppshluti, sameiginlegan kirkjugarð, og skal þá skipta kostnaðinum niður á hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélög, eða hluta þeirra, eftir mannfjölda í hverju þeirra fyrir sig.
6. Heimilt er, með samþykki dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, að taka eignarnámi hentuga lóð undir kirkjugarð, samkv. lögum nr. 61, 14. nóv. 1917.
7. Rétt er sóknarnefnd, ef óhæfilegur dráttur verður á framkvæmd þeirra verka, er getur í 2. gr. og 3. lið þessarar greinar, að taka sjálf að sér fram-

kvæmd þeirra að nokkru eða öllu leyti. Gerir hún þá reikning yfir kostnaðinn að verkinu loknu, en bæjar- eða sveitarstjórn kýs mann til að endurskoða reikninginn og sætir reikningurinn úrskurði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, ef ágreiningur verður. Sveitar- eða bæjarstjórn greiðir síðan reikninginn innan mánaðar frá því endurskoðun hefir farið fram.

4. gr.

Sóknarmönnum er skylt að koma upp og halda við fjárheldri og viðeigandi girðingu um kirkjugarð sinn, með steinlímdu hliði og vandaðri grind, sem hægt er að tvílæsa.

5. gr.

Þegar girða þarf grafreit, gamlan eða nýjan, gerir lögmætur eða ályktunarfær safnaðarfundur ályktun um fyrirkomulag girðingar og efni hennar. Girðing skal vera úr vel hlöðnu grjóti, steinsteypu eða öðru sæmilegu efni, að dómi prófasts.

Nú er kirkjugarður fjarri kirkju; skal þá vera klukka í sáluhliði eða líkhúsi til hringingar.

6. gr.

Sóknarnefnd sér um framkvæmd verksins við girðingu grafreita, samkvæmt því, er fyrir er mælt í lögum þessum. Að verkinu loknu gerir sóknarnefnd reikning yfir kostnaðinn og sætir hann úrskurði héraðsfundar.

7. gr.

Lögmætur eða ályktunarfær safnaðarfundur tekur ákvarðanir um hvenær taka skal upp nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan, enda komi samþykki prófasts til.

Nú sýnir söfnuður vanrækslu í þessu efni, skipar prófastur þá fyrir um stækkun eða flutning kirkjugarðs, telji hann garðinn eigi lengur greftrunarhæfan. Skjóta má úrskurði prófasts til biskups.

Þegar gera á nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan, skal sóknarnefnd leita álits héraðslæknis og fá vottorð hans um að kirkjugarðsstæði sé valið samkvæmt heilbrigðisreglum. Síðan skal hún gera uppdrátt í 3 eintökum að fyrirhuguðum kirkjugarði, eða viðbót. Skulu þar markaðir aðalgangsstígar ekki mjórri en 1½ m. og aðrir stígar ekki mjórri en 1¼ m. og öllu skipulagi garðsins vel fyrir komið. Mælikvarði uppdrátta þessara skal vera 1 á móti 200.

Sendir síðan sóknarnefnd uppdrætti þessa, ásamt vottorði héraðslæknis, biskupi til staðfestingar, ásamt umsögn sóknarprests og prófasts.

Vilji biskup ekki samþykkja uppdrætti þessa, ber hann málið undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið, er leggur á það úrskurð að fengnu áliti sérfróðs manns um skipulag kirkjugarða.

Nú vill ráðuneytið ekki samþykkja uppdrátt og lætur það þá sérfróðan mann gera nýjan skipulagsuppdrátt í 3 eintökum og sendir biskupi.

Geymir síðan biskup uppdráttinn, en sóknarprestur og sóknarnefnd hvorn hinna.

8. gr.

Sóknarnefndir skulu, innan árs frá því, er lög þessi öðlast gildi, láta gera uppdrætti að kirkjugörðum þeim, sem nota má til nokkurrar frambúðar, að dómi prófasts. Skal mælikvarði uppdrátta þessara vera hinn sami sem að nýjum görðum. Þar skal marka fyrir legsteinum og að minnsta kosti öllum nýjustu leiðum.

Kallar prófastur eftir uppdráttum þessum í tæka tíð og sendir biskupi.

Lætur kirkjustjórnin þá sérfróðan mann gera tillögur um, hvernig skipulagi hvers kirkjugarðs verði bezt fyrir komið til frambúðar og gera uppdrætti þar að lútandi. Og fer um þá síðan sem um uppdrætti að nýjum görðum.

9. gr.

Sóknarnefndir skulu annast um að greftrun sé hagað samkvæmt staðfestum uppdrætti, enda er ekki heimilt að taka gröf annarsstaðar í kirkjugarði en þar, sem sóknarnefnd eða umboðsmaður hennar leyfir.

Bannað er að taka gröf innan kirkju.

Jafnóðum og grafið er, skulu leiðin mörkuð á uppdrætti sóknarnefndar og tölusett. En nafn hins jarðaða og greftrunardag ber að setja á legstaðaskrá, er fylgja skal uppdrættinum.

Sóknarprestur skal a. m. k. einu sinni á ári tölusetja á uppdrætti sínum ný leiði samkvæmt uppdrætti sóknarnefndar.

10. gr.

Grafir skulu vera svo djúpar, að a. m. k. fullur meter sé frá kistuloki á grafarbarm. Skyldur er sá, er gröf lætur taka, að ganga vel frá legstaðnum svo fljótt, sem við verður komið, og færa burt úr garðinum grjót og mold, ef ekki er allt látið aftur ofan í gröfina. Sé þetta vanrækt, lætur sóknarnefnd, eða umboðsmaður hennar, gera verkið á kostnað hlutaðeiganda.

11. gr.

1. Sóknarnefnd er skylt að annast um að allar götur og gangstígar garðsins séu snyrtilegir og vel við haldið. Skal hún sjá um að garðurinn sé sleginn, en þó með varúð, og að skepnur komist þar alls ekki inn.
2. Hlutaðeigendum ber að annast um að legstaðir séu jafnan vel og smekklega hirtir.
3. Vanræki hlutaðeigendur skyldur sínar samkvæmt 2. lið, skal sóknarnefnd eða umboðsmaður hennar halda leiðum við og hreinsa af þeim illgresi á kostnað þeirra hlutaðeigenda, er til næst, en ella á kostnað kirkjugarðsins.
4. Hlutaðeigendum er skylt að halda við girðingum og legsteinum á leiðum. En sé það vanrækt þrátt fyrir aðvörun sóknarnefndar, er henni heimilt að láta slétta yfir legstaðinn og flytja ónýtar eða óviðeigandi

girðingar burtu, en setja slíka legsteina í skipulega röð á þeim stað í garðinum, er prófastur telur bezt fara á.

12. gr.

Rétt er sóknarnefnd að banna grafkapellur í kirkjugörðum, nema í sérstökum röðum og gegn gjaldi, sem ákveða má í reglugerð. Henni er og heimilt að setja reglur um fyrirkomulag girðinga um leiði, svo að sem bezt samræmi verði í garðinum.

Þar, sem líkbrennsla fer fram, en menn vilja þó geyma duftker með bálfararleifum í kirkjugarði, getur sóknarnefnd ákveðið, að kerin skuli grafin í sérstökum röðum, eða geymd í grafkapellum, er bæjarstjórn eða bálfararfélög reisa innan kirkjugarðs í því skyni. Hefir þá sóknarnefnd allar hinar sömu skyldur til eftirlits með viðhaldi grafkapellu og varðveizlu bálfararleifa sem með einstökum leiðum í kirkjugarði.

13. gr.

1. Sóknarnefnd er heimilt, með samþykki safnaðarfundar, að ráða sérstakan umsjónarmann kirkjugarðs og greiða honum þóknun fyrir starf sitt.
2. Hefir umsjónarmaður þá allt eftirlit með kirkjugarðinum á hendi, undir yfirumsjón sóknarnefndar og á ábyrgð hennar, og gefur hún honum erindisbréf.
3. Sóknarnefnd getur falið umsjónarmanninum að taka allar grafir í garðinum gegn ákveðnu gjaldi.
4. Einnig getur sóknarnefnd falið umsjónarmanni árlegt viðhald legstaða fyrir einstaka menn, er þess óska, og setur hún honum þá gjaldskrá.
5. Í kaupstöðum getur lögmætur eða ályktunarfær safnaðarfundur veitt sóknarnefndinni, fyrir hönd kirkjugarðsins, einkaheimild til að nota líkvagna við jarðarfarir gegn hæfilegu gjaldi, sem rennur í sjóð kirkjugarðsins.

14. gr.

Sóknarnefndir skulu stuðla að því, að legstaðir séu smekkvíslega prýddir, með blómplöntum þeim, er bezt þola veðráttufar landsins. Ber þeim í því skyni að sjá um eða fela manni innan sóknar fyrir sína hönd að annast fyrir þá, er þess óska, útvegun skrautplantna til gróðursetningar á leiðum.

15. gr.

Skógræktarstjórn landsins skal skylt að láta sóknarnefndum í té trjáplöntur til gróðursetningar meðfram girðingum kirkjugarða að innanverðu og meðfram gangstígum innan garðs. Skulu trjáplöntur þessar látnar ókeypis.

Ræktunarstöðvum, sem styrktar eru af almannafé, er skylt að láta sóknarnefndum, eða umboðsmönnum þeirra, í té blóma- og trjáplöntur til gróðursetningar á leiðum gegn vægu gjaldi.

16. gr.

Nú eru í einhverju prestakalli fullur ⅓ hluti íbúa í utanþjóðkirkjusöfnuði, er hefir safnaðarstjórn og prest, eða forstöðumann, er hlotið hefir staðfestingu ráðherra. Skulu þá sóknarnefnd þjóðkirkjusafnaðar og safnaðarstjórn slíks safnaðar kjósa hvor úr sínum hópi sérstaka kirkjugarðsstjórn. Skipa hana 5 menn, og á hvor safnaðanna þar fulltrúa eftir mannfjölda í hvorum þeirra fyrir sig. Sbr. þó 38. gr.

Hefir kirkjugarðsstjórnin þá á hendi allar skyldur og ábyrgð sóknarnefnda, að því er tekur til kirkjugarðsins.

Legstaðasjóðir.

17. gr.

Heimilt er að stofna legstaðasjóði í hverri sókn.

18. gr.

Í legstaðasjóð geta menn lagt fé, sem ávaxtast þar til viðhalds legstaðar þess, er hlutaðeigandi óskar.

19. gr.

Sóknarnefnd hefir á hendi stjórn sjóðsins undir yfirstjórn prófasts, og er henni skylt að ávaxta innlögin í Söfnunarsjóði Íslands, þannig, að hver legstaður hafi sérstaka viðskiptabók.

Stofnandi hvers sjóðs skal í samráði við sóknarnefnd setja fyrirmæli um, hvernig verja skuli útborguðu vaxtafé, til viðhalds og endurnýunar legstaðnum, og er sóknarnefnd þá skylt að sjá um, að þeim fyrirmælum sé fylgt.

Niðurlagðir kirkjugarðar.

20. gr.

Nú vilja sóknarmenn leggja kirkjugarð niður. Skal sóknarnefnd þá boða til almenns safnaðarfundar og auglýsa í fundarboðinu umræðuefni fundarins og tillögur sínar um það. Er sú ákvörðun gild, sem gerð er með ⅔ atkvæða atkvæðisbærra manna á lögmætum eða ályktunarfærum safnaðarfundi, ef samþykki prófasts og biskups kemur til.

21. gr.

Niðurlagðir kirkjugarðar skulu taldir meðal fornleifa og sér dóms- og kirkjumálaráðuneytið um að friðhelgi þeirra sé lýst á þingi.

22. gr.

Sóknarnefnd lætur gera griphelda girðingu um niðurlagðan kirkjugarð og heldur henni við á kostnað sóknarkirkjugarðsins, á meðan vel sést

til leiða í kirkjugarðinum. Næstu 20 ár, eftir að kirkjugarður hefir verið lagður niður, má þar jarða einstaka menn, ef rúm leyfir og klukka er þar til hringingar, en skylt er þeim, er lætur grafa, að setja trausta girðingu um legstaðinn og leggja hæfilega fjárupphæð í legstaðasjóð, honum til viðhalds.

23. gr.

Nú eru liðin meira en 20 ár frá því er kirkjugarður var lagður niður og vill meiri hluti atkvæðisbærra manna á lögmætum safnaðarfundi slétta yfir garðinn og gera að grasreit. Skal það þá heimilt, ef ráðuneytið samþykkir, að fengnum tillögum biskups og fornmenjavarðar.

Eru þá öll minnismerki í garðinum á ábyrgð vandamanna hinna látnu, en heimilt er þeim að halda slíkum legstöðum óhögguðum, ef þeir halda þar við sómasamlegri girðingu.

Niðurlagðan grafreit má ekki nota til neins þess, er óviðurkvæmilegt er, að dómi prófasts. Ekki má þar neitt jarðrask gera, svo sem með kjallaragreftri eða skurðagerð, fyrr en 100 ár eru liðin frá því, er þar var síðast jarðað. Þó getur ráðuneytið, að fengnum tillögum biskups, veitt undanþágu frá þessu ákvæði, þegar liðin eru 60 ár.

Nú hefir ráðuneytið leyft að slétta yfir niðurlagðan kirkjugarð. Getur það þá mælt svo fyrir, að þau minnismerki, sem þar eru og enginn hirðir um, séu flutt til sóknarkirkjugarðsins á kostnað hans, og komið þar fyrir í garðinum í skipulegri röð, á þeim stað, er prófastur telur bezt fara.

24. gr.

Prófastur felur sóknarpresti að gera skrá yfir alla legsteina og minnismerki í niðurlögðum kirkjugörðum, og skal þar öllum merkilegum eða fornum legsteinum lýst sérstaklega. Skrá þessa sendir prófastur biskupi. Leitar kirkjustjórnin þá álits fornmenjavarðar og skal síðan með þá legsteina fara svo sem hún mælir fyrir um.

25. gr.

Þar sem sjór brýtur gamla kirkjugarða eða niðurlagður kirkjugarður eyðist af uppblæstri, svo að bein framliðinna koma í ljós, ber prófasti að tilkynna kirkjustjórninni það. Gerir hún fornmenjaverði aðvart og getur hún þá með ráði hans gert þær ráðstafanir, er þurfa þykir. Er sóknarnefnd þá skylt, ef þess er krafizt, að láta færa bein framliðinna til greftrunar í kirkjugarði sóknarinnar, á kostnað kirkjugarðsins.

Um líkhús o. fl.

26. gr.

Sóknarnefnd er heimilt, ef safnaðarfundur samþykkir, að láta reisa líkhús við kirkju eða í kirkjugarði, á kostnað kirkjugarðsins. Ennfremur verkamannaskýli í kirkjugarði, eða við hann, með nauðsynlegum þægindum fyrir starfsmenn kirkjugarðsins.

27. gr.

Áður en sóknarnefnd framkvæmir verkið skal hún tilkynna það prófasti, en hann aftur kirkjustjórninni. Felur hún þá húsameistara að gera uppdrátt að byggingunni, og skal síðan fara eftir þeim uppdrætti, eða öðrum, er ráðuneytið samþykkir.

28. gr.

Líkhús skal vera úr steinsteypu og með steinsteyptu gólfi, eða öðru jafnhentugu til sótthreinsunar, að dómi héraðslæknis. Skulu veggir og gólf vandlega sléttuð og séð fyrir nægilegri loftræslu. Í líkhúsi og verkamannaskýli skal vera vatnsveita og frárennsli, ef við verður komið.

Um fjárhag kirkjugarða.

29. gr.

Sóknarnefnd er heimilt, að fengnu samþykki safnaðar- og héraðsfundar, að taka upp legkaup í sókn sinni, með samþykkt, er ráðuneytið staðfestir.

Sóknarnefndin innheimtir þá legkaupið gegn 6% innheimtulaunum.

30. gr.

Fyrir hver áramót skal sóknarnefndin gera fjárhagsáætlun fyrir kirkjugarðinn næsta ár.

Nú hrökkva ekki tekjur kirkjugarðsins fyrir útgjöldum, og skal sóknarnefndin þá jafna því, er á vantar, niður á útsvarsgreiðendur í sókninni, sem hundraðsgjaldi af útsvörum þeirra, sbr. þó ákvæði 38. greinar.

Þó má hundraðsgjald þetta ekkert ár fara fram yfir 2%, nema safnaðarfundur leyfi.

Nú er í sókn meira en eitt sveitar- eða bæjarfélag, skal þá fyrst skipta gjaldinu niður á þau eftir íbúatölu hvers þeirra innan sóknarinnar.

Eindagi hundraðsgjaldsins er sá sami sem á útsvörum. Innheimtumönnum ríkissjóðs í kaupstöðum og oddvitum, eða innheimtumönnum sveitasjóða, er skylt að innheimta hundraðsgjaldið gegn 6% innheimtulaunum, ef sóknarnefnd óskar. Ella innheimtir sóknarnefnd gjaldið gegn sömu þóknun.

31. gr.

Lögtaksréttur fylgir öllum þeim gjöldum, sem mælt er fyrir í lögum þessum.

32. gr.

Um reikningshald kirkjugarðs- og legstaðasjóðs, svo og hvenær reikning skuli senda prófasti, og um ábyrgð sóknarnefndar, gilda sömu ákvæði sem um reikningshald safnaðarkirkna.

Um heimagrafreiti.

33. gr.

Heimilt er ráðherra að veita leyfi til að taka upp heimagrafreiti samkvæmt lögum þessum.

34. gr.

Nú óskar einhver að taka upp heimagrafreiti á jörð sinni, fyrir sig og konu sína og börn þeirra, og sendir hann þá beiðni um það til biskups. Beiðninni skal fylgja vottorð héraðslæknis um að staðurinn sé vel valinn, og ennfremur fullnægjandi skipulagsuppdráttur af reitnum, ásamt uppdrætti af fyrirhugaðri girðingu.

35. gr.

Biskup leggur síðan beiðnina, ásamt fylgiskjölum, fyrir ráðuneytið ásamt tillögum sínum, og getur ráðherra veitt umsækjanda leyfið, ef hann fullnægir eftirfarandi skilyrðum:

a. Setur hæfilegt veð fyrir því, að hann reisi í tæka tíð trausta og vandaða girðingu um reitinn samkvæmt uppdrætti.
b. Leggur hæfilega fjárhæð, að dómi ráðuneytisins, þó aldrei minna en 600 kr., í legstaðasjóð sóknarkirkjugarðsins, grafreitum til viðhalds, endurnýjunar og eftirlits.
c. Greiðir öll gjöld til kirkjugarðs sóknar sinnar, svo sem aðrir menn í sókninni.

36. gr.

Sóknarnefnd varðveitir viðskiptabækur legstaðasjóðs til viðhalds heimagrafreitum í sókninni, undir yfirstjórn prófasts. Er henni skylt að sjá um viðhald heimagrafreita í sókninni, ef vandamenn hinna látnu flytjast burt eða falla frá, og gilda þar um sömu reglur sem um viðhald þeirra legstaða í kirkjugarði, sem legstaðasjóður er lagður til.

37. gr.

Prófasti er skylt að hafa eftirlit með heimagrafreitum á yfirreiðum sínum.

Ferðakostnað prófasts til eftirlits með heimagrafreit greiðir jarðareigandi, nema biskup leyfi, að hann megi greiða af útborguðum vöxtum legstaðasjóðs.

Skjóta má ferðakostnaðarreikningi prófasts til úskurðar kirkjustjórnar.

Um grafreiti utanþjóðkirkjumanna.

38. gr.

Heimilt er viðurkenndum söfnuðum utan þjóðkirkjunnar að taka upp sérstakan grafreit, með samþykki ráðuneytisins.

Setur ráðuneytið þá safnaðarstjórninni allar hinar sömu reglur um skipulag, umgengni og viðhald slíkra grafreita, sem sóknarnefndum þjóðkirkjusafnaða, að því er við á. Safnaðarmenn utanþjóðkirkjusafnaða, er hafa sérstakan grafreit, eru ekki skyldir að greiða hundraðsgjald til kirkjugarðs sóknarinnar, meðan þeir halda reitnum sómasamlega við og fylgja settum reglum.

Um reglugerð, samþykktir o. fl.

39. gr.

Ráðuneytið gefur út reglugerð um kirkjugarða í samráði við biskup. Skal þar setja nánari ákvæði og leiðbeiningar um ýmis atriði, er snerta kirkjugarða, svo sem um umgengni þeirra, útmælingu legstaða, ættargrafreiti, tilhögun á greftri o. fl. þess háttar.

40. gr.

Sóknarnefndum er heimilt, með leyfi safnaðar- og héraðsfundar, að setja nánari ákvæði um kirkjugarð og greftrun í samþykkt, er ráðherra staðfestir, samkvæmt tillögum biskups. Má þar setja ákvæði um legkaup, gjald fyrir grafkapellur og um gerð þeirra, lokunartíma kirkjugarða í kaupstöðum og það annað, sem nauðsynlegt þykir að haga eftir staðháttum.

41. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum 10—500 kr., enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

Mál, sem rísa kann út af lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál.

42. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 39, 8. nóv. 1901, um kirkjugarða og viðhald þeirra, lög nr. 29, 15. júní 1926 um líkhús. Ennfremur eru afnumin öll ákvæði eldri laga, er koma í bága við lög þessi.

43. gr.

Meðan verið er að koma lögum þessum í framkvæmd er ráðuneytinu heimilt að taka sérfróðan mann, sér til aðstoðar, til að veita nauðsynlegar leiðbeiningar.

Athugasemdir.

Alkunna er, hve víða er áfátt um viðhald og hirðingu kirkjugarða, svo að nærri heggur þjóðarskömm sumstaðar. Veldur því bæði rótgróinn vani og sinnuleysi almennings, svo og erfið aðstaða sóknarnefnda, þar sem þær hafa óvíða átt kost á leiðbeiningum og löggjöfin eigi heldur veitt þeim þá aðstoð sem skyldi.

Þó hafa prestar og sóknarnefndir víða beitt sér fyrir umbótum, einkum hin síðustu ár, svo að allvíða sér þess merki.

En einmitt þær sóknarnefndir, sem helzt hafa unnið að umbótum, hafa fundið tilfinnanlega til ýmsra ágalla í löggjöf vorri um kirkjugarða. Og hafa kirkjumálanenfdinni borizt um það kvartanir frá einstökum sóknarnefndum.

Í frumvarpi þessu er reynt að bæta úr þeim göllum, er framkvæmdarsömum sóknarnefndum hafa þótt tilfinnanlegastar á núverandi löggjöf í þessu efni. Og hefir verið reynt að sníða frumvarp þetta eftir því, sem við getur átt, bæði í fjölmennum kaupstöðum og sveitum.

Umbætur í þessu efni eru fyrst og fremst menningarmál.

Á því byggist nú meginhugsun frumvarpsins, að allir menn, utan þjóðkirkjunnar sem innan hennar, hafi jafnan rétt til legstaða í kirkjugarði, og beri þar af leiðandi jafnar skyldur, nema þeir séu í viðurkenndum söfnuði, sem óskar að vera sér um grafreit.

Eru kirkjugarðarnir þá eigi kirkjumál einvörðungu, heldur verða þeir jafnframt að teljast til heilbrigðis- og menningarmála byggðarlagsins. Á þeirri hugsun byggjast kvaðir þær, sem lagðar eru á sveitar- og bæjarfélög samkvæmt frumvrpi þessu, enda eru þær í samræmi við og í beinu framhaldi af lagasetningum síðasta Alþingis, sbr. lög nr. 13, 14. júní 1929.

Þar sem frumvarpið er byggt á þeim grundvelli, að allir menn, utan þjóðkirkjunnar og innan, hafi sama rétt og skyldur, að því er tekur til kirkjugarðanna, þá leiðir þar af, að kirkjugarðar verða að hafa sérstakt reikningshald og sérstakan fjárhag, einnig þar, sem sóknarkirkjan er safnaðarkirkja.

En þótt fjárhagur kirkju og kirkjugarðs sé aðskilinn, þykir sjálfsagt, að sóknarnefndirnar hafi áfram umsjón kirkjugarða og fjárhald. Hafa bæjar- og sveitarsjórnir þegar ærin verkefni, en ef fela ætti umsjón kirkjugarðanna sérstökum nefndum, mundu þær nefndir, eða kirkjugarðsstjórnir, oftast skipaðar sömu mönnum sem sóknarnefndirnar. Þar sem rétt þykir að kirkjugarðar séu áfram í umsjón sóknarnefndanna, verður prófastum og biskupi að bera öll yfirumsjón, enda er í frumvarpi þessu all-mjög hert á eftirlitsskyldu prófastanna.

Augljóst er, að öllum hinum nauðsynlegustu umbótum verður ekki komið fram með lagasetningu einni saman. En þar sem áhugi er víða að vakna meðal sóknarnefnda og safnaða í þessu efni, virðist rétt að löggjafarvaldið styðji að þeirri viðleitni með löggjöf í þá átt, er áhugasamir söfnuðir hafa óskað.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í grein þessari felst megin-hugsun frumvarpsins, að í kirkjugörðum þjóðkirkjunnar eigi menn rétt til legstaðar hverrar trúar sem eru. Þar af leiðir, að allir hafa sömu skyldur gagnvart kirkjugarði sóknar sinnar, hvort sem þeir eru í þjóðkirkjunni eða utan hennar, nema þeir séu í utanþjóðkirkjusöfnuði, er hefir sérstakan grafreit.

Samkvæmt Kristnirétti Árna biskups 11. kap., sem enn er í gildi að þessu leyti, veitir lögheimili innan sóknar ekki rétt til legstaðar í kirkjugarði sóknarinnar, ef maður andast utan sóknar. Þykir því rétt að setja fyllri ákvæði hér að lútandi, svo og um sjórekna menn og þá, er í öræfum andast.

Um 2.—3. gr.

Þar sem réttur til legstaðar í kirkjugörðum er samkvæmt frumvarpi þessu ekki bundinn við það, að menn séu meðlimir þjóðkirkjunnar, þykir ekki rétt að kirkja og kirkjugarðar hafi sameiginlegan fjárhag, enda getur það valdið erfiðleikum í framkvæmd, sérstaklega í stórum kaupstöðum.

Þykir því sjálfsagt, að hver kirkjugarður sé sjálfseignarstofnun með sérstöku fjárhaldi. Hinsvegar er talið rétt, að fela söfnuðum umsjón kirkjugarða og ábyrgð, en ekki t. d. sveitar- eða bæjarstjórnum, er hafa með höndum svo margskonar óskyld störf.

Sjálfsagt þykir að fela biskupi eftirlit með því, að söfnuðir gæti skyldu sinnar.

Um 3. gr.

1. Ákvæðin í 1. lið um kirkjugarðsstæði eru í samræmi við lög nr. 13, 14. júní 1929 um kirkjugarðsstæði í Reykjavík, og kemur væntanlega eigi til framkvæmda, nema í þeim kaupstöðum, sem hinar fornu kvaðir á jörðum, þar sem kirkjur standa, ná eigi til.
2. Þar sem sveitar- eða bæjarfélagi er gert að skyldu að leggja til ókeypis *hæfilegt* kirkjugarðsstæði, verður því að bera skylda til að bæta úr því, sem á vantar að svo sé.
3. Vegur að kirkjugarði verður að teljast almenningi jafn-nauðsynlegur sem hreppa- og bæjarvegir. Síðari málsgrein í 3. lið tekur væntanlega aðeins til kaupstaðanna.
4. Þar sem nægilegt vatn til vökvunar er svo nauðsynlegt skilyrði blóma- og trjáræktar, sem ætti að vera höfuðprýði kirkjugarða, þykir þetta ákvæði nauðsynlegt.

Um 4.—6. gr.

Virðast eigi þurfa skýringa.

Um 7. gr.

Þó að safnaðarfundur hafi ákvörðunarvald um upptöku kirkjugarðs eða stækkun, þykir rétt að veita prófasti úrskurðarvald, ef söfnuður vanrækir skyldur sínar í því efni, þegar gamall kirkjugarður er útgrafinn.

Sjálfsagt þykir, að setja fyrirmæli um skipulag nýrra kirkjugarða og þykir það auðveldara til eftirlits að uppdrættir séu sendir á einn stað til staðfestingar.

Ef eigi eru í einhverri sveit hæfir menn til að gera uppdrætti þessa, mun þess jafnan vera kostur að fá til þess trúnaðarmann Búnaðarfélags Íslands, er hann er á ferð um sveitina.

Um 8. gr.

Þar sem nýr kirkjugarður er fyrir skömmu upptekinn, eða eldri kirkjugarður verður notaður til verulegrar frambúðar, þykir rétt að stuðla að skipulegum greftri í honum með því, að láta sóknanefnd í té ókeypis góðan skipulagsuppdrátt. Og ber prófasti að sjá um að greftri sé hagað samkvæmt þeim uppdrætti.

Um 9.—10. gr.

Virðast eigi þurfa skýringa.

Um 11. gr.

Ræðir um hirðingu og umgengni kirkjugarða. Þykir óhjákvæmilegt að sóknarnefndir geti veitt þeim hlutaðeigendum nokkurt aðhald, er vanrækja að hirða um legstaði ættmanan sinna eða vandamanna, svo að óprýði sé að.

Um 12. gr.

Ef grafkapellur eru ekki bannaðar, sem þykir, ef til vill, of mikil takmörkun á frelsi einstaklingsins, þá virðist rétt að heimila sérstakt gjald af þeim, og setja reglur um, að þær séu reistar í sérstökum röðum, þar sem bezt þykir fara, svo að þær spilli eigi heildarsvip garðsins.

Þar sem lög nr. 41, 3. nóv. 1915 veita heimild til að setja í reglugerð þau ákvæði um líkbrennslu, er nauðsynleg þykja, virðist eigi ástæða til að taka fram annað, en hér er gert, um bálfarleifarnar.

Um 13. gr.

Ákvæði þessi þykja nauðsynleg í kaupstöðum. Ákvæði í 5. lið veitir útfararstjórum aðhald um verðlag.

Um 14.—15. gr.

Þar sem vel hirtur blóma- og trjágróður er hin kostnaðarminnsta, en fegursta prýði í hverrjum kirkjugarði, þykir rétt að stuðla að því og hvetja menn til þeirrar ræktarsemi, þann veg, sem hér er gert.

Þykir og sennilegt, að það örvi menn til meiri blóma- og trjáræktar yfirleitt, einkum þar sem líklegt má telja, að sóknarnefndir feli ungmennafélögunum að annazt gróðursetningu trjáplantanna og hirðingu þeirra.

Um 16. gr.

Þó söfnuðum utan þjóðkirkjunnar sé veitt heimild til að taka upp sérstakan grafreit, sbr. 38. gr., þykir rétt að fjölmennir utanþjóðkirkjusöfnuðir, er vilja nota kirkjugarð sóknarinnar, fái rétt til að taka þátt í stjórn kirkjugarðsins, að tiltölu við mannfjölda.

Um 17.—19. gr.

Legstaðasjóðir eru nýmæli. En þar sem vitað er, að ýmsir vilja gefa nokkurt fé til varðveizlu legstaða sinna, eða sinna nánustu, ef einhverjum aðilum bæri skylda til að sjá um að því fé yrði varið samkvæmt tilgangi gefanda, þá þykir rétt að setja þessi ákvæði. Er sóknarnefndum þar með gert að skyldu að annast um að fyrirmælum gefanda sé fylgt.

Líklegt er og, að ýmsir stofnendur legstaðasjóða setji þau ákvæði í stofnskrá, að er sjóðurinn hafi náð tiltekinni fjárhæð megi verja meiri eða minni hluta vaxtanna á annan veg til minningar um látinn ástvin.

Um 20.—25. gr.

Þótt víða hafi verið áfátt um hirðingu kirkjugarðanna, hefir þó yfirleitt mest kveðið að vanrækzlu niðurlagðra kirkjugarða. Hefir það að vonum oftlega sært tilfinningar þeirra manna, er þar eiga leiði dáinna vandamanna, svo sem foreldra eða ömmu og afa, þótt þeir hafi ekki fengið rönd við reist, þar sem löggjafarvaldið hefir veitt þeim litla aðstoð. Er því nokkuð hert á eldri ákvæðum um varðveizlu þeirra kirkjugarða, sem lagðir eru niður. Ennfremur er fornmenjaverði veitt hægari aðstaða til eftirlits með verndun menja í niðurlögðum kirkjugörðum.

Um 26.—28. gr.

Ræða um líkhús, verkamannaskýli í kirkjugarði o. fl. Eru ákvæðin miðuð við staðhætti í stærstu kaupstöðum landsins, aðallega í Reykjavík.

Um 29.—32. gr.

Ræða um fjárhag og reikningshald kirkjugarða. Þar sem 1. gr. frumvarpsins veitir öllum mönnum, hverrar trúar sem eru, jafnan rétt til legs í kirkjugarði, þykir og rétt að allir beri jöfn gjöld til kirkjugarðs, eftir efnum og ástæðum hvers eins, svo fremi þeir séu ekki í viðurkenndu trúarfélagi utan þjóðkirkjunnar, er hafi sérstakan grafreit fyrir safnaðarmeðlimi sína. Eigi þykir rétt að lögbjóða nefgildisskatt til kirkjugarðs, og er hér því lagt til niðurjöfnunargjald, og þykir einfaldast að því sé jafnað niður sem hundraðsgjaldi af útsvörum, og gjalddagi hinn sami sem á þeim.

Til þess að síður þurfi að taka lán það ár, sem kirkjugarður er byggður að nýju, þykir rétt að setja hámark hundraðsgjalds allt að 2% af útsvörum. En venjulega mundi hundraðsgjaldið eigi verða nema lítill hluti af þeirri upphæð.

Þar sem gjald þetta yrði venjulega mjög lágt á hvern mann, og gjald-

dagi hinn sami sem á útsvörum, þykir hentara að sóknarnefnd geti falið oddvitum innheimtuna, ef hún óskar, gegn 6% þóknun.

En þótt telja verði hundraðsgjaldið henn réttlátasta gjaldmáta, þykir þó rétt að veita einstökum söfnuðum heimild til þess að taka upp legkaup, svo sem segir í 29. gr.

Um 33.—37. gr.

Eigi þykir rétt að banna með öllu upptöku heimagrafreita. En þar sem eigendaskipti eru svo tíð á jörðum og nýr eigandi sýnir að jafnaði litla rækt gömlum heimagrafreit á jörð hans, þykir rétt að setja allströng skilyrði fyrir leyfum til uppötku nýrra heimagrafreita og þó sérstaklega að heimta gilda tryggingu fyrir viðhaldi þeirra.

Áður hafa a. m. k. 6 hundruð í jörðu verið sett að veði fyrir viðhaldi. En þar sem það getur oft komið sér illa fyrir þann, er síðar verður eigandi jarðarinnar, að hún sé þannig veðbundin, er lagt til, að sá, er beiðist leyfis til að taka upp heimagrafreit skuli í þess stað leggja a. m. k. 600 kr. í legstaðasjóð grafreitnum til viðhalds. Er þann veg reynt að koma í veg fyrir, að einn maður geti bundið jörð sinni ævarandi bagga með upptöku heimagrafreits.

Um 38. gr.

Þykir rétt að veita heimild til þessa, einkum vegna utanþjóðkirkjusafnaða, er kynnu að reisa sér guðsþjónustuhús allfjarri sóknarkirkjunni.

Um 39.—41. gr.

Virðast eigi þurfa skýringa.

Um 42. gr.

Auk laga nr. 39, 1901, og laga nr. 29, 1926, eru nokkur ákvæði í lögum nr. 20, 1890 um innheimtu og meðferð á kirknafé, og í lögum nr. 40, 1909 um sóknargjöld, sem snerta fjárhald kirkna og kostnað við kirkjugarða og viðhald þeirra, en eigi þykir ástæða til að telja þessi ákvæði upp lið fyrir lið og afnema þau sérstaklega, með því að þetta getur ekki valdið neinum vafa eða ágreiningi.

Um 43. gr.

Þótt allt aðalstarfið við framkvæmd laga þessara hvíli á biskupi, próföstum og sóknarnefndum, þá verður oft ekki hjá því komizt að leita sérfróðs manns um ýmsar leiðbeiningar. Þykir því rétt að ráðuneytið hafi heimild til þessa.

25. Frumvarp

til laga um bókasöfn prestakalla.

(Lagt fyrir Alþingi 1931).

1. gr.

Stofna má bókasöfn prestakalla á þann hátt, er segir í lögum þessum.

2. gr.

Í bókasöfn prestakalla má einungis kaupa bækur guðfræðilegs og andlegs efnis, vandaðar fræðibækur almenns efnis og úrvals skáldrit.

3. gr.

Nú vill sóknarprestur stofna eða auka við bókasafn prestakalls síns. Skal hann þá fyrir júnílok ár hvert senda „bókanefnd prestakalla“ skrá yfir bækur þær, er hann óskar að fá í bókasafnið og greiða ¼ verðs þeirra innbundinna og flutningsgjalds fyrirfram.

4. gr.

Bókanefnd prestakalla skipa 3 menn: Tveir guðfræðingar, og einn til vara, kosnir af prestastefnu — synodus — til 3 ára í senn og einn maður, sem sérstaklega er kunnur að smekkvísi og þekkingu í almennum bókmenntum og dóms- og kirkjumálaráðuneytið skipar til jafnlangs tíma. Skal bókanefndin annast um útvegun bóka í bókasöfn prestakalla og dæma um hvort bækur, sem útvega á, fái fullnægt skilyrðum 2. greinar, og veita leiðbeiningar þar að lútandi.

5. gr.

Nú hefir bókanefnd borizt beiðni um útvegun bóka samkvæmt 3 gr. og kemur beiðnin eigi í bága við fyrirmæli 2. greinar laga þessara. Útvegar hún þá bækurnar, en ráðuneytið ávísar bókanefndinni, eða bóksala hennar, ¾ kostnaðar úr ríkissjóði, gegn því að bækurnar verði eign bókasafns prestakallsins. Þó má ekkert ár verja meiru fé úr ríkissjóði í þessu skyni en 10 þús. kr. samtals.

6. gr.

Nú bjóða prestar landsins eitthvert ár fram meira fé til bókasafna prestakalla, en nemi 3333 krónum samtals og sker bókanefnd þá úr, hvaða ritum skuli hafna eða fresta til næsta árs að útvega, svo að framlag ríkissjóðs fari eigi fram úr því, sem áskilið er í 5. gr.

7. gr.

Um leið og bókanefnd sendir presti bækur til bókasafns prestakalls hans samkvæmt lögum þessum, sendir hún prófasti skrá yfir bækur þær, er bókasafninu þannig bætast. Ritar prófastur þá skrá inn í aðalskrá, er honum ber að gera yfir bækur þær, sem til eru í hverju bókasafni prestakalls í prófastdæmi hans.

8. gr.

Þegar prestur hefir veitt móttöku bókum samkvæmt lögum þessum, skal hann rita á þær nafn prestakalls síns og skrásetja. Prófastur löggildir bók undir bókaskrá prestakalls og ber honum á skoðunarferðum sínum að hafa eftirlit með því, að bækurnar séu vel geymdar.

9. gr.

Bókasafn prestakalls skal geymt þar sem prestur situr, enda er safnið í ábyrgð hans.

Prófasti er skylt að sjá um að safnið sé vátryggt gegn eldsvoða og greiðist iðgjaldið af framlagi ríkissjóðs.

Nú er prestakall prestslaust og gerir prófastur þá þær ráðstafanir, er þurfa þykir, til öryggis safninu.

Við prestaskifti skal fara fram úttekt á bókasafni prestakallsins og gerir prófastur þá fráfarandi presti að greiða bætur fyrir, ef á vantar og kenna má vangeymslu hans.

10. gr.

Nú er bókasafn prestakalls komið á stofn á prestsetrinu og má presturinn þá lána sóknarbörnum sínum bækur safnsins, er hann má án vera, enda er honum rétt að krefjast skaðabóta, ef bækur skemmast eða glatast. Og sérstaklega skal hann gera sér far um að benda ungmennum safnaða sinna á þær bækur safnsins, er hann hyggur vera þroska þeirra við hæfi og þeim fái að gagni komið til trúar- eða menningarþroska. Skylt er presti að gera útlánsskrá, er fylgir prestakallinu.

11. gr.

Sóknarprestur skal geta þess árlega í starfskýrslu sinni til biskups, hve mörg bindi eru í bókasafni prestakalls hans, ef til er. Svo og hve mörg bindi safninu hafa bætzt á árinu, og hve mörg bindi hafi verið í útlánum.

Þegar prestakall er auglýst til umsóknar skal þess getið, hvort bókasafn fylgi því og hve mikið.

12. gr.

Lög þessi ná eigi til þeirra kaupstaðarprestakalla, þar sem fyrir eru bókasöfn, er þegar njóta styrks úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Fáir munu neita því, að aðstaða presta með þjóð vorri, sé að mörgu leyti erfið. En fátt mun það vera, sem ungir prestar kvarta jafn almennt yfir sem bókaskorti. Flestir þeirra sitja þar, sem erfitt er eða ókleyft að njóta almennra bókasafna, sem að nokkru verulegu gagni komi, og launin svo lág, að nær ekkert verður aflögu til bókakaupa. Nú mun mega víða leita til að finna þá menn, er standi jafn einangraðir í andlegu starfi sem sumir íslenzkir prestar. Getur þá vart hjá því farið, að andlegi áhuginn fari dofnandi með árunum og embættissvefninn sæki á, þegar einangrunin varnar öllum straumum og hræringum í andlegu lífi umheimsins, að ná til þeirra. En þannig mun eigi ósjaldan hafa farið um ýmsa þá, sem gengu með góðum vilja og heilum huga til starfsins. Ýmsir hinna áhugasamari presta hafa jafnan, er fjárhagur leyfði, reynt að fylgja þeirri reglu að verja $^1/_{12}$ launa sina til bókakaupa. En sú er reynsla þeirra að sú upphæð nægir tæplega til þess að geta fylgst með í hinu merkasta, sem ritað er um guðfræðileg og andleg efni, og hafa því hinar aðrar greinar bókmenntanna orðið að vera nær algerlega á hakanum og prestarnir orðið að mestu leyti að láta sér nægja þau rit, er fá má að láni í lestrafélögum sveitanna, þótt þau séu allvíða næsta ófullkomin, að öðru en nýjustu skemmtiritum.

En af ástæðum, sem öllum munu vera ljósar, eiga yngstu prestarnir þess alls eigi kost að verja $^1/_{12}$ launa sinna, eða jafnvel neinu, sem nemur, til annars en brýnustu nauðsynja heimilis sins. Er þó augljóst, að þá er þeim brýnust þörf góðra bóka, áður en einangrunin hefir sljófgað menntaáhugann, og er þeir auk erfiðrar lífsbaráttu, eiga margir í andlegri baráttu, þegar lærdómur þeirra og lífsskoðun eiga að standast próf lífsins. Það mun alloftast að mestu komið undir hinni andlegu aðstöðu prestsins einmitt hin fyrstu prestsskaparár hans, hvort hann verður framvegis andlega vakandi leiðtogi, eða hann staðnæmist á þroskabraut sinni, svo að hann fær með hverju ári síður fullnægt þeim kröfum, sem gerðar eru til presta nú á tímum. Góður bókakostur er því hverjum presti andleg lífsnauðsyn.

Ekkert er þjóðinni skaðlegra en að búa svo í haginn fyrir menntamenn sína, er starfa eiga víðsvegar um byggðir landsins, að þeir „forpokist“ þegar á fyrstu árum. Virðist henni fátt nauðsynlegra en að tryggja starfshæfni embættismanna sinna, eftir því sem efni leyfa.

Með frumvarpi þessu er stofnað til þess skipulags, sem með tiltölulega litlum tilkostnaði, ætti að reynast með tímanum mikilsvarðandi fyrir starfshæfni prestastéttar landsins.

Frumvarp þetta, sem og frumvarp um utanfarir presta miða hvorugt að því að tryggja efnalega aðstöðu þeirra, heldur aðstöðu þeirra til starfsins, svo að þeir fái orðið hæfari menn og gagnlegri hver í sínum verkahring.

Bókasöfn prestakallanna gætu með líðandi árum orðið einn hinn bezti styrkur prestastéttarinnar til að rækja störf sín þannig, að andlegu lífi þjóðarinnar verði fyllri styrkur að.

Jafnvel þótt betra skipulag komi á bókasöfn landsins en enn er orðið, má telja það víst, að fæst hinna almennu bókasafna gætu, að nokkrum verulegum mun, fullnægt þeirri þörf, sem bókasöfnum prestakalla er ætlað. Hinsvegar gætu þau síðar, er almenn bókasöfn koma, verið þeim til styrktar og staðið í sambandi við þau.

Bókaþjóð, sem oss Íslendingum ætti að vera það metnaðarmál, að koma sem beztu skipulagi á um notkun bóka. Er ekki óviðeigandi að byrja þá viðleitni á prestssetrum landsins, sem mörg eru meðal hinna merkustu staða í bókmenntasögu þjóðarinnar.

Að öðru leyti er vísað til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1.—2. gr.

Ætlast er til að bækur þær, sem keyptar verða til bókasafnanna, séu fyrst og fremst sérfræðirit handa guðfræðingum. En jafnframt verður að telja nauðsynlegt, að til safna þessara megi og kaupa vönduð, almenn fræðirit, t. d. í uppeldis- og félagsmálum og um heimspekileg og söguleg efni, svo og um þær stefnur og skoðanir, er ráðandi eru eða mestum umbrotum valda í hinum andlega heimi á hverjum tíma. Þá þykir og sjálfsagt, að til þessara bókasafna megi og kaupa önnur merkustu rit bókmenntanna, svo sem úrvalsskáldrit.

Um 3. gr.

Ætlast er til að það fari eftir menntaáhuga hvers einstaks prests hvort bókasafn kemst á í prestakalli hans samkvæmt lögum þessum. Fyrir því er honum gert að skyldu að sýna þann áhuga í verki með því að leggja sjálfur fram nokkurn hluta af verði hverrar bókar, sem keypt er til safnsins. Hins vegar þykir ekki sanngjarnt, að framlag prests nemi meiru en fjórðungi verðsins, þar sem oft má gera ráð fyrir, að presturinn geti á miðjum aldri flutzt burtu í annað prestakall, og tapar hann þá algerlega framlagi sínu.

Nauðsynlegt þykir að allar bækur safnanna séu keyptar innbundnar. Þar af leiðir að prestar verða sjálfir að kaupa guðfræðileg tímarit, er koma út í heftum. Og þar sem þesskonar rit eru að jafnaði miðuð við líðandi stund, þykir síður ástæða til að kaupa þau til bókasafananna.

Um 4. gr.

Ákvæðin um bókanefnd þykja nauðsynleg því til tryggingar, að vandað verði val bókanna. En jafnframt er svo til ætlast, að bókanefndin fái komist að hagkvæmari viðskiptum um bókakaup, en hver einstakur prestur.

Þar sem ætlast er til að söfnin verði fyrst og fremst guðfræðibókasöfn og að til þeirra komi framlög frá prestum, þykir rétt að tveir nefndarmenn séu guðfræðingar kosnir af prestum. En jafnfram þykir sjálfsagt að ríkisvaldið eigi fulltrúa í slíkri nefnd og að sá fulltrúi sé kunnur að smekkvísi og þekkingu í almennum bókmenntum. Ætti kennarinn í bókmenntasögu við Háskólann að jafnaði að vera bezt kjörinn til þess starfs.

Eigi er ætlast til að bókanefnd fái þóknun fyrir störf sín.

Um 5.—6. gr.

Virðist eigi þurfa skýringa við.

Um 7.—9. gr.

Ákvæði þessi eiga að tryggja eftirlit og viðhald bókasafnanna.

Um 10. gr.

Ætlast er til að aðalnot safnaðanna af bókasöfnum þessum verði þau, að prestar þeirra fái betri aðstöðu til þess að verða menntaðri og hæfari leiðtogar. En jafnframt því er ætlast til, að prestar láni sóknarbörnum sínum, og þá sérstaklega *kennurum* prestakallsins, bækur úr safninu, er hann má án vera. Er og einkum til þess ætlast, að prestur geri sér far um að leiðbeina ungmennum um val bóka og veiti þeim þannig stuðning til sjálfsnáms. Er þess þá vænzt, að það starf prestsins verði ekki aðeins ungmennunum sjálfum til gagns og þroska er stundir líða, heldur og prestinum sjálfum einhver hin bezta hjáp til að ná andlegu sambandi við sóknarbörn sín.

Um 11. gr.

Svo miklu máli skiptir það áhugasaman prest, hvort gott bókasafn fylgir prestakallinu eða ekki, að sjálfsagt þykir, að tekið sé fram um það þegar prestakall er auglýst til umsóknar. Og þar sem menntuðustu og beztu prestarnir leggja vitanlega mesta áherzlu á þetta atriði, er og með ákvæði þessu reynt að styðja að því að beztu söfnin haldist í höndum áhugasamra bókamanna, er láta þau að beztu gagni koma, sér og öðrum.

Um 12. gr.

Ekki þykir brýn ástæða til þess, að ákvæði frumvarps þessa nái til þeirra prastakalla í kaupstöðum, þar sem þegar eru vönduð bókasöfn, styrkt af ríkisfé.

26. Frumvarp

til laga um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra.

(Lagt fyrir Alþingi 1931).

1. gr.

Sóknarprestar fá greiddan ferða- og skrifstofukostnað embættis síns, með 500 eða 700 krónum hver, og fer upphæðin eftir stærð prestakalla, erfiðleikum og kostnaði við þjónustu þeirra.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum biskups, fyrirfram til 5 ára í senn, embættiskostnað hvers prestakalls. Upphæðin greiðist síðan prestinum mánaðarlega á sama hátt og embættislaun.

2. gr.

Ráðuneytið leggur sóknarprestinum til löggiltar embættisbækur, svo og eyðublöð undir lögboðnar skýrslur og embættisvottorð.

3. gr.

Fyrir aukaverk ber prestum þóknun eftir gjaldskrá, er ráðuneytið setur til 10 ára í senn.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1931. Frá þeim degi eru úr gildi numin kgsbr. 11. des. 1812 og tilskipun 27. jan. 1847, að því leyti er hún fer í bága við lög þessi.

Greinargerð.

I.

Það mun almennt viðurkennt, að laun presta séu mjög lág, miðað við laun annara starfsmanna ríkisins, sem svipaðan námskostnað hafa, svo sem sýslumanna og lækna. Mun það ekki orka tvímælis, að prestar hafi orðið harðast úti þessara stétta, er sett voru launalögin 1919. Fyrir þann tíma bjuggu prestar við nálega sömu launakjör sem læknar, en þetta er nú mjög á annan veg, þar sem læknar í meðalhéruðum hafa nú réttum þriðjungi hærri byrjunarlaun en prestar, auk þess sem læknaembættum fylgja margfalt hærri aukatekjur, svo að þær verða jafnvel sumstaðar aðaltekjur embættisins. Miðað við peningagildi og verðlag munu laun presta vera töluvert lægri en þau voru fyrir heimsstyrjöldina. Auk þess hefir aðstaða presta til búskapar breyzt mjög. Búrekstur, sem byggist á aðkeyptu vinnuafli, með bústofni keyptum fyrir lánsfé, mun ekki geta gefið hagnað til að bæta upp hin lágu laun. Mun og hagur presta, einkum hinna yngri, þeirra, er byrjað hafa prestskap á styrjaldarárunum og síðan, en í þeim hóp er nálega helmingur þeirra presta, sem nú eru í embætti — vera lakari en nokkurrar annarar embættisstéttar hér á landi. Hlýtur slíkt ástand, ef það helzt til lengdar að reynast allt annað en holt fyrir starf prestanna og andlegt líf þjóðarinnar.

Þegar um launakjör starfsmanna ríkisins er að ræða, er þess að gæta, að ýmsum embættum fylgir nokkur *stofnkostnaður*. Að því er tekur til presta mun stofnkostnaður, vegna embættis, eigi verða talinn lægri, en hér segir:

1. Embættisbúningur (2 hempur og kragar)	Kr.	550,00
2. Reiðhestar, tveir, hvor á 300 kr.	—	600,00
3. Reiðtýgi með tösku	—	180,00
4. Skrifstofumunir	—	250,00
	Kr.	1580,00

Ríkið gerir starfsmönnum sínum að skyldu að greiða 7% af föstum

launum í lífeyrissjóð. Það er viðurkennt, að starfsmenn eigi rétt á að fá endurgreiddan námskostnað sinn í starfslaunum. Mikil bókakaup eru óhjákvæmilegur kostnaðarliður innan ýmsra starfsgreina. Og loks má telja gjöld til stéttarfélags og ferðakostnað á stéttarfundi. Þessi *almenni embættiskostnaður* mun eigi verða lægri árlega hjá hverjum presti ,en hér segir:

1. Lífeyrisgjald, miðað við byrjunarlaun	Kr.	140,00
2. Afborganir og vextir af námsskuldum í 20 ár, að meðaltali á ári	—	400,00
3. Bókakaup	—	200,00
4. Til stéttarfélags (útgáfu Prestafélagsrits)	—	30,00
5. Ferðir á kirkjufundi, að meðaltali á ári	—	60,00
Samtals	Kr.	830,00

Er hér sem allstaðar varlega áætlað; hvergi nærri gert ráð fyrir fullri endurgreiðslu námskostnaðar; yngstu prestarnir munu jafnvel flestir hafa stórum þyngri byrgði af námsskuldum sínum, en hér er talið. Það munu og margir mæla, að ætla þyrfti ríflegri upphæð til bókakaupa en hér er gert, jafnvel þó að frumvarp kirkjumálanefndar um bókasöfn prestakalla verði óbreytt að lögum.

En auk þessa hafa prestar *að því leyti sérstöðu meðal starfsmanna ríkisins, að á þeim hvílir umfram aðra embættismenn, sérstakur embættiskostnaður,* er þeir fá eigi endurgreiddan, svo sem skrifstofukostnaður, ferðakostnaður o. fl. — í kaupstöðum skiftir skrifstofukostnaðurinn mestu máli, en í sveitum ferðakostnaðurinn. Þessi sérstaki embættiskostnaður presta — umfram almennan embættiskostnað — mun, í meðalhægu sveitaprestakalli eigi verða talinn lægri árlega en hér segir:

1. Fyrning á 2 hempum, 6% af kr. 500,00	Kr.	30,00
2. Fyrning kraga og stífing	—	15,00
3. Fyrning og viðgerðir á reiðtýjum	—	25,00
4. Reiðföt og hlífðarföt	—	80,00
5. Fyrning tveggja reiðhesta (endast 10 ár hvor) ..	—	40,00
6. Hestaeldi	—	200,00
7. Hestajárn	—	10,00
8. Skrifstofukostnaður, svo sem ritföng, ljós og hitun	—	185,00
Samtals	Kr.	585,00
Ef bætt er hér við hinum almenna embættiskostnaði	—	830,00
Þá verður allur embættiskostnaður hvers prests eigi lægra en	Kr.	1415,00

Allir liðir hins sérstaka embættiskostnaðar eru hér sem varlegast áætlaðir. Fullvíst er að í kaupstöðum og í ýmsum erfiðari sveitaprestaköllum, er þessi kostnaður mjög miklu hærri. Ýmsa fleiri kostnaðarliði mætti og nefna, svo sem risnu, og í sumum prestaköllum, bátsferðir á sjó, kaup fylgdarmanns á vetrum og þóknun á annexíum. Einnig væri sanngjarnt, að bæta hér við vöxtum og afborgun af stofnkostnaði embættis.

Byrjunarlaun presta, með dýrtíðaruppbót, eins og hún var greidd 1929 (40%), eru 2800 kr. Aukatekjur presta eru mismunandi, eftir mannfjölda prestakalla. Það mun fara mjög nærri, að aukatekjur séu árlega um 40—50 au. á mann í prestakallinu, ef miðað er við meðalháa verðlagskrá, eða 200—250 kr. í prestakalli, er telur 500 manns, svo að tekjurnar verða þar alls eigi hærri en 3050 kr., og hefir presturinn þá 1635 kr. eftir, er hann hefir greitt embættiskostnaðinn.

Þess er ennfremur gætandi, að af þessum raunverulegu launum verður fjöldi presta að greiða lán og kvaðir á íbúðarhúsi og er sú upphæð sumstaðar allhá.

Á þeim prestsetrum, þar sem eru nýbyggð hús, mun afgjald jarðar og íbúðarhúss hvergi vera lægra en 1000—1100 kr., auk árlegs viðhalds á íbúðarhúsi, miðað við meðalstóra jörð. Er það ómótmælanleg staðreynd, þó ótrúleg kunni að þykja, að í slíku prestakalli getur presturinn eigi haft meira en 500—600 kr., umfram jarðarnytjarnar til framfæris sér og fjölskyldu sinni, til risnu, fylgdarmanna, bátsferða í sumum prestaköllum og annars kostnaðar, sem óhjákvæmilega fylgir starfinu. En auk þess, sem áður er sagt um búskap, sem byggður er á aðkeyptu vinnuafli og lánsfé, má taka það fram, að jarðnytjarnar gefa oft eigi verulegan arð, fyrst í stað a. m. k., og síst ungum prestum, er lítt kunna til búskapar, enda hafa þeir dvalið við nám og í kaupstöðum mikinn hluta uppvaxtarára sinna.

Það mun eigi vera furðuefni þeim, er líta með sanngirni á málavexti, þó að hagur presta sé óhægri en annara stétta. En það kann að vera ókleift einni stétt, þó hver sanngjarn maður sjái að hún sé misrétti beitt, að fá gagngerða bót launakjara sinna, meðan eigi fer fram almenn endurskoðun launalaganna. Efni 1. gr. frumvarps þessa raskar eigi þeim grundvelli, er launalögin hvíla á, heldur miðar það í áttina til samræmis og jafnréttis við aðrar stéttir. Þar er farið fram á, að sú stétt, sem lægra er launuð en aðrir, fái greiddan, með hóflegri upphæð, þann embættiskostnað, sem á henni hvílir, *umfram aðrar embættisstéttir,* enda gefur að skilja, að löggjafarvaldið hefir, eftir sem áður, óbundnar hendur um ákvörðun á launum presta, þá er launalögin verða endurskoðuð. Og þar sem uppbót þessi er eigi miðuð við nema nokkurn hluta embættiskostnaðar, telur meiri hluti nefndarinnar (Jón Guðnason, Sveinbjörn Högnason og Þorsteinn Briem) rétt, að dýrtíðaruppbót greiðist af upphæðinni.

Rétt þykir að geta þess, að búist er við, að hærri upphæðin, 700 kr., verði veitt aðeins tiltölulega fáum prestköllum, þeim, sem öðrum fremur eru erfið yfirferðar, eða útheimta kostnaðarsama þjónustu. Að öðru leyti þykir ekki heppilegt, að skipta prestaköllum í fleiri kostnaðarflokka

en hér er gert. Þótt fáein hægustu prestaköllin fái samkvæmt þessu frumvarpi, að tiltölu ríflegast greiddan embættiskostnað, þá er þar um litla upphæð að ræða, og auk þess eru aukatekjur allra lægstar í slíkum prestaköllum og þörfin fyrir launabót að því skapi meiri. Gera verður ráð fyrir, að þá er prestur þjónar í bili tveim prestaköllum og tekur fyrir hálf önnur prestslaun, þá fái hann og embættiskostnaðinn greiddan í sömu hlutföllum.

Heppilegast þykir að flokkun prestakalla að því er snertir embættiskostnaðinn, sé ákveðinn til aðeins 5 ára í senn, vegna breytinga, er kunna að verða á því tímabili, á samgöngum o. fl., er áhrif hefir á embættiskostnaðinn.

II.

Embættisbækur presta, einkum prestsþjónustubækur og manntalsbækur, eru mikilsverð heimildarrit, enda geyma þær ýmsar upplýsingar um flest alla einstaklinga þjóðarinnar, sem hvergi er annarstaðar að fá, sízt jafn áreiðanlegar. Er því jafnan talið mikið tjón, ef þær bækur skemmast, eða ef eitthvað brestur á, að þær séu svo glögg heimildarit, sem vera mætti. En þó að til séu forn fyrirmæli um það, hvernig þessar bækur skuli færðar, þá er hvorttveggja, að þau eru nú úrelt orðin, enda eigi full trygging fyrir, að þeim sé framfylgt til hlítar. Prestar annast nú sjálfir kaup á embættisbókum sínum, en kirkjur prestakallsins eiga að greiða andvirði þeirra. En í framkvæmdinni mun þetta oft vera svo, að prestarnir greiði andvirði bókanna úr eigin vasa. Af þessu fyrirkomulagi leiðir það, að oft eru keyptar í þessu skyni óvandaðar og óhentugar bækur, sem þola illa notkun og geymslu og eru orðnar lítt hæfar til afnota, er þær loks komast á Þjóðskjalasafnið. Úr þessu verður naumast bætt með öðru móti en því, að ríkisstjórnin leggi til bækurnar og láti löggilda þær, eins og segir í 2. gr. frumvarps þessa, enda ætti þá að komast samræmi á um bókfærslu presta, og embættisbækur þeirra að verða glögg og aðgengileg heimildarrit.

III.

Prestar taka nú borgun fyrir aukaverk eftir verðlagsskrá (meðalalin). En verðlagsskrá hefir nú næsta litla þýðingu í viðskiptalífi þjóðarinnar, í samburði við það, sem áður var. Meðalalinin er mjög mishá í sýslum landsins, eftir því hvaða vörutegundir komast inn í verðlagsskrána, á hverjum stað. — Eftir núgildandi verðlagsskrá er t. d. meðalalin kr. 0,97 í Mýrasýslu, kr. 1,20 í Borgarfjarðarsýslu, kr. 1,45 í Skagafjarðarsýslu og kr. 1,78 í Reykjavík. Er ekki unnt að finna neina ástæðu, er mæli með því, að meira en fjórðungsmunur sé á greiðslu fyrir aukaverk presta, eftir því, hvoru megin Hvítár þau eru unnin, né að þau skuli greidd með nálega helmingi lægri upphæð í Borgarnesi en í Reykjavík. Er hér um misrétti að ræða, hvort sem litið er á hag presta eða sóknarbarna. Ennfremur verður meðalalinin, með þeir aurareikningi, er henni fylgir og breytingum

frá ári til árs, að teljast fremur óviðfeldinn og óþægilegur mælikvarði fyrir gjaldskrá.

Með ákvæðum 3. gr. er ætlast til, að samræmi komist á um borgun fyrir aukaverk presta, hvar sem er á landinu. Endurskoðun gjaldskrár, á 10 ára fresti, ætti að tryggja samræmi hennar við verðlag á hverjum tíma.

27. Frumvarp

til laga um kirkjur.

(Lagt fyrir Alþingi 1931).

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Kirkjur og grafreitir eru friðhelgir staðir og má ekkert þar fram fara, er raski friðhelgi þeirra.

2. gr.

1. Skylt er að hafa kirkjur svo stórar, að þær rúmi í sætum a. m. k. ⅓ sóknarmanna, þar sem 1 prestur þjónar söfnuði en ⅙ þar sem messa er sungin tvisvar hvern helgidag.
2. Þegar ný kirkja er reist skal miða stærð hennar við væntanlega fólksfjölgun innan sóknar.

3. gr.

1. Prófasti ber að hafa gætur á, að kirkjur og grafreitir séu jafnan í því standi, bæði að smekkvísi, viðhaldi og umgengni, að samboðið sé helgi staðarins og þeirri lotningu, er hann á að vekja í hugum manna.
2. Prófastur úrskurðar, hvenær endurbygging kirkju er nauðsynleg. Skjóta má úrskurði prófasts til biskups.
3. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið felur húsameistara ríkisins eða öðrum hæfum manni að láta í té allar nauðsynlegar upplýsingar og leiðbeiningar, er hér að lúta, m. a. uppdrætti að nýjum kirkjubyggingum og endurbót kirkna.

4. gr.

Skylt er jafnan að hlita fyrirmælum biskups og prófasts um alla hirðingu kirkna og grafreita, umgengni, endurbyggingu og viðhald.

5. gr.

Skylt er að setja hæfilega stóran ofn, eða önnur jafngóð hitunartæki, að dómi biskups, í hverja kirkju. Skal reykháf og hitunartækjum svo fyrir komið, að eigi sé óprýði að.

Skylt er að vátryggja kirkjur gegn eldsvoða í einhverju því brunabótafélagi, er kirkjustjórnin tekur gilt.

6. gr.

Nú er í ráði ný kirkjubygging eða gagnger endurbót kirkju, skal þá bera málið undir prófast. Leitar hann þá leiðbeiningar húsameistara eða annars byggingarfróðs manns, er kirkjustjórnin telur þar til hæfan, um verkið, og skal hlíta leiðbeiningum hans um framkvæmd verksins.

7. gr.

Rétt er sóknarpresti að banna hverja þá notkun kirkju, sem ekki er samboðin helgi hennar sem guðsþjónustuhúss kristins safnaðar. Skal því jafnan leita leyfis sóknarprests til annarlegrar notkunar kirkjunnar, enda ber hann ábyrgð á, að ekki sé gagnstætt fyrirmælum æðri stjórnarvalda, almennu velsæmi og allsherjarreglu.

8. gr.

Bannað er að halda fundi um almenn ágreiningsmál í kirkju.

9. gr.

Bannað er að geyma í kirkju annað en gripi hennar og áhöld.

II. Safnaðarkirkjur.

10. gr.

Safnaðarkirkja er sjálfseignarstofnun í umsjón og ábyrgð safnaðar, undir yfirstjórn biskups og kirkjustjórnar.

11. gr.

Sóknarnefnd hefir á hendi umsjón og fjárhald safnaðarkirkju. Skal hún fyrir hönd safnaðar rækja allar þær skyldur, er hvílt hafa á eigendum og forráðamönnum kirkna, að því er tekur til viðhalds og hirðingar. Ber hún f. h. safnaðar ábyrgð á, að gætt sé tilhlýðilegrar smekkvísi og umönnunar um allt, er kirkju og grafreit varðar. Og ber henni að hlíta úrskurðum biskups og prófasts í því efni, skv. almennum ákvæðum 1.—9. greinar.

12. gr.

1. Sóknarnefnd annast innheimtu á tekjum kirkjunnar og kemur sjóðeign hennar á vöxtu í Hinum almenna kirkjusjóði. Annast hún reiknings-

hald og fjárreiður kirkjunnar, og skal jafnan senda prófasti reikning yfir tekjur og gjöld hennar á liðnu ári, eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert. Sóknarnefndarmenn rita allir nafn sitt á reikninginn, enda bera þeir, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð kirkjufjánna.

2. Fyrir ómak sitt fær sóknarnefnd 6% í innheimtulaun af lögboðnum árstekjum kirkjunnar.
3. Þar sem lögreglustjóri situr í sókninni, er honum skylt að taka að sér innheimtuna, gegn 6% innheimtulaunum, ef sóknarnefnd óskar og kirkjustjórn samþykkir. Þar sem skipaður er sérstakur tollstjóri tekur skylda þessi til hans.

13. gr.

Nú telur prófastur fyrirsjáanlegt, að endurreisa þurfi safnaðarkirkju, eða gera gagngera endurbót á henni innan 10 ára, en þykir sýnilegt, að sjóður kirkjunnar verði eigi orðinn svo mikill, að nemi hálfum kostnaði, getur hann þá, með samþykki biskups, úrskurðað hækkun kirkjugjalda um allt að 100%, og skal sá tekjuauki jafnan lagður á vöxtu í Hinum almenna kirkjusjóði.

14. gr.

Skylt er söfnuði að taka að sér til umsjónar og fjárhalds hverja þá léns- eða bændakirkju, er eigandi eða lénsdrottinn óskar, með þeim skilmálum, er segir í 15. gr., ef biskup samþykkir.

15. gr.

1. Þegar kirkja er afhent söfnuði, skal prófastur með 2 óvilhöllum, byggingafróðum mönnum gera nákvæma úttekt á kirkjunni, eigum hennar, áhöldum og gripum. Skulu úttektarmenn meta sanngjarnt álag á kirkjuna og gripi hennar og áhöld.
2. Álag skal miða bæði við fyrningu hússins og byggingarkostnað á hverjum tíma, þar sem kirkja er eigi að stærð við hæfi sóknarinnar.
3. Eigandi eða lénsdrottinn greiðir álagið í hendur sóknarnefndar, er tekur við kirkjunni og fé hennar fyrir hönd safnaðarins.
4. Skjóta má úttekt kirkju til yfirúttektar, og skal þá að minnsta kosti helmingur yfirúttektarmanna skipaður byggingarfróðum mönnum.
5. Heimilt er sóknarnefnd að taka við kirkju án þess að regluleg úttekt fari fram, ef samþykki biskups kemur til og héraðsprófastur stjórnar afhendingu kirkjunnar.

16. gr.

Nú er kirkja reist á þeim stað, er kirkja hefir eigi verið á áður, og skal þá sveitar- eða bæjarfélag það, er í hlut á, leggja til ókeypis hentuga lóð undir kirkjuna, ásamt hæfilegu svæði umhverfis, ef þess er krafizt. Þar, sem skipulagsnefnd hefir eigi ákveðið kirkjustæði, skal kirkja sett þar, sem prófastur ákveður, í samráði við sóknarnefnd og húsameistara ríkis-

ins, eða annan byggingafróðan mann, er kirkjustjórnin kveður til. Skjóta má úrskurði prófasts til biskups.

III. Bændakirkjur og lénskirkjur.

17. gr.

Skylt er ábúanda lénskirkjujarðar að hafa umsjón lénskirkju og fjárhald, nema prófastur feli öðrum.

Skylt er sóknarnefnd að annast innheimtu á tekjum lénskirkju gegn 6% innheimtulaunum, ef þess er krafizt.

18. gr.

Eigendum bændakirkna og lénsdrottnum lénskirkna er skylt að hlíta almennum ákvæðum um endurbyggingu kirkna, hirðingu, hitun og viðhald.

19. gr.

1. Nú setur kirkjueigandi eða lénsdrottinn ofn eða önnur jafngóð hitunartæki í kirkju sína, er honum þá heimilt að jafna hálfum stofnkostnaðinum á sóknarmenn, sem hundraðsgjaldi af útsvörum þeirra, enda hafi kostnaðarreikningur verið endurskoðaður af sóknarnefnd og úrskurðaður af prófasti.
2. Nú er í sókn meira en eitt sveitar- eða bæjarfélag, skal þá fyrst skipta gjaldinu niður á þau, eftir tölu safnaðarmanna, innan hvers þeirra. Eigandi eða forráðamaður annast innheimtu gjaldsins.
3. Heimilt er kirkjueiganda eða forráðamanni að jafna niður árlegum eldsneytiskostnaði og brunabótaiðgjaldi á sama hátt.

Eindagi á gjöldum þessum er 5 vikum eftir að þau eru auglýst.

20. gr.

Nú hefir eigandi bændakirkju vanrækt hirðingu, viðhald eða endurbyggingu kirkju sinnar, þrátt fyrir ítrekaðar áminningar prófasts, eða eigi hlýtt almennum ákvæðum laga þessara, 1.—9. gr., að því er eigi tekur til safnaðarkirkna sérstaklega, og er þá kirkjustjórninni skylt að höfða þegar í stað mál á hendur kirkjueiganda til þess að fá hann dæmdan til þess, að viðlögðum dagsektum, að bæta úr göllunum, eða endurbyggja kirkjuna.

IV. Kirkjunefndir o. fl.

21. gr.

Í hverri sókn skal kjósa kirkjunefnd.

22. gr.

Kirkjunefnd skipa 5—7 menn, eftir mannfjölda sóknarinnar.

23. gr.

Kirkjunefnd skal kjósa á safnaðarfundi, þegar kosning sóknarnefndarmanna á fram að fara.

Um kosningu í kirkjunefnd, kjörtímabil, kosningarrétt og kjörgengi fer sem til sóknarnefnda.

24. gr.

Verksvið kirkjunefndar er að vinna að því, ásamt sóknarnefndinni, að glæða hlýjan hug manna til kirkju sinnar og gangast fyrir frjálsum samtökum um að auka fegurð hennar og prýði með góðum gripum og á hvern þann veg, er bezt þykir við eiga.

Sérstaklega skal kirkjunefnd gangast fyrir að útvega kirkju sinni fagra altaristöflu og gott hljóðfæri og altarisbúnað, þar sem einhverju þessu er áfátt.

25. gr.

Menningarsjóður skal eigi sjaldnar en 3. hvert ár veita 1800 kr. til 1—3 verðlauna fyrir fegurstu altaristöflur eftir íslenzka listamenn. Skal dómnefnd skipuð biskupi, eða manni, er hann nefnir til og 2 mönnum, er menntamálaráðið skipar. Menntamálaráðið styrkir síðan kirkjunefndir til kaupa á altaristöflum þeim, er verðlaun hafa hlotið, með tillagi úr Menningarsjóði, er nemi allt að helmingi verðs.

26. gr.

Kirkjustjórnin annast um að gerðir verði, svo oft sem þurfa þykir, fyrirmyndar uppdrættir að kirkjum og kirkjugörðum, er bezt þykja eiga við íslenzka staðhætti og útbýtir þeim meðal sóknar- og kirkjunefnda landsins. Skulu fylgja þeim stuttar skýringar og kostnaðaráætlun.

Útgáfu uppdrátta þessara kostar Menningarsjóður.

27. gr.

Rétt er að geyma hverskonar kirkjuforngripi í kirkjum þeim, er þá hafa átt, ef þær eru svo vandaðar, að dómi biskups og fornmenjavarðar, að tryggt megi teljast.

28. gr.

Nánari ákvæði um viðhald kirkna, kirkjuskoðun og eftirlit, svo og búnað þeirra og prýði, setur biskup í reglugerð, er ráðherra staðfestir.

29. gr.

Lögtaksréttur fylgir öllum þeim gjöldum, sem mælt er fyrir um í lögum þessum.

30. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum 10—500 krónum, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

Mál, sem rísa út af lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál.

31. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 22, 16. nóv. 1907 um umsjón og fjárhald kirkna. Ennfremur eru afnumin öll ákvæði eldri laga, er koma í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Kirkjumálanefndin hefir samið frumvarp þetta samkvæmt áskorun síðustu prestastefnu og ýmsra héraðsfunda. — Frumvörp um ýms þau atriði, sem hér eru upp tekin, hafa verið lögð fyrir Alþingi, svo sem t. d. frv. um hitun kirkna. Og þar sem ennfremur hefir þótt nauðsynlegt, að fá ýmsar breytingar og viðauka við lög nr. 22, 16. nóv. 1907, um umsjón og fjárhald kirkna, þykir rétt að sett séu heildarlög bæði um umsjón, fjárhald, hitun, notkun og önnur þau nauðsynlegustu atriði, sem þótt hefir vanta í löggjöfina um hirðingu og viðhald kirknanna.

Þótt ýmsir söfnuðir landsins hafi á síðari árum sýnt lofsverðan áhuga á að koma upp myndarlegum kirkjum og prýða þær og fegra á ýmsan hátt, hefir sú viðleitni sumstaðar eigi borið tilætlaðan árangur, m. a. vegna þess, að söfnuðir hafa eigi notið svo fullkominna leiðbeininga, sem æskilegt hefði verið. Þykir því nauðsynlegt að setja um það nánari ákvæði. Að því lúta ýms atriði í frumvarpi þessu, svo sem í 6. og 26. gr. og víðar. Að öðru leyti skal vísað til athugasemda við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þykir ekki þurfa skýringa.

Um 2. gr.

Löghelgar venju þá, er hingað til hefir verið fylgt, er kirkjur hafa verið reistar af nýju.

Um 3. gr.

1. Hér er hert á eftirlitsskyldu prófasta.
2. Löghelguð gömul venja.
3. Ákvæði þetta á að veita meiri tryggingu fyrir því, að vandað sé til kirkjubygginga, og endurbætur á þeim komi að notum.

Um 4. gr.

Þykir ekki þurfa skýringa.

Um 5. gr.

Ákvæði 1. málsgreinar talin sjálfsögð heilbrigðisráðstöfun. „Ofnlaus kirkja eigi messufær á vetrardag“, að dómi landlæknis. Vátrygging timburkirkna sjálfsögð, er eldfæri eru komin. Iðgjald af steinkirkju svo lágt, að eigi þarf að fráfælast. — Um hitun bændakirkna og lénskirkna vísast til athugasemda við 19. gr.

Um 6. gr.

Ákvæði þessi þykja nauðsynleg því til tryggingar, að verkið sé vandað.

Um 7. gr.

Það þykir nauðsynlegt, að einhver *einn* maður beri ábyrgð á því, að kirkja sé eigi notuð til annars en þess, sem samboðið er helgi hennar. Og á kirkjustjórnin hægra með að koma þeirri ábyrgð fram á hendur sóknarprestinum en öðrum.

Um 8.—9. gr.

Þykja eigi þurfa skýringa.

II. Kafli.

Safnaðarkirkjur eru nú 207 á landinu. Þótt hirðingu þeirra og umgengni sé víða áfátt, telur biskup þó, að yfirleitt sé safnaðarkirkjum sýnd meiri ræktarsemi og þeim betur viðhaldið en léns- og bændakirkjum. Er hér því reynt, að gera söfnuðum auðveldara, að taka að sér kirkju sína til umsjónar og fjárhalds, en jafnframt er söfnuðum og lögð sú skylda á herðar, að taka í umsjón sína hverja þá kirkju, er eigandi óskar, með þeim skilyrðum, er segir í 15. gr.

Um 10. gr.

Nafnið „safnaðarkirkja“ merkir eigi það, að söfnuðurinn hafi óbundinn eignarrétt á kirkjunni og megi t. d. skipta sjóði kennar og andvirði upp meðal safnaðarmanna, ef hún væri lögð niður. Safnaðarkirkja verður því að teljast sérstök sjálfseignarstofnun, er söfnuðurinn hefir umsjón með og ber ábyrgð á. Er það í samræmi við kirkjulöggjöf annara Norðurlandaþjóða, þar sem safnaðarkirkjur eru nefndar „sjálfseignarkirkjur“. Að öðru leyti þarf greinin eigi skýringar.

Um 11. gr.

Hér er kveðið fastar á um skyldur sóknarnefnda, en í núgildandi lögum.

Um 12. gr.

Nauðsynlegt þykir að kirkjureikningar séu sendir prófasti fyrir aprílok, svo að hann hafi nægan tíma til að kalla eftir þeim, ef dráttur verður, og endurskoðun þeirra geti farið fram fyrir héraðsfund.

Venjulega hefir formaður sóknarnefndar innheimtuna á hendi og allar fjárreiður kirkjunnar, en nauðsynlegt er að sóknarnefndin *öll* beri ábyrgð kirkjufjánna.

Í sumum kaupstöðum hefir það orðið að samkomulagi með lögreglustjóra (tollstjóra í Reykjavík) og sóknarnefnd, að hann annist innheimtu kirkjugjaldanna, gegn 6% innheimtulaunum. Og þar sem sóknarnefndir verða þar, hvort sem er, að fela sérstökum manni innheimtuna fyrir sína hönd, þykir rétt að lögfesta þetta fyrirkomulag, þar sem sóknarnefnd óskar.

Um 13. gr.

Kirkjur þær, sem reistar eru að mestu fyrir lánsfé, verða að jafnaði að tvíborga byggingarkostnaðinn, vegna vaxtagreiðslunnar. Þykir því varhugavert, að ráðist sé í kirkjubyggingu, ef taka þarf til láns meira en helming kostnaðar. Og því fremur sem Almenni kirkjusjóðurinn mun vart geta lánað meira en þriðjung kostnaðarverðs, svo að hlíta verður almennum vaxtakjörum banka eða sparisjóða um það, er á vantar. Þykir því nauðsyn til bera, að kirkjur eigi nokkra upphæð í sjóði, þegar að því kemur, að endurbygging eða gagnger endurbót er nauðsynleg.

Um 14.—15. gr.

Þar sem eigandi bændakirkju býr stundum sjálfur í allt öðru héraði, og á jafnvel eigi heimilisfang hér á landi, eða margir menn eiga kirkju í félagi, er augljóst, að oft verður eigi bót á ráðin um hirðingu hennar og viðhald, nema söfnuður taki sjálfur að sér kirkjuna til umsjónar og fjárhalds. Verður því vart hjá því komizt, að leggja söfuðinum þessa skyldu á herðar, þar sem svo stendur á.

En þar, sem nauðsynlegt þykir, að gera söfnuðinum að skyldu, að taka að sér þær kirkjur, er lakast hefir verið við haldið, virðist rétt að söfnuðunum sé almennt lögð þessi sklyda á herðar, þegar eigandi eða lénsdrottinn óskar. Ríkissjóður getur verið bæði eigandi og lénsdrottinn kirkna. Hann er eigandi nokkurra bændakirkna, á þeim þjóðjörðum, sem kirkja er á. Og þar sem sóknarprestur er kominn undir hin nýju launakjör, hefir afhent kirkjujarðir til hreppstjóra og hefir prestsetrið á leigu samkvæmt mati, þá er ríkissjóður sá eiginlegi lénsdrottinn. Hann hefir tekið undir sig jarðeignina — lénið — og verður því að bera ábyrgð á kirkjunni, með því að öðrum er ekki til að dreifa. Flestar hinar svo nefndu lénskirkjur eru nú komnar í hendur safnaðanna, en telja verður æskilegt, einnig frá sjónarmiði löggjafarvaldsins, fyrir hönd ríkissjóðs, að söfnuðirnir taki einnig að sér til umsjónar og fjárhalds, þær lénskirkjur, sem eftir eru.

En ef söfnuðir eiga eigi frjálst val um það, hvort þeir taki við kirkju eða ekki, þá verða þeir hinsvegar að njóta aðstoðar og verndar löggjafarinnar, svo að réttur þeirra verði ekki algerlega fyrir borð borinn. Að því lúta ákvæði 15. greinar. Þar sem prófastur hefir í höndum allar skoðunargerðir á kirkjunni og skrá yfir gripi hennar og áhöld, og með því að hann verður að skrásetja þegar allt það, er sóknarnefnd tekur við, þykirnauðsynlegt, að hann sé odd-

viti úttektar og stjórni henni. Þá þykir sjálfsagt, að úttektarmenn séu byggingarfróðir menn, eða a. m. k. 2 þeirra, ef um yfirúttekt er að ræða. Og enn liggur það í hlutarins eðli, að taka verður tillit til þess, ef kirkjan hefir aldrei verið fullgerð, eða er eigi nægilega stór fyrir söfnuðinn.

Hinsvegar er þess vænzt, að venjulega verði kirkja afhent söfnuði eftir samningi milli eiganda eða lénsdrottins og sóknarnefndar. Verður því síðasta málsgrein 15. gr. mest notuð í framkvæmdinni. Af þeim ástæðum sem þegar eru fram teknar, þykir nauðsynlegt, að prófastur stjórni, eigi að síður, afhendingu kirkjunnar, þó að regluleg úttekt fari eigi fram.

Um 16. gr.

Fyrsta málsgrein þessarar greinar skiptir aðallega máli þar, sem verzlunarstaður hefir risið upp í sókninni, og hentara þykir að flytja kirkjuna þangað. Þykir þá sanngjarnt, að verzlunarstaðurinn, ef hann er svo stór, að hann sé orðinn sérstakt sveitarfélag, leggi til lóð undir nýju kirkjuna, svo að sveitin, sem oftast hefir óþægindi af kirkjufærslunni, þurfi ekki þar að auki að taka á sig, að sínum hluta, gjöld vegna lóðarkaupa.

Ef ágreiningur verður um, hvað sé hæfilegt svæði umhverfis kirkju, sætir það mál vitanlega úrskurði ráðuneytisins.

Í kaupstöðum og kauptúnum ákveður skipulagsnefnd kirkjustæði samkvæmt lögum, og leitar þá væntanlega álits menntamálaráðs. En í sveitum virðist rétt, að prófastur sé oddamaður, ef sóknarnefnd og húsameistari kynni að greina á.

Bændakirkjur og lénskirkjur.

Bændakirkjur eru nú 59 á landinu og á ríkissjóður 7 þeirra, að meðtaldri Dómkirkju landsins. Lénskirkjur eru sjö að tölu á landinu. Auk þess er ein kirkja „kaupstaðarkirkja", er verður að teljast undir þenna flokk.

Þótt sumum bændakirkjum sé prýðilega viðhaldið og eigendunum til mikils sóma, þá er viðhald þeirra *yfirleitt* mikið lakara en safnaðarkirkna, samkvæmt skýrslu biskups. Hefir því þótt nauðsyn til bera, að setja strangari ákvæði gagnvart þeim bændakirkjueigendum, er vanrækja skyldur sínar.

Um 17. gr.

„Ábúandi lénskirkjujarðar", er hver sá sóknarprestur, er situr á því prestsetri, þar sem enn er lénskirkja. Ennfremur ábúandi hverrar þeirrar jarðar, er lénskirkja er á, svo sem á gömlum prestssetursjörðum, sem nú eru í bændaábúð.

Þar sem presti og ábúanda er hægara en öðrum að hafa umsjón kirkju sem er á heimilinu, virðist rétt að gera þeim að skyldu að taka að sér starf þetta fremur öðrum.

Um 18. gr.

Þykir eigi þurfa skýringa.

Um 19. gr.

Þótt svo verði að líta á, að kirkja sé eigi messufær án upphitunartækja á vetrardag, þá þykir sanngjarnt, að söfnuður taki að hálfu leyti þátt í stofnkostnaði ofna eða annara jafngóðra hitunartækja — að dómi biskups — í bændakirkjum og lénskirjum. Ennfremur þykir sanngjarnt, að söfnuður greiði eldneytiskostnað og brunabótargjald.

Niðurjöfnun gjalda þessara þykir rétt, að fari eftir efnum og ástæðum og er þá einfaldast að leggja þau á sem hundraðsgjald af útsvörum.

Um 20. gr.

Þess mun dæmi að kirkjueigandi hefir árum saman vanrækt að gera hinar bráðnauðsynlegustu endurbætur á kirkju sinni, þrátt fyrir áskoranir sóknarnefndar og safnaðar og margítrekaðar áminningar prófasts. Þykir því nauðsyn til bera, að setja hér enn skýrari ákvæði, en nú eru í lögum.

Um. 21.—24. gr.

Hin síðari ár hefir víða vaknað áhugi á því, að prýða kirkjurnar og gera þær vistlegar. Hafa því í allmörgum söfnuðum myndazt frjáls samtök um samvinnu í þá átt, og hefir það borið góðan árangur. Hefir þá þótt vel gefast að hafa sérstaka nefnd sóknarnefndinni til aðstoðar um forgöngu og framkvæmd. Þannig hafa fastar kirkjunefndir komizt á í nokkrum prestaköllum, og hafa þær þegar unnið sýnilegt gagn.

Þar sem slíkur áhugi er vaknaður, er löggjafar að vísu ekki þörf á því sviði. En hinsvegar getur kirkjulöggjöfin vart látið það með öllu afskiptalaust, hversu umgengni og prýði kirknanna er háttað og beðið þess, að áhuginn komi af sjálfu sér. Það þykir því rétt að styðja að því, að slík starfsemi, sem hér um ræðir, geti komizt á í hverjum söfnuði landsins.

Þar sem hér er eingöngu um það að ræða, að kjósa menn til að hafa forgöngu að frjálsu starfi og samtökum, þykir ekki rétt að tiltaka verksvið kirkjunefnda nánar, en gert er í 24. gr.

Samkvæmt fenginni reynslu þykir rétt að kirkjunefndirnar séu skipaðar konum og leiti þær samvinnu við kvenfélög eða ungmennafélög, ef til eru í sveitinni, en eigi þykir ástæða til að taka það fram í lögunum.

Þetta er mál, sem teljast verður tímabært, og krefst lausnar. Eftir því, sem húsakostur þjóðarinnar batnar og kröfurnar aukast á því sviði með ári hverju, verður hirðuleysi um guðshúsin og ræktarleysi gagnvart þeim tilfinnanlegra, og lýsir í raun og veru vöntun menningar og fegurðartilfinningar í kirkjuhaldi þjóðarinnar.

Um 25. gr.

Það er menningarmál, að fá innlend listaverk í kirkjurnar, þar á meðal altaristöflur. Þykir því ástæða til, að hvetja og styðja listamenn vora til að stunda þessa grein málaralistar, svo að vér þurfum þar síður hjá erlendum þjóðum lán að taka. Þar sem menntamálaráðið hefir, lögum samkvæmt, íhlutunarrétt um kaup á altaristöflum, þykir við eiga, að einmitt Menningar-

sjóðurinn styðji þessa viðleitni, og verðlaun og styrkur til kaupa á altaristöflum þeim, er verðlaun hljóta, veitist úr þeim sjóði.

Um 26. gr.

Þar sem svo mjög er áfátt um byggingarstil kirkna í landinu og smekkur manna í því efni, að vonum, enn lítt þroskaður, þykir rétt að þeir aðilar, er hafa á hendi forgöngu og framkvæmd þessara mála í sveit sinni, eigi þess kost, að sjá úrvalsuppdrætti, er geti verið þeim til leiðbeiningar og fyrirmyndar. Má þess vænta, að það glæði áhuga safnaðanna á að eignast fögur kirkjuhús.

Um 27. gr.

Vel vandaðar steinkirkjur virðast engu síður kjörinn staður til varðveizlu kirkjuforngripa, en sá húsakostur, sem nú er veittur fornmenjasafninu.

Um 28.—30. gr.

Virðast ekki þurfa skýringa.

Um 31. gr.

Auk laga nr. 22, 16. nóv. 1907, eru nokkur ákvæði í lögum nr. 20, 1890 um innheimtu og meðferð á kirkjufé, og í lögum nr. 40, 1909 um sóknargjöld, sem snerta fjárhald kirkna og viðhald þeirra, en eigi þykir ástæða til, að tína þessi ákvæði úr og afnema þau sérstaklega, þar sem þetta getur ekki valdið neinum ágreiningi.

28. Frumvarp

til laga um veitingu prestakalla.

(Lagt fyrir Alþingi 1931).

1. gr.

Þá er prestakall losnar, fer um veitingu þess svo sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Heimilt skal söfnuði að kalla sér prest, eða prestefni til þjónustu prestakallsins.

3. gr.

Jafnskjótt og prestakall losnar, tilkynnir biskup, svo fljótt, sem verða má, sóknarnefnd eða sóknarnefndum þess, innan hve langs tíma köllun skuli hafa farið fram. Skal fresturinn jafnan ákveðinn svo stuttur, sem fært þykir í hvert sinn. (Að jafnaði ekki lengri en mánuður).

4. gr.

Þá er sóknarnefndir hafa fengið tilkynningu um köllunarfrest þann, er þeim er veittur, skal oddviti sóknarnefndar í heimakirkjusöfnuði prestakallsins kalla allar sóknarnefndir þess á sameiginlegan fund, til að undirbúa köllun prests í prestakallið.

5. gr.

Nú er tala atkvæðisbærra safnaðarmanna í sóknum prestakallsins misjöfn, svo að munar meiru en 200, skal þá deila tölu sóknarnefndarmanna í hverri sókn í tölu þeirra manna, er atkvæðisrétt eiga á safnaðarfundum sóknarinnar, og hefir þá hver sóknarnefndarmaður 1 atkvæði fyrir hvert hundrað, sem út kemur. Nú kemur út lægri tala en hundrað og veitir hún 1 atkvæði.

6. gr.

Jafnskjótt og sóknarnefndir hafa komið sér saman um ákveðinn prest eða prestsefni skulu þær, hver í sinni sókn, tilkynna söfnuðunum ákvörðun sína. Skal það gert með umburðarbréfi (bréfum) á hvert heimili prestakallsins og rita allir sóknarnefndarmenn nöfn sín undir það og geta þess, ef ágreiningur hefir orðið milli þeirra. Skal húsbóndi, húsfreyja eða einhver heimilismaður rita nafn sitt og dagsetningu á bréfið, til viðurkenningar um, að það hafi komið á heimilið.

7. gr.

Í umburðarbréfi sóknarnefnda skal ákveðinn hæfilegur frestur til mótmæla sóknarmanna, aldrei skemmri en 5 dagar frá því, er öll heimili prestakallsins hafa fengið að vita um ákvörðun sóknarnefnda.

8. gr.

Hverjum þeim manni, er atkvæðisrétt hefir á safnaðarfundum í prestakallinu, er heimilt að bera fram mótmæli gegn ákvörðun sóknarnefnda. Skulu þær í umburðarbréfum sínum tiltaka stað og stund, þar sem mótmæli séu fram borin. Skal vera ákveðinn a. m. k. einn staður í sókn hverri til þess, og skulu ekki færri en 2 sóknarmenn, eða menn, sem þeir kveðja til, verða viðstaddir á hverjum stað. Þeim, sem mótmæli bera fram, er heimilt að tilnefna einn mann á hverjum stað með sóknarnefndarmönnum til eftirlits. Votta þeir síðan, að allt hafi löglega fram farið.

9. gr.

Í kaupstöðum landsins og annarstaðar, þar sem umburðarbréfum samkv. 6. gr. verður ekki við komið á svo skömmum tíma vegna fjölmennis, skulu sóknarnefndir auglýsa ákvörðun sína á þann hátt, er kirkjustjórnin ákveður á hverjum stað.

10. gr.

Nú koma fram mótmæli samkvæmt 8. gr. gegn köllun þess prests, sem sóknarnefndir hafa komið sér saman um, frá a. m. k. ¼ hluta allra þeirra, sem atkvæðisrétt eiga á safnaðarfundum í prestakallinu, og ferst þá köllun þess prests fyrir.

11. gr.

Nú hafa ekki komið fram mótmæli frá að minnsta kosti ¼ hluta allra þeirra, er kosningarrétt eiga á safnaðarfundum í prestakallinu. Sendir sóknarnefnd þá köllunarbréf sitt, er kærufrestur (sbr. 17. gr.) er á enda, til biskups ásamt mótmælum, sem fram kunna að hafa komið og kærum. Þá er úrskurður hefir fallið um kærur þær, sem kunna að hafa fylgt, tilkynnir biskup hlutaðeigandi presti köllunina, — og verði hann við henni, sendir biskup köllunarbréf til ráðuneytisins, sem veitir þá þegar embættið samkvæmt því.

12. gr.

Nú hefir söfnuði ekki tekizt að kalla sér prest innan hins ákveðna tíma, og skulu sóknarnefndir þá þegar tilkynna það prófasti og biskupi í símskeyti. Auglýsir biskup þá jafnskjótt prestakallið til umsóknar og skal umsóknarfrestur ekki skemmri en 4 vikur.

13. gr.

Þá er umsóknarfrestur er útrunninn, sendir biskup sóknarnefndum umsóknirnar og álit sitt um umsækjendur. Leitar hann jafnframt álits þeirra um hvern umsækjandann þeir óski helzt að fá. Á sama hátt tilkynnir hann þetta einnig prófasti og kirkjuráði og leitar álits þeirra um veitinguna.

14. gr.

Nú er að minnsta kosti þriðjungur allra sóknarnefndarmanna, sbr. 5. og 6. gr., ekki sammála meiri hlutanum um val prests og skulu þeir þá semja sérálit og senda með sem ósk minni hlutans.

15. gr.

Nú fer álit þessara þriggja aðila, sóknarnefnda eða meiri hluta þeirra, prófasts og kirkjuráðs saman, eða að minnsta kosti annar aðilinn, prófastur eða kirkjuráð, er sammála óskum sóknarnefnda eða meiri hluta þeirra, sbr. 5. gr., og skal þá jafnan veita embættið samkvæmt því. Og fari óskir minni hluta sóknarnefnda, sbr. 14. gr., saman við álit bæði prófasts og kirkjuráðs, skal veiting einnig fara fram samkvæmt því.

Nú er prófastur meðal umsækjenda um prestakall innan prófastsdæmisins, kemur þá álit biskups um umsækjendur í stað álits prófasts.

Nú á umsækjandi sæti í kirkjuráði og tekur þá varamaður hans sæti í ráðinu í hans stað.

16. gr.

Nú getur veiting ekki farið fram samkvæmt 11. eða 15. gr. Leitar þá ráðherra álits biskups um veitinguna og veitir síðan embættið.

17. gr.

Kærur um ólöglega framkvæmd köllunar skulu sendar sóknarnefndaroddvita innan 3ja daga eftir að köllun hefir fram farið, en hann sendir þær biskupi ásamt umsögn sóknarnefndar. Leggur ráðuneytið síðan samkvæmt tillögum biskups úrskurð á kærurnar og hvort köllun skuli fram fara að nýju.

18. gr.

Undanskilin veitingarákvæðum laga þessara skulu vera 2 prestaköll, meðal hinna hægustu á landinu, þau er ráðherra ákveður síðar, eftir tillögum kirkjuráðs.

19. gr.

Prestaköll þessi skulu njóta launakjara, er að minnsta kosti séu ¼ hærri en í öðrum prestaköllum landsins.

20. gr.

Prestaköll þessi skulu veitt þeim prestum einum, sem hafa áunnið sér viðurkenningu sem kennimenn, rithöfundar, skáld, fræðimenn eða þeim, er teljast sérstaklega hæfir til að verða síðar kennarar í guðfræði. Þessi prestaköll skulu því ekki auglýst til umsóknar, heldur veitir ráðherra þau eftir tillögum kirkjuráðs.

21. gr.

Kostnaður við köllun presta greiðist úr sjóði sóknarkirkju, ef hún er safnaðarkirkja, annars jafnar sóknarnefnd kostnaðinum niður á gjaldendur sóknarinnar.

Nú er í prestakalli fleiri en ein sókn, og skiptist þá kostnaðurinn á kirkjurnar eftir tölu safnaðarmanna í hverri sókn.

II. KAFLI.

Um embættaskipti innan þjóðkirkjunnar.

22. gr.

Sóknarprestum þjóðkirkjunnar skal heimilt að hafa skipti á prestaköllum um stundarsakir, ef sóknarnefndir samþykkja og kirkjustjórn leyfir. Fer þá fram úttekt á undan og eftir á öllu því, er fylgir hverju prestakallinu fyrir sig, svo sem við venjuleg prestaskipti, og ber þá hver prestur ábyrgð á prestsetri og öðru því, er prestakalli því fylgir, er hann þjónar. Þó er prestunum heimilt, með leyfi biskups, að skipta um prestaköll

allt að 6 mánuðum án þess að regluleg úttekt fari fram, ef prófastur hvors þeirra um sig er því samþykkur og hann afhendir prestakallið.

23. gr.

Nú óska prestar að skipta að fullu og öllu um prestaköll. Skulu þá sóknarnefndir beggja prestakallanna, ef þær eru skiptunum samþykkar gera tilraun til köllunar, á sama hátt sem þá, er prestakall losnar. Takist sú köllun á löglegan hátt, án þess að gildar kærur hafi fram komið, veitir ráðherra prestaköllin samkvæmt því.

Sektarákvæði.

24. gr.

Hvorki sóknarnefndarmaður né nokkur annar, sem staddur er í herbergi því, þar sem mótmæli samkvæmt 8. gr. fara fram, má beinlínis eða óbeinlínis gera nokkra tilraun til að snúa hug mótmælanda.

Brot gegn ákvæðum þessum varða einföldu fangelsi, ekki skemur en viku, eða sektum ef málsbætur eru, þó ekki undir 20 kr. — Önnur brot gegn lögum þessum varða allt að 200 kr. sektum til prestlaunasjóðs.

25. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 32 frá 3. nóv. 1915 um veitingu prestakalla.

26. gr.

Með mál útaf brotum samkvæmt lögum þessum fer sem með almenn lögreglumál.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1932 og skal þá fara fram ný kosning í allar sóknarnefndir á landinu, áður en þau koma til framkvæmda.

Greinargerð.

Það mun nú, því sem næst, almennt viðurkennt, að meginhugsun laga nr. 32, 1915 sé rétt, — sú, að láta söfnuðina sem mest sjálfráða í vali presta sinna. Átti það fyrst og fremst að tryggja betri samvinnu milli presta og safnaða. — Hinu verður aftur á móti ekki neitað, enda almennt viðurkennt, að margir agnúar hafa komið í ljós við framkvæmd þeirra.

Við fyrirspurnum þeim, sem kirkjumálanefnd hefir beint til presta og safnaða um þessi efni, hafa svör presta verið nær einróma í þá átt, að halda verði fast við þá meginhugsun laga nr. 32, 1015, að söfnuðir ráði algerlega veitingu prestakalla, ef þeir eru nær einhuga um prestsval, en eigi hinsvegar nokkuð á hættu, ef þeir hleypa af stað æsingum og sundrung innbyrðis.

Svör safnaðanna sýna einnig flest, að þeir eru heldur ekki allskostar ánægðir með prestkosningalögin, og hafa fundið ýmsa galla við framkvæmd þeirra.

Síðasta prestastefna og margir héraðsfundir hafa eindregið óskað breytinga í þá átt, sem hér er lagt til.

Æsingar og undirróður er nú orðið svo algengt við prestkosningar, að fremur má teljast til undantekninga, ef þær fara að öllu friðsamlega fram. Er það þó öllum ljóst, hvílík hætta kirkjulegri starfsemi er af þessu búin. Æsingarnar sundra kröftum safnaðarstarfseminnar og verða þess valdandi, að fjöldi presta á ákveðinn andstöðuflokk strax, er þeir koma til safnaðanna. Fer það vonum, að allir eru ekki jafn lagnir á að jafna það og vinna samhug safnaða sinna í starfinu, þegar svo er um búið í byrjun. Reynist oft á því sviði, sem annarsstaðar, að það sé hægara að vekja sundrungina en eyða henni. —

Vegna þessa og annara agnúa prestkosninganna er svo komið, að margir hinna beztu og hæfustu manna innan prestastéttarinnar eru mjög tregir til að sækja um önnur prestaköll, þótt þeir annars óskuðu að skipta um starfssvið og gætu með því móti betur notið hæfileika sinna. Þannig stuðlar margt að því, að prestkosningalögin ná ekki tilgangi sínum í framkvæmdinni. Það er ekki nema í orði að fólkið sjálft eða söfnuðurnir ráði um val prests, heldur verður það bæði tilviljun, sem ræður um það, hverjir sækja í hvert sinn, sem og hvort kosning verður lögmæt.

Tilgangur þessa frumvarps er sá, að reyna að bæta úr þessum augljósustu göllum prestkosningalaganna. Er hér haldið meginhugsun þeirra, að veitingavaldið sé hjá söfnuðum sjálfum og réttur samhuga safnaðar aukinn, þar sem hann getur sjálfur kallað sér prest, og á ekki eins og nú bundin atkvæði um þau ein prestsefni, er sótt hafa um prestakallið.

Samkvæmt þessu frumvarpi, ef að lögum verður, lætur söfnuðurinn ekki lengur tilviljun eina ráða um það, hverjir sækja um prestakallið, heldur snýr hann sér þegar til þess manns, eða manna, innan prestastéttarinnar eða í guðfræðingahóp, sem hann hefir helzt augastað á. Hefir hann þá fullt vald til að ráða sér prest án íhlutunar kirkjustjórnar. En takist köllun ekki, þá er, með ákvæðum 12.—15. gr., söfnuði tryggt það vald um veitinguna, sem öll sanngirni mælir með og honum gæti að fyllstum notum orðið, þegar svo er komið, að skoðanir manna eru mjög skiptar. Samþykki kirkjulegs aðila, biskups, prófasts og kirkjuráðs ætti að vera trygging þess, að söfnuðir legðu meiri alúð við val sitt, og enda réttmætt að álits þeirra gæti að einhverju, ef sundrung er innan safnaðanna. Þá virðist það og til bóta, að prestar eða prestsefni hafi eigi lengur slíka hvöt til að fara í prestaköllin á meðan undirbúningur kosninga fer fram, eins og núgildandi veitingalög gefa þeim. Það mun hugur manna innan prestastéttarinnar, að setja það ákvæði í stéttareglur sínar (codex eticus), að prestar megi ekki fara í prestaköll fyrr en köllunarfrestur er liðinn, nema þá eftir ósk söknarnefnda.

Frumvarp þetta ætti einnig að stuðla að því, að vekja almennan áhuga um val söknarnefnda, þar sem þær fá meiri áhrif um val prests, og verður að

telja það framför. Að sjálfsögðu verður að kjósa allar sóknarnefndir að nýju, um leið og lög þessi koma til framkvæmda. Að öðru leyti skal vísað til athugasemda um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1.—2. gr.

Köllun virðist að mörgu leyti hin æskilegasta lausn veitingar við prestsembætti. Söfnuður getur þá leitast við að fá þann prest, sem hann hefir helzt augastað á, og er þá með öllu einráður, ef hann er einhuga í því efni. Er hann þar með öllu frjálsari en eftir núgildandi lögum. Presturinn er hinsvegar laus við að þurfa ætíð að bjóða sig fram og láta dæma um sig og starfshæfileika sína af þeim, sem oft hafa litinn kunnugleik til þess. Samstarf með söfnuði og presti er ekki tryggt á annan hátt betur, en þegar söfnuðurinn hefst handa um að fá hann og hann kemur til þeirra samkvæmt eindreginni ósk þeirra. Þar ætti traustið að vera víst á báðar hliðar, og er þá líklega farsælt samstarf, er svo er byrjað.

Um 3. gr.

Frestur til köllunar er ákveðinn svo stuttur, til þess að koma fremur í veg fyrir, að æsingar og undirróður geti komizt að. Sér söfnuður þá, að vald hans til köllunar hverfur, ef æsingar fá lausan taum.

Um 4. gr.

Ætlast er til að sóknarnefndirnar leiti fyrir sér um vilja safnaðarmanna, á safnaðarfundum eða á annan hátt, áður en þær gera ákveðna tillögu um köllun.

Um 5. gr.

Ákvæði þessarar greinar á að tryggja hverjum söfnuði innan prestakalls jafnrétti móti öðrum söfnuðum þess við köllunina, eða frumkvæðið að henni. Verður þar að miða við mannfjölda, eftir því sem við verður komið.

Um 6. gr.

Sjálfsagt þykir, að söfnuður í heild hafi úrskurðarvaldið um köllunina, og verða því sóknarnefndir jafnan að leita álits þeirra. Rétt er að söfnuðir viti ef sóknarnefndir eru ekki einhuga í áliti sínu.

Um 7. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Um 8. gr.

Réttara þykir að láta aðeins þá greiða atkvæði, sem eru mótfallnir ákvörðun sóknarnefnda. Er það bæði fyrirhafnarminna og enda síður hætt við æsingum.

Um 9. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Um 10 gr.

Það virðist réttmætt að söfnuðir fái ekki slikt ótakmarkað vald til veitingar, nema sá samhugur sé um hana, sem hér er gert ráð fyrir.

Um 11. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Um 12. gr.

Umsóknarfrestur er hér settur styttri en núverandi prestskosningalög ákveða hann, vegna þess að köllunarfrestur er genginn á undan, og því sennilegt, að þeir, sem hug hefðu á að sækja um prestakallið, hefðu frétt um að það væri laust, og auk þess slæmt að lengja svo mjög þann tíma, sem prestakallið yrði að vera prestslaust.

Um 13. gr.

Eðlilegt er, að álits safnaðar sé leitað fyrst og fremst, enda ræður það mestu um veitinguna síðar. Prófastur á að vera sá kirkjulegur aðili innan héraðs, sem kunnugastur er bæði þörf safnaðarins og aðstöðu til starfs hjá honum, auk þess sem hann er líklegur til að þekkja flesta umsækjendur meira og minna. En kirkjuráð á að vera færast um að dæma um hæfileika og verðleika umsækjanda.

Um 14. gr.

Sjá skýringar við næstu grein.

Um 15. gr.

Það þykir réttmætt, að sóknarnefndir eða meiri hluti þeirra, ráði veitingu, ef hann fær samþykki kirkjulegs aðila, prófasts eða kirkjuráðs. Gefur það honum ríkari ástæðu til að vanda álit sitt, og láta enga hlutdrægni koma þar til greina, og það því fremur þegar minni hlutinn, sbr. 14. gr., getur ráðið meiru, — eða alveg ráðið veitingunni, ef samþykki beggja hinna kirkjulegu aðila fæst, prófasts og kirkjuráðs. Þetta hvorttveggja á að gefa sóknarnefndum aðhald, bæði gagnvart æsingum og hlutdrægni, ef þess gerist þörf. En vald safnaðar aftur aukið að mun, þar sem þannig eru tvær leiðir fyir óskir hans, þótt köllun hafi farizt fyrir. Er þá ósennilegt mjög, að honum takist ekki að ráða mestu um úrslit veitingarinnar.

Um 16. gr.

Þetta er sama ákvæði og nú gildir, ef ekki fæst meiri hluti við kosningu, og sést þá að söfnuði eru opnar fleiri leiðir til að ráða veitingu, og réttur hans í því efni rýmkaður.

Um 17. gr.

Kærufrestur er ákveðinn svo stuttur til þess að hægt sé að hraða kölluninni svo sem föng eru á. Að öðru leyti þarf greinin ekki skýringa.

Um 18.—20. gr.

Ákvæði greina þessara eru með öllu nýmæli í íslenzkri kirkjulöggjöf, — en þekkjast erlendis. Þau eiga að bæta, þótt ekki verði nema að litlu leyti, aðstöðu presta til vísindaiðkana og ritstarfa, — jafnframt því, sem þetta væri nokkurskonar viðurkenning þjóðarinnar til þeirra manna liðinna í prestastétt, sem mestu hafa þar afrekað á sviði bókmenntanna. — Sýndi þá þjóðin, að hún teldi það nokkurs virði, að slík iðja væri áfram stunduð af starfsmönnum kirkjunnar. — Þessa er því fremur þörf, þar sem flest prestaköll landsins eru orðin það stór og erfið þjónustu, að fæstir þjónar kirkjunnar munu eiga þess nokkurn kost, að stunda þá iðju að nokkrum mun, þótt hugur þeirra hneigist að því. Enda fer það stöðugt þverrandi, sem prestar leggja fram á því sviði. Þá er það Háskóla vorum ekki með öllu hættulaust, að þeir menn, sem líklegastir þykja til að takast á hendur kennarastöður við hann síðar, eigi hvergi athvarf nema í erfiðum og oft afskektum prestaköllum, þar sem þeir hafa enga möguleika til að iðka fræði sín á vísindalegan hátt, og fylgjast með í því, sem merkast kemur fram á hverjum tíma í þeirra fræðigrein.

Jafnvel þótt prestaköll þessi yrðu ekki nema tvö, þykir þetta svo miklu skipta fyrir starf kirkjunnar og aðstöðu til menningaráhrifa, að vart þykir horfandi í þann örlitla útgjaldaauka, er ákvæði þessi hafa í för með sér.

Um 21. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Um 22.—23. gr.

Prestakallaskipti hafa áður verið heimiluð og gáfust oft vel. Oft gæti það verið bæði presti og söfnuði holt, að skipta um stundarsakir. Það gæti orðið presti ný hvöt til að leggja sig fram, ef hann kæmi um stund út úr daglegu umhverfi, þar sem hann starfar ár eftir ár, — og enda veitt honum reynslu, sem honum mætti síðar að gagni verða heima fyrir. Enginn prestur er svo fullkominn, að hann fái í starfsemi sinni fullnægt hverju sóknarbarni sínu. Ætti það því að vera ávinningur fyrir söfnuðinn, að fá nýjan prest um stundarsakir, jafnvel þótt sóknarpresturinn sé yfirleitt vel látinn. Eru þessi ákvæði sett samkvæmt ósk nokkurra presta í kaupstöðum og verzlunarstöðum.

Um 24. gr.

Þarf ekki skýringar.

Um 25. gr.

Þarf ekki skýringar.

Um 26. gr.

Þar sem sóknarnefndir eru nú ekki kosnar með þetta verkefni fyrir augum, sem þeim er hér falið, þykir þetta sjálfsagt ákvæði.

29. Frumvarp

til laga um utanfararstyrk presta.

(Lagt fyrir Alþingi 1931).

1. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið veitir árlega allt að 5 prestum þjóðkirkjunnar, þeim, er þjónað hafa embætti a. m. k. 2 ár, styrk til utanfara með þeim skilmálum, er segir í lögum þessum.

2. gr.

Styrkur samkvæmt 1. gr. veitist með því skilyrði, að prestur sá, er hans nýtur, dvelji eigi skemur en 4 mánuði erlendis, til að kynnast þar kirkju- og menntalífi, eða mannúðarmálum. Skal hann síðan leitast við, að gera för sína arðberandi fyrir sveit sína og söfnuð, m. a. með því, að flytja í héraði sínu erindi um einhver þau efni, er hann hefir kynnt sér í utanför sinni, og skal að m. k. eitt þeirra birt á prenti, eða flutt í útvarp.

3. gr.

Styrkur veitist 2000 kr. hverjum presti. Greiðist helmingur styrks þegar utanför er hafin, en hinn helmingurinn þegar 3 mánuðir eru liðnir frá heimanför.

4. gr.

Prestum þjóðkirkjunnar skal skylt að þjóna endurgjaldslaust prestakalli nágrannaprests síns, allt að 6 mánuði meðan hann er í utanför samkvæmt lögum þessum. Og skipta þeir þá með sér verkum eftir því, sem biskup og prófastur mæla fyrir.

Nú verður þjónustu nágrannapresta alls eigi við komið, að dómi kirkjustjórnar, svo sem vegna fjölmennis prestakalls, eða veikinda nágrannaprests og sér kirkjustjórnin þá prestakallinu fyrir þjónustu til bráðabirgða.

5. gr.

Nú sækja eitthvert ár færri prestar um utanfararstyrk en heimilt er að veita samkvæmt lögum þessum, má þá veita þeim mun fleiri prestum utanfararstyrk næsta ár.

6. gr.

Sæki eitthvert ár fleiri prestar um styrk til utanfarar, en heimilt er að veita það ár, sker kirkjustjórnin úr um það hverjir fái styrkinn. En þeir umsækjendur, er eigi hafa fengið hann í það sinn, skulu þá, að öðru jöfnu, sitja fyrir styrk næsta ár.

7. gr.

Eigi má veita sama manni utanfararstyrk oftar en 7. hvert ár, nema sérstaklega standi á. Þeir prestar, sem notið hafa utanfararstyrks úr Sáttmálasjóði, njóta eigi styrks samkvæmt lögum þessum, fyr en liðin eru 5 ár.

Greinargerð.

Utanfararstyrkir íslenzkra menntamanna hafa mjög farið í vöxt á seinni árum, enda hefir ríkissjóður lagt fram nokkurt fé þeim til styrktar. Innan sumra starfsgreina eiga nú nokkrir menn árlega kost á því, að fara með styrkt af opinberu fé, til hinna helztu menningarlanda, til þess að afla sér nýjustu þekkingar í fræðigrein sinni. Auk þessa hefir Sáttmálasjóður veitt, einkum ungum kandidötum, styrki til framhaldsnáms erlendis.

Eigi þarf að fjölyrða um það, hvílíkt gagn má verða að þessum utanförum íslenzkra menntamanna, fyrir menningu og andlegt líf þjóðar vorrar. Allir munu sammála um, að andleg einangrun sé skaðvænleg, og að nauðsyn beri til, að kirkjan eigi þess kost, að kynnast menningarstraumum umheimsins og því, sem þar gerist merkast í trúar- og kirkjulífi og mannúðarmálum.

Til þessa hafa íslenzkir prestar átt þess lítinn kost að fara utan. Kveður svo ramt að um einangrun prestanna, að meðal þeirra, sem nú eru þjónandi í embætti, hafa aðeins örfáir nokkru sinni út fyrir landsteinana komið. Mun þó alls ekki um að kenna áhugaleysi presta, fremur en annara menntamanna, í þessa átt, heldur mun aðstaða þeirra og erfiður hagur valda hér mestu.

Á þessu ætti frumvarp þetta, ef að lögum yrði, að ráða nokkura bót. Má fyllilega vænta þess, að utanfarir presta, í þessu skyni, myndu efla andlegan þrótt þeirra, áhuga og víðsýni, og hafa heillavænleg áhrif á kirkjuna í heild sinni, sem nú ber of víða menjar einangrunar og áhugaleysis.

Gert er ráð fyrir, að 5 prestar fái styrk til utanfarar á ári, 2000 kr. hver. Nú eru rúmlega 100 þjónandi prestar í landinu og munu prestar þá að jafnaði eiga þess kost að fara utan tuttugasta hvert ár og því flestir ekki nema einu sinni í prestskapartíð sinni.

Enn meiri áherzlu verður þó að leggja á það, að sú upphæð, sem hverjum einum er ætluð, verði eigi lækkuð frá því, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Hag íslenzkra presta er tvímælalaust þannig farið, að ekki myndu nema örfáir þeirra geta hugsað til utanfarar og dvalar erlendis, með þeim kjörum, að eiga sjálfir að leggja fram nokkurn verulegan hluta af kostnaðinum. Hinsvegar verða prestar að leggja nokkuð á sig, vegna utanfaranna, þar sem þeim, samkvæmt frumvarpinu, er skylt, ef við verður komið, að þjóna endurgjaldslaust, í allt að 6 mánuði, nágrannaprestakalli, meðan prestur þar er í utanför, en telja má víst, að þeim verði það ljúf skylda, að greiða þannig hver fyrir öðrum, jafnvel þó að ekki njóti þeir ávalt greiðans sjálfir, sem veita hann öðrum.

Einstakar greinar frumvarpsins virðast eigi þurfa skýringa.

Ed. **30. Tillaga**

til þingsályktunar um dýrtíðaruppbót á laun embættis- og starfsmanna ríkisins.

Frá fjármálaráðherra.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða embættis- og starfsmönnum ríkisins sömu dýrtíðaruppbót árið 1931 og greidd var á laun þeirra árið 1928.

Þessi heimild nær einnig til stofnana ríkisins, er greiða dýrtíðaruppbót á laun eftir sömu reglum og ríkissjóður.

Loks tekur heimildin til þeirra, er dýrtíðaruppbót fá á eftirlaun eða styrki samkv. 18. gr. fjárlaganna.

Nd. **31. Tillaga**

til þingsályktunar um lækkun á dagpeningum þingmanna.

Flutningsm.: Magnús Torfason, Lárus Helgason, Jörundur Brynjólfsson, Hannes Jónsson.

Alþingi ályktar, að falla skuli niður 10% af dagpeningum þingmanna á þessu þingi.

Greinargerð.

Það er bert, að ekki verður komizt hjá að færa saman framlög til þjóðþrifamála, og yfirleitt halda sem sparlegast á fé ríkisins. Tillagan fer fram á, að þingmenn sýni hug sinn í því efni.

Nd. **32. Frumvarp**

til laga um ræktunarsamþykktir.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson, Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

Heimilt er að gera ræktunarsamþykktir fyrir lögbýli á tilteknu svæði — einum hreppi að jafnaði — um túnsléttun og nýrækt eftir þeim reglum og með þeim skilyrðum, skyldum og réttindum, sem lög þessi greina.

2. gr.

Aðstoð um undirbúning ræktunarsamþykkta og eftirlit allra framkvæmda samkvæmt þeim hefir Búnaðarfélag Íslands, eftir því sem lög þessi mæla fyrir.

3. gr.

Frumkvæði að því, að ræktunarsamþykkt sé gerð, getur átt hver ábúandi lögbýlis á samþykktarsvæðinu, eða þeir menn, er vinna í opinberri þjónustu að landbúnaðarmálum.

4. gr.

Nú vill einhver gera tillögu um að undirbúningur sé hafinn um að ræktunarsamþykkt sé sett fyrir lögbýli í hreppi hans, skal hann þá snúa sér til sveitarstjórnar með ósk um, að hún boði alla búendur hreppsins á fund með nægum fyrirvara og að tilgreindu fundarefni.

5. gr.

Þá er fundur ályktunarfær um málið, ef minnst ¾ búenda sækja hann. Sveitarstjórn leggur þá fyrir fundinn tillögu um að ræktunarsamþykkt sé sett fyrir hreppinn. Hljóti tillagan samþykki ⅘ hluta búenda, sem á fundi eru, skal hafinn undirbúningur til framkvæmda.

6. gr.

Nú samþykkir fundurinn að hefja undirbúning til lögmætrar samþykktar, skal sveitarstjórn þá snúa sér til Búnaðarfélags Íslands með ósk um, að hún láti athuga skilyrði fyrir túnsléttun og nýrækt á öllum lögbýlum samþykktarsvæðisins, og sömuleiðis skilyrði fyrir skiptingu jarða til nýbýla, gera áætlun um kostnað og framkvæmd ræktunarinnar, hversu mikið land skuli brjóta til nýræktar á hverju býli, hversu langan tíma muni taka að vinna það, er vinna þarf með dráttarvélum — einni eða fleirum — og tilheyrandi jarðyrkjuáhöldum, og hversu mikið ræktunin muni kosta.

Skylt er Búnaðarfélagi Íslands að láta þennan undirbúning í té að kostnaðarlausu fyrir viðkomandi héruð.

Búnaðarfélag Íslands getur leitað aðstoðar viðkomandi búnaðarsambanda, hreppabúnaðarfélaga og sveitarstjórna um allt það, er þessu við kemur. Skal skylt að láta þá aðstoð í té.

7. gr.

Að þessum undirbúningi loknum skal sveitarstjórn boða til fundar á ný um málið. Skal lagt fyrir fundinn álit og tillögur Búnaðarfélagsins um málið, áætlun um kostnað, aðgreindan fyrir hvert býli, og frumvarp til ræktunarsamþykktar. Gilda sömu ákvæði um lögmæti þess fundar og löglegt samþykki á ræktunarsamþykktinni, sem fram eru tekin í 5. gr.

8. gr.

Nú hefir frumvarp til ræktunarsamþykktar verið samþykkt í héraði samkvæmt 7. gr., og skal þá leita staðfestingar ríkisstjórnar á henni. — Að fenginni

umsögn Búnaðarfélags Íslands staðfestir atvinnumálaráðherra samþykktina, eða breytir henni, og endursendir hana þá til endursamþykktar í héraði. Ríkisstjórn skipar fyrir um birting ræktunarsamþykktar og tiltekur hvenær hún skuli öðlast gildi.

9. gr.

Jafnskjótt sem ræktunarsamþykkt hefir náð staðfestingu ríkisstjórnar, skal skipuð framkvæmdarstjórn þannig, að ráðherra skipar formann framkvæmdarstjórnar, en Búnaðarfélag Íslands og viðkomandi sveitarstjórn sinn meðstjórnandann hvort. — Framkvæmdarstjórnin annast um, með aðstoð og eftirliti Búnaðarfélags Íslands, framkvæmd ræktunar eftir ræktunarsamþykkt.

10. gr.

Í ræktunarsamþykkt skal ákveðið:

1. Að slétta tún allra lögbýla í hreppnum, svo að þau verði véltæk til heyvinnu (sbr. þó 18. gr.).
2. Að brjóta land til nýræktar á hverju býli, svo stórt sem hæfa þykir til þess að hægt sé að leggja niður útheyskap, sem eigi svarar kostnaði.
3. Hversu framkvæmd skuli haga, svo sem hvar skuli byrja, hvort farin skuli ein eða fleiri umferðir um samþykktarsvæðið með verkfærin og því um líkt.
4. Að ræktunarkostnaðurinn skiptist niður á býlin eftir réttri tiltölu.
5. Að kostnaðarhluta jarðeigenda við ræktunina megi leggja á býlin sem kvöð, er hvílir á jarðeigendum en greiðist af landskuldinni, í svo mörg ár, sem hæfilegt þykir eftir upphæð kostnaðarins og stærð býlisins, þó ekki í lengri tíma en 15 ár eftir að ræktuninni er lokið á býlinu.
6. Að framlag ríkisins til kostnaðar við ræktun býlis, sbr. 15. gr., megi leggjast á býlið sem ævarandi afgjaldskvöð.
7. Að ábúendur býlanna allra, sem samþykktin nær til, ábyrgist sameiginlega — einn fyrir alla og allir fyrir einn — að ábúendur inni af höndum, eftir því sem þörf krefur, þann hluta af framlagi til ræktunarkostnaðar, er þeim sem slíkum er skylt að inna af höndum.
8. Annað það, er þurfa þykir.

11. gr

Á býlum, sem eru í einkaeign, skal umsamin landskuld, ef um leiguábúð er að ræða — en metin landskuld 4% af fasteignamatsverði af býlum, sem eru í sjálfsábúð — vera veð fyrir þeim hluta ræktunarkostnaðar, sem ræðir um í 15. gr. 2. lið. — Má leggja löghald á landskuld leigubýlis til fullnægingar áskilinni árgreiðslu, en taka árlegt áskilið framlag fyrir býli í sjálfsábúð lögtaki í eignum ábúanda. Þessi kvöð kemur því aðeins til, að eigendur býlanna leggi ekki fram ræktunarkostnaðinn jafnóðum sem hann fellur á.

Gegn framangreindri tryggingu skal framkvæmdarstjórn heimilt að taka lán, eftir því sem þörf krefur, til þessa hluta kostnaðar. Lánið má taka í Búnaðarbanka Íslands, eða annarsstaðar.

12. gr.

Eigendur býla geta leyst af þeim afgjaldskvöð þá, er ræðir um í 10. gr. 6. lið, annaðhvort með því að leggja fram sjálfir ræktunarkostnaðinn þegar í upphafi, eða með því að leysa inn afgjaldskvöðina — eftir að hún hefir verið ákveðin og lögð á — í eitt skipti fyrir öll, með 25-faldri upphæð hennar.

13. gr.

Nú verða ábúendaskipti á býli, sem er í leiguábúð, áður en lokið er ræktunarframkvæmdum samkv. ræktunarsamþykkt og flyzt þá sjálfskuldarábyrgð leiguliða samkvæmt 10. gr. 7. lið yfir á viðkomandi leiguliða.

14. gr.

Ábúandi fer jafnan með atkvæði fyrir ábýli sitt. Er eigendum þeirra jarða á samþykktarsvæðinu, sem í leiguábúð eru, skylt að hlíta ræktunarsamþykktum fyrir jarðir sínar, án þess að samþykkis þeirra sé leitað sérstaklega.

15. gr.

Framlag til ræktunarframkvæmda samkvæmt ræktunarsamþykkt skiptist þannig:

1. Ríkissjóður leggur til dráttarvélar með tilheyrandi jarðyrkjuverkfærum og mann til að stjórna þeim.
2. Jarðeigandi leggur fram grasfræ til varanlegrar grasræktar, ef þörf er, framræslukostnað og efni til girðinga.
3. Ábúendur leggja fram áburð og sáðvörur, aðrar en grasfræ, flutning á girðingarefni, vinnu við uppsetningu girðinga og sáningar og aðstoð til jarðvinnu eftir þörfum.

16. gr.

Skylt er ábúendum á jörðum í leiguábúð að greiða 4% vexti af framlagi landsdrottins og ríkisins samlögðu, eftir að landið er komið í rækt. Skilríki um framlag þessara aðila og hækkun jarðarafgjalds samkvæmt því riti stjórn ræktunarframkvæmdanna á byggingarbréfið.

17. gr.

Atvinnumálaráðherra úrskurðar hvenær hafizt er handa um ræktunarframkvæmdir samkvæmt ræktunarsamþykkt á hverju samþykktarsvæði.

18. gr.

Heimilt er að undanþiggja ræktunarskyldu eftir ræktunarsamþykkt jarðir í heiðum og afdölum, eða á útkjálkum, þar sem ræktunarskilyrði eru lítil, eða hætta getur verið á að jarðirnar leggist í eyði, eða ekki er hægt að flytja jarðyrkjuvélarnar þangað sökum samgönguörðugleika, sömuleiðis þær jarðir, sem fullræktaðar geta talizt, allt eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands.

19. gr.

Ræktunarframkvæmdum samkvæmt ræktunarsamþykktum á hverju samþykktarsvæði skal lokið innan 4 ára frá því, er verkið var hafið.

20. gr.

Nú hefir maður heimild á landi, sem Búnaðarfélag Íslands telur vel fallið til nýbýlis, og hefir hann þá sama rétt og búendur til þátttöku í ræktunarsamþykktinni fyrir land sitt.

Greinargerð.

Það veldur sennilega ekki ágreiningi, að hag og horfum landbúnaðarins væri óliku betur borgið, ef heyöflun gæti farið fram mestpart á véltæku landi með heyöflunarvélum þeim, sem nú eru kunnar. — Afkast þess mannafla, sem heyvinnu stundaði, yrði stórum mun meira, afrakstur meiri í hlutfalli við tilkostnað, búreksturinn minna háður hinum torfengna og — í hlutfalli við afrakstur — of dýra vinnukrafti og hinu breytilega náttúrufari landsins o. s. frv. — Sveitabúskapurinn gæti þá orðið bæði arðmeiri og arðvissari en ella, og styrkari stoð í efnalegri og menningarlegri framþróun þjóðlífsins.

Það sem í vegi stendur almennt fyrir því, að hægt sé að stunda heyskap hér á landi með vélum, er það, að tún og engi eru að meira og minna leyti óslétt og þýfð. Þó að unnið hafi verið — og unnið sé að því nú — all-ósleitilega að slétta túnin, þá vinnst það of seint, ósamstætt og skipulagslaust. Véltæka landið á túnum og engjum er víðast hvar aðeins stærri og minni blettir innan um þýft og óslétt land, svo að litt tiltækilegt eða hagfellt er að vinna að heyöflun á því með vélum, enda hitt þá oft og einatt meiri hluti, sem vélvinnu verður alls eigi komið við á.

Með vaxandi verkafólksskorti í sveitum og hækkandi kaupgjaldi verður æ örðugra og örðugra að fá bæði þann vinnukraft, sem til þarf til að afla nægra heyja fyrir þann bústofn, sem þörf er á til að framfleyta heimilunum, og eins er hitt, að heyöflun með mannafla einum saman — og þá einkum þegar það er á þýfðum túnum, og þýfðum, kannske blautum, graslitlum, heyillum og fjarlægum engjum — gefur ekki þann afrakstur og arð, sem þörf er á til þess að fjárhagsafkoma búrekstursins verði viðunandi, eða eins og þörf krefur.

Það hafa oft verið bornar fram ásakanir á hendur bændum fyrir framtaksleysi um það að taka upp vélrekstur á búskapnum á borð við það, sem sjávarútvegurinn hefir gert. Þess hefir ekki verið gætt, að til þess að þessar tvær atvinnugreinar gæti verið sambærilegar að þessu leyti, þá þurfi að gera landið véltækt, eins og sjórinn er véltækur frá náttúrunnar hendi, bæði til umferðar og fiskveiða. — Að því er stefnt í þessu frumvarpi, að svo geti orðið sem fyrst.

Því miður er það ekki öruggt ráð til fjárhagslegrar blómgunar einnar atvinnugreinar, að hún geti notað vélar að meira eða minna leyti til rekstursins. Það hefir m. a. reynsla fiskiveiðanna hér á landi sýnt. Eigi að síður hefir það stórfellda þýðingu fyrir rekstur og fjárhagsafkomu hverrar atvinnugreinar, að

geta notað vélvinnu við reksturinn að sem mestu leyti. Það getur riðið baggamuninn um það, hvort atvinnugreinin er lífvænleg eða ekki og samkeppnisfær við aðrar eða samskonar atvinnugreinar erlendar eða innlendar.

Á bak við jarðræktarlögin má ætla, að standi óbein viðurkenning um nauðsynina á því að gera túnin véltæk til heyvinnu og leggja niður útheyskap á rýrari hluta engjanna, og ennfremur að með þeim sé stórt spor stigið í þá átt. En betur má, ef duga skal. Jarðræktarlögin eru ekki sniðin fullkomlega með þetta fyrir augum, enda áfátt að ýmsu leyti í því tilliti. Ágallar jarðræktarlaganna í þessu tilliti eru einkum þessir:

1. Að á grundvelli þeirra verður vinnan að túnsléttun og nýrækt helzt til skipulagslítil og ósamstæð, til þess að þessu takmarki verði náð hæfilega fljótt, eða svo fljótt, sem kostur gæti verið á.
2. Þeim efnaminni og máttarminni verða lögin að minna stuðningi en þeim, sem betur mega.

Frumvarpinu er ætlað að vinna bót á þessum ágöllum svo sem auðið er:

1. Þar sem ræktunarsamþykktir væru gerðar á grundvelli frumvarpsins -- og þess er vænzt, að á því muni ekki standa, -- þar yrði unnið að sléttun túna og nýrækt eftir föstu skipulagi og samstætt, svo að heyskaparlandið yrði brátt véltækt, að svo miklu leyti sem ekki væru til svo góðar engjar, sem vel gæti borið sig fjárhagslega að nytja með vélum eða handverkfærum einum.
2. Stuðningurinn væri þannig veittur, að hinir efnaminni og máttarminni stæðu jafnara að vígi með að geta notið hans hinum efnameiri og máttarmeiri.

Ekki er unnt að gera óyggjandi áætlun um það, hversu mikið fé ríkið þyrfti að leggja fram til þessara ræktunarframkvæmda. Veltur það á ýmsum atriðum, sem fyrirfram eru óþekkt til hlítar, svo sem stærð og ásigkomulag þess lands, sem vinna þarf, o. fl.

Eftir túnmælingunum 1916—20 var túnastærðin samanlögð rétt um 23 þús. ha. Síðan hafa þau stækkað að verulegum mun vegna nýræktar, en það þarf ekki að koma til greina í þessu sambandi, vegna þess að viðaukinn mun vera, svo að kalla, allur sléttur og véltækur.

Frá nefndri stærð túnanna má draga það, er ætla má að ekki komi til greina í þessu sambandi. Þann frádrátt má áætla þannig:

1. Tún í kaupstöðum og kauptúnum allt að ..... 2500 ha.
2. Tún þeirra jarða, er ætla má að geti orðið undanþegnar samþykktum samkv. 18. gr. frv. ..... 2500 ha.
3. Véltækt nú þegar áætlað allt að ⅔ ..... 8000 ha.

Samtals 13000 ha.

Hvort þessi frádráttur reyndist eitthvað verulega meiri eða minni, skal ekki fullyrt um.

Hversu mikið land ákveðið yrði að vinna utan túna, er ekki heldur auðið að gera óyggjandi áætlun um. Það er einnig komið undir ástæðum, sem eru að

miklu leyti óþekktar. Ætla má þó, að það geti verið minna en í fljótu bragði getur sýnzt. Og það er vegna þess, að með sléttun og góðri rækt túnanna sjálfra má vænta stórmikils töðuauka, sennilega allt að þriðjungi.

Útheyskapur í landinu hefir verið að meðaltali nokkurra ára nál. 1300000 hestar, en töðufengur í sveitum mun vera nál. 700000 hestar. Ef töðuaflinn, fyrir betri ræktun, gæti aukizt samkv. framansögðu um allt að 350000 hesta, þá svarar það til að fóðurgildi fullkomlega helmings útheysins, er þess er gætt, hvort-tveggja í senn, að útheyshesturinn (lögbandshestur) er ¼ léttari og fóðurgildi jafnþyngdar af útheyi ekki meira en helmingur á móti töðu, þar sem það vitanlega yrði kjarnminni hluti útheysins, er hyrfi fyrir töðuaukanum. Sá hluti engjanna, er þyrfti til að afla hins helmings útheysskaparins, má ætla að sé sumpart véltækur og sumpart svo góðar og ræktarmiklar engjar, að jafnvel, eða nær jafnvel, borgaði sig að nytja hann sem túnin sjálf, m. a. vegna þess, að engu þarf að kosta til árlegrar ræktunar engjanna, enda alkunnugt, að heyskapur á góðum engjum er engu síður arðvænn en á túnum.

Út frá þessum athugunum er beinast að álykta, að alls engrar nýyrkju þyrfti með til að afla jafnmikils fóðurs að notagildi, ef túnin væru gerð slétt og þeim komið í góða rækt. Rétt mun þó að gera ráð fyrir, að nýyrkja nokkur yrði framkvæmd jafnhliða til þess að efla möguleika landbúnaðarins, og þá er vart hægt að gera ráð fyrir minni nýyrkju en 10000 ha.

Jarðvinna með vélum má ætla að kostaði 200—250 kr. á ha. Kostaði þá jarðvinnslan á þessum 20000 ha. 4—5 millj. kr., og hlutfallslega því minna sem minna land kynni að verða brotið. Gæti vel farið svo, að framlag ríkisins þyrfti ekki að vera öllu meira en til stóráveitnanna á Suðurlandsundirlendinu. — Mun engum blandast hugur um, hversu miklu meiri ávinningur væri að þessu verki en að nefndum áveitum.

Á þremur dögum má vinna jarðvinnuna á 1 ha. lands. Jarðvinnslan á 20000 ha. er þá samkvæmt því 60000 dv. fyrir dráttarvélavinnslu. Ætla má, að með dráttarvélinni megi vinna 120 daga á sumri að meðaltali. Þá væri verið í 500 sumur að vinna þetta verkefni með einni dráttarvél, en í 10 sumur með 50 dráttarvélum. Á helmingi styttri tíma mætti gera túnin ein véltæk með sama vinnuframlagi.

Hversu mikla vinnu og fé ríkið legði fram árlega, hefir það á sínu valdi (sbr. 17. gr.), en æskilegast væri að hraða verkinu sem mest. Myndi framlag og framkvæmd á hverjum tíma — sem og undirtektirnar undir þetta mál — fara mjög eftir því, hvern skilning þing og stjórn hefði á þörf og þýðingu landbúnaðarins.

Um einstakar greinar:

Um 1. gr.

Með lögbýli er átt við sjálfstæðar bújarðir utan kaupstaða og kauptúna.

Hagfelldast að ýmsu leyti mun, að samþykktarsvæðin séu ekki stór, og er þá eðlilegt að þau miðist við hreppatakmörk og að sveitarstjórnir séu aðilar málsins í héraði.

Með ákvæðum greinarinnar er ekki útilokað, að fleiri hreppar séu í sambandi eða samvinnu um samþykktir, ef það þætti henta.

Um 2. gr.

Sjálfsagt þykir, að Búnaðarfélag Íslands sé ráðunautur bæði búenda og ríkisstjórnar um undirbúning og framkvæmd samþykkta.

Um 3. gr.

Það þykir rétt, að auk búenda — geti menn, er vinna í opinberri þjónustu að landbúnaðarmálum, svo sem ráðunautar B. Í. og búnaðarsambandanna og trúnaðarmenn þeirra, átt frumkvæði að því, að ræktunarsamþykktir séu settar.

Um 4.—8. gr.

Þessar greinar segja fyrir um undirbúning og endanlega setningu samþykkta. Er tilhögun þess að mestu leyti sniðin eftir því, sem venja er til um heimildarlög.

Um 9. gr.

Hér er tekið fram það sem nauðsynlegt þykir að fastbinda í ræktunarsamþykktum:

1. og 2. tölul. — Það er tilgangur og takmark frv., að gera öll tún á bújörðum véltæk til heyvinnu og að auka svo og bæta ræktun jarðanna, að meginhluta alls heyafla sé aflað á ræktuðu og véltæku landi, þar sem skilyrði til þess eru fyrir hendi. Þess vegna verður að gera það að föstu skilyrði, að svo sé ákveðið í samþykktum, sbr. þó undantekningar 18. gr.

Það er álit flm., að eigi beri síður að leggja áherzlu á að rækta vel það land, sem ræktað er, en á stærð landsins.

Ákvörðun um stærð nýræktarinnar fyrir hverja jörð er ætlazt til að gerð sé í samráði við ábúendur, og sé miðuð við það, að afleggja megi útheyskap á engjum, sem ekki gefa viðunandi afrakstur og arð.

3. tölul. Það er öruggast að ná fyrirfram samkomulagi — og festa það í samþykktinni — um það, hversu framkvæmdinni skuli haga að ýmsu leyti, svo að það geti ekki valdið óánægju og sundurþykkju eftir á.

4. tölul. Eðlilegast er, að allur kostnaður við ræktunina falli á býlin, eins og hann verður í reyndinni á hvert þeirra. — Það verður að vera á valdi framkvæmdarstjórnar að skipta sérstökum og óvenjulegum kostnaði, svo sem kostnaði við flutninga, bílanir og tafir vegna þeirra niður á býlin. Þetta þarf að vera fastbundið fyrirfram í ræktunarsamþykktum.

5. tölul. Samkvæmt 11. gr. er ætlazt til, að umsamið — eða metið — afgjald jarðanna sé einskonar lögveð fyrir þeim kostnaði, er jarðeigendum er skylt að leggja fram samkv. 15. gr. 2. — Þetta verður að fastbinda fyrirfram í ræktunarsamþykktum.

6. tölul. Í frv. er ætlazt til, að ríkið leggi fram mestan hluta kostnaðar við ræktunina. Framlag ríkisins er þó ekki hugsað sem beinn styrkur til ræktunarinnar, heldur þannig, að ríkið eignist þar með tilsvarandi hluta í jörðinni og fái vexti — einskonar landskuld — af því, svo lengi sem jarðeigendur kaupa ekki þennan eignarhluta ríkisins samkv. heimildinni í 12. gr.

Hugsað er, að ríkið fái það fé, sem það bindur á þennan hátt í jarðrækt-

inni, með ýmsu móti, eftir því sem ástæður leyfa og bezt hentar: Úr ríkissjóði, beint af reksturstekjum, úr viðlagasjóði, úr Búnaðarbankanum eða annarsstaðar.

7. tölul. Framlag ábúanda til ræktunarinnar er að miklu leyti fólgið í vinnu. Má að vísu ætla, að þeir séu fúsir til — og sé fært — að leggja það fram, til þess þar með að bæta atvinnuskilyrði sín í framtíðinni, enda hjálpi hver öðrum til þess gagnkvæmt. Til tryggingar því, að það bregðist ekki — og geti ekki brugðizt — er búendum öllum á samþykktarsvæðinu gert skylt að vera í sameiginlegri ábyrgð um framlag ábúenda til ræktunarinnar.

Um 11. gr.

Ætlazt er til, að jarðeigendur leggi fram sinn áskilda hluta af ræktunarkostnaðinum, eftir því sem þeim er fært, jafnótt og hann fellur á. Gera má þó ráð fyrir, að svo geti ekki orðið í öllum tilfellum, einkum þegar um verulegan framræslu- eða girðingarkostnað væri að ræða, og er þá afgjald jarðarinnar — umsamið eða metið — sem trygging fyrir framlagi þeirra, eftir því sem sagt er í greininni. Búnaðarbanki Íslands ætti að geta veitt þessi lán, ella mætti taka þau hvar sem fé væri fáanlegt.

Ekki er bundið við, að nýyrkjulandið sé áfast við túnið, og mætti því í flestum tilfellum komast hjá framræslukostnaðinum.

Um 12. gr.

Eins og varið er forkaupsrétti á jörðum þykir sjálfsagt, að eigendur býlanna eigi kost á að innleysa afgjaldskvöðina.

Margföldun árgjaldsins til stofnverðs ber vitanlega að ákveða eftir því hver rentufótur verður áskilinn.

Um 13. gr.

Að líkindum myndu skyldur og ábyrgð leiguliða eftir samþykkt hljóta að fylgja ábúðinni, þó ekkert sé um það ákveðið, en þessi grein tekur af allan vafa um það.

Um 14. gr.

Óhjákvæmilegt er, að ábúendur fari með atkvæði jarðeigenda í þeim málum, er snerta ræktunarsamþykktir, vegna þess, að oft hlýtur að standa svo á, að ekki er hægt að leita atkvæðis jarðeigenda.

Um 15. gr.

Nauðsynlegt telst að ákveða skilmerkilega, hvernig kostnaður á að skiptast á milli ríkis, jarðeigenda og ábúenda, og á þá lund, sem eðlilegast er.

Ríkissjóður leggur fram kostnað til jarðvinnslunnar og eignast hluta jörðinni fyrir framlag sitt. — Jarðeigendur leggja fram annan þann kostnað, sem verður til varanlegra nota á jörðunum, en ábúendur það, er teljast má til venjulegs árlegs ræktunarkostnaðar.

Um 16. gr.

Það verður að teljast eðlilegt og sanngjarnt, að ábúendur greiði 4% vexti, a. m. k., af samanlögðum ræktunarkostnaði ríkis og jarðeigenda. — Það er lagt á vald framkvæmdarnefndar að ákveða, hversu hár sá kostnaður er, til að fyrirbyggja ágreining um það eftir á.

Um 17. gr.

Þar sem ríkinu er ætlað að leggja fram til ræktunarinnar verulegasta hluta kostnaðarins, þá er réttmætt að það ráði því, hvenær ræktunarsamþykkt kemur til framkvæmda.

Um 18. gr.

Réttmætt þykir að undanskilja þátttöku í ræktunarsamþykkt þær jarðir, sem svo stendur á um, sem segir í þessari grein, en að leggja úrskurð um þau atriði á vald Búnaðarfélags Íslands, sem hefir á að skipa mönnum, sem hafa fræðilega þekkingu um flest þau atriði, sem koma til greina í því sambandi.

Um 19. gr.

Hvort hámarkstími sá, sem hér er tiltekinn, er hæfilega langur, getur verið álitamál, en einhvern hámarkstíma — og hann ekki langan — þykir þurfa að tiltaka.

Um 20. gr.

Sjálfsagt þykir að neyta þess tækifæris, sem fyrir hendi er um leið og jarðvinnslan fer fram á hverjum stað, til ræktunar á nýbýlum, þar sem önnur skilyrði til stofnunar nýbýlanna eru fyrir hendi.

Ed. 33. Frumvarp

til laga um skatt af húseignum í Neskaupstað.

Flm.: Ingvar Pálmason.

1. gr.

Af öllum húseignum í Neskaupstað skal greiða gjald, er rennur í bæjarsjóð.

2. gr.

Húseignaskatt samkvæmt 1. gr. skal miða við virðingarverð húsa eftir fasteignamatslögum, og ákveðst hann þannig:

Af öllum húseignum, úr hvaða efni sem þau eru og til hvers sem þau eru notuð, skal greiða 0,5% — fimmtíu aura af hverjum hundrað krónum — virðingarverðs samkvæmt fasteignamatslögunum. Minni upphæð en 100 kr. skal sleppt.

Gjald þetta greiða húseigendur.

3. gr.

Fyrir gjald þetta annast bærinn, húseigendum að kostnaðarlausu, sót-, sorp- og salernahreinsun og gerir ráðstafanir til að fyrirbyggja eldsvoða.

4. gr.

Húseignaskatturinn greiðist í skrifstofu bæjarins, og er gjalddagi 1. sept. ár hvert.

Húseignaskatturinn hvílir sem lögveð á eigninni, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, að fasteignaskatti til ríkissjóðs undanskildum.

Brenni húseignin, hefir gjaldið forgangsrétt í brunabótum á sama hátt.

Sé húseignaskatturinn ekki greiddur á gjalddaga, skal reikna af honum sömu dráttarvexti og útsvörum.

Dráttarvextir hafa lögtaksrétt á sama hátt og gjöldin sjálf.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af bæjarstjórn Neskaupstaðar og flutt að tilmælum hennar. Fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

Undanfarin ár hefir ávallt verið að koma betur og betur í ljós, hve mikil þörfin er hér í bænum, að hið opinbera taki í sínar hendur sorp- og salernahreinsun. Bærinn hefir umliðin ár annazt sótun alla og verið lagður sérstakur skattur á húseignir vegna þess.

Til þess að standa straum af þeim kostnaði, er af því verður, að bærinn taki þessi mál í sínar hendur, er nauðsynlegt að fá sérstakan tekjustofn og að þeir greiði gjaldið, sem eignirnar eiga.

Ennfremur hefir bærinn s. l. ár keypt nýjar mótor-slökkvidælur og endurnýjað öll áhöld, er að brunamálum lúta hér í bænum, og komið á fót slökkviliði. Hefir þetta allt haft í för með sér allmikinn kostnað, og verður því rekstur brunamálanna meiri í framtíðinni en verið hefir.

Það er og orðið mjög aðkallandi, að í þær götur, sem þegar hafa verið lagðar samkvæmt skipulagsuppdrætti, verði lögð holræsi, og er svo til ætlazt, að það af gjaldi þessu, sem ekki fer í bein útgjöld til hinna áðurnefndu atriða, verði látið ganga til holræsagerðar í bænum.

Bæjarstjórnin lítur svo á, að þá fyrst geti orðið ráðið fram úr þessu nauðsynjamáli, er bænum er tryggður fastur tekjustofn í þessu augnamiði, og væntir þess því fastlega, að Alþingi samþykki frumvarp það, er fyrir liggur.

Sþ. 34. Tillaga

til þingsályktunar um yfirlæknisstöðuna við geðveikrahælið á Kleppi.

Flutningsmaður: Jón Þorláksson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

Að gera tafarlaust ráðstafanir til, að dr. med. Helgi Tómasson verði aftur settur inn í yfirlæknisstöðuna við geðveikrahælið á Kleppi.

Greinargerð.

Tillaga til þál. um þetta sama efni var flutt á Alþingi 1930. Var hún afhent til prentunar í skrifstofu Alþingis skömmu áður en þingið var kvatt saman á Þingvöllum. Er till. prentuð sem þskj. 590 í A-deild Alþt. 1930. En till. var aldrei útbýtt meðal þingmanna á fundi, þrátt fyrir skýlaus fyrirmæli þar um í 29. gr. laga um þingsköp Alþingis frá 3. nóv. 1915.

Till. fylgdi greinargerð, sem prentuð er hér aftan við. Vísa ég til hennar í öllum aðalatriðum. Og þótt svo hafi nú til tekizt, ríkisstjórninni að þakkarlausu, eftir því sem ég bezt veit, að dr. Helgi er enn ófarinn úr landi, þá er öll hin sama nauðsyn enn fyrir hendi til aðgerða í þessu efni, sem var á síðastliðnu sumri. Mér hefir þó eigi þótt ástæða til að endurtaka áskorun til ríkisstjórnarinnar um að leggja fyrir Alþingi frv. til laga, er tryggi dr. Helga þessa stöðu, sakir þess, að ég mun bera slíkt frv. fram sjálfur, ef stjórnin gerir það ekki af sjálfsdáðum.

Greinargerð fyrir till. frá 1930 er svo hljóðandi:

»Hinn 30. apríl þ. á. var dr. med. Helga Tómassyni fyrirvaralaust vísað úr yfirlæknisstöðunni við geðveikrahælið nýja á Kleppi með bréflegri skipun frá dómsmálaráðuneytinu. Engar sakir voru tilgreindar, og við afhendingu sjúkrahússins daginn eftir vottaðist það, að yfirlæknirinn hafði staðið prýðilega í stöðu sinni.

Dr. med. Helgi Tómasson lauk prófi í læknisfræði við háskólann í Kaupmannahöfn árið 1922. Síðan vann hann samtals rúm 5 ár á ýmsum sjúkrahúsum fyrir geðbilað og taugaveiklað fólk, aðallega í Danmörku. Auk þess vann hann rúmt ár á stóru sjúkrahúsi í Kaupmannahöfn (Bispebjerg Hospital) við almennar lyfjalækningar og handlækningar. Frá þessu tímabili liggja eftir hann ýmsar vísindalegar ritgerðir um efni úr sérfræðigreinum hans (geðsjúkdómum og taugasjúkdómum), og árið 1927 var hann sæmdur doktorsnafnbót við Kaupmannahafnarháskóla fyrir ritgerð um »Blodets Elektrolyter og det vegetative Nervesystem« og hlaut óvenjulega lofleg ummæli við það tækifæri.

Haustið 1925 samdist svo um milli Helga Tómassonar og þáverandi forsætisráðherra, Jóns heitins Magnússonar, eftir tillögum landlæknis, að Helgi yrði læknir við nýja spítalann á Kleppi, þegar hann væri fullgerður, gegn

sömu launakjörum og læknarnir við gamla sjúkrahúsið á Kleppi og heilsuhælið á Vífilsstöðum. Hingað til lands kom dr. Helgi í marz 1928, og tók þá við umsjón með útbúnaði sjúkrahússins, en áður hafði hann aðstoðað landsstjórnina með leiðbeiningum um herbergjaskipun og tilhögun hússins. Sjúkrahúsið tók svo til starfa undir stjórn hans um mánaðamótin marz-apríl 1929.

Dr. Helgi Tómasson hefir þannig menntun í sérfræðigreinum sínum, geð- og taugasjúkdómum, langt umfram alla aðra íslenzka lækna. En einnig á öðrum sviðum læknisfræðinnar skarar hann fram úr, og mun það nokkuð almenn skoðun meðal lækna í Reykjavík, að hann sé sem stendur einn hinna lærðustu lækna vor á meðal, og auk þess gæddur óvenjulega skarpri athugunargáfu og dómgreind.

Nú liggur við borð, að dr. Helgi flytji alfarinn af landi burt vegna áðurnefndra aðgerða dómsmálaráðuneytisins. Það er auðvitað eitt af ætlunarverkum hverrar ríkisstjórnar, að beitast fyrir því, að íslenzkir úrvalsmenn gangi fyrir öllum öðrum til starfa í þágu alþjóðar hér á landi. Bæði fyrrverandi og núverandi stjórn hafa viðurkennt þetta í verkinu, m. a. með þeim ráðstöfunum, sem gerðar voru fyrirfram til þess að tryggja landinu starfskrafta dr. Helga við hið nýja geðveikrahæli. En þá er alveg öfugt að farið, ef eitthvert ráðuneyti gerist til þess að hrekja úrvalsmenn þjóðarinnar úr landi, og verður að krefjast þess af ríkisstjórninni í heild, og þá sérstaklega af forsætisráðherranum, að komið sé í veg fyrir þetta.

Málefni þetta þolir ekki bið til næsta reglulegs Alþingis, því að þá mun dr. Helgi verða farinn til útlanda, ef ekkert verður að gert. Verður þetta mál því að fá afgreiðslu nú á þessu þingi, þótt komið sé nálægt þingslitum og hátíðahöld standi yfir, enda mun væntanlega enginn óska eftir því, að Alþingi minnist þessa afmælis síns með því að víkjast undan afgreiðslu aðkallandi nauðsynjamála«.

Nd. 35. Frumvarp

til laga um lendingarbætur á Eyrarbakka.

Flutningsm.: Magnús Torfason, Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Til lendingarbóta á Eyrarbakka skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðuneytið hefir samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 80000 kr., gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar að. Fjárhæð þessi greiðist sýslunefnd Árnessýslu að jafnri tiltölu og sýslusjóður Árnessýslu leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán, er sýslusjóður Árnessýslu kann að taka til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að yfirumsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið telur til þess færan.

3. gr.

Eigendur Skúmsstaða og Einarshafnar leggi fram, endurgjaldslaust, nauðsynlegt land til lendingarbótanna, uppsáturs, íveru- og fiskhúsa, allt að 20 þús. fermetrum, svo og land undir brautir og vegi, er nauðsynlegir kunna að þykja, ennfremur grjót, möl og önnur jarðefni, og þoli bótalaust þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér.

4. gr.

Meðfram strandlengjunni eða nálægt lendingarbótunum má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta, né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki sýslunefndar Árnessýslu komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum, 1000—10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa 3 menn, er sýslunefnd Árnessýslu kýs. Skulu þeir kosnir til þriggja ára. Gengur einn úr árlega, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Sýslusjóður Árnessýslu ábyrgist skuldir sjóðsins og sýslunefnd er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Sýslunefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir né taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán, og heldur ekki gera mannvirki við lendinguna, svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Eyrarbakka allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er úti til fiskiveiða á Eyrarbakka, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkv. 12 gr.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. desembermánaðar ár hvert ber stjórn lendingarsjóðsins að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykkis.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem sýslunefnd Árnessýslu semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, skipagjöld og báta og bryggjugjöld og fleira, er þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Eignir núverandi lendingarsjóðs Eyrarbakka renna í hinn nýja lendingarsjóð, enda tekur hann að sér ábyrgð á skuldum hins.

14. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Ákvæði um stundarsakir.

Til byrjunar á landgarðinum til þess að bægja sandburði úr Ölfusá má ríkisstjórnin, þegar ástæður ríkissjóðs leyfa, verja allt að 20 þús. kr. úr ríkissjóði, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að og öðrum sömu skilyrðum og í lögum þessum segir.

Greinargerð.

Undanfarin ár hefir borið á því, að sandburður úr Ölfusá hefir grynnkað hafnarlegurnar við Eyrarbakka, og hefir það sýnilega ágerzt. Varð það til þess, að vitamálastjórnin samkv. ósk Bakkamanna athugaði, hvað gera mætti til að koma í veg fyrir árburðinn, og lét mæla fyrir garði, er á að bægja honum frá legunum. Fylgir umsögn vitamálastjóra þar um. Jafnframt hefir verið athugað, að með tiltölulega litlum endurbótum á innsiglingu og hafnarlegu muni mun stærri skip en nú geta hafnað sig fyrir innan skerjagarðinn. Mætti það verða til hins mesta hagræðis fyrir allt Suðurlendið, og þá eigi síður fyrir það, að unnið

er að því af kappi, nú er verðlag á erlendum vörum er orðið sæmilega stöðugt, að fá þær beint frá útlöndum, en að því er hin bezta búbót.

Fylgiskjal.

VITAMÁLASTJÓRINN.

Reykjavík, 17. febrúar 1931.

Lýsing og athugasemdir um sandvarnargarð Eyrarbakka.

Um 1700 m. fyrir vestan Eyrarbakka rennur Ölfusá til sjávar, og hefir árósinn á síðastliðnum árum breytt stefnu meir og meir til austurs, en við það hefir sandburður austur með landinu aukizt að miklum mun. Bátaleiðin og sundin inn að kaupstaðnum grynnist því ár frá ári, og mun skammt að bíða þess, að ekki fljóti þar vélbátar.

Síðastliðið sumar fór Finnbogi R. Þorvaldsson verkfræðingur til Eyrarbakka til þess að athuga, á hvern hátt ráða mætti bót á þessu. Dvaldi hann þar dagana 19. og 20. júlí og gerði nauðsynlegar mælingar. Eftir upplýsingum kunnugra manna og í samráði við þá, leizt honum svo á, að hindra mætti sandburðinn austur með landinu með því að gera garð við árósinn, skáhallt fyrir árstrauminn og beina honum á þann hátt frá landi. Á meðfylgjandi uppdrætti B. 258 er sýnd lega og gerð garðsins.

Garðstæðið er valið þar, sem straumur úr ánni og sjávarfallið upp að landinu mætast um hálffallinn sjó. Hefir þar myndazt sandeyri við landið á síðustu árum. Annars eru á garðstæðinu sléttar hraunklappir, og hallar þeim lítið eitt frá landi.

Til þess að koma að tilætluðum notum þarf garðurinn að ná um 500 m. frá stórstraums flóðlínu. Hann yrði því mjög dýr, ef ekki væri gætt hagsýni við gerð hans og styrkleika. Hann getur orðið fyrir áreynslu frá báðum hliðum og verður því að vera vel traustur. Hliðar garðsins verður að gera með fláa, svo að brim og ísrek nái sem minnstum tökum á honum. Það verður því ekki unnt að spara efni til hans með öðru móti en því, að takmarka hæðina, og þar sem garðinum einungis er ætlað að hindra sandburð úr ánni inn í sundin, mun nægja að hafa hann um 1½ m. á hæð, og má þá hækka hann síðar með tiltölulega litlum tilkostnaði, ef sandur hleðst svo að honum, að árstraumurinn ber sand yfir hann.

Eins og sýnt er á uppdrættinum, er gert ráð fyrir, að á sandeyrinni við landið muni nægja að reka niður staura og þilja á milli þeirra, en fyrir framan eyrina er garðurinn á 460 m. lengd gerður úr steypu og grjóti. Hann er 1½ m. á hæð, 25 cm. þykkur efst, og halli á báðum hliðum 1 : 1.

Kostnaðaráætlun.

Grenitré 5,0 m.³ á kr. 100.00	500 kr.
Fura 6,8 m.³ á kr. 150.00	1020 —
Að grafa niður staura 36 stk. á kr. 20.00	720 —
Trésmíði 6,8 m.³ á kr. 40.00	272 —
Grjótborin steypa 1 : 21/2 : 4 1210 m.³ á kr. 50.00	60500 —
Verkstjórn og ófyrirséð	9488 —
Samtals	72500 kr.

Th. Krabbe.

Ed. 36. Frumvarp

til laga um einkasölu ríkisins á tóbaki og eldspýtum.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson og Erlingur Friðjónsson.

1. gr.

Frá 1. jan. 1932 má enginn nema ríkisstjórnin flytja hingað frá útlöndum nokkra tegund af eldspýtum né tóbaki, hvort sem það er unnið eða óunnið og til hvers sem það er ætlað.

Lög þessi taka eigi til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs eldspýtur eða tóbak, ef birgðirnar eru eigi að áliti tollstjóra meiri en svo, að hæfilegur forði sé handa skipverjum og farþegum. Ef birgðirnar teljast meiri, fer um það, sem umfram er, eftir 13. gr. Þegar sérstakar ástæður mæla með, getur ráðherra látið sektir falla niður, og er heimilt að greiða verð fyrir eldspýturnar og tóbakið, ef ætla má, að tilætlunin hafi eigi verið að flytja það í land.

2. gr.

Tóbak það og eldspýtur, sem ríkisstjórnin flytur inn samkv. 1. gr., selur hún kaupfélögum, öðrum verzlunarfélögum eða kaupmönnum, en eigi öðrum. Ríkisstjórnin setur reglur um verzlunina.

3. gr.

Það fé, sem þarf til verzlunarrekstrar þess, er ræðir um í 1. og 2. gr., leggur ríkissjóður fram, og er ríkisstjórninni heimilt að taka það að láni.

4. gr.

Nafn verzlunarinnar skal vera „Tóbakseinkasala ríkisins“.

5. gr.

Ríkisstjórnin annast rekstur tóbakseinkasölunnar, skipar forstöðumann og tvo endurskoðendur og setur þeim erindisbréf.

6. gr.

Ríkisstjórnin ákveður í reglugerð, hvernig fara skuli með eldspýtna- og tóbaksbirgðir þær, sem fyrir hendi kunna að vera í landinu 1. janúar 1932, og hvort gjald skuli greitt af þeim í ríkissjóð. Eftir 1. sept. 1931 skal ríkisstjórninni vera heimilt að banna allan innflutning eldspýtna og tóbaks, nema sérstakt leyfi hennar komi til.

7. gr.

Heimilt skal ríkisstjórninni að ákveða í reglugerð, að fyrirmæli laga 16. nóv. 1907 um tollvörugeymslu og tollgreiðslufrest skuli að því er allskonar tóbak snertir falla úr gildi frá 1. sept. 1931, og getur ríkisstjórnin þá krafizt tafarlausrar greiðslu á öllum ógreiddum tolli af tóbaki, er þá kann að vera í tollgeymslu.

8. gr.

Tóbakseinkasalan skal leggja frá 10 til 75 af hundraði á tóbak og 50 til 100 af hundraði á eldspýtur, eftir því sem henta þykir fyrir hverja tegund. Álagning þessa skal miða við verð vörunnar kominnar í hús hér á landi, án tolls. Tóbak til sauðfjárbaðana selst án hagnaðar.

9. gr.

Tóbakseinkasalan skal greiða hinn lögákveðna toll þar, sem vörurnar eru fyrst fluttar í land, á þann hátt og á þeim tíma, sem lög mæla fyrir. En heimilt skal þó ríkisstjórninni að ákveða í reglugerð, að reikningar tollstjóra á hverjum stað skuli greiðast beint í ríkissjóð og að greiðslurnar megi fara fram á ákveðnum tímum, t. d. mánaðarlega eða ársfjórðungslega.

10. gr.

Ágóði sá, sem verður af rekstri tóbakseinkasölunnar, greiðist í ríkissjóð og telst með tekjum hans. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um reikningsskil. Í þeim reglum skal ákveða, að árlega leggist nokkur hluti ágóðans í veltufjár- og varasjóð.

11. gr.

Tóbakseinkasalan skal jafnan hafa nokkurn forða af eldspýtum og tóbaki fyrirliggjandi í Reykjavík. Kostnað af vörusendingum innanlands greiði viðskiptamenn. Pantað tóbak og eldspýtur getur tóbakseinkasalan látið senda beint frá útlöndum til þeirra staða hér á landi, sem óskað er, og miðast álagning þá við verðið á höfn ákvörðunarstaðar.

12. gr.

Ríkisstjórnin ákveður hámarksverð tóbaks og eldspýtna í smásölu.

13. gr.

Umbúðir allra eldspýtna- og tóbakstegunda, sem tóbakseinkasalan flytur inn, annara en tóbaks til sauðfjárlækninga, skulu vera merktar með álímdum miðum, er á sé letrað „Tóbakseinkasala ríkisins".

14. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt frá 50 til 20000 kr., ef eigi liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum. Auk þess skal tóbak og eldspýtur, sem inn er flutt í heimildarleysi, gert upptækt og afhendist tóbakseinkasölunni til ráðstöfunar. Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í ríkissjóð.

15. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

Greinargerð.

Frumvarp til laga um tóbakseinkasölu hefir verið flutt á undanförnum þingum, og tekjur ríkissjóðs af einkasölunni verið áætlaðar liðlega 200 þús. krónur. Frv. þetta er samhljóða frv. því, er borið var fram í fyrra, að öðru en því, að hér er lagt til, að Tóbakseinkasalan fái jafnframt einkarétt til að flytja inn og selja eldspýtur. Má vænta af því nokkurs tekjuauka fyrir ríkissjóð, svo að óhætt mun að áætla tekjur ríkissjóðs af einkasölunni, ef frv. er samþykkt, um 250 þús. kr., og er þá hægt, að öðru óbreyttu, að lækka nauðsynjavörutollana um þá upphæð.

Ed. 37. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Frá dómsmálaráðherra.

Á eftir 1. málsgr. komi:

1. Aftan við B. 3. komi: Snæfellsnesbraut, frá vegamótum austan Straumfjarðarár, um Staðarsveit, Breiðuvík og Hellissand til Ólafsvíkur.
2. Við C. tölul. 1. Fyrir »Yfir Vaðlaheiði . . . . . til Húsavíkur« komi: Yfir Vaðlaheiði, um Kross í Ljósavatnsskarði, Köldukinn, Garð í Aðalreykjadal til Húsavíkur.

Nd. 38. Frumvarp

til laga um hafnargerð á Akranesi.

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

Til hafnargerðar á Akranesi veitast úr ríkissjóði $^{2}/_{5}$ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefir samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 480000 -- fjögur hundruð og áttatíu þúsund krónur -- gegn $^{3}/_{5}$ frá hafnarsjóði Akraness.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 500000 — fimm hundruð þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Akraness kann að fá til hafnargerðarinnar, gegn ábyrgð Borgarfjarðarsýslu. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Akraness. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Akraness.

4. gr.

Hafnarmerki skulu vera: Frá Vestriflasartá um Syðriflasarenda í Þjótarsker og þaðan sjónhending á vestanverðan Sólmundarhöfða.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Ytri-Akraneshrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með

þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 5 menn, 3 kosnir af hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps, en 2 af sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til 5 ára, og gengur 1 úr árlega, fyrstu 4 árin eftir hlutkesti. Að minnsta kosti 3 nefndarmenn skulu eiga heima í Akraneskauptúni eða í nágrenni þess.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Hafnarsjóður á allt það land innan hafnargarðs, sem nú flýtur yfir með stórstraumsflóði.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á Akraneshöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.

d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
f. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem heimili eiga í kauptúninu og leggja þar afla á land eða hafa þar uppsátur.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulið 2 a, b og c.

12. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkv. 11. gr., má taka lögtaki.

13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

14. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjuliðum.

15. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári, og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og hreppsreikninga.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eins og það var afgreitt frá neðri deild á síðasta þingi, en eins og kunnugt er dagaði málið uppi í efri deild.

En nauðsynin á því að koma á hafnarbótum á Akranesi er svo brýn og aðkallandi, að Akurnesingar fundu sig til knúða að byrja á verkinu á síðastliðnu vori, og skilaði því verki svo áfram í sumar, að þar var byggður um 72 m. langur garður, sem þegar kemur að nokkru liði við afgreiðslu smærri gufuskipa og vélbáta, þegar kyrrt er í sjó og brimlaust, en garðurinn er hinsvegar ekki það langur, að hann veiti neitt hlé eða afdrep. Kostnaðurinn við þetta verk varð um 120 þús. krónur.

Ed. 39. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Frá Guðmundi Ólafssyni.

1. Á eftir 1. málsgr komi:
   Aftan við C. 2. komi:
   a. Vegur frá Skagastrandarvegi, fyrir sunnan Litla-Enni, norður að Blönduósbryggju.
   b. Vegur frá Hliðarhólum, um fyrirhugaða brú á Blöndu, að Svínavatni.
2. Aftan við fyrirsögn frv. bætist: og lögum nr. 57, 19. maí 1930.

Nd. 40. Frumvarp

til laga um hafnargerð á Sauðárkróki.

Flutningsm.: Magnús Guðmundsson og Jón Sigurðsson.

1. gr.

Til hafnargerðar á Sauðárkróki veitast úr ríkissjóði $^{2}/_{5}$ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefir samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 250000 — tvö hundruð og fimmtíu þúsund krónur — gegn $^{3}/_{5}$ hlutum frá hafnarsjóði Sauðárkróks.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 370000 — þrjú hundruð og sjötíu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Sauðárkróks kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð sýslunefndar Skagafjarðarsýslu. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Sauðárkróks. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Sauðárkróks.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin af atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum hreppsnefndar Sauðárkrókshrepps.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Sauðárkrókshrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með

þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn, 2 kosnir af hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps, en 1 af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til 3 ára, og gengur 1 úr árlega, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti. Að minnsta kosti 2 nefndarmenn skulu eiga heima í Sauðárkrókskauptúni eða í nágrenni þess.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Hafnarsjóður á allt það land innan hafnargarðs, sem nú flýtur yfir með stórstraumsflóði.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkvæmt 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig í Sauðárkrókshöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.

d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
f. Allt að ½ hlut af hverjum vélbáti, 8 smálesta eða stærri, og hlutfallslega af síldveiðiskipum og togurum, en allt að ¼ hlutar af smærri vélbátum en 8 smálesta og róðrarbátum.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulið 2 a., b. og c.

12. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkvæmt 11. gr., má taka lögtaki.

13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

14. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjuliðum.

15. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári, og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og hreppsreikninga.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Greinargerð.

Samhljóða frumvarp þessu var flutt á þinginu í fyrra og var samþykkt óbreytt í Nd., en dagaði uppi í Ed. Frv. er því flutt aftur og vísast til greinargerðar þeirrar, sem áður hefir fylgt frv.

Ed. 41. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Frá Halldóri Steinssyni.

Á undan »Við D« kemur:
Við B. Á eftir tölul. 3 kemur nýr tölul.:
Eyrarsveitarvegur, frá Kerlingarskarði um Eyrarsveit til Ólafsvíkur.

Nd. 42. Tillaga

til þingsályktunar um lyfjaverzlun.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson, Sigurjón Á. Ólafsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga gildandi lyfjataxta, gæði lyfja og fyrirkomulag lyfjaverzlunarinnar yfir höfuð og leggja árangur þeirra athugana og tillögur til umbóta fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Tillaga til þingsályktunar samhljóða þessari var flutt í Nd. á síðasta Alþingi, en náði þá ekki samþykki deildarinnar. Vísast til greinargerðar þeirrar, er þá fylgdi tillögunni.

Nd. 43. Tillaga

til þingsályktunar um lækkun vaxta.

Flm.: Magnús Torfason, Jörundur Brynjólfsson, Þorleifur Jónsson, Lárus Helgason, Hákon Kristófersson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora alvarlega á ríkisstjórnina að gera allt hvað í hennar valdi stendur til þess, að Landsbanki Íslands lækki forvexti hið allra bráðasta.

Greinargerð.

Samskonar þál. samþykkti hv. deild með þorra atkv. á síðasta þingi. Nú eru öll sömu rök fyrir hendi, miklum mun ríkari, og auk þess fjárkreppa yfir oss gengin. Önnur ráðstöfun, öllum landslýð til bóta, verður vart gerð, og þó engum til afdráttar. Nánara í framsögu.

Nd. 44. Frumvarp

til laga um hafnargerð á Dalvík.

Flutningsm.: Bernh. Stefánsson.

1. gr.

Til hafnargerðar á Dalvík veitast úr ríkissjóði, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin samþykkir, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, $^2/_5$ kostnaðar, allt að kr. 150000, gegn því að frá hafnarsjóði Dalvíkur komi $^2/_5$ kostnaðarins, kr. 150000, og Svarfaðardalshreppi $^1/_5$ kostnaðar, kr. 75000.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast, fyrir hönd ríkissjóðs, allt að kr. 150000 lán, er hafnarsjóður Dalvíkur kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu.

Tillag úr ríkissjóði og ábyrgð ríkisins er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem stjórnarráðið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati þriggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Dalvíkur.

4. gr.

Hafnarmerki skulu vera: Frá upptökum hafnargarðsins í fjörunni, innan við Brimnestöng, eftir legu garðsins í austur, og úr enda hans bein lína til lands, í takmarkalínu verzlunarlóðarinnar á Böggvisstaðasandi.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Svarfaðardalshrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því og uppdráttur, ef með þykir þurfa. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 50—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna, undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Hreppsnefndinni er heimilt, með samþykki atvinnumálaráðuneytisins, að taka eignarnámi lönd og lóðir, sem liggja að höfninni og nauðsynleg kynnu að vera til hagnýtingar hennar og fyrir kauptúnið.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn, 2 kosnir af hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps, en 1 af sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til 3 ára og gengur 1 úr árlega, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefnd hefir ábyrgð á eigum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki, án leyfis ráðuneytisins, selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Hafnarsjóður á allt það land innan hafnarinnar, sem nú flýtur yfir með stórstraumsflóði.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkvæmt 5. grein.
2. Helming hækkunar lóðarleigu í landi þeirra jarða, er að höfninni liggja, og allt að ½ hluta lóðargjalda nýrra lóða. Þar til núgildandi leigumálar eru fallnir úr gildi, skulu, þegar höfnin er nothæf, dómkvaddir menn meta sanngjarna lóðarleigu á 5 ára fresti, og skulu lóðarnotendur þá greiða í hafnarsjóð allt að ½ af þeirri upphæð, sem matið er hærra en núverandi leigumáli ákveður.
3. Af skipum og bátum, er hafna sig á Dalvíkurhöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna, ef þær eru ekki settar í land.
   d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
   f. Allt að ½ hlut af hverjum vélbáti, 6 smálesta eða stærri, og hlutfallslega af síldveiðiskipum og togurum, en allt að ¼ hlutar af smærri vélbátum en 6 smálesta og róðrarbátum.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta. Heimilt er að innheimta hafnargjöld jafnskjótt og byrjað er á hafnarmannvirkjunum.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarsjóðs samkvæmt tölulið 3, a., b. og c.

12. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, getur þá hreppsnefndin, með sérstöku samþykki stjórnarráðsins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið

má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Það, sem þá kann að vanta, greiðist úr sveitarsjóði Svarfaðardalshrepps. Öll gjöld til hafnarsjóðs má taka lögtaki.

13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

14. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánuðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

15. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leita samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhalla.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og hreppsreikninga.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir þurfa. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi og var samþ. í Nd., en varð ekki útrætt í Ed. Þykir nægja að vísa til greinargerðar þeirrar, sem fylgdi frv. í fyrra.

Nd. **45. Frumvarp**

til laga um breyting á l. nr. 50 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Flutningsm.: Ásgeir Ásgeirsson.

2. málsgrein 3. greinar hljóði svo:

Samskonar ívilnanir má veita samkynja iðnaðarfyrirtækjum, er stofnuð hafa verið eftir 1. janúar 1927, þannig að ívilnunin nemi sama hlutfalli, miðað við ársframleiðsluna, og ívilnunin nemur fyrir eldri samkynja fyrirtæki.

Greinargerð.

Tillaga þessi er borin fram fyrir tilmæli h/f Ölgerðin „Þór" í Reykjavík, og er ástæðan sú, að félag þetta, sem stofnað var árið 1929 og tók til starfa í ágústmánuði 1930, greiðir samkvæmt gildandi lögum hærra gjald af framleiðslu sinni, vegna ákvæðisins í 3. gr. laga nr. 50 1927, en samkynja iðnaðarfyrirtæki, sem starfrækt hefir verið mörg undanfarin ár.

Það má til sanns vegar færa, að nýstofnuð fyrirtæki hafi meiri þörf á ívilnunum en þau, sem þegar eru orðin gróin, og virðast því tilmæli félagsins sanngjörn, úr því slík ívilnun hefir verið veitt með nefndum lögum.

Fyrir ríkissjóðinn munar þessi breyting á lögunum mjög litlu, þar sem hún fellur burtu í árslok 1935, en með þessari breytingu á lögunum er stofnað til eðlilegs jafnréttis milli innlendra iðnfyrirtækja yfirleitt, og virðist nauðsyn bera til að stuðla að slíku.

Þótt lagabreyting þessi sé fram komin fyrir tilmæli ákveðins fyrirtækis, er eðlilegt og nauðsynlegt að láta breytinguna ná til allra innlendra iðnfyrirtækja, er líkt stendur á um; með því einu móti nær jafnréttiskrafan tilgangi sínum, enda óverulegur tekjumissir fyrir ríkissjóð, eins og hér að ofan er getið, þar sem ekki getur verið um mörg fyrirtæki að ræða á þessu stutta tímabili, sem ívilnunin nær til.

Ed. 46. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Frá dómsmálaráðherra.

Á eftir 1. málsgr. komi:
Við C. tölul. 3, nýr liður:
Frá austurvatnabrú um Hjaltadalsárbrú að Hólum og frá Hofsósi að Fljótaárbrú.

Nd. 47. Frumvarp

til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson.

I. KAFLI.

Um tekjuskatt.

1. gr.

Hver maður heimilisfastur hér á landi er skyldur til, með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum þessum, að greiða skatt í ríkissjóð af tekjum sínum, enda hafi hann verið heimilisfastur hér a. m. k. 6 mánuði af skattárinu.

Nú dvelur maður erlendis um stundarsakir, en bregður eigi heimilisfangi sínu hér á landi, og skal hann þá gjalda skatt eins og hann dveldi að staðaldri í landinu.

2. gr.

Nú er maður eigi heimilisfastur hér á landi, en á hér eignir og hefir tekjur af þeim, eða af atvinnu, eða af sýslan, sem hér eða héðan er rekin, svo sem sjómenn á íslenzkum skipum, sem eigi greiða skatt í öðru ríki, og skal hann þá gjalda skatt af tekjum þessum og tilnefna fyrir hlutaðeigandi skattheimtumanni, hver greiði skattgjald hans, enda sé sá maður búsettur á skattsvæði skattheimtumanns.

Sömuleiðis skal sá, er eigi hefir aðsetur hér á landi, en hefir laun, biðlaun eða styrk úr ríkissjóði, eða tekjur frá alþjóðlegri stofnun innlendri, eða arð af hlutafé í innlendu hlutafélagi eða öðrum fyrirtækjum, gjalda skatt af þessum tekjum, og skal tekjuskattinum haldið eftir við greiðslu fjárins.

Þeir menn, er starfa erlendis í þjónustu hins íslenzka ríkis, skulu undanþegnir tekjuskatti af þeim launum, er þeir fá fyrir slík störf.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annara ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á tekju- og eignarskatti þeirra erlendra og íslenzkra ríkisborgara, sem eftir gildandi skattalöggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu tekjum eða eignum bæði á Íslandi og í einhverju öðru ríki.

3. gr.

Tekjuskatt greiða ennfremur:

a. Hlutafélög, samlagshlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, nema tekjuafgangi sé einungis varið til almennra þarfa.
b. Gagnkvæm ábyrgðarfélög, kaupfélög, smjörbú, sláturfélög og önnur samvinnufélög.
c. Önnur félög, sjóðir og stofnanir, sem ekki eru sérstaklega undanþegin skattgjaldi, sbr. 4. gr., svo og dánarbú og þrotabú.

Ef ekki eru fleiri en 4 félagar í verzlunarfélagi eða öðru atvinnufélagi með persónulegri ábyrgð, er skattur ekki lagður á félagið sjálft, heldur hvern einstakan félaga, ef ósk kemur fram um það frá félaginu, um leið og tekjur eru taldar fram, enda fylgi beiðninni þær skýrslur, sem með þarf til þess að ákveða skatt hvers einstaks félaga.

Slík félög og stofnanir, sem um ræðir í þessari grein og ekki eiga heimili hér á landi, en eiga hér eignir og hafa tekjur af þeim, eða af starfsemi, sem hér eða héðan er rekin, skulu greiða skatt í ríkissjóð af tekjum þessum.

4. gr.

Undanþegið öllum tekjuskatti er konungur og borðfé hans og ættmanna hans, ríkissjóður, ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir og aðrir þeir sjóðir, er standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, sveitarfélög og bæjarfélög *og fyrirtæki, er þau reka, og sjóðir þeirra, íslenzkir kirkjusjóðir, sparisjóðir, sem engan arð greiða stofnendum sínum eða ábyrgðarmönnum, og ennfremur sjóðir, félög og stofnanir, er ekki reka atvinnu eða veitt er skattfrelsi með sérstökum lögum.*

5. gr.

Erlendir þjóðhöfðingjar, sendiherrar og sendikonsúlar annara ríkja og starfsmenn erlendra sendisveita eru undanþegnir tekjuskatti, nema að því leyti, sem þeir njóta tekna úr ríkissjóði eða alþjóðlegri stofnun innlendri, eigi hér fasteignir eða hafi tekjur af þeim, reki atvinnu eða eigi hlut í einhverju atvinnufyrirtæki hér á landi.

6. gr.

Skattgjald þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr. og í a-lið og c-lið 3. gr., reiknast þannig:

Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1,5%,

af	*1000*	*til*	*2000*	*kr. greiðist*	*15*	*kr. af*	*1000*	*kr. og*	*2,5%*	*af afgangi*
—	*2000*	—	*3000*	— —	*40*	— —	*2000*	— —	*5*	— — —
—	*3000*	—	*4000*	— —	*90*	— —	*3000*	— —	*7*	— — —
—	*4000*	—	*5000*	— —	*160*	— —	*4000*	— —	*9*	— — —
—	*5000*	—	*6000*	— —	*250*	— —	*5000*	— —	*11*	— — —
—	*6000*	—	*7000*	— —	*360*	— —	*6000*	— —	*12*	— — —
—	*7000*	—	*8000*	— —	*480*	— —	*7000*	— —	*13*	— — —
—	*8000*	—	*9000*	— —	*610*	— —	*8000*	— —	*14*	— — —
—	*9000*	—	*10000*	— —	*750*	— —	*9000*	— —	*15*	— — —
—	*10000*	—	*12000*	— —	*900*	— —	*10000*	— —	*16*	— — —
—	*12000*	—	*14000*	— —	*1220*	— —	*12000*	— —	*17*	— — —
—	*14000*	—	*16000*	— —	*1560*	— —	*14000*	— —	*18*	— — —
—	*16000*	—	*18000*	— —	*1920*	— —	*16000*	— —	*19*	— — —
—	*18000*	—	*20000*	— —	*2300*	— —	*18000*	— —	*20*	— — —
—	*20000*	—	*25000*	— —	*2700*	— —	*20000*	— —	*22*	— — —
—	*25000*	—	*30000*	— —	*3800*	— —	*25000*	— —	*24*	— — —
—	*30000*	—	*35000*	— —	*5000*	— —	*30000*	— —	*26*	— — —
—	*35000*	—	*40000*	— —	*6300*	— —	*35000*	— —	*28*	— — —
—	*40000*	—	*45000*	— —	*7700*	— —	*40000*	— —	*30*	— — —
—	*45000*	—	*50000*	— —	*9200*	— —	*45000*	— —	*32*	— — —
—	*50000*	—	*60000*	— —	*10800*	— —	*50000*	— —	*34*	— — —
—	*60000*	—	*80000*	— —	*14200*	— —	*60000*	— —	*36*	— — —
—	*80000*	—	*100000*	— —	*21400*	— —	*80000*	— —	*38*	— — —
—	*100000*	—	*og þar yfir*	— —	*29000*	— —	*100000*	— —	*40*	— — —

Félög þau og stofnanir, er um ræðir í a-lið og c-lið 3. gr., greiði þó aldrei lægri skatt en 10% af skattskyldum tekjum. Sama er um skattgjald samkv. 2. gr. og skattgjald erlendra félaga.

Af skattskyldum tekjum þeirra félaga, sem um ræðir í 3. gr. b., greiðist jafnan 10%.

7. gr.

Tekjuskattinn eftir *6. gr.* má með fjárlagaákvæði hækka eða lækka um ákveðna hundraðstölu, allt að 25%, eitt og eitt ár í senn.

8. gr.

Skattskyldar tekjur teljast, með þeim undantekningum og takmörkunum, er síðar greinir, allskonar arður, laun eða gróði, er gjaldanda hlotnast af eign eða atvinnu eða einstökum verknaði eða atvikum, ef þetta verður metið til peningaverðs, svo sem:

a. Tekjur af landbúnaði, sjávarútvegi, siglingum, verzlun, verksmiðjuiðnaði, handiðn, námurekstri og sérhverjum öðrum atvinnurekstri, ennfremur allar tekjur, sem telja má endurgjald fyrir starfsemi í þágu vísinda, lista og bókmennta, eða fyrir hverskonar vinnu, greiða eða aðstoð. Til slíkra tekna telst fæði, húsnæði og önnur hlunnindi, sem látið er í té í kaupgjaldsskyni.

b. Tekjur af embættum eða sýslunum, svo sem: Föst laun, aukatekjur, embættisbústaður og önnur hlunnindi, landauragjald, jarðarafnot, endurgjald fyrir skrifstofukostnað (sbr. 12. gr. d.); ennfremur eftirlaun, biðlaun, lífeyrir, gjafir og allskonar styrktarfe.
c. Landskuld af leigujörðum og arður af allskonar ítökum og hlunnindum, leiga eftir hús, lóðir og skip, svo og áætlað afgjald af fasteignum og skipum, er eigandi notar sjálfur; ennfremur leiga af innstæðukúgildum á jörðum, sem eru í leiguábúð, og arður af byggingarpeningi og öðru lausafé, sem á leigu er selt.
d. Vextir eða arður af skuldabréfum, hlutabréfum og öðrum innlendum eða útlendum verðbréfum, svo og vextir af útistandandi skuldum og öðrum fjárkröfum, þótt bréf sé eigi fyrir, af sparisjóðsinnlögum og sérhverri annari arðberandi innstæðu.
e. Ágóði af sölu á fasteign eða lausafé, enda þótt salan falli ekki undir atvinnurekstur skattgreiðanda, ef ætla má, að hann hafi keypt eignina, eða öðlazt hana á annan hátt, í því skyni að selja hana aftur með ágóða og hún hefir verið í eign hans skemur en 5 ár, ef um fasteign er að ræða, en annars skemur en 3 ár. Þó má draga frá þessum ágóða skaða, sem kynni að hafa orðið á samskonar sölu á árinu.
f. Vinningur í veðmáli, happdrætti eða því um líku.

9. gr.

Til skattskyldra tekna félaga og stofnana, sem um ræðir í 3. gr., teljast eigi aðeins þær tekjur, sem varið er til eignaaukningar, yfirfærslu til næsta árs, óvenjulegra fyrninga og safnað er í tryggingarsjóði, aðra en varasjóð, heldur og þær tekjur, sem varið er til þess að greiða hluthöfum og félagsmönnum arð eða vexti af innborguðu fé og til myndunar eða aukningar varasjóða, þó með þeim takmörkunum, er síðar segir.

Skattskyldar tekjur vátryggingarfélaga, sem starfa hér á landi, telst sá hluti heildarágóðans, sem svarar til hlutfallsins milli iðgjaldatekna félagsins hér á landi og iðgjaldateknanna af allri starfsemi þess.

Fjármálaráðherra getur sett fyrirmæli um heimild innlendra vátryggingarfélaga til þess að draga frá tekjum sínum það, er þau leggja til hliðar til þess að inna af hendi skyldur sínar gagnvart vátryggðum.

Kaupfélög, pöntunarfélög og önnur samvinnufélög mega draga frá tekjum sínum það, sem þau greiða félagsmönnum í árslok eða færa þeim til séreignar í stofnsjóði, samkv. l. nr. 36, 27. júní 1921, í hlutfalli við vörukaup þeirra á árinu, og telst það eigi til skattskyldra tekna hjá félaginu. Á sama hátt mega slík félög, sem aðeins vinna úr eða selja afurðir félagsmanna, draga frá það, sem þau þannig úthluta félagsmönnum sínum í hlutfalli við framlög þeirra af afurðum. Upphæðir þær, sem þannig er úthlutað, teljast fram til skatts sem tekjur hinna einstöku félagsmanna. Ennfremur skal draga frá tekjum samvinnufélaga varasjóðstillag það, sem ákveðið er í 24. gr. laga nr. 30, 27. júní 1921.

Ef kaupfélag selur einnig öðrum vörur en félagsmönnum sínum, er all-

ur arðurinn af slíkri sölu skattskyldar tekjur hjá félaginu. Geti félagið ekki gert grein fyrir viðskiptum við utanfélagsmenn, má telja allan hagnaðinn af starfsemi félagsins skattskyldar tekjur.

Félög þau og stofnanir, er um ræðir í 3. gr. a. og c., mega draga frá tekjum sínum 4% af innborguðu hlutafé eða stofnfé. Ef nokkuð af ársarðinum er lagt í varasjóð, þá er ⅓ hluti þeirrar upphæðar undanþeginn tekjuskatti, og skal hann koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna. Ef nokkur upphæð úr varasjóði er síðar notuð til úthlutunar til hluthafa eða varið til annars en að mæta hreinum rekstrarhalla félagsins, skal telja helming þeirrar upphæðar, sem þannig er ráðstafað, til skattskyldra tekna félagsins á því ári. Arðjöfnunarsjóði, eftirlaunasjóði og aðra sjóði, sem ekki eru beinlínis ætlaðir til þess að tryggja rekstur fyrirtækisins sjálfs, má ekki telja sem varasjóð.

10. gr.

Til tekna telst ekki:

a. Sá eignarauki, sem stafar af því, að fjármunir skattgreiðanda hækka í verði, — hinsvegar kemur ekki heldur til frádráttar tekjum, þótt slíkir fjármunir lækki í verði, — ekki heldur tekjur, sem stafa af sölu á eignum skattgreiðanda (að meðtöldum verðbréfum), nema slík sala falli undir atvinnurekstur hlutaðeigandi skattgreiðanda, t. d. fasteignaverzlun, eða hún falli undir ákvæði í 9. gr. e. Þegar svo stendur á, telst verzlunarhagnaðurinn af sölunni til tekna, en draga má frá honum þann skaða, sem kynni að hafa orðið á samskonar sölu á árinu.

b. Eignarauki, sem stafar af arftöku, fyrirframgreiðslu upp í arf, fallinn eða ófallinn, af stofnun hjúskapar, útborgun lífsábyrgðar, brunabóta, slysa- eða örorkubóta eða þess háttar.

c. Lántaka, eyðsla höfuðstóls eða eftirgjöf skulda, sem sannast hefir um við gjaldþrot, nauðasamninga eða á annan fullnægjandi hátt, að eignir voru ekki til fyrir.

d. Dagpeningar og endurgreiðsla ferðakostnaðar, er skattgreiðandi fær í endurgjaldsskyni fyrir tilkostnað sinn, er hann verður að vera um stundarsakir fjarverandi heimili sínu vegna starfa í almenningsþarfir.

11. gr.

Frá tekjum skal draga, áður en skattur er á þær lagður:

a. Rekstrarkostnað, þ. e. þau gjöld, sem á árinu ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal vexti af skuldum, er stafa beinlínis af atvinnu eða öflun tekna, svo og venjulega fyrningu, eða það, sem varið er til tryggingar og nauðsynlegs viðhalds á arðberandi eignum gjaldanda. Nánari ákvæði um, hvernig reikna skuli fyrningu eða viðhald til frádráttar, skulu sett í reglugerð, sem fjármálaráðherra setur.

Með rekstrarkostnaði telst ekki það, sem gjaldandi hefir varið sér og skylduliði sínu til framfæris og notkunar, eigi heldur kaup handa honum sjálfum, né neinum af skylduliði hans, nema sá telji tekjur sínar fram

sér í lagi. Eigi má gjaldandi heldur telja til rekstrarkostnaðar vexti af fé, sem hann sjálfur hefir lagt í atvinnurekstur sinn, né félag eða stofnun vexti af hlutafé, stofnfé eða tryggingarfé.

b. Tap á útistandandi skuldum, enda stafi skuldin beinlínis af atvinnurekstri aðila og séu færðar fullnægjandi sönnur fyrir tapinu. — Það ár eitt kemur töpuð skuld til frádráttar, er sannreynt þykir, að hún er töpuð, *og aldrei má skipta skuldatapi á fleiri ár.* Nú greiðist skuld, er áður var talin töpuð, að einhverju eða öllu leyti, og skal hið greidda þá talið til tekna það ár, er greiðsla átti sér stað.

c. Frá embættistekjum skal draga þann kostnað, sem embættisreksturinn hefir haft í för með sér, svo sem skrifstofukostnað og lögmæltar kvaðir, er á embættum hvíla.

d. Iðgjöld af lífeyri, sem skattgreiðandi er skyldur lögum samkvæmt að tryggja sér eða konu sinni eftir sinn dag, svo og iðgjöld af hverri annari lögboðinni persónutryggingu. Ennfremur skal draga frá tekjum þeirra manna, sem eigi eru að lögum skyldir að tryggja sér eða konum sínum lífeyri, iðgjöld af slíkum lífeyri eða lífsábyrgð, sem greidd hafa verið, þó ekki hærra iðgjald en 300 krónur.

e. Frá tekjum verkamanna, iðnlærðra manna og annara þeirra, sem eru félagar í stéttafélögum, skal draga félagsiðgjöld þeirra. Einnig skal draga frá iðgjöld til sjúkrasjóða, styrktarsjóða og atvinnuleysissjóða, enda hafi iðgjöldin verið greidd að fullu á réttu gjaldári.

f. Vexti af skuldum gjaldanda, öðrum en þeim, sem ræðir um í staflið a.

g. Aukaútsvör, tekjuskatt og eignarskatt, sem fallið hafa í gjalddaga og verið greidd að fullu á árinu.

Þegar skattur er lagður á tekjur, sem renna til einstaklinga, félaga eða stofnana, sem ekki eiga heimili hér á landi (sbr. 2. gr. og síðari málsgr. 3. gr.), má draga frá tekjunum þau útgjöld, sem beinlínis viðkoma þessum tekjum.

Tekjur þær, sem koma til greina við ákvörðun skattsins, eru skattskyldar án tillits til þess, hvernig þeim er varið, hvort heldur gjaldandi hefir þær sér eða skylduliði sínu til framfæris, nytsemdar eða munaðar, til hjúahalds, nema til atvinnurekstrar sé, til þess að færa út bú sitt eða atvinnuveg, til umbóta á eignum sínum eða til þess að afla sér fjár, til gjafa eða hvers annars sem er.

12. gr.

Tekjur hjóna, er samvistum eru, skulu saman taldar til skattgjalds, enda þótt séreign sé eða sératvinna, enda ábyrgjast bæði skattgreiðslu. Rétt er bónda eða erfingjum hans að krefjast endurgjalds af konu eða erfingjum hennar á þeim hluta skattsins, er að réttum tölum kemur á séreign hennar eða sératvinnu.

Tekjur barna, sem í foreldrahúsum eru (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn), skal telja sérstaklega til skattgjalds.

Með tekjum barna, sem eru í foreldrahúsum og eru sjálf skattgreiðendur, telst eigi það framfæri, sem þau fá að nokkru eða öllu leyti hjá heimilisföður, nema það sé endurgjald fyrir vinnu við atvinnurekstur hans.

13. gr.

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér á landi, eins og þær eru ákveðnar samkv. 11. gr., skal draga sem hér segir:

a. Fyrir einstakling: Í Reykjavík 1200 kr., í öðrum kaupstöðum 1000 kr., annarsstaðar á landinu 800 kr.

b. Fyrir hjón: Í Reykjavík 2200 kr., í öðrum kaupstöðum 1800 kr., annarsstaðar á landinu 1400 kr.

c. Framfærslueyri fyrir börn (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með), sem ekki eru fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, sem skatturinn er lagður á, og hafa ekki sjálf efni á að kosta framfæri sitt: Í Reykjavík 600 kr., í öðrum kaupstöðum 500 kr., annarsstaðar á landinu 400 kr. fyrir hvert barn. — Sama er um aðra skyldaframfærlinga.

Frá tekjum þeirra, sem eru í foreldrahúsum á framfæri eða við nám og enga atvinnu hafa, skal draga það, sem útheimtist þeim til framfæris eða menningar.

Að loknum frádrætti samkv. þessari grein, skal sleppa því, sem afgangs verður þegar tekjuhæðinni er deilt með 50. Af þeirri tekjuupphæð, sem þá er eftir, greiðist skatturinn, og miðast hann við skattgjaldið samkv. 6. gr.

Ef tekjurnar eftir allan löglegan frádrátt nema ekki fullum 100 kr., greiðist enginn skattur af þeim.

14. gr.

Skattinn skal miða við tekjur næsta almanaksárs á undan skattákvörðun, nema annað sé venjulegt rekstrarár í atvinnugrein aðila, eða hann sýni, þegar hann telur fram, að hann hafi annað reikningsár, enda getur skattanefnd þá veitt honum heimild til að hafa það reikningsár í stað almanaksársins.

II. KAFLI.

Um eignarskatt.

15. gr.

Af skuldlausri eign skal árlega greiða skatt sem hér segir: Ef eignin er yfir 5000 krónur, en undir 10000 krónum, greiðist af henni 1‰,

af	*10000*	*til*	*20000*	*kr.*	*greiðist*	*10*	*kr.*	*af*	*10000*	*og*	*2‰*
—	*20000*	—	*30000*	—	—	*30*	—	—	*20000*	—	*3*
—	*30000*	—	*40000*	—	—	*60*	—	—	*30000*	—	*4*
—	*40000*	—	*50000*	—	—	*100*	—	—	*40000*	—	*5*
—	*50000*	—	*75000*	—	—	*150*	—	—	*50000*	—	*6*
—	*75000*	—	*100000*	—	—	*300*	—	—	*75000*	—	*8*
—	*100000*	—	*250000*	—	—	*500*	—	—	*100000*	—	*10*
—	*250000*	—	*500000*	—	—	*2000*	—	—	*250000*	—	*12*
—	*500000*	—	*1000000*	—	—	*5000*	—	—	*500000*	—	*14*
—	*1000000*	*og*	*þar yfir*		—	*12000*	—	—	*1000000*	—	*16*

af afgangi

Af eign, sem ekki nemur yfir 5000 krónum, greiðist enginn skattur.

16. gr.

Eignarskattinn eftir 16. gr. má með fjárlagaákvæði hækka eða lækka um ákveðna hundraðstölu, allt að 25%, eitt og eitt ár í senn.

17. gr.

Eignarskatt greiði allir hinir sömu, sem skattskyldir eru til tekjuskatts, ef þeir eiga eign og eignarréttindi, sem skatt ber að greiða af samkvæmt lögum þessum. Innlend hlutafélög og önnur félög hafa leyfi til að draga hlutafé sitt eða stofnfé frá eignaupphæðinni, áður en skattur er á lagður.

Menn, sem eigi eru heimilisfastir hér á landi, og útlend félög greiða aðeins eignarskatt af eignum sínum hér á landi, og reiknast skatturinn samkvæmt reglunum í *15. gr.*, þó aldrei lægri en 4‰ af hinum skattskyldu eignum.

18. gr.

Undanþegnir öllum eignarskatti eru hinir sömu, sem samkvæmt 4. gr. eru undanþegnir tekjuskatti. Þeir, sem samkvæmt 5. gr. eru undanþegnir tekjuskatti, eru einnig undanþegnir eignarskatti, í samræmi við reglur þær, sem settar eru í þeirri grein.

19. gr.

Skattskyldar eignir teljast, með þeim undantekningum og takmörkunum, sem gerðar eru í *15. og 17. gr.*, allar fasteignir og allt lausafé skattgreiðanda, að frádregnum skuldum, svo sem jarðir, húseignir, skip, skepnur, verkfæri, vélar, vörubirgðir, peningar og verðbréf, útistandandi skuldir og aðrar fjárkröfur og verðmæt eignarréttindi, húsgögn og aðrir innanstokksmunir og skartgripir. Þegar skattur greiðist samkvæmt síðari málsgrein *17. gr.*, má þó aðeins draga frá þær skuldir, sem hvíla á þeim eignum, sem skattur er greiddur af. — Eignirnar eru jafnt skattskyldar, hvort sem þær gefa af sér nokkrar tekjur eða engar.

20. gr.

Með skattskyldum eignum er eigi talið:

a. Skilyrðisbundin fjárréttindi, svo sem réttur til lífsábyrgðarfjár, sem ekki er fallið til útborgunar.
b. Réttur til eftirlauna, lífeyris eða annarar áframhaldandi greiðslu, sem bundin er við einstaka menn.
c. Réttur til leigulauss bústaðar, eða önnur afnotaréttindi.
d. Bækur og fatnaður til einkaafnota.

21. gr.

Við mat á eignum til eignarskatts skal farið eftir þessum reglum:

a. Virðing á fasteign skal fara eftir gildandi fasteignamati.
b. Búpening skal telja svo sem hann væri framgenginn í fardögum næst á eftir og með almennu gangverði í héraðinu.

c. Verðlag á skipum og öðru lausafé skal miða við áætlað söluverð. Við ákvörðun þess skal meðal annars hafa hliðsjón af því, hve hátt eignirnar eru vátryggðar.
d. Verzlunarvörur skal meta eftir því, hvað þær kosta komnar í hús eða á sölustað.
e. *Hlutabréf skulu talin til eignar með gangverði, ef það er skráð opinberlega. Óskráð hlutabréf skulu metin til eignar samkv. efnahagsreikningi félagsins, eins og hann var samþykktur á síðasta aðalfundi þess. Skuldabréf og önnur slík verðbréf skal meta eftir nafnverði, nema sérstakar ástæður þyki til þess að telja þau ótrygg.*
f. Útistandandi skuldir skulu taldar með nafnverði, hvort sem vextir eiga að greiðast af þeim eða ekki, nema færðar séu sönnur á, að þær séu minna virði.
g. Réttindi til stöðugra tekna skulu metin eftir því endurgjaldi, sem hæfilegt væri fyrir þau þegar skatturinn er lagður á.

Nánari reglur um virðingu getur fjármálaráðherra sett.

22. gr.

Eignir hjóna, sem samvistum eru, skulu lagðar saman til eignarskatts, enda ábyrgjast bæði greiðslu.

23. gr.

Eignarskattur skal að jafnaði ákveðinn eftir eign gjaldanda í lok almanaksársins. Þó mega þeir, sem nota annað reikningsár en almanaksárið, telja fram eignir sínar í lok þess reikningsárs, sem er næst á undan skattálagningunni.

Upphæð sú, sem skattur er talinn af, skal ávallt deilanleg með 100; því, sem fram yfir er, skal sleppt.

III. KAFLI.

Um skattanefndir o. fl.

24. gr.

Tekjuskattur og eignarskattur samkvæmt lögum þessum er ákveðinn af skattanefndum í hreppum og skattanefndum eða skattstjóra í kaupstöðum. Í skattanefnd sitja 3 menn. Í hreppum: Hreppstjóri eða sá, er að lögum gegnir starfi hans, einn maður tilnefndur af sýslumanni og einn kosinn af hreppsnefndinni. Í kaupstöðum: Bæjarstjóri, einn maður tilnefndur af bæjarfógeta og einn kosinn af bæjarstjórn. Sé bæjarfógeti jafnframt bæjarstjóri kaupstaðarins, tilnefnir hann tvo menn í nefndina.

Skipa skal tvo varamenn, er taka sæti í skattanefndum í forföllum nefndarmanna. Annan varamanninn tilnefnir bæjarfógeti eða sýslumaður, en hinn kýs bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

Formaður skattanefndar í kaupstöðum er bæjarstjóri, eða þar sem hann er eigi, sá nefndarmaður, er bæjarfógeti nefnir til, en annarsstaðar er hreppstjóri formaður. Í forföllum formanns kýs skattanefnd sjálf formann um stundarsakir.

25. gr.

Í Reykjavík skipar fjármálaráðherra skattstjóra og varaskattstjóra. Hefir skattstjóri Reykjavíkur sama vald og sömu störf og skattanefndir, eða eftir atvikum formenn skattanefnda utan Reykjavíkur.

Heimilt er fjármálaráðherra að gera sömu tilhögun um ákvörðun skatts í hinum öðrum kaupstöðum og sett er fyrir Reykjavík.

26. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi skal skipa yfirskattanefnd. Þar, sem bæjarfógetaembætti er sameinað sýslumannsembætti, skal vera ein yfirskattanefnd bæði fyrir kaupstaðinn og sýsluna. Í nefndinni eiga sæti lögreglustjóri, sem er formaður, og tveir menn, sem fjármálaráðherra skipar. Hann skipar og tvo varanefndarmenn, sem taka sæti í nefndinni í forföllum nefndarmanna, eftir því sem formaður ákveður.

27. gr.

Fjármálaráðherra skipar 3 menn í ríkisskattanefnd og jafnmarga varamenn. Formaður nefndarinnar heitir ríkisskattstjóri. Annar nefndarmanna skal hafa þekkingu á landbúnaði, en hinn á sjávarútvegi og viðskiptum. Ríkisskattanefnd hefir skrifstofu í Reykjavík.

28. gr.

Enginn má sitja í skattanefnd, yfirskattanefnd eða ríkisskattanefnd, nema hann:

1. hafi óflekkað mannorð,
2. sé fjárráður,
3. eigi heimili í skattumdæminu,
4. hafi náð lögaldri.

Í skattanefnd mega ekki sitja saman skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja, hjón, kjörforeldri og kjörbörn, fósturforeldri og fósturbörn, hvorki sem aðalmenn né varamenn.

29. gr.

Sami maður má ekki eiga sæti nema í einni skattanefnd. Skattanefndarmenn, aðrir en bæjarstjórar, hreppstjórar og skattstjórar, skulu skipaðir til 6 ára, þannig að annar meðnefndarmaður fer frá 3. hvert ár, eftir hlutkesti í fyrsta sinn. Ef nefndarmaður fer frá eða deyr áður en tími hans er liðinn, skal skipa mann í stað hans til þess tíma, er hann átti eftir að sitja í nefndinni.

Nefndarmann, sem gengur úr, má skipa svo oft sem vill. Nefndarstarfið er borgaraskylda, sem enginn löghæfur maður getur skorazt undan að gegna, nema hann hafi verið í skattanefnd í 6 ár samfleytt eða sé orðinn 60 ára gamall.

Skattstjórar í Reykjavík og öðrum kaupstöðum (sbr. 26. gr.) og ríkisskattstjóri skulu skipaðir til 6 ára.

30. gr.

Skattanefndarmenn og skattstjórar, er eigi hafa áður unnið heit embættismanna eða sýslunarmanna, skulu á fyrsta nefndarfundi, er þeir sitja, undirrita í gerðabók nefndarinnar drengskaparheit um það, að þeir skuli gegna starfinu hlutdrægnislaust eftir beztu vitund og sannfæringu og gæta þagnarskyldu um allt, er þeir fá vitneskju um í starfinu og varðar eignir og tekjur gjaldþegna.

31. gr.

Enginn má taka þátt í meðferð máls, hvorki skattákvörðun eða kæru, ef það mál varðar sjálfan hann, konu, niðja, foreldra, kjörforeldra eða fósturforeldra, kjörbörn eða fósturbörn, systkini, kjörsystkini eða fóstursystkini eða mægðamenn að feðgatali, eða ef aðrar ástæður eru til að óttast, að hann geti ekki litið hlutdrægnislaust á málavöxtu. Tekur varamaður sæti í nefnd samkvæmt kvaðningu formanns, ef aðalmanns missir við.

32. gr.

Skattanefndarmenn og skattstjórar fá laun fyrir störf sín sem hér segir:

a. Í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru hreppur fyrir sig, skal greiða skattanefnd 2%, en annarsstaðar á landinu 4% af þeirri upphæð, sem skatturinn nemur. Þó skal borgunin ekki fara fram úr 8 krónum og ekki vera minni en 4 krónur fyrir hvern starfsdag nefndarmanns.
b. Yfirskattanefndarmenn fá 8 krónur á dag og ferðakostnað. Borgun til formanna telst þó innifalin í embættislaunum þeirra.
c. Borgun til skattstjóra, ríkisskattstjóra og ríkisskattanefndar fer eftir samningi við fjármálaráðherra.

Þóknun til skattanefnda og skattstjóra greiðist úr ríkissjóði. Formenn yfirskattanefnda úrskurða reikninga skattanefnda og greiða þá á manntalsþingum. Fjármálaráðuneytið úrskurðar reikninga yfirskattanefnda og ríkisskattanefndar.

IV. KAFLI.

Um framtal tekna, fresti, úrskurði, innheimtur o. fl.

33. gr.

Gjaldendur skulu venjulega settir í skatt þar, sem þeir eru búsettir þegar skattanefnd tekur til starfa. Hlutafélög og önnur atvinnufélög innlend skulu sett í skatt þar, sem þau eiga heimili, en erlend þar, sem aðalumboðsmenn þeirra hér á landi eru búsettir, enda beri téðir umboðsmenn ábyrgð á greiðslu skattsins.

Aðrir gjaldendur, sem ekki eru búsettir hér á landi, greiði skatt á þeim stöðum, þar sem þeir hafa tekjur sínar eða eignir.

Ráðuneytið sker úr, ef vafi leikur á, hvar gjaldandi skuli settur í skatt.

34. gr.

Allir þeir, er hafa tekjur samkv. 8. gr. eða eignir samkv. 19. gr., skulu afhenda skattanefnd skriflega skýrslu, að viðlögðum drengskap, um tekjur sínar síðastliðið ár og eignir í árslok. Sama skylda hvílir og á hverjum þeim, sem veitir forstöðu verzlun, verksmiðju eða öðru atvinnufyrirtæki, ef eigandinn er eigi búsettur innanlands, svo og á stjórn félags eða stofnunar og þeim, er hefir á hendi fjárhald fyrir þann, sem ekki er fjárráður.

Skýrslur þessar skulu komnar í skattstofuna í Reykjavík fyrir lok janúarmánaðar, en í hendur skattanefnd eða skattstjóra annarsstaðar á landinu fyrir lok febrúarmánaðar. Skattstjóri eða skattanefnd getur þó, ef sérstaklega stendur á, veitt mönnum frest til framtals til 15. marz.

Þeir, sem reka atvinnu á fleiri stöðum en einum, þurfa ekki að hafa skilað framtölum sínum fyrr en 31. marz í Reykjavík og 20. marz annarsstaðar á landinu, og vátryggingarfélög eigi fyrr en 30. júní.

Nú þykist framteljandi ekki sjálfur vera fær um að gefa fullnægjandi skýrslu um tekjur sínar og eignir, og er þá skattanefnd skyld að veita honum aðstoð til þess, en hann er skyldur að láta skattanefnd í té allar upplýsingar, er hún þarf, til þess að gera framtal hans sem réttast.

Hvenær sem skattanefnd þykir þörf á, getur hún krafizt þess, að skattframteljendur leggi bækur sínar fyrir hana, eða einstaka nefndarmenn, eða einn eða tvo reikningsfróða menn utan nefndarinnar, er ekki séu keppinautar framteljanda.

35. gr.

Allir embættismenn og aðrir, er einhver störf hafa á hendi í almenningsþarfir, stjórnendur banka og sparisjóða, hlutafélaga og annara félaga og stofnana eru skyldir að láta skattanefndum í té ókeypis og í því formi, sem óskað er, allar þær skýrslur, er þær beiðast og unnt er að láta þeim í té, svo sem skýrslur um starfslaun, skuldabréf, vaxtabréf og hlutabréf, um vaxtafé

í bönkum, sparisjóðum og annað því um líkt. Ríkisskattanefnd hefir og ætíð aðgang að bókum banka og sparisjóða og annara peningastofnana fyrir sig og þá menn, er hún felur að rannsaka skuldir, innieignir, verðbréfaeign og annað, er lýtur að efnahag gjaldþegna. Þeir, sem hafa menn í þjónustu sinni, er taka kaup fyrir starf sitt, eru og skyldir að skýra frá því, hvaða kaup þeir greiða hverjum manni.

36. gr.

Eftir skýrslum þeim, er skattanefnd tekur gildar, skal hún ákveða tekjuupphæð og eign hvers eins. Nú er framtalsskýrsla, eða einstakir liðir hennar, ófullnægjandi og óglögg og tortryggileg, eða nefndin telur þurfa nánari skýringar á einhverju atriði, og skal hún þá skora á framteljanda að láta í té skýringar þær eða sannanir, er hún telur vanta, innan ákveðins tíma, og er hann skyldur að verða við áskorun nefndarinnar. Fái skattanefnd eigi fullnægjandi skilríki fyrir framtalinu innan þess tíma, er hún hefir til tekið, skal hún áætla tekjur hans og eign eftir beztu vitund. Dvelji hann utanlands, eða svo langt í burtu, að erfitt er að ná til hans, og hafi hann ekki umboðsmann fyrir sig nærlendis, sem nefndinni er kunnugt um, eða ef ekki er kunnugt um dvalarstað hans, má hún áætla tekjur hans og eign án þess að gera honum aðvart.

Nú er einhver sá, er enga skýrslu gefur, og skal þá nefndin áætla tekjur hans og eign svo ríflega, að ekki sé hætt við, að upphæðin sé sett lægri en hún á að vera í raun réttri, enda skal hún vera að minnsta kosti 10% hærri heldur en skattmat næst á undan, og ef vanrækslа er ítrekuð, skal hækkunin vera minnst tvöföld á við hækkunina árið á undan.

37. gr.

Þegar alvarleg veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol skattgreiðanda, má skattanefnd taka við umsókn hans um linun eða eftirgjöf á skattgreiðslunni, og sendir hana með umsögn sinni til yfirskattanefndar, er leggur úrskurð á beiðnina. Skattanefnd getur og af eigin hvötum gert tillögu til lækkunar á skattgjaldi, þegar svo er ástatt sem segir í upphafi þessarar greinar.

38. gr.

Innan marzmánaðarloka skal skattanefnd hafa lokið ákvörðun tekna og eigna og samið skrá, er nefnist skattskrá, um alla þá, er eiga að greiða tekjuskatt eða eignarskatt í umdæmi hennar. Í Reykjavík þarf skattskrá þó ekki að vera fullgerð fyrr en í lok aprílmánaðar. Á skattskrá skal greina skattskyldar tekjur samkv. 8. og 9. gr., frádrátt samkv. 11. og 13. gr. og tekjuskatt, skattskyldar eignir samkv. 19. gr. og eignarskatt hvers gjaldanda. Jafnframt skal skattanefnd semja aðra skrá um tekjur og eignir framteljenda, er ekki greiða tekju- og eignarskatt.

Skattskráin skal lögð fram eigi síðar en 1. dag maímánaðar í Reykjavík og annarsstaðar á landinu eigi síðar en 1. dag aprílmánaðar. Skal hún liggja til sýnis 2 vikur, í hreppum á þingstaðnum eða öðrum hentugum stað,

er skattanefnd auglýsir, í kaupstöðum í bæjarþingstofu, skattstofu eða skrifstofu lögreglustjóra, og í Reykjavík í skattstofunni.

Sérhver skattþegn getur krafizt munnlegra upplýsinga um það hjá skattanefnd, eftir hverju hafi verið farið við ákvörðun tekna hans og eigna.

39. gr.

Ef einhver er óánægður með ákvörðun skattanefndar um tekjur hans og eign, skal hann bera upp kæru sína bréflega fyrir formanni skattanefndar, eða skattstjóra, *fyrir 15. dag maímánaðar í Reykjavík, en annarsstaðar fyrir 15. dag aprílmánaðar.* Innan sama tíma er hverjum gjaldanda heimilt að kæra yfir því, að skattskyldum manni sé sleppt eða tekjur og eign einhvers sé of lágt ákveðin, svo og bera upp aðfinningar um hvert það atriði í skattskránni, sem að einhverju leyti getur snert hagsmuni hans. Formaður kveður nefndarmenn til fundar, ásamt kæranda og þeim, sem kært er yfir, og skal úrskurður felldur um kæruna fyrir lok sama mánaðar og hlutaðeigendum gert aðvart um úrslitin.

Skattanefnd leiðréttir skrána samkvæmt úrskurðum þeim, sem felldir eru, og sendir hana síðan ásamt framtalsskýrslum og skrá um eignir og tekjur framteljenda, er ekki greiða skatt, tafarlaust til formanns yfirskattanefndar.

40. gr.

Úrskurði skattanefndar eða skattstjóra má skjóta til yfirskattanefndar. Skal það gert bréflega og ástæður færðar fyrir kærunni. Sé kæra ekki komin í hendur formanns yfirskattanefndar í Reykjavík fyrir 15. dag júnímánaðar og annarsstaðar fyrir 15. dag maímánaðar, verður henni ekki sinnt. Yfirskattanefnd skal úrskurða kærur fyrir júnílok í Reykjavík og annarsstaðar fyrir maílok og tilkynna aðilum úrslitin tafarlaust.

Yfirskattanefnd úrskurðar einnig, hvort og að hve miklu leyti skuli taka til greina umsóknir þær, sem henni hafa borizt frá skattanefndum um linun í skattgreiðslu vegna ástæðna þeirra, er getið er í 38. gr.

41. gr.

Yfirskattanefnd skal nákvæmlega endurskoða allar skattskrár í umdæmi sínu og hafa strangt eftirlit með því, að skattanefndir gegni skyldum sínum. Ef nefndinni virðast framtalsskýrslur vera ófullnægjandi eða eitthvað óljóst eða rangt í skattskránum, svo sem að einhver sé vantalinn eða tvítalinn á skrá, getur hún heimtað nánari skýringar, og skal síðan leiðrétta skrána eftir því, sem henni þykir rétt vera.

Ef skattskrá breytist við endurskoðun yfirskattanefndar, skal hún tafarlaust tilkynna það skattanefnd og sömuleiðis þeim aðilum, er breyting varðar.

Yfirskattanefnd skal hafa lokið störfum sínum fyrir júnílok í Reykjavík og annarsstaðar á landinu fyrir maílok, og sendir hún þá skattskrána ásamt framtalsskýrslum og skrá um eignir og tekjur framteljenda, er engan

skatt greiða, til ríkisskattanefndar. Þó getur fjármálaráðherra veitt yfirskattanefnd lengri frest, ef um stórfelldar lagfæringar á skattskránni er að ræða.

42. gr.

Úrskurði yfirskattanefndar má skjóta til ríkisskattanefndar, enda sé það gert bréflega og kæran, ásamt öllum nauðsynlegum gögnum, komin til formanns fyrir júlílok — annarskostar verður henni ekki sinnt. — Ríkisskattanefnd skal leggja úrskurð á kærur fyrir septemberlok *og tilkynna innheimtumanni skattsins og aðilum úrslitin tafarlaust.*

43. gr.

Ríkisskattanefnd skal hafa eftirlit með störfum skattanefnda, skattstjóra og yfirskattanefnda og samræma skattaframtöl og skattaákvörðun í hinum einstöku skattaumdæmum. Skal ríkisskattstjóri fyrir hönd nefndarinnar ferðast um á milli skattanefnda og yfirskattanefnda í þessu skyni, þegar ástæða þykir til, og yfir höfuð leiðbeina um allt, er að skattaákvörðun og skattaframtali lýtur. Hann skal og yfirfara skattskrár og framtalsskýrslur. Ríkisskattanefnd getur af eigin hvötum rannsakað hvert það atriði, er framkvæmd laga þessara varðar, og getur í því skyni krafizt allra upplýsinga hjá skattþegnum, skattanefndum, skattstjórum og yfirskattanefndum, svo og hjá lánsstofnunum og öðrum þeim, er í 35. gr. greinir. Loks getur ríkisskattanefnd af sjálfsdáðum breytt ályktunum skattanefnda og yfirskattanefnda, þótt ekki hafi verið kært, en jafnan skal hún þá gera aðilum aðvart áður en hún breytir skattgjaldi þeirra án þess að yfir hafi verið kært.

Úrskurður ríkisskattanefndar er fullnaðarúrskurður. Ágreining um skattskyldu má þó jafnan bera undir dómstóla.

44. gr.

Skattanefndir allar og skattstjórar bæjanna skulu halda gerðabækur, er fjármálaráðuneytið lætur gera á kostnað ríkissjóðs. Löggildir lögreglustjóri gerðabækur skattanefnda og skattstjóra, en fjármálaráðuneytið gerðabækur yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar.

Í gerðabækur skattanefnda og skattstjóra skal meðal annars rita skattskrárnar og úrskurði. Yfirskattanefndir og ríkisskattanefnd skrá og í gerðabækur sínar úrskurði og aðrar ákvarðanir.

45. gr.

Formenn skattanefnda og skattstjórar skulu árlega láta niðurjöfnunarnefnd í té ókeypis endurrit af skattskrám, til afnota við niðurjöfnun útsvara. Svo skulu og formenn skattanefnda og skattstjórar gefa Hagstofunni skýrslur um skattálagninguna, í því formi, sem hún fyrirskipar.

46. gr.

Fjármálaráðuneytið hefir eftirlit með því, að skattanefndir allar og skattstjórar ræki skyldur sínar og fylgi réttum reglum í starfi sínu. Hefir

það rétt til að fá sendar framtalsskýrslur og leita umsagnar og skýringa skattanefnda og skattstjóra á öllu því, er framkvæmd þessara laga varðar.

47. gr.

Lögreglustjórar — í Reykjavík tollstjóri — innheimta tekju- og eignarskatt á manntalsþingum ár hvert. Sé skatturinn eigi greiddur innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða dráttarvexti, 1% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett fyllri ákvæði um innheimtuna, svo sem að gjalddagar skuli vera fleiri en einn á ári, þar sem það þykir henta, um tilbúning og sölu skattmerkja og þess háttar. Nú breytir ríkisskattanefnd skatti svo seint, að tilkynning um það hefir eigi náð innheimtumanni fyrir gjalddaga skattsins, og skal hann þá innheimta eða endurgreiða þann skatt síðar á árinu.

V. KAFLI.

Refsiákvæði.

48. gr.

Ef skattþegn telur ekki fram eignir sínar og tekjur, eða gerir það ekki fyrr en framtalsfrestur er liðinn, eða bætir ekki úr göllum, sem á framtali eru, þótt hann hafi fengið áskorun um það frá skattanefnd eða skattstjóra, þá skal ekki færa niður skatt hans, þótt hann kæri, nema hann sanni, að tekjur hans eða eign hafi verið áætlað meira en fjórðungi hærra en í raun og veru var. Sé mismunurinn ¼ eða meira, skal hann greiða skatt af hinum réttu upphæðum, að viðbættum ¼.

Ákvæðum þessarar greinar þarf þó ekki að beita, ef gjaldþegn hefir fært gildar ástæður sér til afsökunar.

49. gr.

Nú skýrir maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt frá einhverju því, er máli skiptir um tekjuskatt hans eða eignarskatt, og skal hann þá sekur um allt að því tífalda skattupphæð þá, sem undan var dregin. Sektina skal þó aldrei miða við meira en 10 ár alls. Fjármálaráðherra ákveður sektina, nema hann eða hinn seki óski, að málinu sé vísað til dómstólanna.

Nú verður slíkt uppvíst við meðferð dánarbús, og skal þá greiða úr búinu tvöfalda þá upphæð, er á vantar.

Skiptaréttur og skiptaforstjórar skulu, að viðlögðum dagsektum samkvæmt úrskurði fjármálaráðherra, gefa skattanefnd skýrslu um fjármuni látinna manna, ef fjármunirnir nema meiru en 10000 kr.

50. gr.

Sá, sem sekur verður um afbrot það, sem um getur í 1. málsgr. 49. gr., skal auk sektarinnar, sem þar er ákveðin, greiða eftir á skattupphæð þá, sem undan var dregin.

Sömu skyldu til að greiða skatt eftir á hefir og hver sá, sem af afsakanlegum misskilningi eða misgáningi hefir skýrt frá tekjum sínum eða eignum lægra en vera bar, og því greitt minni skatt en honum bar skylda til.

51. gr.

Nú kemur það í ljós, að skattþegn vantar á skrá, og skal þá gera honum skatt eftir á, þó aldrei lengra aftur í tímann en *5 ár*, enda sé skattálagningin tilkynnt honum tafarlaust og honum veitt færi á að bera sig upp undan henni með sama hætti sem öðrum gjaldendum, eftir því sem við á.

52. gr.

Skattanefndarmönnum og skattstjórum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættismenn og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag gjaldþegna.

Hið sama er að segja um þá, er veita nefndunum eða skattstjórum aðstoð við starf þeirra, eða á annan hátt fjalla um framtalsskýrslur manna.

53. gr.

Nú gegnir ekki einhver skyldu sinni samkvæmt *35. gr.*, eða skorast undan að láta þar nefndar skýrslur af hendi, og sker fjármálaráðherra þá úr og getur, ef þörf krefur, lagt við dagsektir, unz skyldunni er fullnægt.

54. gr.

Nú hefir skattanefnd eða skattstjóri ekki framkvæmt störf sín samkvæmt lögum þessum, áður lögmæltur frestur er liðinn, og varðar það þá sektum, allt að 200 kr., og getur fjármálaráðuneytið auk þess skyldað hina brotlegu til þess að ljúka störfunum, að viðlögðum dagsektum fyrir hvern einstakan mann, sem ekki hefir lögmæta afsökun.

55. gr.

Mál út af brotum þeim, er ræðir um í 49. gr. 1. málsgr. og 52. gr. laga þessara, skulu sæta sakamálsmeðferð. Mál út af brotum þeim, er í 48. gr., 49. gr. 3. málsgr., 53. gr. og 54. gr. segir, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála, en ekki skal slíkt mál höfða, nema skattþegn sjálfur, skattanefnd, skattstjóri eða fjármálaráðherra krefjist þess.

56. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð, og má innheimta þær með aðför.

VI. KAFLI.

Ákvæði um stundarsakir.

57. gr.

Heimilt er sveitar- og bæjarstjórnum, meðan Alþingi ekki hefir sett lög um almannatryggingar eða á annan hátt létt að verulegum mun af héruðunum kostnaði við fátækraframfærslu, að hækka skattgjald það, sem um ræðir í 6. gr., um 50% í umdæmum sínum. Skal innheimta viðbótarskatt þennan samtímis skattgjaldinu til ríkissjóðs og af sömu mönnum, og rennur hann allur til hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóðs. Jafnframt rennur þá og til sömu sjóða ⅓ skattgjaldsins samkvæmt 15. gr. úr hlutaðeigandi héruðum.

VII. KAFLI.

Niðurlagsákvæði.

58. gr.

Fjármálaráðherra gefur út reglugerð um framkvæmd og skilning laga þessara, nánari ákvörðun skattskyldra tekna og eigna og störf skattanefnda og skattstjóra. Ennfremur lætur hann gera fyrirmyndir að eyðublöðum undir skattskrár og tekjuframtal og lætur prenta á kostnað ríkissjóðs.

59. gr.

Skattur samkvæmt lögum þessum skal í fyrsta sinn lagður á árið 1932. Um leið og þau koma til framkvæmda eru úr gildi numin:

Lög nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Tilskipun nr. 84, 30. nóv. 1921, um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík.

Tilskipun nr. 41, 1. apríl 1922, um breyting á og viðauka við tilskipun 30. nóv. 1921, um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík.

Lög nr. 2, 26. marz 1923, um breyting á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Lög nr. 39, 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Lög nr. 7, 16. maí 1925, um breytingar og viðauka við lög nr. 74, 27. júní 1921.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki afgreiðslu. Í því er lagt til, auk annara breytinga, að skattur á öllum fjölskyldumönnum með miðlungstekjur (allt að 7000 kr. í Reykjavík og tilsvarandi annarsstaðar á landinu) lækki mjög verulega og lágtekjumenn með stórar fjölskyldur losni alveg við að greiða tekjuskatt. Vegna hækkunarinnar á persónufrádrættinum verða t. d. samkv. frv. 4000 kr. árstekjur manns í Reykjavík, sem hefir fyrir konu og 3 börnum að sjá, skattfrjálsar með öllu. Séu börnin 6, eru 5800 krónur skattfrjálsar. Um 36% þeirra, sem samkv. gildandi lögum ber að greiða tekjuskatt, eða um 9000 lágtekjumanna, verða leystir undan skattskyldu, ef frv. verður að lögum. Hinsvegar er gert ráð fyrir, að skattur af hátekjum og einkum stóreignum hækki mjög verulega, svo að tekjur ríkissjóðs af skattinum í heild sinni hækki um 70—75%.

Í greinargerð þeirri, er fylgdi frv. í fyrra, var tekjuauki ríkissjóðs áætlaður um 850 þús. kr. á ári, og var sú áætlun byggð á skýrslum um meðalskatt greiddan ríkissjóði árin 1924—1928. Samkv. skýrslum fyrir tvö síðustu ár hafa skattskyldar eignir og tekjur framteljenda farið stórum vaxandi síðan, einkum í Reykjavík, svo að ef miðað er við meðalskatt árin 1924—1930, sem er mjög varlegt, má óhætt áætla tekjuaukann a. m. k. liðlega 1 milljón króna á ári, ef frv. verður samþykkt. Má þá, að öðru óbreyttu, lækka hina gegndarlausu nauðsynjavörutolla um þá upphæð.

Noti sveitar- og bæjarfélög heimild þá, sem gert er ráð fyrir í frv., má áætla tekjur þeirra um land allt samkv. henni 1100—1150 þúsund krónur á ári, og er þá hægt að lækka útsvörin um þá upphæð, að öðru óbreyttu.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar og fylgiskjala, er fylgdu frv. í fyrra.

Nd. 48. Frumvarp

til laga um fasteignaskatt.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Af öllum fasteignum á landinu, sem ekki eru sérstaklega undanþegnar, skal greiða árlega skatt af virðingarverði eftir fasteignamatslögum. Nefnist skattur þessi fasteignaskattur.

2. gr.

Fasteignaskattur samkv. 1. gr. skal nema:

a. af óbyggðum byggingarlóðum í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa yfir 500 íbúa, 1.5%.

b. af byggðum byggingarlóðum í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa yfir 500 íbúa, 1%.
c. af öllum öðrum jarðeignum, þurrabúðum, grasbýlum, lóðum og lendum — að frádregnu verði jarðabóta og annara mannvirkja, sem ekki eru orðin fullra 10 ára gömul og talin eru með í fasteignamatsverði landsins —, einnig af jarðarítökum, sem eru fráskilin jörðum, svo sem: námum, varplöndum, rekaréttindum, veiðirétti í ám og vötnum og öðrum vatnsréttindum, 8‰.
d. af húsum, bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem ekki eru talin með í fasteignamatsverði lóða eða jarðeigna, til hvers sem þau eru notuð og úr hvaða efni sem eru, 2.5‰.

3. gr.

Þeir kaupstaðir og hreppsfélög, sem samkvæmt sérstökum lögum leggja árlegan skatt á fasteignir í umdæmi sínu til sveitar- eða bæjarsjóðs eða sýsluvegasjóðs, mega ekki, eftir að lög þessi ganga í gildi, taka árlega hærri fastan skatt af hverri tegund fasteigna en ríkissjóður tekur samkvæmt 2. gr. Þó er þeim kaupstöðum og kauptúnum, sem húseigendum að kostnaðarlausu annast sorphreinsun, sóthreinsun og salernahreinsun og ráðstafanir til útrýmingar rottum og varnar gegn eldsvoða, heimilt að leggja árlegan viðbótarskatt á húseignirnar til þess að standast þann kostnað. Þó má sá skattur aldrei nema meira en 3‰ af fasteignamatsverði. Ákvæði 6. gr. um undanþágu undan fasteignaskatti af húsum ná ekki til þessa viðbótarskatts.

4. gr.

Byggingarlóð samkv. 2. gr. a. og b. telst hver sú lóð, sem bæjarstjórn eða hreppsnefnd hefir ekki með sérstökum samningi eða samþykkt ætlað til annara afnota en byggingarlóða. Byggð lóð telst, auk þess svæðis, er hús stendur á, sú lóð, sem ákveðið er með skipulagsuppdrætti eða samþykkt bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, að fylgja skuli húsinu og ekki sé leyfilegt að reisa á annað hús. Nánari ákvæði um þessi atriði setur fjármálaráðherra með reglugerð.

5. gr.

Eigandi greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða og árleg leiga eða eftirgjald fyrir þau sé undir 6% af fasteignamatsverði. Sé leigan eða eftirgjaldið undir 6%, en yfir 4% af fasteignamatsverði á ári, greiðist skatturinn af eiganda og leigjanda eftir reglum, er fjármálaráðherra setur, en sé leigan eða eftirgjaldið eigi yfir 4%, greiðist skatturinn allur af leigjanda.

6. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti eru: fasteignir ríkissjóðs, sveitarsjóða, sýslusjóða og bæjarsjóða, nema jarðeignir, lendur og lóðir, sem leigðar eru til ábúðar, á erfðafestu eða á annan hátt fyrir lægri leigu eða eftirgjald en sem svarar 3% af fasteignamatsverði á ári. Ennfremur eru undanþegnar fasteignaskatti íslenzk-

ar kirkjur, sjúkrahús, skólahús og hús annara ríkja með tilheyrandi lóðum, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í millirikjaerindum. Verkamannabústaðir, sem ríkissjóður og bæjar- eða sveitarsjóðir leggja fram styrk til að reisa, skulu undanþegnir fasteignaskatti fyrstu 10 árin eftir að þeir hafa verið reistir.

Hús eða lóð, sem eigi er 100 króna virði, eru undanþegin fasteignaskatti, enda telst skatturinn aðeins af heilum hundruðum, en því, sem umfram er, skal sleppt. Hið sama gildir um ítök og hlunnindi.

Ef ágreiningur rís um skattskyldu fasteigna, sker fjármálaráðherra úr, en heimilt er aðiljum að skjóta málinu til dómstólanna.

7. gr.

Ef fasteign, sem metin hefir verið í einu lagi, er skipt og eigendur æskja þess, að hver hluti sé talinn sérstaklega til skattgjalds, skulu þeir bera það mál undir lögreglustjóra, sem leggur það undir úrskurð ráðuneytisins ásamt tillögum sínum.

8. gr.

Fasteignaskatt skal greiða í því lögsagnarumdæmi, sem eignin er. Ef skattgreiðandi er þar eigi heimilisfastur, skal hann hafa þar umboðsmann, er geri skil fyrir skattinum. Ef engi umboðsmaður er tilnefndur, telst sá umboðsmaður, er eignina hefir til nytja, og ef fleiri eru, þá sá þeirra, er lögreglustjóri — í Reykjavík tollstjóri — velur.

9. gr.

Fasteignaskattur skal í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum veðkröfum í eignum þeim, er hann hvílir á.

10. gr.

Ef hús eða önnur mannvirki eru rifin, brenna eða ónýtast á annan hátt á fyrra helmingi almanaksárs, greiðist ekkert gjald á því ári, en vilji þetta til síðar, greiðist fullt gjald.

11. gr.

Gjalddagi skattsins er í kaupstöðum 1. febrúar ár hvert, en annarsstaðar á landinu á manntalsþingum. Í Reykjavík innheimtir tollstjóri skattinn, en lögreglustjórar annarsstaðar á landinu. Sé skatturinn eigi greiddur innan mánaðar frá gjalddaga, skal reikna dráttarvexti, 1% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði.

12. gr.

Heimilt er kaupstöðum og hreppsfélögum að hækka skattgjald það, er um ræðir í 2. gr., um 100%, og rennur sú hækkun öll í hlutaðeigandi bæjarsjóð eða sveitarsjóð, enda falli þá jafnframt niður fasteignagjöld þau, sem árlega hafa verið greidd í hlutaðeigandi bæjarsjóð eða sveitarsjóð eða sýsluvegasjóð af fasteignum í hreppnum eða kaupstaðnum. Skattgjald samkvæmt þessari grein innheimtist af lögreglustjórum — í Reykjavík tollstjóra — samtímis skatt-

gjaldinu samkvæmt 2. gr. Sama er um viðbótarskatt af húseignum samkv. 3. gr., ef heimild þessarar greinar er notuð.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1932 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 66, 27. júní 1921, og öll önnur lög og lagaákvæði, er fara í bága við þessi lög.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, en fékk ekki afgreiðslu þá. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar er fasteignaskattur á næsta ári áætlaður 280 þús. krónur, en í greinargerð þeirri, er fylgdi frv. í fyrra, var fasteignaskattur til ríkissjóðs samkv. því áætlaður 850 þús. krónur á ári. Var þar gert ráð fyrir, að fasteignamat það, sem framkvæmt var síðastliðið ár, myndi nema um 180 milljónum króna á skattskyldum fasteignum. Ennþá liggur ekki fyrir endanleg niðurstaða fasteignamatsins, og verður því eigi sagt með fullri vissu, hver tekjuauki ríkissjóðs yrði, ef frv. þetta verður að lögum, en eftir því, sem vitað er um matið, má fullyrða, að tekjuaukinn er mjög varlega áætlaður 600 þús. krónur á ári fyrir ríkissjóð. Að öðru óbreyttu er þá hægt að lækka nauðsynjavörutollana um þessa upphæð.

Ef sveitar- og bæjarfélög nota heimild þá, sem gert er ráð fyrir í 12. gr., má gera ráð fyrir, að fasteignagjöld og hreinsunargjöld til þeirra myndu nema nálægt 1150 þús. krónum á ári, en fasteignagjöld til sveitar-, bæjar- og sýsluvegasjóða námu árið 1926 um 455 þús. krónum. Mætti því að öðru óbreyttu, ef heimild þessi væri notuð, lækka útsvörin í heild sinni um h. u. b. 700 þús. krónur á ári hverju.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar þeirrar, er fylgdi frv. í fyrra.

Nd. 49. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 41, 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tollaga, nr. 54, 11. júlí 1911.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Töluliðirnir 8.—10. í 1. gr. laganna orðist svo:

8. Af óbrenndu kaffi og kaffibæti allskonar 40 aurar af hverju kg.
9. Af allskonar brenndu kaffi 50 aurar af hverju kg.
10. Af sykri og sýrópi 10 aurar af hverju kg.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1932.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, en náði ekki fram að ganga. Þá nam sykurtollurinn um 66% af innkaupsverði, kaffitollurinn um 60% og kaffibætistollurinn um 85%. Síðan hefir verð á þessum vörum erlendis lækkað, svo að tollurinn er nú orðinn miklu hærri, ef miðað er við innkaupsverð, t. d. yfir 100% af sykri. Þarf ekki að eyða orðum að því, hve ósanngjörn og fávísleg svo gegndarlaus tollaálagning á algengar neyzlu- og nauðsynjavörur er. Tollalöggjöfin á nú drýgstan þátt í því, auk hins gegndarlausa milliliðakostnaðar, að halda uppi vöruverðinu og þar með viðhalda dýrtíðinni í landinu, þar sem a. m. k. 1/10 hluti af öllum tekjum lágtekjumanna, sem hafa fyrir fjölskyldu að sjá, gengur til að greiða tolla og verzlunarálagningu á þá.

Samkv. innflutningsskýrslum áranna 1924—1927 yrði tollurinn af þessum vörum samkv. frv. um 622 þús. kr., en hann er áætlaður 850 þús. kr. í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar. Mun því hæfilegt að áætla tekjurýrnun ríkissjóðs, ef frv. verður samþ., um 230 þús. krónur.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar, er fylgdi frv. á síðasta þingi.

Nd. 50. Breytingartillögur

við frv. til laga um verðtoll.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson.

1. Við 7. grein:
   Í stað „1½%“ komi: 1%.

2. Við 8. grein:
   Greinin falli burt.

3. Við 9. grein:
   a. Greinin verði 8. grein.
   b. C-liður og D-liður falli burt.

Ed. 51. Frumvarp

til laga um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl.

Flutningsm.: Erlingur Friðjónsson, Jón Baldvinsson.

1. gr.

Heimilt er bæjarstjórn í kaupstað að gera samþykkt um það, að áskilja bæjarfélagi forkaupsrétt (forleigurétt) á hafnarmannvirkjum, lóðum þeim, er að sjó liggja, og á lóðum og löndum innan lögsagnarumdæmisins, svo og öðrum fasteignum, er bæjarstjórn telur nauðsyn að tryggja bæjarfélaginu forkaupsrétt (forleigurétt) á.

Kauptún, sem er sérstakt hreppsfélag, getur einnig gert samþykkt um forkaupsrétt (forleigurétt) kauptúns á hafnarmannvirkjum, lóðum þeim, er að sjó liggja, og á lóðum og löndum innan hreppsins, svo og öðrum fasteignum, er hreppsstjórn telur nauðsyn að tryggja hreppsfélagi forkaupsrétt (forleigurétt) á.

2. gr.

Samþykktir samkvæmt 1. gr. skulu gerðar til 5 ára í senn, og skulu í þeim taldar fasteignir þær, er kaupstaður eða kauptún áskilur sér forkaupsrétt (forleigurétt) á. Samþykkt öðlast gildi, þegar atvinnumálaráðherra hefir staðfest hana, og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

3. gr.

Eigendur fasteigna þeirra, er samþykktir taka til, skulu skyldir að bjóða bæjarstjórn eða hreppsnefnd forkaupsrétt (forleigurétt) á eignum fyrir það verð, er í raun og veru stendur til boða hjá öðrum, enda séu borgunarkjör og aðrir skilmálar eigi gerðir erfiðari.

Innan tveggja vikna frá því, er forkaupsréttur (forleiguréttur) var boðinn, skal bæjarstjórn eða hreppsnefnd skylt að segja til, hvort hún ætlar að nota forkaupsrétt (forleigurétt) eða eigi.

Yfirlýsing bæjarstjórnar eða hreppsnefndar um það, að hún afsali sér forkaupsrétti (forleigurétti), gildir eigi lengur en eitt ár. Nú svarar bæjarstjórn eða hreppsnefnd eigi boði um að neyta forkaupsréttar (forleiguréttar) innan ákveðins tíma, og skal þá líta svo á, sem hún hafi hafnað boðinu.

4. gr.

Nú er eigi gætt fyrirmæla laga þessara um að bjóða bæjarstjórn eða hreppsnefnd forkaupsrétt (forleigurétt), og getur þá aðili, er forgangsréttur hans er fyrir borð borinn, krafizt þess, að gerningur sá, sem í bága fer við ákvarðanir þessar, sé ógildur metinn gagnvart honum, og á hann rétt á að ganga inn í kaupin, enda sé lögsókn til þess hafin innan 6 mánaða frá því, er

hann fékk vitneskju um misfelluna, og málinu fram haldið með hæfilegum hraða. Auk þess ber seljanda að bæta réttháfa tjón það, er hann kann að hafa beðið af broti gegn ákvæðum laga þessara.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefir verið flutt á undanfarandi þingum. Á þingi 1929 var það samþykkt óbreytt frá efri deild og með lítilli breytingu frá allsherjarnefnd neðri deildar, en varð svo ekki útrætt. Í fyrra var það borið fram í Nd. og fellt. Á þinginu 1927, er málið var fyrst borið fram, fylgdi því ítarleg greinargerð, og vísast til hennar (Alþt. 1927, þskj. 97).

Ed. 52. Frumvarp

til laga um verðfestingu pappírsgjaldeyris.

Flutningsm.: Jón Þorláksson, Björn Kristjánsson.

1. gr.

Svo fljótt, sem við verður komið, og eigi síðar en 1. júlí 1932, skal Landsbanki Íslands gefa út og setja í umferð gullgilda, innleysanlega seðla samkvæmt ákvæðum 3.—12. gr. laga nr. 10, 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands. Seðlar þessir skulu að útliti vera greinilega frábrugðnir þeim seðlum, sem nú eru í umferð.

2. gr.

Meðan núverandi seðlar Landsbankans og ríkissjóðs og seðlar Íslandsbanka eru í umferð, skal gildi þeirra gagnvart gulli og gullgildum seðlum vera þannig, að 100 kr. í þessum seðlum, sem nefnast íslenzkar pappírskrónur, jafngildi 82 kr. í gullgildum seðlum og gullmynt. Eftir 31. des. 1935 skulu þessir seðlar ekki lengur vera löglegur gjaldeyrir manna í milli eða í opinber gjöld, en bankarnir skulu þó enn um 2 ár vera skyldir að innleysa seðla, sem framvísað verður, eftir reglum, sem fjármálaráðherra setur.

3. gr.

Allar kröfur, skuldir og skuldbindingar, sem taldar eru í krónutali og stofnaðar eru eða stofnaðar verða á tímabilinu 7. ágúst 1914 til 1. jan. 1934, skulu lúkast í íslenzkum pappírskrónum. Eftir að seðlar samkv. 1. gr. eru komnir í umferð, skal greiðanda ávallt heimilt að inna greiðsluna alla eða nokkurn hluta hennar af hendi í gullgildum krónum, eftir því hlutfalli, að hverjar 82 gullkrónur jafngildi 100 kr. af þeirri upphæð, sem greiða ber í pappírskrónum.

Á sama hátt skulu allar framhaldandi greiðslur, sem taldar eru í krónum, svo sem landskuldir, húsaleiga, vextir, kaupgjald, iðgjöld og því um líkt, svo og skattar og gjöld til opinberra þarfa, lúkast í íslenzkum pappírskrónum, eða jafngildi þeirra í gullkrónum samkvæmt framansögðu, til ársloka 1933.

4. gr.

Frá ársbyrjun 1934 skulu allar greiðslur þær, sem ræðir um í 3. gr., umreiknaðar í gullgildar krónur með lækkaðri krónutölu eftir hlutfallinu 82 : 100. Frá sama tíma skulu allar verzlanir verðleggja vörur sínar í gullgildum krónum og ríkissjóður inna af hendi launagreiðslur í gullgildum krónum, og skulu allar upphæðir þessar lækka að krónutali eftir hlutfallinu 82 : 100 frá því, sem vera mundi á sama tíma, ef greitt væri í pappírskrónum.

5. gr.

Með konungslegri tilskipun má kveða nánar á um það, hverjar kröfur og skuldir skuli undanþegnar ákvæðum 3. og 4. gr. af þeirri ástæðu, að þær eru stofnaðar fyrir 7. ágúst 1914.

6. gr.

Meðan núverandi seðlar Landsbankans og seðlar Íslandsbanka eru í umferð og eru löglegur gjaldeyrir, skal báðum bönkunum skylt að innleysa þá með gullmynt eða gullgildum seðlum, ef handhafi óskar, þannig að 82 kr. í gullmynt eða gullgildum seðlum séu greiddar fyrir hverjar 100 kr. í núverandi seðlum. Nánari reglur um þessa innlausnarskyldu getur ráðherra sett.

7. gr.

Með konunglegri tilskipun má setja ákvæði um skiptimynt, svo sem þarf vegna framkvæmdar þessara laga.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er að mestu samhljóða frv. með sömu fyrirsögn, sem þingmenn úr Sjálfstæðisflokknum hafa flutt í Nd. á þingum 1929 og 1930. Frestir eru færðir aftur um 2 ár frá hinu upphaflega frv., og hlutfallið milli pappírskróna og gullkróna er sett 82 : 100, í stað 81.70 í hinum fyrri frv. Er þá miðað við það, að gullgildi sterlingspunds er 18.1595 gullkrónur, en sölugengi sterlingspunds sem næst 22.15 pappírskrónur. Eftir þessu yrði hlutfallið, nákvæmlega reiknað, 81.984 gullkr. móti 100 pappírskrónum, og þykir þá einsætt að velja heldur heilu töluna 82, er samsvarar gengi 22 kr. 14½ ey. á gullgildu sterlingspundi.

Við flutningsmenn teljum þá úrlausn gengismálsins, sem í frv. felst, þá

tiltækilegustu, eftir því, sem nú er komið. Gengi pappirskrónunnar hefir nú verið óbreytt í 5½ ár, og eftir svo langan tíma mundi það vera óeðlilegt og óhagkvæmt að stofna til breytinga á þessu gengi. Hinsvegar teljum við nauðsynlegt, vegna seinni tíma, að viðurkenna gullgildi á þeim skuldum og kröfum, sem stofnaðar eru fyrir stríð, þ. e. áður en gullinnlausnarskyldunni var létt af seðlabankanum. Ef þessar gömlu kröfur verða felldar í gildi með löggjöf, t. d. með myntlagabreytingu, er alltaf hætt við, að sú trú rótfestist, að eigi sé óhætt að geyma innstæðufé hér á landi, það verði „stýft“ eða fellt í gildi næst þegar styrjaldarkreppu eða aðra ámóta kreppu ber að höndum. En undirstaða allra þeirra framfara í landinu, sem byggjast á notkun lánsfjár, er sú, að menn vilji eiga hér innstæðufé í ávöxtun, en telji sig ekki knúða til að forða því frá yfirvofandi „stýfingum“ hér og flytja það til útlanda.

Nánari grein verður gerð fyrir þessu í framsögu.

Ed. 53. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Frá Guðrúnu Lárusdóttur.

Á eftir 1. málsgr. komi:

Við C. tölulið 3, nýr liður:

Frá Sauðárkróki um Vesturhéraðsvatnabrú yfir Hegranes, um Austurhéraðsvatnabrú um Hofsstaðapláss og Blönduhlíð, að aðalpóstvegi hjá Mið-Grund, og frá Austurhéraðsvatnabrú um Viðvíkursveit, yfir Hjaltadalsarbrú hjá Langhúsum, inn Hjaltadal um Hóla að Reykjum. Frá Hofsósi út Höfðaströnd og Sléttuhlíð, um Fljót til Siglufjarðar.

Nd. 54. Frumvarp

til ábúðarlaga.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson, Bernharð Stefánsson.

I. KAFLI.

Um bygging jarða.

1. gr.

Hver maður, sem á jörð og hefir ekki fasta ábúð á sjálfur, skal selja hana öðrum á leigu og ávallt þannig, að hæfileg áhöfn sé á jörðinni, svo að

hún ekki fyrir það gangi úr sér, og sveit sú, sem jörðin liggur í, missi einkis í af sköttum, sem af búinu eru greiddir.

Nú fær landsdrottinn ekki byggt jörð sína fyrir 15. marz, og skal hann þá fyrir 1. apríl bjóða sveitarstjórn jörðina til ráðstöfunar. Ef sveitarstjórn sinnir ekki þeirri málaleitun, skal hann láta bjóða jörðina upp til ábúðar frá næstu fardögum í þeirri þinghá, sem jörðin liggur. Ef enginn vill þá taka jörðina til leigu fyrir neitt eftirgjald, skal landeigandi banna öll afnot hennar og er honum þá eigi skylt að halda uppi lögskilum af henni, meðan hún er óbyggð. Nú býður landsdrottinn ekki sveitarstjórn jörðina né lætur bjóða hana upp til ábúðar, og skal hann þá skyldur að greiða öll lögboðin gjöld af henni.

2. gr.

Ef sveitarstjórn tekur við jörð til ráðstöfunar, ber hún ábyrgð á öllum jarðargjöldum til landsdrottins. Ef sveitarstjórn telur jörð byggilegri með því að skipta henni, er henni það heimilt. Skal hún þá láta gera nauðsynlegustu hús á jörðinni, sem leiðir af skiptingu, ef úttektarmenn telja, að jörðin muni þannig trygg í ábúð framvegis. Er landsdrottinn skyldur til að kaupa hus þau, er sveitarstjórn lét gera á jörðinni, ef þau svara til þeirra húsa, sem krafizt er á leigujörðum að mati úttektarmanna. Gildir sama um ábúðarrétt þeirra manna, er sveitarstjórn leigir jörðina, sem ákveðið er í lögum þessum.

3. gr.

Hjáleigu má byggja undir heimajörð, ef jörðin að mati úttektarmanna þarfnast þess. Sömuleiðis má sameina hjáleigur í eina jörð, ef það, að mati sömu manna, stuðlar að sjálfstæðari ábúð og tryggir ræktun.

4. gr.

Stofna má nýbýli í landi jarðar eftir því sem lög mæla fyrir.

5. gr.

Jörð skal ávallt byggja frá fardögum til fardaga, og skal um það bréf gera, sem er byggingarbréf fyrir jörðinni. Gera skal 2 samhljóða frumrit af byggingarbréfi, er landsdrottinn og leiguliði rita nöfn sín undir í votta viðurvist. Heldur landsdrottinn öðru, en leiguliði hinu.

6. gr.

Í byggingarbréfi skal greina landamerki jarðar og getą þeirra ítaka, er hún á í annara manna lönd, svo og þess, ef kvaðir eða ískyldur hvíla á henni. Þá skal og kveða á í byggingarbréfi, hverja landskuld skuli greiða eftir jörðina og í hverju sé goldin. Svo og ef innstæðukúgildi fylgja jörðu, sbr. 22. gr.

Ennfremur skal nákvæmlega taka fram um leiguliðanot samkvæmt lögum þessum, skyldur leiguliða og fyrir hverjar vanrækslur hann missir rétt sinn til ábúðar.

7. gr.

Nú hefir landsdrottinn vanrækt að gera byggingarbréf fyrir jörðu, og skal þá svo telja, að hún hafi verið byggð fyrir það eftirgjald, sem síðast var á henni, ef það að mati úttektarmanna hefir verið hæfilega sett og hvorugur, landsdrottinn eða leiguliði, getur sannað, að öðruvísi hafi verið um samið. Ef úttektarmenn telja, að eftirgjald á jörðina hafi áður ekki verið hæfilega sett, ákveða þeir, hvað það skuli vera.

8. gr.

Ef landsdrottinn byggir tveim mönnum sömu jörð eða jarðarpart, þá skal sá hafa, er fyrr tók, en landsdrottinn fá hinum jafngott jarðnæði sem hitt var, ella bæta honum allan skaða, er hann biður af því að komast ekki að jörð, hvorttveggja eftir mati úttektarmanna.

II. KAFLI.

Um ábúðartíma.

9. gr.

Allar jarðir skulu leigðar til lífstíðar, og hefir ekkja ábúanda rétt manns síns, jafnt fyrir það, þó að hún giftist aftur, ef hún hefir aðskilinn fjárhag. Heimilt er þó landsdrottni að taka jörð úr ábúð handa sjálfum sér, barni sínu eða fósturbarni, til eignar og ábúðar. En jafnan skal það tekið fram í byggingarbréfi og skal uppsögn ábúðar vera með að minnsta kosti árs fyrirvara.

10. gr.

Nú segir landsdrottinn upp ábúð samkvæmt 9. gr., en aðeins af yfirskinsástæðum, þannig, að hann hvorki flytur sjálfur á jörðina né fær hana barni sínu eða fósturbarni til eignar og ábúðar, heldur tryggir hana öðrum manni. Er þá sá ábúðarsamningur ógildur og á leiguliði heimting á að fá jörðina aftur. Auk þess bæti landsdrottinn honum allan þann skaða, er hann kann að hafa beðið af þessum sökum, eftir mati úttektarmanna.

III. KAFLI.

Um hús á jörð og skyldur landsdrottins.

11. gr.

Hverri jörð skulu fylgja öll nauðsynleg hús, sem landsdrottinn á, í góðu og gildu standi, eftir mati úttektarmanna. Skulu bæjarhús miðuð við þann fólksfjölda, er þarf til þess að nytja jörðina, og peningshús við þann

skepnufjölda, er jörðin getur framfleytt í meðalári, hvorttveggja þó með nokkurri hliðsjón af því, að jörðinni aukist ræktun, heyfengur og áhöfn. Húsin skulu vera að tilhögun og ásigkomulagi eins og gerist í þeirri sveit í bezta meðallagi, að áliti læknis og hreppstjóra. Þó er ríkissjóður undanskilinn þessari húsaskyldu um þær þjóðjarðir allar og kirkjujarðir, sem liggja við auðn eða ætlaðar eru til almennra afnota.

12. gr.

Aldrei skal metið álag á jarðarhús, og ber landsdrottinn alla fyrningu. En skyldur er leiguliði að halda húsum við, þannig, að ekki fyrnist um skör fram fyrir handvömm og ávallt séu í nothæfu standi.

13. gr.

Skyldir eru úttektarmenn fimmta hvert ár að skoða öll hús á leigujörðum, hverjir í sínum hreppi, og gefa skýrslu um til landsdrottins. Skulu þeir sérstaklega athuga, hvernig gengið hefir verið um húsin og þeim viðhaldið, hvort byggingarskilmálum þar að lútandi er fylgt og hvernig jörð yfirleitt er setin. Eru skýrslur þessar full sönnun fyrir landsdrottin til þess að ná rétti sínum, ef byggingarskilmálar eru brotnir.

14. gr.

Ef úttektarmenn brjóta skyldu sína samkvæmt 13. gr. og það sannast, að landsdrottinn hafi fyrir það beðið tjón, skulu þeir skyldir að bæta honum skaða allan, hvort sem er eftir mati, sem tekið er gilt, eða dómi.

15. gr.

Nú á fráfarandi hús á jörð, er hann hefir byggt, og skal hann þá láta úttektarmenn meta húsin til peningaverðs og jafnframt votta, að húsanna sé full þörf á jörðinni. Er þá landsdrottni skylt að kaupa húsin við því verði, sem metið er, ef þau eru í því ásigkomulagi, að í gildu standi geti talizt samkv. 11. gr. Ef svo er ekki, er fráfaranda skylt að rjúfa húsin og flytja af jörðu eða selja hverjum sem vill til brottflutnings. Skal hús rjúfa fyrir Jónsmessu hina næstu, ef landsdrottinn vill þar hús gera, er hin voru, en flytja burtu viði og húsefni, annað en torf, fyrir veturnætur. Hús skal rjúfa svo, að viðtakanda sé sem minnst mein að.

16. gr.

Nú hafa jarðnytjar aukizt svo á leigujörð við ræktun, að jarðarhús þau, sem ákveðin eru í 11. gr., eru orðin ónóg peningi þeim, er jörðin framfleytir. Skal þá ábúandi gera landsdrottni viðvart og krefjast þess, að bætt verði við hús á jörðinni. Skal hann láta fylgja vottorð úttektarmanna þar um. Ef landsdrottinn vill ekki bæta við jarðarhús eða stækka, hefir leiguliði heimild til þess að gera hús eins og þörf krefur og úttektarmenn hafa áður vottað. Skal hann tilkynna landsdrottni, hvað húsagerðin hefir kostað, með

nægum sönnunargögnum, og er hann þá skyldur til að greiða kostnaðinn og má þá hækka afgjald jarðarinnar um 5% af kostnaðarupphæðinni.

Sama gildir, ef endurnýja þarf, hvort heldur bæjar- eða peningshús, ef landsdrottinn neitar að gera þau. En þá skal jafnan draga frá kostnaði verð húsa þeirra, sem endurnýjuð eru, og gildir eftirgjaldshækkun aðeins um mismuninn.

17. gr.

Jafnan skal landsdrottinn hafa tryggð hús á leigujörð fyrir eldsvoða, ef tryggingarfélag er til í sveitinni, er tekur slík hús í tryggingu. En ef um dýr hús er að ræða, sem fyrir þá sök verða ekki tekin í sveitartryggingu, er honum skylt að tryggja þau annarsstaðar. Ef landsdrottinn getur ekki vátryggt, en hús brennur, skal farið með endurgerð sem segir í 33. gr.

IV. KAFLI.

Um leiguliðaskipti á jörð og skyldur leiguliða.

18. gr.

Þá er leiguliðaskipti verða á jörð, má viðtakandi taka til voryrkju þá, er hann vill, en eigi má hann flytja bú sitt á jörðina fyrir fardaga nema fráfarandi leyfi. Fardagar eru þá er 6 vikur eru af sumri, og eru þeir fjórir. Er fimmtudagur í sjöundu viku sumars fyrstur þeirra, en sunnudagur síðastur. Ef leiguliði er ekki kominn til jarðar að forfallalausu, þá er sjö vikur eru af sumri, né umboðsmaður hans, og hvorugur þeirra hefir gert ráðstöfun til að hagnýta hana, hefir leiguliði fyrirgert ábúðarrétti sínum og lúki landsdrottni eins árs jarðarafgjöld. En landsdrottinn má nýta sér jörð það ár, ef hann getur ekki byggt öðrum.

19. gr.

Fráfarandi skal hafa flutt allt bú sitt af jörð hinn síðasta fardag, nema viðtakandi leyfi, að hann hafi það þar lengur. En hvorki má hann beita tún né engjar, heldur verja fyrir öllum ágangi þar til hann yfirgefur jörðina. Heimilt er fráfaranda að skilja eftir það, sem viðtakanda er ekki mein að af búslóð sinni, ef hann má eigi flytja það burt þegar. En það skal hann hafa burt flutt svo fljótt sem hann má og eigi síðar en fyrir næstu veturnætur. Séu húsmunir þá eigi burt fluttir, skal ábúandi segja hreppstjóra til, og fer hann með þá sem fé í vanhirðu.

20. gr.

Eigi má fráfarandi af jörð flytja hey, áburð, eldsneyti né byggingarefni, sem jörð gefur af sér. Ef fráfarandi á fyrning heys, eldsneytis eða byggingarefnis, skal hann bjóða viðtakanda eða landsdrottni kaup á því eftir

mati úttektarmanna. Vilji hvorugur kaupa, má fráfarandi flytja það með sér eða selja öðrum. En burt skal hann hafa flutt það af jörðinni fyrir næstu heyannir, nema öðruvísi semji.

21. gr.

Flutt skal fráfarandi hafa áburð allan á tún, áður hann fer frá jörðu, svo snemma, að hægt sé að byrja ávinnslu á henni ekki síðar en viku af sumri. Hann skal og hreinsa öll hús, heygarða og heytóftir, sem á jörðu eru. Ef fráfarandi vanrækir þetta, bæti hann viðtakanda það eins og úttektarmenn meta.

Ef eggver fylgir jörð, á viðtakandi öll afnot þess það vor, er hann flytur sig að jörð. Ef reki fylgir leigujörð, á fráfarandi það, sem rekur til miðs föstudags í fardögum.

22. gr.

Eigi er leiguliði skyldur að taka við innstæðukúgildi á jörð, og fer um það eftir samkomulagi landsdrottins og leiguliða. Taki leiguliði við kúgildum á jörð, skal hann greiða í leigu eftir þau 6% af verði þeirra eftir verðlagsskrá.

23. gr.

Ábúandi skal hafa öll leiguliðanot af jörð sinni, en það eru leiguliðanot, að hann hafi til notkunar fyrir sig sjálfan öll hús og mannvirki, öll hlunnindi, sem fylgja jörð, svo sem lax- og silungsveiði, selalátur, eggver o. fl., innstæðukúgildi, ef til eru, og öll réttindi síns leigulands.

Nú er leiguliðaréttur brotinn, og á leiguliði sókn þess máls. Ef leiguliði sækir ekki, á landsdrottinn sókn, enda skal leiguliði gera landsdrottni aðvart, ef leiguréttur hans er brotinn, og láta hann vita, hvort hann sækir.

24. gr.

Eigi má leiguliði byggja öðrum af leigujörð sinni. Ekki má hann heldur ljá öðrum neitt af hlunnindum þeim og landsnytjum, er leigulandi hans fylgir, nema það sé í skiptum fyrir önnur hlunnindi og landsnytjar, er leigujörð hans þarf. Þó er honum heimilt að láta í té nokkrar jarðarnytjar heimilismönnum, sem vinna að búi hans. Hann má og eigi selja áburð af jörð, sem henni má að notum verða, né farga honum á annan hátt. Eigi má hann heldur láta burt hey, er hann hefir aflað á jörðinni, nema því aðeins að hann fái aftur jafngildi í heyi eða beit, eða hann í harðindum hafi látið heyið gegn öðru endurgjaldi eftir áskorun hreppsnefndar. Ef leiguliði brýtur gegn þessu, varðar það útbyggingu, og bæti hann jafnframt landsdrottni skemmdir á jörð.

25. gr.

Ef leiguliði situr illa jörð sína, svo tún og engi fara í órækt eða á annan hátt bíða varanlegar skemmdir af hans völdum, hefir hann fyrirgert ábúðarrétti sínum, nema hann lofi að bæta úr næsta ár og setji tryggingu fyrir. Getur landsdrottinn hvenær sem er eftir skýrslu úttektarmanna, sbr. 13.

gr., látið meta skemmdir, er gerðar hafa verið á leigujörð hans, og er leiguliði skyldur að bæta þær að fullu.

26. gr.

Leiguliði skal greiða alla skatta og skyldur, sem á leigujörð hans hvíla, og halda uppi öllum lögskilum af henni landsdrottni kostnaðarlaust. Eindagi á jarðargjöldum er fyrir hvers árs fardaga. Nú greiðir eigi leiguliði jarðargjöld á næsta missiri eftir eindaga, og hefir hann þá fyrirgert ábúðarrétti sínum í næstu fardögum, þótt honum sé ekki byggt út af jörðinni.

27. gr.

Skyldur er leiguliði, þótt eigi sé tilskilið, að færa jarðargjöld á heimili landsdrottins, ef eigi er fjær en 30 km., ella hafi landsdrottinn umboðsmann, er eigi búi fjær og taki við jarðarafgjöldum.

28. gr.

Þá er landsdrottinn byggir leiguliða út af jörð, sem brotið hefir ábúðarrétt sinn samkvæmt lögum þessum, skal hann það gert hafa fyrir jól, og skal leiguliði fara frá jörð í næstu fardögum.

Útbygging skal vera bréfleg og við votta. Skal þar tekið skýrt fram, hverjar sakir leiguliða séu.

29. gr.

Leiguliði fyrirgerir ábúðarrétti sínum og getur landsdrottinn byggt honum út, ef hann:

1. Er ekki kominn til jarðar 7 vikur af sumri, sbr. 18. gr.
2. Byggir öðrum af jörð eða lánar ólöglega hlunnindi eða landsnytjar, sbr. 24. gr.
3. Situr illa jörð, svo að hún fari í órækt eða valdi skemmdum, sbr. 25. gr.
4. Hefir ekki greitt jarðargjöld missiri frá gjalddaga, sbr. 26. gr.
5. Ef leiguliði ekki kaupir ábýlisjörð sína eftir matsverði, sbr. 44. gr.

30. gr.

Nú vill leiguliði flytja sig af leigujörð sinni, og skal hann þá hafa sagt jörð lausri fyrir jól. Gerir hann það bréflega og við votta til landsdrottins eða umboðsmanns hans.

31. gr.

Ef leiguliði segir eigi lausri leigujörð sinni eftir lögum, en flytur sig af henni, geldur hann landsdrottni jarðargjöld næsta ár. Má landsdrottinn nýta sér jörð, ef hann getur eigi byggt samkvæmt 1. gr.

Nú flytur leiguliði sig burt af jörð fyrir fardaga, sem hann hefir þó sagt löglega lausri, og skal hann bæta landsdrottni skaða, sem kann að verða af því, eftir mati úttektarmanna.

32. gr.

Nú hefir landsdrottinn byggt leiguliða löglega út, sbr. 28. gr., og vill leiguliði ekki flytja af jörð eða beitir þrásetu, og er landsdrottni þá rétt að krefja útburðar á sína ábyrgð, og fer um það sem lög mæla fyrir.

V. KAFLI.

Um skemmdir á jörðum af völdum náttúrunnar og breyting á jarðargjöldum.

33. gr.

Ef hús á leigujörð verður fyrir skemmdum af völdum náttúrunnar, svo sem af snjóflóði, vatnsflóði, skriðum eða jarðskjálfta, sem leiguliða verður engin sök á gefin, skulu landsdrottinn og leiguliði gera hús aftur í sameiningu. Leggur landsdrottinn til við allan til húsagerðar og smíði, en leiguliði vinnur að veggjagerð og þökum, eins og hann getur afkastað með skylduliði sínu fram yfir brýn heimilisstörf. Ef um steinhús eða timburhús er að ræða, gildir sama frá hálfu leiguliða, að hann leggur alla þá vinnu þar í, er hann getur í té látið, hvorttveggja að áliti úttektarmanna. Að öðru leyti kostar landsdrottinn húsagerð.

34. gr.

Ef land jarðar spillist af vatnsgangi, skriðum, sandfoki, eldsumbrotum eða öðru af völdum náttúrunnar, sem leiguliða verður ekki sök á gefin, þá gerir hann landsdrottni aðvart eða umboðsmanni hans og krefst skoðunar á skemmdunum. Séu skemmdir ekki meiri en svo, að bættar verði á einu ári án mjög mikils kostnaðar, skulu báðir, landsdrottinn og leiguliði, bæta skemmdirnar, þannig að leiguliði leggur þó aldrei meira til en svarar hálfu ársafgjaldi af jörðinni. Verði jörð fyrir meiri skemmdum, svo að hún rýrni til langframa, skulu úttektarmenn meta, hve miklum hluta eftirgjalds nemi árlega um ákveðinn tíma, og er landsdrottni skylt að setja niður eftirgjald, er nemi að minnsta kosti ⅔ af skemmdunum eins og þær eru metnar árlega, hlutfallslega við eftirgjaldið.

VI. KAFLI.

Um breyting á jarðargjöldum fyrir sérstakar ástæður.

35. gr.

Nú verða breytingar á verðlagi eða aðstæða til búskapar á jörð breytist, án þess að það sé af völdum náttúrunnar eða fyrir tilverknað leiguliða eða landsdrottins, og getur þá hvor aðili fyrir sig krafizt endurskoðunar á leigumála jarðarinnar. Náist ekki samkomulag, skal leggja málið í gerð. Gerðarmenn skulu vera: úttektarmenn, tveir menn, er aðiljar tilnefna sinn hvor,

og oddamaður, er sýslumaður tilnefnir. Gerðarmenn mega ekki vera í náinni frændsemi við aðilja né mægðir þeim. Gerðarmenn skulu ákveða hæfilegt jarðargjald eftir jörðina, með hliðsjón af fyrri leigumála og þeim breytingum, sem orðið hafa síðan hann var settur. Verða báðir aðiljar að hlíta gerðinni. Kostnað við gerðardóminn greiðir sá, er gerðar beiðist, verði engin breyting á eftirgjaldi, en ella að hálfu hvor.

36. gr.

Nú er leigumáli jarðar óhæfilega hár eða hærri en gerist í þeirri sveit eða héraði á líkum jörðum, og getur þá leiguliði krafizt gerðardóms, er ákveði eftirgjöld á jörðinni. Fer um tilnefningu dómsins og gildi hans eins og segir í 35. gr. Sömuleiðis um borgun til gerðarmanna.

VII. KAFLI.

Um reka á leigujörðum.

37. gr.

Engan viðarreka má undanskilja leiguliðanotum, sem fylgt hefir jörðu áður.

38. gr.

Skylt er leiguliða, eigi landsdrottinn sérstakan reka, að hirða hann fyrir landsdrottin, marka viðarmarki hans og bjarga, svo að sjór taki ekki út. Öll álnarlöng kefli eða smærri skulu vera eign leiguliða, eins og að fornu hafa verið.

39. gr.

Eigi er skylt, að hvalreki fylgi leiguliðanotum, og fer um hann eftir ákvæðum byggingarbréfs.

Nú rekur hval, og fylgir hvalreki ekki leiguliðanotum, og skal leiguliði þá festa hvalinn landfestum og bjarga sem lög ákveða. Gera skal hann strax landsdrottni aðvart eða umboðsmanni hans. Komi landsdrottinn eða umboðsmaður hans ekki þegar á vettvang, er leiguliða rétt að skera hvalinn, en ábyrgjast skal hann landsdrottni allan þann hval, er hann sker. Um endurgjald til leiguliða fer eftir ákvæðum, er fram séu tekin í byggingarbréfi.

40. gr.

Um allan annan reka á leigujörð fer eftir lagaákvæðum, er gilda þar um í hvert sinn.

Allt, sem áður hefir fylgt leiguliðanotum á sjávarjörð, svo sem sölvatekja, kúfisktekja o. þ. h., má ekki undanskilja leiguliðanotum.

VIII. KAFLI.

Um jarðabætur á leigujörðum og greiðslu landsdrottins.

41. gr.

Þegar leiguliða er með ákvæðum byggingarbréfs gert að skyldu að inna af höndum jarðarafgjald að einhverju leyti með jarðabótum, en hann vanrækir að framkvæma þær, á landsdrottinn heimtingu á endurgreiðslu eftir því sem úttektarmenn meta. Heimilt er leiguliða þess utan að gera minni háttar jarðabætur á ábýlisjörð sinni, án samþykkis landsdrottins, ef þær eru að mati þeirra manna, sem umsjón hafa með mælingum á jarðabótum, sem styrktar eru af ríkisfé, vel og hyggilega gerðar og stuðla að því að hækka jörðina í verði. Skal leiguliði, þá er hann fer frá jörðinni, fá jarðabætur þessar greiddar, eftir því sem úttektarmenn meta, að hækka megi landskuld á jörðinni, þannig, að hann fái tólffalda landskuldarhækkunina.

42. gr.

Ef leiguliði ætlar að gera jarðabót í stærri stíl, sem kosti yfir 400 krónur, skal hann jafnan leita samkomulags og samþykkis landsdrottins og fara fram á, að hann láti gera jarðabótina á sinn kostnað og hækki fyrir því eftirgjald jarðarinnar um 4% af útlögðum kostnaði við verkið.

Ef landsdrottinn vill ekki gera jarðabótina á sinn kostnað, en hún að áliti þeirra manna, er mælingar hafa á jarðabótum, er styrktar eru af ríkisfé, er nauðsynleg og álitleg til að gefa góðan arð, er leiguliða heimilt að framkvæma verkið, og á hann þá, er hann fer frá jörðinni, sömu kröfu fyrir þá jarðarbót eins og segir í næstu grein á undan og eftir gerð sömu manna.

43. gr.

Krafa sú, sem leiguliði á á landsdrottin, sbr. 41. og 42. gr., og fyrir jarðarhúsabyggingar á jörðinni, samkvæmt 15. og 16 gr., skal vera forgangskrafa í bú landsdrottins næst eftir þær forgangskröfur, sem nú eru í lögum.

IX. KAFLI.

Um kaupskyldu á leigujörðum.

44. gr.

Ef landsdrottinn býður leiguliða ábýlisjörð sína til kaups með fasteignamatsverði, að viðbættu virðingarverði umbóta á jörðinni, sem landsdrottinn á frá síðasta fasteignamati, með 5 ára greiðslufresti og bankavöxtum og að jörðin liggi ekki undir skemmdum, svo að sýnilegt sé, að hún muni ganga úr sér, og leiguliði neitar að kaupa, skal hann hafa fyrirgert ábúðarrétti sínum

X. KAFLI.

Um úttektir á leigujörðum.

45. gr.

Þá er leiguliðaskipti verða á jörðum, skal taka þær út með lögmætri skoðunargerð, og kostar fráfarandi og viðtakandi hana að hálfu hvor, sbr. lög nr. 64, 14. nóv. 1917.

Úttektarmenn skulu vera tveir, og framkvæma þeir ávallt úttekt á jörðu fyrir 15. júní.

Gera skal viðtakanda og fráfaranda aðvart, hvenær úttekt fer fram, með nægum fyrirvara, svo og landsdrottni eða umboðsmanni hans, svo þeir geti mætt þar og gætt réttar síns.

46. gr.

Hreppstjórar eru úttektarmenn hver í sínum hreppi.

Sýslumaður skipar annan aðalúttektarmann og 2 varamenn, eftir tillögum sveitarstjórnar. Varamaður er við úttektir í forföllum annarshvors aðalmanns, ef annarhvor úttektarmaður er nákominn aðilja eða getur talizt vilhallur, eða ef úttektarmenn greinir á.

47. gr.

Úttektarmenn, aðrir en hreppstjóri, skulu vera skipaðir til 12 ára. Ef þeir deyja eða hætta við starfann á þeim tíma, skal á sama hátt skipa í stað þeirra. Enginn er skyldugur að taka við endurskipun fyrr en 6 ár eru liðin frá því hann hætti starfanum. Allir fullveðja búendur hreppsins yngri en 60 ára eru skyldir að taka við útnefningu.

48. gr.

Úttektarmenn skulu hafa gerðabók, er sveitarsjóður borgar og sýslumaður löggildir. Skal í hana rita allar úttektir jarða og skoðunargerðir á jörðum samkvæmt 13. gr. Þegar úttekt er lokið eða skoðunargerð, skulu úttektarmenn og þeir aðiljar, sem eru við úttektina, rita nöfn sín undir í bókina til staðfestingar.

Ef aðiljar, einn eða fleiri, neita að rita undir úttektargerð, skal þess getið í bókun. — Skyldir eru úttektarmenn að gefa staðfest eftirrit af úttektum gegn endurgjaldi samkv. lögum um laun hreppstjóra, nr. 64, 14. nóv. 1917.

49. gr.

Úttektarmenn skulu fyrst lýsa nákvæmlega stærð og ásigkomulagi húsa á jörðu, göllum á þeim sem fullgildum jarðarhúsum, skemmdum á þeim af völdum ábúanda og viðhaldi öllu, er snert getur endingu húsanna.

Á sama hátt taka þeir út og lýsa öllum mannvirkjum á jörðinni, svo sem túngirðingum (görðum), vörzlugirðingum (görðum), matjurtagörðum,

fjárréttum, túnbótum, áveitum, skóggræðslu og hverju því, er til mannvirkja getur talizt.

Ef innstæðukúgildi fylgja jörð, skulu úttektarmenn meta, hvort séu í löggildu standi. Þeir skulu og nákvæmlega kynnast öllum jarðarnytjum og meta, hvort jörð er sæmilega setin. - Ef álagsskylda hvílir á jarðarhúsum samkvæmt XI. kafla, 52. gr., skulu úttektarmenn meta álag á þau, sem og á öll mannvirki eftir því sem byggingarbréf ákveður og fyrirfarandi úttektir.

50. gr.

Ef tvíbýli eða fleiri býli eru á jörð, skulu úttektarmenn, ef landsdrottinn óskar þess, skipta í millum þeirra húsum, matjurtagörðum og öðrum mannvirkjum, ef eru og þess eðlis að skipt verði. Sömuleiðis túni, engi, skógi, hlunnindum og yfirleitt öllu, sem aðiljar koma sér saman um að æskja skipta á. -- Að lokinni úttektargerð greiðir fráfarandi álag til viðtakanda, nema samkomulag verði milli viðtakanda og fráfaranda um greiðslu á því. En ef ekki verður samkomulag og fráfarandi greiðir ekki álagið, getur viðtakandi krafizt þess, að úttektarmenn geri þegar fjárnám til lúkningar álaginu í munum þeim, er fráfarandi á á jörðinni og hann vísar á. Nú fær viðtakandi ekki álag greitt að fullu, þótt hann hafi að lögum krafizt þess, og er þá landsdrottinn skyldur að greiða honum það, sem á vantar, nema á annan hátt hafi verið um samið.

51. gr.

Ef einhver, sem hlut á að máli, vill eigi hlíta úttekt, sem gerð er á jörð, getur hann krafizt yfirúttektar. Skal þá sýslumaður innan hálfs mánaðar skipa fjóra yfirúttektarmenn, og skulu þeir haga úttekt á sama hátt. Sömu laun eiga þeir fyrir starfa sinn sem úttektarmenn, og greiðir krefjandi yfirúttektar það gjald, ef álagsupphæð er eigi breytt, ella fer um gjaldið sem segir í 45. gr.

XI. KAFLI.

Ákvæði um stundarsakir.

52. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi, skal um fardagaleyti næsta ár eftir fara fram úttekt á öllum leigujörðum landsins. Sérstaklega er úttektin á húsum á jörðinni, en að öðru leyti skoðunargerð samkvæmt 13. gr.

Ef bæjarhús eru svo hrörleg og illa á sig komin, að ekki þyki sæmileg íbúð og ekki fullnægi ákvæðum 11. gr., er landsdrottni skylt að reisa húsin við. Sama er að segja um peningshús. Eigi leiguliði hús á jörð, fer um það eins og segir í 15. gr., að því er skyldur landsdrottins snertir.

Álag greiðir leiguliði á jarðarhús eftir mati úttektarmanna.

53. gr.

Með þeim takmörkunum, er segir í 52. og 54. gr., verða í gildi ákvæði byggingarbréfs þar til ábúðartími sá er á enda, er það tiltekur. Nú er ábúðartími úti, og hefir þá leiguliði rétt til að fá ábúðina framlengda til lífstíðar með sama leigumála, sbr. þó 41. og 42. gr., nema landsdrottinn geti sannað, að hann hafi, áður en lög þessi gengu í gildi, lofað öðrum manni jörðinni, eða þarf hennar með handa sjálfum sér, barni sínu eða fósturbarni. Fer þá um það eftir ákvæðum 9. og 10. gr.

54. gr.

Við næstu skoðunargerð úttektarmanna, eftir 5 ár, skulu landsdrottnar hafa gert öll jarðarhús upp samkvæmt 11. gr. Ef landsdrottinn vanrækir þessar skyldur sínar, getur leiguliði hvenær sem er fyrirvaralaust flutt af jörðinni án þess að bæta landsdrottni nokkuð fyrir.

55. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 1, 12. jan. 1884, og önnur lagafyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Samnefnt frumvarp þessu og að mestu samhljóða var fyrst flutt á Alþingi 1929 og aftur nálega óbreytt að efni á síðasta þingi. Um ástæður fyrir frumvarpinu er vísað til greinargerða þeirra, sem áður hafa fylgt því (Alþt. 1929, A. þskj. 240, og Alþt. 1930, A. þskj. 110).

Nd. **55. Frumvarp**

til laga um ágang búfjár.

Flutningsmenn: Bernharð Stefánsson, Jörundur Brynjólfsson.

I. KAFLI.

Um búfé og friðhelgi lands.

1. gr.

Búfé er talið í lögum þessum allur sá peningur, sem landbúnaður hefir framleiðslu af, svo sem: Kýr, hross, sauðfénaður, geitur, svín, alifuglar og ef einhverjar nýjar dýrategundir flytjast hingað inn, sem nú eru hér óþekktar.

2. gr.

Gróður lands er friðhelgur, og er því hver búfjáreigandi skyldur að gæta búfjár síns, að það geri ekki öðrum skaða, með þeim nánari ákvörðunum og takmörkunum, sem lög þessi setja.

II. KAFLI.

Um vörzluskyldu.

3. gr.

Þar, sem girðingar greina lönd jarða og settar hafa verið sem varzla af öllum aðiljum, skal ávallt skylt að halda þeim við, svo að fullkomin varzla sé, eftir þeim kostnaðarhlutföllum, sem girðingin hefir verið sett upphaflega, nema nýir samningar verði. Sé samgirt fyrir fleiri býli, er skipt lönd eiga, og einn verði fyrir ágangi sökum girðingar, skal bæta ágang eftir mati, ef ekki er í samningi eða samþykkt. Sé vanrækt viðhaldsskylda af einhverjum aðilja og ágangur hlýzt af, ber sá ábyrgð, er vanrækti. Sömuleiðis geta menn í félagi komið á hverskonar vörzlu sem er um lönd jarða eða landshluta eða milli jarða, eða girt af afréttarlönd, en jafnan skal þá greinilega fram tekin í samningi kostnaðarhluttaka hvers í byggingu og viðhaldi. Gildir sama um vanrækslu í þessu efni og áður er tekið fram í þessari grein.

4. gr.

Hvert kauptún, sem hefir sérstaka stjórn eða er sérstakt sveitarfélag, er skylt að gera trygga vörzlu um allt land sitt, án tillags frá þeim, er lönd eiga að, hvort sem að liggur engi eða beitiland. Sömuleiðis þar, sem „hverfi“ eða „torfur“ eru með fleiri býlum og sami er eigandi að. Skal honum skylt að setja vörzlu um alla eignina, þó ekki nema utan túna eignarinnar, ef stór lönd eru.

5. gr.

Skyldur er eigandi ágangsfénaðar að taka þátt í girðingarkostnaði fyrir engjar eða ræktað land annars manns, ef það liggur undir verulegum ágangi að öðrum kosti.

III. KAFLI.

Um ítök.

6. gr.

Hvarvetna þar, sem jarðir eiga beitarítök í annara lönd, en eiga þar ekki land undir, skal skylt að annast, að landeigandi bíði þar engan ágang fram yfir það, sem ítaksréttindi heimila, og enga vörzlu getur ítakseigandi þar sett, sem landspjöll eru að, nema með leyfi landeiganda. Sé um skóg að ræða, gilda

þar um þau ákvæði í lögum eða reglugerðum, sem á hverjum tíma eru í gildi til friðunar skóginum.

7. gr.

Nú á maður engjaítök í annars manns landi, og má þá landeigandi ekki beita þangað fénaði sínum frá því 6 vikur eru af sumri og þar til búið er að slá ítakið og hirða að öllu. Ítakseigandi skal láta vinna ítakið næst eftir túnaslátt, nema öðruvísi semji með honum og landeiganda. Heimilt er ítakseiganda að veita vatni á landið, ef hann fær því við komið, og má hann taka torf og grjót í landinu í stíflur og girðingar, er með þarf, en bæta skal hann landeiganda jarðspjöll, er verða af vatnsveitingu hans, eftir óvilhallra manna mati.

8. gr.

Heimilt er ítakseiganda, þá er hann flytur hey af landinu, að beita hestum sínum, þó ekki meira en þörf gerist. Setja má hann þar hey saman, ef flutt er næsta vetur, og rista torf á, ef ekki eru landeiganda gerð sérstök landspjöll utan ítaksins.

9. gr.

Nú hefir ítakseigandi girt slægjuítak sitt með lokuðum hliðum, og er honum þá aðeins heimilt að hafa lokuð hlið frá því 6 vikur eru af sumri og þar til ítakið er alhirt, eins og segir í 7. gr., nema þar sé undir vatnsveiting nýrækt til túngræðslu, eða tún; mega þá hlið ávallt vera lokuð. Á þá landeigandi heimtingu á að fá metna beit sína í ítakinu og fulla greiðslu fyrir.

10. gr.

Ef landeiganda og ítakseiganda kemur ekki saman um, hvort landspjöll hafa gerð verið til tjóns landeiganda við notkun eða ræktun ítaks, eða hvað fyrir skuli greiða beit landeiganda, skal eftir ósk hluðaðeiganda dómkveðja 2 menn til gerðarinnar; taka þeir sér oddamann, ef þarf. Greiðir ítakseigandi og landeigandi kostnaðinn, að hálfu hvor. Gildir gerð þessara manna þar um.

IV. KAFLI.

Um fjárrekstur í haga og innsetning búfjár.

11. gr.

Eigi má maður reka pening sinn til beitar nær annars manns landi en 500 m. (tvö hundruð faðma tólfræð), nema varzla sé í milli eða peningurinn hafður í höftum eða setið yfir honum, eða einhverjar aðrar hömlur af staðháttum varni því, að hann fari inn yfir landamerki. Enginn má heldur byggja nær landamerkjum en nú var sagt sel, beitarhús, fjárréttir eða nokkur önnur peningshús, nema áður hafi þar staðið eða sá leyfi, sem land á á móti. Þó má sá, er vill nota rétt til lands fast að merkjum, ef hann hefir boðið gagnaðilja að taka þátt í girðingarkostnaði að hálfu og hann ekki tekið því boði, vera undanþeginn þessum byggingarákvörðunum.

12. gr.

Ef maður rekur pening sinn á annars manns land til beitar eða nær landamerkjum en 11. gr. ákveður, og gengur peningurinn þegar yfir landamerki, þá má sá, er fyrir beit verður, í fyrsta skipti taka þann pening og færa eiganda heim. Á þá eigandi að greiða fullt gjald fyrir heimreksturinn. Nú kemur peningurinn aftur inn á land grannans fyrir þessar sakir, og er honum þá heimilt að setja hann inn. Sama er og, ef peningur annars manns skemmir girðingar eða garða, sem til vörzlu eru, eða stekkur yfir slíkar girðingar, enda séu þær í gildu standi.

13. gr.

Nú verður maður fyrir ágangi af annars manns fénaði fyrir aðrar sakir en segir í 11. gr., svo sem hirðuleysi fénaðareiganda, þrábeit eða fyrir enn aðrar orsakir, og hefir þá ágangsþolir sama rétt til innsetningar og allrar meðferðar eins og segir í 12.—17. gr.

14. gr.

Þá er ágangsfénaður er þannig settur inn, á eigandi þann kost að leysa hann út aftur, og skal hann þá greiða 30 au. fyrir hverja sauðkind og geit, en 1 kr. fyrir hvern stórgrip. Þess utan greiði hann skaða þann, er peningurinn hefir gert á engjum, heyjum, túni, sáðgörðum og girðingum, eftir því sem 2 óvilhallir næstu grannar meta, er ágangsþolir kveður þar til, verði ekki samkomulag um skaðabætur. Geri ágangsfénaður skaða að öðru leyti, svo sem með því að í honum er graðpeningur, sem gengur laus á þeim tíma, sem ágangsþoli verður að skaða, varðar það sérstökum skaðabótum, er meta skal á sama hátt. Taki maður pening í hagagöngu og gangi hann í annars manns land, skal fyrir hann greiða hálfu meira útlausnargjald.

15. gr.

Tregðist eigandi ágangsfénaðar að greiða útlausnargjald og skaðabætur, ef einhverjar eru, er þeim heimilt, er inn setti, að halda svo miklu af fénaðinum, er útlausnargjaldinu og skaðabótunum nemur, þar til því er að fullu lokið.

16. gr.

Þegar ágangsþolir hefir sett inn ágangsfénað, skal hann samdægurs gera eiganda aðvart um það. Hann skal ætla fénaðinum nóg húsrúm, og skal hann ábyrgjast, að hvorki falli hús á hann né hann troðist undir fyrir húsþröng; en eigi varðar honum við lög, þó skepnur stangi hver aðra til bana eða farist af þeim orsökum, er honum verður eigi gefin sök á. Sé málnytupeningur settur inn, skal mjalta hann á hverju máli, og á sá málnytuna, er inn setti. Nú kemur eigandi ekki strax að vitja penings síns, og skal sá, er inn setti, geyma hann í 2 daga og gefa hey, ef með þarf, en fá skal hann allan þann kostnað endurgoldinn. Hafi eigandi ekki vitjað penings síns á 2 daga fresti, er ágangsþoli heimilt að fá uppboð á svo miklum hluta fénaðarins, að hann fái allan sinn kostnað endurgoldinn, ásamt útlausnargjaldi og skaðabótum, ef eru. Hinn hluta peningsins, er ekki fer fram sala á, skal færa eiganda, og borgar hann hæfilegt gjald fyrir heimreksturinn.

17. gr.

Ef eigandi ágangsfjár tekur pening sinn, sem inn hefir verið settur, úr vörzlum annars manns að honum fornspurðum og án þess að hafa greitt áfallinn kostnað, varðar það sektum, 20—200 kr. Sé peningur kominn inn á annars manns land af þeim orsökum, sem segir í 11. og 13. gr., en hefir þó ekki verið settur inn, má eigandi ekki taka hann þar að hinum fornspurðum, nema hann greiði honum fullt endurgjald, hafi fénaðurinn gert skaða.

Eigi má reka annars pening úr sjálfs hans landi, svo til ógreiða verði eða skaða. Varðar það 5—100 kr. sekt.

18. gr.

Taki nokkur fénað annars manns og setji inn, þegar öðruvísi er ástatt en segir í lögum þessum, skal hann greiða fullt endurgjald fyrir skaða, er af því hlýzt, auk 10—80 kr. sektar.

V. KAFLI.

Um afréttarpening og strokufénað.

19. gr.

Gangi fénaður úr afrétt í lönd manna og geri þannig átroðning eða skaða, er ágangsþoli heimilt að reka hann aftur til afréttar, ekki styttra en í miðjan afrétt. Gerir hann hæfilegan reikning fyrir reksturinn til hlutaðeigandi sveitarstjórnar, er greiðir hann úr sveitarsjóði. Verði ágreiningur um reikninginn, skulu 2 menn meta, er ágangsþolir og sveitarstjórn nefna, sinn hvor. Komi þeim ekki saman, taka þeir sér oddamann. Kostnaður við gerðina greiðist að hálfu af hvorum aðilja.

20. gr.

Geri strokufénaður ágang á land manns og eigandi er svo fjarri, að honum verði ekki gert aðvart samdægurs, skal ágangsþolir taka fénaðinn í vöktun þar til eigandi fær vitneskju um, sé það á þeim tíma, að eigandi bíði skaða af að missa fénaðinn. Ella skal með hann farið sem afréttarpening samkv. 19. gr. Fénaðareigandi greiðir ágangsþoli þóknun fyrir vöktun. En reki hann fénaðinn til afréttar, greiðir sveitarsjóður þess hrepps, er eigandi er búsettur í, kostnaðinn, og fer um það eins og segir í 19. gr. Vitji fénaðareigandi ekki þess fénaðar, er ágangsþolir hefir tekið í vöktun, á hæfilegum tíma eftir að hafa fengið vitneskju þar um, skal farið með fénaðinn sem afréttarpening.

VI. KAFLI.

Um ítölu í óskipt lönd.

21. gr.

Þar, sem óskipt eru lönd milli tveggja jarða eða fleiri, er hverjum heimilt, er ofsett þykir í landið eftir afnotahlutföllum, að heimta ítölu frá hverjum notanda. Hreppstjóri og úttektarmaður framkvæma ítöluna, og greiða ábúendur kostnaðinn eftir afnotahlutföllum.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis og þetta hefir tvívegis áður verið flutt á Alþingi, en í hvorugt skiptið fengið afgreiðslu. Um ástæður fyrir frumvarpinu er vísað til greinargerðar þeirrar, er því fylgdi, þegar það var fyrst borið fram, á þinginu 1929. (Sjá Alþt. 1929, A. þskj. 236).

Nd. **56. Frumvarp**

til laga um lax- og silungsveiði.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson.

I. KAFLI.

Orðaskýringar.

1. gr.

Í lögum þessum merkja:

Drættir: Allir þeir staðir í veiðivatni, þar sem ádráttarveiði verður við komið.

Fastar veiðivélar: Öll veiðitæki, sem fest eru í vatni og fiskur getur ánetjazt í eða króazt, svo sem lagnet, króknet, kistur og girðingar.

Fiskihverfi: Veiðivatn eða vötn, sem sami fiskstofn byggir og fer um fram og aftur, eða ætla má að sami fiskstofn byggi og fari um fram og aftur, þá er ræktaður hefir verið.

Fiskrækt: Hverskonar aðgerðir, sem ætla má, að skapi eða auki fiskmagn veiðivatns, svo sem klak, flutningur fiskseiða í vatnið, friðun á fiski, eyðing sels og annars veiðivargs og aðgerðir til að greiða fyrir fiskför um vatn.

Fiskur: Lax og silungur.

Fiskvegir: Hverskonar mannvirki, er gera veiðivötn fiskgeng eða gera fiski auðveldari för um þau.

Göngusilungur: Silungur, er gengur úr sjó í ferskt vatn, svo sem sjóbirtingur og sjóreyður.

Lagnir: Allir þeir staðir í veiðivatni, þar sem föstum veiðitækjum verður við komið.

Leirur: Þau svæði við sjó, sem þurr eru eða með grunnum vöðlum um stórstraumsfjöru, en sjór fellur yfir um stórstraumsflóð, og ógróin svæði við stöðuvötn, sem vatn eða ár ganga yfir í flóðum, en þurr eru eða með grunnum vöðlum þegar vötn eru lítil.

Ós í á: Þar sem straumlína þverár sameinast straumlínu höfuðár.

Ós í sjó: Það svæði í á, er liggur milli þess staðar, er straumur fellur niður í ánni um stórstraumsflóð, og niður til þess, er straumur fellur niður um stórstraumsfjöru.

Ós í stöðuvatn: Það svæði, er liggur milli þess staðar, er straumur fellur niður þá er vatn stendur hæst, og þess, er straumur fellur niður, er vatn stendur lægst.

Ós úr stöðuvatni: Sá staður, er straumlína ár hefst.

Vatnasilungur: Silungur, sem elur allan aldur sinn í fersku vatni, svo sem vatnaurriði, vatnableikja og murta.

Veiðimagn: Samanlögð þyngd veiddra fiska.

Veiðitala: Tala veiddra fiska.

Veiðivötn: Ár og stöðuvötn, sem veiði er í eða mætti vera í, ef fiskur væri ræktaður í vatninu.

II. KAFLI.

Um veiðirétt.

2. gr.

1. Landeiganda er einum heimil veiði í vötnum í landi sínu. Þó skal þeim, er fengið hafa veiðiskírteini þau, er ræðir um í 20. gr., heimil veiði hvar sem er til klaks eða vísindalegra rannsókna, að veiðitíma liðnum og án endurgjalds til veiðieiganda.

2. Nú er jörð byggð á leigu, og fylgir þá veiði ábúðinni.

3. Eigi má skilja veiðirétt að nokkru eða öllu leyti við landareign, hvorki fyrir fullt og allt né um tiltekinn tíma, sbr. þó 2. málsgr. 54. gr. Þó má skilja rétt til stangarveiði við landareign um tiltekið tímabil, er eigi má vera lengra en 10 ár, nema leyfi ráðherra komi til, og mæli veiðimálastjóri og veiðimálanefnd með því að leyfið sé veitt.

4. Nú er réttur til stangarveiði skilinn við landareign samkvæmt 3. málsgrein, og er þá löglegt að landeigandi jafnframt afsali sér rétti til annarar veiði í vatninu það tímabil, er stangarveiðin er við landareignina skilin.

3. gr.

1. Veiðiréttindi, er skilin hafa verið við landareign áður en lög þessi tóku gildi, er eigendum landareigna þeirra, er þau ella myndu hafa fylgt samkvæmt 1. málsgr. 2. gr., rétt að leysa til sín, hverjum fyrir sinni landareign, ef ráðherra leyfir, að fengnu samþykki veiðimálanefndar, og meiri hluti þeirra krefst innlausnar.

2. Nú er innlausnar krafizt samkvæmt 1. málsgr., og eigi af hálfu allra þeirra landeigenda, er innlausnarrétt eiga, og getur þá eigandi veiðiréttarins krafizt þess, að þeir landeigendur, sem eigi kröfðust innlausnar, leysi einnig til sín veiðirétt í vatninu, hver fyrir sínu landi.

3. Um mat á andvirði veiðiréttarins, og greiðslu þess, fer eftir því sem segir í 67. og 68. gr.

4. Ákvæði þessarar greinar gilda eigi um veiðiréttindi, sem eru eign ríkis, kirkju, sveitarfélaga og fiskræktarfélaga.

4. gr.

1. Nú er landareign eða veiðiréttur í óskiptri sameign, og er þá sameigendum öllum veiði jafnheimil. Rétt er þeim, er telst vanhaldinn, að krefjast skipta á veiði, annaðhvort svo, að hvor hafi sinn hluta vatns eða veiði sinn tíma, dag eða viku, að tiltölu við eignarhluta sinn, en eigi skal skipti lengur standa en eitt ár um sinn. Mat skal ráða, ef menn skilur á um veiðiskipti.

2. Nú er landareign í sameign, en er skipt eftir merkjum, afnotaskiptum eða eignar, og á þá sameigandi hver veiði fyrir sínu landi, nema skipt hafi verið veiði samkvæmt 1. málsgr. eða önnur lögmæt skipun verið á ger.

5. gr.

1. Héraðsmönnum öllum er veiði jafnheimil í vötnum í afréttum og almenningum, sem héruð eiga eða nota með löglegri heimild og ekki eru einstaks manns eign.

2. Öllum er veiði heimil í vötnum í afréttum og almenningum og öðrum lendum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað einstaklingsréttar heimild til þeirra.

6. gr.

Nú skilur vatn landareignir, og er þá landeiganda hvorum veiði jafnheimil. Rétt er hvorum þeirra að hafa ádráttarveiði og draga vað að hvoru landi sem vill. En bæta skal hinum landspell eftir mati, ef ekki semur. Skipta má veiði samkvæmt 4. gr.

7. gr.

Nú leggst á eða lækur í nýjan farveg eða stöðuvatn tekur sér nýtt leg, og hverfur þá veiðiréttur til þess, sem land á undir.

8. gr.

1. Landeigendum, er land eiga að stöðuvatni, er einum heimil veiði í almenningi vatnsins og er hún þeim öllum jafnheimil. Sé forn venja til þess, að veiðiréttur í almenningi stöðuvatns fylgi tiltekinni eða tilteknum landareignum, og skal þá sú venja gilda eftirleiðis.

2 Nú hefir dorgarveiði um ís verið tíðkuð að undanförnu í almenningi vatns frá jörðum, er ekki eiga land að vatninu, og skal þá slík veiði heimil framvegis.

3. Rétt er að skipta veiði þeirri, er ræðir um í þessari grein, eftir 4. gr.

4. Nú er fiskræktarfélag stofnað við stöðuvatn, og hverfur þá veiðiréttur til þeirra einna, er félagar eru í fiskræktarfélaginu, enda starfi félagið svo sem fyrir er mælt í samþykkt þess.

9. gr.

Eigi má maður leyfa öðrum veiði í sameignarlandi eða félagsvatni (4. gr. 1. málsgr.) eða í afrétti eða almenning (5. gr. 1. málsgr. og 8. gr. 1. og 2. málsgr.)

III. KAFLI.

Um skrásetningu veiðivatna, merkingu veiðarfæra og veiðiskýrslur.

10. gr.

1. Skrásetja skal veiðivötn í landinu.

2. Í skránni skal greina:

a. Nafn veiðivatns og legu þess.
b. Veiðiaðferðir, er tíðkaðar hafa verið í vatninu.
c. Fastar veiðivélar, er notaðar voru í vatninu síðasta veiðitíma áður en lög þessi tóku gildi, svo og þær, er síðar eru teknar til notkunar.
d. Lagnir, drætti og hrygningarstaði í vatninu.
e. Fossa og aðrar fyrirstöður fyrir fiskför í vatninu.
f. Önnur atriði, sem þýðingu hafa um veiði í vatninu og þörf þykir að skrásetja.

3. Veiðimálastjóri hefir með höndum skrásetningu veiðivatna. Öllum veiðieigendum er skylt að gefa honum þær upplýsingar, er hann óskar, um þau atriði, er skrásetja þarf um veiðivatn þeirra.

4. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um skrásetningu veiðivatna. Í reglugerðinni má ákveða, hver veiðivötn skuli skrásett.

11. gr.

1. Ákveða má í samþykkt fiskræktarfélags, eða reglugerð, er ráðherra setur, að merkja skuli tilteknu merki öll ádráttarnet og lagnet, sem nota á til veiði í tilteknu vatni, svo og lagnet, er nota á til silungsveiða í sjó.

2. Eftirlitsmenn með veiði hafa merkingu veiðarfæra með höndum, eða hreppstjórar, þar sem eigi er eftirlitsmaður við veiðivatn.

3. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um merkingu veiðarfæra. Í reglugerð má kveða á um gjald fyrir merkingu, er eigandi veiðarfæra skal greiða. Gjald þetta rennur til sýslusjóðs upp í kostnað hans til eftirlits með veiði.

12. gr.

1. Hver veiðieigandi skal á mánuði hverjum gefa skýrslu um veiði sína.

2. Hver sá, sem kaupir lax eða silung, veiddan innanlands, til sölu innanlands eða utan, svo og gistihús, matsöluhús, sjúkrahús og þess háttar stofnanir, er kaupa þessa vöru svo að meiru nemi en 25 kg. á mánuði, skulu á mánuði hverjum gefa skýrslu um þessi kaup sín.

3. Skýrslur þessar skulu gerðar eftir fyrirmynd, er ráðherra setur, og skal ráðherra sjá um, að þeir menn, sem skýrslur eiga að gefa, geti fengið eyðublöð undir þær sér að kostnaðarlausu. Kostnaður við prentun eyðublaðanna greiðist úr ríkissjóði.

4. Eftirlitsmenn með veiði, eða hreppstjórar, þar sem eigi er eftirlitsmaður við veiðivatn, skulu safna veiðiskýrslum hver í sínu umdæmi og senda þær veiðimálastjóra. Þeir, sem skýrslur eiga að gefa samkvæmt 2. málsgr., skulu senda þær beint til veiðimálastjóra.

IV. KAFLI.

Um friðun lax og göngusilungs.

13. gr.

1. Eigi má veiða lax í sjó.

2. Nú veiðist lax í sjó í veiðitæki, sem ætluð eru til veiði annara fiska, og skal þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum í sjó aftur.

3. Nú hefir laxveiði í sjó annaðhvort verið metin sérstaklega til dýrleika í fasteignamati því, er öðlaðist gildi 1. apríl 1922, eða tillit hefir verið tekið til hennar við ákvörðun fasteignarverðs í því mati, og skal þá sú veiði leyfileg framvegis.

4. Ef veiðieigendur, einn eða fleiri, í veiðivatni, er svo nærri liggur sjávarveiði, slíkri sem ræðir um í 3. málsgr., að ætla megi, að áliti veiðimálastjóra, að sjávarveiðin rýri veiði í vatninu, óska að leysa sjávarveiðina til sín, þá skal það heimilt, ef ráðherra leyfir, að fengnu samþykki veiðimálanefndar. Um mat á andvirði veiðiréttarins og greiðslu þess fer eftir því, sem segir í 67. og 68. gr.

14. gr.

1. Veiða má silung í sjó á færi og á stöng, í áðráttarnet og í lagnet, þó eigi í króknet, flevgnætur, herpinætur né önnur net, þau, er lax má í veiða.

2. Eigi má leggja silunganet né hafa ádrátt í sjó nær árósum en 500 metra, ef um á er að ræða, sem fiskur gengur í úr sjó.

15. gr.

1. Eigi má hafa ádrátt í ósum í sjó eða á leirum við sjó.

2. Eigi má veiða fisk í ósum í ár eða í ósum í stöðuvötn, og eigi 100 metra upp frá slíkum ósum eða 250 metra niður frá þeim. Eigi má heldur veiða fisk í ósum úr stöðuvötnum þeim, er lax eða göngusilungur fer um, né 50 metra upp eða niður frá ósnum.

3. Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra, veitt undanþágu að nokkru leyti eða öllu frá banni því, er ræðir um í 2. málsgr., þar sem svo hagar til, að veiði í ós eða við eigi er talin skaðvænleg.

4. Ráðherra getur einnig, með samþykki veiðimálanefndar og eftir tillögum veiðimálastjóra, bannað veiði lengra upp frá ós eða niður frá ós en segir í 2. málsgr., enda þyki það nauðsynlegt til viðhalds veiði í vatninu.

16. gr.

1. Eigi má veiða lax nema á tímabilinu frá 1. júní til 15. september ár hvert.

2. Göngusilung má eigi veiða nema á tímabilinu frá 1. apríl til 15. september ár hvert.

3. Á tímabilinu frá 1. apríl til 31. maí má eigi nota önnur veiðitæki til veiði göngusilungs en lagnet og dráttarnet.

4. Nú veiðist lax á tímabilinu frá 1. apríl til 31. maí, og er þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum í vatn aftur.

5. Á friðunartímum þeim, sem ræðir um í þessari grein, skulu allar fastar veiðivélar teknar upp úr veiðivötnum, sbr. þó 3. málsgr.

17. gr.

1. Á veiðitíma þeim, er getur um í 16. gr., skal lax og göngusilungur vera friðaður fyrir allri veiði, annari en stangarveiði, 60 stundir á viku hverri, frá föstudagskvöldi kl. 9 til mánudagsmorguns kl. 9. Ádrátt má auk þess aldrei hafa milli kl. 12 á miðnætti og kl. 12 á hádegi, og aldrei nema fjóra daga í viku, frá mánudegi til fimmtudags. Þó getur ráðherra, eftir tillögum veiðimálastjóra, leyft að hafa megi ádrátt í á fimm daga í viku, ef drættir eru fáir og skammir í ánni.

2. Ráðherra getur ákveðið, að friðun sú, sem ræðir um í 1. málsgr., skuli gilda aðra daga ofar í á en neðar, enda telji veiðimálastjóri það nauðsynlegt til að jafna fiskgengd í vatninu.

18. gr.

1. Heimilt er ráðherra að banna alla veiði, aðra en stangarveiði, í hyljum undir fossum, eða á öðrum þeim stöðum, þar sem fiskur safnast fyrir vegna fyrirstöðu á göngu sinni, enda telji veiðimálastjóri hættu á því, að önnur veiðitæki á þeim stað hindri fisk svo mjög á göngu, að fiskstofni

árinnar sé hætta af því búin. — Með sama skilorði getur ráðherra bannað að nota fastar veiðivélar, eða vissar tegundir þeirra, í fossum eða á fossabrúnum.

2. Ráðherra er og heimilt að banna alla veiði, aðra en stangarveiði, á tilteknum svæðum ár, þar sem fiskur safnast saman til hrygningar, enda telji veiðimálastjóri, að önnur veiði á þeim stöðum sé hættuleg fyrir fiskstofn árinnar.

3. Ráðherra getur ennfremur friðað tiltekna drætti fyrir ádráttarveiði, þar sem á er svo auðdræg, að veiðimálastjóri telur fiskstofni árinnar hættu búna af ádráttarveiði.

4. Friðun þá, er ræðir um í 1.—3. málsgr., má binda við tiltekinn tíma. Friðunarákvæði þessi liggja undir samþykki veiðimálanefndar.

19. gr.

1. Eigi má veiða lax eða göngusilung, er minni sé en 20 cm. að lengd.

2. Nú veiðist lax eða göngusilungur, minni en segir í 1. málsgr., og skal þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum aftur í vatn.

20. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 15.—19. gr. skal leyfilegt vera að veiða lax eða göngusilung hvenær sem er og hvar sem er og án tillits til stærðar til klaks eða vísindalegra rannsókna.

2. Til veiði þeirrar, er ræðir um í 1. málsgr., þarf veiðiskírteini. Ráðherra gefur út veiðiskírteini, að fengnum meðmælum veiðimálastjóra. Skal skírteinið gefið út til tiltekins tíma og hljóða á nafn eða vera gefið út fiskræktarfélagi til handa. Skírteini um veiði til klaks skal þó aðeins heimila veiði í fiskihverfi því, sem klakið er starfrækt í.

21. gr.

1 Á tímabilinu frá 20. september til 1. júlí ár hvert skal vera bannað að gefa, selja eða láta lax með öðrum hætti af hendi, kaupa hann, þiggja að gjöf eða taka við honum með öðrum hætti, svo og að flytja hann úr landi. Sama gildir um göngusilung á tímabilinu frá 20. september til 1. apríl ár hvert.

2. Bann það, er ræðir um í 1. málsgr., gildir eigi um

a. Lax eða göngusilung, sem sannanlega er veiddur erlendis.
b. Lax og göngusilung, sem sannanlega er veiddur á lögleyfðum tíma, enda sé hann afhentur eða útfluttur frosinn, saltaður, reyktur eða niðursoðinn.
c. Lax eða göngusilung eða seiði þeirra, sem afhent eru til fiskræktar innanlands.

3. Sönnunarbyrði þess, að lax eða göngusilungur sé veiddur erlendis eða á lögleyfðum tíma, hvílir á þeim, er sóttur er til sakar fyrir brot gegn banni því, er felst í þessari grein.

V. KAFLI.

Um friðun vatnasilungs.

22. gr.

1. Í vötnum, sem klak er ekki starfrækt í, skal vatnasilungur, annar en murta, vera friðaður fyrir allri veiði, annari en dorgar- og stangarveiði, á tímabilinu frá 27. september til 31. janúar ár hvert.

2. Í vötnum, sem klak er starfrækt í, skal friðunartími sá, sem ræðir um í 1. málsgr., vera jafnmörgum vikum styttri en í 1. málsgr. segir, sem tala seiða, sem sleppt er í vatn úr klaki, er mörgum sinnum hærri en veiðitala í vatninu. Þá er sleppt er í vatnið 18 seiðum fyrir hvern silung veiddan, má friðun falla niður, ef veiðimálastjóri mælir með því og fiskræktarfélag við vatnið eða ⅔ hlutar þeirra, er veiði eigi í vatninu, æskja þess.

3. Ráðherra setur, eftir tillögum veiðimálastjóra, reglur um það, hvernig friðun skuli stytt eftir 2. málsgr.

4 Ráðherra setur, eftir tillögum veiðimálastjóra, í reglugerð ákvæði um friðun vatnasilungs í vötnum, þar sem hann hrygnir að sumarlagi. Skal friðunartími þá vera einn mánuður í vötnum, sem klak ekki er starfrækt í, en styttast samkv. ákvæðum 2. málsgr. í öðrum vötnum.

23. gr.

1. Ráðherra getur, með samþykki veiðimálanefndar og eftir tillögum veiðimálastjóra, bannað, að nokkru eða öllu leyti, silungsveiði, aðra en dorgar- eða stangarveiði, á tilteknum svæðum í vötnum, þar sem hitasilungur safnast fyrir eða þar, sem silungsgengd er mikil til hrygningar, enda sé hætta á, að önnur silungsveiði á þeim svæðum sé hættuleg fiskstofni vatnsins eða rýri hann til muna.

2. Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra, takmarkað eða fellt með öllu niður friðun þá, er ræðir um í 21. gr. og 1. málsgr. þessarar gr., þar sem nauðsynlegt þykir að fækka fiski í vatni eða uppræta úr því úrkynjaðan kynstofn, til þess að rækta annan fiskstofn kynbetri.

24. gr.

Ákvæði 20. gr. gilda einnig um veiði vatnasilungs.

VI. KAFLI.

Um veiðitæki og veiðiaðferðir.

25. gr.

1. Í ám má aðeins nota þau veiðitæki til laxveiða eða silungs, er hér segir: Stöng, færi, kistur, lagnet, króknet, ádráttarnet og girðingar.

2. Ráðherra getur þó leyft, að tekin séu upp önnur veiðitæki, enda mæli veiðimálanefnd og veiðimálastjóri með því. Leyfi þessi skal binda þeim skilyrðum um gerð tækjanna eða notkun, er nauðsynleg þykja.

3. Lagnir, sem eigi voru notaðar síðasta veiðitíma áður en lög þessi tóku gildi, má eigi taka til notkunar nema ráðherra leyfi eftir tillögum veiðimálastjóra.

26. gr.

1. Eigi má veiða lax eða silung með krók eða sting eða í háf. Þó má nota þessi tæki til að ná á land fiski, sem fastur er á öngli eða í neti eða kominn er í kistu eða veiðikró.

2. Eigi má veiða lax eða silung með því að veita af þeim vatni.

27. gr.

1. Laxakistur og silunga skulu þannig gerðar, að í þeirri hlið kistunnar, er mest veit móti straumi, séu ekki færri en sex spelar sívalir, er standi lóðrétt og nái frá botni kistunnar til yfirborðs vatns, og má eigi vera minna bil en 4,5 cm. á milli spelanna. Slár má því aðeins hafa milli spela, að þær gangi þvert í þá, og se aldrei minna bil en 50 cm. á milli slánna.

2. Garður sá, sem gengur milli lands og kistu, skal einnig vera gerður úr spelum, og skal spelunum og slám á milli þeirra vera svo fyrir komið, sem segir í 1. málsgr. Á garði þessum skal vera hlið, þar sem straumur er mestur eða ætla má, að fiskur eigi greiðasta för í þeim hluta ár, er garðurinn nær yfir, eigi þrengra en 40 cm. og ná frá botni til yfirborðs vatns.

3. Garður sá, sem gengur forstreymis frá kistu, skal vera gerður úr spelum, og skal spelunum og þverslám í garðinum svo hagað sem segir í 1. málsgr. Eigi má garður þessi ná lengra út í á en svo, að ⅔ hlutar af breidd árinnar séu utan hans, og aldrei má hann ná yfir aðalstraumlínu árinnar. Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra, skipað fyrir um, að sett skuli hlið í garð þennan, þar sem ætla má, að fiskför verði mest í þeim hluta árinnar, er garðurinn nær yfir. Hlið þessi skulu svo gerð, sem fyrir er mælt í 2. málsgr.

4. Þann tíma viku, er á er friðuð samkv. 17. gr., skulu hlið þau öll, er ræðir um í 2. og 3. málsgr., opin standa. Inngangur í kistu skal þá vera lokaður eða hlið opið úr kistu straummegin, svo gert sem segir í 2. málsgr.

5. Kistum öllum skal þannig fyrir komið, að auðvelt sé að ganga að þeim úr landi til eftirlits.

28. gr.

1. Lagnet og króknet, sem notuð eru í ám þeim, er lax og göngusilungur fer um, mega eigi vera smáriðnari en svo, að 4,5 cm. séu milli hnúta, þá er net eru vot.

2. Ráðherra setur, eftir tillögum veiðimálastjóra, reglur um möskvastærð lagnetja og króknetja, er nota á til veiði vatnasilungs í ám, er lax eða göngusilungur fer ekki um.

3. Aldrei má lagnet, króknet eða leiðari frá slíku neti ná lengra út í á en svo, að ⅔ hlutar af breidd árinnar séu utan þeirra, og aldrei svo, að aðalstraumlína ár sé girt með þeim.

4. Eigi má nota tvöföld net. Þó má í ám, sem mikið bera af slýi eða slafaki, hafa net til varnar fyrir reki þessu. Varnarnet þessi mega þó hvergi vera nær neti eða netgarði en 3 metra, og skulu þau vera þannig gerð, að fiskur geti ekki ánetjazt í þeim eða króazt. Ráðherra getur sett reglur um gerð varnarnetja þessara.

5. Þann tíma viku, er á er friðuð samkv. 17. gr., skulu öll lagnet upp tekin eða svo um þau búið, að fiskur geti með engu móti í þau veiðzt eða hindrazt af þeim á göngu.

29. gr.

1. Ádráttarnet, sem nota á í ám, er lax og göngusilungur fer um, mega eigi vera smáriðnari en svo, að 4,5 cm. séu milli hnúta, þá er net eru vot.

2. Eigi má draga ádráttarnet yfir meira en ⅔ hluta af breidd ár í senn, og skal fiskför því jafnan vera frjáls og óhindruð um þriðjung af breidd árinnar.

3. Fyrirstöðunet eða annað, er tálmar undankomu fisks, má eigi nota við ádrátt í ám. Eigi mega ádráttarnet vera tvöföld.

4. Eigi má hafa ádrátt í á nær fastri veiðivél en 200 metra.

5. Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra, sett reglur um lengd ádráttarnetja þeirra, er nota má í tiltekinni á eða í tilteknum dráttum í henni.

30. gr.

1. Girðingar í veiðivötnum, er lax eða göngusilungur fer um, skulu þannig gerðar, að við inngang í veiðikrær sé hlið á girðingu, eigi minna en 5 metrar á breidd. Ráðherra getur auk þess, eftir tillögum veiðimálastjóra, mælt fyrir um, að hlið skuli sett á girðingar þar, sem þær liggja yfir ála, sem ætla má að mikil fiskför sé í. Hlið þessi öll skulu standa opin þann tíma viku, er á er friðuð samkvæmt 17. gr., en krærnar sjálfar þá vera lokaðar.

2. Girðingar mega aldrei ná yfir meira en ⅓ hluta af breidd árinnar og aldrei má girða yfir aðalstraumlínu ár. Aldrei má girðing ná yfir meira en ¼ hluta af breidd óss eða leiru.

3. Í girðingum og veiðikróm mega net eigi vera smáriðnari en svo, að 4,5 cm. séu milli hnúta, þá er net eru vot.

4. Inngangur í veiðikrær skal jafnan vita undan straumi og má leiðari

frá girðingu aldrei liggja upp á móti straumi, né girðingu að öðru leyti vera þannig hagað, að hætta sé á, að hún taki fisk, er leitar út úr á eða árósi.

31. gr.

1. Lengd fastrar veiðivélar frá bakka og út í á skal miðuð við það, að meðalrennsli sé í ánni.

2. Milli fastra veiðivéla, hvort heldur eru sömu megin ár eða sín frá hvoru landi, skal jafnan vera 100 metra bil eftir endilangri á, þar sem skemmst er á milli þeirra. Þó má bilið aldrei vera skemmra en fimmföld lengd veiðivélarinnar frá árbakka og út í á. Leiðari, er liggur frá fastri veiðivél, telst hluti hennar.

32. gr.

1. Í þann hluta ár, sem fiskur á að eiga frjálsa för um framhjá fastri veiðivél, samkvæmt því, sem að framan er sagt, má ekki láta grjót eða aðra hluti, er tálma myndu för fisksins framhjá veiðivélinni. Eigi má heldur dýpka farveg ár niður frá fastri veiðivél eða upp frá henni, svo að dýpri verði en sá hluti árinnar, sem fiskur á för um framhjá veiðivélinni.

2. Nú hefir veiðieigandi brotið gegn ákvæðum 1. málsgr., og skal honum þá skylt, er þess er krafizt, að nema farartálmann í burtu eða fylla farveg svo, að í samt lag komist og áður. Verk þetta má eftirlitsmaður með veiði eða hreppstjóri láta vinna á kostnað veiðieiganda, ef hann lætur eigi vinna það sjálfur. Veiðivél skal þá og upp tekin og má eigi setja hana niður í á fyrr en áin er komin í samt lag og áður.

3. Bannað er að styggja eða teygja fisk í fastar veiðivélar eða ádráttarnet, svo sem með hávaða, grjótkasti, ljósum eða þesskonar.

33. gr.

Nú rennur á í kvíslum, og skal þá svo haga veiði í kvísl hverri, sem væri hún sjálfstæð á.

34. gr.

1. Í stöðuvötnum má nota þau veiðitæki ein til fiskveiða, er hér segir: Færi, dorg, stöng, lóð, lagnet og ádráttarnet. Þó getur ráðherra leyft, að upp séu tekin önnur veiðitæki samkvæmt því, sem segir í 2. málsgr. 25. gr.

2. Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra, sett reglur um möskvastærð netja þeirra, er notuð eru í vötnum þeim, er ræðir um í 1. málsgr., um lengd lagnetja og millibil milli þeirra, um gerð ádráttarnetja og notkun og um lágmarksstærð silungs, er veiða má.

3. Nú veiðist vatnasilungur minni en leyfilegt er að veiða samkv. reglum þeim, er ræðir um í 2. málsgr., og skal þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum aftur í vatn.

VII. KAFLI.

Um fiskvegi og aðra mannvirkjagerð í veiðivötnum.

35. gr.

1. Ráðherra getur leyft að gera fiskveg í vatni eða meðfram vatni. Leyfi þetta skal því aðeins veitt, að veiðimálastjóri mæli með því og hafi samþykkt gerð fiskvegarins og tilhögun, enda sé verkið unnið undir umsjón hans.

2. Hverjum manni er skylt að láta af hendi land eða landsafnot, svo og vatn eða afnot vatns, er með þarf til þess að fiskvegur sé gerður, svo og þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem fiskvegurinn kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir, eftir mati, nema samkomulag verði.

3. Um breytingu á fiskvegi, eða ef vatnsmagn í honum er aukið eða minnkað, fer eftir því, sem segir í 1. og 2. málsgr.

36. gr.

1. Eigi má veiða eða styggja fisk í fiskvegum né nær neðra mynni þeirra en 50 metra og nær efra mynni þeirra en 30 metra. Ákvæði þetta gildir þó eigi um veiði til klaks eftir veiðitíma, né um veiði til vísindalegra rannsókna, enda hafi þeir, er veiða, fengið veiðiskírteini samkvæmt 20. gr.

2. Eigi má spilla fiskvegum né tálma með nokkrum hætti fiskför að þeim né um þá.

37. gr.

1. Nú er stífla gerð í veiðivatni eða önnur mannvirki, sem eigi eru lögleg veiðitæki, er tálma fiskför í vatninu, og skal þá þeim manni, er gera lætur það mannvirki, skylt að gera fiskveg í vatninu eða meðfram því, svo að fiskur geti átt jafngreiða för um það og áður, og að halda fiskveginum við. Gerð fiskvegarins og tilhögun liggur undir samþykki veiðimálastjóra, og sé verkið unnið undir umsjón hans.

2. Ákvæði 1. málsgr. gilda ekki:

a. Ef vatnið eigi er fiskgengt af öðrum ástæðum.

b. Ef talið er í matsgerð, að gerð fiskvegarins og viðhald hafi meiri kostnað í för með sér en hagnaður er af veiðinni, enda séu þá veiðispjöll þau, er af mannvirkinu leiða, goldin fullum bótum.

3. Heimilt er eignarnám samkv. 2. málsgr. 35. gr. til fiskvega, sem gerðir eru samkv. þessari grein.

38. gr.

Nú er vatni veitt úr veiðivatni til áveitu, vatnsveitu eða annarar áþekkrar notkunar, eða vatni er veitt í veiðivatn úr áveituskurðum, vatnsveituskurðum eða þess háttar skurðum eða leiðslum, og getur þá veiði-

málastjóri krafizt þess, að búið sé svo um skurðina eða leiðslurnar, að fiskur eða fiskseiði gangi ekki í þá. Kostnaðinn af umbúnaði þessum greiðir eigandi veitunnar.

VIII. KAFLI.

Um fiskræktarfélög.

39. gr.

Heimilt er mönnum þeim, er veiðirétt hafa í sama fiskihverfi, að gera félagsskap með sér um fiskrækt, með þeim hætti, er hér segir á eftir.

40. gr.

1. Nú vilja menn stofna fiskræktarfélag við fiskihverfi, sem veiði er í, og skal þá kveðja til fundar eigendur allra þeirra jarða, þar sem veiði er stunduð eða hefir verið stunduð í því fiskihverfi. Ef félag á land, skal boða formann félagsstjórnar. Hafi veiðiréttur verið skilinn með öllu frá landareign, skal boða eiganda eða eigendur veiðiréttarins í stað landeiganda. Verði landeiganda eigi boðaður fundur nægilega snemma vegna fjarveru, skal boða leiguliða á fundinn. Þá menn, er veiði eiga í almenningi stöðuvatna, samkv. 2. málsgr. 8. gr., er eigi skylt að boða á fundinn, en gefa skal þeim kost á þátttöku í félaginu, er það hefir verið stofnað.

2. Þegar stofna á fiskræktarfélag við fiskihverfi, sem áður er veiðilaust, skal boða á fund alla þá, sem lönd eiga að fiskihverfinu.

3 Fundi skal boða skriflega og eigi síðar en 3 dögum fyrir fundardag.

41. gr.

1. Á fundi þeim, sem boðaður hefir verið samkv. 40. gr., skal ræða stofnun félags og verkefni. Bóka skal fundargerð.

2. Atkvæðisrétt á fundinum hafa allir þeir, er boða skal til fundar samkv. 40. gr. Fela mega þeir öðrum að fara með atkvæði sitt, enda sé umboðið skriflegt og þess getið í fundarbók. Nú er leiguliði boðaður á fund í stað landeiganda, og má hann þá taka þátt í umræðum, en hefir eigi atkvæðisrétt, fyrr en hann hefir verið úrskurðaður félagi í stað landeiganda, samkv. 44. gr.

3. Ef allir þeir, sem kvaddir eru til fundarins samkv. 40. gr. og atkvæðisbærir eru, samþykkja félagsstofnunina, má stofna félagið þegar á fundinum.

4. Nú verður félagið ekki stofnað á þessum fundi, og skal þá fundurinn kjósa nefnd, er búi málið undir annan fund. Skal nefndin semja frumvarp til samþykkta fyrir félagið samkvæmt 46. gr., gera áætlun um kostnað þann, sem líklegt er að starfsemi þess hafi í för með sér, leita álits kunnáttumanna um það, sem þurfa þykir, og að öðru leyti afla þeirra gagna, sem fundurinn óskar eða nauðsynleg þykja.

42. gr.

1. Þegar nefndin hefir lokið störfum, skal hún kveðja til fundar á ný, samkv. 40. gr.

2. Á fundinum skal nefndin leggja fram öll þau gögn, er hún hefir aflað. Skal þá enn ræða stofnun félagsins og taka ákvörðun um hana, Ef ⅔ þeirra manna, er boða skal á fund samkvæmt 40. gr. og atkvæðisbærir eru samkvæmt 41. gr., eða umboðsmenn þeirra, samþykkja félagsstofnunina, skal öllum hinum, sem boðaðir voru á fundinn, skylt að gerast félagar.

43. gr.

Nú mæta eigi á fundi ⅔ þeirra manna, er boða skal á fund, eða umboðsmenn þeirra, og skal þá nefndin enn boða til fundar á hæfilegum fresti. Ef samþykkt er á þeim fundi með ⅔ atkvæða að stofna félagið, skal öllum hinum, sem boðaðir voru á fundinn, skylt að gerast félagar.

44. gr.

1. Stofnfundur, eða annar lögmætur félagsfundur, getur úrskurðað, að leiguliði skuli gerast félagi í stað landeiganda, ef leiguliði óskar þess og landeigandi samþykkir, eða ef fyrirsjáanlegt er, að landeigandi geti ekki tekið þátt í félagsskapnum. Jafnan skal boða leiguliða sjálfan á þennan fund.

2. Skylt er landeiganda, þá er leiguliði fer frá jörð, að greiða honum 10-falda þá upphæð, sem úttektarmenn meta, að árlegt afgjald jarðarinnar megi hækka fyrir þá veiðiaukningu, sem orðið hefir á jörðinni, meðan leiguliði bjó þar og greiddi gjöld þau, er jafnað er niður samkvæmt 48. gr., enda megi þakka veiðiaukninguna starfsemi félagsins.

45. gr.

Taka má í félagið aðra menn en þá, sem taldir eru í 40. og 44. gr., ef lögmætur félagsfundur samþykkir, en ekki skulu þeir hafa atkvæðisrétt í félaginu, nema þeim séu ákveðin iðgjöld í gjaldskrá félagsins.

46. gr.

1. Nú er stofnun félags löglega ákveðin, og skal þá gera samþykkt fyrir félagið þegar á stofnfundi, eða öðrum fundi, boðuðum á sama hátt. Um samþykktina ræður afl atkvæða, svo og um önnur félagsmálefni, hafi eigi verið öðruvísi um mælt í samþykkt. Hver félagsmaður hefir eitt atkvæði í félagsmálum, sbr. þó 45. gr.

2. Í samþykkt félags skulu vera ákvæði um:

a. Nafn félags, heimilisfang og varnarþing.
b. Verkefni félags og félagssvæði.
c. Skipun og starfssvið félagsstjórnar.
d. Fundahöld.
e. Reikninga félags og endurskoðun.

f. Hvernig fara skuli um greiðslu kostnaðar þess, er leiðir af starfsemi félagsins.
g. Sektir fyrir brot á samþykkt félags.
h. Hvernig samþykkt félags verði breytt.
i. Hvernig fara skuli um félagsslit.

47. gr.

Samþykkt skal félagsstjórn senda ráðherra til staðfestingar og láta fylgja henni kostnaðaráætlun. Ef samþykkt þykir ekki svo úr garði gerð, að staðfesta megi hana, sendir ráðherra hana aftur til félagsstjórnar með athugasemdum um það, er ábótavant þykir. Ella staðfestir hann samþykkt, svo og þegar lagað hefir verið það, er athugavert þótti. Aldrei má samþykkt brjóta í bág við réttarákvæði, almennar grundvallarreglur laga né réttindi einstakra manna.

48. gr.

1. Kostnaði þeim, sem starfsemi félagsins hefir í för með sér, skal jafna niður eftir áætluðu veiðimagni jarða þeirra, sem taka þátt í félagsskapnum. Þó má, ef samþykkt mælir svo fyrir, jafna allt af ¼ kostnaðarins niður eftir landverði þeirra jarða, samkvæmt fasteignamati, er þátt taka í félagsskapnum. Samkvæmt þessum reglum skal semja skrá, er sýnir hundraðshluta þann af kostnaði (stofnkostnaði og árskostnaði), sem hver félagsmaður á að greiða. Skráin skal gerð með hliðsjón af veiðiskýrslum undanfarinna ára, ef til eru.

2. Gjaldskrá skal lögmætur félagsfundur samþykkja, og gildir hún um 5 ár, nema ⅔ félagsmanna samþykki að breyta henni fyrr. Gjaldskrá skal senda ráðherra til staðfestingar samkvæmt 47. gr.

49. gr.

1. Nú verða eigendaskipti að jörð, sem er á félagssvæðinu, og er þá hinum nýja eiganda skylt að gerast félagi. Þegar ábúendaskipti verða á jörð, þar sem leiguliði er félagsmaður í stað landeiganda, getur lögmætur félagsfundur úrskurðað, að hinn nýi ábúandi gerist félagi.

2. Nú er veiði hafin fyrir landi jarðar eða jarða, er liggja að fiskihverfi, er fiskræktarfélag starfar við, en utan félagssvæðis, og má þá leggja þær jarðir við félagssvæðið og skylda eigendur þeirra til að gerast félagsmenn, ef lögmætur félagsfundur samþykkir, enda hafi eigendum jarða þessara verið boðað á fundinn og þeir átt þar atkvæðisrétt um samþykkt þessa.

50. gr.

1. Nú þykir æskilegt, að félag nái til fleiri en eins fiskihverfis, og er það heimilt, ef ⅔ af eigendum þeirra jarða, þar sem veiði er stunduð í hverju fiskihverfi fyrir sig, samþykkja félagsstofnunina. Að öðru leyti fer um stofnun félagsins eins og sagt er í lögum þessum.

2. Nú þykir æskilegt, að tvö félög eða fleiri sameinist í eitt, og er það heimilt, ef ⅔ félagsmanna í hverju félagi samþykkja, enda mæli veiðimálastjóri með sameiningunni. Skal þá stofna eitt félag, er nái yfir svæði beggja félaganna eða allra, og fer um stofnun þess eins og lög þessi mæla fyrir.

51. gr.

Gjöld félagsmanna, sem ákveðin eru í staðfestri gjaldskrá, má taka lögtaki og fylgir þeim, í 2 ár frá eindaga, lögveð í jörð eða veiðiréttindum, er stendur framar öllu samningsbundnu veði.

52. gr.

Stjórn fiskræktarfélags skal árlega gefa veiðimálastjóra skýrslu um starfsemi félagsins. Þær upplýsingar, er veiðimálastjóri kann að óska eftir, er stjórninni og skylt að gefa honum.

53. gr.

Fiskræktarfélagi skal heimilt á lögmætum félagsfundi að gera samþykkt um möskvastærð netja, er nota megi á félagssvæðinu, og um friðun tiltekinna svæða í veiðivötnum innan fiskihverfisins um tiltekið tímabil fyrir allri veiði. Leita skal staðfestingar ráðherra á samþykktum þessum samkvæmt 47. gr., og má ekki staðfesta þær, nema veiðimálastjóri mæli með því og veiðimálanefnd veiti samþykki sitt til þess.

54. gr.

1. Hverjum manni er skylt að láta af hendi land eða landsafnot, svo og vatn eða afnot vatns, er með kann að þurfa vegna byggingar eða starfrækslu klakstöðvar, svo og þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, er bygging klakstöðvarinnar eða starfræksla kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati, nema samkomulag verði.

2. Nú eru skilyrði til friðunar samkvæmt 18. gr eða 1. málsgr. 23. gr. eigi fyrir hendi, og getur þá ráðherra, eftir tillögum veiðimálastjóra, leyft fiskræktarfélagi að taka eignarnámi til leigu um ákveðið tímabil, og gegn fullum bótum, veiði í veiðivatni eða á tilteknu svæði í því, innan fiskihverfis þess, er félagið starfar við, þar, sem hentugt þykir, að félagið afli sér klakfiska.

IX. KAFLI.

Um ófriðun sels.

55. gr.

1. Hverjum manni er heimilt að skjóta eða styggja sel í veiðivötnum, svo og í ósum þeirra, ef eigi er öðruvísi mælt fyrir í lögum.

2. Á Hvammsfirði skal svæði, er liggur fyrir innan línu úr ytri enda Skoravíkurmúla í Hólmlátursborgir vera undanþegið banni gegn selaskotum og uppidrápi.

56. gr.

1. Nú eru friðlýst selalátur eða selalagnir í veiðivatni eða nær árósi, er lax eða göngusilungur gengur í, en 7 km., og skulu þau þá ófriðuð, enda verið talið við matsgerð, að arður af laxveiði eða göngusilungs í ánni sé meiri en arður af selveiðinni.

2. Nú eru friðlýst selalátur eða selalagnir í veiðivatni eða svo nærri ósum ár, sem segir í 1. málsgrein, en lax- og silungsveiði í vatninu er metin minna virði en selveiðin, og getur þá ráðherra, eftir tillögum veiðimálastjóra, leyft að þau séu ófriðuð, enda hafi fiskrækt verið stunduð við vatnið svo lengi og með þeim árangri, að matsgerð telji þess fulla von, að laxveiði eða göngusilungs í vatninu verði arðsamari en selveiðin.

57. gr.

1. Fyrir missi selveiðinytja þeirra, er ræðir um í 56. gr., skulu koma fullar bætur.

2. Bætur þessar greiði eigendur laxveiði eða göngusilungs í fiskihverfinu. Skulu bæturnar vera árgjald og ákveðnar í eitt skipti fyrir öll, sbr. þó 4. málsgr. Bæturnar greiði veiðieigendur að tiltölu við veiðimagn hvers um sig á síðasta ári á undan. Jafnar sýslumaður gjaldinu niður og innheimtir á manntalsþingi, og fylgir því lögtaksréttur. Nú er veiðiréttur leigður samkv. 2. eða 54. gr., og greiðir þá leigutaki bæturnar í stað leigusala.

3. Bætur samkv. 2. málsgr. fyrir missi selveiðanytja á jörðum, sem eru eign ríkis, kirkju eða sveitarfélaga, greiðast úr ríkissjóði, og falla bætur til ábúenda þeirra jarða niður, er næst verða ábúendaskipti á þeim.

4. Ef lax- eða göngusilungsveiði þeirra jarða, er bætur hljóta samkv. 2. og 3. málsgr., eykst eftir að byrjað er á ófriðun sels, þá skulu hagsmunir af þeirri aukningu metnir til frádráttar bótunum, enda geri einhver þeirra, er bætur eiga að greiða, kröfu um mat veiðiaukans. Nú er talið í matsgerð, að lax- eða silungsveiði einhverrar jarðar hafi aukizt svo, að aukningin gefi eins mikinn arð og selveiðin áður, og skulu þá bætur fyrir selveiðimissinn falla niður.

X. KAFLI.

Um stjórn veiðimála og eftirlit.

58. gr.

1. Atvinnumálaráðherra hefir yfirumsjón allra veiðimála.

2. Til aðstoðar ráðherra um stjórn veiðimála eru veiðimálastjóri og veiðimálanefnd.

59. gr.

1. Veiðimálastjóri skal vera kunnáttumaður um veiðimál og vatnalíffræði. Skal hann skipaður af atvinnumálaráðherra til 5 ára í senn og launaður af ríkissjóði.

2. Veiðimálastjóri skal hafa þessi störf með höndum:

a. að annast nauðsynlegar rannsóknir vatna og fiska og skrásetningu veiðivatna,
b. að sjá um söfnun á skýrslum um veiði og fiskrækt.
c. að gera eða láta gera uppdrætti að klakstöðvum og fiskvegum og hafa umsjón með gerð þeirra mannvirkja,
d. að gera tillögur um reglugerðir og önnur ákvæði um friðun eða veiðiskap, sem sett eru samkv. lögum þessum,
e. að veita mönnum leiðbeiningar um veiðimál og vera ráðherra til aðstoðar um allt, sem að þeim lýtur.

60. gr.

1. Veiðimálanefnd skal skipuð 3 mönnum. Atvinnumálaráðherra skipar nefndina, og skal einn nefndarmanna skipaður eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, en annar eftir tillögum Fiskifélags Íslands, þangað til samband íslenzkra fiskræktarfélaga kynni að verða stofnað. Skal þá samband þetta, í stað Búnaðarfélagsins og Fiskifélagsins, gera tillögur um skipun tveggja manna í nefndina.

2. Veiðimálanefnd tekur ekki kaup fyrir starfa sinn, en kostnaður við starf hennar greiðist úr ríkissjóði.

3. Veiðimálanefnd skal vera ráðherra til aðstoðar um veiðimál. Getur hún gert tillögur um allt, er að veiðimálum lýtur. Samþykkis veiðimálanefndar skal leitað til setningar reglugerða og annara ákvæða um friðun eða veiðiskap, þar sem svo er fyrir mælt í lögum þessum.

61. gr.

1. Ráðherra skipar eftirlitsmenn við veiðivötn, svo marga og við þau vötn, er nauðsynlegt þykir. Um tölu þeirra og skipun skal farið eftir tillögum veiðimálastjóra.

2. Eftirlitsmenn skulu hafa nákvæmar gætur á því, að veiði í umdæmi þeirra sé stunduð með löglegum hætti. Þeir skulu safna veiðiskýrslum, hver í sínu umdæmi, og gefa veiðimálastjóra þær upplýsingar um veiði og veiðivötn,

er hann kann að óska. Þeir skulu gera skrár yfir fastar veiðivélar, lagnir og drætti í umdæmi sínu og sjá um merkingu veiðarfæra. Nánari ákvæði um starfsemi þeirra skulu sett í erindisbréfi, er ráðherra gefur þeim.

3 Ráðherra gefur út skírteini handa eftirlitsmönnum.

4. Eftirlitsmenn skulu hafa vald til að taka upp úr veiðivatni ólögleg veiðitæki, eða veiðitæki, sem notuð eru á óleyfilegum tíma eða á þeim stöðum, þar sem eigi má nota þau.

62. gr.

Ráðherra semur við eftirlitsmenn um kaup þeirra. Kaupið greiðist úr sýslusjóði og endurgreiðist sýslusjóði af veiðieigendum að tiltölu við veiðimagn hvers þeirra um sig undanfarið ár. Sýslunefnd jafnar gjaldinu niður, og má taka það lögtaki.

XI. KAFLI.

Um styrkveitingar til fiskræktar.

63. gr.

1. Nú byggir fiskræktarfélag klakstöð, og skal þá veita því styrk úr ríkissjóði, er nemi kr. 1,50 fyrir hvert metið dagsverk við byggingu stöðvarinnar.

2. Nú gerir fiskræktarfélag fiskveg eða aðrar framkvæmdir til að greiða fyrir fiskför um vatn, og skal þá veita félaginu styrk úr ríkissjóði, er nemi ⅓ kostnaðar við verkið.

3. Nú þykir eigi ráðlegt að stofna fiskræktarfélag í fiskihverfi, vegna þess hve lítið fiskihverfið er eða af öðrum ástæðum, en veiðieigendur í hverfinu, einn eða fleiri, gera mannvirki slík sem ræðir um í 1. og 2. málsgr., og má þá veita þeim styrk til þess úr ríkissjóði, jafnháan og ákveðið er í 1. og 2. málsgrein.

64. gr.

Nú er fiskrækt hafin í fiskihverfi, er áður var veiðilaust, og skal þá veita styrk úr ríkissjóði, er nemi allt að kr. 3,00 á hvert þúsund seiða, sem flutt eru í vatnið.

65. gr.

1. Styrkur sá, er ræðir um í 63. og 64. gr., skal því aðeins veittur, að veiðimálastjóri mæli með styrkbeiðni, enda hafi hann samþykkt tilhögun mannvirkja þeirra, er styrkur er veittur til, og þau gerð undir eftirliti hans.

2. Nú er styrkur veittur úr ríkissjóði til að gera klakstöð, og skal ráðherra þá heimilt að ákveða hámarksverð á seiðum, sem seld eru frá klakstöðinni.

66. gr.

Veita má lán úr ræktunarsjóði til framkvæmda þeirra, sem getið er í 63. og 64. gr. Lánstíminn má vera allt að 10 ár, og mega lánin vera afborg-

unarlaus fyrstu 5 árin. Lánsupphæðin má vera allt að ⅔ kostnaðar við framkvæmd verksins. Nú er fiskræktarfélag lántakandi, og má þá veita lán gegn sameiginlegri ábyrgð félagsmanna.

XII. KAFLI.

Um matsgerðir og skaðabætur.

67. gr.

1. Nú greinir menn á um takmörk óss eða leiru, um það hvar aðalstraumlína ár sé eða hvað teljast skuli kvísl, og skal þá skera úr þeim ágreiningi með matsgerð.

2. Matsgerðir samkv. 1. málsgr. og aðrar matsgerðir, sem rætt er um í lögum þessum, skulu framkvæma 2 menn, sem dómkvaddir eru af héraðsdómara í því umdæmi, er vatn það, er ágreiningurinn rís af, er í. Nú er um merkivatn milli lögsagnarumdæma að ræða, og ákveður þá ráðherra, í hverju lögsagnarumdæmanna matsmenn skuli dómkvaddir.

3. Mati má skjóta til yfirmats innan 6 vikna frá lokum matsgerðar. Yfirmat framkvæma 3 menn, dómkvaddir með þeim hætti, sem segir í 2. málsgr.

4. Matsmenn ákveða kostnað við mat og skiptingu hans á aðila.

5. Rétt er matsmönnum að kveðja kunnáttumenn sér til aðstoðar, ef þörf þykir, og telst kostnaður af því til matskostnaðar.

68. gr.

Um ákvörðun upphæðar bóta eða endurgjalds, er greiða skal samkv. lögum þessum, skal matsnefnd fara eftir því, sem segir í lögum um framkvæmd eignarnáms. Um greiðslu bóta eða endurgjalds fari einnig eftir þeim lögum.

XIII. KAFLI.

Refsiákvæði og réttarfars.

69. gr.

1. Ef maður veiðir ólofað í veiðivatni annars manns, varðar það sektum, allt að 1000 kr. Sá, er misgert var við, skal fá allt veiðifang eða andvirði þess, auk bóta fyrir annað tjón, er hann kann að hafa orðið fyrir.

2. Nú hittist maður með veiðarfæri við veiðivatn annars manns fyrir utan venjulega vegi, og skal þá sekta hann sem hann væri sekur um ólöglega veiði, nema sannað sé, að hann hafi haft þar lögmætt erindi.

70. gr.

Sektum frá 100 kr. og allt að 1000 kr. varðar, ef maður gerist brotlegur gegn lögum þessum eða reglum, sem samkvæmt þeim eru settar, þannig,

a. að hann veiði á þeim tíma eða þeim stöðum, er veiði er bönnuð,
b. að hann notar veiðitæki eða veiðiaðferðir, sem bannað er að nota, samanb. þó 71. gr., eða fylgir ekki settum reglum um tilhögun veiðitækja eða um aðferð við veiði.
c. að hann veiðir fisk, sem minni er en svo, að leyfð sé veiði hans, eða sleppir eigi í vatn veiddum fiski, er skylt er að sleppa.
d. að hann brýtur ákvæði 21. gr. eða 32. gr. eða
e. að hann spillir fiskvegi eða tálmar ólöglega fiskför um vatn.

71. gr.

Nú notar maður sprengiefni, eitruð efni eða deyfandi við veiði, og varðar það fangelsi eða sektum, ekki lægri en 500 kr.

72. gr.

Önnur brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum allt að 500 kr.

73. gr.

Brot þau, er ræðir um í 69. gr., a—b-liðum 70. gr. og 71. gr., teljast fullframin jafnskjótt og veiðarfærin eru komin í vatn.

74. gr.

Ólögleg veiðitæki, svo og veiðitæki, sem notuð eru með ólöglegum hætti, skulu upptæk gerð.

75. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum, svo og andvirði upptækra veiðitækja, renna í sýslusjóð, þar sem brot er framið. Nú er brot framið í fleiri sýslum en einni, og skiptist þá sekt og andvirði upptækra veiðitækja að jöfnu milli sýslusjóðanna.

76. gr.

1. Mál út af brotum samkv. 69. gr. skulu rekin sem einkalögreglumál, og á sá sókn sakar, sem misgert er við.

2. Önnur mál til refsingar fyrir brot á lögum þessum eða á reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

XIV. KAFLI.

Niðurlagsákvæði.

77. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1932, og ganga þá eftirfarandi lagaákvæði úr gildi:

Lög nr. 5, 19. febr. 1886, um friðun á laxi.

Lög nr. 55, 30. júli 1909, um samþykktir um friðun silungs og veiðiaðferðir í vötnum.

Lög nr. 24, 22. okt. 1912, um samþykktir um ófriðun og eyðing sels úr veiðiám.

XIII. kafli vatnalaga, nr. 15, 20. júní 1923.

2. málsgr. 1. gr. laga nr. 30, 27. júní 1925, um selaskot á Breiðafirði og uppidráp.

Lög nr. 6 14. júní 1929, um fiskiræktarfélög.

Greinargerð.

Frumvarp um sama efni og þessu frv. samhljóða var flutt á síðasta þingi, og skal hér vísað til ítarlegrar greinargerðar, er því fylgdi þá. (Sjá Alþt. 1930, A. þskj. 343).

Ed. 57. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Flm.: Pétur Magnússon.

Á undan »Við D« kemur:

Við B.

Á eftir tölulið 2 koma nýir liðir:

a. Vegur frá Hvítárbrú vestan Hafnarfjalls að Akranesi.

b. Vegur frá Kláffossbrú um Reykholtsdal og Halsasveit að Húsafelli.

Nd. 58. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör.

Flutningsm.: Einar Jónsson, Gunnar Sigurðsson.

Á eftir orðunum »15. október« í 27. gr. laganna komi:

Þó skal sýslunefnd, með samþykki atvinnumálaráðherra, heimilt að ákveða aðra gjalddaga á útsvörum í hreppum sýslunnar, og skal þá birta breytinguna í B-deild Stjórnartíðinda.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að ósk allmargra hreppsnefndaroddvita í Rangárvallasýslu, með það fyrir augum, að skilvís greiðsla á hreppsgjöldum til sýslumanns á manntalsþingum, sem haldin eru í júnímánuði samkv. lögum, sé vandhæfi háð meðan gjalddagi sveitarútsvara er fastakveðinn 15. júlí og 15. október ár hvert. Breyting þessi er því álitin þörf.

Ed. 59. Tillaga

til þingsályktunar um ábyrgð ríkissjóðs fyrir viðskiptum við Rússland.

Flutningsm.: Erlingur Friðjónsson, Jón Baldvinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu þeirra víxla, sem rússneska ríkisstjórnin hefir samþykkt fyrir andvirði þeirrar síldar, sem Síldareinkasala Íslands seldi til Rússlands á síðasta ári og sem nemur alls um 600 þús. íslenzkum krónum.
2. Að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 75% — sjötíu og fimm af hundraði — af andvirði íslenzkra vara, sem seldar verða rússnesku ríkisstjórninni á yfirstandandi ári, með allt að 12 mánaða gjaldfresti.

Ábyrgð ríkisstjórnarinnar skal framkvæmd þannig, að ríkissjóður Íslands ábyrgist greiðslu á víxlum, sem rússneska ríkisstjórnin samþykkir til greiðslu.

Ábyrgð ríkissjóðs skal aðeins veitt Síldareinkasölu Íslands, samvinnufélögum og fisksölusamlögum.

Ábyrgð ríkissjóðs samkvæmt tillögu þessari má aldrei fara fram úr 5 milljónum króna á árinu 1931.

Greinargerð.

Haustið 1927 gerðist sú nýung í verzlun íslenzku þjóðarinnar, að bein viðskipti voru hafin milli Íslands og rússnesku ríkisstjórnarinnar, með sölu á 25 þús. tunnum saltsíldar, sem rússneska ríkisstjórnin keypti af íslenzkum útgerðarmönnum. Þó sala þessara 25 þús. tn. síldar til Rússlands yrði til þess að bjarga um ½ milljón króna af því verðmæti, sem bundið lá í síld haustið 1927, frá því að verða að engu, hefir ekki orðið framhald á sölu síldar til Rússlands fyrr en á síðasta ári, að Síldareinkasala Íslands seldi rússnesku ríkisstjórninni 30 þús. tunnur saltsíldar.

Meginástæðan fyrir því, að viðskiptum við Rússland hefir ekki verið haldið óslitið áfram frá árinu 1927, eru þeir miklu erfiðleikar, sem seljendum stafar af hinum langa gjaldfresti, sem veita þarf Rússum, ef sala á að takast til þeirra.

Þrátt fyrir þá erfiðleika, sem stafa af hinum langa gjaldfresti, hefir Síldareinkasala Íslands ráðizt í það, að selja rússnesku ríkisstjórninni 30 þús. tunnur saltsíldar á síðasta ári, og nemur það fé, sem Einkasalan á fast í þessari sölu, um 600 þús. krónum.

Eins og kunnugt er, hafa þjóðir þær, sem viðskipti hafa við Rússland, yfirstigið örðugleikana af hinum langa gjaldfresti með því, að hlutaðeigandi ríkisstjórnir hafa ábyrgzt viðskiptin við Rússland gegn því, að rússneska ríkisstjórnin samþykkti víxla fyrir þeim vörum, sem hún hefir keypt. Hefir t. d. norska ríkisstjórnin samkvæmt heimild stórþingsins ábyrgzt viðskipti Noregs við Rússland allt að 20 milljónum kr. á síðasta ári.

Óhætt er að fullyrða, að Síldareinkasala Íslands vænti þess fyllilega, er hún seldi umræddar 30 þús. tunnur síldar til Rússlands, að háttv. Alþingi mundi sýna sama skilning og þing annara þjóða, sem viðskipti hafa við Rússland, á því, að veita ábyrgð fyrir þeim viðskiptum. Í trausti þess er fyrri hluti þessarar tillögu fram kominn.

Eftir öllum horfum um verð á síldarolíu og síldarmjöli, má gera ráð fyrir því, að síldarverksmiðjur kaupi ekki síld til bræðslu nema með sáralágu verði næsta sumar. Er það sýnilegt, að með lægra verði á bræðslusíld en síðastliðið sumar verður ókleift að gera út á síldveiðar, nema auðið verði að auka síldarsöltun mikið frá því, sem verið hefir undanfarin ár. En eins og kunnugt er, er eini möguleikinn til þess að auka síldarsöltun svo um muni sá, að hægt sé að taka upp viðskipti við Rússland í stærri stíl, og að takist að selja þangað allt að 200 þús. tunnur saltsíldar á næsta sumri. En sá gjaldfrestur, sem Rússar heimta í slíkum viðskiptum, gerir það algerlega ókleift að notfæra sér hina miklu markaðsmöguleika, sem um er að ræða í Rússlandi fyrir íslenzka síld, nema upp sé tekin sama regla í viðskiptum við Rússa og aðrar þjóðir hafa, að það opinbera ábyrgist viðskiptin við Rússland.

Ef tækist á þessu ári að selja til Rússlands 200 þús. tunnur síldar, myndi hagurinn af þeirri sölu nema hátt á aðra milljón króna, miðað við það

verð á bræðslusíld, sem gera má ráð fyrir að verði á næsta sumri, og kæmi þá ríkissjóðurinn til með að hafa beinan hag af þeirri sölu, sem næmi í aðflutningsgjaldi á tunnum og salti og útflutningsgjaldi af síld á fjórða hundrað þúsund krónum.

Um síðustu mánaðamót lágu í landinu nálega 3-falt meiri birgðir af verkuðum fyrra árs saltfiski en á sama tíma í fyrra. Kaupsýslumenn eru mjög vonlitlir um, að þessar fiskbirgðir muni ganga út á þeim markaði, sem íslenzkur saltfiskur er seldur á. Má því vænta, að birgðir þessar muni reynast óseljanlegar að meira eða minna leyti, nema ef heppnaðisí að selja þær á rússneskum markaði. Er síðari hluti þessarar tillögu miðaður við það tvennt, að takast kunni að selja til Rússlands á þessum vetri og komandi sumri nokkuð af þeim fiskbirgðum, sem nú liggja í landinu lítt seljanlegar eða óseljanlegar, og einnig heppnist að selja þangað allt að 200 þús. tunnur saltsíldar af þessa árs framleiðslu.

Til frekari áherzlu á því, sem hér hefir verið sagt, má benda á, að Alþingi hafa borizt áskoranir frá þingmálafundi á Ísafirði og Akureyri, bæjarstjórn Akureyrar og útflutningsnefnd Síldareinkasölu Íslands um, að það heimili ríkisstjórninni að ábyrgjast viðskipti Síldareinkasölunnar við Rússland.

Nd. 60. Breytingartillaga

við till. til þál. um lækkun vaxta.

Frá Gunnari Sigurðssyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að bankarnir og aðrar lánsstofnanir lækki forvexti hið allra bráðasta.

Ed. 61. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4 júní 1924.

Frá Ingvari Pálmasyni.

Á eftir frumvarpsgreininni »Jökuldalsvegur . . . Gilsárbrú«, sem verður 6. liður (sbr. lög nr. 57 1930) komi:

7. Norðfjarðarvegur, frá Eskifirði um Oddsskarð — eða Helgustaðahrepp og Dys, Viðfjörð og Hellisfjörð — að Nesi.
8. Faskrúðsfjarðarvegur, frá Reyðarfjarðarkauptúni um Sléttuströnd, Berunes, Hafranes og Staðarskarð að Búðum.

Nd. 62. Frumvarp

til laga um rekstrarlánafélög fyrir bátaútveg og smáiðju.

Flutningsm.: Jóhann Jósefsson, Ólafur Thors, Jón Ólafsson,
Hákon Kristófersson, Jón Sigurðsson, Pétur Ottesen, Jón Auðunn Jónsson.

1. gr.

Rekstrarlánafélög samkvæmt lögum þessum eru félög bátaútvegsmanna, smærri iðnaðarmanna eða smærri iðjurekenda, sem stofnuð eru og starfrækt með þeim tilgangi að útvega félagsmönnum lán til atvinnurekstrar. Þau skulu stofnuð og starfrækt samkvæmt lögum um samvinnufélög, með skyldum og réttindum samvinnufélaga, þó með þeim afbrigðum, er hér segir:

a. Félagsmenn skulu allir vera búsettir í sama byggðarlagi og mega ekki vera færri en 6 og ekki fleiri en 30. Þó mega félagar vera fleiri, ef þeir eru allir innan sama hrepps.
b. Stjórn félagsins skal skipuð 3 mönnum, formanni og 2 meðstjórnendum. Kjörtími stjórnenda skal eigi vera lengri en 2 ár, og er löglegt, að meiri hluti stjórnarinnar gangi úr á sama ári. Annar endurskoðandi félagsins skal kosinn af félaginu á venjulegan hátt, en hinn skipaður af stjórn peningastofnunar þeirrar, er félagið skiptir við um rekstrarlán.
c. Félagsmenn ábyrgjast einn fyrir alla og allir fyrir einn allar skuldbindingar félagsins gagnvart lánveitanda.
d. Í varasjóð félagsins skal greiða árlega eigi minna en svarar ½% ársvöxtum af öllum útlánum félagsins. Allur tekjuafgangur félagsins rennur í varasjóð.
e. Félagsmaður getur jafnan sagt sig úr félaginu með 6 mánaða fyrirvara til næstu áramóta, en ábyrgð hans á skuldbindingum félagsins eins og þær eru eða verða um þau áramót gildir þó aldrei lengur en til næstu áramóta eftir að hann gekk úr félaginu.
f. Við félagsslit má verja varasjóði til lúkningar skuldbindingum félagsins að svo miklu leyti, sem þörf er, til þess að síðustu félagsmenn þurfi ekki hver fyrir sig að standa straum af öðrum skuldbindingum en þeim, sem stafa af viðskiptum hvers þeirra. Að því leyti, sem ekki er þörf á varasjóðnum í þessu skyni, fer um hann við félagsslit eftir ákvæðum laga um samvinnufélög.
g. Undirskrift formanns og annars meðstjórnanda skuldbindur félagið.

2. gr.

Þegar eftir hvern aðalfund skal félagsstjórnin senda stjórn peningastofnunar þeirrar, er félagið skiptir við, afrit af endurskoðuðum reikningum félagsins fyrir umliðið ár, með athugasemdum endurskoðendanna, svörum reikningshaldara og úrskurði aðalfundar. Ennfremur skal senda nafnaskrá félagsmanna og stjórnenda félagsins og tilkynningar um breytingar á samþykktum félagsins.

3. gr.

Stjórn félagsins ákveður hámark rekstrarláns fyrir hvern félagsmann í samráði við endurskoðendur fyrir eitt ár í senn. Lánsfjárhæð skal miða við atvinnurekstur félagsmanna, lánsþörf og greiðslugetu. Rekstrarlán hvers einstaks félagsmanns má aldrei fara fram úr 8000 kr. Lán má ekki veita utanfélagsmönnum.

4. gr.

Hver félagsmaður setur félaginu fullt veð eða aðra tryggingu, er félagsstjórnin telur fullnægjandi, fyrir rekstrarláni sínu eins og það kann að vera á hverjum tíma. Óveiddur afli skal veðhæfur sem trygging félagsmanna.

5. gr.

Lán þau, er félögin veita félagsmönnum sínum, skulu vera reikningslán. Reikningslán má veita til 1 árs í senn og greiðist þá að fullu, ásamt áföllnum vöxtum, á þeim gjalddaga, sem ákveðinn er í samþykktum félagsins. Hver félagsmaður sé skuldlaus einu sinni á ári, um gjalddaga þess. Félagsmaður, sem ekki stendur í skilum við félagið, skal víkja úr félaginu. Lánsfélag, sem ekki stendur í skilum við lánsstofnunina, má svipta rekstrarláni næsta ár, eða lengur, ef miklar sakir eru til.

6. gr.

Heimili og varnarþing rekstrarlánafélags má vera í kauptúni eða kaupstað, þar sem félagsmenn hafa viðskipti sín, þótt það sé utan félagssvæðisins. Peningastofnun sú, sem veitir rekstrarlánafélagi lán, skal án sérstaks endurgjalds halda reikning yfir reikningslánsviðskiptin við hvern einstakan félagsmann og reikna út fyrir hvern gjalddaga vexti þá, er hverjum félagsmanni ber að greiða, en félagsstjórnin annast greiðslu vaxtanna í einu lagi.

7. gr.

Stjórn rekstrarlánafélagsins skal í byrjun hvers árs senda sýslumanni, bæjarfógeta eða lögmanni nafnaskrá yfir félagsmenn, og skal hún jafnan vera til sýnis þeim, er þess óska, í skrifstofu embættisins.

8. gr.

Til þess að tryggja rekstrarlánafélögum samkvæmt þessum lögum starfsfé, skal ríkisstjórnin ábyrgjast allt að 3 millj. króna reikningslán frá ári til árs, og skal þessi rekstrarlánastarfsemi vera sérstök deild í Fiskveiðasjóði Íslands og lúta sömu yfirstjórn og sá sjóður hefir.

9. gr.

Af fé því, sem ræðir um í 8. gr., veitir Fiskveiðasjóður Íslands, eða sú peningastofnun, sem hefir það með höndum, lán til sparisjóða, banka og bankaútibúa utan Reykjavíkur, með þessum skilyrðum:

a. Peningastofnanir þessar mega eingöngu nota féð til þess að lána það út til rekstrarlánafélaga samkvæmt þessum lögum.
b. Þær endurgreiða lánin, ásamt vöxtum, á tilsettum gjalddaga.

c. Vextir miðist á hverjum tíma við lánskjörin á láni því, er um ræðir í 8. gr., að viðbættri framfærslu, er fjármálaráðherra ákveður.

10. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um rekstrarlánafélög þau, er hér um ræðir, og gefið út leiðbeinandi fyrirmyndir að samþykktum slíkra félaga.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er að mestu samhljóða frv. þeim um þetta efni, er sjálfstæðismenn hafa flutt á undanförnum þingum.

Nd. 63. Nefndarálit

um frv. til laga um bókasöfn prestakalla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um að mæla með því, að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum. Launakjör presta hér á landi leyfa ekki mikil bókakaup, en hvergi er prestum meiri nauðsyn en hér í strjálbýlinu að hafa góðan bókakost. Er og vel farið, að gerðar séu ráðstafanir til, að guðfræðibækur varðveitist á prestssetri, en skiptist ekki upp með dánarbúi hvers prests til lítils gagns þeim, sem hljóta, eins og oft vill verða.

Um einstakar breytingartill. skal þetta tekið fram:

1. Orðabreyting.
2. Orðabreyting að mestu.
3. Greinin færð til betra máls og bætt við ákvæði um það, hvernig bókanefnd skuli skipta með sér störfum. Þá er og efni 6. gr. tekið upp í greinina með breyttu orðalagi.
4. Nefndin sér ekki fært að leggja annað til en að lækkað verði um frekan helming framlag ríkissjóðs frá því, sem til er ætlazt í frv., enda þarf á þessu þingi og að hækka styrk til almennra bókasafna, og er þó tæpast líklegt, að hann hækki meira en svo, að hann nemi þeim styrk tvöföldum, sem hér er lagt til, að verði veittur sérbókasöfnum presta.
5. Efni 6. gr. er tekið upp í 3. brtt.
6. Í fyrri brtt. er gert ráð fyrir bókagjöfum, enda er líklegt, að prestar gefi sérfræðibækur sínar til bókasafna prestakalla, og er þá rétt, að þeir tilkynni prófastum, sem samkv. frv. eru eftirlitsmenn safnanna, bókagjafir.

7. Orðabreyting.

8. Í brtt. er presti gert að sjá um vátryggingu bókasafns og greiðslu iðgjalda. Fylgir því óþarflegt umstang fyrir prófast, að eiga að annast vátryggingar á mörgum bókasöfnum og innheimtu iðgjalda hjá ríkissjóði. Munu iðgjöldin reynast svo lág, að ástæðulaust er að létta þeim af prestum.

9. Breytt orðalagi greinarinnar.

10. Nefndin telur eigi rétt að svipta kaupstaðapresta þeim hlunnindum, sem eru að embættisbókasafni, enda líklegt, að kaupstaðabókasöfnunum berist hvað mest af sérfræðibókum að gjöf, sem að öðrum kosti mundu dreifast og glatast, eins og áður er sagt. Nægir sú takmörkun, sem sett er í 3. brtt., að afskekkt prestaköll skuli ganga fyrir öðrum um styrkveitingar.

Samkvæmt framantöldu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Stofna má bókasöfn fyrir prestaköll með bókagjöfum og bókakaupum, svo sem nánar er tiltekið í lögum þessum.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Til bókasafna prestakalla skulu einkum keyptar bækur guðfræðilegs og heimspekilegs efnis. Þó má og kaupa til safnanna almennar fræðibækur og úrvals skáldrit. Bókasöfnin þiggja bækur að gjöf, hvers efnis sem eru.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Bókanefnd prestakalla skipa þrír menn. Kýs prestastefnan tvo þeirra og einn varamann, en kirkjumálaráðuneytið skipar einn mann, kunnan að smekkvísi og þekkingu á bókmenntum. Nefndin skal kosin og skipuð til þriggja ára í senn og skiptir sjálf með sér störfum.
   Bókanefnd skal veita leiðbeiningar um val bóka, annast kaup á þeim og úrskurða um það, hvort bækur fullnægi skilyrðum 2. gr. Nefndin sker úr um það, hverjum skuli veita styrk til bókakaupa og hvaða bækur skuli kaupa af þeim, sem óskað er eftir, þegar umsóknir fara fram úr því, sem hámark ríkisstyrks leyfir.
   Bókasöfn afskekktra prestakalla skulu ganga fyrir öðrum um styrkveitingar.
4. Við 5. gr. Í stað »10 þús. kr.« í lok greinarinnar komi: 4 þús. kr.
5. Við 6. gr. Greinin fellur niður, og breytist greinatalan samkvæmt því.
6. Við 7. gr. Síðari málsgrein orðist svo:
   Prestar skulu árlega senda prófasti skrá um gefnar bækur. Skal prófastur gera aðalskrá um bókasöfn í prófastsdæminu, sundurliðaða eftir prestaköllum.
7. Við 8. gr. Fyrir »geymdar« í lok greinarinnar komi: varðveittar.
8. Við 9. gr. Í stað tveggja fyrstu málsliða komi:
   Bókasafn prestakalls skal geymt á heimili prests. Presti er skylt að vátryggja safnið gegn eldsvoða.

9. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
Presti er skylt að lána sóknarbörnum bækur úr bókasafni prestakalls síns, sér að bagalausu. Lántakandi er skaðabótaskyldur, þegar bækur skaddast eða glatast. Útlánaskrá skal fylgja hverju bókasafni. Skal prestur leggja kapp á, að bókasafn prestakallsins verði söfnuðinum að sem mestum notum.
10. Við 11. gr. Fyrri málsliður orðist svo:
Prestum og próföstum er skylt að gefa þær skýrslur um bókasöfn prestakalla, notkun þeirra og varðveizlu, sem biskup fyrirskipar.
11. Við 12. gr. Greinin fellur niður.

Alþingi, 26. febr. 1931.

Ásgeir Ásgeirsson, form., frsm. Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskrifari. Gunnar Sigurðsson.
Jón Ólafsson. Jón A. Jónsson.

Nd. 64. Breytingartillögur

við breytingartillögur á þskj. 63 (Bókasöfn prestakalla).

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. Við 2. brtt. Á eftir »Bókasöfnin« kemur: mega.
2. Við 3. brtt. Á eftir fyrri málsgrein kemur: Kostnaður við störf bókanefndar greiðist af bókakaupafé.
3. Við 4. brtt. Breytingartillagan orðast svo: Síðasti málsliður orðast svo:
Fyrst um sinn skal verja allt að 10 þús. krónum úr ríkissjóði í þessu skyni.

Til vara: Í stað »4 þús. kr.« kemur: 7500 krónum.

Nd. 65. Frumvarp

til laga um kirkjuráð.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Setja skal kirkjuráð fyrir hina íslenzku þjóðkirkju samkvæmt því, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Verkefni kirkjuráðsins er að vinna að eflingu íslenzkrar kristni og styðja að trúar- og menningaráhrifum þjóðkirkjunnar með því að:

a. íhuga og gera ályktanir um þau mál, sem varða þjóðkirkjuna í heild sinni og einstaka söfnuði hennar.
b. stuðla að frjálsri starfsemi til eflingar kristnilífi þjóðarinnar, mannúðar- og líknarstarfsemi.

3. gr.

Kirkjuráðið hefir:

1. Ráðgjafaratkvæði og tillögurétt um þau mál, er kirkjuna varða og heyra undir verksvið löggjafarvaldsins eða sæta konungsúrskurði. Svo og þau mál önnur, er kirkjustjórnin kann að leita álits þess um.
2. Samþykktaratkvæði og ákvörðunarrétt um guðsþjónustur kirkjunnar, veitingu sakramenta og kirkjulegar athafnir og helgisiði, þó eigi fyrr en tillögur ráðsins hafa verið samþykktar á prestastefnu (synodus). Ennfremur um þau mál, er hið almenna löggjafarvald kann að fá kirkjuráðinu til meðferðar og fullnaðarákvörðunar.
3. Rétt til að kjósa 1 mann til að taka þátt í stjórn kirkjulegrar starfsemi í sambandi við útvarp.
4. Ráðstöfunarvald yfir fé því, sem lagt kann að verða til frjálsrar kirkjulegrar starfsemi eða annara kirkjulegra þarfa, eftir nánari ákvæðum, sem fjárveitingavaldið setur í hvert sinn.

Vafaatriði um takmörk á samþykktar- og ákvörðunarvaldi kirkjuráðs samkvæmt 2. lið þessarar greinar sæti úrskurði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

4. gr.

Kirkjuráðið skipa 5 menn, biskup landsins og 4 guðfræðingar, kosnir af sóknarprestum þjóðkirkjunnar og kennurum guðfræðideildar háskólans. Kirkjumálaráðuneytið setur reglugerð um kosninguna.

5. gr.

Enginn má eiga sæti í kirkjuráði, nema hann fullnægi þessum skilyrðum:

a. Sé meðlimur þjóðkirkjunnar.
b. Sé orðinn 25 ára að aldri.
c. Eigi löglega með sig sjálfur og
d. hafi óflekkað mannorð.

6. gr.

Kirkjuráðið er ályktunarfært um mál þau, er greinir í 1., 3. og 4. lið 3. gr., ef 4 eru á fundi.

En um þau mál, er getur í 2. lið 3. gr., hefir ráðið eigi ákvörðunarrétt, nema það sé fullskipað, eða 4 kirkjuráðsmenn greiða samhljóða atkvæði.

Nú er kirkjuráði með sérstökum lögum falið að gera tillögu um veitingu prestakalla, og er þá ráðið ályktunarfært, þótt eigi séu 4 á fundi, ef þeir, sem

eru fjarverandi, senda skriflegt álit og tillögu í símskeyti. Nú verða atkvæði jöfn, og ræður þá atkvæði biskups.

7. gr.

Biskup er sjálfkjörinn forseti kirkjuráðs. En ráðið sjálft kýs varaforseta og ræður ritara. Forseti kallar ráðið saman og kemur ályktunum þess á framfæri.

Biskup kallar saman kirkjuráð á ársfund einu sinni á ári. Aukafundir skulu haldnir þegar kirkjumálaráðherra, biskup eða 2 menn í ráðinu óska þess.

8. gr.

Kirkjuráðsmenn fá greiddan framlagðan kostnað og aðstoð eftir reikningi, er ráðuneytið úrskurðar.

Greinargerð.

Frv. er samhljóða frv. til laga um kirkjuráð, sem menntamálanefnd flutti á síðasta þingi, og vísast um greinargerð til Alþingistíðinda 1930, A. þskj. 279.

Nd. 66. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 52, 27. júní 1925, um verzlunaratvinnu.

Flutningsm.: Jón Ólafsson, Héðinn Valdimarsson, Sigurjón Á. Ólafsson og Magnús Jónsson.

3. gr. laga nr. 52, 27. júní 1925, 5. liður orðist þannig:

Fullnægir þekkingarskilyrðum þeim, er hér segir:

I. a. Hefir lokið fullnaðarprófi frá Verzlunarskóla Íslands, Samvinnuskólanum eða skóla, sem eigi gerir minni kröfur um þekkingu á verzlun og viðskiptum.

b. Auk þess stundað verklegt nám í verzlun eða skrifstofu eitt ár eða meira.

II. a. Hefir stundað verklegt nám í verzlun eða skrifstofu 3 ár eða meira.

b. Sannar að hann kunni að færa þær bækur, sem lögboðið er að bókhaldsskyld fyrirtæki skuli halda.

III. a. Hefir lokið stúdentsprófi.

b. Sannar þekkingu sína á bókhaldi, sbr. II. b.

c. Auk þess stundað verklegt nám í verzlun eða skrifstofu eitt ár eða meira.

Atriði þau, sem um ræðir í II. b. og III. b., skulu sönnuð með vottorði hæfra manna, er ráðherra tilnefnir í samráði við Verzlunarráð Íslands, Samband ísl. samvinnufélaga og Samband verzlunarmannafélaga Íslands.

Fyrirmæli þessa töluliðs taka ekki til sveitaverzlana, og getur ráðherra, veitt undanþágu smásölum utan kaupstaða, ef ástæður mæla með.

Greinargerð.

Flutningsmenn flytja frumvarp þetta eftir ósk Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og Verzlunarmannafélagsins Merkúr, en áskilja sér óbundnar hendur um einstök atriði málsins. Frumvarpinu fylgdi svolátandi greinargerð:

Samkvæmt lögum um verzlunaratvinnu, nr. 52, 27. júní 1925, 3. gr. 5. lið, er gert ráð fyrir, að þeir, sem verzlunarleyfi fá, þurfi að hafa þekkingu á bókhaldi og vörum, og skulu nánari fyrirmæli um þetta sett af ráðherra. Reglugerð um þetta efni var svo birt með auglýsingu 31. des. sama ár, en af ástæðum, sem ekki eru fullkunnar, virðist gengið mun skemmra í reglugerðinni en löggjafinn hafði ætlazt til, þar sem meðal annars gagnfræðapróf er talið nægilegt til að fullnægja umræddum skilyrðum.

Heppilegt virðist, að lögin sjálf kveði á um þau skilyrði, sem hér að lúta, og er þess vegna lagt til að nefndri grein laganna verði breytt samkvæmt því, sem breytingartillagan kveður á um. Breytingartillaga þessi er að mestu leyti sniðin eftir 17. gr. í frumvarpi til laga um verzlunarnám og atvinnuréttindi verzlunarmanna.

Nd. 67. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 42, 13. nóv. 1903, um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð.

Flutningsm.: Jón Ólafsson, Sigurjón Á. Ólafsson, Magnús Jónsson og Héðinn Valdimarsson.

Á eftir orðunum „Frekar en sjálfur vill“ í 16. gr. laga nr. 42, 13. nóv. 1903, komi: ef atvinnan er rekin undir nafni sjálfs hans.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir tilmælum Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og Verzlunarmannafélagsins Merkúr, og fylgdi því svolátandi greinargerð:

Eftir núgildandi firmalögum er ekki skylda að skrásetja eins manns firma, enda munu flestir, er atvinnu ráku fyrir sig einan þá er lögin eru samin, hafa látið atvinnuna heita eftir sjálfs sín nafni.

En aftur á móti er það nú orðið mjög algengt að atvinna er rekin undir ýmsum nöfnum, bæði innlendum og erlendum, enda þótt aðeins sé einn eigandi, og hefir það oft komið fyrir, að erfitt hefir verið, bæði fyrir einstaklinga og það opinbera, að vita með vissu, hver væri hinn rétti eigandi slíkra fyrirtækja.

Oss þykir því bera nauðsyn til að bæta inn í lögin setningu þeirri, er hér með fylgir, til þess að gera fyrirtæki þau skrásetningarskyld, sem svo er ástatt um, er að framan greinir.

Nd. 68. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar.

Flutningsm.: Sigurjón Á. Ólafsson, Haraldur Guðmundsson.

20. gr. laga nr. 40, 19. júní 1922 orðist svo:

Skylt er skipverjum að sanna siglingatíma sinn með sjóferðabók, sem stjórnarráðið lætur semja, sbr. lög nr. 41, 19. maí 1930, og er hverjum skipverja skylt að fá bókina hjá lögskráningarstjóra, fyrsta sinn sem hann er lögskráður á íslenzkt skip, sem er 12 rúmlesta eða stærra. Skal sjóferðabókin ávallt lögð fram við lögskráningu og þegar sanna á siglingatíma þann, sem um ræðir í 7., 10. og 14. gr.

Í sjóferðabókinni skal skýrt frá fullu nafni skipverjans, fæðingardegi og fæðingarári, fæðingarstað (sýslu eða bæ), svo skal og þar vera stutt lýsing á útliti hans, vexti og sérkennum, ef einhver eru.

Í bókinni skal ennfremur skýrt frá stöðu skipverjans á skipinu, nafni, tegund og stærð skipsins, í hvaða ferðum það er og hvenær skipverjinn er skráður í skiprúm og úr skiprúmi.

Skipstjóra ber að útfylla og undirskrifa sjóferðabækur skipverja. Skal sjóferðabók hvers skipverja stimpluð með embættisstimpli lögskráningarstjóra. Skipstjóra er skylt að afhenda skipverja sjóferðabók undirritaða, um leið og hann fer úr skiprúmi eða þegar lögskráning úr skiprúmi fer fram.

Fyrir brot á þessari grein séu sektir ekki lægri en 150 kr., en að öðru leyti samkv. 25. gr.

Greinargerð.

Aðalefni þeirrar breytingar á lögum um atvinnu við siglingar, sem hér er farið fram á, er þess eðlis, að breytt sé að nokkru um efni sjóferðabóka samkv. lögum nr. 41, 19. maí 1930 (sjómannalög), er atvinnumálaráðuneytinu ætlað að setja reglur um gerð bókanna og innihald, en samkv. núgildandi lögum er slíkt ákveðið, og efnisbreyting verður ekki komið við, nema lögunum sé breytt. Aðalbreytingin er fólgin í því, að vitnisburðargjafir hverfi. Mun það flestra manna mál, að þær séu þýðingarlausar og komi ekki að tilætluðum notum. Aftur á móti eru nokkur dæmi til þess, að vitnisburðargjöf hafi valdið skaða þeim, er hlaut hana, og málaferli hafa átt sér stað út af vitnisburðum. Aðalþýðing bókanna er sú, að farmaður eða fiskimaður geti sannað sjóferðatíma

sinn og hvaða starfi hann hafi gegnt á hverju skipi. Á Norðurlöndum víðast hvar eru þessir vitnisburðir í sjóferðabókunum lagðir niður, og jafngömul siglingaþjóð eins og Bretar hafa aldrei haft þá.

Frumv. er borið fram samkv. ósk Sjómannafélags Reykjavíkur.

Ed. 69. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 77, 27. júní 1921, um hlutafélög.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Nú eru lagðar í samþykktum hlutafélags eða með öðrum hætti hömlur á meðferð hlutabréfa, svo sem bann við sölu eða veðsetningu eða innlausnarréttur eða forkaupsréttur er áskilinn félagi eða öðrum, og eru þá allar slíkar hömlur ógildar gagnvart banka, sveitabanka eða sparisjóði, er kynni að hafa fengið bréfið sem tryggingu fyrir kröfu eða til eignar samkvæmt nauðungarsölu eða með öðrum hætti.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi jafnskjótt sem þau hafa fengið staðfestingu konungs.

Greinargerð.

Það hefir komið í ljós, er bankar hér hafa tekið hlutabréf til tryggingar lánum, að hömlur á meðferð þeirra hafa verið settar í samþykktum félagsins, svo sem um forkaupsrétt félagsins eða annara. Og hafa svo aðilar gert sig líklega til þess að véfengja heimild bankans til veðréttarins og til sölu á veðinu. Afleiðing af þessu hlýtur að verða sú, að bankarnir telja sér ekki framar óhætt að veita lán gegn tryggingu í slíkum bréfum, nema fyrir liggi vottorð um það, að engar slíkar hömlur liggi á bréfinu eða samþykki rétts aðilja til ráðstöfunar á því. En þetta mundi verða viðskiptum til mikils trafala, með því að það mundi skapa allmikla réttaróvissu og verða eigendum þessara bréfa til tafar og óþæginda. Og er frumvarp þetta flutt til þess að koma í veg fyrir slíkt.

Nd. 70. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 32, 7. maí 1928, um sundhöll í Reykjavík.

Flm.: Jón Ólafsson, Héðinn Valdimarsson, Sigurjón Á. Ólafsson, Magnús Jónsson.

Upphaf 1. gr. laga nr. 32, 7. maí 1928, um sundhöll í Reykjavík, orðist svo:

Ríkissjóður leggur fram helming kostnaðar við byggingu sundhallar í Reykjavík, sem nú er í smíðum, allt að 250 þúsund krónum.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var borið fram á síðasta þingi, en náði þá ekki samþykki. Fylgdi því þá þannig hljóðandi greinargerð:

„Þegar lögin um sundhöll í Reykjavík voru sett árið 1928, lá fyrir Alþingi áætlun húsameistara ríkisins um, að kostnaðurinn við byggingu sundhallarinnar mundi verða um 200 þúsund kr., og ætlaðist Alþingi til, að helmingur kostnaðarins yrði greiddur úr ríkissjóði, enda var það í samræmi við ákvæði þau, sem sett voru í fjárlög á sama þingi og síðan hafa verið í fjárlögum, um að ríkissjóður greiði helming kostnaðar við að gera nýjar steinsteyptar sundlaugar og sundskýli.

Þegar húsameistari ríkisins fór síðan að gera endanlegan uppdrátt af væntanlegri sundhöll, varð niðurstaðan sú, að ekki var mögulegt að byggja hana fyrir 200 þúsund krónur, eða neitt nálægt því, ef fullnægja ætti þeim kröfum, sem ríkisstjórnin gerði til hennar.

Eftir margvíslegar samningaumleitanir við ríkisstjórnina og tilraunir húsameistara til að draga sem mest úr kostnaði, fekkst loks samþykki ráðherrans á uppdrætti af sundhöll, sem bæjarstjórnin samþykkti, og er áætlað kostnaðarverð hennar 480—500 þúsund krónur, og mun sú áætlun vera frekar lág, að því er borgarstjóri telur.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefir þegar látið byrja á byggingu sundhallarinnar í því trausti, að Alþingi fallist á að greiða úr ríkissjóði helming kostnaðarins, eins og upphaflega var ráð fyrir gert, og er þetta lagafrumvarp borið fram eftir ósk bæjarstjórnarinnar, sem væntir þess, að Reykjavíkurborg fái í þessu efni að njóta jafnréttis við önnur sveitarfélög, eða jafnvel einstaklinga, sem koma upp sundlaugum og sundskýlum“.

Nd. 71. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 18, 31. maí 1927, um iðju og iðnað.

Flutningsm.: Magnús Jónsson og Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

Við 1. tölul. 18. gr. bætist: Þó veitir slíkt iðnbréf ekki réttindi nema í því lögsagnarumdæmi, þar sem það er gefið út, enda sýni bréfið greinilega að svo sé.

2. gr.

Á eftir 19. gr. kemur ný grein, er svo hljóðar:

Til þess að sjá um framkvæmd þessara laga og laga nr. 11 frá 31. maí

1927, um iðnaðarnám, skal í kaupstöðum landsins kjósa iðnráð, og verða með reglugerð sett nánari ákvæði um starfsvið þess og kosningu.

3. gr.

Þriðja málsgr. 27. gr. (sem verður 28. gr.) orðist svo:

Þeir, sem rétt höfðu til meistarabréfs og iðnbréfs 1. jan. 1928 og þá ráku sjálfstæða iðn, skulu, þegar eftir að bréf þessi eru tilbúin, fá þau tilsend ókeypis. Eftir að meistara- og iðnbréfum hefir verið útbýtt á þennan hátt, má enginn nema þeir, sem lög þessi undanþiggja, reka iðn sjálfstætt iðnbréfslaus og enginn taka lærlinga í kaupstöðum meistarabréfslaus.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi eftir beiðni Iðnráðs Reykjavíkur, eins og bréf það, sem er birt hér sem fylgiskjal, sýnir. Er það nú flutt hér óbreytt eins og þá. Flutningsmennirnir hafa þó ekki séð sér fært að taka í frv. allar þær breytingar á lögunum frá 1927, sem Iðnráðið fór fram á. Þótti þeim nokkuð hart aðgöngu að skylda þá menn til þess að kaupa iðnbréf, sem reka iðn sína aðeins með aðstoð maka síns eða barna sinna innan 21 árs, og sáu þeir heldur ekki ástæðu til þess að láta þau ákvæði laganna, sem aðeins ná til kaupstaðanna, taka hér eftir til allra kauptúna. Hinar breytingarnar eru teknar upp í frv., og eru ástæður fyrir þeim tilgreindar í bréfi því frá Iðnráðinu, sem fer hér á eftir.

Fylgiskjal.

TILLÖGUR

um breytingar á lögum nr. 18, frá 31. maí 1927, um iðju og iðnað.

Við 13. gr. Málsgreinin: „Þeir, sem iðnað reka einungis með aðstoð maka síns og barna undir 21 árs aldri", falli burt.

Við 13., 14. og 18. gr. Í stað „kaupstöðum" komi: kaupstöðum og kauptúnum.

Við 17. gr. Málsgreinin: „Í kaupstöðum er meisturum einum heimilt að taka nemendur til verklegs náms í iðn sinni", orðist svo: Meisturum einum er heimilt að taka nemendur til verklegs náms. 2. gr. laga nr. 11, frá 31. maí 1927, um iðnaðarnám, breytist samkvæmt því.

Við 18. gr. Aftan við 1. málsgrein bætist: Þó veitir slíkt iðnbréf ekki réttindi nema í því lögsagnarumdæmi, þar sem það er gefið út, enda sýni bréfið greinilega, að svo sé.

3. málsgrein falli burt.

Á eftir 19. grein komi ný grein, sem verði 20. gr. og hljóði svo:

Til þess að sjá um framkvæmd þessara laga og laga nr. 11 frá 31. maí 1927, um iðnaðarnám, skal í kaupstöðum landsins kjósa iðnráð, og verða með reglugerð sett nánari ákvæði um starfssvið þess og kosningu.

Töluröð eftirfarandi greina breytist að sjálfsögðu í samræmi hér við.

Við 27. gr., sem verður 28. gr. 3. málsgrein orðist svo:

Þeir, sem rétt höfðu til meistarabréfs og iðnbréfs 1. jan. 1928 og þá ráku sjálfstæða iðn, skulu þegar eftir að bréf þessi eru tilbúin, fá þau tilsend ókeypis. Eftir að meistara- og iðnbréfum hefir verið útbýtt á þennan hátt, má enginn nema þeir, sem lög þessi undanþiggja, reka iðn sjálfstætt iðnbréfslaus, og enginn taka lærlinga meistarabréfslaus.

Greinargerð.

Tillögur þessar um breytingar á nokkrum greinum laga um iðju og iðnað, frá 31. maí 1927, voru samþykktar samhljóða á fundi Iðnráðs Reykjavíkur í jan. 1929 og aftur í nóv. s. á.

Flestar iðngreinar í bænum eiga fulltrúa í ráðinu og stendur því meginþorri allra iðnaðarmanna bæjarins á bak við þessar óskir. Breytingarnar byggjast á þeirri sannfæring vorri, að tilgangur hinna háu löggjafa með lögum þessum sé sá, að tryggja rétt þeirra manna við atvinnurekstur, sem skýlaus viðurkenning er fyrir, að kunni iðn sína til hlítar. Á þann hátt stuðla lögin að bættum vinnubrögðum og eðlilegum framförum í hverri iðngrein.

En tilgangi þessum virðist oss ekki náð nema kröfurnar um kunnáttuvottorð (þ. e. iðnbréf, þar eð það fyrst um sinn oft mun verða veitt án þess að sveinsbréf sé fyrir hendi, sbr. 14. gr., tölulið 1. b) séu undantekningarlausar um alla þá, er sjálfir vinna að handverki því, er iðnbréfið hljóðar upp á. Skal nú gera nokkra grein fyrir hverjum lið í tillögum þessum.

13. gr. Vér lítum svo á, að nauðsyn beri til, að 1. töluliður í 13. gr. falli burt, þar eð hann lögfestir mönnum án sérþekkingar heimild til að reka sérhverja iðn, og það jafnvel í stærri stíl, með aðstoð fleiri eða færri barna, t. d. 4 til 5 sona á aldrinum 14 til 21 árs.

Það er augljóst, að í ýmsum iðngreinum, svo sem í mörgum greinum, sem að húsbyggingum lúta, hefir verkkaupandi oft engin skilyrði til að dæma um gæði vinnunnar, og getur útlitið jafnvel verið viðunandi, þó endingin verði léleg eða engin, af því reynslu og sérþekkingu á efnum, sem úr er unnið, vantaði. Á þetta einkum við um efni þau, er málarar, múrarar, málmsteypumenn o. fl. nota. Getur þetta því orðið til stórtjóns, einkum þar, sem ekkert lögskipað eftirlit er með þessum iðngreinum, en svo mun vera í allflestum kauptúnum.

Reynsla margra undanfarinna áratuga hefir þá og sýnt, að kunnáttulausir menn, verkamenn og sjómenn, hafa hiklaust tekizt á hendur að vinna öll verk, er að húsbyggingum lúta, og jafnvel að reisa heil hús. Hafa stundum hlotizt vandræði af óskammfeilni þessari, svo að ýms stærri bæjarfélög hafa í seinni tíð gert sérstakar kröfur til þeirra manna, sem takast slík verk á hendur. En sé ástæða til að gera þessar ráðstafanir í kaupstöðum landsins, þá virð-

ist ekki rétt, að lögin heimili ýmsum þeirra slíkan atvinnurekstur án iðnbréfs, fyrir þá sök eina, að þeir geti rekið hann með aðstoð uppkominna barna (sem þá þó samkvæmt skilyrðum laganna skortir kunnáttu til að kenna).

Ástæðulaust teljum vér að gefa mönnum kost á að smeygja sér undan ákvæðum laganna með því að flytja sig til stærri kauptúna, svo sem Akraness eða annara blómlegra byggðarlaga.

Vér lítum því svo á, að nauðsyn beri til, að kröfur um kunnáttuvottorð, þ. e. iðnbréf, séu einnig gerðar til atvinnurekenda í kauptúnum, og þurfa aldrei að hljótast vandræði af, þar eð lögreglustjórum er heimilt, sbr. 18. gr., að veita iðnbréf á ófullkomnum rétti, ef enginn er í einhverju kauptúni, sem uppfyllir skilyrði laganna til að geta öðlazt iðnbréf. Teljum vér því breytingar þær, er vér óskum á 13., 14. og 18. gr. og að þessu lúta, nauðsynlegar.

Breyting sú, sem óskað er á 17. gr., er í samræmi við anda laga nr. 11, frá 31. maí 1927, um iðnaðarnám. Byggist tillaga þessi á þeirri skoðun, að aldrei sé of vel til þeirra manna vandað, sem eiga að kenna komandi kynslóð, svo hún geti orðið fær um, í iðnaðarlegu tilliti, að lyfta oss upp á það menningarstig, sem vér að ýmsu öðru leyti höfum náð. Vér þykjumst fullvissir um, að þeir, sem eru svo færir í handverki sínu, að þeir geti kennt nemendum sínum allt það, sem krafizt er til sveinaprófs, eiga samkvæmt lögunum mjög hægan aðgang að meistarabréfum. Það virðist því engin ástæða til að veita öðrum heimild til að taka nemendur. Ella mundi námið oft verða byrjunin ein og eyða þeim árum unglinganna, sem heppilegust eru til að þeir stundi nám, en gefa þeim mönnum, sem þó eru ekki færir um að undirbúa þá að fullu undir prófsmíðina, tækifæri til að ábatast á vinnu unglinganna, án þess að trygging sé fyrir að nokkuð komi í staðinn.

Í 18. gr. er lögreglustjórum veitt heimild til að veita mönnum, sem annars uppfylla e k k i skilyrði laganna, iðnbréf, ef enginn er sá fyrir, sem rekur einhverja sérstaka iðn. En samkvæmt 16. gr. veitir „iðnbréf" aðila heimild til að reka iðn sína „hvar sem er á landi hér".

Virðist oss það opna mönnum leið til að fara í kringum lögin, ef þeir í sveitakaupstað geta fengið iðnbréf, sem veitir þeim rétt til þess að reka atvinnu sem fullgildir iðnaðarmenn hér í Reykjavík eða öðrum stærri bæjum landsins. Teljum vér því heppilegra, að iðnbréf þessi, sem menn hafa öðlazt af sérstökum ástæðum, séu staðbundin. Ástæðan fyrir því, að vér teljum heppilegra, að 3. liður 18. gr. falli burt, er þegar ljós af greinargerð fyrir breytingu á 17. gr.

19. gr. Ástæðan fyrir því, að vér óskum, að þessi grein verði sett inn í lögin, er sú, að í þeim er hvergi ákvæði um, hver eigi að hafa eftirlit með því, að lærlingum sé ekki haldið til vinnu um lög fram; að iðnnemar læri það, sem þeir eiga að læra hjá þeim, er taka þá til kennslu; að þeir séu látnir taka sveinspróf að námstíma loknum, eða að þeir, sem ganga undir sveinspróf, hafi rétt til þess; að ekki séu teknir til náms brotthlaupnir lærlingar, í trássi við aðra meistara; að ekki reki aðrir iðn, eða taki lærlinga, en þeir, sem réttindi hafa til þess, o. s. frv. En um allt þetta er óhjákvæmilegt að setja einhver ákvæði. Það hafa undanfarið verið til lög og reglugerð um iðnaðarnám og

sveinapróf, en aldrei framfylgt í neinu, af því enginn löglegur aðili hefir verið til, er skyldur væri að líta eftir því. Afleiðingin er sú, að þrátt fyrir ýmsar tilraunir til að lyfta iðnaði vorum, hefir hann smám saman verið að níðast niður í kák, óreiðu og öngþveiti á mörgum sviðum, því þeim, sem færir eru og samvizkusamir, hefir orðið of erfitt fyrir.

Má geta þess, að reglugerð sú, sem gefin var út 1893, var að ýmsu leyti góð. Þó er nú hin megnasta óreiða á öllu, sem að þessum málum lýtur, og mun það koma æ betur í ljós, er beita skal þessum nýju lögum réttilega. Teljum vér þá líklegt, að ýms ágreiningsatriði geti komið fram, þannig vaxin, að iðnaðarmenn einir geti um þau dæmt. Á hinn bóginn teljum vér þá leið happadrýgsta, til þess að fyrirbyggja ágreining út af þessum nýju lagaákvæðum, að gera sem tryggastar ráðstafanir til þess að þau verði haldin, og teljum einnig iðnaðarmenn sjálfa færasta þar um.

Hér í Reykjavík hefir þegar verið kosið Iðnráð, og eiga flestar iðngreinar, sem hér eru reknar, fulltrúa í því. Virðist það ætla að fá ærinn starfa við að leiðbeina mönnum og jafna minni væringar; á hinn bóginn kemur það naumast að fullum notum nema því verði veitt staðfesting með lögum.

27. gr. Ástæðan fyrir því, að vér óskum breytingar á þessari grein, er sú, að vér lítum svo á, að eftir að búið er að prenta og gefa út eyðublöð undir iðn- og meistarabréf, þá sé að lögum óheimilt að reka iðn án iðnbréfs og að hafa lærlinga án meistarabréfs, með þeim undantekningum, sem gerðar eru í 13. gr. laga um iðju og iðnað.

Vegna samræmis og eftirlits er nauðsynlegt, að þessu ákvæði sé fullkomlega framfylgt. Á hinn bóginn er vitanlega um land allt sægur af rosknum og reyndum iðnaðarmönnum, sem eiga ótvíræðan rétt á iðn- og meistarabréfum, og sem mundu þykjast hart leiknir, ef þeir þyrftu nú að fara að kaupa þessi bréf, og mundu jafnvel trassa að gera það. Afleiðingin yrði ýms óþægindi og stímabrak, sem óvíst er, að væri tilvinnandi fyrir þær krónur, sem fengjust inn í staðinn. Auk þessa skiljum vér lögin svo, að ekki sé ætlazt til að svipta neinn áður fengnum rétti, og virðast þá áður umgetnir menn eiga kröfur til þessara bréfa endurgjaldslaust, og eins fljótt og auðið er.

Ed.

72. Nefndarálit

um frv. til laga um kirkjugarða.

Frá menntamálanefnd.

Í frv. þessu, sem samið er af milliþinganefnd í kirkjumálum, eru ýmisleg nánari ákvæði um rétt manna og skyldur gagnvart kirkjugarði, svo og um meðferð kirkjugarða og hirðing, heldur en nú eru í lögum.

Helztu breytingarnar eru:

1. Á sveitar- og bæjarfélög eru lagðar þær skyldur að leggja til ókeypis hæfilegt kirkjugarðsstæði og innlent efni í girðingar um garðinn, þar sem slíkar kvaðir liggja ekki áður á einstökum jörðum eða lóðum. Ennfremur eiga sveitarfélögin að leggja akfæran veg frá kirkju að garði og leggja til vatn til vökvunar blóma.
2. Kostnaður við kirkjugarðsgerð á að jafnast niður á sóknarmenn á sama hátt og útsvör, í stað þess að nú á að jafna honum sem persónugjaldi á hvern gjaldskyldan safnaðarmann.
3. Gert er ráð fyrir, að viðurkenndur utanþjóðkirkjusöfnuður megi taka upp sérstakan grafreit, ef hann óskar, og að safnaðarmenn hans séu þá lausir við gjöld til kirkjugarðs sóknarinnar.

Telur nefndin rétt, að slíkir söfnuðir eigi þá einnig kost á sömu fríðindum frá sveitar- eða bæjarstjórn og ætluð eru öðrum, og flytur till. um það.

Nefndin telur, að frv. sé til allverulegra bóta, ef að lögum yrði, og leggur því til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 38. gr.

Aftan við fyrri málsgrein greinarinnar bætist ný setning, svo hljóðandi:

Nýtur þá söfnuðurinn sömu réttinda og þjóðkirkjusöfnuði eru veitt eftir 3. gr. 1.—4. tölul.

Alþingi, 28. febrúar 1931.

Jón Jónsson, form., frsm.	Erlingur Friðjónsson, fundaskrifari.	Guðrún Lárusdóttir.

Nd. 73. Nefndarálit

um frv. til laga um vitagjald o. fl. (þskj. 8).

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til við hv. deild, að frumvarpið verði samþykkt.

Einn nefndarmanna (HV) var fjarverandi (sökum forfalla), er frv. var athugað og afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 28. febrúar 1931.

H. Stefánsson, form., frsm.	Ásg. Ásgeirsson, fundaskrifari.	Sig. Eggerz.	Ólafur Thors.

Nd. 74. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 27, 27. júní 1921, um aukatekjur ríkissjóðs (þskj. 7).

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt.

Einn nefndarmanna (HV) var fjarverandi (sökum forfalla), er afstaða var tekin til frumvarpsins í nefndinni.

Alþingi, 28. febrúar 1931.

H. Stefánsson, form., frsm. Ásg. Ásgeirsson, fundaskrifari. Sig. Eggerz. Ólafur Thors.

Nd. 75. Nefndarálit

um frv. til tolllaga (þskj. 6).

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar er ásáttur um að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt. — Um ástæður fyrir afstöðu nefndarhlutans vísast til athugasemdanna við frumvarpið.

Einn nefndarmanna (HV) var fjarverandi (sökum forfalla), er frumvarpið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 28. febrúar 1931.

H. Stefánsson, form., frsm. Ásg. Ásgeirsson, fundaskrifari. Sig. Eggerz. Ólafur Thors.

Ed. 76. Frumvarp

til laga um stofnun vélstjóraskóla á Akureyri.

Flutningsm.: Erlingur Friðjónsson.

1. gr.

Á Akureyri skal stofna vélstjóraskóla, er gefi mönnum kost á að læra meðferð mótorvéla, allt að 150 hestafla.

Við skóla þennan skipar ríkisstjórnin fastan kennara í mótorvélfræði, sem jafnframt er forstöðumaður skólans, og ákveður ríkisstjórnin laun hans.

Einnig ræður ríkisstjórnin aðra kennara við skólann, eftir því, sem þörf krefur.

Laun forstöðumanns, kennara og allur annar kostnaður við skólann greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Til mótorvélstjóraprófs útheimtist:

1. Í íslenzku: Að geta gert léttan stíl um almennt efni, skrifað sæmilega og nokkurnveginn rétt.
2. Í dönsku: Að geta lesið upp og þýtt léttan kafla í danskri bók verkfræðilegs efnis.
3. Í mótorfræði: Þekking á hinum algengustu mótorum, sem notaðir eru í skipum og á landi, útbúnaði þeirra, hirðingu og stjórn. Þekking á sundurliðun mótora, hreinsun þeirra og samsetningu. Þekking á að lagfæra þá galla á mótorum, sem orsakast af notkun og sliti. Þekking á algengustu bilunum mótora, áhöldum þeirra og endurbótum. Þekking á hinum algengustu eldsneytistegundum, sem notaðar eru til mótora, hestafla þeirra og olíueyðslu.
4. Í reikningi: Þekking á hinum fjórum algengu reikningstegundum með heilum tölum, almennum brotum og tugabrotum; að geta leyst léttar líkingar með einni óþekktri stærð og prósentureikningi.
5. Í eðlisfræði: Þekking á lögum um loftkennd efni, þrýstimælum, eðlisþyngd hita og dreifing hans, útþenslu hluta við hita, hitamælum, bræðslu, eldsneyti og vélaáburði.

3. gr.

Próf er skriflegt, munnlegt og verklegt. Það skal haldið af prófnefnd, og eru í henni forstöðumaður skólans og tveir menn aðrir, er ríkisstjórnin skipar í hvert sinn, og skal fyrir prófinu standa sá nefndarmanna, er skipaður er oddviti.

Hinir skipuðu prófdómendur velja prófverkefni. Verkefni til hins skriflega prófs skulu þeir afhenda í lokuðu umslagi í byrjun hvers úrlausnartíma.

Kennarar dæma um kunnáttu prófsveina, hver í sinni grein, ásamt hinum tveim, sem tilnefndir eru af stjórnarráðinu.

4. gr.

Sá einn má ganga undir mótorvélstjóapróf, sem:

1. Hefir stundað járnsmíði eða vélsmíði eitt ár í þeim járnsmiðjum, er stjórnarráðið tekur gildar, eða á eigin ábyrgð hefir verið mótorvélstjóri á mótorbát eitt ár, eða verið 2. vélstjóri á bát yfir 12 smálestir að stærð um jafnlangan tíma og áður greinir.
2. Sýnir læknisvottorð um, að hann hafi enga líkamsgalla, sem haft geti áhrif á þessa framtíðarstarfsemi hans.
3. Er fullra 18 ára að aldri.

Sé sá, er undir próf vill ganga, eigi námssveinn vélstjóraskólans á Akureyri, skal beiðni hans um að fá að ganga undir próf send forstöðumanni skólans mánuði áður en prófið er haldið.

Auk áðurnefndra vottorða skulu beiðninni fylgja vottorð frá þeim manni eða mönnum, er kennt hafa umsækjanda eitthvað, er að vélfræði lýtur.

Hafi hann gengið undir mótorvélstjórapróf áður, skal þess getið í umsókninni.

Sá, sem fengið hefir mótorvélstjórapróf áður en lög þessi ganga í gildi, hefir rétt til þess að ganga undir próf samkvæmt lögum þessum, þótt hann fullnægi ekki í öllu skilyrðum þeirra.

5. gr.

Stjórnarráðið setur reglugerð um inntökuskilyrði, fyrirkomulag kennslunnar, próf o. fl.

6. gr.

Þeim, sem prófi hefir náð, skal veitt skírteini um það. Skal þar telja þær kennslugreinar, sem hann hefir verið reyndur í, og tilgreina einkunn þá, sem gefin er, og jafnframt bæði hina lægstu, er krafizt er til að standast próf, og hina hæstu, sem unnt er að ná. Allir þrír prófdómendurnir skulu undirrita prófskírteinið.

Nöfn þeirra, sem undir prófið ganga, skal rita í þar til gerða bók. Skal í henni skýrt frá fullu nafni hvers eins, fæðingarstað, degi og ári, svo og frá einkunnum þeim, sem gefnar hafa verið við prófið.

7. gr.

Við vélstjóraskólann á Akureyri er heimilt að hafa námskeið fyrir þau vélstjóraefni, sem ekki hafa í hyggju að stjórna stærri mótorvélum en 15 hestafla, og skal þá miða kennslu í meðferð þessara véla við það, að nemandi geti talizt fær um að stjórna slíkri vél og hirða svo vel sé.

8. gr.

Þegar vélstjóraskólinn á Akureyri tekur til starfa, falla niður námskeið þau í mótorvélafræði, sem Fiskifélag Íslands hefir haldið uppi norðanlands.

9. gr.

Ákvæði annara laga, sem kynnu að koma í bága við lög þessi, eru hér með úr gildi numin.

Greinargerð.

Á þingmálafundi, sem haldinn var á Akureyri laugardaginn 7. febrúar síðastliðinn, var samþykkt svohljóðandi tillaga:

„Fundurinn skorar á Alþingi að stofna mótorskóla hér á Akureyri þegar á næsta ári. Veiti skólinn fullkomna kennslu og réttindi til gæzlu jafnt stórra sem lítilla mótora“.

Eins og kunnugt er, ryður mótoraflið sér æ meir og meir til rúms, jafnt hér á landi sem annarsstaðar. Fyrstu mótorvélarnar, sem fluttust hingað til lands, voru litlar bátavélar, en brátt sáu menn, að mótorinn er mjög heppilegur orkugjafi í stærri skip, sem fiskveiðar stunda.

Á síðustu árum hafa mótorar skipa og báta farið sístækkandi, en seglin að sama skapi minnkandi, enda er það nú orðið mótorinn, sem allir reiða sig á, ekki einasta skipshöfnin, heldur einnig eigendurnir og þeir, sem leggja fé í útgerðina.

Í fyrstu var engin sérstök kennsla í meðferð þessara véla, en 1915 fór Fiskifélag Íslands að halda námsskeið, til að kenna mönnum meðferð mótorvéla, og hefir það síðan haldið uppi þessari kennslu víðsvegar um landið. Hafa námsskeiðin venjulega staðið 1½ til 2 mánuði, en vitanlega er það allt of stuttur tími til þess að læra svo vandasamt verk, sem gæzla mótorvéla er.

Almennur áhugi er vaknaður meðal mótorgæzlumanna norðanlands fyrir því, að stofnaður verði á Norðurlandi mótorskóli. Liggja þær orsakir til þess, að menn sjá, að kennsla sú, sem veitt er á námsskeiðum Fiskifélagsins og er sú eina, sem menn hafa átt kost á að afla sér í þessari grein, er alls ekki fullnægjandi. Því eins og áður er sagt, fara vélarnar alltaf stækkandi og krefjast því meiri kunnáttu og þekkingar á meðferð þeirra. Próf þau, er menn taka á námsskeiðum Fiskifélagsins, veita ekki réttindi til gæzlu stærri mótora en 50 ha., og er það vitanlega allt of lítið, því fjölmargar vélar í mótorskipum eru miklu stærri en það.

Til þess að ráða bót á þessu ástandi, sem alls ekki er viðunandi, virðist bezta ráðið að stofnsetja og starfrækja mótorskóla, sem gerir mönnum fært að afla sér þekkingar og öðlast réttindi til gæzlu jafnt stórra sem lítilla mótora. Sýnist öll sanngirni mæla með því, að stofnaður verði sérstakur skóli, sem kennir meðferð mótorvéla, eins og fyrir 15 árum var stofnaður skóli til að kenna meðferð gufuvéla, Vélstjóraskóli Íslands. Ekki sízt, þegar vitanlegt er, að í mótorskipaflota landsins liggur sennilega engu minna verðmæti en í gufuskipaflotanum, þeim er fiskveiðar stundar. Það, sem meira máli skiptir, er, að mótorskipin eru langtum fleiri að tölu, og því miklu fleiri menn, sem atvinnu hafa við gæzlu mótorvéla.

Ástæður fyrir því, að full þörf sé slíks skóla á Norðurlandi sem hér um ræðir, eru meðal annars þær, að útgerðin norðanlands er því nær eingöngu rekin með mótorskipum og bátum, að námsskeið þau, sem haldin hafa verið, hafa venjulega verið mjög vel sótt, sem mun stafa af hinni miklu þörf á þekkingu í mótorvélfræði. Hafa námsskeið Fiskifélagsins verið sótt af öllu Norðurlandi til Akureyrar, og jafnvel austan af Austfjörðum.

Frá Eyjafirði og Siglufirði ganga árlega á annað hundrað mótorskip og mótorbátar, og fjöldi af svo kölluðum „trillum“. Auk þess er talsverð mótorbátaútgerð til beggja handa við Eyjafjörð og Siglufjörð, austur að Langanesi og vestur að Horni, svo trauðla munu vera undir 150 mótorskip og mótorbátar, sem gerð eru út frá Norðurlandi árlega, og fer tala þeirra stöðugt vaxandi.

Sýnir þetta meðal annars hina miklu þörf fyrir skóla norðanlands, er kenni meðferð mótorvéla.

77. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 18, 19. júní 1922, um fiskimat.

(Lagt fyrir Alþingi 1931).

1. gr.

3. málsgrein 1. gr. laganna orðist svo:

Allur fiskur, sem fluttur er til Spánar, skal vera bundinn í bagga og vera í hæfilegum umbúðum, að dómi matsmanna. Sama gildir um fisk, sem fluttur er til hinna annara Miðjarðarhafslanda, ef hann er fluttur til þessara landa um önnur lönd.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALOG

um

breyting á lögum nr. 18, 19. júní 1922, um fiskimat.

Vér Christian hinn Tiundi, af Guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gerum kunnugt: Með því að atvinnu- og samgöngumálaráðuneyti Vort hefir þegnlega borið upp fyrir Oss, að nýlega sé aftur farið að flytja saltfisk lausan í skipum til Spánar, sem hætt hafi verið við um nokkurt skeið vegna þess, að talin var hætta á skemmdum á fiskinum í þeim flutningum, og með því að Spánarmarkaðinum er talin stafa hætta af þessari flutningsaðferð, ef hún yrði nú aftur tekin upp að nokkru ráði, teljum Vér það brýna nauðsyn að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar 18. maí 1920.

Því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

3. málsgrein 1. gr. laganna orðist svo:

Allur fiskur, sem fluttur er til Spánar, skal vera bundinn í bagga og vera í hæfilegum umbúðum, að dómi matsmanna. Sama gildir um fisk, sem fluttur er til hinna annara Miðjarðarhafslanda, ef hann er fluttur til þessara landa um önnur lönd.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gert á Skaganum, 21. september 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

Ed. 78. Nefndarálit

um frv. til laga um utanfararstyrk presta.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um að mæla með því, að frv. nái fram að ganga með nokkrum breytingum.

Nefndin telur rétt, að fríkirkjuprestar geti fengið utanfararstyrk, engu síður en þjóðkirkjuprestar, og fellir því burt úr frv. það orð, sem bindur styrkinn við þjóðkirkjupresta eina.

Þá lítur nefndin svo á, að heppilegt sé, að utanfarir presta séu farnar í samráði við væntanlegt kirkjuráð, sem miklar líkur eru til, að verði skipað þeim mönnum, er gefið gætu góðar og heppilegar leiðbeiningar um ferðir prestanna, til þess að þær kæmu þeim að sem allra mestu gagni.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað orðanna »allt að 5 prestum þjóðkirkjunnar« komi: 2—5 prestum.
2. — 2. — Greinin orðist svo:

Styrkur samkvæmt 1. gr. veitist með því skilyrði, að prestur sá, er hans nýtur, dvelji eigi skemur en 4 mánuði

erlendis, til að kynnast þar kirkju- og menntalífi eða mannúðarmálum í samráði við kirkjuráð, þegar sett verður. Skal hann síðan flytja í héraði sínu erindi um einhver þau efni, er hann hefir kynnt sér í utanför sinni, og skal að minnsta kosti eitt þeirra birt á prenti eða flutt í útvarp.

3. Við 4. gr. Síðari málsgrein orðist svo:

Nú verður þjónustu nágrannaprests alls eigi komið við, að dómi kirkjustjórnar, og sér hún þá prestakallinu fyrir prestsþjónustu.

Alþingi, 2. marz 1931.

Jón Jónsson, form.	Guðrún Lárusdóttir, frsm.	Erlingur Friðjónsson, fundaskrifari (með fyrirvara).

Nd. 79. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr 29, 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Flutningsm.: Jón A. Jónsson.

1. gr.

4. gr. laga nr. 29, 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, orðist svo:

Nú er lögtak leyft, og skal beiðandi eða fógeti, er hann samkvæmt embættisskyldu á að annast um framkvæmd á lögtaki, hlutast til um, að beiðnin með árituðum úrskurði sé birt skuldunaut af stefnuvottum að minnsta kosti viku fyrr en lögtak á að fara fram. Þá er innheimta skal í kaupstöðum og kauptúnum með yfir 300 íbúa skatta til ríkissjóðs, brunabótagjöld, bæjar-, sveitar- og kirkjugjöld, svo og önnur opinber gjöld, nægir að auglýsa á þann hátt, sem þar tíðkast um opinberar auglýsingar, að fógeti hafi úrskurðað lögtak á gjöldunum og að lögtakið fari fram án frekari fyrirvara. Skal það gert að minnsta kosti viku áður en lögtakið á að fara fram. Eigi er þörf að greina nöfn skuldunauta í auglýsingunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1931.

Á s t æ ð u r :

Það er orðið svo umfangsmikið starf að innheimta opinber gjöld í hinum stærri kauptúnum, og þeir starfsmenn hins opinbera, sem innheimtuna

annast, eru svo lágt launaðir, að engin von er þess, að þeir geti offrað þeim mikla tíma, sem til þess þarf. Þá er og þess að gæta, að það er tiltölulega kostnaðarsamt fyrir hina fátækari gjaldendur að þurfa að greiða birtingarkostnað lögtaks á smáupphæðum. Eru þess mörg dæmi, að kostnaður við birtingu lögtaks hefir orðið hærri en gjaldið, sem taka á lögtaki.

Þar sem telja má jafntryggt, að skuldunautur fái vitneskju um lögtakið í kauptúnum sem í kaupstöðum, með því að birta það með auglýsingu í kauptúninu, þá virðist ekkert því til fyrirstöðu, að slík auglýsing um lögtak á opinberum gjöldum sé látin nægja í kauptúnunum, eins og nú er í kaupstöðum.

Ed. 80. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um dýrtíðaruppbót á laun embættis- og starfsmanna ríkisins.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um tillögu þessa. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að tillagan verði samþykkt óbreytt; hefir og samskonar tillaga verið samþykkt á tveim undanförnum þingum.

Nánara í framsögu.

Alþingi, 3. marz 1931.

Jón Baldvinsson, fundaskrifari og frsm. meiri hl.

Jón Þorláksson.

Nd. 81. Tillaga

til þingsályktunar um sölu viðtækja.

Flm.: Haraldur Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um það við stjórn Viðtækjaverzlunar ríkisins, að sölufyrirkomulaginu verði breytt í það horf, að viðtækin fáist framvegis keypt gegn greiðslu á sem mestum hluta andvirðisins með ákveðnum mánaðarafborgunum.

Greinargerð.

Viðtæki eru svo dýr, að öllum þorra fólks er ofvaxið að greiða andvirði þeirra allt, auk uppsetningarkostnaðar, við móttöku. Áskoranir og tilmæli

til ríkisstjórnarinnar og stjórnar Viðtækjaverzlunarinnar hafa drifið að víðsvegar af landinu um að breyta sölufyrirkomulaginu þannig, að viðtækin fengjust gegn ákveðnum mánaðarafborgunum á að minnsta kosti nokkrum hluta andvirðisins. Með núverandi fyrirkomulagi á sölunni er fjölda fólks, sem að öðrum kosti gæti eignazt viðtæki, gert það ókleift með öllu, og það þar með útilokað frá því að geta notið þess fróðleiks og skemmtunar, sem útvarpinu er ætlað að breiða út um byggðir landsins.

Telja má víst, að útvarpinu væri og beinn fjárhagslegur gróði að því, að sölufyrirkomulagi Viðtækjaverzlunarinnar yrði breytt í þetta horf. Viðtækjaeigendum myndi áreiðanlega fjölga stórmikið og tekjur útvarpsins þar með aukast mjög mikið.

Nd. 82. Frumvarp

til laga um undanþágu skóla og sjúkrahúsa frá afnotagjaldi til útvarps.

Flm.: Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Skólar, sjúkrahús og aðrar menningar- og mannúðarstofnanir, sem reknar eru fyrir almannafé, skulu undanþegnar greiðslu á afnotagjaldi því til útvarps, er greinir í 6. gr. laga nr. 31, 7. maí 1928.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Í 6. gr. laga nr. 31, 7. maí 1928, um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi, er svo fyrir mælt, að ríkisstjórnin skuli ákveða afnotagjald fyrir hvert viðtæki. Er þar ekki gert ráð fyrir, að nokkru sinni — hver sem í hlut á — sé veitt undanþága frá þessu gjaldi eða ívilnun á því. Á síðasta þingi var útvarpslögunum breytt nokkuð, en þó í engu, er þetta atriði snertir. Mælir þó öll sanngirni með því, að skólar, sjúkrahús og aðrar slíkar stofnanir séu undanþegnar afnotagjaldinu, enda er það að taka úr öðrum vasanum og leggja í hinn, að skattleggja opinberar stofnanir til útvarpsins. Einstakar greinir frv. þurfa eigi skýringa.

Nd. 83. Frumvarp

til laga um styrkveiting til handa íslenzkum stúdentum við erlenda háskóla.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Heimilt er ráðherra að veita, samkvæmt tillögu menntamálaráðs Íslands, styrk til náms við erlenda háskóla íslenzkum stúdentum, allt að 7 á ári, enda hafi þeir lokið stúdentsprófi hér á landi.

2. gr.

Styrkurinn veitist venjulega til 5 ára, allt að 1200 kr. ísl. á ári, sbr. þó 3. gr. Styrkurinn sé greiddur stúdentum með 10 jöfnum upphæðum árlega, og að öðru leyti með skilyrðum þeim, er segir í lögum nr. 7, 12. apríl 1928 (lið e), um menntamálaráð Íslands.

3. gr.

Styrkinn skal að jafnaði veita þeim stúdentum einum, er lokið hafa stúdentsprófi á því ári, er styrkurinn er veittur. Þó má menntamálaráð, ef því finnst ástæða til, veita umsækjanda styrk þótt lengra sé liðið frá því umsækjandi lauk stúdentsprófi. Hætti stúdent námi eða ljúki fullnaðarprófi, fellur styrkveiting til hans þá þegar niður.

4. gr.

Nú hefir styrkþegi notið árlegs styrks af fé því, er menntamálaráð hefir úthlutað áður lög þessi öðlast gildi, og skal þess þá gætt, að samanlagður tími sá, er hann nýtur styrks, fari eigi fram úr 5 árum.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 35, 27. júní 1925, um styrkveiting til handa íslenzkum stúdentum við erlenda háskóla.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að tilmælum íslenzkra stúdenta, er nám stunda í Kaupmannahöfn, og er að mestu samhljóða frv., er þeir sömdu og létu fylgja svolátandi greinargerð:

„Fjárhagur íslenzkra stúdenta, er nám stunda við erlenda háskóla, hefir aldrei verið góður, en þó mun sanni næst, að nú sé hann yfirleitt verri en áður. Veldur þessu meðal annars það, að stúdentum, er erlendis lesa, fjölgar með ári hverju og verða þá að sama skapi fleiri um styrki þá, sem hægt er að fá, því sárfáir þessara stúdenta eiga svo efnaða aðstandendur, að þeir geti

lokið námi sínu án styrks eða lána. Yfirleitt má gera ráð fyrir, að langflestir íslenzkir stúdentar í útlöndum geti eigi lokið námi sínu án þess að hafa tekið lán svo þúsundum króna skipti, og það þótt þeir hafi haft eitthvað af styrkjum. 5—6 ára námstími kostar hvern stúdent að minnsta kosti 13000—15000 kr., og enginn fær meira en helming þess fjár í styrkjum, og langflestir miklu minna. Er því auðsætt, að fjárhagur stúdenta og kandidata er næsta bágborinn, svo ekki er vanþörf á að reyna eitthvað til að bæta úr brýnustu þörfinni. Því er það, að fjárhagsnefnd félags íslenzkra stúdenta í Kaupmannahöfn leyfir sér að leggja til ofangreinda breytingu á fyrirkomulagi ríkissjóðsstyrkja til íslenzkra stúdenta í útlöndum.

Þegar lögin um menntamálaráð voru sett, mun það hafa verið tilgangur þings og stjórnar, að menntamálaráðsstyrkurinn kæmi í staðinn fyrir þá lausastyrki, er stúdentar höfðu áður fengið til náms í útlöndum, með því að sækja beint til Alþingis og fá styrkina tekna í fjárlög hvers árs sem persónulega styrki. En sá böggull fylgdi skammrifi við þessa breytingu, að þeir, sem áður hafa haft fjögurra ára styrkinn, eru nú útilokaðir frá því að fá framhalds- eða lokastyrk, sem þeir þó oftast fengu áður frá Alþingi. Menntamálaráðið hefir hingað til ekki veitt nema einum manni framhaldsstyrk, sem áður hafði haft fjögurra ára styrkinn, en aðallega styrkt þá, sem skemmra voru á veg komnir. Nú er það á allra vitorði, að fæstir ljúka námi á skemmri tíma en 5 árum, og margir þurfa á lengri tíma að halda. Virðist því hart aðgöngu að svipta menn allri styrkvon eftir að hafa styrkt þá í fjögur ár, og neyða þannig stúdenta til að binda sér erfiða skuldabagga á síðustu námsárunum, eða að lengja námstímann enn meir með því að eyða tíma í illa borgaða aukavinnu. Ennfremur er sá hængur á styrkjum menntamálaráðsins, að engin vissa er fyrir því, að menn fái hann meira en eitt ár í senn. Er það þeim mun óheppilegra, sem svo virðist, að styrkurinn sé aðallega veittur mönnum snemma á námsárum þeirra. Getur þannig stúdent, sem hefir haft menntamálaráðsstyrk í 2—3 ár, átt á hættu að missa hann fyrirvaralaust og standa þá á flæðiskeri. Nú má segja sem svo, að þetta myndi ekki koma til mála, nema sérstakar ástæður væru fyrir hendi, en ólíku tryggara væri það fyrir stúdenta, og að öllu leyti heppilegra, ef styrkurinn væri veittur til viss árafjölda.

Í þriðja lagi er það óheppilegt fyrirkomulag fyrir báða aðila, að námsstyrkur af ríkisfé, sem veittur er stúdentum af sömu mönnum, skuli vera veittur þannig í tvennu lagi og með misjöfnum kjörum. Fyrir þá, sem menntamálaráðsstyrk fá á fyrsta stúdentsári, er hann veittur óheppilega seint, því í september þurfa margir þeirra að vera farnir af stað eða komnir til náms. Og þeim eldri, er um styrkinn sækja, er nokkur óréttur ger í því, að stúdentar á fyrsta ári, sem ekki hafa fengið fjögurra ára styrkinn, skuli þegar á sama ári geta sótt um menntamálaráðsstyrk og staðið þar jafnt að vígi og þeir eldri.

Út frá þessum forsendum leyfum vér oss því að fara fram á ofangreinda lagabreytingu.

Nú sem stendur hafa af 90 íslenzkum stúdentum við erlenda háskóla aðeins 28 ríkisstyrk (16 fjögurra ára styrk og 12 menntamálaráðsstyrk) ca.

36000 kr. ísl. á ári. (Til samanburðar má geta þess, að 1925, þegar lögin um fjögurra ára styrkinn voru sett, stunduðu aðeins ca. 30 ísl. stúdentar nám erlendis).

Ef menn nú hugsa sér, að þessir 12 styrkþegar menntamálaráðs haldi styrknum hver í 4 ár, svarar þetta til, að 7 menn fái á ári hverju styrk til 4 ára, fjórir 1200 kr. danskar og þrír 1000 kr. ísl. á ári. Breytingartillaga vor fer aðeins fram á að gera þessar 7 árlegu styrkveitingar jafnar og samtímis að lengja styrktímann upp í 5 ár. Til þess að skapa ekki ríkissjóði of mikil aukin útgjöld, leggjum vér til, að styrkurinn verði 1200 kr. ísl. eða 1000 kr. danskar á ári. Hin árlega útborgun ríkissjóðs til stúdenta erlendis hækkar þannig aðeins um 6000 kr., en tala styrkþeganna á ári hverju vex upp í 35, og samtímis er stúdentum mun betur borgið með 1200 kr. árlegum styrk í 5 ár en jafnvel með 1200 kr. danskar í 4 ár, að ekki sé borið saman við hinn óvissa menntamálaráðsstyrk.

Breytingin við 3. gr. laganna er þannig til komin, að oss finnst ekki rétt að útiloka stúdenta frá styrk, þótt eitt ár sé liðið frá stúdentsprófi þeirra, því það er altítt, að menn hafa ekki ákveðið nám sitt fyrr en að ári liðnu.

Bráðabirgðaákvæðið í 4. gr. er sett til þess, að þeir stúdentar, er nú hafa menntamálaráðsstyrk, geti notið hans áfram, en er þeir hafa lokið námi, eiga allir styrkirnir að vera orðnir fastir".

Kaupmannahöfn, 7. febrúar 1931.

F. h. „Félags ísl. stúdenta í Kaupmh."

Jóhannes Áskelsson. *Jón Blöndal.* *Jakob Benediktsson.*

Nd. 84. Frumvarp

til laga um læknishéraðasjóði.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Sé læknishérað læknislaust, svo að eigi komi til greiðslu á embættislaunum, eða hluta þeirra, til þjónandi læknis í því héraði, skulu launin eða launahlutinn með dýrtíðaruppbót renna í sérstakan sjóð, er verður eign hlutaðeigandi héraðs. Við ákvörðun þessarar upphæðar skal jafnan miða við byrjunarlaun eins og þau eru ákveðin í lögum um laun embættismanna.

2. gr.

Sjóðir þeir, sem stofnaðir eru samkvæmt 1. gr., nefnast læknishéraðasjóðir. Skulu þeir vera í vörzlu og undir umsjá heilbrigðisstjórnarinnar, sem sér um, að fé þeirra sé jafnan handbært og ávaxtað á tryggum stað.

3. gr.

Fé læknishéraðasjóða skal varið til þess að tryggja eftir föngum, að héruðin séu sem sjaldnast læknislaus, svo sem með því að leggja það til læknisbústaða eða annars þess, sem ætla má, að verði til þess að gera héruðin eftirsóknarverðari fyrir lækna eða horfi til endurbóta á heilbrigðismálum héraðsins.

4. gr.

Landlæknir gerir, eftir að hafa leitað álits hlutaðeigandi héraðsbúa, tillögur um fjárveitingar úr læknishéraðasjóðum, en heilbrigðisstjórnin tekur ákvarðanir um þær.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1932.

Greinargerð.

Laun þau, sem héraðslæknar njóta úr ríkissjóði, ber nánast að skoða sem framlög af hálfu hins opinbera til heilbrigðisráðstafana í hlutaðeigandi héruðum. Það er því með öllu óviðeigandi, að framlag þetta skuli falla niður, ef hérað verður læknislaust, eða lækka um helming, ef nágrannalæknir þjónar embættinu um stundarsakir. Þau héruðin, sem afskekktust eru, strjálbýlust og erfiðust, verða oftast læknislaus, en einmitt þeim er hvað mest þörf opinbers styrks og framlags til að geta haft heilbrigðismál sín í sæmilegu lagi. Tilgangurinn með frv. þessu er að tryggja það, að það fé, sem hið opinbera hefir ætlað til læknislauna, renni jafnan til hlutaðeigandi héraða og sé notað til heilbrigðisráðstafana þar. Fátt er líklegra til að hæna lækna að hinum afskekktari héruðum og gera þau eftirsóknarverð í þeirra augum en það, ef þeim væri lagður til sæmilegur læknisbústaður eða hentug flutningatæki, t. d. bifreiðar eða mótorbátar.

Um útgjöld fyrir ríkissjóð umfram það, er fjárlög áætla, er hér ekki að ræða, því að í fjárlögum eru jafnan áætluð full laun til lækna í öllum héruðum landsins.

Um einstakar greinar þykir ekki ástæða til að fjölyrða. Þær skýra sig sjálfar.

Nd. 85. Tillaga

til þingsályktunar um skilning á 5. málsgr. 14. gr. laga um varnir gegn berklaveiki, nr. 60, 14. júní 1929.

Flm.: Haraldur Guðmundsson.

Neðri deild Alþingis ályktar, að skilja beri 5. málsgr. 14. gr. laga um varnir gegn berklaveiki svo, að jafnan beri að semja fyrirfram fyrir hálft eða

heilt ár í senn við ljóslækningastofur og sjúkrahús um kostnað allan við dvöl og lækningu styrkhæfra sjúklinga. Við þá samninga er rétt að leggja til grundvallar kostnað á Vífilsstöðum, þar með talin hæfileg húsaleiga fyrir hælið og læknisbústaði, en taka tillit til alls aðstöðumunar, svo sem áhvílandi skulda, verðmunar, einkum á mjólk og rafmagni. Náist ekki samningar á þessum grundvelli, getur ríkisstjórnin tilkynnt hámark daggjalda og annars kostnaðar, en minnst með sex mánaða fyrirvara.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en var þá felld í neðri deild, að því er forseti úrskurðaði, með engu mótatkvæði gegn 12 meðatkvæðum. Þar sem telja má víst, að meiri hluti deildarinnar sé tillögunni samþykkur, þykir sjálfsagt að flytja hana aftur nú. Í fyrra fylgdi tillögunni ítarleg greinargerð, bréf atvinnumálaráðuneytisins og svar Vilmundar Jónssonar læknis á Ísafirði fyrir hönd sjúkrahússnefndarinnar þar. Vísast til þessara skjala.

Nd. 86. Tillaga

til þingsályktunar um sölu viðtækja (útvarpstækja) og um lækkun afnotagjalds.

Flutningsmenn: Jón A. Jónsson, Pétur Ottesen.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. að sjá um, að einkasala ríkisins á útvarpstækjum (viðtækjum) veiti kaupendum, sem þess óska, kost á að greiða andvirði tækjanna á allt að þrem árum.
2. að árlegt afnotagjald verði lækkað niður í að minnsta kosti 20 krónur.

Ástæður.

Fullyrða má, að útvarpið getur orðið og á að verða til menningarauka fyrir þjóðina. Þá er þess og vænzt, að það geti orðið til hagsbóta fyrir atvinnurekendur, að því er snertir veðurfregnir. Loks mun það verða til skemmtunar, einkum í fjarlægari héruðum. Það er því mikil nauðsyn, að sem flestir geti notfært sér það, sem útvarpað verður.

Eins og nú er fyrir komið sölu viðtækja, er langt frá því, að allur almenningur geti notfært sér útvarpið. Allur þorri hinna efnaminni manna getur ekki greitt andvirði tækjanna við móttöku og mörg hinna smærri heimila munu skirrast við að kaupa tækin, jafnvel þó gjaldfrestur fáist, ef árlegt afnotagjald er 30 krónur, eins og nú hefir verið ákveðið.

Nd. 87. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 17, 19. maí 1930, um stofnun flugmálasjóðs Íslands.

Flutningsm.: Jón A. Jónsson, Pétur Ottesen.

1. gr.

Í stað »10 aurar« í 3. gr. laganna komi: 5 aurar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1931.

Ástæður.

Á síðastliðnu ári var síldveiði þessi: saltað og sérverkað 185809 tn., látið í bræðslu um 545000 mál. Hefir því síldveiðin verið skattlögð til flugmálasjóðs með um 70 þús. kr. á árinu 1930, því að vart hefir aflazt meira en 30 þús. tn. og mál á reknetaskipin.

Áður en þessi skattur til flugmálasjóðs var lögfestur, var síld og síldarafurðir skattlagt hærra að hundraðstölu verðmætis en aðrar útflutningsvörur. Skatturinn til flugmálasjóðs átti að skoðast sem endurgjald fyrir síldarleit flugvélar, sem haft hefir það starf með höndum. Nú er það ósannað, hvort eða að hve miklu leyti slík leit að síld er til hagsbóta fyrir síldveiðendur, og það er sennilegast, að á þeim tímum, sem veðrátta er í lakara lagi, muni notin verða lítil.

Þá er þess að gæta, að jafnvel þótt flugvél væri að mestu eða öllu bundin við leitina í 10 vikur, þá mundi sá kostnaður vart fara fram úr 30 þús. krónum. Nú er fullt útlit fyrir, að verð á síld til bræðslu verði mjög lágt á sumri komanda, sennilega um 4 krónur málið. Flugmálaskatturinn einn yrði þá að óbreyttri upphæð $2^1/_2\%$.

Að þessu athuguðu virðist sjálfsagt að lækka gjaldið, ekki minna en hér er farið fram á.

Nd. 88. Frumvarp

til laga um veiting ríkisborgararéttar.

Flm.: Haraldur Guðmundsson.

Ríkisborgararétt skal öðlast: Johan Martin Pettersen Hestnæs, fæddur í Noregi.

Greinargerð.

Johan Martin Pettersen Hestnæs er fæddur í Gimsey í Lofoten í Noregi 18. ágúst 1869. Hann fluttist til Íslands árið 1905, dvaldi fyrst 2 ár á Seyðisfirði, síðan 1 ár í Álftafirði, flutti þaðan til Ísafjarðar árið 1908 og hefir dvalið þar síðan, í 22 ár. Hann giftist árið 1909 íslenzkri konu. Þau eiga 3 börn.

Nd. 89. Frumvarp

til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

Flutningsmenn: Héðinn Valdimarsson, Jón Ólafsson, Sigurjón Á. Ólafsson, Magnús Jónsson.

1. gr.

Jarðirnar Þormóðsstaðir og Skildinganes í Seltjarnarneshreppi, ásamt öllum lóðum og löndum, sem seldar hafa verið frá þeim, svo og verzlunarstaðurinn Skildinganes við Skerjafjörð, skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur frá 1. janúar 1932.

2. gr.

Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sér framfærslu allra þeirra þurfalinga, sem eru eða verða og framfærslusveit eiga eða mundu eignast, ef lög þessi yrðu ekki sett, vegna fæðingar eða dvalar á löndum þeim, sem um ræðir í 1. grein.

3. gr.

Fyrir árslok 1931 skulu fara fram endanleg fjárskipti milli Reykjavíkur og Seltjarnarneshrepps, þar á meðal væntanleg skaðabótagreiðsla til Seltjarnarneshrepps vegna laga þessara.

Náist ekki samkomulag milli nefndra aðila, skal það, sem milli ber, lagt í gerð þriggja manna, sem séu þannig skipaðir, að hvor aðili skipar einn mann í dóm, en oddamann skipar hæstiréttur. Gerð þessara þriggja manna eru báðir aðilar skyldir að hlíta.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fyrir síðasta Alþingi, en náði ekki fram að ganga þá. Enn er vaxandi nauðsyn fyrir samþykkt þess og er það borið fram í þeirri von, að það nái nú fram að ganga, enda fjölgar ávallt fylgjendum málsins í þeim hluta Seltjarnarneshrepps, sem óskað er eftir að sameinaður verði Reykjavík. Að öðru leyti vísast til greinargerðar frv. 1930.

Nd. **90. Frumvarp**

til laga um jöfnunarsjóð ríkisins.

Flutningsm.: Héðinn Valdimarsson, Sigurjón Á. Ólafsson og Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Af tekjum ríkissjóðs á rekstrarreikningi, þá er þær fara fram úr 9½ milljón króna á ári, skal leggja hundraðshluta í sjóð, er nefnist jöfnunarsjóður ríkisins. Sjóðinn skal ávaxta í Landsbanka Íslands.

2. gr.

Tilgangur jöfnunarsjóðs ríkisins er að koma jöfnuði á verklegar framkvæmdir ríkissjóðs í landinu og atvinnu við þær frá ári til árs.

3. gr.

Þegar árstekjur ríkissjóðs nema meiru en 9½ milljón króna á ári, skal leggja í jöfnunarsjóð ríkisins af því, sem þar er fram yfir, eins og hér segir:

Af fyrstu milljón króna, eða minna, sem tekjur ríkissjóðs fara fram úr 9½ milljón króna, skal leggja 15 af hundraði í jöfnunarsjóð ríkisins. Af næstu tveim milljónum króna, eða minna, skal leggja 25 af hundraði í jöfnunarsjóð, og af því, sem árstekjur ríkissjóðs fara fram úr 12½ milljón króna, skal leggja 35 af hundraði í jöfnunarsjóð.

4. gr.

Að fengnum tillögum Alþýðusambands Íslands og stjórnar Búnaðarfélags Íslands skal ríkisstjórnin verja fé til verklegra framkvæmda fyrir ríkissjóð, þegar atvinnubrestur er hjá verkalýð landsins og afturkippur í framkvæmdum atvinnurekenda.

Eftir tillögum sömu aðilja skal og heimilt að veita kaupstöðum og kauptúnum, sem eru sérstakt hreppsfélag, fé úr jöfnunarsjóði til verklegra framkvæmda bæjar- eða sveitarfélags. Skal fjárframlagið notað í samræmi við tilgang jöfnunarsjóðs, sbr. 2. gr., og sé lagt fram að minnsta kosti tvöfalt fjárframlag úr hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði á móti framlagi jöfnunarsjóðs.

5. gr.

Reikninga jöfnunarsjóðs ríkisins skal leggja fyrir Alþingi ásamt landsreikningum.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1932.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi af þingmönnum Alþýðuflokksins í neðri deild, en varð ekki útrætt. Sú breyting er nú gerð á því, að tekjur ríkissjóðs, áður en kemur til framlags til jöfnunarsjóðs ríkisins, eru hér settar 9½ millj. króna, í stað 12 millj. kr., en þar sem nú er miðað við tekjur á rekstrarreikningi samkvæmt hinni nýju bókfærslu ríkissjóðs, en ekki samanlagðar tekjur eins og fyrr hefir verið gert í fjárlögum, verður um sömu raunverulegu upphæð að ræða, sbr. greinargerð við fjárlagafrumvarpið fyrir 1932. Hinsvegar er hundraðshluti sá, er til jöfnunarsjóðs skal renna, hækkaður nokkuð frá því, sem var í fyrra. Hefði þetta frumvarp verið lög á undanförnum árum, mundu framlögin til jöfnunarsjóðs ríkisins hafa numið:

1925	kr.	1280	þús.
1926	—	175	—
1928	—	450	—
1929	—	650	—
1930	—	1350	—
	Samtals kr.	3905	þús.

Þá hefði fé verið fyrir hendi á erfiðum árum, svo að hægt hefði verið að koma jöfnuði á verklegar framkvæmdir í landinu og atvinnu við þær frá ári til árs.

Reynslan virðist sanna, að full þörf sé á að hafa lagafyrirmæli um slíkar „fyrningar“ á góðu árunum, ef ekki á að verða „fellir“ í harðindum ríkissjóðsins, og allar verklegar framkvæmdir í voða staddar, en fólkið stendur uppi atvinnulaust, án þess að hið opinbera opni því neinar leiðir til bjargar, aðrar en fátækrastyrkinn.

Nd. 91. Frumvarp

til laga um sveitargjöld.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson.

1. gr.

Í lögum þessum tekur orðið sveitarsjóður jafnt til sveitarsjóða og bæjarsjóða og orðið sveitarfélag jafnt til sveitarfélaga og bæjarfélaga.

2. gr.

Í sveitarsjóð skulu greidd þessi gjöld:

1. Tekju- og eignarskattur, eftir sömu reglum og tekju- og eignarskattur til ríkissjóðs, en tvöfalt hærri.

2. Fasteignaskattur, jafnhár og eftir sömu reglum og fasteignaskattur til ríkissjóðs.
3. Vegagjald, 6 krónur hver verkfær karlmaður og 3 krónur hver verkfær kvenmaður, þeir sem engan mann hafa að framfæra.
4. Aukagjöld eftir því, sem til er tekið í 3. gr.

3. gr.

Aukagjöld þau, er greind eru í 4. tölulið 2. gr., geta verið þessi:

1. Vatnsskattur.
2. Sorp- og sóthreinsunargjald.
3. Brunavarnagjald.
4. Fjallskilagjald.
5. Refaveiðagjald.

Gjöld þessi greiðast því aðeins, að framkvæmdir og störf til nefndra hluta séu gerð á kostnað sveitarsjóðs. Heildarupphæð þeirra, hvers um sig, miðast við það, er lagt er fram til þeirra alls.

Vatnsskatturinn og hreinsunargjöldin og brunavarnagjaldið leggist á húseignir og byggingarlóðir að réttri ítölu við virðingarverð þeirra að fasteignamati.

Fjallskilagjaldið og refaveiðagjaldið leggst á fjártal eftir framtalsskýrslum við fjárskoðun.

4. gr.

Skattanefndir skulu senda hreppsnefndum, bæjarstjórnum eða niðurjöfnunarnefndum skrá yfir öll framtöl til tekju- og eignarskatts til ríkissjóðs, eins og þau eru þegar skatturinn er ákveðinn. Skal skráin sýna allt, er til greina getur komið við ákvörðun sveitargjalda eftir 2. og 5. gr. laga þessara, og sömuleiðis skattinn sjálfan. Um þá gjaldendur, er ekki telja fram, skal skráin sýna áætlun skattanefndar.

Hreppstjóri, eða lögreglustjóri, skal senda hreppsnefndum, bæjarstjórnum eða niðurjöfnunarnefndum skrá um fasteignamat og skrá um verkfæra menn.

5. gr.

Ef tekjur þær, er ákveðnar eru í 2. og 3. gr., hrökkva ekki fyrir útgjöldum, skal leggja á þessi gjöld til viðbótar:

a. Tekjugjald, allt að 1% af brúttótekjum umfram 800 kr. fyrir hvern mann, er gjaldandi hefir að framfæra.
b. Eignargjald, allt að 1% af nettóeignum umfram 800 kr. fyrir hvern mann, er gjaldandi hefir að framfæra.

Gjöldin eftir þessari gr. skulu byggjast á framtalsskrám skattanefnda og leggjast hlutfallslega jafnhátt á þessa gjaldstofna.

Ef tekjur hrökkva ekki fyrir útgjöldum þegar þessir tekjustofnar hafa verið færðir upp í hámark, þá skal hækka þessa tekjustofna ásamt tekju- og eignarskatti eftir 1. tölul. 2. gr. um ákveðinn hundraðshluta, allt að 50%.

Hrökkvi tekjur þá enn ekki fyrir útgjöldum, skal jafna því, er á vantar, niður eftir efnum og ástæðum eftir 3. og 4. gr. útsvarslaganna.

6. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar heimta inn fasteignaskattinn og tekju- og eignarskattinn eftir 2. gr. jafnframt því sem þeir innheimta sömu gjöld til ríkissjóðs.

7. gr.

Jafnhliða því sem lög þessi ganga í gildi falla úr gildi þessi lög og lagaákvæði:

Lög nr. 16, 27. júní 1921, um breyting á lögum 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri.
— — 22, 19. júní 1922, um skatt til sveitarsjóðs af lóðum og lendum í Húsavíkurhreppi.
— — 10, 20. júní 1923, um samþykktir um sýsluvegasjóði, svo og öll lög um breytingar á þeim lögum og lagafyrirmælum, sem þau snerta.
— — 36, 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík, og breytingar á þeim, að því leyti sem þau eru ekki þegar úr gildi felld.
— — 23, 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.
— — 49, 31. maí 1927, um sorphreinsun og salernahreinsun á Akureyri.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var afgreitt um miðjan jan. síðastl. til fjármálaráðherra sem tillögur minni hl. milliþinganefndarinnar (HStef) í tolla- og skattamálum. Ráðherrann hefir tjáð mér, að ríkisstjórnin muni ekki flytja frumvarpið. Þess vegna leyfi ég mér að taka það til flutnings. Frumvarpinu fylgdi til ráðherra svohljóðandi greinargerð:

„Aðaltekjustofn eða skattstofn sveitarsjóða og bæjarsjóða er og hefir verið niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum. Tekjurnar af þessum stofni hafa hlotið nafnið aukaútsvar, eða aðeins útsvar.

Aukaútsvarið er hið fyrsta eða frumlega form á tekju- og eignarskatti hér á landi, áður en mönnum hugkvæmdist að setja fastar reglur til að ákveða eftir almennan tekju- og eignarskatt, er, eins og útsvarið, miðist við gjaldþolið.

Með lögunum um tekju- og eignarskatt frá 1921 var fyrst ákveðinn almennur tekju- og eignarskattur til ríkissjóðs. Voru settar ákveðnar reglur fyrir skattálagningunni, þannig að skatturinn var reiknaður út eftir gefnum heimildum. Reglur þær, er löggjöfin hefir sett fyrir ríkisskattinum, má skoða sem allsherjarmat löggjafarvaldsins á því, hvernig finna skal eða reikna út gjaldþolið. Skatturinn, er hann hefir verið ákveðinn eftir hinum settu reglum, getur því verið og er nokkurskonar mælikvarði á gjaldþolið og eining, sem hægt er að miða við, er gjaldþol einstakra gjaldenda eða einstakra gjaldhéraða (sveitarfélaga) er borið saman.

Hinn eiginlegi grundvöllur fyrir aukaútsvarinu og skattinum er þannig einn og hinn sami, þ. e. gjaldþol skattgreiðenda. Mismunurinn liggur aðeins í forminu eða álagningarmátanum. Í stað þess sem skattinum, eftir formi nútímans, er jafnað niður á gjaldþegnana eftir fastákveðnum reglum, er gilda

jafnt fyrir land allt, en upphæð eða þungi skattsins miðast við tekjuþörf ríkissjóðs hlutfallslega við aðra tekjustofna hans — eins og löggjöfin metur það á hverjum tíma —, þá er honum með hinu frumlega formi — aukaútsvarinu — jafnað niður eftir áliti eða mati kjörinna nefnda, og skattupphæðin eða skattþunginn miðast við tekjuþörf hinna einstöku bæjar- og sveitarfélaga. Skattgrundvöllurinn eða skattstofninn fyrir útsvarinu og tekju- og eignarskattinum er sem sagt einn og hinn sami. Skatturinn, þó hann sé látinn bera tvö nöfn og sé lagður á eftir mismunandi reglum, er því aðeins einn. Annar hlutinn fellur til sveitarþarfa, en hinn til ríkisþarfa.

Skatturinn til ríkissjóðs leggst hlutfallslega jafnþungt á landsmenn alla eftir gjaldþoli þeirra, eins og fyrr er greint. Öðru máli er að gegna um skatthlutann til sveitar- og bæjarsjóða, útsvörin. Vegna þess hvað tekjuþörf sveitarsjóðanna er mjög misjafnlega mikil — af ástæðum, sem síðar verða greindar, — þá leggst útsvarið mjög svo misjafnlega þungt á gjaldþolið í hinum einstöku sveitarfélögum. Nemur það stórmiklu, sem sjá má af meðfylgjandi fskj.

Í upphafi, þegar ákveðinn var hinn frumlegi álagningarmáti á gjaldþolið, eingöngu eftir mati tilsettra nefnda, þá var útgjaldaþörfin svo lítil, tiltölulega við það, sem nú er orðið, og auk þess eflaust tiltölulega jafnari eftir gjaldþolinu en nú, að afsakanlegt var að leggja skattinn á þannig. Munu sveitarfélögin og þá hafa haft fasta tekjustofna meiri en nú tiltölulega við útgjaldaþörfina. Þá var m. a. í lögum tíund bæði af fasteignum og lausafé.

Síðan hafa ástæður breytzt stórkostlega. Breytingarnar hafa farið í þá átt, að svipta sveitarfélögin hinum föstu tekjustofnum (tíundunum) jafnframt og lagðar hafa verið á þau skyldur til aukinna útgjalda (barnafræðslu, heilbrigðismála o. fl.).

Loks hefir ríkið rýrt þennan nær eina verulega tekjustofn sveitarfélaganna — efni og ástæður — með því að leggjast sjálft þyngra á hann með útfærslu tekju- og eignarskattsins til ríkissjóðs 1921, eins og fyrr var sagt.

Hlutföll heildarálagningarinnar á gjaldþolið nú er þannig, að nálægt ¼ af skattinum samlögðum, þ. e. skatthlutinn til ríkissjóðs, er lagður á eftir föstum reglum, en hinir ¾ hlutarnir — útsvörin — eru lagðir á eftir ósamstæðu mati á þriðja hundrað nefnda, er segja má, að hljóti að vera og sé meira og minna handahófsmat.

Slíkar ástæður mega teljast óviðunandi, því auk þess sem skatturinn leggst mjög misþungt á gjaldþolið, af ástæðum, sem fyrr er vikið að — sem eitt út af fyrir sig er lítt viðunandi —, þá skapar þetta fyrirkomulag bæði réttaróvissu gjaldþegna um réttláta skattálagningu hlutfallslega við aðra gjaldþegna, og einnig óvissu um það, hversu skatturinn leggst þungt á gjaldgetuna.

Með frv. er gerð tilraun til að bæta úr þessum síðartöldu ágöllum:

1. Með því að lögleiða hinar sömu reglur fyrir álagningu aukaútsvarsins eins og fyrir ríkisskattinum, svo langt sem það nær eftir tillögum frumvarpsins (sjá 2. gr. 1. tölul.).
2. Með því að lögleiða, að hinir einstöku útgjaldaliðir ýmsir skuli — ef svo mætti segja — bera sig sjálfir, þ. e. m. ö. o., skuli bornir upp af þeim, er útgjöldin eru stofnuð fyrir, framar en verið hefir (sbr. 3. gr. 1.—5. tölul.).

3. Með því að ákveða sveitarsjóðunum, öllum jafnt, nokkra fasta tekjustofna, sem aðeins sumir þeirra hafa nú (sbr. 2. gr. 2. tölul. og að nokkru leyti 3. gr. 1.—5. tölul.). Jafnframt er ætlazt til, að hin ósamstæðu ákvæði um fasteignaskatt til nokkurra sveitarsjóða og sýslusjóða, sem nú eru, verði felld úr lögum.

Vegagjaldið, sem lagt er til í 2. gr. 3. tölul., hefir að nokkru leyti verið í lögum áður. Ætlazt er til, að það leggist aðeins á einhleypt fólk á verkfærra manna aldri. Ætti einhleypingum að vera létt að inna það af hendi umfram þá, sem fatlaðir eru eða hafa fyrir öðrum að sjá.

Fasteignaskatturinn og vegagjaldið er hvorttveggja hugsað sem gjald, er fyrst og fremst mæti útgjaldaþörf til vegamála.

Þeir gjaldstofnar, sem nú hafa verið taldir, láta nærri með að hrökkva einstökum sveitarfélögum til útgjalda, sem hlutfallslega við gjaldþol bera léttastar útsvarsbyrðar (Akureyri, Reykjavík), með því að leggjast tvöfalt þungt á gjaldþolið til tekna fyrir sveitarsjóðinn sem til tekna fyrir ríkissjóðinn.

Miklum meiri hluta sveitarsjóðanna hrekkur þetta ekki nándarnærri til tekna, og það svo langt frá, að í einstökum sýslum eru sveitarútsvörin að meðaltali allt að 14-falt þung, miðað við gjaldþolið, við það, þar sem þau eru léttust.

Þar sem nú ríkissjóðurinn hefir tekið alla aðra venjulega og hugsanlega gjaldstofna sér til tekna, þá eru ekki önnur úrræði til að afla sveitarsjóðunum, sem þess þurfa, nægra tekna, en að leggjast enn — og að miklum mun — þyngra á þennan aðalgjaldstofn sveitarfélaganna, efni og ástæður. Hvernig það er hugsað í frv., sést af 5. gr. a. og b. Er þar stungið upp á sérstökum og nokkuð öðrum reglum en í tekju- og eignarskattslögunum — einskonar grunnskatti, er hvíli á öllum tekjum, að frádregnum persónufrádrætti — og öllum nettóeignum, að frádreginni lítilli upphæð fyrir hvern framfærling skattþegns.

Eftir reglum 5. gr. myndu útsvörin dreifast nokkuð meira en eftir almennu reglunni. Verður það að teljast frekar kostur en ókostur, fyrst svo mikilla tekna er þörf. En að mestu leyti verða þau sem beint álag á þann skattgrundvöll, sem almenna reglan ákveður.

Um eignargjaldið er ekkert sérstakt að segja annað en það, að það leggst beint ofan á eignarskattinn, sem verður eftir almennu reglunni. Er það að vísu hátt álag, ef það kemst upp í hámark, þar sem það eitt rýrir þá eignartekjurnar um nálega ¼ part. Gagnvart því er ekkert að setja fram nema blákalda tekjuþörfina.

Tekjugjaldið er hugsað bæði sem álag á tekjuskattinn og jafnframt sem einskonar veltugjald. Um réttmæti þess er tvennt að segja. Fyrst er — eins og um eignargjaldið — að telja tekjuþörfina. Í öðru lagi er gjaldið hugsað sem gjald í notum þeirra umbóta og þeirra aðstöðubóta, sem hið opinbera sífellt vinnur að — meira og minna — fyrir atvinnumöguleikana. Þó að þetta gjald samkv. frv. sé að forminu og reglunum til nýtt, þá er það þó að því leyti til gamalt, að í reyndinni hefir stór hluti af útsvörunum komið niður á sama hátt og það myndi koma niður eftir frv.

Erfitt er að gera áætlun, er verulega megi byggja á, um það, hversu miklar tekjur þessi gjöld myndu gefa, enda veltur það og á því, hversu hátt

hundraðsgjald þarf að leggja á þessa stofna í hverjum stað og í hvert sinn. Óhætt mun þó að segja, að þetta viðbótargjald myndi nægja allmörgum sveitarsjóðum, sumum þegar það væri fært upp í hámark, öðrum fyrr, og misjafnlega hin einstöku ár, eftir misjafnri árlegri útgjaldaþörf og misjöfnum tekjum af öðrum stofnum.

Gera mun mega ráð fyrir, að þessir stofnar nægi enn ekki til tekna öllum sveitarsjóðum. Er þá gert ráð fyrir að leggja jafnt hundraðsálag á stofna 5. gr. og tekju- og eignarskatt eftir 1. tölul. 1. gr., allt að 50%. Við það verður hluti sveitarsjóðs af tekju- og eignarskatti, eftir reglunum um álagningar þeirra til ríkissjóðs, þrefalt hærri en hluti ríkissjóðs — auk álagsins á þennan sama stofn, sem felst í heimild 5. gr. — Gagnvart því er ekkert fram að færa nema tekjuþörfina.

Engin vissa er fyrir því, að þessir umræddu stofnar hrökkvi til útgjalda öllum sveitarfélögum, þó upp í hámark séu færðir eftir ýtrustu heimildum. Þá heimilar frv. að jafna niður því, er á vantar, eftir efnum og ástæðum eftir 3. og 4. gr. útsvarslaganna frá 1926. — Væri þar með hægt að koma við leiðréttingu, ef þurfa þætti, á útsvarsálögurnar eins og þær verða eftir reglum frv., á milli gjaldenda innbyrðis í hverju sveitarfélagi, að áliti eða mati niðurjöfnunarnefndanna.

Af fylgiskjalinu er hægt að álíta um það, hversu þungt útsvarið leggst á gjaldþol hinna einstöku gjaldþegna bæjarfélaga og sveitarfélaganna að meðaltali innan hvers sýslufélags.

Af fylgiskjalinu er einnig hægt að álíta um, hver er höfuðorsökin til hins misjafna álöguþunga innan sveitarfélaganna, og það er sýnilega fátækraframfærslan. Með því er svarað að nokkru leyti því rannsóknaratriðinu, sem felst í staflið e í þál. þeirri, er milliþinganefndin var kosin eftir.

Það liggur fyrir utan verksvið nefndarinnar að gera beinar tillögur til umbóta eða breytinga til meira jafnræðis í þessu efni. En skýrslan sýnir, að ástandið í þessu efni er óviðunandi. Hefir og verið bent á þetta misrétti í álöguþunga á Alþingi fyrr. Fyllri og skýlaus vitneskja um þetta efni hlýtur að knýja til breytinga og umbóta til meira jafnræðis í álöguþunganum á þessum skattstofni. Leiðin til þess er að jafna þau almennu útgjöld, sem með óréttu leggjast svo mjög misþungt á sveitarfélögin, en það er fyrst og fremst fátækraframfærið. Síðasta Alþingi mun m. a. hafa haft þetta fyrir augum með skipun milliþinganefndar um alþýðutryggingar. Má ætla, að út frá störfum og tillögum þeirrar nefndar verði skipað svo til um fyrirkomulag opinberrar framfærslu, að hún komi jafnar og réttlátlegar niður en nú.

Um einstakar greinar frumvarpsins þykir ekki þurfa að ræða sérstaklega frekar en þegar hefir verið gert".

Fylgiskjal.

YFIRLIT[1])

um gjaldstofn (skattskyldar tekjur og eignir) og gjaldþol (tekjuskatt og eignarskatt) kaupstaða og sýslna og samanburður á útsvörum þeirra og útgjöldum til fátækraframfærslu innbyrðis, miðað við gjaldþolið (tekjuskatt og eignarskatt).

Nöfn	Gjaldstofn. Skattskyldar		Gjaldþolið útreiknað af gjaldstofninum			Útsvar í 1000 kr.	Fátækraframfærsla í 1000 kr.	Hlutföll			
	Tekjur í 1000 kr.	Eignir í 1000 kr.	Tekjuskattur í 1000 kr.	Eignarskattur í 1000 kr.	Samtals í 1000 kr.			Útsvar : gjaldþoli (100)	Fátækraframfærsla : gjaldþoli (100)	Sveitarfél. innbyrðis. Lægsta hlutfallstala = 1	
										Fátækraframfæri	Útsvör
1. Reykjavík	16773	35253	467	73	540	1239	492	230	91	1,8	1
2. Hafnarfjörður	1033	3239	16	11	27	170	70,5	630	261	5,2	2,7
3. Ísafjörður	818	1021	15	1	16	137	65,5	856	410	8,2	3,7
4. Siglufjörður	450	2056	7	5	12	89,5	20,5	745	171	3,4	3,2
5. Akureyri	1700	6302	42	18	61	144	30	236	50	1	1,0
6. Seyðisfjörður	464	907	7	1	8	43	16,5	538	206	4,1	2,3
7. Vestmannaeyjar	616	2942	8.5	5,2	14	220	23,5	1571	168	3 4	6,8
8. Gullbringusýsla	473	1760	6,5	1,4	8	111	85,5	1388	1069	21,4	6
9. Kjósarsýsla	454	1851	8,4	2.2	11	57,5	24	523	218	4 4	2 3
10. Borgarfjarðarsýsla	385	2353	3.8	2,1	6	67	30,5	1117	508	10,2	4,9
11. Mýrasýsla	248	1795	2.1	1,3	3,5	47,5	15	1357	429	8,6	5 9
12. Hnappadalssýsla	40	256	0,3	0,1	0,5	94	35	3133	1167	23,3	13 6
13. Snæfellsnessýsla	185	634	1.9	0.4	2.5						
14. Dalasýsla	173	1141	1,7	0,7	2,5	41	16	1610	640	12,8	7,1
15. Barðastrandarsýsla	274	1321	3,6	1	4.5	81	25	1800	555	11,1	7,8
16. Ísafjarðarsýsla	579	1708	6	1,3	7,5	155	57.5	2067	767	15,3	9
17. Strandasýsla	153	921	1,3	0,6	2	30,5	18,5	1525	925	18,5	6,6
18. Húnavatnssýsla	678	4220	8,2	3,3	11,5	114,5	32	996	278	5,9	4,3
19. Skagafjarðarsýsla	644	3505	7,1	3,2	10,5	88	29.5	838	281	5,6	3,6
20. Eyjafjarðarsýsla	577	4029	4,7	4,7	9,5	109,5	43 5	1153	458	9.2	5
21. Þingeyjarsýsla	664	3549	6,1	2,5	8,5	117	39	1377	459	9.2	6
22. Norður-Múlasýsla	458	2251	4,1	1,6	5,5	80	32,5	1454	591	10,8	6,3
23. Suður-Múlasýsla	881	3927	11,4	7	18 5	177	69.5	957	375	7 5	4,2
24. Austur-Skaftafellssýsla.	77	305	0,9	0,2	1	14	3,5	1400	350	7	6.1
25. Vestur-Skaftafellssýsla.	335	1407	2,1	1,2	3,5	39	11.5	1114	329	6,6	4,8
26. Rangárvallasýsla	495	2619	3,4	1.7	5	69,5	28	1390	560	11,2	6
27. Árnessýsla	726	3551	6,1	2,5	8,5	135	54	1588	635	12 3	6.9

1) Tekjuskatturinn og eignarskatturinn og útsvör og fátækraframfærsla kaupstaðanna er miðað við árið 1927, en útsvör og fátækraframfærsla sýslnanna er miðað við árið 1928.

Nd. **92. Frumvarp**

til laga um erfðaleigulönd í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson og Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Erfðaleigulönd samkvæmt lögum þessum eru þau lönd, sem leigð eru íbúum kaupstaða, kauptúna eða sjávarþorpa, eða verzlunar- eða iðnaðarþorpa í sveitum til landbúnaðar, enda geti réttur leigutaka gengið að erfðum og leigutaka heimilt að framselja hann sem aðra eigu sína.

2. gr.

Nú á kaupstaður eða annað sveitarfélag, sem kauptún eða sjávarþorp, iðnaðar- eða verzlunarþorp er í, land, sem hæft er til ræktunar og eigi eru líkur til, að halda þurfi á til húsalóða í náinni framtíð, og skal það þá selt á erfðaleigu þeim íbúum bæjar- eða sveitarfélagsins, er þess óska, samkvæmt þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum.

3. gr.

Nú liggur þjóðjörð eða kirkjujörð að kaupstað, kauptúni eða þorpi, og gilda þá ákvæði 2. gr. um þá jörð, ef bæjar- eða sveitarstjórn krefst þess, enda hafi sveitarfélagið eigi til umráða annað ræktanlegt land, er nægi þörfum sveitarmanna á erfðaleigulöndum, og eigi sé að mun óhaganlegra til afnota fyrir þá.

4. gr.

Nú verður þörfum íbúa kaupstaðar, kauptúns eða þorps á löndum til erfðaleigu eigi fullnægt með þeim hætti, er segir í 2. og 3. gr., og er þá sveitarstjórn heimilt að taka eignarnámi til þessara þarfa óræktað land af landi þeirra jarða, er næstar liggja kaupstaðnum, kauptúninu eða þorpinu, gegn fullu endurgjaldi. Vilji sveitarstjórn eigi gangast fyrir eignarnámi lands í þessu skyni, er landræktarfélagi heimilt eignarnámið.

Um eignarnám þetta fer eftir almennum lögum um framkvæmd eignarnáms.

5. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal sjá um, að gerður sé skipulagsuppdráttur af löndum þeim, er ætluð eru til erfðaleigu samkvæmt 2.—4. gr., svo og áætlun um framræslu landsins, vegagerð um það og skiptingu þess í skákir. Skiptingu landsins í skákir skal haga þannig, að lagning vega, vatnsæða, rafmagnstauga o. þ. h. um það verði sem kostnaðarminnst. Skákir, sem ætlaðar eru aðallega til grasræktar, skulu eigi vera minni en 2 ha. og skákir, sem einkum eru ætlaðar til garðyrkju eða alifuglaræktar, mega eigi vera minni en 3000 m^2.

Uppdrætti þessa og áætlanir gerir Búnaðarfélag Íslands hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórn eða landræktarfélagi að kostnaðarlausu og lætur þeim

í té eitt eintak af þeim. Eftir þeim skal farið um úthlutun lands og mannvirkjagerð á því, og má eigi frá þeim víkja, nema samþykki Búnaðarfélags Íslands komi til.

Leita skal umsagnar skipulagsnefndar, svo og hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar, um skipulagsuppdrætti þessa og áætlanir áður en gengið er frá þeim til fullnustu.

6. gr.

Kostnaður við vegagerð um lönd bæjar- eða sveitarfélags, er ætluð eru til erfðaleigu, svo og við framræslu þeirra, greiðist úr hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði. Nú á landræktarfélag slíkt land, og fer þá um greiðslu þessa kostnaðar eftir því, sem segir í samþykktum félagsins.

7. gr.

Nú er land látið af hendi til erfðaleigu, og skal þá gerður um leiguna skriflegur samningur. Í samningnum skal vera ítarleg lýsing á landinu, stærð þess og ummerkjum. Samningi þessum skal þinglýsa, og er hann heimild leigutaka fyrir landinu.

8. gr.

Leigan er óuppsegjanleg af hálfu leigusala. Leigutaki getur sagt upp leigunni hvenær sem er, með 6 mánaða fresti til næstu áramóta. Taka skal fram í samningnum, að leigutaka sé heimilt að selja, veðsetja og afhenda með öðrum hætti leigurétt sinn, svo og að réttur hans skuli falla í erfð eftir hann sem aðrar eignir hans.

9. gr.

Leigutaka eru heimil öll afnot landsins til landbúnaðar. Svo er honum heimilt að byggja á landinu íbúðarhús fyrir fjölskyldu sína, svo og útihús þau og peningshús, er nauðsynleg eru vegna búskapar þess, er hann rekur á landinu.

10. gr.

Leigutaka er skylt að rækta landið, þannig og innan þeirra tímatakmarka, sem sett eru í samningnum, og halda því síðan í rækt. Nú er ræktun eigi lokið svo fljótt sem ákveðið er í samningi, eða land fer síðar í órækt, og fellur þá leigurétturinn niður.

11. gr.

Leigutaki skal gjalda árlega 5% af matsverði landsins í leigu. Skal leigan goldin í peningum 31. des. ár hvert. Leiguréttur leigutaka og mannvirki þau, er hann á á landinu, standa að lögveði fyrir leigunni. Leigan reiknast af matsverði landsins eins og það var þegar landið var látið af hendi til erfðaleigu. Verðið skal ákveðið með mati óvilhallra dómkvaddra manna. Nú verða síðar breytingar á verðgildi peninga, og skal þá hvorum aðila um sig heimilt að krefjast þess, að matsverðið og leigan sé færð til þess verðgildis, er þá er. Sé óræktað land látið af hendi, greiðist engin leiga þann ræktunartíma, sem ákveðinn er í samningnum.

12. gr.

Leigutaka skal jafnan skylt að láta af hendi meira eða minna af landi sínu, ef almenningsþörf krefst þess, svo og að láta af hendi land til byggingarlóða eftir tilvísun bæjar- eða sveitarstjórnar, ef leigulandið er eign bæjar- eða sveitarfélags. Bætur til leigutaka fyrir land, sem þannig er af hendi látið, skulu miðaðar við sannvirði landsins til landbúnaðar.

13. gr.

Nú gengur leiguland kaupum og sölum, og skal þá jafnan bjóða leigusala forkaupsrétt. Nú er vanrækt að bjóða forkaupsréttinn, og á þá leigusali rétt á því, að gerningur sá, sem í bága fer við forkaupsrétt hans, sé ógildur metinn gagnvart honum, og á hann rétt á að ganga inn í kaupin, enda sé lögsókn til þess hafin innan árs frá því hann fékk vitneskju um misfelluna og málinu fram haldið með hæfilegum hraða.

14. gr.

Ákvæði 7.—12. gr. gilda einnig um erfðaleigu á öðrum löndum en þeim, sem ræðir um í 2. og 4. gr.

15. gr.

Ræktunarsjóði skal heimilt að lána fé til ræktunar á erfðaleigulöndum með sömu kjörum og til annarar ræktunar, og gegn veði í landinu. Til veðs skal leiguland metið sem sjálfseign.

16. gr.

Leigutakar erfðaleigulanda skulu njóta styrks til ræktunar og bygginga á erfðaleigulöndum sem búendur á öðrum bændabýlum.

17. gr.

Rétt er leigutökum erfðaleigulanda að stofna með sér félagsskap, er nefnist landræktarfélag, til þess að afla félagsmönnum sínum leigulanda og vinna að ræktun landanna í samlögum. Samþykktir landræktarfélaga skulu liggja undir staðfestingu atvinnumálaráðuneytisins. Landræktarfélögum skal vera heimilt að taka land eignarnámi samkvæmt 4. gr., svo og að taka lán til landkaupa eða ræktunar, áhalda- eða áburðarkaupa og annara félagsþarfa, gegn sameiginlegri ábyrgð félagsmanna og veði í leigulöndum þeirra. Gjöld félagsmanna í félagsþarfir skulu tryggð með lögveði í leigurétti félagsmanna og mannvirkjum þeim, er þeir eiga á leigulöndum sínum.

18. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir yfirumsjón allra erfðaleigumála í landinu og felur sérstökum manni eftirlit með þeim. Eftirlitsmaður tekur laun úr ríkissjóði eftir samningi við atvinnumálaráðherra.

19. gr.

Eftirlitsmaður skal skrásetja öll erfðaleigulönd í landinu. Í skránni skal tilgreina stærð landsins, ásigkomulag þess og matsverð, nafn leigutaka og leigusala, leigumála og annað það, er þörf þykir að tilgreina. Leigutökum og leigusölum skal skylt að láta í té allar upplýsingar, er með þarf vegna skrásetningar landanna.

20. gr.

Eftirlitsmaður skal skyldur til að veita leiðbeiningar um val, útmælingu og ræktun erfðaleigulands. Afhending lands til erfðaleigu samkvæmt 3. gr. og eignarnám lands samkvæmt 4. gr. skal því aðeins fram fara, að eftirlitsmaður mæli með því. Umsagnar eftirlitsmanns skal jafnan leitað um skipulagsuppdrætti þá og áætlanir, sem getur um í 5. gr., svo og um samþykktir landræktarfélaga, áður en þær eru staðfestar.

21. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 10 til 500 krónum. Með mál út af brotum gegn lögunum skal farið sem með almenn lögreglumál.

22. gr.

Með lögum þessum er 6. kafli laga nr. 43, 20. júní 1923, úr gildi numinn.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Síðan ræktun hófst í kringum kauptún vor og þorp, hefir það víða tíðkazt að selja land á erfðaleigu eða erfðafestu. Í lögum voru engin ákvæði um, hvernig erfðaleigusamningar skyldu gerðir. Þess vegna eru þeir og næsta sundurleitir, svo að segja má, að mjög mismunandi reglur hafi gilt í hinum ýmsu kauptúnum og þorpum til og frá um landið. Með jarðræktarlögunum 1923 var ráðin nokkur bót á þessu. VI. kafli þeirra, 31. og 40. gr., hljóða um erfðafestu.

Samkvæmt þessum lögum hefir land á þjóð- og kirkjujörðum verið leigt á erfðaleigu eftir föstum reglum, og hefir Búnaðarfélagið mikið látið vinna að mælingum og komið á skipulagi með ræktun kringum mörg kauptún. Þetta starf hefir borið góðan árangur. Reynslan sýnir, að ef menn eiga greiðan aðgang að landi, með hagfelldum kjörum, þá vex ræktunin óðfluga. Menn keppast um að ná í land og rækta það. Sem dæmi þessu til sönnunar má nefna Vestmannaeyjar, Akranes, Hornafjörð o. fl. Á þessum stöðum hefir verið komið á skipulagi með ræktunarmálin, enda ræktun þar aukizt mjög mikið.

Þar, sem hvorki ríkið né hlutaðeigandi kauptún eiga land, sem skipta má til ræktunar, er erfiðara viðfangs. Oft eru þá erfiðleikar á að ná í land, nema með afarkostum. Af því leiðir litlar ræktunarframkvæmdir og landið liggur arðlaust og lítt notað í kringum kauptúnin.

Í jarðræktarlögunum er Reykjavík undanskilin, sem þó eigi virðist hafa verið ástæða til.

Með frumvarpi því, er hér liggur fyrir, er reynt að setja almennar reglur, sem geti gilt um land allt og sem geti myndað grundvöll að erfðaleigu. Með þessu er reynt að greiða fyrir ræktuninni í kringum kauptún og þorp.

Það er ætlazt til, að allir, sem hafa vilja og getu til að rækta land, eigi greiðan aðgang að því og geti fengið það með hagfelldum kjörum. Til frekari skýringar hinum einstöku greinum skal tekið fram:

1. gr.) Í þessari grein er gert ráð fyrir, að erfðaleiga geti átt sér stað, eigi aðeins í kringum kauptún og sjávarþorp, heldur og kringum verzlunarstað eða iðnrekstur til sveita. Á öllum þessum stöðum er nauðsynlegt, að menn hafi möguleika til landsafnota og ræktunar. Þetta tryggir atvinnu manna og eykur skilning þeirra á ræktun landsins.

2. gr.) Í þessari grein eru ákvæði um skyldur kauptúna eða sveitarfélaga um að selja land á erfðaleigu, séu þau eigendur að landi og þurfi eigi að nota það til byggingarlóða. Reynslan sýnir, að jafnvel þó hlutaðeigandi þorp eigi nægilegt land til ræktunar, þá er erfiðleikum bundið fyrir einstaklingana að ná í landið, vegna þess að skipulag vantar, og þess vegna dregst ræktun landsins ár frá ári. Mörg dæmi þessu til sönnunar mætti nefna, t. d. við Reykjavík og víðar.

3. gr.) Þarf eigi skýringar.

4. gr.) Þar, sem þorpin eiga eigi nægilegt land til skiptingar og ræktunar, er í þessari grein gefin heimild til að taka óræktað land eignarnámi. Vér teljum heppilegast, að kauptúnin eða þorpin eigi sjálf býli þau og land, er liggja að kauptúnunum eða þorpunum og vel eru fallin til ræktunar. Vér væntum, að um þetta verði samningaumleitanir milli eigenda og stjórnenda hlutaðeigandi kauptúna og þorpa. Náist eigi samningar, er eigi önnur leið fyrir höndum en eignarnámsheimild.

5. gr.) Ákvæði þessarar greinar eru lík því, sem nú er í jarðræktarlögunum. Búnaðarfélaginu er ætlað að sjá um mælingar og skiptingu landsins, og til frekari tryggingar gert ráð fyrir, að skipulagsnefnd og hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórn geti sagt álit sitt um málið, áður en áætlanir eru fastákveðnar.

6. gr.) Til þess að framræsla sé í lagi, þarf að mynda heildarkerfi af framræsluskurðum, svo og veganet, svo komizt verði að öllum landsspildunum. Þetta er erfitt að gera fyrir einstaklinga. Þess vegna álítum vér heppilegast, að framræsla og vegalagning sé framkvæmd af landeigendum eða ræktunarfélögum. Kostnaður við þessar umbætur endurgreiðist aftur með hærri leigu.

7. gr.) Þarf eigi skýringa.

8. gr.) Nú tíðkast í flestum erfðaleigusamningum ákvæði um, að landið sé leigt til ákveðins árafjölda, og skulu þá samningar endurnýjaðir, eða að landið falli aftur til eiganda. Nú er þess að gæta, að flest lönd, sem leigð eru á erfðaleigu, eru óræktuð og því í raun og veru verðlítil. Í umbótunum og

ræktuninni er aðalverðmætið fólgið, og það eru leigjendurnir, sem búa það til. Því er réttmætt, að þeir og þeirra fái að njóta þess.

9. gr.) Þarf eigi skýringar.

10. gr.) Tilgangur með erfðaleigu er að fá landið ræktað sem fyrst. Því er rétt að setja takmörk um það, hve langur tími sé ætlaður til ræktunar landsins.

11., 12., 13., 14., 15. og 16. gr.) Þurfa eigi skýringar.

17. gr.) Grein þessi heimilar mönnum að stofna með sér lögbundinn ræktunarfélagsskap, er nefnist landræktarfélög. Vér hyggjum, að slíkur félagsskapur geti verið mjög þýðingarmikill. Þessi félög geta í sameiningu látið gera undirbúning til ræktunar, átt verkfæri sameiginlega, útvegað sér fræ og áburð o. fl. í félagi, svo og leiðbeiningar. Þá geta þau og tekið sameiginlega lán. Þar, sem þannig lagaður félagsskapur myndast, ætti hann mjög að létta fyrir mönnum með framkvæmdir.

18. gr.) Til þess að samræmi um erfðaleigu komist á um allt land, þarf einhverjum að vera ætlað að hafa yfirumsjón þeirra mála. Þetta er atvinnumálaráðuneytinu ætlað, en að það hafi sér við hönd sérstakan mann, er fari með þessi mál.

19., 20., 21., 22. og 23. gr.) Þurfa eigi skýringar.

Nd. 93. Frumvarp

til laga um verzlunarnám og atvinnuréttindi verzlunarmanna.

Flm.: Jón Ólafsson, Magnús Jónsson, Sigurjón Á. Ólafsson, Héðinn Valdimarsson.

Inngangur.

1. gr.

Lög þessi taka til allra fastra starfsmanna við viðskiptafyrirtæki, sem talin eru í 2. gr. Þó taka lögin aðeins til starfsmanna þeirra fyrirtækja, er hafa aðsetur í kaupstað. Með reglugerð getur ráðherra ákveðið, að lögin skuli einnig gilda í verzlunarstöðum, fleirum eða færri.

Lögin gilda þó eigi:

1. Þegar um er að ræða mann, sem ráðinn er til sendiferða eða sem vikapiltur aðeins.
2. Þegar ráðningin samkvæmt venjum þeim um vinnuskipti, sem gilda á vinnustaðnum, aðeins á við störf, sem ekki krefjast sérþekkingar.

Lögin eru einkum miðuð við fulltrúa, bókhaldara, gjaldkera, bréfritara, vélritara, afgreiðslumenn í verzlunum og skrifstofum, verzlunarumboðsmenn og aðra, sem líkt stendur á með. Ágreiningi um hvort einstakur maður eða flokkur manna falli undir lögin, ræður gerðardómur til lykta, sbr. 20. gr.

2. gr.

Fyrirtæki þau og atvinnurekendur, sem lög þessi taka til, eru: Kaupmenn, heildsalar, hlutafélög, kaupfélög, pöntunarfélög, samvinnufélög, bankar, sparisjóðir, vátryggingarfélög, umboðssalar, útgerðarfyrirtæki, skipaafgreiðslur, vöru- og skipamiðlarar, svo og aðrir þeir, er bókhaldsskyldir eru að lögum og hafa fleiri en einn mann á skrifstofu.

I. KAFLI.

3. gr.

Þeir, sem reka viðskiptafyrirtæki, sbr. 2. gr., eða veita slíkum fyrirtækjum forstöðu í kaupstöðum, skulu, þá er þeir ráða karl eða konu til náms við fyrirtækið, annast um, að gerður sé skriflegur námssamningur. Eyðublöð undir slíka samninga lætur ráðherra semja, að fengnu áliti Verzlunarráðs Íslands, Sambands íslenzkra samvinnufélaga og Sambands verzlunarmannafélaga Íslands, og afhenda lögreglustjórar þau ókeypis. Þeir skulu og rita á samningana vottorð sitt um, að þeir séu samkvæmir lögum þessum. Sé ákvæði þetta brotið, er samningurinn ógildur.

4. gr.

Óheimilt skal þeim, er nú skal greina, að taka ófullnuma mann til starfs eða kennslu, sbr. 3. gr.:

1. Þeim, sem ekki eru fullnuma verzlunarmenn, nema því aðeins, að uppfræðsla nemandans sé á tryggan hátt falin einhverjum starfsmanna fyrirtækisins, karli eða konu, sem fullnuma er. Þó má leyfa þeim að taka nemendur, sem í 10 ár hafa rekið verzlun eða annað slíkt fyrirtæki sem aðalatvinnu, enda þótt eigi séu fullnuma.
2. Þeim, sem tvisvar hafa rofið námssamning í verulegum atriðum og að ófyrirsynju.
3. Þeim, sem dæmdir hafa verið dómi, sem að almennu áliti skerðir æruna, og ekki hafa fengið uppreist æru.

5. gr.

Í samningnum skal ákveðið, hve langt námsskeiðið skal vera. Má það aldrei lengra vera en þrjú ár, að meðtöldum reynslutímanum, sbr. 7. gr.

Engan pilt eða stúlku má taka til náms yngri en 15 ára. Vilji nemandi, sem tekinn hefir verið til náms áður en hann var sjálfráða, hætta námi eftir þann tíma, getur hann það með venjulegum uppsagnarfresti, þótt samið hafi verið um lengri tíma.

6. gr.

Það skal skýrt tekið fram í samningnum, hvernig launa skuli nemandanum, og skulu launin annaðhvort vera fólgin í fæði, húsnæði, klæðum og þjónustu eða þá mánaðarlaun, er greiðist í peningum að nokkru eða öllu. Nemanda skal séð fyrir ókeypis kennslu og veittur nægur tími til náms, þann-

ig að hann að loknu námi geti fullnægt þeim skilyrðum, er þarf til þess að reka verzlun sjálfur. Lærimeistari er skyldur til, þegar námstíminn er liðinn, að gefa vottorð um kunnáttu nemandans og hegðun.

7. gr.

Fyrstu 3 — þrjá — mánuðina af námstímanum ber að skoða sem reynslutíma fyrir báða, og hafa þá bæði forstjóri og nemandi, sé hann orðinn 16 ára, en ella foreldrar eða lögráðamenn, rétt til þess að heimta, að samningnum sé slitið án þess að tilgreina nokkra ástæðu. En þegar svo er, á hvorugur heimtingu á skaðabótum hjá hinum.

8. gr.

Sé námssamningi slitið án þess að nemandi eigi sök á og hann síðan fer til kennslu í annan stað, skal reikna saman námstímann á báðum stöðum, er finna á fullan námstíma, þó því aðeins, að ekki hafi verulegur tími liðið á milli, er nemandi eigi var við nám.

9. gr.

Nemandi skal sýna húsbónda sínum trúmennsku, hlýðni og virðingu og vinna honum allt það gagn, er hann frekast má.

10. gr.

Sé nemandi yngri en 18 ára, má vinnutíminn ekki fara fram úr 12 stundum á dag, að meðtöldum námstímanum og 2 stundum á dag til að hvílast og matast. Húsbóndi má ekki láta nemanda vinna neina vinnu frá kl. 9 á kvöldin til kl. 8 á morgnana, nema brýn nauðsyn sé til.

11. gr.

Á sunnudögum og öðrum helgidögum þjóðkirkjunnar eða lögskipuðum fridögum má húsbóndi ekki fá nemanda neina vinnu, nema þegar sérstaklega mikið liggur við eða þegar birgðakönnun á sér stað. Nemandi skal fá að minnsta kosti 10 daga sumarfrí í einu lagi, og skal það vera á tímabilinu frá 1. maí til 30. sept.

12. gr.

Meðan námstími stendur yfir, skal húsbóndi vaka yfir hegðun og siðferði nemanda og kosta kapps um, að nemandanum verði sem mest not að námstímanum og geti á hæfilegum tíma orðið fullnuma.

13. gr.

Nú sýkist nemandi án þess að honum sé sjálfum sök á gefandi sakir ótilhlýðilegrar hegðunar, og ber forstjóra þá að greiða honum laun í þrjá mánuði frá þeim tíma, sem hann veiktist, og auk þess greiða kostnað allan við sjúkrahúslegu hans í jafnlangan tíma, þó ekki lengur en út ráðningartímann. Ákvæði þessu verður ekki breytt með neinum samningi milli aðila. Þar sem löggiltur sjúkrasjóður er, skal nemandi tryggður þar á kostnað fyrirtækisins.

14. gr.

Samningnum getur hvor aðili sagt upp án fyrirvara, ef verulegar vanefndir eru fyrir hendi.

Sem dæmi verulegra vanefnda, er réttlæti slíka uppsögn, nema sérstök atvik hamli, má einkum nefna þessi:

A. Af hálfu húsbónda:

1. Ef nemandi er ótrúr í þjónustu sinni, misnotar trúnað yfirboðara síns eða bregzt þagnarskyldu um leyndarmál fyrirtækisins.
2. Ef hann fer leyfislaust frá verkum sínum. Ef hann sýnir yfirboðurum sínum þrjózku í starfinu eða neitar að gegna skyldum þeim, er starfi hans leggur honum á herðar.
3. Ef veikindi hamla nemanda frá námi í mánuð, og sjúkdómurinn er ólæknandi eða svo mikið kveður að honum, að læknir telur sjúkling eigi starfshæfan fyrr en tveim mánuðum þar eftir. Þetta skerðir ekki kröfur nemanda samkv. 13. gr.
4. Ef nemandi situr í fangelsi.
5. Ef nemandi er dæmdur dómi, er að almennu áliti skerðir æru hans.
6. Ef nemandi leggur hendur á yfirboðara sinn eða ærumeiðir hann.

B. Af hálfu nemanda:

1. Ef nemandi verður ófær til þess að gegna starfi sínu.
2. Ef húsbóndi greiðir ekki laun nemanda eða hlunnindi, eða veitir eigi tilskilda fræðslu samkvæmt námssamningi.
3. Ef aðbúð nemanda er slík, að heilsu hans eða siðferði geti stafað hætta af, eða almennum hreinlætisreglum eigi er fylgt.
4. Ef húsbóndi leggur hönd á nemanda eða ærumeiðir hann, eða aðrir starfsmenn hafa slíkt í frammi og húsbóndi veitir nemanda eigi tilhlýðilega vernd.
5. Ef lærimeistari er fjarverandi fulla 2 mánuði, nema vinnan fari fram undir umsjón fullnuma manns.
6. Ef fyrirtækið flyzt í annan kaupstað.

Ákvæðin undir A og B eru ekki tæmandi, ef almennar reglur leiða til annars. Tjón allt, er af hefir hlotizt, bætir hinn seki eins og lög bjóða.

15. gr.

Verði eigandi gjaldþrota eða fyrirtækið hættir af öðrum ástæðum, þannig að náminu verði eigi haldið áfram á sama hátt og áður, á nemandi rétt til þriggja mánaða kaups samkvæmt námssamningi.

16. gr.

Enginn má taka nemanda annars manns til kennslu, sem um ræðir í lögum þessum, nema námssamningi sé áður slitið. Slíkur samningur er ógildur.

II. KAFLI.

17. gr.

Verzlunarmenn eru í lögum þessum taldir þeir, sem lokið hafa verzlunarnámi og sýnt kunnáttu sína á þann hátt, er hér segir:

1. a) Lokið fullnaðarprófi frá verzlunarskóla Íslands eða skóla, er eigi gerir minni kröfur um þekkingu á verzlun og viðskiptum.
   b) Auk þess stundað verklegt nám í verzlun eða skrifstofu í eitt ár eða meira.
2. Stundað verklegt nám í verzlun eða skrifstofu þrjú ár eða meira og kunna að færa þær bækur, sem lögboðið er, að bókhaldsskyld fyrirtæki skuli halda.
3. a) Lokið stúdentsprófi og fullnægi samskonar skilyrðum um bókhaldskunnáttu, sem um ræðir í 2. lið.
   b) Auk þess stundað verklegt nám í verzlun eða skrifstofu í eitt ár eða meira.
4. Ennfremur eiga rétt til skírteinis sem fullnuma verzlunarmenn:
   a) Þeir, sem starfað hafa við verzlun eða í skrifstofu í þrjú ár eða meira sem fastastarfsmenn áður en lög þessi öðluðust gildi, og sýni vottorð þar að lútandi, sem lögreglustjóri tekur gild.
   b) Fullnægi auk þess samskonar skilyrðum um bókhaldskunnáttu sem um ræðir í 2. lið.

18. gr.

Hver sá, sem lokið hefir verzlunarnámi á þann hátt, sem um ræðir í 1. lið 17. gr., á rétt að fá hjá lögreglustjóra skírteini sem verzlunarmaður, er hann sýnir prófskírteini sitt og vottorð tveggja skilríkra manna um námstíma sinn við verklegt nám, ásamt vottorði lærimeistara um góða hegðun, samvizkusemi og alúð við það.

Þeir, sem lokið hafa verzlunarnámi á þann hátt, er um ræðir í 2. og 3. lið 17. gr., eða fullnægja ákvæðum 4. liðs sömu greinar, eiga rétt til samskonar skírteinis, enda leggi þeir fram samskonar vottorð og áður segir, en í stað prófskírteinis sundurliðað vottorð um kunnáttu sína frá manni, er ráðherra hefir til þess skipað.

Vottorðið skal meðundirritað af tveimur prófdómendum, skipuðum á sama hátt. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um próf þessi, eftir að hafa leitað álits þeirra aðila, sem nefndir eru í 3. gr.

19. gr.

Ekkert fyrirtæki, sem um ræðir í 2. gr. laga þessara, má ráða til sín eða hafa í þjónustu sinni fasta starfsmenn, sem eigi hafa skírteini sem verzlunarmenn, aðra en þá, sem undanteknir eru í 1. gr. Hver sá fastur starfsmaður, sem ekki er þannig undanþeginn og eigi hefir skírteini, telst námsmaður.

Námsmenn geta fyrirtækin ráðið fyrir hverja starfsdeild sína þannig, stjórnandi alltaf undanskilinn:

1 starfsmaður má vera námsmaður.
2 starfsmenn, þar af annar námsmaður, hinn verzlunarmaður.
3 starfsmenn, þar af einn námsmaður.
4 starfsmenn, þar af tveir námsmenn.
5 starfsmenn, þar af tveir námsmenn.
6 starfsmenn, þar af tveir námsmenn.
7 starfsmenn, þar af tveir námsmenn.
8 starfsmenn, þar af þrír námsmenn.
9 starfsmenn, þar af þrír starfsmenn.
10 starfsmenn, þar af þrír námsmenn.
11 starfsmenn, þar af þrír námsmenn.
12 starfsmenn, þar af þrír námsmenn.

Af hverjum fjórum starfsmönnum, sem við bætast, má sá fjórði vera námsmaður.

Þó er atvinnurekanda heimilt að notfæra sér við atvinnureksturinn starfskrafta maka síns, foreldra og barna, þótt eigi séu fullnuma.

Samningar, er brjóta í bága við grein þessa, eru ógildir.

III. KAFLI.

Um gerðardóm, refsingar og undanþágur.

20. gr.

Er úrskurða skal samkvæmt 1. gr., skal það gert af gerðardómi, sem skipaður er fimm mönnum, einum útnefndum af Verzlunarráðinu, einum af Sambandi íslenzkra samvinnufélaga og tveim af Sambandi verzlunarmannafélaga Íslands, en oddamaður af hæstarétti.

21. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um meðferð mála fyrir gerðardómi.

22. gr.

Nemendur og verzlunarmenn geta innheimt vangreitt kaup sitt samkv. 3. gr. laga nr. 55, 31. maí 1927.

23. gr.

Stjórnandi fyrirtækis eða lærimeistari, sem brýtur gegn 3., 4., 5., 6., 10., 11., 16. eða 19. gr., skal sæta sektum, allt að 1000 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Sektir renna í ríkissjóð.

24. gr.

Mál út af brotum gegn ákvæðum 3., 16. og 19. gr. eru almenn lögreglumál. Önnur mál samkv. lögum þessum eru einkalögreglumál, en má þó reka eftir reglunum um almenn einkamál, ef hentugra þykir.

Þegar mál sætir meðferð einkalögreglumála samkvæmt lögum þessum, skal rjetturinn skipaður meðdómsmönnum.

Meðdómsmenn skulu útnefndir af hinum þremur aðilum, sem nefndir eru í 3. gr., til eins árs í senn. Útnefnir Verzlunarráðið einn, Samband íslenzkra samvinnufélaga einn. Samband verzlunarmannafélaga Íslands tvo. Skal Samband verzlunarmannafélaga Íslands jafnan útnefna verzlunarþjóna, en aðilar ryðja sínum hvor úr dómi, þannig að dómurinn er í hverju máli skipaður tveim meðdómsmönnum.

25. gr.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá lögum þessum, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

26. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 45 30. júlí 1909, svo og önnur lagaákvæði, er brjóta í bág við lög þessi.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1932. Eldri samningar halda þó gildi sínu eitt ár eftir, þótt eigi séu þeir samkvæmir lögum þessum, en skal innan þess tíma komið í löglegt horf.

Greinargerð.

Frumvarp þetta ásamt greinargerð, sem hér með fylgir, er samið af Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur og Verzlunarmannafélaginu „Merkúr". Verzlunarráð Íslands og Verzlunarmannafélag Íslands hefir og átt þátt í undirbúningi þess, og stendur því að frv. allfjölmenn stétt manna. Flm. vildu því verða við tilmælum nefndra félaga um flutning frv., enda þótt þeir séu ósamþykkir ýmsum ákvæðum frv. Munu þeir gera grein fyrir því nánar við flutning málsins.

Frumvarpinu fylgdi svolátandi greinargerð:

„Frumvarp það til laga um verzlunarnám og atvinnuréttindi verzlunarmanna, eins og það hér liggur fyrir, er samið að tilhlutun Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og Verzlunarmannafélagsins Merkúr. Einnig hefir Verzlunarráð Íslands átt nokkra hlutdeild í samning frumvarpsins. Að lokum hefir Samband verzlunarmannafélaga Íslands haft frumvarpið til meðferðar, og hefir það gengið endanlega frá því bæði að efni til og formi.

Mál þetta hefir verið á dagskrá hjá verzlunarstéttinni um alllangt skeið, og mætti því ætla, að það hefði nú fengið þann undirbúning, sem beztur kostur er á.

Stéttaskipting hér á landi hefir til skamms tíma verið mjög óglögg og sáralitlar kröfur gerðar til sérþekkingar. Eftir að aðgreining þessi fór að skírast hafa kröfur til sérþekkingar farið mjög vaxandi. Í lögum um iðju og iðnað og lögum um iðnaðarnám, hvorttveggja frá 1927, eru mjög auknar kröfur

til sérþekkingar iðnaðarmanna, enda munu lög þessi hvortveggja sniðin eftir gildandi lögum nágrannaþjóðanna. Gildandi lög um verzlunarnám eða námskeið verzlunarmanna eru frá 1909 og því eðlilega mjög á eftir tímanum og hafa raunar aldrei verið „praktiseruð". Er sá lagabálkur fyrir löngu orðinn úreltur, og munu flestir mæla, að tímabært sé að setja annan í hans stað.

Sem dæmi um vaxandi kröfur á verzlunarsviðinu má nefna frumvarp til laga um bókhald, er ríkisstjórnin lagði fram á síðasta þingi, en dagaði þá uppi. Eru þar mjög auknar kröfur til bókhalds og fjöldi fyrirtækja gerð bókhaldsskyld, sem eigi voru það áður. Má gera ráð fyrir, að frumvarp þetta verði að lögum á næsta Alþingi, enda í höfuðdráttum mjög til bóta og nauðsynlegt.

Tilgangur frumvarps þess, er hér ræðir um, er aðallega tvennskonar: Að námi verzlunarmanna sé hagað þannig, að þeir verði starfi sínu vel vaxnir og færir um að rækja köllun sína á þann hátt, að stétt þeirra og þeim sjálfum sé til gagns og sóma — og að þeir menn, sem slíku námi hafa lokið, sitji öðrum fremur fyrir atvinnu við þau fyrirtæki, sem starfsmanna þurfa með, sem æskilegt er, að hafi slíka menntun. Það verður og að álítast kappsmál fyrir hvert þjóðfélag, að stuðla að því með heilbrigðri löggjöf, að hver einstaklingur skipi sem bezt þann sess, er honum er fenginn, þannig að valinn maður skipi hvert rúm.

Leitazt hefir verið við að gera frumvarpið eins tæmandi og kostur hefir verið á, án þess að lengja það úr hófi fram. Þá hefir og lögfræðilega hlið málsins jafnframt verið athuguð.

Um 1. gr.

Lög þessi er ætlazt til, að nái aðeins til viðskiptafyrirtækja, sem hafa aðsetur í kaupstað. Er það í samræmi við gildandi ákvæði, og stutt af því, að lögin yrðu illframkvæmanleg í sveit eða smáum verzlunarstöðum. Þó er ráðherra gefin heimild til að víkka gildi þeirra til staða, sem þau gætu helzt átt við á.

Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir, að lögin nái til allra fastra starfsmanna, og yrði fastur starfsmaður að skýrast samkvæmt venju (maður ráðinn upp á mánaðar- eða árskaup, venjulega um ótiltekinn tíma, eða tiltekinn lengri tíma o. s. frv.). Þó er gert ráð fyrir nokkrum undantekningum, t. d. um sendla og aðra starfsmenn utan húss og innan, þar sem starfinu er svo hagað, að sérþekking er ekki nauðsynleg. Verði ágreiningur um þetta, sker gerðardómur úr.

Um 2. gr.

Hér eru talin þau viðskiptafyrirtæki, sem ætlazt er til, að lögin nái til. Virðist eðlilegt að miða þetta fyrst og fremst við þau viðskiptafyrirtæki, sem bókhaldsskyld eru að lögum. Fyrir síðasta Alþingi lá frumvarp til laga um bókhald, og er upptalningin í 2. gr. hér að mestu leyti sniðin eftir því frumvarpi.

Um 3. gr.

Þessi grein er í samræmi við lög nr. 45, 30. júlí 1909, og lög nr. 11, 31. maí 1927. Form samninganna og það helzta, sem í þá er sett, virðist eðlilegt að sé borið undir hlutaðeigandi atvinnugreinar.

Um 4. gr.

Hér segir almennt um, hverjir megi taka námsmenn. Er nokkurt vandamál að ákveða þetta, vegna þess að skilyrðin til þess að fá verzlunarleyfi eru mjög lítilfjörleg, en úr þessu verður nú væntanlega bætt, sbr. breytingartillögur okkar við lög um verzlunaratvinnu, nr. 52 27. júní 1925.

Í aðaldráttum er gert ráð fyrir, að meginreglan verði sú, að þeir einir geti tekið námsmenn, sem eru fullnuma, eða að uppfræðsla nemandans sé tryggð á annan öruggan hátt.

Um 5. gr.

Námstíminn er ákveðinn í samræmi við kröfur þær, sem gerðar eru í 17. gr.

Eigi þykir ástæða til, að námsmenn séu teknir yngri en 15 ára. Þeir, sem yngri eru, yrðu taldir vikadrengir. Eðlilegt er, að unglingur, sem settur er til náms áður en hann er sjálfráða (16 ára), geti, eftir að hann er orðinn sjálfráður, hætt námi, t. d. ef hann hefir enga löngun eða hæfileika til þess að halda því áfram.

Um 6. gr.

Eins og vikið er að í athugasemd við 4. gr., eru skilyrðin til þess að fá verzlunarleyfi mjög væg, en hinsvegar þykir ekki fært að gera meiri kröfur til starfsmanna heldur en stjórnenda, og er tilgangurinn með náminu markaður samkvæmt því.

Um 7. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 8. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda og er í samræmi við lögin um iðnaðarnám, nr. 11 31. maí 1927.

Um 9. gr.

Svipuð og í gömlu lögunum og sýnist ekki óeðlilegt ákvæði.

Um 10. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 11. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 12. gr.

Fyrri hluti þessarar greinar á auðvitað aðallega við unglinga, sem eru við nám; annars gefur greinin ekki tilefni til athugasemda.

Um 13. gr.

Ákvæði þessarar greinar virðist mjög eðlilegt, enda að mestu leyti í samræmi við gildandi lög í líkum efnum.

Um 14. gr.

Þessi grein er að vísu ekki mjög nauðsynleg, því flest, sem í henni er talið, mundi leiða til samningsslita hvort sem væri. En það er oft handhægt að hafa leiðbeiningarákvæði í þessu efni, og eru því taldar hér upp nokkrar helztu ástæður til samningsslita, vitanlega alls ekki tæmandi. Að mestu hefir verið fylgt fyrirmynd úr þýzkum lögum (71. gr. der Handelsgesetzbuch), enda hafa þau að nokkru verið höfð til hliðsjónar í öðrum efnum.

Um 15. gr.

Þessi grein leiðir af almennum reglum.

Um 16. gr.

Rétt þykir, auk þess að leggja refsingu við því, sem greinin ræðir um, að samningurinn skuli vera ógildur með öllu.

Um 17. gr.

Að sjálfsögðu má deila um, hvaða lágmarkskröfur beri að gera til fullnuma verzlunarmanns.

Samanborið við kröfur, sem gerðar eru gildandi í lögum um iðnaðarnám, eru ákvæði þessarar greinar mjög væg, en eftir atvikum hefir samt ekki þótt rétt að ganga lengra.

Um 18. gr.

Nauðsynlegt er, að þeir, sem fullnuma eru, fái greinileg skírteini um kunnáttu sína, en jafnnauðsynlegt er, að þeir einir fái slík vottorð, sem til þess eru hæfir. Greinin er sett til að tryggja þetta.

Um 19. gr.

Hér eru aðalákvæðin um réttindi fullnuma verzlunarmanna. Samkvæmt tilgangi frumvarpsins er nauðsynlegt, að trygging sé fyrir því, að verzlunarmenn njóti öðrum fremur þeirrar atvinnu, sem þeir hafa sérstaklega búið sig undir að rækja. Þessum tilgangi verður því aðeins náð, að allir aðrir, sem við störf þessi vinna, verði taldir námsmenn og að skilyrði séu sett um, hve margir námsmenn megi vera í hlutfalli við fullnuma menn.

Um 20. gr.

Þess er getið í 1. gr., að um takmörk laganna skuli í vafatilfellum fara eftir úrskurði gerðardóms. Hér ræðir um skipun hans, og er eðlilegast, að hann sé skipaður af þeim aðilum, er greinin nefnir.

Um 21. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 22. gr.

Grein sú, sem vitnað er til, veitir verkamönnum heimild til þess að sækja kaupgreiðslumál sín sem einkalögreglumál, svo og sérstaka varnarþingsheimild, og loks undanþágu frá greiðslu réttargjalda. Rétt sýnist, að verzlunarmenn séu eigi verr settir í þessu efni.

Um 23. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 24. gr.

Mál út af brotum, sem aðallega varða hið opinbera, eru hér samkvæmt venju látin sæta meðferð almennra lögreglumála. Hin, sem varða skipti aðilanna sjálfra, eru látin sæta meðferð einkalögreglumála. Gerðardómar, sem samkvæmt eldri lögunum og lögunum um iðnaðarnám, nr. 11, 31. maí 1927, eru til þess settir að úrskurða ágreining í ýmsum efnum, eru hér felldir niður, en í staðinn ákveðið, að aðilar útnefni meðdómsmenn með dómaranum, og er það að öllu leyti betra.

Um 25. gr.

Þar sem ýms nýmæli eru í lögunum og eigi verður fyrirfram vitað nema þau í einstöku tilfelli kunni að koma hart niður og óeðlilega, þykir rétt, að ráðherra hafi heimild til að veita undanþágur, en gengið út frá, að ef svo ber undir, verði áður leitað álits þeirra aðila, sem nefndir hafa verið (Verzlunarráð Íslands, Samband íslenzkra samvinnufélaga og Samband verzlunarmannafélaga Íslands).

Um 26. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 27. gr.

Rétt þykir, að nokkurt svigrúm sé gefið til þess, að menn geti án mikilla óþæginda lagað aðstöðu sína þannig, að hún verði lögum samkvæm.

Nd. 94. Frumvarp

til laga um sauðfjármörk.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson og Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Skylt er hverjum, sem á sauðfjármark, að fá það lögskráð. Lögskráð teljast sauðfjármörk, sem prentuð eru í gildandi markaskrá þess héraðs, sem markeigandi á lögheimili í.

Nú er nýtt mark tekið upp, eftir að prentun markaskrár hlutaðeigandi héraðs fór fram, eða lögskráð mark í öðru héraði er flutt milli héraða og notkun

þess leyfð af markadómi, og skal þá markavörður annast birtingu þess í Lögbirtingablaðinu. Þau mörk, sem þannig eru birt í Lögbirtingablaðinu, teljast lögskráð, unz næst er prentuð markaskrá fyrir það hérað, sem markeigandi á lögheimili í.

2. gr.

Öll sauðfjármörk skal lögskrá, og má eigi nota önnur mörk, sbr. þó 13. gr.

3. gr.

Mörk eru tvennskonar, eyrnamörk, sem sett eru á eyru sauðfjár (og líka má setja á horn sem hornamörk) og brennimörk, sem brennd eru á horn sauðfjár. Brennimörk má líka setja á merki, sem fest eru í eyru sauðfjár, enda sé lögskráð brennimark á merkinu.

4. gr.

Hver sauðfjáreigandi skal sjá um mörkun á fé sínu.

5. gr.

Mark, sem er lögskráð samkvæmt lögum þessum, er eign þess, sem skrifaður er fyrir því, og er öllum öðrum óheimilt að taka það upp eða nota, nema með hans leyfi, eða leyfi markadóms. En um það leyfi fer eftir ákvæðum 6. og 16. gr.

6. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar 3 menn í markadóm. Markadómur skal úrskurð gefa meðal annars um rétt manna til að halda áfram sauðfjármarki, er þeir hafa áður haft, eða er í gildandi markaskrá, þegar um sammerkingar eða námerkingar er að ræða, þar sem lög þessi leggja bann við. Ennfremur um heimild manna til að taka upp nýtt mark eða flytja mark milli héraða. Einn þessara manna nefnist markavörður, og er hann formaður dómsins. Skal hann eiga heima í Reykjavík og hafa að launum 3000 kr. auk dýrtíðaruppbótar. Meðdómendum markavarðar skal greiða þóknun fyrir starf sitt eftir reikningi.

7. gr.

Markavörður sér um prentun allra markaskráa landsins. Skal hann gæta þess, að sammerkingar eigi sér ekki stað umfram það, sem lög þessi heimila. Þegar prenta skal markaskrá, skal markadómur úrskurða, þar sem sammerking er ekki heimil eftir lögum þessum, hver af þeim, er sammerkt á, hefir mestan rétt til að halda áfram sauðfjármarki sínu.

Sá telst hafa ríkari rétt til eignar og nota á sauðfjármarki í sama héraði eða á samgangnasvæði, sem hefir fengið það að erfðum, heldur en sá, er tekur upp mark, kaupir mark eða flytur það að. Og sá, er mark á í héraði, hefir rétt á að halda því fyrir marki, sem flutt er inn í héraðið, hvað sem aldri markanna líður eða hvernig sem uppruna þeirra er háttað.

Ef tveir eða fleiri eiga sammerkt innan eða utan héraðs, og eins er ástatt um uppruna þeirra í eigu þess eða þeirra, er skrifast fyrir þeim, skal aldur markanna ráða, eftir því er upplýsist um hann, og hefir þá elzta markið mestan

rétt. Keypt mark innan héraðs, sem áður hefir verið notað, hefir fyllri rétt en nýupptekið mark, þó keypt sé.

8. gr.

Í hverri sýslu skal vera einn maður kosinn af sýslunefnd, er safnar mörkunum, markasafnari, áður en markaskrá verður prentuð. Árið áður en prenta skal markaskrá fyrir sýslu, þar með talin þau bæjarfélög, sem samkvæmt lögum þessum er fyrirskipað að prenta sauðfjármörk sín í sýslumarkaskrá, skulu oddvitar, hver í sínum hreppi, safna sauðfjármörkum og veita markagjaldi móttöku, sbr. 9. gr. Að söfnun markanna lokinni skulu þeir senda markasafnara mörkin ásamt markagjaldi, í síðasta lagi fyrir lok októbermánaðar. Markasafnari skal raða mörkunum og hlutast til um, að innan sýslu eða þess héraðs, er hann á að safna fyrir, eigi sér ekki stað sammerkingar. Fyrir áramót hin næstu skal hann hafa sent markaverði mörkin og markagjaldið.

Fyrir vinnu sína fær markasafnari 10% af markagjaldi sýslunnar eða héraðsins.

9. gr.

Hver sá, er lögskrá vill mark sitt í markaskrá, skal sjá um, að það komist til oddvita haustið sem markasöfnun fer fram, í síðasta lagi fyrir 15. október. Fyrir prentun marks í markaskrá skal greiða 2 kr., eigi sami maður ekki fleiri en 2 mörk, en 5 kr. skal greiða fyrir það þriðja, 10 kr. fyrir það fjórða, og þannig hækkandi áfram um 5 kr. fyrir hvert mark. Markagjöld þessi skal markaeigandi senda til oddvita með markinu, þegar markasöfnun fer fram. Fyrir skrásetningu brennimarks greiðist 50 aurar. Nú vill maður taka upp mark milli prentunar markaskráa, eða flytja mark milli héraða, og skal hann þá senda það ásamt markagjaldi til markavarðar, sem sér um birtingu þess í Lögbirtingablaðinu, ef notkun þess er heimil samkvæmt lögum þessum.

10. gr.

Nú neitar markadómur manni að taka upp eða halda marki, og skal hann þá benda hlutaðeigandi á mark (eða mörk) sem líkast því, er óskað var eftir.

11. gr.

Sýslu- og hreppsbrennimörk skal sauðfjáreigendum skylt að auðkenna með fé sitt, og skal það ætíð sett á vinstra horn, ef fé er hyrnt, en ella skal það sett á merki, sem sett er í vinstra eyra. Hver sýsla skal auðkennd með einum eða fleiri bókstöfum, en hreppur með tölumerki.

Brennimark eiganda skal setja á hægra horn eða á merki, er fest er í hægra eyra, ef kind er kollótt. Brennimark sýslu og eiganda má þó setja á sama horn, og á hvort hornið sem er, ef kind er einhyrnd. Brennimörk skal lögskrá, og má ekki fleiri en einn í sömu sýslu hafa sama einkabrennimark.

12. gr.

Heimilt er mönnum að hornmarka fé sitt með lögskráðu eyrnamarki (hornamarki). Um eignarrétt kindar ræður fyrst sýslu- og hreppsbrennimark,

þá hornamark og brennimark eiganda, og síðast eyrnamark, nema annað sannist réttara.

13. gr.

Heimilt er mönnum að marka annað búfé sitt undir lögskráð sauðfjármörk sín. Sömuleiðis er mönnum heimilt að nota sérstök eyrnamörk á annað búfé sitt, en lögskrá skal þau þó á sama hátt og sauðfjármörk, og gilda um þau, eftir því sem við á, sömu reglur og tekið er fram í lögum þessum um sauðfjármörk.

14. gr.

Ef fé er ómarkað, eða markið óglöggt, svo eigi verði úr ráðið, þá helgar ær eignarrétt að lambi. Nú er slíku eigi fyrir að fara, og getur þá sá helgað sér kindina, sem færir sönnur á eignarrétt sinn með tveimur óvilhöllum vottum.

Allt það fé, sem ekki finnst eigandi að, er eign þess sveitarfélags, sem það finnst í, og skal farið með það sem hlutaðeigandi fjallskilareglugerð mælir fyrir um. Þó er fé ekki eign þess sveitarfélags, er það finnst í, ef sýslu- og hreppsbrennimerkt er, heldur þess hrepps, er brennimarkið á, ef eigandi finnst ekki.

15. gr.

Á næstu 5 árum eftir að lög þessi öðlast gildi skal prenta allar markaskrár landsins, og skal það gert eins og hér segir:

Fyrsta árið skal prenta markaskrár Borgarfjarðar-, Mýra-, Barðastrandar-, Rangárvalla-, Eyjafjarðar- og Austur-Skaftafellssýslu. Í markaskrá Eyjafjarðarsýslu skal prenta sauðfjármörk Akureyringa og Siglfirðinga.

Annað árið skal prenta markaskrár Húnavatns-, V.-Ísafjarðar-, Suður-Þingeyjar- og Vestur-Skaftafellssýslu. Í markaskrá Húnavatnssýslu má ekki prenta mörk, sem áður hafa verið prentuð í markaskrám Borgarfjarðar-, Mýra- eða Rangárvallasýslu. Í markaskrá Vestur-Ísafjarðarsýslu má ekki prenta mörk, sem áður hafa verið prentuð í markaskrá Barðastrandarsýslu. Í markaskrá Suður-Þingeyjarsýslu má ekki prenta mörk, sem prentuð hafa verið í markaskrá Eyjafjarðarsýslu.

Þriðja árið skal prenta markaskrár Árnes-, N.-Ísafjarðar- (þar með talinn Ísafjarðarkaupstaður), Snæfellsnes-, Hnappadals-, Norður-Þingeyjar- og Vestmannaeyjasýslu. Í markaskrá Árnessýslu má ekki prenta mörk, sem prentuð hafa verið í markaskrám Borgarfjarðar-, Mýra-, Rangárvalla- eða Húnavatnssýslu. Í markaskrá Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu má ekki prenta mörk, sem prentuð hafa verið í markaskrám Borgarfjarðar-, Mýra- eða Húnavatnssýslu. Í markaskrá Norður-Þingeyjarsýslu má ekki prenta mörk, sem prentuð hafa verið í markaskrá Suður-Þingeyjarsýslu.

Fjórða árið skal prenta markaskrá fyrir Dalasýslu, Múlasýslur báðar með Norðfirði og Seyðisfirði og Skagafjarðarsýslu. Í markaskrá Dalasýslu má ekki prenta mörk, sem áður hafa verið prentuð í markaskrám Borgarfjarðar-, Mýra-, Snæfellsnes- og Hnappadals-, Barðastrandar- eða Húnavatnssýslu. Í markaskrá Norður-Múlasýslu má ekki prenta mörk, sem prentuð hafa verið í markaskrá Norður-Þingeyjarsýslu. Í markaskrá Suður-Múlasýslu má ekki prenta mörk, sem prentuð hafa verið í markaskrá Norður-Múlasýslu eða Austur-Skaftafellssýslu.

Í markaskrá Skagafjarðarsýslu má ekki prenta mörk, sem prentuð hafa verið í markaskrá Eyjafjarðar-, Húnavatns-, Árnes-, Mýra- eða Borgarfjarðarsýslu.

Fimmta árið skal prenta markaskrá fyrir Strandasýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu (þar með talin Reykjavík og Hafnarfjörður). Í markaskrá Gullbringu- og Kjósarsýslu má ekki prenta mörk, sem prentuð hafa verið í markaskrám Árnes-, Rangárvalla-, Húnavatns-, Borgarfjarðar- eða Mýrasýslu. Í markaskrá Strandasýslu má ekki prenta mörk, sem áður hafa verið prentuð í markaskrám Mýra-, Borgarfjarðar-, Dala-, Barðastrandar-, Norður-Ísafjarðar- eða Húnavatnssýslu.

Markaskrár landsins skal prenta 5. hvert ár í þeirri röð, er að ofan getur.

Ákvæði þessarar greinar um bann gegn prentun marka ná þó ekki til þeirra marka, sem flutt eru héraða milli með leyfi markadóms, sbr. 1. gr.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 15. gr. um bann við sammerkingum milli hinna einstöku sýslna og héraða, getur markadómur veitt undanþágu frá banni þessu, þar sem svo stendur á, að fullvíst má telja, að engar sauðfjársamgöngur eigi sér stað.

17. gr.

Heimilt er markadómi að banna mörk, sem eru mikil særingarmörk, svo sem afeyrt o. s. frv.

18. gr.

Tekjur þær, er inn koma fyrir lögskráningu marka, renna í ríkissjóð, enda ber hann kostnaðinn af prentuninni og samningu markaskráa og birtingu marka í Lögbirtingablaðinu samkvæmt ákvæðum þessara laga.

19. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skal með reglugerð setja nánari ákvæði um prentun markaskráa, gerð og heiti marka. Í reglugerðinni má og banna að nota ýmsar benjar, er valdið geta námerkingum og misdrætti á sauðfé.

20. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 5—100 kr. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

21. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði 47.—50. kap. í Landsleigubálki Jónsbókar, svo og öll eldri lagafyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hin síðari ár hefir mikið verið ritað og rætt um sauðfjármörk og sýnt fram á, að þar þurfi að breyta til bóta frá því, sem hefir verið. Má þó heita, að lítið hafi verið gert til umbóta. Einstaka sýslunefndir hafa reyndar sett inn í fjallskilareglugerðir ákvæði, sem miðað hafa til nokkurra bóta. En þær eru bæði fáar, sem það hafa gert, og ákvæðin ná skammt. Eyfirðingar og Suður-Þingeyingar hafa komið á hjá sér markadómi, og hefir það gefizt vel, það sem það nær.

Málið hefir komið fyrir búnaðarþing, en ekki er sýnilegt, að neinn árangur hafi orðið af því. Þó kann að vera, að það hafi beint eða óbeint orðið til þess, að þingmaður Mýramanna tók málið upp á Alþingi 1914. Hann tók það upp á þeim grundvelli, að tekin væru upp sýslu- og hreppamörk, er mörkuð væru á annað eyrað, en einstaklingarnir mörkuðu á hitt eyrað mark sitt. Málið var óútrætt á þingi. Nefndin í málinu leit svo á, að málið ætti ekki að ná fram að ganga, af því að **allur þorri af landsmönnum væri á móti breytingunni.**

Nokkrir líta nú svo á, að breyting lík þeirri, er þingmaður Mýramanna flutti, sé bezta markafyrirkomulag. En þó deila megi um það, þá er hitt víst, að fjöldinn allur af þeim ca. 20 þús. mönnum, sem nú eiga sauðfjármörk, vill fá að halda þeim. Oft er um erfðamörk að ræða, sem mönnum er viðkvæmt mál, ef þeir ættu að missa þau. Þess vegna er allur þorrinn á móti svo gagngerðri breytingu.

Á þingi 1917 flutti landbúnaðarnefnd frumvarp um markalög, en það frumvarp var fellt.

Frumvarp það, er hér birtist, er að ýmsu leyti líkt frumvarpinu frá 1917, og sama grundvallarhugsun fyrir því, að láta sérstakan mann, markavörð, hafa umsjón og eftirlit með þessum málum.

Því hefir verið haldið fram, að hver og einn geti sjálfur myndað sér skoðun um þetta mál. En það er mjög hæpið. Málið er alls ekki eins ljóst og margur hyggur, og það er rangt að ætla, að hver og einn hafi greiðan aðgang að öllu, er til þess þarf að geta verið dómbær í þessu máli.

Áður en gerð er grein fyrir hinum einstöku greinum frumvarpsins, er rétt að fara nokkrum orðum um ástandið eins og það er nú, svo að ljóst verði, á hverju þarf að ráða bót.

1. Sömu markabenjar eru kallaðar misjöfnum nöfnum í hinum ýmsu héruðum landsins. Sem dæmi má nefna: Blaðstýft og hálft úr, vaglskoru og stig, hófbita og hóf, hanka og hankfjöður, kílfjaðrað, boðfjaðrað og andfjaðrað, standfjöður og fjöður o. m. fl.

Þetta, að sama ben er kölluð misjöfnum nöfnum hér og þar á landinu, er t. d. orsök þess, að maður, sem sér markið sitt auglýst á seldri kind, en einhverja eða einhverjar benjarnar kallaðar öðrum nöfnum en hann þekkir þær undir, áttar sig ekki á því og kallar ekki eftir verðinu.

Þetta ætlast lögin til, að lagað sé með reglugerð, sjá 19. gr.

2. Tvö ólík ben ganga hér og þar undir sama nafni. Sem dæmi má nefna,

vaglskoru, sem sett er misofarlega á eyra. Netnál er ýmist mörkuð í mitt eyra eða ofanfrá. Oddfjaðrað ýmist markað hangfjöður ofar og standfjöður neðar á sama eyra, eða mörkuð á sama hátt, en stykkið á milli tekið burt, en þá er það mark kallað geirskora hér og þar á landinu. Í Skagafirði er það t. d. geirskora. Væri kind þaðan seld í Árnessýslu, mundi hún verða auglýst með oddfjaðrað, en það mundi mönnum í Skagafirði aldrei detta í hug, að væri hið sama og geirskora.

Á þessu er líka ætlazt til, að ráðin sé bót með reglugerð, sbr. 19. gr. Hvert ben þarf að hafa sama nafnið um allt land.

3. Um mörk munu vera í gildi ákvæði Jónsbókar. En þó svo sé, eru þau öllum almenningi dauður lagabókstafur. Raunverulega er það svo, að mönnum er ekki tryggður eignarréttur á mörkum sínum.

Menn, sem flytja í héraðið, geta komið með sömu mörk og fyrir eru, eða þau geta verið tekin upp í næstu sveit, en í annari sýslu, og er þá sjaldnast að ræða um annað en að reyna samninga um að fá markið lagt niður. Þetta hefir leitt til þess, að sam- og námerkingar hafa stöðugt farið vaxandi. Þetta kemur fyrst og fremst til af því, að markaeigendum og mörkum fjölgar. 1917 voru um 23 þús. mörk á landinu, nú eru þau um 28 þús. Síðustu 12 árin hafa milli 4 og 5 þús. ný mörk bætzt við. Jafnframt hafa flestar stór- og smáár landsins verið brúaðar, og við það hefir samgangur fjárins breytzt, svo sammerkingar koma nú að sök þar, sem þær gerðu það ekki áður.

Til að rannsaka þetta nokkuð, hafa margar af núgildandi markaskrám landsins verið lesnar saman við markaskrár aðliggjandi héraða.

Nokkrir menn hafa látið prenta mörk sín í fleiri en einni markaskrá, og einn hreppur, Kelduneshreppur, lætur prenta mörk sín í báðum þingeysku markaskránum. Öllum slíkum mörkum er sleppt og þau ekki talin sammerkingar. Þá hefir mörkum nokkurra manna, sem flutzt hafa milli héraða og því hafa mark sitt prentað í tveim markaskrám, verið sleppt, eftir því sem vart hefir orðið við þau, en ekki er útilokað, að einhver slík mörk kunni þó að hafa slæðzt með, en þau munu ekki vera mörg. Annars er þessi samanburður erfiður, af því að mörkunum er raðað sitt á hvað í skránum. Því getur verið, að sammerkingar séu fleiri en orðið hefir vart við.

Þessi samanburður sýnir nú, að milli Skagfirðinga og Húnvetninga eru 220 sammerkingar. Um 100 af þeim er viðurkennt, að þær séu bagalegar, og um 50 af þeim eru milli manna, sem búa vestan Héraðsvatna og austan Blöndu eða á Blönduósi. Innbyrðis eru sammerkingar í báðum sýslunum, t. d. milli manna, sem búa í Hofshreppi og Akrahreppi, Hólahreppi og Seiluhreppi, Akrahreppi og Seiluhreppi o. s. frv. í Skagafirði.

Blanda og Héraðsvötn voru náttúrlegar torfærur milli fjárins, áður en brúað var, en nú er það ekki lengur. Sem dæmi má nefna, að ekki hafði það komið fyrir, að fé vestan yfir vötn kæmi fyrir í Haga- og Kolbeinsdalsrétt fyrri en haustið eftir að Vesturósinn var brúaður. Þá voru 12 kindur vestan yfir vötn í þessum réttum, og síðan hefir þar ávallt verið eitthvað af fé vestan yfir vötn. — Þetta dæmi verður að nægja til að sýna, hvernig þau svæði, sem sammerking-

ar mega ekki eiga sér stað á, hafa stækkað vegna brúnna, sem settar hafa verið á árnar.

Milli Eyfirðinga og Skagfirðinga er 151 sammerking. 43 þeirra eru milli manna, sem reka fé sitt í fjallgarðinn milli sýslnanna. Leiðir af sjálfu sér, að þær eru allar skaðlegar, en annars hafa síðastliðin 10 ár komið fyrir kindur úr öllum hreppum Eyjafjarðarsýslu í Hagarétt í Skagafirði.

Milli Suður-Þingeyinga og Eyfirðinga eru ekki nema leyfðar sammerkingar. Markadómur hefir litið svo á, að þær kæmu yfirleitt ekki að sök. Það er sjálfsagt að mestu leyti rétt, en þó er það mikill vafi með sumar þeirra. Sbr. síðar.

Milli Norður-Þingeyinga og Múlsýslunga eru 372 sammerkingar. Margar af þeim eru með öllu ósaknæmar, en allar eru þær það ekki. T. d. eru 72 sammerkingar milli manna, sem búa í Norður-Þingeyjarsýslu, og manna, sem búa í Vopnafirði, Jökuldal eða Langanesströndum, og verða þær allar að teljast bagalegar.

Milli Norður-Þingeyinga og Suður-Þingeyinga eru 170 sammerkingar. Þær koma líklega lítið að sök, því fé fer lítið yfir Jökulsá, og veldur því lega brúarinnar. Þó var nú fyrir liðugu ári búið að taka dilk frá Neslöndum í Mývatnssveit í Axarfjarðarrétt og setja hann í Múlasýsluféð, af því að markið var úr Hróarstungu, en þaðan þótti líklegra að hann væri en úr Mývatnssveit, og hefði hann gengið þangað, ef misdrátturinn hefði ekki uppgötvazt af því að móðir lambsins var í tveimur reyfum og varð síðast í töfludrætti fyrir sama manni og dilkurinn áður, og þá brennimerkt Neslönd. Þetta dæmi sýnir ljóslega, hvernig misdráttur getur átt sér stað milli manna, sem eru svo langt hvor frá öðrum, að talið er, að fjársamgöngur eigi sér alls eigi stað, en á milli þeirra kemur fé frá báðum saman, og það veldur misdrætti.

Í markaskrá Múlasýslna eru ekki nema leyfðar sammerkingar, sem sá, er bjó töfluna undir prentun, hefir álitið, að ekki kæmi að sök. En um þær er sama að segja og um dæmið, sem tekið var hér á undan. Það er ekki óalgengt, að seldir séu sammerkingar í Múlasýslu, og er það réttara en að draga kindina eftir líkum. Dæmi um þetta kom fyrir í Fljótsdal fyrir 2 árum. Vafi var á, hvort kind væri úr Breiðdal eða Borgarfirði. Markið var á báðum stöðum, nokkrar kindur frá báðum stöðum, svo ekki var unnt að vita, hver kindina átti. Dæmi þessu lík eru til um allt land, og sýna þau ljóst, að það er ekki nóg, að ekki sé sammerkt á svæðum, sem fjársamgöngur eiga sér stað á, heldur verður að vera svo langt milli sammerkinganna, að fé úr þeim stöðum, sem sammerkt eiga, komi ekki saman á millisvæðum.

Milli Múlsýslunga og Austur-Skaftfellinga eru 428 sammerkingar. Fæstar af þeim koma að sök. Þó eru 8 milli manna, sem búa í Mýrahreppi og Geithellnahreppi, og 6 milli manna, sem búa í Geithellnahreppi, og manna, sem búa í Nesja- eða Bæjarhreppi, og leikur ekki á tveim tungum, að þær eru mjög bagalegar. Um hinar, sem eru milli manna, sem búa í Beruneshreppi, og manna í Nesjahreppi eða Bæjarhreppi, getur orkað meira tvímælis, en þó munu fleiri telja þær óheppilegar.

Milli Vestur-Skaftfellinga og annara hefir þetta ekki verið rannsakað. Þar mun vera minni hætta á um sammerkingar, vegna staðhátta, en þó má ekki vera sammerkt í Skaftártungu, Álftaveri eða Meðallandi, og í Rangárvallahreppi eða Holtum eða Landmannahreppi, og ekki sammerkt í Mýrdal og undir Eyjafjöllum.

Milli Rangæinga og Árnesinga eru 147 sammerkingar. Af þeim eru 53 milli manna, er búa austan Hvítár í Árnessýslu og vestan Markarfljóts í Rangárvallasýslu. Innan Rangárvallasýslu eru 23 sammerkingar.

Milli manna, sem búa í Árnessýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu, er 81 sammerking, en 37 eru sammerkingarnar milli manna, er búa í Gullbringu- og Kjósarsýslu, og manna í Borgarfirði.

Milli Borgfirðinga og Mýramanna eru 48 sammerkingar.

Nákvæmlega hafa sammerkingar milli Borgfirðinga og Húnvetninga ekki verið taldar, en þær eru yfir 300.

Sama má segja um vesturkjálkann. Sammerkingar hafa ekki verið bornar saman þar. En þær eru þar, eins og annarsstaðar, milli manna, sem búa á svæðum, sem fjársamgöngur eru á milli. Og þær eru líka innan sömu sýslu, jafnvel innan sama hrepps; t. d. eru þrír menn í sama hreppi á Vesturlandi, sem hafa sýlt biti aftan hægra, og er þó ekki yfir klukkutíma ferð á milli bæjanna og engin vötn, sem teljandi eru, er aðskilji löndin. Svipuð dæmi eru mörg, svo sammerkingarnar eru þar ekki síður bagalegar en annarsstaðar, þó þær hafi ekki verið taldar sérstaklega.

Af þessu er ljóst, að sammerkingar eru víða, og víða bagalegar. Þetta er ætlazt til að verði fyrirbyggt með markadómi og markaverði. Vitanlega getur ekki hjá því farið, að ýmsir verði að leggja niður þau mörk, sem þeir hafa nú, en færri ættu þeir að verða en með gagngerðri breytingu. Í 7. gr. frumv. er tekið fram, hvaða höfuðreglu eigi að fylgja í því efni, og verður markavörður að sjá um að afla þeirra upplýsinga um leið og markasöfnun fer fram. Þyrfti að útbúa markasöfnunarseðla, svo að þær upplýsingar, sem dómur markadóms þarf að byggjast á, komi á hverjum seðli með markinu.

Sammerkingar hafa aukizt hin síðari ár. 1913 og 1914 voru þær nokkuð rannsakaðar af Páli Zóphóníassyni og voru þá um ⅓ færri en þær eru nú. Þá var líka selt færra óskilafé á haustin en nú er selt. 1927 er selt og auglýst, sennilega af því að mark þekkist ekki, 504 kindur og 8 hross, 1928 er selt 586 fjár og 7 hross, og 1929 er féð, sem selt var, yfir 600.

Á hverju einasta ári eru einhverjir, sem auglýsa, að þeim hafi verið dregnar kindur, sem þeir ekki eigi, þó að fjármarkið eigi þeir, og um markið verði að semja. Slíkar auglýsingar hafa síðastliðin 3 ár birzt úr Rangárvallasýslu, Árnessýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Dalasýslu, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu, Þingeyjarsýslu og Múlasýslu. Vestfirzku blöðin hafa ekki verið rannsökuð hvað þetta snertir, en vafalaust eru þar einhverjar slíkar auglýsingar. Ef Vestfirðir eru ekki taldir með hvað þetta snertir, þá eru það 24 kindur, sem þannig eru auglýstar að meðaltali á ári síðustu 3 árin. Við þessar auglýsingar er það ennfremur að athuga, að mjög margt af misdregna auglýsta fénu er mislitt, og er það vitanlega

af því, að menn verða frekar varir við misdráttinn. Fjármargur maður verður nefnilega ekki var við, þó honum sé dregið lamb með hans marki, nema hann alheimti sín lömb eða lambið sé að einhverju leyti frábrugðið.

Allur þessi misdráttur á að minnka og nær því að hverfa, ef frumvarp þetta verður að lögum. Sam- og námerkingar eiga að hverfa, en þær eru oft höfuðorsök til misdráttar.

Að vísu eru þess dæmi, að fé renni svo langt, að engin leið er að fyrirbyggja sammerkingar nema með gerbreytingu á mörkum mjög margra manna, en þau eru mjög fá. Sem dæmi skal hér nefnt, að tvö fjallalömb úr Borgarfirði hafa komið fyrir austur á Síðu, og eitt sinn kom tvílembd ær úr Suður-Þingeyjarsýslu fyrir í Hornafirði. Ær úr Strandasýslu hefir komið fyrir norður í Eyjafirði o. s. frv. En þessi og þessu lík dæmi eru fá og ekki hægt að taka tillit til þeirra.

Öryggið fyrir því, að mark á kind helgi eignarrétt á henni, á að verða miklu meira eftir frumv., enda er það eitt aðalatriði þessa máls.

4. Til þess að sýna notkun markanna nú, hefir tafla verið búin til. Hún sýnir öll aðalmörk á hægra eyra. Sama mark er þó talið sem eitt, þó það sé bæði notað framan og aftan. Þegar þess er gætt, sést, að það eru 125 ben, sem talin eru sem sjálfstæð mörk í markaskrám landsins. Þegar þau svo eru sett saman sitt á hvað á báðum eyrum kindarinnar, verður tilbreytnin svo mikil, að markafjöldinn er afarmikill. Nú eru mörg af þessum mörkum svo lík öðrum, að hætt er við misdrætti af þeirri orsök, önnur eru svo mikil særingarmörk, að hæpið er að leyfa þau. Þess vegna er gert ráð fyrir, að bannað sé með reglugerð að nota sum þau mörk, sem nú eru notuð, og auk þess er markadómi gefið vald til að banna mörk, sem síðar kunna að verða tekin upp, en sem að dómi hans þykja óhæf. Að tilbreytnin samt geti verið nægileg, er ekkert vafamál. Þess vegna er ætlazt til þess, að bönnuð verði þau mörk, sem helzt valda misdrætti.

5. Markaskrár landsins eru nú prentaðar sín með hverju sniði. Sumar hafa ekki brennimarkaskrá, heldur hafa þær hvert brennimark hjá marki eiganda. Aðrar hafa brennimarkaskrá, og brennimörkum þar raðað eftir stafrófsröð. Sumar hafa markeigendur sér í registi aftan við, raðað eftir stafrófsröð, og tilvísun til marka þeirra framar í skránni. Bæði brennimarkaskráin og markeigendaskráin virðast mjög nauðsynlegar. Hin fyrri er ómissandi til þess að geta fundið brennimark, þegar draga þarf kind eftir brennimarki, og hin síðari er nauðsynleg t. d. þegar markað er undir ám fyrir aðra að vorinu.

Á þessum grundvelli hefir verið rannsakað, hvað mundi kosta að prenta allar markaskrár landsins. Það hefir gert hr. prentsmiðjustjóri Steingrímur Guðmundsson. Það hefir verið gert ráð fyrir svo miklu upplagi, að hver markeigandi gæti fengið eitt eintak af markaskránni. Áætlað var, að það kostaði um 40000 kr. að prenta allar markaskrár landsins. Nú er gert ráð fyrir því í lögunum, að markagjaldið sé kr. 2.00 af hverju marki, sem prentað er, ef sami maður á ekki nema 2 mörk, en fari svo hækkandi, þannig að fyrir þriðja markið greiðist 5 kr., fjórða 10 kr., og svo hækkandi um 5 kr. fyrir hvert mark. Fyrir skrásetningu brennimarka er ætlazt til, að greitt sé kr. 0.50. Tekjurnar af öllum mörkunum yrðu því um 63000 kr. Á hverjum 5 árum mundi því fást 63000 kr.

í tekjur, en auk þess ætti að mega fá fyrir auglýsingar, sem teknar væru í markaskrána, nokkrar tekjur. En á hverjum 5 árum yrðu gjöldin: prentunin, laun markavarðar og markadóms og skrifstofugjöld, - - og er ekki hægt að ætla þau gjöld minna fyrstu 6 árin, meðan verið væri að prenta fyrstu umferð af markaskránum, en um 70 þús. kr. Vantar því fyrstu 5—6 árin um 10 þús. kr. til þess að markagjaldið borgi alla fyrirhöfn, en þá eru heldur ekki taldar þær tekjur, sem inn koma fyrir auglýsingar.

Eftir að búið væri að prenta fyrstu umferð af markaskránum, yrði verkið miklu minna og til muna ódýrara. Þá ætti jafnvel að geta orðið tekjuafgangur, svo það fengist aftur greitt í ríkissjóðinn, sem hann hefði lagt fram í fyrstu.

Um hinar einstöku greinar þarf ekki mikið að ræða.

Um 1. gr.

Það þykir sjálfsagt, að hverjum markeiganda sé skylt að láta lögskrá mark sitt. Að þeim reglum, er um það verða að gilda, lúta ákvæði 1. gr., og virðast þau ekki þurfa skýringar við.

Um 2. gr.

Sjálfsagt þykir að banna önnur mörk en þau, sem lögskráð eru. Að marka t. d. hross undir styttingu úr lögskráðu sauðfjármarki, er ekki vert, enda þó það sé nú algengt, og veldur það oft allskonar óþægindum. Ákvæði 13. gr. lúta að þessu og heimila mönnum að nota sérstök hrossamörk, og sérstök mörk á annað búfé (geitur, nautgripi), en þá verða menn að láta lögskrá þau, eins og sauðfjármörk.

Um 3. gr.

Þarf ekki skýringar við. Þó má geta þess, að mönnum er að sjálfsögðu heimilt að setja á horn og í eyru merki, er sýni eiganda, ætt og aldur, enda eru það ekki eignarréttsmerki, eins og eyrnamörk og einstakra manna brennimörk.

Um 4. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Um 5. gr.

Þarf ekki frekari skýringar en felast í almennu athugasemdunum. Sömu reglur eru látnar gilda um rétt manna til marka, er víðast hvar gilda nú.

Um 6. gr.

Ákvæði 6. gr. um markasöfnun heima í héraði virðast ekki þurfa skýringa við.

Um 9. gr.

Sá siður hefir farið í vöxt, að menn hafi mörg mörk. Það á sér stað, að sami maður eigi 5—10 mörk, og sá, sem nú er prentaður fyrir einna flestum mörkum, á víst ekki fleiri kindur en mörk. Þetta er vitanlega alger óþarfi. Því er sett hækkandi gjald fyrir þau mörk, sem hver á fram yfir 2, en það virðist í alla staði eðlilegt, að fjármargur maður vilji eiga tvö mörk.

Mörk, sem þarf að fá skrásett milli þess að markaskrár eru prentaðar, þarf að auglýsa, og hentar bezt að gera það í Lögbirtingablaðinu.

Um 10. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Um 11. gr.

Nú er engin föst regla um það, á hvort hornið hreppsbrennimarkið er sett. Hér er ákveðið, að það skuli ætið setja á vinstra horn. Ennfremur er ákveðið, að hver sýsla skuli auðkennd með einum eða fleiri bókstöfum, og hreppar með tölumerki. Þetta er nú víða svona. En á öðrum stöðum eru hrepparnir merktir með bókstöfum og sumstaðar með merkjum. Öll slík merki yrðu að hverfa. Sömuleiðis gæti verið ástæða til að breyta sumum sýslubrennimörkunum. T. d. er ekki sjaldgæft, að misdráttur verði milli Mýra- og Húnavatnssýslna, af því að H og M eru ekki ósvipuð á brennimörkum, ef þau eru ekki vel gerð.

Um 12. gr.

Þarf ekki skýringar við. Það liggur í hlutarins eðli, að hafi kind skipt um eiganda, þá er það hornamarkið (sé kind hyrnd), sem nýi eigandinn getur alltaf sett á hana, samhliða sínu brennimarki, og því verður hornamark og brennimark að helga eignarrétt fyrir eyrnamarki.

Um 13. gr.

Þarf ekki skýringar.

Um 14. gr

Þarf ekki skýringar við og breytir engu frá því, sem nú er algengast um landið.

Um 15. og 16. gr.

Verði frumvarp þetta að lögum, verður strax næsta sumar að fara að undirbúa prentun markaskráa, semja spjaldskrá yfir öll mörk, sem nú eru notuð í landinu, og búa til markasöfnunarmiða o. s. frv. 1932 yrðu svo fyrstu skrárnar prentaðar.

Í 15. gr. er tekið fram, í hvaða sýslum ekki má vera sammerkt, en þar sem taka verður heilar sýslur eða markasvæði, þá er í 16. gr. gert ráð fyrir, að markadómur geti leyft sammerkingar, enda þó það komi í bága við ákvæði 15. gr., þar, sem sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Annars má um þessa grein vísa til þess, sem áður er sagt um frumvarpið í heild.

Um 17. gr.

Þarf ekki frekari skýringar við.

Um 18. gr.

Þarf engrar skýringar við.

Um 19., 20., 21. og 22. gr.

Þurfa ekki skýringar við.

Markaheiti.	Hunavatnssýsla	Skagafjarðarsýsla	Eyjafjarðarsýsla	Siglufjarðarkaupstaður	S. Þingeyjarsýsla	N.-Þingeyjarsýsla	Múlasýslur báðar	A.-Skaftafellssýsla	V.-Skaftafellssýsla	Rangárvallasýsla	Árnessýsla	Ingólfshlands nám	Borgarfjarðarsýsla	Mýrasýsla	Snæfells- og Hnappadals	Dalasýsla	A. Barðastrandarsýsla	V.-Barðastrandarsýsla	V.-Ísafjarðarsýsla	N.-Ísafjarðarsýsla	Ísafjarðarkaupstaður	Strandasýsla	Samtals
1. Afeyrt, hlustskorið, hlusttýft	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	1	1
2. Alheilt, ómarkað, heilt	99	79	87	13	70	38	167	29	24	37	28	30	39	59	50	31	44	31	46	16	3	38	1060
3. Andfjaðrað, boðfjaðrað, kilfjaðrað	2	3	.	.	1	.	5	5	.	4	2	6	3	2	.	.	.	.	1	1	.	.	35
4. Bitar 3, bit þrjú, þribitað	.	.	1	.	.	.	.	.	.	.	.	.	1	3	.	.	.	.	.	.	.	.	5
5. Bitar 2, bit tvö, tvibitað	70	28	46	1	20	5	34	7	.	11	2	.	.	11	13	10	3	1	.	5	.	7	274
6. Biti, bit	84	69	99	3	83	30	190	24	14	41	39	43	51	45	55	72	12	45	53	37	2	52	1143
7. Blaðrifað, blaðstýfrifað	1	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	1	10	7	.	1	.	.	.	1	.	.	21
8 Blaðstúfrifað	.	.	.	.	.	.	2	.	.	.	.	.	.	.	2	.	.	.	.	.	.	.	4
9. Blaðstýft, hálft úr	194	181	134	7	102	82	220	60	104	126	126	110	79	99	91	75	26	38	46	72	6	53	2031
10. Boðbitdur, bitdur	3	2	2	.	3	2	36	3	2	1	15	14	.	14	13	7	1	.	.	.	2	.	120
11. Bragð 2, brögð tvö, tvibragðað	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	1	1	.	1	.	.	.	.	.	.	3
12. Bragð, hnifsbragð	6	3	7	.	.	.	.	.	1	.	1	1	2	3	5	5	.	2	8	.	1	4	49
13. Fjaðrir 3, þrifjaðrað, þrjár fjaðrir	.	1	1	.	.	.	.	.	.	1	.	3	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	6
14. Fjaðrir 2, tvifjaðrað, tvær fjaðrir	31	15	7	1	8	2	27	11	12	20	22	21	8	11	8	10	2	9	3	.	.	4	242
15. Fjöður, standfjöður	66	91	36	2	59	21	119	22	36	41	38	38	36	60	37	38	6	22	47	13	4	30	862
16. Fjöður í bragð, vinkill, vinkilrifa	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.
17. Gagnbitað, gagnbit	53	27	38	2	68	15	46	13	6	16	16	18	17	17	25	18	8	10	.	10	1	17	441
18 Gagnfjaðrað, gagnstandfjaðrað	36	10	9	1	9	2	39	17	7	10	20	9	8	5	11	9	4	3	6	1	.	1	218
19. Gagnhankað, gagnhankfjaðrað	.	.	.	.	.	.	.	.	.	1	.	2	.	4	.	.	.	.	.	.	.	.	7
20. Gagnlaggað	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	4	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	4
21. Gagnoddfjaðrað	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	2	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	2
22. Gagnvaglskorið, gagnstigað	4	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	1	1	.	.	.	.	.	.	.	.	6
23. Gat	23	20	29	3	17	4	39	2	4	9	15	21	19	14	17	14	2	6	14	9	.	3	290
24. Geirskora (sumst. sama og oddfjaðrað)	.	3	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	3
25. Geirstúfrifað, geirstýfrifað	16	11	6	2	4	2	18	.	2	5	4	2	1	12	1	7	1	.	.	.	.	.	94
26. Geirstýft	37	30	9	2	3	3	44	22	14	18	18	16	6	3	13	15	2	6	3	2	1	2	269
27. Geirsýlt	26	5	6	2	.	3	26	3	1	.	5	1	.	1	2	4	5	.	.	.	.	.	90
28 Göt 2, tvö göt, tvígatað	.	.	.	.	.	.	1	.	.	.	1	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	2
29. Hálftaf, hlustdregið, jaðrað, helmingur	125	83	48	6	36	1	151	38	49	79	66	53	18	37	39	41	2	2	4	7	1	2	888
30. Hamar, hamrað, hamarskorið, hamarstýft, stúfhamrað	61	54	59	4	40	13	107	43	32	35	42	38	17	36	25	34	11	24	42	21	2	27	757
31. Hangfjöður, hanga	16	15	11	.	5	1	31	3	1	9	3	5	8	17	9	7	.	1	7	.	.	7	156
32. Hamarrifað, hamarstúfrifað	10	4	11	.	.	.	13	.	.	.	.	.	.	3	5	7	.	.	.	.	.	.	53
33. Hankur 2, hankfjaðrir 2, tvi-hankfjaðrað	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	1	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	1
34. Heilhamrað, heilhamar	8	5	22	.	10	1	46	16	24	30	27	15	4	15	10	8	.	.	2	1	.	2	243
35. Heilrifað	140	108	115	7	86	25	120	34	55	79	61	52	26	41	80	69	7	24	15	17	2	21	1191
36. Hneppsla, hneppslugat	.	.	.	.	.	.	1	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	1
37. Hófbit, hófur, hófbiti	13	25	18	.	34	4	9	.	15	17	9	12	2	7	1	.	1	4	.	.	.	.	171
38. Hófbit	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	3	2	.	.	.	.	.	.	.	5
39 Hvathamar, hvathamrað, hvatstúfhamrað, oddhamrað, falur	2	.	.	.	.	.	.	1	.	.	.	.	.	.	1	.	.	.	.	.	.	.	4

41. Hvatt	110	72	63	11	53	28	199	21	22	25	19	26	17	37	51	25	15	27	15	32	3	25	896
42. Hringsýlt	.	.	.	.	.	.	1	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	1
43. Jaðarskorið, heilgeirað, geirskorið	.	1	.	.	.	5	5	.	.	5	1	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	17
44. Laufskorið, sumst. gagnhófbitað, laufað	.	.	.	.	.	.	.	.	4	.	7	13	1	.	.	.	.	.	.	.	.	.	25
45. Lögg	58	10	11	.	6	2	62	17	8	15	12	10	20	18	12	8	2	.	8	.	.	3	282
46. Miðhlutað, miðhlutað í heilt	43	24	45	9	21	6	84	28	24	44	35	29	14	13	25	6	.	7	11	5	2	2	477
47. Miðhlutað í sneitt, sneiðmiðhlutað	2	20	2	.	.	.	1	.	.	.	.	.	.	5	.	.	.	.	.	.	.	.	30
48. Miðhlutað í stúf, stúfmiðhlutað	22	21	15	.	36	8	25	.	.	.	3	1	.	.	.	9	.	1	.	2	.	2	135
49. Netnál	1	.	.	.	1	.	.	.	.	.	.	.	.	.	2	.	.	.	.	.	.	.	4
50. Oddfjaðrað, sumstaðar geirskora, markað á ólíkan hátt	4	5	.	.	.	.	3	2	.	8	8	13	2	4	.	2	.	1	5	.	.	1	57
51. Sneiðrifa, sneiðrifað	121	111	100	9	97	27	172	26	58	75	84	65	22	39	52	31	7	32	22	18	1	26	1195
52. Sneitt	265	230	322	24	264	114	374	60	85	127	170	116	74	105	150	125	69	113	49	92	9	84	3021
53. Sneiðrifað á hálftaf, sneiðrifahálftaf	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	2	.	.	.	.	.	.	.	2
54. Sneitt á hálftaf, sneið frá helming	.	.	.	.	.	.	.	4	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	4
55. Sneiðhamar, sneiðhamrað	.	.	1	.	.	.	3	3	.	.	1	2	1	.	3	15	.	.	.	.	.	.	29
56. Stúfrifað	101	89	133	17	87	38	147	16	21	41	54	63	34	25	69	42	19	40	23	45	5	38	1167
57. Stúfrifað í hálftaf, rifa í hálfan stúf	4	.	3	.	.	.	.	.	.	.	1	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	8
58. Sýlrifað	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	2	.	.	.	.	1	.	.	.	3
59. Stúfsneitt	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	1	.	.	1	.	.	.	.	2
60. Stýft	180	193	261	26	176	79	337	39	62	90	140	87	70	82	137	88	50	87	55	78	9	102	2391
61. Stýft í hálftaf, stýfður helmingur, stýft í hálfan stúf, hálfur stúfur	71	81	28	.	16	4	103	6	25	33	32	13	.	8	11	11	.	1	.	1	1	1	446
62. Sýlt	304	298	290	29	225	75	366	85	65	115	140	158	112	132	179	138	96	102	92	120	8	114	3173
63. Sýlt í blaðstýft, sýlblaðstýft	18	4	.	.	.	.	9	.	.	5	2	1	1	.	.	.	1	.	.	.	.	.	41
64. Sýlt í hamar, sýlhamrað	24	16	.	.	5	3	49	26	16	16	17	9	4	2	9	.	4	1	.	.	.	4	205
65. Sýlt í hálftaf, sýlt í stýfðan helming	50	8	.	.	5	.	21	.	.	1	2	2	1	.	1	.	.	.	.	.	.	.	91
66. Sýlt í stúf, stúfsýlt	1	4	.	.	11	.	9	.	.	.	2	1	.	.	14	.	.	.	1	.	.	.	41
67. Tigulskorið, tiglað	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	1	.	.	1
68. Tvigagnbitað	1	4	.	.	.	.	1	.	.	.	1	1	1	.	.	.	.	.	.	.	.	.	9
69. Tvírifað í heilt, tvíheilrifað	4	4	4	.	5	.	4	.	11	4	6	7	1	.	.	.	1	.	.	.	.	.	51
70. Tvírifað í hvatt, tvíhvatrifað	5	6	2	.	.	.	7	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	20
71. Tvírifað í sneitt, tvísneiðrifað	25	14	11	.	.	.	17	4	8	22	28	16	10	6	2	2	.	1	.	.	1	.	107
72. Tvírifað í stúf, tvístúfrifað	25	26	14	1	2	4	41	2	11	15	35	19	8	8	.	4	1	2	.	4	2	3	227
73. Tvísneitt	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	1	1
74. Tvísýlt í stúf	.	1	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	1
75. Tvígagnfjaðrað	.	.	3	.	.	.	.	.	.	4	.	.	.	2	.	.	.	.	.	.	.	.	9
76. Tvístýft, rifa í hærri stúf, tvístýfrifað	.	.	.	.	.	.	.	1	.	.	.	1	.	2	.	.	.	.	.	.	.	.	4
77. Tvístýft	166	199	124	17	109	66	221	44	76	79	98	91	43	65	96	114	23	38	24	51	5	68	1817
78. Vaglrifa	.	.	.	.	.	.	.	.	8	9	7	2	1	.	.	.	.	.	.	.	.	.	27
79. Vaglskorur 2, tvívaglskorið, tvínumið	.	.	3	.	1	2	45	30	39	29	29	23	.	5	1	2	.	.	2	1	.	.	212
80. Vaglskorið, vaglskora, stig	50	52	62	3	52	11	53	.	2	4	15	5	13	17	21	15	6	4	1	3	.	8	400
81. Sama nafn, annað mark	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	2	5	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	7
82. Vagllögg	.	.	.	.	.	.	.	.	1	.	1	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	2
83. Þristýft	2	12	6	.	4	1	2	.	.	.	5	4	.	.	3	7	.	2	.	.	.	4	52
84. Þrívaglskorað, þrístigað, þrjár vaglskorur	.	.	.	.	.	.	.	.	4	1	.	2	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	7
Samtals	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	27780

Nd. 95. Frumvarp

til laga um sjóveitu í Vestmannaeyjum.

Flutningsm.: Jóhann Þ. Jósefsson.

1. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar veitist einkaréttur til þess að koma upp sjóveitu til fiskþvottar í Vestmannaeyjum, og skal henni heimilt að leggja pípur ofan- eða neðanjarðar um kaupstaðinn.

Landeigendum og leigjendum á því svæði, sem bæjarstjórn ákveður, að sjóveitan skuli vera, skal skylt að láta af hendi lóðir og landsafnot til hverskonar mannvirkja, sem með þarf til þess að ná sjónum og veita honum út, og jafnframt þola það óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem sjóveitan kann að hafa í för með sér, en þó gegn því, að fullt endurgjald komi fyrir eftir mati, nema samkomulag verði. Bætur fyrir jarðrask í óræktuðu landi skulu því aðeins greiddar, að talið verði, að landeigandi eða leigjandi bíði skaða við það.

Verði ekki samkomulag milli bæjarstjórnar annarsvegar og landeiganda eða landsleigjanda hinsvegar um endurgjaldið, má eignarnám einnig fara fram.

2. gr.

Þegar bæjarstjórn hefir komið á sjóveitu um kaupstaðinn, skal hún hafa einkarétt á sölu sjávar til fiskþvottar, og skal öllum útgerðarmönnum í Vestmannaeyjum og yfirleitt öllum þeim, er verka fisk, skylt að nota sjó í þeim tilgangi frá sjóveitunni.

3. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við rekstur og stofnkostnað sjóveitunnar skal bæjarstjórn heimilt að heimta endurgjald fyrir sjóinn, ákveðið gjald af hverjum lítra, sem notendur brúka eftir mæli, eða með öðrum hætti, er heppilegri þykir.

Húseigandi ábyrgist gjaldið, og má taka það lögtaki. Í reglugerð má ákveða, að það skuli tryggt með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgöngurétti fyrir hverskonar samningsveði eða aðfararveði.

4. gr.

Bæjarstjórn leggur veituæðarnar svo, að nokkurnveginn auðvelt verði fyrir húseigendur að ná til þeirra, og skulu þeir á sinn kostnað leggja leiðslurnar í hús sín úr aðalæðinni eða greinum frá henni, er bæjarstjórn leggur.

5. gr.

Bæjarstjórn hefir rétt til að löggilda menn, er hún telur hæfa, og svo marga, er henni þykir þurfa, til þess að leggja leiðslur þær, er einstakir menn eiga að kosta, og setja þær í samband við aðalæðar sjóveitunnar, og séu þeir

skyldir til að fara eftir þeim reglum, er bæjarstjórn kann að setja um innlögnina og kaupgjald við þá vinnu.

Engir aðrir en þeir, sem fengið hafa löggildingu, mega leggja leiðslur inn í hús í kaupstaðnum úr sjóveituæðunum.

6. gr.

Bæjarstjórn skal heimilt að loka sjóæðunum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við leka á pípum eða hönum, eða eyða sjó að óþörfu og vanrækja að greiða áfallin gjöld til sjóveitunnar.

7. gr.

Hver, sem af ásettu ráði skemmir leiðslur sjóveitunnar eða önnur mannvirki, sem sjóveitunni heyra til, skal, auk þess að greiða skaðabætur að fullu, sæta fangelsisrefsingu eða sektum, ef verkið er ekki þannig vaxið, að þyngri refsing liggi við eftir hinum almennu hegningarlögum. Séu skemmdirnar gáleysisverk, skal hlutaðeigandi sæta sektum og auk þess bæta skaðann að fullu.

8. gr.

Bæjarstjórn getur sett reglugerð um notkun sjávarins, meðferð á leiðslunum og önnur atriði, er nauðsynleg kunna að þykja. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni. Atvinnumálaráðuneytið staðfestir reglugerðina.

9. gr.

Með mál, er rísa kunna út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum þeim, er samkv. þeim verða settar, skal fara sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á komandi vori hefir bæjarstjórn í hyggju að láta reisa sjóveitu til fiskþvottar í Vestmannaeyjum. Vitamálaskrifstofan hefir gert svo hljóðandi áætlun og greinargerð um verk þetta:

„Fram til þessa hefir sjór til fiskþvotta í Vestmannaeyjum verið tekinn við bryggjurnar í höfninni, eða við fiskverkunarstöðvarnar. En eftir því, sem bærinn stækkar og útgerðin vex, gætir meira óhreininda í höfninni af frárennsli frá bænum og fiskverkunarstöðvunum. Vegna þess, hve erfitt er að ná í hreinan sjó, er og hætta á því, að ekki sé ávallt notaður hreinn sjór við fiskþvottinn, og má búast við, að það geti spillt fyrir sölu fiskjarins. Sjóveita til fiskþvotta er því mjög nauðsynleg fyrir útgerðina í Vestmannaeyjum.

Með þeim aflabrögðum, sem nú eru, þarf til fiskþvotta um 400 tonn á dag, þegar mest berst á land af fiski. Sé nú gert ráð fyrir, að ⅓ hluta af dagsnotkuninni beri að í einu, þegar bátarnir koma örast að landi, og að öll þau fisk-

þvottaker, sem tilheyra þeim hluta, fyllist á 45 mínútum, verður sjónotkunin þegar mest fiskast um 50 lítrar á sekúndu.

Í þeirri áætlun um sjóveitu, sem hér er gerð, er þó reiknað með, að sjónotkunin geti orðið allt að 100 lítrum á sekúndu, og er því mannvirkið gert með þeirri fyrirhyggju, að sjóveitan nægi til fiskþvotta, þó að sjónotkunin verði tvöfalt meiri en nú er. Þá er jafnframt tekið tillit til þess, að nota megi sjó úr sjóveitunni til hreinlætis í bænum, til sundlaugar og í slökkvitæki, ef eldsvoða bæri að höndum.

Sjórinn í veituna verður tekinn fyrir utan höfnina, austan við Hringskersgarðinn. Þar verður gerður múraður brunnur milli klappanna, svo djúpur, að sjór falli í hann um stórstraumsfjöru. Úr brunninum verða lagðar 8" gildar steypujárnspípur upp í sjógeymi úr járnbentri steypu. Þessi sjógeymir verður gerður á Skansinum, þar sem hann er nægilega hár og undirstaða trygg. Neðst í brattanum við Skansinn verður sett 35 hestafla dælustöð, knúin rafmagni. Dælustöðin sýgur sjóinn til sín gegnum pípurnar og þrýstir honum upp í sjógeyminn, en úr honum liggja aftur 12" trépípur meðfram höfninni vestur í Skildingafjöru, eða um 850 m.

Sjógeymirinn er gerður svo stór, að hann rúmi eins dags venjulega sjónotkun, jafnvel þó að hún tvöfaldist frá því, sem nú er. Hann er hringmyndaður, 12 m. í þvermál, 4,5 m. hár og rúmar 450 tonn af sjó. Getur þá dælustöðin fyllt hann á ca. 1½ klst.

Trépípa hefir þá kosti fram yfir járnpípu, að hún leysist ekki upp í sjó, eins og járnpípum er hætt við. Hún ver betur fyrir frosti og má því leggja hana ofanjarðar, þar sem því verður við komið, og sparar það mikla vinnu. Því að þar, sem pípan verður lögð, eru klappir eða mjög grunnur jarðvegur. Hvað endingu snertir, þá mun trépípa, eins og áður er sagt, vera endingarbetri en járnpípur, og hvað kostnaðinn snertir ca. 3 sinnum ódýrari.

Kostnaðaráætlun:

Inntaksbrunnur	2000.00 kr.
Aðveitupípur og vélar	8500.00 —
Að leggja aðveitupípur og setja upp vélar	1000.00 —
Vélahús	2000.00 —
Sjóveitupípa, smíði og jarðvinna 850 m. á 35/00	29750.00 —
Sjógeymir	18750.00 —
Verkstjórn og ófyrirséð	8000.00 —
Samtals kr.	73000.00

Reykjavík, 12. jan. 1931.

Th. Krabbe".

Mannvirki þetta er nokkuð dýrt, en enginn ágreiningur mun vera um það, hversu nauðsynlegt er að koma því upp hið allra fyrsta.

Til þess að tryggja afkomu fyrirtækisins, telur bæjarstjórn nauðsynlegt að fá lög þessi samþykkt, og eins til þess að mannvirkið komi að því gagni, sem því er ætlað að vinna.

Út af ákvæðum 2. gr. skal tekið fram, að bæjarstjórn telur óhjákvæmilegt, að allir séu skyldaðir til að taka sjó hjá sjóveitunni, vegna þess að hætt er við, að ýmsir útgerðarmenn, sem grafið hafa brunna við fiskaðgerðarhús sín, mundu ekki notfæra sér sjóveituna, og jafnvel fleiri, af ýmsum ástæðum.

Frumvarp þetta er fram komið vegna þess að vatnalögin, nr. 15 frá 20. júní 1923, III. kafli, munu ekki ná til sjóveitu, og eins af því, að í þau vantar þau ákvæði, sem sérstaklega þarf við hér. En lög þessi eru sniðin eftir III. kafla vatnalaganna, og virðast því ekki þurfa frekari skýringa við.

Nd. 96. Frumvarp

til laga um breyting á 11. gr. hafnarlaga fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, frá 10. nóv. 1913.

Flutningsm.: Jóhann Þ. Jósefsson.

1. gr.

Á eftir orðunum: „Gjald þetta, sem og gjöldin samkv. 10. gr. má taka lögtaki", í 11. gr. laga frá 10. nóv. 1913, komi: og ganga festa-, lesta- og uppsátursgjöld af vélbátum og öðrum skipum í 2 ár eftir gjalddaga fyrir öllum veðkröfum í skipum og bátum, samhliða vita- og lestagjaldi til ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Samkvæmt ákvæðum í hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað frá 30. ágúst 1926, 30. gr., hefir hafnarsjóður haldsrétt í skipum og bátum fyrir gjöldum þessum. Ákvæði þetta hefir reynzt fremur illa, og þess vegna er frumvarp þetta fram komið, til þess að byggja fyrir það, að hafnarsjóður glati af tekjum sínum í framtíðinni.

Er hér farið fram á veðréttindi, er ríkissjóður hefir fyrir gjöldum sama eðlis.

Nd. 97. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 19. júní 1922, um fiskimat.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta, sem er fram borið til að staðfesta þær ráðstafanir, er ríkisstjórnin með bráðabirgðalögum hefir gert viðvíkjandi umbúningi fiskjar, er til Spánar og annara Miðjarðarhafslanda er fluttur.

Þegar málið var afgreitt í nefndinni, var einn nefndarmanna, Sigurjón Ólafsson, fjarverandi sökum veikinda. Þeir fjórir nefndarmenn, sem á fundi voru, leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. marz 1931.

Sveinn Ólafsson, *form.*	Benedikt Sveinsson, *fundaskrifari.*	Hákon J. Kristófersson.

Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.

Ed. 98. Frumvarp

til laga um utanfararstyrk presta.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið veitir árlega 2—5 prestum, þeim er þjónað hafa embætti a. m. k. 2 ár, styrk til utanfara með þeim skilmálum, er segir í lögum þessum.

2. gr.

Styrkur samkvæmt 1. gr. veitist með því skilyrði, að prestur sá, er hans nýtur, dvelji eigi skemur en 4 mánuði erlendis, til að kynnast þar kirkju- og menntalífi eða mannúðarmálum í samráði við kirkjuráð, þegar sett verður. Skal hann síðan flytja í héraði sínu erindi um einhver þau efni, er hann hefir kynnt sér í utanför sinni, og skal að minnsta kosti eitt þeirra birt á prenti eða flutt í útvarp.

3. gr.

Styrkur veitist 2000 kr. hverjum presti. Greiðist helmingur styrks þegar utanför er hafin, en hinn helmingurinn þegar 3 mánuðir eru liðnir frá heimanför.

4. gr.

Prestum þjóðkirkjunnar skal skylt að þjóna endurgjaldslaust prestakalli nágrannaprests síns, allt að 6 mánuði meðan hann er í utanför samkvæmt lögum þessum. Og skipta þeir þá með sér verkum eftir því, sem biskup og prófastur mæla fyrir.

Nú verður þjónustu nágrannaprests alls eigi komið við, að dómi kirkjustjórnar, og sér hún þá prestakallinu fyrir prestsþjónustu.

5. gr.

Sæki eitthvert ár fleiri prestar um styrk til utanfarar en heimilt er að veita það ár, sker kirkjustjórnin úr um það, hverjir fái styrkinn. En þeir umsækjendur, er eigi hafa fengið hann í það sinn, skulu þá, að öðru jöfnu, sitja fyrir styrk næsta ár.

6. gr.

Eigi má veita sama manni utanfararstyrk oftar en 7. hvert ár, nema sérstaklega standi á. Þeir prestar, sem notið hafa utanfararstyrks úr Sáttmálasjóði, njóta eigi styrks samkvæmt lögum þessum, fyrr en liðin eru 5 ár.

Ed. 99. Breytingartillaga

við frv. til laga um kirkjugarða.

Frá menntamálanefnd.

Við 25. gr. Greinin orðist svo:

Nú brýtur sjór eða vatnsfall gamlan kirkjugarð, eða hann eyðist af uppblæstri, svo að bein framliðinna manna koma í ljós, og skal þá sóknarnefnd tafarlaust gera prófasti og fornmenjaverði viðvart, enda ber henni, eftir samráði við þá, að gera, svo fljótt sem verða má, á kostnað kirkjugarðs sóknarinnar, þær ráðstafanir, er þurfa þykir.

Ed. 100. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 32, 11. júlí 1911, um úrskurðarvald sáttanefnda.

Flutningsmaður: Pétur Magnússon.

Upphaf 1. gr. laganna skal orða svo:

Í skuldamálum, þar sem skuldarhæðin nemur eigi meira en 500 kr., skal sáttanefnd kveða upp úrskurð, ef skuldheimtumaður krefst þess:

a. Þegar kærði kemur eigi á sáttafund, þrátt fyrir löglega birtingu fyrirkallsins, og sáttanefndin hefir eigi ástæðu til að ætla, að hann hafi lögleg forföll, er meini honum það eða manni fyrir hann, enda hafi kærandi getið þess í sáttakærunni, að hann muni, ef sátt kemst ekki á, krefjast úrskurðar sáttanefndar.
b. Þegar sáttanefnd hefir o. s. frv.

Greinargerð.

Lögin frá 1911 um úrskurðarvald sáttanefnda voru sett til þess að greiða fyrir meðferð glöggra og óbrotinna skuldamála, jafnt skuldunaut sem skuldheimtumanni til hagræðis, og draga úr óeðlilegum kostnaði við innheimtu á smærri skuldum. Í lögunum er hámark skuldarhæðar, sem úrskurða má um, ákveðið 50 kr. Vegna breytingar þeirrar, sem síðan hefir orðið á raunverulegu gildi peninga, og að fenginni reynslu af framkvæmd þessara laga, er hér lagt til, að takmarkið upp á við sé sett 500 kr. Má t. d. benda á það til samanburðar, að hámark fjárhæðar þeirrar, er hreppstjóri má gera lögtak fyrir, hefir verið hækkað úr 50 kr. (l. nr. 29 1885) upp í 1000 kr. (l. nr. 34 1928).

Lögunum um úrskurðarvald sáttanefnda hefir talsvert verið beitt á síðari árum, aðallega í Reykjavík. Eru þar nú á hverju ári kveðnir upp úrskurðir í sáttanefndinni svo að tugum skiptir. Hvorki í tíð núverandi né fyrrverandi dómara þar hefir neinum slíkum úrskurði verið áfrýjað til dómstóla. Bendir það ótvírætt til þess, að löggjafinn hafi hér verið á réttri braut og réttur manna ekki verið fyrir borð borinn af sáttanefnd, en ákvæðið hinsvegar greitt mjög fyrir smærri skuldaskiptum manna, og því ástæða til að færa nokkuð út kvíarnar í þessu efni fram yfir mun þann, sem orðinn er á verðgildi peninga frá því er lögin voru sett.

Langflest af málum þeim, sem komið hafa til úrskurðar sáttanefnda, hafa verið úrskurðuð vegna þess, að kærður hefir ekki komið á sáttafund né neinn fyrir hans hönd. Um leið og lagt er til, að skuldarhæð sú, sem úrskurða má um, sé hækkuð, er bætt inn ákvæði um, að sáttanefnd megi því aðeins úrskurða í slíkum málum, að kærandi hafi skýrt tekið fram í kærunni, að kærður geti átt von á úrskurði. Ætti það að verða kærðum aðvörun um að sækja eða láta sækja sáttafund og gæta þar réttar síns, ef hann hefir eitthvað að athuga um réttmæti kröfunnar.

Ed.

101. Nefndarálit

um frv. til laga um skatt af húseignum í Neskaupstað.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. marz 1931.

Ingvar Pálmason, form. og frsm.	Erlingur Friðjónsson, fundaskrifari.	Pétur Magnússon.

102. Frumvarp

til myntlaga.

(Lagt fyrir Alþingi 1931.)

1. gr.

Gull er sá verðmælir, sem íslenzkur gjaldeyrir miðast við. Eining gjaldeyrisins nefnist króna. Krónan skiptist í eitt hundrað aura.

2. gr.

Eitt kílógramm af skíru, ómyntuðu gulli skal jafngilda 3037 krónum.

3. gr.

Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h/f er skylt að innleysa seðla þá, er bankarnir hvor um sig hafa gefið út, með gulli, ef þess er krafizt, þegar fjármálaráðuneytið ákveður, að fengnum tillögum bankaráðs Landsbankans.

4. gr.

Landsbankanum er skylt að kaupa gull með því verði, sem ákveðið er í 2. gr., að frádregnum ½%, frá þeim tíma, er gullinnlausn gengur í gildi samkvæmt 3. gr.

5. gr.

Innflutningur og útflutningur gulls er öllum frjáls.

6. gr.

Um gullmynt, er ríkisstjórnin lætur slá, skal ákveða í reglugerð, er fjármálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum bankaráðs Landsbankans. Þar skal ákveðið um stærð gullmyntar, blöndunarhlutföll og um slitna mynt og skadd-

aða. Gullmynt sú, sem ríkisstjórnin lætur slá, skal vera löglegur gjaldeyrir með fullu ákvæðisverði.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá jafnframt úr gildi numin peningalög frá 23. maí 1873 og lög nr. 9, 27. maí 1925, um framlenging á gildi laga nr. 48, 4. júní 1924, um gengisskráning og gjaldeyrisverzlun og breyting á þeim og þau önnur ákvæði, sem fara í bága við þessi lög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samhljóða frumv., sem flutt voru á þinginu 1929 og 1930, og vísast um ástæður til greinargerða og fylgiskjala í sambandi við þau (Alþt. 1929, A þskj. 96 og Alþt. 1930, A þskj. 47). Þá fylgir og hér með álvktun gengisnefndar.

Fylgiskjal.

Á fundi Gengisnefndarinnar þann 27. jan. þ. á. var samþykkt svohljóðandi tillaga frá formanni nefndarinnar með öllum atkvæðum:

Gengisnefnd telur nauðsynlegt, að íslenzkur gjaldeyrir verði verðfestur og æskilegt, að lög um það verði sett hið allra fyrsta.

Nd. **103. Breytingartillögur**

við frv. til tolllaga (þskj. 7).

Frá Haraldi Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. 9. Í stað »75 aurar« kemur: 40 aurar.
2. Við 1. gr. 10. Í stað »60 aurar« kemur: 40 aurar.
3. Við 1. gr. 11. Í stað »80 aurar« kemur: 50 aurar.
4. Við 1. gr. 12. Í stað »15 aurar« kemur: 10 aurar.

Nd. 104. Frumvarp

til laga um viðauka við og breyting á lögum nr. 7, 15. júní 1926, um raforkuvirki.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Á eftir 3. gr. nefndra laga komi ný grein, er verður 4. grein, svo hljóðandi:

Nú hefir einstakur maður eða félag fengið leyfi til að stofnsetja og starfrækja raforkuver eða raforkuveitu til almenningsþarfa, og skal þá ákveða gjald á raforku í gjaldskrá, er hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn samþykkir og ráðherra staðfestir.

Gjaldskrá skal endurskoða á árs fresti, ef annaðhvort leyfishafi eða sveitar- eða bæjarstjórn óskar þess, og eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

2. gr.

4. gr. laganna verði 5 gr., og á eftir henni komi ný grein, er verður 6. gr., svo hljóðandi:

Nú hefir sveitar- eða bæjarstjórn stofnsett raforkuver eða raforkuveitu og starfrækir til almenningsþarfa í umdæmi sínu, og getur hún þá áskilið sér einkarétt til sölu í umdæminu á rafmagnstækjum og öðrum hlutum raforkuvirkja, sem nota á í sambandi við raforkuveituna.

3. gr.

5. gr. laganna verði 7. gr. og orðist þannig:

Heimilt er ráðherra að setja reglugerð um raforkuvirki. Til raforkuvirkja teljast hér raforkuver, raforkuveita og rafmagnstæki, laus og föst.

Í reglugerð þessari má setja ákvæði um:

a) Skilyrði um gerð, uppsetningu og starfrækslu raforkuvirkja til öryggis gegn tjóni og hættu og til varnar gegn truflunum á viðtöku útvarps og loftskeyta.
b) Takmörkun á innflutningi, sölu og notkun tækja og annara hluta raforkuvirkja, er ekki fullnægja þessum skilyrðum.
c) Skyldu til þess að gefa skýrslu um þau raforkuvirki, sem fyrir hendi eru þegar reglugerðin öðlast gildi, og um ný virki og aukning eldri virkja, svo og að leyfa ráðherra að láta rannsaka þau.
d) Eftirlit með raforkuvirkjum í húsrúmi, þar sem hætt er við sprengingum eða þar sem erfitt er að halda við nægilega fullkominni einangrun vegna raka eða annara orsaka, svo og með raforkuvirkjum, sem ætla má að hafi í för með sér sérstaka hættu fyrir líf manna eða mikil verðmæti, og með raforkuvirkjum í leikhúsum og samkomuhúsum. Eigandi virkjanna greiðir kostnað við eftirlitið.
e) Löggilding á hæfum raforkuvirkjurum.
f) Sektir, allt að 1000 kr., fyrir brot á reglugerðinni.

4. gr.

6., 7., 8. og 9. gr. laganna verði 8., 9., 10. og 11. gr., og tilvísanir þeirra í 5. og 7. gr. verði tilvísanir í 7. og 9. gr.

Greinargerð.

Frv. samnefnt þessu og í aðalatriðum samhljóða tveim fyrstu greinum þess var borið fram í Nd. á síðasta þingi, en náði þá eigi afgreiðslu. Nauðsyn þessara breytinga er enn hin sama. Einstakir menn og félög, sem veitt hefir verið leyfi til að eiga og starfrækja raforkuver og veitur til almenningsþarfa, hafa oft og einatt aðstöðu til þess að ákveða rafmagnsverðið eftir vild og skattleggja þannig héraðsbúa. Og dæmi sanna, að þessi aðstaða hefir verið notuð óspart stundum. Virðist sjálfsagt að stemma stigu fyrir því, að slíkt geti átt sér stað, með því að leggja gjaldskrána undir samþykki hlutaðeigandi héraðsvalda og staðfestingu ráðherra. Í lögum um rafmagnsveitur frá 1915 var heimild fyrir sveitar-(bæjar-)stjórnir til að taka í sínar hendur einkasölu rafmagnstækja. Þessi lög voru felld úr gildi með vatnalögunum. Þegar svo lögin um raforkuvirki voru sett, 1926, hefir láðzt að setja í þau tilsvarandi ákvæði. Er í frv. lagt til, að úr þessu verði nú bætt.

3. gr. frv. er samhljóða 7. gr. gildandi laga að öðru en því, að 1. og 2. tölulið er aukið inn í greinina. Er það gert samkv. tilmælum útvarpsstjórnarinnar, er lét eftirfarandi skýringar fylgja tillögum sínum:

„Þann 13. maí 1930 gaf atvinnumálaráðuneytið út reglugerð um varnir gegn útvarpstruflunum samkvæmt lögum nr. 14, 14. júní 1929. Er í 1. gr. þeirrar reglugerðar svo kveðið á, að „ekki megi setja upp eða nota nein rafmagnstæki, sem geta valdið tilfinnanlegum truflunum á viðtöku loftskeyta og útvarps, nema þau hafi sérstakan útbúnað, sem deyfi truflanir frá þeim og hindri þær í að berast út“, að svo miklu leyti, sem stjórn útvarpsins telur fullnægjandi.

Með þessum ákvæðum er innflutningur truflandi raftækja ekki hindraður, heldur aðeins uppsetning og notkun. Meðan svo háttar til, verða ákvæði reglugerðarinnar óframkvæmanleg og deyfingar útvarpstruflana með öllu ósigrandi, þar sem gera má ráð fyrir, að raftæki án hins tilskilda útbúnaðar verði flutt inn framvegis, seld og sett upp án þess að unnt sé að hafa nægilegt eftirlit með slíkri uppsetningu.

Með frumvarpi þessu er farið fram á, að bætt verði úr ágöllum laga um þetta efni, svo að með nýjum reglugerðarákvæðum verði unnt að stemma stigu fyrir innflutningi truflandi raftækja, eftir því sem fært mætti þykja að dómi þeirra raforkufræðinga, er ríkið hefir til ráðuneytis um þessi mál“.

Nd. **105. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 42, 13. nóv. 1903, um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. marz 1931.

Magnús Torfason, formaður. Jón Ólafsson, framsögum. Magnús Guðmundsson.
Lárus Helgason. Héðinn Valdimarsson, fundaskrifari.

Ed. **106. Breytingartillögur**

við frv. til laga um utanfararstyrk presta.

Frá Jóni Baldvinssyni.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna: »með þeim skilmálum, er segir í lögum þessum« komi: ef fé er veitt til þess í fjárlögum.
2. Við 2. gr. Í stað »4 mánuði« komi: 2 mánuði.
3. Við 3. gr. Upphaf gr. skal orða svo:
   Styrkur veitist allt að 2000 kr. o. s. frv.
4. Við 4. gr. 2. málsgrein skal falla niður.
5. Við 5. gr. Greinin skal falla niður.

Nd. **107. Frumvarp**

til laga um kirkjugarða.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Samhljóða stjórnarfrumvarpinu á þskj. 24, með þeirri breytingu, að 25. gr. hljóðar svo:

Nú brýtur sjór eða vatnsfall gamlan kirkjugarð, eða hann eyðist af uppblæstri, svo að bein framliðinna manna koma í ljós, og skal þá sóknarnefnd tafarlaust gera prófasti og fornmenjaverði viðvart, enda ber henni, eftir

samráði við þá, að gera, svo fljótt sem verða má, á kostnað kirkjugarðs sóknarinnar, þær ráðstafanir, er þurfa þykir.

Nd. 108. Nefndarálit

um frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt (stjfrv. 4).

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Fyrir nefndinni lá einnig frumvarp þingmanns Ísafjarðarkaupstaðar (HG) um sama efni (þskj. 47).

Nefndin klofnaði um afstöðu til þessara tveggja frv., þannig að meiri hl. n. leggur til, að stjórnarfrv. sé samþ., en minni hl. (HV) vill leggja með hinu frumvarpinu. — Mun hann koma með sérstakt nefndarálit.

Þar sem frumvarpið er lagt fyrir þingið að þessu sinni óbreytt eins og það var samþ. í Nd. í fyrra, þá afgreiðir meiri hlutinn það einnig óbreytt til deildarinnar, enda þótt hinir einstöku nefndarmenn séu ekki allskostar ánægðir með einstök ákvæði frumvarpsins eins og þau liggja nú fyrir.

Alþingi, 6. marz 1931.

H. Stefánsson, form., frsm.	Sig. Eggerz, með fyrirvara.	Ásgeir Ásgeirsson.	Ólafur Thors.

Ed. 109. Frumvarp

til laga um breyting á fátækralögum, nr. 43 1927.

Flutningsm.: Guðrún Lárusdóttir.

1. gr.

Aftan við 58. gr. fátækralaganna bætist:

Þó má engan flytja fátækraflutningi, sem orðinn er fullra 65 ára, nema samþykki hans komi til. Ennfremur má atvinnumálaráðherra veita undanþágu frá lögmæltum fátækraflutningi, ef sérstaklega stendur á, svo sem þegar í hlut á ekkja með börn.

Þann kostnaðarauka, sem framfærslusveit sannar, að hún hafi af því, að flutningur er ekki framkvæmdur, skal greiða úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Öllum kunnugum mun koma saman um, að svonefndir „hreppaflutningar“ eru ómannúðlegir, enda er reynt að komast hjá þeim með ýmsu móti. Hinsvegar geta þeir verið neyðarvörn fátækra hreppa gagnvart eyðslusömu óreiðufólki.

Æskilegt væri, að allir þessir hreppaflutningar væru úr lögum numdir, en vegna fátækra hreppa, sem eru að sligast undir þungum álögum, og hinsvegar vegna óreiðufólks, sem er sveitalíf miklu hollara en kaupstaðalíf, er erfitt að komast alveg framhjá þeim nema fleiri róttækar breytingar yrðu samferða, sem undirbúning vantar að í þetta sinn.

Á hinn bóginn munu allir sanngjarnir menn geta fallizt á, að hætt verði alveg að flytja gamalt fólk hreppaflutningi gegn vilja þess. Það er yfirleitt hvorki heimtufrekt eða eyðslusamt, en vanafast er það og tekur sér afarnærri miklar breytingar. Segja þeir, sem orðið hafa að tilkynna fjölmörgu fólki, „að það yrði að flytja það“, að allra sárast hafi verið að flytja örvasa gamalmennum slík tíðindi.

Ekkjur með barnahóp, sem alloft eru alveg ókunnugar framfærslusveit manna sinna, ættu og að fá að vera þar, sem þær helzt kjósa, en þar sem þær þurfa stundum talsvert fé til framfæris og eru misjafnlega sparsamar, þykir sanngjarnt, að atvinnumálaráðuneytið hafi þar úrskurðarvald. Ættu ekki efnalitlar framfærslusveitir að óttast, að þar verði ógætilega farið, þar sem ríkissjóði er ætlað að hlaupa undir bagga, ef kostnaðarsamara er að dvelja þar, sem ekkjan kýs sér bústað, en í framfærslusveit hennar.

Eðlilega er ekki unnt að segja um nú, hvað útgjöld ríkissjóðs kunna að aukast við þessi lög; það fer allt eftir því, hve margar undanþágur atvinnumálaráðuneytið veitir, og hvort það tekur fleiri með en ekkjurnar. En benda má á, að hér í Reykjavík, þar sem margir vilja vera, eru ekki nema sárfáar ekkjur, sem fá styrk frá öðrum sveitum, og eru mörg ár síðan nokkur ekkja hefir verið flutt héðan nauðug, þótt oft hafi skollið hurð nærri hælum.

Nd. 110. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Frvgr., síðari málsgrein, orðist svo:

Þó má hreppsnefnd, með samþykki sýslunefndar, ákveða aðra gjalddaga á útsvörum í hreppnum.

Alþingi, 6. marz 1931.

Magnús Torfason, form. Lárus Helgason, frsm. Jón Ólafsson.
Magnús Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson, fundaskr.

Nd. 111. Frumvarp

til laga um opinbera vinnu.

Flutningsm.: Héðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson, Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

Opinber vinna telst í lögum þessum öll sú vinna, sem unnin er af óiðnlærðu daglaunafólki fyrir reikning ríkissjóðs, sveitar-, bæjar- og sýslusjóða og stofnana þeirra, svo og öll slík vinna, sem unnin er fyrir reikning einstakra manna og félaga, ef styrkur er veittur af opinberu fé til þeirra framkvæmda, sem unnið er að.

2. gr.

Vinnudagur við opinbera vinnu skv. 1. gr. skal eigi vera lengri en 9 stundir á dag, þar í taldar tvær hálfar stundir til kaffidrykkju. Matartími skal vera minnst ein klukkustund á dag, sem telst ekki til vinnutímans. Sé unnið fram yfir þennan tíma, telst sá tími eftirvinnutími. Það telst þó eigi eftirvinna, þótt unnið sé allt að einni klukkustund fram yfir á dag allt að 5 daga vikunnar, ef það er gert með samþykki verkafólksins og vinnutíminn er þeim mun skemmri einn dag vikunnar.

3. gr.

Kaupgjald fullvinnandi verkafólks við opinbera vinnu skv. 1. gr. má aldrei vera lægra fyrir hvern vinnudag skv. 2. gr. en það er ákveðið með gildandi kauptaxta verklýðsfélaga eða kaupgjaldssamningum þeirra á hverjum stað og tíma fyrir almennan vinnudag. Sama er um kaup fyrir eftirvinnu.

4. gr.

Nú er ekkert verklýðsfélag á þeim stað, þar sem opinber vinna er unnin, og skal þá lágmark dagkaups skv. 2. gr. og eftirvinnukaups eigi vera lægra en skv. gildandi kauptaxta eða kaupgjaldssamningi þess verklýðsfélags, sem næst er.

5. gr.

Nú tekur félag eða einstaklingur að sér í ákvæðisvinnu framkvæmd opinberra verka og hefir verkafólk í vinnu, og er honum eða því þá skylt að hlíta ákvæðum laga þessara um hámark vinnudags og lágmark dagkaups. Geri hann eða það það eigi, telst það brot á vèrksamningi og varðar að auki sektum skv. 6. gr.

6. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 100—5000 króna sektum.

7. gr.

Mál, er rísa kunna út af brotum gegn lögum þessum, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

8. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. júlí 1932.

Greinargerð.

Samkvæmt bæjarsamþykktum um lokun sölubúða er venjulegur vinnudagur verzlunarfólks um 9 stundir, þar sem búðir eru opnar frá kl. 9 f. h. til 7 e. h., með einnar klukkustundar matartíma. Kaffitími er í vinnutímanum. Verkafólk í landi hefir enga slíka lögvernd á vinnutíma sínum, og er þess þó eigi minni þörf, að hóf sé haft á vinnutíma þess og það verndað gegn of langri vinnu.

Í frv. þessu er einungis farið fram á það, að í opinberri vinnu sé vinnutími verkafólks ekki að jafnaði lengri en hinn venjulegi vinnutími verzlunarfólks, og virðist svo, sem hið opinbera, ríkið, bæjar- og sveitarfélögin, eigi að ganga á undan í þessu máli með góðu eftirdæmi. Á Siglufirði er aðeins 8 stunda vinnudagur hjá bæjarfélaginu, og þykir gefast vel. Víðast annarsstaðar mun vinnudagurinn vera 10 tímar. Það mun sýna sig við takmörkun vinnutímans við 9 stundir, að afkast verkafólksins mun eigi verða minna eftir daginn en áður með 10 stunda vinnu, og mega því allir aðilar vel við una, hið opinbera við, að eins vel vinnst sem fyrr, svo að hagræði verður að styttingu vinnutímans, en verkafólkið mundi fá eina dýrmæta klukkustund að auki til hvíldar eða tómstundaiðkana.

Það virðist og sjálfsagt, að sömu lög nái yfir vinnu einstaklinga eða fyrirtækja, sem njóta opinbers styrks eða sem unnin eru í ákvæðisvinnu fyrir hið opinbera.

Þá eru og ákvæði þess efnis í frv., að kaupgjald í opinberri vinnu megi aldrei vera lægra fyrir hvern vinnudag en kauptaxti eða kaupsamningar verklýðsfélaga við atvinnurekendur segir til um. Misbrestur hefir orðið á þessu undanfarið, sérstaklega hjá ríkissjóði, en flest bæjarfélögin hafa fylgt þessari reglu. Það er í alla staði ósæmilegt, að almenn vinna, sem unnin er fyrir opinbert fé,

skuli greidd lægra verði en einstaklingarnir á sama stað greiða hana, og ætti hið opinbera frekar að ganga í fararbroddi með að greiða verkafólki viðunandi kaupgjald. Hér er þó ekki farið fram á annað en að hið opinbera verði ekki notað sem árásarafl á kaupgjaldssamtök verkalýðsins, heldur greiði gildandi kauptaxta.

Að öðru leyti þarfnast frv. ekki nánari skýringar.

Nd. 112. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 29, 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis.

Flutningsmaður: Magnús Jónsson.

1. gr.

Á eftir »5) sjávarútvegsnefnd« í 16. gr. laga nr. 29, 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis, kemur: 6) iðnaðarnefnd.

2. gr.

Tölurnar »6)« og »7)« verða 7) og 8).

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Iðnaður er að aukast nokkuð hér á landi, og þyrfti þó betur að verða. Til þess að möguleikar verði fyrir því, þarf að taka viturlega og af þekkingu á málefnum iðnaðarins. Flest slík mál eru svo sérstaks eðlis, að óheppilegt virðist að þurfa að vísa þeim málum til nefnda, sem í raun ng veru eru skipaðar með önnur mál í huga.

Nd. 113. Breytingartillögur

við frv. til l. um kirkjur.

Frá Héðni Valdimarssyni.

1. Við 2. gr. 1. liður orðist svo:

Skylt er að hafa kirkjur svo stórar, að þær rúmi í sætum a. m. k. $^1/_4$ sóknarmanna, þar sem 1 prestur þjónar söfnuði, en $^1/_8$ þar, sem messa er sungin tvisvar hvern helgidag.

2. Við 5. gr. 2. málsliður orðist svo:
Skylt er að vátryggja kirkjur gegn eldsvoða í Brunabótafélagi Íslands.

Nd. 114. Nefndarálit

um frv. til laga um kirkjur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. þetta verði samþykkt með nokkrum breytingum, er fara í þá átt, að gera ákvæði þess viðfelldnari og mýkri í framkvæmd, enda má eigi vita, hver áhrif útvarpið hefir á safnaðarlíf og kirkjusókn.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Í stað »friðhelgi« komi: helgi.
2. Við 2. gr.
   a. 1. liður orðist svo:
   Skylt er að hafa kirkjur svo stórar, að þær rúmi í sætum allt að 1/8 sóknarmanna, þar sem 1 prestur þjónar söfnuði, en 1/6 þar, sem 2 prestar þjóna.
   b. Við 2 lið. Í stað orðsins »fólksfjölgun« komi: fólkstölu.
   c. Við bætist ný málsgrein:
   Verði ágreiningur um þessi atriði, sker kirkjumálaráðherra úr.
3. Við 3. gr. 2. liður orðist svo:
   Prófastur úrskurðar, hvenær endurbygging er nauðsynleg eða endurbót. Skjóta má þeim úrskurði til ráðherra.
4. Við 4. gr. Orðin »og grafreita« og »endurbyggingu« falli niður.
5. Við 5. gr.
   a. Upphaf 1. málsliðs orðist svo:
   Skylt er að setja hæfileg hitunartæki o. s. frv.
   b. Á eftir 1. málsl. bætist nýr málsl.:
   Þó getur ráðherra veitt undanþágu frá þessu, ef sérstaklega stendur á.
   c. Við 2. málsgr. Í stað »kirkjustjórnin« komi: ráðherra.
6. Við 6. gr.
   a. Á undan »skal« í 1. málslið komi: og.
   b. Í stað »kirkjustjórnin« komi: ráðherra.
7. Við 7. gr. Orðið »annarlegrar« falli niður.
8. Við 10. gr. Í stað »kirkjustjórnar« komi: ráðherra.
9. Við 11. gr. Í stað orðanna »úrskurðum biskups og prófasts« komi: úrskurðum prófasts, biskups og ráðherra.

10. Við 12. gr. 3. liður, fyrri málsl., orðist svo:
Þar, sem lögreglustjóri er í sókninni, skal honum skylt að taka að sér innheimtuna, gegn 6% innheimtulaunum, ef sóknarnefnd óskar.
11. Við 13. gr.
a. Á eftir »prófastur« komi: og sóknarnefnd.
b. Síðari hluti greinarinnar, frá »hálfum kostnaðic, orðist svo: og getur prófastur þá, með samþykki ráðherra, úrskurðað hækkun kirkjugjalds um allt að 100%. Skal sá tekjuauki jafnan lagður á vöxtu í hinum almenna kirkjusjóði.
12. Við 14. gr. Í stað síðustu orðanna (»ef biskup samþykkir«) komi: og til kemur samþykki ráðherra að því er bændakirkjur snertir.
13. Við 16. gr.
a. 1. málsl. orðist svo:
Nú er kirkja reist þar, er kirkja hefir eigi verið áður, og getur þá ráðherra úrskurðað, að bæjar- eða sveitarfélag það, er í hlut á, leggi til ókeypis hentuga lóð undir kirkjuna ásamt hæfilegu svæði umhverfis, ef þess er krafizt.
b. Í stað »kirkjustjórnin« og »biskups« komi: ráðherra.
14. Við 19. gr. Upphaf 2. liðs orðist svo:
Nú er í sókn meira en eitt sveitar- eða bæjarfélag, og skal þá o. s. frv.
15. Við 22. gr. Í stað »5« komi: 3.
16. Við 25. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Menningarsjóður skal veita verðlaun fyrir fegurstu altaristöflur o. s. frv.
17. Við 26. gr. Í stað »kirkjustjórnin« komi: kirkjumálaráðuneytið.

Alþingi, 7. marz 1931.

Magnús Torfason, form., frsm. Jón Ólafsson. Magnús Guðmundsson.
Lárus Helgason. Héðinn Valdimarsson, fundaskrifari (með fyrirvara).

Ed. 115. Nefndarálit

um till. til þál. um dýrtíðaruppbót á laun embættis- og starfsmanna ríkisins.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég undirritaður hefi ekki getað orðið sammála meðnefndarmönnum mínum um afgreiðslu till. þessarar.

Í launalögunum frá 1919 er svo ákveðið, að embættis- og starfsmenn ríkisins skuli, fyrst um sinn til ársloka 1925, fá dýrtíðaruppbót á laun sín eftir föstum reglum, sem þar eru settar. Skal dýrtíðaruppbótin reiknuð eftir vísitölu, er hagstofan reiknar út í októbermánuði ár hvert með þeim hætti,

er lögin nánar tiltaka. Þetta ákvæði launalaganna var svo á þingi 1925 með lagabreytingu framlengt til ársloka 1928. Síðan hefir það verið framlengt hvað eftir annað, og gildir síðasta framlenging til ársloka 1931. Má ætla, að fyrir þetta þing verði nú einnig lögð tillaga um framlengingu á lögunum frá 1925 um eitt eða tvö ár, því ekki virðist rétt að fella dýrtíðaruppbótina niður, meðan launalögin eru ekki endurskoðuð.

Um þingsál.till. þá, sem hér liggur nú fyrir, er nokkuð öðru máli að gegna. Hún hafnar alveg þeim grundvelli, sem dýrtíðaruppbótin byggist á, vísitölunni, og felur í sér launahækkun allra þeirra, er dýrtíðaruppbótar njóta, án þess að rétta að öðru leyti hluta þeirra, er búa við lökustu launakjörin. Verð ég að telja það varhugaverða braut að ganga inn á og vafasama réttarbót.

Síðan 1921 hefir vísitala sú, sem dýrtíðaruppbót er reiknuð eftir, farið lækkandi ár frá ári, sem stafar af lækkuðu verði á lífsnauðsynjum í landinu og þá um leið minnkandi dýrtíð. Árið 1929 sýndi vísitala hagstofunnar, að dýrtíðaruppbót átti að vera 34%, en hafði árið áður verið 40%. Þá var það, að Alþingi heimilaði ríkisstjórninni með þingsályktun að greiða embættis- og starfsmönnum ríkisins sömu dýrtíðaruppbót og greidd hafði verið 1928 (40%). Mun ástæðan fyrir samþykkt þeirrar tillögu aðallega hafa verið sú, að þingið viðurkenndi, að laun í sumum lægstu launaflokkum laganna frá 1919 væru of lág, og þar sem þingið virtist veigra sér við að taka til endurskoðunar launalögin í heild, sem þó óneitanlega lá beinast við, þá hefir það talið þessa bráðabirgðalausn viðunandi að því sinni. 1930 var samhljóða till. aftur samþykkt. Og nú liggur hér fyrir tillaga um, að árið 1931 heimilist ríkisstjórninni að greiða sömu dýrtíðaruppbót (þ. e. 40%).

Nú er þess að gæta, að árið 1929 var vísitalan 34%, svo mismunur á vísitölu og þeirri dýrtíðaruppbót, sem greidd var það ár, var 6%. Í ár er vísitalan 30%, og verður þá mismunur á vísitölu og því, sem till. fer fram á að greitt verði, 10%, sem er launahækkun, þar sem vísitalan byggist á lækkuðu verði lífsnauðsynja. Þetta sýnir, inn á hve varhugaverða braut er gengið með samþykkt þessarar till.

Þó að ég viðurkenni, að fyllsta þörf sé á að bæta launakjör nokkurra embættis- og starfsmanna ríkisins, þeirra er lægst eru launaðir í raun og veru, þá viðurkenni ég ekki, að nauðsyn beri til að hækka laun embættismanna yfirleitt, og tel því þá braut, er tillagan gengur inn á, mjög óheppilega til lausnar því máli, þó aðeins til bráðabirgða sé.

Ég legg því til, að þingsályktunartillaga þessi verði felld.

Alþingi, 7. marz 1931.

Ingvar Pálmason.

Nd. 116. Frumvarp

til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita Jóni Þorleifi Jósefssyni skírteini til vélstjórnar á íslenzkum skipum.

Flutningsm.: Jón Ólafsson.

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal heimilt að veita Jóni Þorleifi Jósefssyni vélstjóra skírteini til þess að vera vélstjóri á gufuskipum og mótorskipum, sem ganga á fiskveiðar, og til þess að vera 1. vélstjóri á öðrum skipum með allt að 200 hestafla vél og til þess að vera 2. vélstjóri á öllum öðrum skipum.

2. gr.

Lög þessi koma til framkvæmdar þegar er þau hafa hlotið staðfestingu konungs.

Greinargerð.

Í frv. þessu er farið fram á það, að Jóni Þorleifi Jósefssyni verði veitt sömu réttindi sem hann hefir eftir norskum lögum til vélstjórnar á norskum skipum, enda þótt hann hafi ekki lokið prófi hér á vélstjóraskóla.

Umsækjandinn, sem hefir íslenzkan ríkisborgararétt, er fæddur að Hrísum í Helgafellssveit 24. ágúst 1889. Frá 1. jan. 1908 til 1. júlí 1909, eða 18 mánuði, var hann við járnsmíðanám hér í Reykjavík. Síðar fór hann til Noregs og var þar allmörg ár. Hálft 3. ár vann hann í Stavanger Traadstiftefabrik og í Rosenbergs mekaniske Verksted. Árin 1910 og 1911 var hann nálægt 12½ mánuð kyndari á ýmsum gufuskipum. Árin 1915 og 1916 var hann „donkymaður“ á gufuskipum. Síðara hluta ársins 1918 var hann aftur kyndari á gufuskipi 6 mánuði tæpa. Auk þess hefir hann nærfellt 4 ár unnið í verkfræðadeild (Ingeniörvæsen) Stavangerbæjar, bæði að vélstjórn, vélaviðgerð og í járnsmiðju bæjarins.

Síðan 1920 hefir hann lengstum verið vélstjóri á íslenzkum fiskiskipum, þar af 2. vélstjóri á b/v. „Rán“ 35 mánuði, 2. vélstjóri á b/v. „Walpole“ 10 mánuði og 2. vélstjóri á b/v. „Ýmir“ 17⅔ mánuði, eða samtals nærri 6 ár og 4 mánuði. Auk þess var hann 2. vélstjóri á b/v. „Skúla fógeta“ í Englandsferð í desember 1930 og 1. vélstjóri á tveimur smærri gufuskipum. Hefir hann jafnan orðið að leita undanþágu samkvæmt 16. gr. laga nr. 43, 3. nóv. 1915, og lögum nr. 14, 16. júní 1926.

Umsækjandinn hefir hvarvetna reynzt mjög vel í starfi sínu, bæði um þekkingu á því og um vilja til þess að rækja það vel, samkvæmt vottorðum allra þeirra, sem hann hefir unnið hjá. En aðstaða hans gerir atvinnu hans stopula og óvissa, með því að undanþága samkvæmt áðurnefndum lögum er bundin því skilyrði, að vöntun sé á vélstjórum, sem fullnægi skilyrðum gildandi laga um

vélstjórn. Þar sem viðkomandi er ómótmælanlega að öllu fær um vélstjórn slíka sem í 1. gr. frumvarps þessa getur, virðist fullkomlega rétt að veita honum hér sama rétt til vélstjórnar sem hann hefir samkvæmt norskum lögum í Noregi, enda mun enn vera og mun verða enn um hríð skortur á mönnum með íslenzku vélstjóraprófi samkvæmt gildandi lögum.

Nd. 117. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör.

Flutningsm.: Jón Ólafsson, Héðinn Valdimarsson, Magnús Jónsson, Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

Á eftir orðunum í 8. gr. 2. málsgr., b-lið, „lóðarafnot, ef þau gefa arð", komi: eða hann á fasteign eða mannvirki, er gefa arð.

2. gr.

Lög þessi koma til framkvæmdar jafnskjótt sem þau hafa hlotið konungsstaðfestingu.

Greinargerð.

Með nýuppkveðnum dómi hæstaréttar er talið óheimilt að leggja útsvar á fasteign, er utanbæjar- eða utanhreppsmaður á í kaupstað eða hreppi, og tekjur þar af. Hinsvegar er samkvæmt gildandi lögum rétt að leggja útsvar á lóðarafnot slíkra manna o. fl. Hér er ósamræmi. Utanbæjarmaður, sem **leigir** t. d. lóð í Reykjavík, skal hér greiða útsvar, en utanbæjarmaður, sem hér á miklar húseignir, er hann hefir ef til vill mörg þúsund króna ársleigu af, er eigi útsvarsskyldur hér af þeirri eign eða þeim tekjum.

Nd. 118. Frumvarp

til laga um innheimtu útsvara í Reykjavík.

Flutningsm.: Jón Ólafsson, Héðinn Valdimarsson, Magnús Jónsson, Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

Gjalddagi útsvara eftir aðalniðurjöfnun í Reykjavík skal vera hinn fyrsti virkur dagur mánaðanna júní, júlí, ágúst, september og október, og fellur ⅕ hluti hvers útsvars í gjalddaga um hver þessara mánaðamóta.

2. gr.

Dráttarvextir af hverjum þeim hluta útsvara, sem ekki er greiddur í síðasta lagi mánuði eftir gjalddaga, skulu vera 1 af hundraði á mánuði, talið frá gjalddaga og þar til greitt er.

3. gr.

Þegar liðinn er hálfur mánuður frá gjalddaga, má taka hvern þann hluta útsvara, sem í gjalddaga er fallinn, lögtaki, enda er engrar sérstakrar birtingar fyrir skuldunautum eða opinberrar auglýsingar þörf.

4. gr.

Lög þessi koma til framkvæmdar jafnskjótt sem þau hafa öðlazt staðfestingu konungs.

Greinargerð.

Vegna treglegrar greiðslu á útsvörum í Reykjavík er þetta frumvarp komið fram. Er það flutt samkvæmt beiðni bæjarstjórnar Reykjavíkur. Þykir sennilegt, að innheimtan myndi ganga greiðlegar, ef gjalddagar væru fleiri en nú er. Vegna þess að útsvörin eru deilanleg með tölunni 5, þykir hentast að hafa gjalddagana fimm.

Dráttarvextir voru ákveðnir 1% á mánuði með lögum nr. 36/1924. Virtist sú ráðstöfun mjög flýta innheimtu, því að þá töldu þeir sér hentast að greiða fljótt, sem þess áttu kost. En dráttarvextir voru aftur lækkaðir með lögum nr. 46/1926 niður í ½% á mánuði. Eru það sýnu lægri vextir en menn verða að greiða af lánsfé til bankanna, og þykir því mörgum beinlínis hagur að því að draga útsvarsgreiðslur, enda þótt þeir verði að greiða ½% á mánuði eða 6% á ári.

Auglýsing sú í blöðum, sem nú skal birta áður en lögtak megi fram fara, virðist hér í Reykjavík vera allþýðingarlítil, og er því farið fram á það, að henni megi sleppa.

Ed. 119. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um ábyrgð ríkissjóðs fyrir viðskiptum við Rússland.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar vill mæla með því, að tillagan verði samþykkt. Þó vill annar úr meiri hlutanum (IP), að ábyrgðarfjárhæðin í 2. lið tillögunnar verði færð úr 5 milljóuum króna á árinu 1931 niður í 2 milljónir króna, og flytur hann sérstaka breytingartillögu um það.

Telur meiri hlutinn nauðsyn á því að hraða þessu máli, svo að 1. liður

tillögunnar, um ábyrgð ríkissjóðs á síldarvíxlunum frá síðasta sumri, komist sem fyrst til framkvæmda.

Minni hluti nefndarinnar (JÞ) hefir óbundið atkvæði um 1. lið þáltill., en er andvígur seinni liðnum.

Verður gerð nánari grein fyrir málinu í framsögu.

Alþingi, 9. marz 1931.

Ingvar Pálmason, form.	Jón Baldvinsson, fundaskr., frsm. meiri hl.

Ed. 120. Breytingartillaga

við tillögu til þingsályktunar um ábyrgð ríkissjóðs fyrir viðskiptum við Rússland.

Frá Ingvari Pálmasyni.

Í stað »5 milljónum« komi: 2 milljónum.

Nd. 121. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að gera tilraunir með nýjar veiðiaðferðir og veiðarfæri.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að verja allt að 50 þús. kr. á ári til þess að gera eða láta gera tilraunir með veiðarfæri og veiðiaðferðir, sem lítt eða ekki eru notuð eða eigi fullreynd af íslenzkum fiskimönnum, en líkur benda til, að geti reynzt hér vel og orðið til gagns og umbóta fyrir sjávarútveg og fiskveiðar.

2. gr.

Ákvæði laga um bann gegn botnvörpuveiðum og dragnótaveiðum í landhelgi ná eigi til skipa og báta, er vinna að tilraunum þeim, er í 1. gr. getur.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Svo má telja, að línur og þorskanet séu hin einu veiðarfæri, sem smærri og stærri fiskibátar almennt nota hér við land, þegar frá eru teknar síldveiðarnar. Í nágrannalöndum okkar eru ýms veiðarfæri fleiri notuð með góðum árangri. Er þess full þörf, að rannsakað sé til hlítar, hvort eigi mundi borga sig fyrir íslenzka fiskimenn að afla sér þeirra. Um nokkur þessara veiðarfæra munu gilda ákvæði laga um bann gegn botnvörpuveiðum, og þarf þá að rannsaka betur en gert hefir verið, hvort ástæða er til að banna notkun slíkra veiðarfæra. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin láti gera þessar tilraunir í samráði við og undir eftirliti sérfróðra manna á þessu sviði.

Nd. 122. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að styðja að útflutningi á nýjum fiski.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa eða leigja skip til þess að koma á og halda uppi reglubundnum hraðferðum til útlanda með kældan eða ísvarinn fisk frá þeim stöðum á landinu, þar sem sjómenn og útvegsmenn hafa með sér félagsskap með samvinnusniði um útflutning og sölu á slíkum fiski.

2. gr.

Fé það, sem þarf til skipakaupa og nauðsynlegra framkvæmda samkv. 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka að láni.

3. gr.

Ríkisstjórnin skal setja upp söluskrifstofu og ráða mann eða menn til að sjá um móttöku og sölu fiskjarins og greiðslu á andvirði hans, meðan fiskútflutningsfélög samkv. 1. gr. eigi hafa gert með sér sölusamband um land allt.

4. gr.

Skipaútgerð ríkisins skal sjá um útgerð skipanna og hafa framkvæmdarstjórn þeirra á hendi. Hún aflar sér skýrslna frá fiskútflutningsfélögunum um stærð og fjölda fiskiskipa og báta félagsmanna, áætlar með þeim í samráði við söluskrifstofuna, hversu mikils fiskmagns megi vænta frá hverjum stað á hverjum tíma, og semur við þau um alla tilhögun flutninganna og annað það, er þurfa þykir, til þess að þeir geti orðið sem ódýrastir og gengið sem greiðlegast.

5. gr.

Kostnaði við útflutning og sölu skal jafnað niður eftir fiskmagni og verði og reikningsskil gerð fyrir hverjum skipsfarmi sérstaklega að lokinni sölu. Skal þá fiskeigendum greitt andvirðið að frádregnum öllum kostnaði og 2% af söluverðinu, sem leggjast skal í sjóð til þess að mæta halla, er verða kann á flutningum þessum.

6. gr.

Reisi fiskútflutningsfélög samkv. 1. gr. kælihús á viðkomustöðum skipanna til þess að geyma þar kældan eða ísvarinn fisk til útflutnings, enda sé skortur á slíku húsi á staðnum, skulu þau ganga fyrir öðrum um stofnlán úr Fiskveiðasjóði Íslands. Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að ganga í ábyrgð fyrir lánum, er nemi allt að 50% af stofnkostnaði húsa þessara, enda séu lánin tryggð með 2. veðrétti næst á eftir veði Fiskveiðasjóðsins, þannig, að veðlán þessi samtals nemi eigi meiru en 90% af stofnkostnaðinum.

7. gr.

Lög þessi skal endurskoða á Alþingi 1932.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Saltfiskverð er nú svo lágt, að til fullrar tvísýnu horfir um afkomu fiskveiða og sjávarútvegs, ef eigi er undinn að því bráður bugur, að koma útgerðinni í hagfelldara og skipulegra horf og gera aflann verðmeiri en nú er. Fullverkaður stórfiskur hefir verið seldur fyrir 70—75 kr. pr. skpd., og jafnvel enn lægra. Um síðustu áramót voru óseldar fiskbirgðir nærfellt 130 þús. skpd. Er það um 150% meira en um næstu áramót á undan, og nærri þrefalt meira en í ársbyrjun 1929. Það er því ljóst, að fullt óvit væri að ætla lengur að byggja afkomuvonir fiskveiðanna eingöngu á saltfiskmarkaðinum, Spánarmarkaðinum, sem svo dýru verði var keyptur, er bannlagaundanþágan var veitt.

Margt fleira en síðasta verðfallið á saltfiskinum bendi ótvírætt til þess, að oss sé það hin brýnasta nauðsyn að leita nú þegar nýrra leiða til að koma aflanum í sæmilegt verð. Saltfiskmarkaðurinn hefir ekki víkkað í hlutfalli við aukningu framleiðslunnar hin síðari ár, þrátt fyrir „markaðsleit“ hins opinbera og nokkrar tilraunir einstakra manna og félaga. Hann er bundinn við tiltölulega fá lönd og fjarlæg, og margir ætla, að eftirspurn eftir saltfiski muni heldur minnka en aukast eftir því sem tímar líða. Eftir því, sem aðferðum og áhöldum til að varðveita og flytja fiskinn óskemmdan fleygir fram og samgöngur allar verða örari, eykst neyzla nýs fiskjar stórkostlega, og er mjög að vonum, að það dragi úr saltfisksölunni.

Reynslan hefir líka sýnt, að sá fiskur er jafnan verðmeiri, sem seldur er neytendum nýr eða ísvarinn, en hinn, sem er saltaður. Meðalverð fyrir hvert

kg. af fiskafla Englendinga hefir t. d. undanfarið verið líðlega þrefalt hærra en meðalverð pr. kg. af íslenzkum afla, og meðalverðið í ýmsum löndum Mið-Evrópu er margfalt hærra. Séu athugaðar yfirlitsskýrslur um meðalverð á fiskafla Norðurálfuþjóðanna, sést, að við Íslendingar erum þar neðstir á blaði, þótt við hinsvegar skörum fram úr þeim öllum hvað aflabrögð snertir. En afkoma sjávarútvegsins verður jafnan harla óviss, meðan svo að segja eingöngu er lagt kapp á það að rífa upp sem mestan afla, — stundum fyrirhyggjulítið og án tillits til kostnaðar, taps á skipum, veiðarfærum og jafnvel mannslífum, — en minni eða lítil áherzla lögð á hitt, að gera aflann að fjölbreyttri og verðmætri vöru, sem á vísa kaupendur sem allra víðast.

Einhæfnin í meðferð og verkun fiskjarins er nú að koma okkur í koll. Um leið og saltfiskmarkaðurinn bregzt, er allt í voða. Hingað til hefir allt kapp verið lagt á það, að koma fiskinum í salt, í von um sölu á þröngum — og óvissum — markaði, að undanteknu því, sem togararnir nokkurn tíma árs hafa flutt af afla sínum í ís til Englands og selt þar. En ekki er þó meira kapp lagt á þennan útflutning nú en svo, að eigendur þeirra kjósa nú flestir heldur að láta skipin liggja bundin við garða en að láta þau stunda ísfiskveiðar, og það þrátt fyrir mikinn afla og óvenjulega gott ísfiskverð síðustu mánuðina. Hefði þó verið auðvelt fyrir togaraeigendur að kaupa bátafisk til viðbótar afla sínum, svo að þeir gætu jafnan komið til Englands með fárra daga gamlan fisk.

Í vetur hafa þó nokkrar tilraunir verið gerðar með útflutning á ísvörðum bátafiski til Englands. Hafa þær yfirleitt lánast vel og benda ótvírætt til þess, að sjálfsagt sé að halda þeim áfram og skipuleggja betur en verið hefir. Kostnaður við það að leigja misjafnlega hentug skip fyrir eina og eina ferð frá einum einasta stað hlýtur jafnan að verða gífurlegur. Er því óhjákvæmilegt að koma skipulagi á flutninga þessa, ef full raun á að fást og góður árangur að nást.

Í frv. þessu er lagt til, að ríkisstjórnin hafi á hendi framkvæmdir bæði um það, að koma flutningum í skipulegt horf og sjá um sölu og móttöku fisksins meðan félög útflytjendanna eigi hafa myndað með sér svo öflugt samband, að það geti tekið þetta að sér. Er gert ráð fyrir, að fyrst og fremst sé reynt að hjálpa hinum smærri útvegsmönnum og fiskimönnum, og að þeir myndi með sér samvinnufélagsskap í því skyni að geta notfært sér flutninga þessa. Togaraeigendur og línuveiðagufuskipa ráða yfir haffærum skipum og nægu fiskmagni til þess að gera tilraunir þessar sjálfir, en smáútvegsmönnum og fiskimönnum er það með öllu ókleift. Bátafiskur, þar sem aflinn er fjölbreyttur, ísa, steinbítur, koli o. s. frv., er og einkar hentugur til útflutnings í ís. Væri það hinn mesti búhnykkur, ef unnt væri með þessu móti að fá gott verð fyrir „ruslfiskinn", sem jafnan er næsta verðlítill upp úr salti.

Til þess að unnt sé að koma flutningum þessum í sæmilegt horf, verða að vera til á viðkomustöðunum kælihús, sem hægt er að geyma fiskinn í. Þegar litið er til þess, hvern stuðning hið opinbera hefir veitt bændum til þess að koma kjötinu frystu til útlanda, bæði með framlagi til kæliskipsins og ábyrgð fyrir láni til frystihúsa, verður eigi annað sagt en að sjálfsagt sé, að ríkissjóður

veiti fyllsta stuðning, er hann megnar, til þess að beina fiskverzluninni inn á svipaðar brautir, þar sem hér er um margfalt meira verðmæti að ræða.

Svo var látið heita, að bannlagaundanþágan væri veitt til þess að tryggja Spánarmarkaðinn og þar með afkomu sjávarútvegsins, en alls eigi í því skyni, að ríkissjóður gerði sér áfengið að féþúfu. Þá var jafnvel gert ráð fyrir, að áfengisgróðinn yrði notaður til þess að opna nýjar leiðir til þess að tryggja sjávarafurðunum markað annarsstaðar en á Spáni, til þess að brjóta af oss „ok Spánverja“ og skapa fiskveiðunum öruggari grundvöll. Tekjur ríkissjóðs af áfenginu námu síðastliðið ár um 2 millj. króna. En Spánarmarkaðurinn brást þrátt fyrir áfengiskaupin. Er því vissulega kominn tími til að efna þau fyrirheit, sem gefin voru, er undanþágan var veitt.

Skipafélög kvarta nú mjög undan flutningaleysi. Ætti því að vera auðvelt, ef ekki er ráðizt í það strax að kaupa skip til flutninganna, að fá hentug skip á leigu með góðum kjörum. Þótt ekki væru leigð nema 3 skip til að byrja með, væri að því nokkur bót, og mætti svo, ef sæmilega lánast, fjölga þeim, eftir því sem þörf krefur. Sjálfsagt væri og að gera tilraunir með að flytja út ísvarða síld nú í sumar.

Frumvarp þetta er frumsmíði og stendur sjálfsagt mjög til bóta. Reynslan sýnir án efa, að margt má annan veg betur fara en hér er gert ráð fyrir. Er því það ákvæði sett í frv., að lögin skuli endurskoðuð þegar á næsta þingi. Þá ætti nokkur reynsla að vera fengin, er byggja mætti á.

En ástandið er nú svo alvarlegt, að ekki verður hjá því komizt að hefjast handa, og það nú þegar.

Nd. 123. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Hvarvetna í landhelgi við Ísland skulu veiðar með dragnótum bannaðar frá 1. marz til 31. júlí ár hvert, með undantekningum þeim, sem 2. gr. nefnir.

Til dragnóta teljast nætur þær, sem til botns taka og eru dregnar með botni þegar veitt er, þar á meðal kolanót (snurrevaad).

Atvinnumálaráðherra skal setja reglugerð um möskvastærð og gerð dragnóta, sem heimilt er að nota innan landhelgi á öðrum tímum árs en í 1. málsgr. segir. Í reglugerð þessa skal og setja ákvæði um lágmarksstærð þess fisks, sem leyfilegt er að hagnýta úr afla dragnóta.

2. gr.

8. gr. laganna falli burt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Fiskimenn víða um land líta svo á, að engin ástæða sé til þess að banna dragnótaveiðar í landhelgi, sízt svo mikinn tíma árs sem nú er gert. Telja þeir það alls ósannaða fullyrðingu, að dragnætur spilli fiskveiðum, og á engu meiri rökum reista en samskonar fullyrðingar fyrr á öldum um, að línur og þorskanet spilltu veiðiskap. Dragnótin er tiltölulega ódýrt veiðarfæri, einkar hentugt fyrir smærri og stærri báta og hefir reynzt fengsæl þar sem hún hefir verið notuð. Línur og beita er nú einn allra þyngsti útgjaldaliður bátaútvegsins, og er því hin mesta nauðsyn að gera tilraunir til þess að draga úr veiðarfærakostnaðinum. Þá er hitt engu síður áríðandi, ef flutningar á ísvörðum fiski til útlanda hefjast, að geta jafnan sent fjölbreyttan fisk, t. d. nokkuð af kola o. þ. h., en kolinn, sem víða er gnægð af í fjörðum og við strendur landsins, kemur nú bátaútveginum að litlum sem engum notum. Botnvörpuskipin, erlend sem innlend — og þau erlendu eru margfalt fleiri — hirða mest af því, sem veiðist af honum, og þau mest, sem freklegast brjóta landhelgislögin.

Í frv. þessu er lagt til, að sá tími, sem dragnótaveiðar eru leyfðar, sé lengdur upp í 7 mánuði á ári. En jafnframt er gert ráð fyrir, að atvinnumálaráðherra setji reglur um lágmarksstærð þess fiskjar, sem leyfilegt er að hagnýta, og um möskvastærð nótanna, til þess að fyrirbyggja, að ungviðið sé drepið að þarflausu. Hafa Danir, Þjóðverjar og fleiri þjóðir sett slíkar reglur, og þótt gefast vel. Þá er ennfremur lagt til, að heimild sú, sem ráðherra nú hefir til þess, ef héraðsstjórnir óska þess, að banna dragnótaveiðar frekar en lögin ákveða, sé úr lögum numin. Er það í samræmi við tillögu um þetta efni, sem samþykkt var á síðasta aðalfundi Fiskifélagsins.

Nd. 124. Frumvarp

til laga um nýbýli.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson.

I. KAFLI.

Um nýbýlafélög.

1. gr.

Nýbýlafélög eru þau félög, er samkvæmt ákvæðum í lögum sínum eða samþykktum starfa að því, að efla nýbýlarækt í landinu, hvort sem sú starfsemi er aðalstarfsemi félagsins eða eigi.

2. gr.

Veita má nýbýlafélögum lán úr Búnaðarbanka Íslands, ef atvinnumálaráðherra telur, að félagið fullnægi skilyrðum þeim, sem nefnd eru í 1. gr., og eftirlitsmaður nýbýla mælir með veitingu lánsins.

Lánsfé þessu má félagið aðeins verja til að kaupa land til nýbýlastofnunar, til vegalagningar um það og til framræslu þess.

Lánsupphæðin má nema allt að ⅘ af fasteignamatsverði lands þess, er kaupa á, og áætluðum kostnaði við umbætur þær, er áður voru nefndar og félagið hyggst að gera á landinu. Lánin skulu veitt til 50 ára og vera afborgunarlaus fyrstu 5 árin, en endurgreiðast síðan með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sé 3½% af allri lánsupphæðinni.

Ríkissjóður endurgreiðir bankanum vaxtamun þann, er verða kann á lánum þessum.

3. gr.

Áður en lán eru veitt samkvæmt 2. gr. skal félagið hafa látið gera skipulagsuppdrátt af landi því, er það hefir í hyggju að kaupa, svo og áætlun um kostnað við mannvirkjagerð á því eða ræktun þess, enda hafi eftirlitsmaður nýbýla samþykkt uppdráttinn og áætlunina.

4. gr.

Nú hefir lán verið veitt til landkaupa samkvæmt 2. gr., og er þá félaginu skylt að selja það land til nýbýlastofnunar, eða nýbýli þau, er það reisir sjálft á því, þeim er slíkra kaupa óska. Um söluna skal jafnan leitað álits eftirlitsmanns nýbýla. Eigi má félagið selja löndin eða nýbýlin hærra verði en þau hafa kostað það.

II. KAFLI.

Um fjárframlög úr ríkissjóði til eflingar nýbýlaræktar.

5. gr.

Ríkissjóður leggur fram árlega 80 þúsund krónur, er varið skal til eflingar nýbýlaræktar í landinu, eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

6. gr.

Fé því, er ræðir um í 5. gr., má verja til lána handa nýbýlingum. Lán þessi getur sá einn fengið, sem fullnægir eftirfarandi skilyrðum:

a. Sannar með vottorði hreppsnefndar í heimilissveit sinni, að hann sé duglegur, reglusamur og sparsamur maður, sé vanur bústörfum og hafi þekkingu á þeim.
b. Sannar, að hann eigi kost á landi til að byggja á nýbýli. Land þetta má eigi vera minna en svo, að það fóðri 20 nautgripi, er það er fullræktað, enda fylgi því nægileg beit fyrir þessa gripatölu.
c. Sannar, að hann sé svo efnum búinn, að hann geti keypt land þetta skuldlaust.

7. gr.

Lán þau, er ræðir um í 6. gr., má veita aðeins til bygginga á nýbýlinu, ræktunar þess og bústofnskaupa nýbýlings. Mega lánin nema allt að 9/10 hlutum af áætluðum kostnaði við framkvæmdir þessar, og skulu þau greiðast út smátt og smátt, eftir því sem framkvæmdum þessum miðar áfram. Lánin skulu veitt til 50 ára og vera afborganalaus fyrstu 5 árin, en endurgreiðast síðan þannig, að árlegt gjald verði 3% af upphæð lánsins. Lánin skulu tryggð með veði í nýbýlinu.

8. gr.

Veita má nýbýlingi, sem vegna óhappa, heilsuleysis eða ómegðar á örðuga afkomu, styrk af því fé, sem ræðir um í 5. gr. Styrkur þessi má þó ekki nema hærri upphæð en 2000 krónum til sama manns, og er hann ekki afturkræfur.

9. gr.

Veita má nýbýlingum, er sýnt hafa frábæra atorku og dugnað í búskap sínum, verðlaun af fé því, er ræðir um í 5. gr., allt að 500 krónur til hvers.

10. gr.

Lán, styrk eða verðlaun samkvæmt 6.—9. gr. skal því aðeins veita, að eftirlitsmaður nýbýla mæli með veitingu þeirra, enda hafi hann samþykkt áætlun um ræktunarframkvæmdir þeirra, er lán skal veita til.

Atvinnumálaráðherra veitir lán þessi, styrk og verðlaun, en Búnaðarbanki Íslands annast innheimtu lánanna fyrir ríkissjóð, gegn þóknun eftir samkomulagi við atvinnumálaráðherra.

III. KAFLI.

Um land til nýbýla.

11. gr.

Hverjum manni er heimilt að byggja nýbýli á eyðijörð og öðru óbyggðu landi, sem enginn getur sannað eigu sína að. Svo má og byggja nýbýli í afréttum, er sveitarfélög eiga, og í almenningum, ef sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga, er afréttina eiga eða eiga hagsmuna að gæta í almenningnum, leyfa það.

12. gr.

Nú vill einhver byggja nýbýli í landi, sem ætla má að enginn sé eigandi að, og skal hann þá tilkynna atvinnumálaráðuneytinu þá fyrirætlun sína. Ráðuneytið skal því næst, með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, skora á þá, er tilkall kynnu að vilja gera til lands þessa, að gefa sig fram innan 6 mánaða frá birtingu auglýsingarinnar. Gefi enginn sig fram innan þessa frests, skal ráðuneytið bjóða sýslumanni að kveðja til 2 menn og gera ásamt þeim áreið á landið og setja glögg landamerki. Til áreiðargerðar þessarar skal, með 7 nátta fyrirvara, boða nýbýling og þá menn, sem land eiga að hinu fyrirhugaða nýbýli. Verði eigi sam-

komulag um merkin við áreiðina, skal sýslumaður sjá um, að úr þeim ágreiningi verði skorið eftir þeim reglum, sem gilda um landamerkjamál.

13. gr.

Sýslumaður skal að lokinni áreið senda atvinnumálaráðuneytinu eftirrit af áreiðargerðinni. Atvinnumálaráðherra gefur því næst nýbýlingi út nýbýlisbréf fyrir landinu, og er það eignarheimild nýbýlings að landinu. Í nýbýlisbréfinu skulu tekin fram öll þau skilyrði, um húsabyggingar, girðingar, þurrkun lands og ræktun, sem ráðherra eftir tillögum eftirlitsmanns nýbýla telur hæfileg. Brjóti nýbýlingur í einhverju verulegu atriði skilyrði þessi, getur atvinnumálaráðherra, eftir tillögum eftirlitsmanns nýbýla, svipt hann nýbýlisréttinum og heimilað öðrum manni nýbýlið, er þá nýtur sama réttar sem nýbýlingur annars hefði notið. Skal sá, er þá tekur við nýbýlinu, skyldur til að greiða hinum, er nýbýlinu var sviptur, þá verðhækkun, sem felst í umbótum hans á nýbýlinu, eftir mati óvilhallra, dómkvaddra manna.

14. gr.

Nú vill maður byggja nýbýli í afrétt eða almenningi, og skal þá sýslumaður gera áreið á landið og setja landamerki, svo sem fyrir er mælt í 12. gr. Að öðru leyti fer um rétt nýbýlings eftir samningi hans við hlutaðeigandi sveitarstjórn, þó svo, að sé landið eigi selt honum, skal honum jafnan leigt það til erfðaleigu.

15. gr.

Kostnað þann, er leiðir af upptöku nýbýlis samkvæmt 12.—14. gr., greiðir nýbýlingur.

16. gr.

Nú þykir eigi þörf á að verja eitthvert ár fé því öllu, sem ræðir um í 5. gr., með þeim hætti, sem greinir í 6.—9. gr., og má þá verja því, er afgangs verður, til þess að kaupa lönd, er vel þykja fallin til skiptingar í nýbýli. Kaup þessi skulu gerð eftir tillögum eftirlitsmanns nýbýla.

17. gr.

Skipta má þjóðjörðum eða kirkjujörðum, sem lausar eru úr ábúð, í nýbýli eftir tillögum eftirlitsmanns nýbýla.

18. gr.

Nýbýli þau, er ræðir um í 16. og 17. gr., skal atvinnumálaráðherra heimilt að selja nýbýlingum til eignar eða leigja til erfðaleigu.

IV. KAFLI.

Um stjórn nýbýlamála.

19. gr.

Atvinnumálaráðherra hefir yfirstjórn allra nýbýlamála í landinu og felur sérstökum manni eftirlit með þeim. Eftirlitsmaður tekur laun úr ríkissjóði eftir samningi við atvinnumálaráðherra.

20. gr.

Eftirlitsmanni nýbýla skal skylt að veita nýbýlafélögum og einstökum mönnum leiðbeiningar um allt, er lýtur að byggingu nýbýla, ræktun þeirra og búskap nýbýlings. Hann skal vera atvinnumálaráðherra til aðstoðar um allt það, sem að nýbýlamálum lýtur, og gefa honum árlega skýrslu um starfsemi sína. Nánari reglur um starf eftirlitsmanns setur atvinnumálaráðherra í erindisbréfi, er hann fær honum.

V. KAFLI.

Almenn ákvæði.

21. gr.

Lög nr. 15, 6. nóv. 1897, um nýbýli, eru úr lögum numin.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þau ákvæði, sem í lögum eru um byggingu nýrra býla, eru svo einhæf og ófullkomin, að ef nokkuð verður um stofnun nýbýla, þá má gera ráð fyrir, að menn finni tilfinnanlega til þess, að lagafyrirmæli vanti, er geri nýbýlingum léttara undir fæti með stofnun nýbýlis. Á þessu er frumv. þessu ætlað að ráða nokkra bót.

Vafalaust er það, að af öllum þeim framfaramálum, er þjóðin hefir nú með höndum, eru ræktunarmálin þýðingarmest. Tæpast verður nokkuð annað gert, er tryggi betur afkomu þjóðarinnar til að bjargast, í hvað sem skerst, eins og bætt og aukin jarðrækt. Gera má nú ráð fyrir, að fyrst um sinn verði mest að því unnið að auka ræktunina út frá býlunum, sem fyrir eru, og sú ræktun verði fyrir þau gerð, en hugsazt getur þó, ef menn eiga kost á sæmilegu landi til ræktunar og fá nokkurt liðsinni til þess að búa þar um sig, að það verði ýmsir til þess að freista gæfunnar við þau störf.

Eftir því sem samgöngur batna, verða öruggari og betri út um sveitir

landsins, má telja víst, að mönnum leiki meiri hugur á því eftir en áður að stunda að meira eða minna leyti búskap í sveit. Og ef svo skyldi nú fara, sem enginn óskar eftir, að starfsemin við sjóinn reynist of lítil fyrir íbúa kauptúnanna þeim til bjargræðis, þá er ekki ósennilegt, að einhverjir þeirra vildu breyta til og fá sér jarðnæði til bjargræðis sér og sínum.

Líklegt er, að oft yrðu það efnalitlir menn, sem byrjuðu nýbýlabúskap. En þar sem allt þarf að reisa frá grunni, og landið allt í byrjun óræktað, þá verður þetta afarkostnaðarsamt. Þess vegna virðist ekki verða hjá því komizt að veita nýbýlingum ódýr lán, og jafnvel nokkurn frekari fjárstyrk. Hvað miklu fé úr ríkissjóði verður til þessara hluta varið, fer auðvitað að nokkru leyti eftir getu ríkissjóðs, hvað mikið þingið vill styrkja nýbýlabúskapinn og hvað eftirspurnin eftir nýbýlum verður mikil. Þessi upphæð, 80 þús. kr., sem stungið er upp á í frumv. að árlega sé varið úr ríkissjóði, er sett af handahófi. Erfitt mun að segja nú með nokkurri vissu um það, hvað mikið verður leitað eftir fjármunum í þessu skyni. En auk þessarar upphæðar, má gera ráð fyrir, að ríkissjóður þurfi eitthvað að greiða í vaxtamun við landkaup til Búnaðarbankans. En sennilegt er, að árlega nemi það ekki mjög hárri upphæð, sízt fyrst um sinn.

Um einstakar greinir frumvarpsins þykir ekki þörf á að fjölyrða.

Nd. 125. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 29, 16 des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. 2. málsl. 2. málsgr. orðist svo:

Þá er heimtir skulu skattar til ríkissjóðs, bæjargjöld eða sveitar, kirkjugjöld, brunabótagjöld, ef hreppur eða kaupstaður hefir vátryggt á sama stað, og önnur opinber gjöld, nægir að auglýsa á þann hátt, sem tíðkast um opinberar auglýsingar, að fógeti hafi úrskurðað lögtak á gjöldunum og að lögtakið fari fram án frekari fyrirvara.

Alþingi, 10. marz 1931.

Magnús Torfason, form.	Magnús Guðmundsson, frsm.	
Héðinn Valdimarsson, fundaskrifari.	Jón Ólafsson.	Lárus Helgason.

Ed. 126. Nefndarálit

um frumvarp til laga um bókhald.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta lá fyrir síðasta þingi. Náði það þá samþykki Ed. með nokkrum breytingum, sem allsherjarnefnd lagði þá til að gerðar yrðu á frv., en varð ekki útrætt í Nd.

Nefndin hefir nú athugað frv. gaumgæfilega. Er hún sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr.
   a. Í stað »6 smál.« í 3. lið komi: 12 smálesta.
   b. Aftan við greinina bætist: Nemandi er í lögum þessum talinn aðstoðarmaður.
2. Við 5. gr.
   a. Í stað orðanna »verzlunarviðskipti« í 1. málsgr. komi: viðskipti, — og í stað »vöruna« komi: vöru.
   b. Upphaf síðari málsgreinar orðist þannig:
   Í verzlunarviðskiptum skal samrit af færslu frumbókar jafnan látið viðskiptavini í té o. s. frv.
3. Við 14. gr. Orðið »bókhaldsskyldum« í niðurlagi greinarinnar falli burt.

Alþingi, 10. marz 1931.

Ingvar Pálmason, form.	Erlingur Friðjónsson, fundaskrifari og frsm.	Pétur Magnússon.

Nd. 127. Breytingartillaga

við frv. til laga um vitagjald o. fl.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 1. gr. Á eftir 1. málsgrein komi svo hljóðandi önnur málsgrein:

Gjaldi þessu skal varið til vitamála og annars þess, er tryggir öryggi siglingaleiða með ströndum landsins.

Ed. 128. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um ábyrgð ríkissjóðs fyrir viðskiptum við Rússland (þskj. 59).

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Ég hefi eigi getað fallizt á það, að rétt sé, að ríkissjóður taki á sig áhættuna af því, hvort Rússastjórn innleysir víxla þá, er ræðir um í fyrri lið tillögunnar. Hinsvegar finnst mér vera nokkur ástæða til að greiða fyrir því, að síldarútvegurinn geti fengið fé til umráða, sem andvirði þessara víxla nemur, áður en næsta útgerðartímabil byrjar, því að fullyrt er, að annars kunni fjárskortur að verða því til fyrirstöðu, að gert verði út á síld, jafnvel með þeim miklu takmörkunum, sem leiðir af lágu verði bræðsluafurða. Get ég því fallizt á, að ríkissjóður greiði fyrir sölu víxlanna með ábyrgðarveitingu á þann hátt, að hann hafi aftur baktryggingu hjá Síldareinkasölunni, sem yrði þá að endurgreiða víxilandvirðið af síldarandvirði yfirstandandi árs, að því leyti sem eignir Einkasölunnar sjálfrar ekki hrökkva til, ef greiðslufall verður hjá Rússastjórn.

Samkvæmt þessu get ég fallizt á, að fyrri liður tillögunnar verði samþykktur með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Fyrir »ályktar að skora á ríkisstjórnina« komi: ályktar að heimila ríkisstjórninni.
2. Á eftir orðunum: »Að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs« komi: gegn endurábyrgð Síldareinkasölunnar.

Alþingi, 10. marz 1931.

Jón Þorláksson.

Nd. 129. Frumvarp

til laga um breyt. á l. nr. 73, 7. maí 1928. (Slysatryggingalög).

Flutningsm.: Halldór Stefánsson, Héðinn Valdimarsson.

1. gr.

Við 1. gr.

a. Liður 1 b orðist svo:

Fiskimenn og formenn á vélbátum minni en 12 smál., er stunda fiskveiðar eða fiskflutning á milli hafna innanlands í 1 mánuð á ári eða lengur.

b. Liður 2 a. Aftan við liðinn bætist:
Þar með talin stjórn aflvéla við jarðvinnslu.
c. Liður 2 b. Aftan af liðnum falli: „Þar sem 5 manns eða fleiri vinna eða aflvélar eru notaðar að staðaldri".
d. Liður 2 c. Í stað orðanna: „venjuleg bæjarhús eða útihús" komi: torfhús.

2. gr.

Við 2. gr.
Fyrir „3 mönnum" komi: forstjóra Tryggingarstofnunar ríkisins og 2 meðstjórnendum.

3. gr.

Við 8. gr.
a. Aftan við málsgreinina bætist:
Iðgjald fyrir forfallaðan skipverja má endurgreiða þegar forföllin stafa ekki af bótaskyldu slysi, enda hafi maðurinn gengið úr skiprúminu.
b. Á eftir orðinu „róðrarbáta" í annari málsgrein bætist: og vélbáta minni en 12 smálestir.

4. gr.

Við 12. gr.
Á eftir 1. málsgrein komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Því aðeins ber að taka til greina og framsenda til slysatryggingarinnar kröfur um bætur fyrir slys, er verða við atvinnurekstur, sem heimilt er að tryggja í frjálsri tryggingu, að tryggingar hafi verið beiðzt og iðgjöld greidd eftir áætlun, áður en eða samhliða því, að atvinnureksturinn var hafinn.

5. gr.

Breytingar þær, er samþykktar verða, og sömuleiðis breytingar þær, er samþykktar voru á síðasta þingi, skulu færðar inn í texta laganna.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar.

Greinargerð.

Breytingartillögur þær, er með frv. þessu eru bornar fram við slysatryggingalögin, eru aðeins smábreytingar og lagfæringar á atriðum, sem valdið hafa vafa um skilning og örðugleikum á framkvæmd laganna.

Mega þær vera öllum auðskildar við samanburð við lögin sjálf. Mun verða gerð nánari grein fyrir þeim við 1. umr. frumvarpsins.

Nd. 130. Frumvarp

til l. um breyting á l. nr. 56, 14. júní 1929. (Notkun bifreiða).

Flutningsm.: Héðinn Valdimarsson, Halldór Stefánsson.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Sérhverjum bifreiðareiganda er skylt að tryggja hvern þann, sem ekur bifreið hans, fyrir bótum vegna slysa, er hann kann að verða fyrir við aksturinn. Skal tryggt í Slysatryggingu ríkisins og fyrir sömu bótum, sem þar eru ákveðnar. Umboðsmenn slysatryggingarinnar innheimta iðgjöldin.

Greinargerð.

Í slysatryggingarlögunum eru ákvæðin um tryggingu bifreiðarstjóra nokkuð á reiki, og að minnsta kosti er talið, að skyldutryggingin nái ekki til bifreiðarstjóra, sem sjálfir eiga bifreiðar sínar. Nú er jafnmikil þörf á því, að þeir séu slysatryggðir eins og bifreiðarstjórar, sem hjá öðrum vinna, og óeðlilegt er það með öllu, að bifreiðareigendur skuli skyldir til að tryggja fyrir slysum og skemmdum, er verða á lífi, limum og eignum annara manna af völdum bifreiðarinnar, en maðurinn sjálfur, sem ekur, skuli ekki vera tryggður. Hér á landi eru þeir bifreiðarstjórarnir miklu fleiri, sem eiga bifreiðar sínar, en hinir, sem hjá öðrum aka. Það er almenn ósk bifreiðarstjóra, að allir þeir, sem bifreiðum aka, skuli slysatryggðir, og því er frv. þetta fram borið. Eðlilegast þykir að ákveða þetta í sömu lögum sem ákvæðin eru í um aðrar skyldutryggingar viðvíkjandi bifreiðum, en hinsvegar að láta tryggja bifreiðarstjórana alla í Slysatryggingu ríkisins.

Nd. 131. Frumvarp

til laga um bókasöfn prestakalla.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Stofna má bókasöfn fyrir prestaköll með bókagjöfum og bókakaupum, svo sem nánar er tiltekið í lögum þessum.

2. gr.

Til bókasafna prestakalla skulu einkum keyptar bækur guðfræðilegs og heimspekilegs efnis. Þó má og kaupa til safnanna almennar fræðibækur og úrvals skáldrit. Bókasöfnin mega þiggja bækur að gjöf, hvers efnis sem eru.

3. gr.

Nú vill sóknarprestur stofna eða auka við bókasafn prestakalls síns. Skal hann þá fyrir júnílok ár hvert senda „bókanefnd prestakalla“ skrá yfir bækur þær, er hann óskar að fá í bókasafnið, og greiða ¼ verðs þeirra innbundinna og flutningsgjalds fyrirfram.

4. gr.

Bókanefnd prestakalla skipa þrír menn. Kýs prestastefnan tvo þeirra og einn varamann, en kirkjumálaráðuneytið skipar einn mann, kunnan að smekkvísi og þekkingu á bókmenntum. Nefndin skal kosin og skipuð til þriggja ára í senn og skiptir sjálf með sér störfum. Kostnaður við störf bókanefndar greiðist af bókakaupafé.

Bókanefnd skal veita leiðbeiningar um val bóka, annast kaup á þeim og úrskurða um það, hvort bækur fullnægi skilyrðum 2. gr. Nefndin sker úr um það, hverjum skuli veita styrk til bókakaupa og hvaða bækur skuli kaupa af þeim, sem óskað er eftir, þegar umsóknir fara fram úr því, sem hámark ríkisstyrks leyfir.

Bókasöfn afskekktra prestakalla skulu ganga fyrir öðrum um styrkveitingar.

5. gr.

Nú hefir bókanefnd borizt beiðni um útvegun bóka samkvæmt 3 gr. og kemur beiðnin eigi í bága við fyrirmæli 2. greinar laga þessara. Útvegar hún þá bækurnar, en ráðuneytið ávísar bókanefndinni, eða bóksala hennar, ¾ kostnaðar úr ríkissjóði, gegn því að bækurnar verði eign bókasafns prestakallsins. Þó má ekkert ár verja meiru fé úr ríkissjóði í þessu skyni en 4 þús. kr. samtals.

6. gr.

Um leið og bókanefnd sendir presti bækur til bókasafns prestakalls hans samkvæmt lögum þessum, sendir hún prófasti skrá yfir bækur þær, er bókasafninu þannig bætast. Prestar skulu árlega senda prófasti skrá um gefnar bækur. Skal prófastur gera aðalskrá um bókasöfn í prófastsdæminu, sundurliðaða eftir prestaköllum.

7. gr.

Þegar prestur hefir veitt móttöku bókum samkvæmt lögum þessum, skal hann rita á þær nafn prestakalls síns og skrásetja. Prófastur löggildir bók undir bókaskrá prestakalls, og ber honum á skoðunarferðum sínum að hafa eftirlit með því, að bækurnar séu vel varðveittar.

8. gr.

Bókasafn prestakalls skal geymt á heimili prests. Presti er skylt að vátryggja safnið gegn eldsvoða.

Nú er prestakall prestslaust, og gerir prófastur þá þær ráðstafanir, er þurfa þykir, til öryggis safninu.

Við prestaskipti skal fara fram úttekt á bókasafni prestakallsins, og gerir prófastur þá fráfarandi presti að greiða bætur fyrir, ef á vantar og kenna má vangeymslu hans.

9. gr.

Presti er skylt að lána sóknarbörnum bækur úr bókasafni prestakalls síns, sér að bagalausu. Lántakandi er skaðabótaskyldur, þegar bækur skaddast eða glatast. Útlánaskrá skal fylgja hverju bókasafni. Skal prestur leggja kapp á, að bókasafn prestakallsins verði söfnuðinum að sem mestum notum.

10. gr.

Prestum og próföstum er skylt að gefa þær skýrslur um bókasöfn prestakalla, notkun þeirra og varðveizlu, sem biskup fyrirskipar.

Nd. 132. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Á eftir orðunum „15. október" í 27. gr. laganna komi:

Þó má hreppsnefnd, með samþykki sýslunefndar, ákveða aðra gjalddaga á útsvörum í hreppnum.

Nd. 133. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 28, 19. maí 1930, um greiðslu verkkaups.

Flutningsm.: Héðinn Valdimarsson, Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

Bifreiðarstjórar teljast iðnaðarmenn samkvæmt lögum þessum, og fer um kaupgjald þeirra og aksturslaun eins og kaup iðnaðarmanna og þóknun fyrir verk þeirra unnin í ákvæðisvinnu.

2. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Talið er, að bifreiðarstjórar geti ekki fengið kaupgjald sitt og aksturslaun innheimt samkvæmt l. nr. 28 1930, um greiðslu verkkaups. Óska þeir þess almennt að njóta verndar þessara laga, og er þessi viðauki við lögin fram borinn að ósk þeirra, enda virðist eins á komið um greiðslu á kaupgjaldi þeirra og aksturslaunum, þar í talin leiga fyrir verkfærið, eins og um launagreiðslu verkamanna og iðnaðarmanna.

Ed. 134. Frumvarp

til laga um endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum af efnivörum til iðnaðar.

Flutningsm.: Jón Þorláksson.

1. gr.

Ráðherra er heimilt að endurgjalda iðnaðarmanni eða iðjurekanda vörutoll og verðtoll, er greiddur hefir verið í ríkissjóð af efnivörum til iðnaðar, er hlutaðeigandi hefir notað til iðnaðarframleiðslu sinnar, eftir þessum reglum:

1. Þegar iðnaðarvaran, sem framleidd er úr hinum umræddu efnivörum, mundi vera undanþegin vörutolli og verðtolli, ef flutt væri tilbúin til landsins frá útlöndum, skal endurgjalda allan vörutoll og verðtoll, sem greiddur kann að hafa verið í ríkissjóð af efnivörunum.
2. Þegar iðnaðarvaran við innflutning frá útlöndum sætir lægri gjöldum af vörutolli og verðtolli en tilsvarandi efnivörur, skal endurgjalda hluta af greiddum vörutolli og verðtolli, svo mikinn, að aldrei verði meira eftir af slíkum gjöldum á efnivörunum en sem nemur gjöldum af tilsvarandi unnum iðnaðarvörum, ef fluttar væru inn frá útlöndum.

2. gr.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum tollstjórans í Reykjavík, sett nánari reglur og fyrirmæli um framkvæmd ákvæðanna í 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1931, og má þá endurgreiða aðflutningsgjöld af óseldum birgðum iðnaðarmanna og iðjurekenda af unnum iðnaðarvörum, er falla undir ákvæði 1. gr. að efni til.

Greinargerð.

Það á sér stað í nokkrum tilfellum eftir núgildandi lögum um vörutoll og verðtoll, að gjöld þessi eru hærri á efnivörum til iðnaðar en á þeim unnu iðn-

aðarvörum, sem gerðar eru úr þessum efnivörum. Úr þessu verður tollverndun á erlendum iðnaði, og hvaða skoðun, sem menn annars hafa á verndartollum, munu allir sammála um að vilja ekki sérstaklega tollvernda erlendan iðnað í samkeppni við innlendan. Er frv. ætlað að bæta úr þessu.

Ég hefi ekki að svo stöddu viljað láta ákvæði frv. ná til hinna eiginlegu tollvörutegunda (tóbaks, sykurs o. þ. h.), að nokkru vegna þess, að í löggjöfinni eru nú þegar sérákvæði um það atriði, og að nokkru vegna þess, að þá yrði erfitt að sjá fyrir um fjárhagsatriði frv. Eins og frv. er úr garði gert mun það eigi skerða tekjur ríkissjóðs tilfinnanlega.

Nd. 135. Breytingartillögur

við frv. til laga um bókasöfn prestakalla (þskj. 131).

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

1. Við 8. gr. Á eftir fyrstu málsgrein komi:
   Þar sem fleiri en einn sóknarprestur er í prestakalli, skal sá prestur varðveita bókasafnið, sem elztur er að embættisaldri, nema öðruvísi um semjist með prestum kallsins.
2. Við 9. gr. Aftan við greinina bætist:
   Prestum er heimilt að lána hver öðrum bækur úr bókasöfnum prestakalla. Heimilt er og að skiptast á bókum úr bókasöfnum, þegar hlutaðeigandi prestar óska þess og bókanefnd samþykkir.

Nd. 136. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 127 *[Vitagjald]*.

Frá Pétri Ottesen.

Meginmál tillögunnar orðist svo:

Gjaldi þessu skal varið til vitamála, sjómerkja og til mælinga á siglingaleiðum.

Ed. **137. Frumvarp**

til laga um fimmtardóm.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason.

1. kafli.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Æðsti dómstóll ríkisins nefnist fimmtardómur. Á ensku heitir dómstóllinn The Supreme Court, og tilsvarandi heiti á öðrum erlendum málum.

2. gr.

Hæstarétt skal leggja niður þegar fimmtardómur tekur til starfa. Til fimmtardóms má skjóta málum þeim, sem dæmd hafa verið eða úrskurðuð í héraði, samkvæmt því, er í lögum þessum segir.

3. gr.

Synodalréttinn skipa 5 dómendur, forseti fimmtardóms, 2 aðaldómarar og 2 guðfræðingar, er forseti kveður til. Dómur þessi skal vera æðsti dómstóll í málum þeim, sem að lögum liggja undir prófastsdóm í héraði, og í málum þeim gegn biskupum út af samsvarandi brotum, og þeim afbrotum annara kennimanna þjóðkirkjunnar, er prófastsdómur tekur yfir.

2. kafli.

Um skipun fimmtardóms.

4. gr.

Fimmtardóm skipa 3 aðaldómarar og 2 aukadómarar. Konungur skipar aðaldómara, en þeir kjósa sér forseta úr sínum hópi til eins árs í senn.

Aukadómarar eru 2 af kennurum lagadeildar háskólans, valdir samkvæmt reglum þeim, er í lögum þessum segir.

5. gr.

Eigi má dóm setja með færri dómurum en 3.

Í öllum óbrotnum og einföldum málum, hvort sem heldur eru opinber mál eða einkamál, skipa fimmtardóm 3 aðaldómarar, og leggja þeir dóm á þau mál eftir reglum laga þessara.

Ef margbrotin mál eru, umfangsmikil eða vandasöm, þá skipa fimmtardóm 3 aðaldómarar og 2 aukadómarar, og leggja þeir allir 5 dóm eða úr-

skurð á þau mál. Þó getur dómsmálaráðherra krafizt þess, að aukadómarar taki sæti í fimmtardómi í opinberum málum.

Aðaldómarar fimmtardóms skera úr því með atkvæðagreiðslu, hvort mál séu svo margbrotin, umfangsmikil eða vandasöm, að aukadómarar skuli til kvaddir.

6. gr.

Nú er ákveðið, að aukadómarar skuli kvaddir til málsmeðferðar, og snýr forseti dómsins sér þá til forseta lagadeildar háskólans og tilkynnir honum kvaðningu aukadómara. Velja lagadeildarkennarar þá 2 menn úr sínum hópi, og eru það aukadómarar fimmtardóms. Frjálst er lagadeildarkennurum að velja aukadómara til eins ákveðins máls í senn eða um tiltekið tímabil.

7. gr.

Ef autt verður sæti forseta, skal sá aðaldómari, sem lengst hefir gegnt því embætti, stýra dómi. Ef autt verður sæti aðaldómara, skipa kennarar lagadeildar háskólans það, sbr. 6. gr.

Nú verður autt sæti dómara eða aukadómara þannig, að enginn af kennurum lagadeildar geti skipað það, og setur dómsmálaráðherra þá varadómara til bráðabirgða.

8. gr.

Aðaldómarar í fimmtardómi skulu, auk almennra dómaraskilyrða, fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Hafa tekið lagapróf með 1. einkunn.
2. Hafa verið 3 ár hið skemmsta dómari í hæstarétti, skipaður kennari í lögum við háskólann, málaflutningsmaður við hæstarétt eða fimmtardóm, skrifstofustjóri í stjórnarráðinu, héraðsdómari, hæstaréttar- eða fimmtardómsritari eða sýnt verulega yfirburði í lögfræði með vísindalegri starfsemi.

   Rétt er að skipa þann dómara í fimmtardómi, sem hefir gegnt samanlagt alls 3 ár fleiri en einni af áðurnefndum stöðum. Þiggja má undan þessum skilyrðum, ef fimmtardómur mælir með því.
3. Hafa tekið sérstakt próf í siglingafræði við námsskeið, sem sett verða um nánari ákvæði með reglugerð.
4. Séu eigi yngri en þrítugir og eigi eldri en sextugir.

   Undanþegnir þessu skilyrði við veitingu embætta í fimmtardómi eru þó þeir dómarar, er skipa hæstarétt þegar fimmtardómur tekur til starfa.
5. Skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja eða bjón, kjörforeldri, kjörbörn, fósturforeldri og fósturbörn, eða skyldir að öðrum eða mægðir að fyrsta eða öðrum til hliðar, mega ekki samtímis eiga dómarasæti í fimmtardómi.

Heimilt er að víkja frá því skilyrði, að dómari hafi hlotið 1. einkunn við lögfræðipróf, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

9. gr.

Eigi má fimmtardómari taka þátt í meðferð máls:

1. Ef hann er sjálfur aðili eða úrslit þess skipta hann máli.

2. Ef hann er skyldur eða mægður aðila í einkamáli eða ákærðum í opinberu máli að feðgatali eða niðja eða að öðrum til hliðar eða nánari, eða ef hann er maki aðila eða ákærða, fjárhaldsmaður, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.
3. Ef hann er skyldur eða mægður málaflutningsmanni að feðgatali eða niðja, eða maki hans, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.
4. Ef hann hefir leiðbeint aðila í málinu eða flutt það eða verið vitni í því eða matsmaður.
5. Ef hann hefir fellt dóm eða úrskurð í málinu í héraði.
6. Ef svo er að öðru leyti ástatt, að telja megi hætt við að hann líti eigi óhlutdrægt á málavexti.

10. gr.

Bæði aðilar, dómari sjálfur og aðrir dómendur í fimmtardómi geta krafizt þess eða átt frumkvæði að því, að dómari víki sæti í einstöku máli, af ástæðum þeim, er í 9. gr. segir.

Dómendur allir, er um slík mál fjalla, úrskurða þau atriði.

3. kafli.

Um fimmtardómsritara.

11. gr.

Rétturinn skipar fimmtardómsritara. Hann skal hafa lokið lagaprófi og fullnægja að öðru leyti almennum skilyrðum til þess að vera dómari á Íslandi. Fimmtardómsritari nýtur þeirrar þóknunar, sem ákveðin er í fjárlögum.

12. gr.

Fimmtardómsritari hefir þessi störf á hendi:

1. Gefur út stefnur til fimmtardóms.
2. Heldur bækur fimmtardóms.
3. Annast upplestur skjala í dóminum og tilkynningar frá honum, þinglýsingar o. s. frv.
4. Lætur í té eftirrit úr bókum dómsins og skjölum.
5. Varðveitir skjöl dómsins og bækur.
6. Tekur við dómsgjöldum og stendur skil á þeim og heldur aðra reikninga dómsins.
7. Innir þau störf öll af hendi, er lög mæla fyrir, í þarfir dómsins.

Samsvarandi störf vinnur fimmtardómsritari fyrir synodalréttinn.

13. gr.

Fimmtardómur heldur þessar bækur:

1. Þingbók, og skal skrá í hana ágrip af öllu því, er í hverju þinghaldi gerist.
2. Dómabók, og skal rita í hana dóma alla og úrskurði.

3. Atkvæðabók, og skal í hana skrá dómsatkvæði og úrskurða.
4. Málaskrá, og skal rita í hana skýrslu um öll mál, sem til dómsins er skotið, hvenær stefna hefir verið gefin út í hverju máli, í hvaða mánuði það skuli þingfesta, og hvaða dag það hefir verið þingfest og hvenær dæmt, hvort ný gögn hafi verið lögð fram, hvenær það hafi verið dæmt o. s. frv.
5. Dagbók.
6. Bréfabók.
7. Aukatekjubók.
8. Þinglýsingabók og yfirlýsinga.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um bókhald fimmtardóms, og bætt við nýjum bókum, ef þurfa þykir, eftir tillögum fimmtardóms.

4. kafli.

Um launakjör.

14. gr.

Fastir dómarar í fimmtardómi hafa sömu laun og þau, sem nú eru ákveðin hæstaréttardómurum í launalögum. Forseti hefir að auki kr. 1000,00 á ári.

Aukadómarar í fimmtardómi fá sérstaka borgun fyrir hvert mál, er þeir dæma. Dómurinn ákveður þá þóknun.

5. kafli.

Um hvar fimmtardómur skuli haldinn og um þingleyfi.

15. gr.

Fimmtardóm skal halda í Reykjavík. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má fimmtardóm halda utan Reykjavíkur, ef dómendur ákveða svo og dómsmálaráðherra samþykkir.

16. gr.

Aðalþingleyfi fimmtardóms eru frá 1. júlí til 31. ágúst og frá 23. desember til 4. janúar, að báðum dögum meðtöldum. Auk þess skal þingleyfi vera í dymbilviku og páskaviku.

Eigi skal dóm setja á helgum dögum þjóðkirkjunnar.

Heimilt er dómsmálaráðherra, eftir tillögum fimmtardóms, að lengja einstök þingleyfi, ef ástæður þykja til.

Einstök réttarhöld skulu að jafnaði eigi vara lengur en 8 tíma samfleytt.

Dómsmálaráðherra ákveður að öðru leyti, að fengnum tillögum fimmtardóms, hvaða daga og á hvaða tíma dómþing skuli halda.

6. kafli.

Um málaflutningsmenn við fimmtardóm.

17. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt hverjum þeim, sem er 25 ára gamall, hefir ríkisborgararétt, er fjár síns ráðandi og hefir óflekkað mannorð, leyfi til málaflutningsstarfa við fimmtardóm, ef hann hefir:

1. Lokið lagaprófi.
2. Gegnt málaflutningsstörfum að afloknu prófi í 3 ár, annaðhvort á eigin hönd eða í skrifstofu hæstaréttarmálaflutningsmanns eða málaflutningsmanns við fimmtardóm sem fulltrúi hans, eða um jafnlangan tíma gegnt embætti eða stöðu, sem lagapróf þarf til.
3. Sýnt það með flutningi 4 mála, og sé eitt þeirra að minnsta kosti opinbert mál, að hann sé að áliti fimmtardóms hæfur til þess að vera málaflutningsmaður við dóminn. Öll þau mál skulu vera þess eðlis, að bæði aðal- og aukadómarar dæmi þau, enda skal rétturinn fullskipaður með 5 dómendum ákveða, hvort þrautin sé hæfilega af hendi leyst. Enginn má oftar en þrisvar þreyta þá raun, og skal hann, áður en hann gerir það, leggja fyrir dóminn yfirlýsingu dómsmálaráðherra um það, að hann fullnægi öðrum lögmæltum skilyrðum til að vera málaflutningsmaður við fimmtardóm.

Þeir, er verið hafa málaflutningsmenn við hæstarétt, áður en lög þessi gengu í gildi, eiga rétt til að flytja mál fyrir fimmtardómi.

18. gr.

Áður en manni sé veitt leyfi til málaflutningsstarfa við fimmtardóm, skal hann heita því skriflega, og leggja þar við drengskap sinn, að flytja með trúmennsku og samvizkusemi mál þau, er hann tekur að sér.

19. gr.

Fyrir leyfi til málaflutningsstarfs fyrir fimmtardómi skal greiða 500 kr. í ríkissjóð.

20. gr.

Hafa skulu málaflutningsmenn við fimmtardóm skrifstofu í Reykjavík og vera þar búsettir eða í grennd.

Skylt er þeim að inna af hendi þau störf fyrir dómi, er aðiljar hafa falið þeim. Þó er þeim rétt, ef nauðsyn krefur, að fela þau öðrum málaflutningsmanni við fimmtardóm. Þegar mál eru skriflega flutt, eða þegar málaflutningsmaður getur ekki sjálfur sótt þing, sakir skyndilegra nauðsynja, er honum og rétt að senda fulltrúa sinn í sinn stað til að taka frest eða leggja fram skjöl.

21. gr.

Skylt er málaflutningsmönnum við fimmtardóm að flytja opinber mál, er forseti dómsins skipar þá til að sækja eða verja. Önnur mál er þeim ekki skylt að annast fyrir fimmtardómi.

Nú óskar sökunautur í opinberu máli, eða gjafsóknarhafi eða gjafvarnar, sér skipaðan ákveðinn málaflutningsmann við fimmtardóm, og skal honum þá sá maður skipaður, nema ef sérstakar ástæður mæla því í gegn. Sama gildir, ef dómsmálaráðherra æskir ákveðins sækjanda í opinberu máli.

22. gr.

Rétt er aðila, þar á meðal fjárhaldsmanni ólögráðs manns og stjórnanda félags eða stofnunar, að flytja sjálfur mál sitt fyrir fimmtardómi. Einnig er aðila rétt að fela flutning máls síns maka sínum, frændum að feðgatali eða niðja, systkinum sínum, tengdaforeldrum eða tengdabörnum. Eigi má maður flytja mál í annars nafni eða fyrir annars hönd, eða annars mál í sínu nafni, nema málaflutningsmaður sé við fimmtardóm, eða samband við aðila sé slíkt, sem nú er mælt.

23. gr.

Rétt er málaflutningsmanni við fimmtardóm að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, og hærra endurgjald ef mál vinnst en ef það tapast.

24. gr.

Ef málaflutningsmaður við fimmtardóm missir einhvers þeirra skilyrða, sem sett eru í 17. gr., þá hefir hann fyrirgert leyfi sínu á meðan svo er ástatt. Sama er og ef hann hefir ekki skrifstofu í Reykjavík, flyzt búferlum eða hefir tekið að sér starf, sem ósamrýmanlegt er málaflutningi við fimmtardóm. Þegar þannig er, skal málaflutningsmaður afhenda leyfi sitt til málaflutnings fyrir fimmtardómi dómsmálaráðuneytinu, og skal leyfið þar geymt þar til aðili kann að nýju að uppfylla skilyrði til málaflutnings við fimmtardóm, þá skal honum afhent leyfisbréf sitt aftur endurgjaldslaust.

Dómsmálaráðherra getur, ef fimmtardómur leggur það til, svipt málaflutningsmann leyfi, ef fimmtardómur hefir þrisvar sinnum sektað hann fyrir óhæfilegan drátt á opinberu máli, vísvitandi ósannindi í sókn eða vörn eða önnur stórkostleg skyldubrot.

25. gr.

Allir málaflutningsmenn við fimmtardóm skulu skyldir að bindast félagssamtökum. Stjórn þessa félags, sem kosin skal af öllum málaflutningsmönnum við fimmtardóm til tveggja ára í senn, er skipuð þrem mönnum, formanni, varaformanni og einum meðstjórnanda. Félag þetta skal halda fundi, er velja á nýja stjórn, og eins ef mál koma upp, er snerta einhvern málaflutningsmann í félaginu. Að öðru leyti setur félag þetta sér sjálft reglur, í samræmi við lög þessi, og skulu reglurnar staðfestar af dómsmálaráðherra.

26. gr.

Stjórn félags málaflutningsmanna við fimmtardóm skal líta eftir, að allir málaflutningsmenn, sem í félaginu eru, reki störf sín með samvizkusemi og ráðvendni. Stjórnin hefir og rétt til að ákveða þóknanir málaflutningsmanna eða málskostnað, ef slíkt er undir hana borið af málaflutningsmönnum eða viðskiptamönnum þeirra.

27. gr.

Virðist stjórn félags málaflutningsmanna við fimmtardóm einhver félagsmaður vanrækja málaflutningsskyldur sínar eða á annan hátt hegða sér svo ósæmilegt megi teljast, getur stjórnin veitt þeim áminningu, bannað málaflutningsmanni að flytja tiltekið mál, rekið hann úr félaginu um skeið eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru, eða úrskurðað í sektir allt að 300 kr. Þó á sá, sem fyrir slíkri kæru verður, rétt til þess að skýra mál sitt og koma fram með varnarástæður fyrir stjórnina, annaðhvort skriflega eða munnlega.

Rétt er málaflutningsmanni að áfrýja sektarúrskurði félagsstjórnar eða úrskurði um missi réttinda til dómsmálaráðherra, er þá gefur fullnaðarúrskurð í málinu, að fengnum upplýsingum frá báðum aðilum.

Dómsmálaráðherra hefir eftirlit með starfsemi félags málaflutningsmanna við fimmtardóm, enda gefur stjórn félagsins dómsmálaráðherra árlega skýrslu um störf félagsins og um það, hverjir félagsmenn hafi sætt viðurlögum eða áminningu.

7. kafli.

Um stefnur og stefnufresti.

28. gr.

Í einkamálum fer um stefnur til fimmtardóms sem hér segir:

1. Stefnur skal gefa út í nafni dómsins, enda skal innsigli hans vera undir þeim og nafn fimmtardómsritara.

   Í stefnu skal taka fram, í hvaða mánuði árs málið skuli þingfest. Síðan ákveður forseti í samráði við ritara, hvaða dag það skuli gert, og auglýsir ritari það að minnsta kosti 14 dögum fyrir þingfestingardag, á þann hátt er dómsmálaráðherra ákveður. Verði mál ekki flutt á þingfestingardegi, er réttinum heimilt að fresta því, þó ekki lengur en 4 mánuði.
2. Stefnufrest skal miða við fyrsta dag þess mánaðar, er þingfesta á málið í samkvæmt 1. lið greinar þessarar. Fresturinn skal vera tvisvar sinnum lengri en ákveðið er í lögum um stefnufrest í almennum einkamálum í héraði.

Fimmtardómsritari ákveður frestinn, þegar svo er ástatt, að dómari skyldi gera það samkvæmt áðurnefndum lögum um stefnufresti, en eigi má hann lengri vera en hann er lengstur settur í þeim lögum.

29. gr.

Í opinberum málum, þar á meðal synodalréttarmálum, fer um útgáfu stefnu, stefnufresti og stefnubirtingu eftir þeim reglum, sem gilt hafa hingað til um áfrýjun slíkra mála til hæstaréttar. Dómsgerðir þeirra mála skulu sendar forseta, en hann skipar sækjanda málsins og verjanda. Þingfesting skal ákveðin og auglýst svo fljótt sem unnt er, og skal þeim, sem það varðar, skýrt sérstaklega frá henni. Skal sækjanda og verjanda hafa verið veittur kostur á því að hafa dómsgerðir til yfirlestrar, að minnsta kosti viku tíma hvorum, fyrir þingfestingu.

8. kafli.

Um hvaða mál megi bera undir fimmtardóm.

30. gr.

Skjóta má öllum opinberum málum til fimmtardóms, enda fer um skyldu framkvæmdarvaldsins til að áfrýja málum eftir þeim reglum, sem giltu um áfrýjun til hæstaréttar.

31. gr.

Einkamálum öllum má áfrýja til fimmtardóms, ef sakarefnið verður eigi metið til peninga, svo sem mál um þjóðfélagsrétt manns eða þjóðfélagsskyldu, atvinnuréttindi, hjúskap, ættfærslu, foreldravald yfir börnum o. s. frv.

Dómi eða úrskurði um fjárkröfu, sem mál er risið af, verður skotið til fimmtardóms, ef krafan nemur 25 krónum. Leggja má saman tvær kröfur eða fleiri, ef þær eru af sömu rót runnar. Sérákvæði í lögum, þar sem eigi er áskilin áfrýjunarupphæð í málum um fjárkröfur, skulu haldast.

Nú orkar það tvímælis, hvort dómkrafa eða dómkröfur nemi 25 krónum, og skal þá dæma málið að efni til allt að einu.

Hvarvetna þess, er heimilt er að áfrýja aðalmáli, er og rétt að áfrýja aukamálum þess, svo sem úrskurðum, vitnamálum, eiðsmálum eða matsmálum, svo og aðfarargerðum og uppboðsgerðum, bæði í sambandi við aðalmálið og án þess. Þegar slík mál eru sjálfstæð mál, fer um heimild til að áfrýja þeim samkvæmt 1.—3. málsgrein, eftir því sem við á.

32. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til að áfrýja máli til fimmtardóms, þótt dómkrafa eða dómkröfur nemi minna en 31. gr. segir, eftir þeim reglum, sem hingað til hefir verið fylgt um áfrýjunarleyfi til hæstaréttar.

33. gr.

Taka skal út áfrýjunarstefnu til fimmtardóms, í hvaða skyni sem áfrýjað er, áður en 6 almanaksmánuðir séu liðnir frá dómsuppsögn eða úrskurðar, ef honum verður áfrýjað sjálfstætt, eða frá því að dómsathöfn var

lokið. Haldast skulu sérákvæði þau, er í lögum segir um áfrýjunarfrest í einstökum málum, enda sé frestur jafnan talinn frá þeim tíma, er í upphafi greinar þessarar segir.

34. gr.

Nú hefir maður tekið út áfrýjunarstefnu samkvæmt 33. gr., en máli hans hefir verið vísað frá rétti í fimmtardómi, og er honum þá rétt að skjóta því þangað aftur, þótt áfrýjunarfrestur samkvæmt 33. gr. sé liðinn, enda taki hann út áfrýjunarstefnu af nýju innan 3 mánaða frá uppsögn frávísunardóms.

35. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til áfrýjunar, þótt frestur sé liðinn, þar til 12 almanaksmánuðir eru liðnir frá þeim tíma, er í 33. gr. segir. Ennfremur getur hann veitt leyfi til áfrýjunar næstu 3 ár frá áðurnefndum tíma, ef alveg sérstaklega stendur á, svo sem ef aðila, án þess að honum verði um kennt, hefir eigi tekizt að koma fram fyrirhugaðri áfrýjun.

Áfrýjunarstefnu skal taka út á 4 vikum eftir dagsetningu leyfisbréfs. Annars kostar er áfrýjunarheimild samkvæmt því leyfisbréfi fyrirgert.

Ákvæði 34. gr. skal hér gilda eftir því sem við á.

36. gr.

Ákvæði þessara laga um áfrýjunarfrest taka eigi til opinberra mála.

37. gr.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum fimmtardóms, leyft að mál, sem þar hefir verið dæmt, eða í hæstarétti áður en lög þessi öðluðust gildi, verði að nýju tekið til meðferðar, ef það hefir sannazt, eða mikil líkindi eru til þess, að það hafi verið svo rangt flutt, að niðurstaðan myndi hafa orðið önnur í verulegum atriðum, ef svo hefði eigi verið, enda megi beiðandi eigi sjálfum sér um kenna.

38. gr.

Dómsathöfnum, er dómnefnd hefir framkvæmt, má skjóta til fimmtardóms, samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

39. gr.

Mál, er höfða má eftir þeim lögum, sem áður hafa gilt fyrir hæstarétti sem lægsta dómi, má með sama hætti höfða fyrir fimmtardómi.

40. gr.

Eigi verður dómari látinn sæta ábyrgð fyrir málsmeðferð sína eða dóm, þegar máli er áfrýjað, ef liðinn er 6 mánaða frestur sá, er í 33. gr. segir, þegar áfrýjunarstefna er tekin út.

Eigi þarf að stefna dómara, þegar máli er áfrýjað, nema kröfur eigi að gera á hendur honum um refsingu, skaðabætur eða aðfinningar.

9. kafli.

Um meðferð máls fyrir fimmtardómi.

41. gr.

Skjóta má dómsathöfn til fimmtardóms í því skyni að hún verði staðfest eða henni breytt. Krefjast má breytingar á þá leið, að máli verði vísað frá undirdómi, að því verði vísað heim til löglegri meðferðar, eða að dómsathöfn verði ómerk, þar sem ómerking á annars við, eða að dómi verði aðeins breytt að efni til.

42. gr.

Aðilar einkamála hafa forræði á málum sínum og ráðstöfunarrétt sakarefnis, samkvæmt því er tíðkazt hefir, og eftir því, sem samrýmist lögum þessum.

43. gr.

Gögn, varnir, málsatvik og kröfur í einkamálum má eigi bera fram í fimmtardómi, ef þau hafa eigi áður komið fram í málinu, framar en tíðkazt hefir áður. Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til þess að bera fram ný gögn o. s. frv. með sama hætti og áður gilti um hæstarétt.

Ef maður vill bera fram ný gögn, nýjar varnir, ný málsatvik eða nýjar kröfur, þá skal hann áskilja sér rétt til þess í áfrýjunarstefnu. Ennfremur skal hann leggja fram ný gögn eða afrit af þeim, og skýrslur um þær nýjar varnir, kröfur eða málsatvik, er hann ætlar að bera fram, í skrifstofu fimmtardóms, að minnsta kosti 14 dögum áður mál verða þingfest, til afnota handa hinum aðilanum, nema málflytjendur verði á annað sáttir.

44. gr.

Málsaðilar eða umboðsmenn þeirra gera ágrip úr dómsgerðum þess máls, er áfrýjað hefir verið, um það, er þeir telja máli skipta, og leggja það fram í skrifstofu fimmtardóms, að minnsta kosti 14 dögum áður en mál skal sækja og verja, svo mörg eintök, sem dóminum nægir, ásamt einu eintaki af dómsgerðunum, enda þarf ekki fleiri eintök af þeim, þótt máli sé gagnáfrýjað.

Stytta má frest þann, er getur um í grein þessari, eftir samkomulagi dómenda og beggja málflytjenda, ef ástæður þykja til.

45. gr.

Sókn hvers máls og vörn fyrir fimmtardómi skal munnleg vera, á íslenzku og í heyranda hljóði.

Mál skal þó flytja skriflega:

1. Ef stefndur sækir ekki þing, og
2. Ef dómurinn leyfir það og báðir aðiljar eða umboðsmenn þeirra óska þess.

46. gr.

Málsmeðferð hefst á því, að stefna er framlögð og lesin upp. Síðan

heldur áfrýjandi frumræðu sína og lætur lesa upp ágrip dómsgerða, ef annarhvor málflytjandi eða dómurinn æskir þess. Þá svarar stefndur, ef hann vill. Eigi skal hvor aðilja tala oftar en tvisvar. Ef aðili flytur ekki mál sitt sjálfur, er honum þó rétt að tala einu sinni.

Þegar mál eru skriflega flutt, er rétt að sókn og vörn sé tvisvar flutt.

47. gr.

Nú er máli gagnáfrýjað, og skal þá steypa saman báðum áfrýjunarmálunum. Um sókn og vörn fer sem í 46. gr. segir.

48. gr.

Fresti skal venjulega enga veita nema dómari eða málflytjandi forfallist svo skyndilega áður en málsmeðferð byrjar, að eigi hafi verið unnt að gera nauðsynlegar ráðstafanir nægilega snemma, eða meðan á málflutningi stendur, eða hann verði eigi til lykta leiddur á sama degi. En eigi skal þá byrja á öðru máli, sem munnlega er flutt, fyrr en það mál er til lykta leitt.

Ákvæði 1. málsgr. gilda þó eigi, ef fimmtardómur frestar opinberu máli til þess að nýrra gagna verði aflað. Aðalsök skal og fresta, ef þess er þörf til að gagnsök verði henni sameinuð.

Nú er mál skriflega flutt, og ákveður fimmtardómur þá fresti til sóknar og varnar.

49. gr.

Ef aðili ætlar að krefjast frávísunar máls frá fimmtardómi, þá skal hann skýra fimmtardómsritara frá því, og greina ástæður, að minnsta kosti viku áður en mál skal þingfesta. Skal það atriði sótt, varið og dæmt eða úrskurðað sér.

50. gr.

Forseti fimmtardóms stýrir þinghaldi, og er honum rétt að heimta það, að málflytjandi haldi sér við efnið, og hefta það, að ræður verði langar úr hófi fram.

10. kafli.

Um dómsuppkvaðningu, atkvæðagreiðslu og dóma.

51. gr.

Dóma og úrskurði skal upp kveða svo fljótt sem unnt er, þegar málflutningi er lokið, ef mál er munnlega flutt, og má þá eigi fyrir taka munnlegan flutning annars máls, fyrr en dómur er genginn.

52. gr.

Áður en dómur er upp kveðinn, skulu fimmtardómendur þeir, er tekið hafa þátt í meðferð málsins, hafa með sér ráðagerð um efni og ástæður dóms og úrskurðar, og greiða þar atkvæði.

Engir hafa rétt til að vera við ráðagerðir nema dómarar og fimmtardómsritari. Forseti réttarins getur þó gefið öðrum leyfi til að vera við ráðagerðir, sé þess sérstaklega óskað.

Atkvæðagreiðslur fimmtardóms um mál, er munnlega hafa verið flutt, skulu munnlegar vera, opinberar og í heyranda hljóði. Sá af dómendum greiðir fyrst atkvæði og gerir grein fyrir því, sem með hlutkesti hefir verið til þess valinn, og því næst sá, sem næstur er í röð, eftir hlutkesti. Þó greiðir forseti ætíð atkvæði síðast. Hver dómari gerir í stuttu máli grein fyrir niðurstöðu sinni og ástæðum fyrir henni. Vísa má dómari til niðurstöðu og ástæðna dómara, sem greitt hefir atkvæði á undan honum, ef hann er því samþykkur.

53. gr.

Forseti fimmtardóms stýrir ráðagerðum, ber fram spurningar og telur saman atkvæði.

Niðurstöðu dóms ræður afl atkvæða. Séu atkvæði jöfn, sker forseti úr.

Sé ágreiningur um upphæð peningagreiðslu eða annað það, er meta á og í tölum verður talið, þannig að enginn meiri hluti fáist, skal niðurstaðan verða meðaltalan.

54. gr.

Nú er mál skriflega flutt, og skal þá sá dómari, er samkvæmt hlutkesti fær málsskjölin afhent, gera frumvarp að dómi eða úrskurði. Um frumvarp þetta ritar sá dómari, er næst fær málsskjölin í sínar hendur, álit sitt og tillögur, og þannig koll af kolli eftir hlutkesti, þó þannig, að forseti láti síðast uppi álit sitt.

Þegar skriflegt mál þannig hefir gengið á milli allra dómenda, skal fund halda um dóm eða úrskurð, og forsendur og niðurstöður ákveða eftir reglum þeim, er í 53. gr. segir.

Sá dómari, sem greitt hefir atkvæði með heimvísun máls eða ómerkingu, en orðið hefir í minni hluta, skal atkvæði greiða um efni dóms, eftir því, sem ástæður eru til, og gildir það jafnt, hvort mál er munnlega eða skriflega flutt.

Allar atkvæðagreiðslur um dóma og úrskurði skal skrá í sérstaka bók, sbr. 13. gr., tölulið 3.

55. gr.

Í dómi skal taka fram:

1. Hvern dag dómur sé upp kveðinn.
2. Nöfn aðilja, heimili og stöðu.
3. Stutt yfirlit yfir kröfur aðilja og málsatvik. Þó má vísa til áfrýjaðs dóms eða úrskurðar, að því leyti, sem þeir eru staðfestir óbreyttir að forsendum og niðurstöðu.
4. Ástæður fyrir dómsniðurstöðu, enda sé þar ákveðið og tæmandi gerð grein fyrir rökum þeim, er til grundvallar liggja fyrir niðurstöðu.
5. Dómsniðurstöðu eða úrskurðar.

Forseti sér um samning dóms.

Dómur skal undirritast af dómurum þeim, er tekið hafa þátt í uppkvaðningu hans.

56. gr.

Í dómi skal þess getið, hvort ágreiningur hafi verið um forsendur hans eða niðurstöðu, hvaða dómari hafi gert ágreining og í hverju sá ágreiningur hafi verið fólginn. Þetta gildir jafnt, hvort sem mál er munnlega eða skriflega flutt.

Ágreiningsatkvæði og rökstuðning fyrir þeim skal rita í dómabók og birta í dómasafni fimmtardóms.

57. gr.

Dómar og úrskurðir skulu byggðir á því, sem fram hefir komið af hendi málflytjanda og sannað er eða viðurkennt.

Í opinberum málum er fimmtardómur þó eigi bundinn við kröfu málflytjenda, og er rétt að hækka refsingu eða lækka, sýkna eða sakfella, hvernig sem kröfur eru gerðar og hvort sem dómi er áfrýjað að tilhlutun ríkisvalds eða sökunauts.

58. gr.

Aðfararfrest skal engan setja í dóma fimmtardóms, nema maður sé dæmdur til að vinna verk. Skal þá ákveða hæfilegan frest í dómi.

Dómsgerðir fimmtardóms skal gefa út í nafni dómsins og með innsigli hans, og nafni forseta undir.

Fimmtardómsritari undirritar dómseftirrit og önnur endurrit, sem fengin eru úr bókum dómsins.

11. kafli.

Um réttargjöld, sektir o. fl.

59. gr.

Dómsmálagjöld í fimmtardómi skulu vera sem hér segir:

Fyrir útgáfu stefnu	5	krónur
Fyrir þingfestingu	10	—
Fyrir dómsuppsögn	20	—
Fyrir úrskurð	10	—
Fyrir frest	5	—
Fyrir dómkvaðningu hvers manns .	5	—

Greiða skal sama gjald í gagnsökum, framhaldssökum, meðalgöngumálum og sakaukamálum.

Í málum, sem ekki nema 300 krónum, greiðist hálft gjald.

Gjöldin renna í ríkissjóð.

60. gr.

Um sektir, er aðili eða málflytjandi bakar sér fyrir dómi, fer eftir reglum, sem hingað til hafa gilt um hæstarétt. Þó skal sekt aldrei lægri vera en 50 krónur.

Nú virðist fimmtardómi aðili augljóslega hafa sagt vísvitandi rangt frá um atvik máls, er máli skipta, og skal þá beita sektum. Fyrir ástæðulausa áfrýjun máls er rétt að dæma áfrýjanda í sektir.

Allar slíkar sektir renna í ríkissjóð.

61. gr.

Ef áfrýjandi sækir ekki eða lætur sækja dómþing, skal hann greiða 50 kr. aukagjald í ríkissjóð, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

12. kafli.

Um málskostnað fyrir fimmtardómi.

62. gr.

Dæma skal sækjanda og verjanda í opinberum málum hæfilegan málskostnað, miðað við hversu mál er stórt og umfangsmikið og hversu mikla vinnu þeir hafa lagt fram til sóknar og varnar.

63. gr.

Nú virðist fimmtardómi máli vera áfrýjað að ástæðulausu, og ber þá að dæma áfrýjanda til að greiða málskostnað að skaðlausu eftir mati réttarins.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 29 frá 26. okt. 1917, um málskostnað einkamála, fyrir fimmtardómi, að svo miklu leyti sem við á.

13. kafli.

Ákvæði um stundarsakir.

64. gr.

Núverandi dómarar í hæstarétti skulu skipaðir aðaldómarar í fimmtardómi, ef þeir óska þess. Ákvæði 3. liðs 8. gr. um sérþekkingu í siglingarfræði nær ekki til þeirra.

65. gr.

Fari svo, að ekki náist samkomulag við núverandi kennara lagadeildar háskólans um það, að þeir taki að sér aukadómarastörf í fimmtardómi, koma ákvæðin um aukadómara ekki til framkvæmdar fyrr en lagakennaraembættin eru veitt að nýju, enda fylgi þeim aukadómarastörf í fimmtardómi, eftir ákvæðum laga þessara.

Á meðan ekki koma til framkvæmda ákvæðin um aukadómara, telst fimmtardómur fullskipaður með 3 aðaldómurum, og leysir dómurinn þá þannig skipaður af hendi öll þau störf, sem undir hann eru lögð samkvæmt lögum þessum.

66. gr.

Fimmtardómur tekur við þeim málum, sem áfrýjað hefir verið til hæstaréttar, þegar lög þessi ganga í gildi, en eigi verið dæmd þar, í því ástandi sem þau voru, er fimmtardómur tekur til starfa. Ef málaflutningur var byrjaður fyrir hæstarétti, þá skal hann leiddur til lykta fyrir fimmtardómi, eftir þeim reglum, sem um málaflutning fyrir hæstarétti giltu. Málum þeim, sem stefnt hefir verið til hæstaréttar, án þess að málaflutningur hafi byrjað þegar lög þessi öðlast gildi, skulu dæmd eftir ákvæðum laga þessara.

14. kafli.

Niðurlagsákvæði.

67. gr.

Að því leyti, sem eigi eru fyrirmæli í lögum þessum um einhver atriði, skal fara eftir eldri lögum og dómvenjum, eftir því sem við verður komið.

68. gr.

Nú er hæstarétti eða einstökum hæstaréttardómara falið í lögum að framkvæma einhverja ráðstöfun, svo sem þinglýsingar, kvaðning matsmanna, þátttöku í matsgerð eða gerðardómi o. s. frv., og kemur þá fimmtardómur í staðinn. Þar sem í lögum er nefnd eða ákveðin áfrýjun til hæstaréttar eða yfirdóms, eða þeim er skipað að gæta einhvers o. s. frv., þá kemur fimmtardómur í stað þeirra, er lög þessi koma til framkvæmda.

Aðaldómarar fimmtardóms eiga sæti í landsdómi.

69. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 1. janúar 1932.

Frá sama tíma eru eftirfarandi lagaákvæði úr gildi numin:

Lög nr. 22 frá 6. okt. 1919, um hæstarétt, lög nr. 37 frá 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 22/1919, lög nr. 19. frá 14. júní 1929, um breytingar á sömu lögum, svo og önnur ákvæði, er lög þessi brjóta í bága við.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir tilmælum dómsmálaráðherra, og fylgdu því svohljóðandi athugasemdir.

»Frv. þetta er að mestu eins og Alþingi skildi við það eftir 2. umræðu í efri deild 1930.

Eins og glögglega kom í ljós við meðferð málsins í fyrra, hafði lítið verið vandað til laganna um hinn æðsta dómstól á Íslandi. Þáverandi stjórn hafði fengið einn þingmann til að gera frv. upp úr lögunum um landsyfirrétt og hæstaréttinn danska. Í engu var athuguð reynsla annara þjóða. Nafn réttarins var tekið úr dönsku, og eigi skeytt um þótt það yrði málfræðilega rangt í landi þar sem dómstigin eru aðeins tvö. Í þinginu urðu litlar umræður um málið, og vildi svo til að sá maður, sem búið hafði til frv. fyrir stjórnina, lagði mest til mála um meðferð þess. Landsyfirréttarinn var spurður um álit sitt á málfærslunni, hvort hún skyldi vera skrifleg eða munnleg. Dómstóllinn vildi að málfærslan yrði skrifleg, en því var ekki skeytt, og fordæmi Dana látið þar ráða. Ákvæði laganna um dómarapróf kom ekki til greina, heldur veitti Jón Magnússon embættin þeim, sem voru í landsyfirréttinum, og tveim öðrum.

Við »system«skipti þau, sem urðu hér á landi 1927, hefir komið í ljós, að hið gamla embættaskipulag var að ýmsu leyti orðið mjög úrelt. Bókfærsla ríkisins og endurskoðun var afarúrelt og ófullkomin. Framkvæmd á skiptum dánarbúa var sein og vægast sagt óþarflega dýr fyrir sum dánarbúin. Virðing lögreglunnar í höfuðstaðnum var ekki meiri en svo, að lögregluþjónn varð að fara í einkamál við afbrotamann, sem hrækti á lögregluna þegar hún var að gegna skyldum sínum. Á sjónum var réttarfarinu ekki öllu betur framfylgt, því að í bókum hins fyrsta íslenzka gæzluskips stendur, að tveir íslenzkir togarar voru »reknir úr landhelginni«, árið 1924, en ekki kærðir, og er vitanlegt, að þar hefir yfirstjórn landhelgismálanna lagt fingur í milli.

Á undanförnum árum hafa ýmsir af þessum ágöllum verið lagaðir. Lögreglan í Reykjavík er orðin sterk og bænum til sóma. Dánarbúum er skipt eins fljótt og unnt er og með öllu lagður niður sá siður, að skiptaráðandi taki innstæður úr sparisjóðsbókum búanna og leggi inn á sinn reikning og sér til hagsmuna. Bókfærsla ríkisins og ríkisstofnana er að verða eins fullkomin og hjá öðrum menntuðum þjóðum. Endurskoðun hjá innheimtumönnum ríkissjóðs fer fram árlega. Og íslenzkir togarar eru orðnir jafnhræddir við landhelgisgæzlu þá, sem ríkið kostar, eins og erlendu skipin.

Fyrirkomulagi hæstaréttar hlaut að vera meir en lítið ábótavant, eins og öðrum hliðstæðum réttarfarsframkvæmdum á sama tíma. Það var þess vegna óhjákvæmileg skylda þess þingflokks, sem í svo mörgum efnum hafði tekizt að ráða bót á sleifarlagi undangenginna þingmeirihluta, að freista líka að gera aðaldómstól landsins sem bezt úr garði, svo að hann væri í alla staði að formi og vinnubrögðum samboðinn þjóð, sem ætlar að halda sínum sessi í heiðri meðal frjálsra menningarþjóða.

Við umræður og meðferð málsins á þinginu í fyrra kom í ljós, að

heill þingflokkur gat ekki hugsað með köldu blóði til þess, að aðaldómstóll landsins yrði færður í nútímahorf. En þá ber þess líka að gæta, að sá hinn sami flokkur hafði líka stritast meðan hann gat á móti öllum hinum fyrri umbótunum á réttarfarsmálunum. Tvennt var sérstaklega leiðinlegt fyrir hæstarétt sjálfan. Annað að dómendur hans rituðu Alþingi skjal um endurbót réttarins, sem var bæði ókurteist meir en hófi gegndi og auk þess ófullkomið að formi. Hitt atriðið var það, að sorpblöð bæjarins, ein 3 eða 4, sem eru þannig rituð, að þau sjást ekki í húsum vel siðaðra manna, tóku upp hanzkann svo sem verjendur fyrir hið gamla og úrelta réttarfarsform.

Breytingar þær, sem fram á er farið með frv. þessu, eru í stuttu máli sem hér segir:

1. Í stað þess að hafa máltræðilega rangt nafn á aðaldómstóli landsins, og nafn sem ílengdist hér frá erlendri kúgunaröld, er hér tekið upp nafn hins forna aðaldómstóls þjóðveldistímans. Fimmtardómurinn var dómstóll Íslendinga þegar þjóðin var alfrjáls. Við það nafn eru tengdar stoltar minningar um innlenda lögspeki og glæsilegt starf dómstóls, er uppfyllti kröfur Íslendinga um réttláta dóma á aldalöngu tímabili. Þeir einir, sem eru sérstaklega veiklaðir af erlendri kúgun, geta verið á móti því að tengja aftur tengslin við gullöld þjóðarinnar.

2. Rétturinn á að stækka. Í öllum hinum stærri málum eiga fimm menn að dæma, en ekki þrír. Þessi breyting á að skapa meira réttaröryggi. Á hinn bóginn er stillt í hóf með kostnað, því að aukadómararnir eru fyrst og fremst kennarar í lögfræði við háskólann. Þar fá þeir laun sín, en þóknun fyrir mál þau, er þeir dæma í fimmtardómi. Sumir menn vildu heldur, að dómarar væru jafnan 5. En þar kemur bæði til kostnaðaratriði og hitt, að það mun jafnan reynast töluvert erfitt að fá 8 vel fræðilega menntaða lögfræðinga til að fylla þrjú sæti við háskólann og fimm í aðaldómi landsins. Auk þess sýnir reynslan, að slíkur dómstóll hefir til meðferðar mörg smámál, sem þrír menn eiga auðvelt með að leysa úr.

3. Rétturinn á ekki að geta orðið »klíka« utan við þjóðfélagið. Ef rétturinn getur »fellt« hvern þann umsækjanda, er honum lízt, þá er voði á ferðum fyrir þjóðfélagið. Hver dómstóll er settur til að vinna fyrir það þjóðfélag, sem stofnar hann og kostar hann. Enginn dómstóll er búinn til vegna þeirra, sem í honum starfa. Af þessu leiðir, að það er þjóðfélagið, eða umboðsvald þess á hverjum tíma, sem á að ráða dómara í réttinn eins og aðra starfsmenn þjóðfélagsins. Í öllum lýðfrjálsum löndum skiptast flokkar og stéttir á að fara með umboðsvaldið, og þannig skapast af sjálfu sér og með eðlilegum hætti sú tilbreytni í veitingum embætta, sem bezt hentar þörf þjóðfélagsins. En ef fámennur hópur manna á, ábyrgðar- og aðhaldslaust frá þjóðfélaginu, að geta endurskapað sig til að vinna vandasöm verk fyrir þá þjóð og á kostnað þeirrar þjóðar, sem engu má ráða um mannvalið, þá er mikil hætta á ferðum, að almenningsheill verði oftar en skyldi fyrir borð borin.

4. Í hæstarétti Íslendinga fer atkvæðagreiðsla dómenda fram með leynd, og nálega aldrei fær þjóðin, sem kostar dómstólinn, að fá að vita um rökstuðning hinna einstöku dómenda. Þannig hefir það viljað til nú í vetur, að

tveir dómendur í hæstarétti hafa sýknað mann, sem af tilviljun var skólabróðir þeirra og alúðarvinur, fyrir að hafa látið stórfé frá dánar- og þrotabúum renna í sinn sjóð sem skiptaráðanda. Þriðji dómarinn vill ekki vera með í þessari niðurstöðu. En almenningur fær ekki að vita hinn innri aðdraganda að niðurstöðu hinna tveggja, er meiri hlutann mynda, og alls ekki í hverju var fólgið ágreiningsatkvæði hins þriðja. Ef til vill hefir hann viljað láta dæma hinn sakfellda til ákveðinnar hegningar. Ef til vill hefir hann aðeins viljað vísa málinu frá af einhverjum ástæðum. En atkvæðagreiðslan er hulin þjóðinni og rökstuðningurinn líka. Í þeirri þoku ábyrgðarleysisins getur glatazt mikið af siðferðislegu verðmæti. Þetta hafa aðrar þjóðir fundið. Norðmenn hafa tekið upp bæði hin síðast umtöluðu nýmæli í skipulag sitt. Þar ræður rétturinn engu um það, hvaða umsækjendur fá veitingu fyrir dómarastörfum. Og þar er líka opinber atkvæðagreiðsla. Þegar þeirri umbót var komið á fyrir dómendur í hæstarétti Norðmanna, voru þeir henni mótfallnir, alveg eins og dómendur í landsyfirrétti voru andvígir munnlegri málfærslu þegar hæstiréttur var settur á laggir. En nú myndi enginn norskur hæstaréttardómari vilja missa hina opinberu atkvæðagreiðslu.

Í Noregi var ákaflega almenn óánægja með ýmsar niðurstöður hæstaréttar, meðan dómendur tilheyrðu allir hægrimanna- eða afturhaldsflokknum. Þá varð landfræg setning eftir ágætum frjálslyndum málfærslumanni, sem sagði: »Mín skoðun er það, að í Noregi eigi enginn vinstrimaður að reyna að fara í mál«. En eftir að menn úr ýmsum stjórnmálaflokkum skipa réttinn, hefir hróður hans vaxið á margan hátt.

Í haust sem leið lagði Zahle dómsmálaráðherra í Danmörku ýmsar mikilvægar breytingar á réttarfari landsins fyrir ríkisþingið. Ein þeirra laut að því, að atkvæðagreiðsla og rökstuðningur skyldi vera opinber í hæstarétti Dana. Við þær umræður kom Zahle við gömul kaun réttarins, á Estrupstímanum, þegar íhaldsmenn sátu að völdum sem minni hluti, studdur af hervaldi. Dómararnir í hæstarétti þóttu þá í meira lagi fylgispakir íhaldinu. Minnti Zahle tilheyrendur sína á hið sorglega fræga mál, þegar íhaldsmenn létu taka einn af foringjum bænda (Berg) fastan á fundi yfir á Jótlandi, hneppa í fangelsi fyrir engar sakir nema að hafa pólitiskar skoðanir í andstöðu við íhaldsmenn. Hæstiréttur dæmdi Berg í hegningarhúsvinnu — alsaklausan. Missti hann heilsuna af þessu ofbeldi og ranglæti og andaðist skömmu síðar. Lengi lá mál þetta niðri, þótt brot réttarins væri kunnugt öllum þeim, er til þekkja eitthvað danskrar sögu á 19. öldinni. En við umræðurnar í ríkisþinginu um endurbætur á hæstarétti kom þessi hin mikla og alkunna höfuðsök hins gamla skipulags eins og þungvæg röksemd fyrir opinberri atkvæðagreiðslu og fullkominni persónuábyrgð hvers dómara á verkum sínum.

Að vísu þótti eftirkomendum danskra hægrimanna þungt að búa undir hinni hörðu en réttmætu gagnrýni Zahle á dómnum um Berg, en þeir rifuðu seglin, er ekki varð á móti staðið með rökum. Viðurkenndu fulltrúar allra flokka í Danmörku þegar í byrjun við meðferð málsins, að opinber atkvæðagreiðsla væri æskileg umbót.

5. Um aldur dómenda í fimmtardómi og um það, hvort flytja skyldi

dómara hæstaréttar umtalslaust í fimmtardóm, urðu í fyrra allmiklar umræður. Aldursákvæðið hefði tryggt, að aldrei yrðu útslitnir menn í fimmtardómi. En það öryggi kostaði peninga, og það fé virtist þingið að svo stöddu ekki fúst að láta í té. Á hinn bóginn náði hið nýja skipulag ekki til dómenda úr hæstarétti, ef þeir fluttust milli rétta, alveg eins og nú er gert ráð fyrir að krðfurnar um þekkingu í siglingafræði nái aðeins til nýrra dómenda.

Að öðru leyti var allur sá hávaði, sem settur var upp í sambandi við það þjóðarólán, sem sumir töldu verða, ef einhverjir af dómendum hæstaréttar flyttust ekki yfir í fimmtardóm, í meira lagi kýmilegur. Allir dómendur hæstaréttar voru þá, 1930, komnir á þann aldur, að þeir gátu hver um sig, samkvæmt stjórnarskránni, tekið sér algerða hvíld og haldið þó fullum launum. Sömuleiðis geta stjórnir landsins veitt þeim lausn og full laun, er þeir hafa náð tilteknum aldri. Það var þess vegna meiri háttar misskilningur þeirra manna, sem ekki skildu, að formsbreytingin á aðaldómstólnum er mikið mál, en hitt lítilsvirði í sjálfu sér, hvort einhver maður, sem heitir Pétur eða Páll, er einu eða tveimur missirum lengur starfandi dómari í einhverjum rétti. Þvílíkar rökvillur fremja þeir einir, sem hugsa um hin stærstu mál í embættisauratali augnabliksins, en ekki um skipulagsbreytingar, sem grípa inn í líf margra kynslóða.

6 Í frv. um fimmtardóm, sem lagt var fyrir Alþingi 1930, voru ákvæði um að laun fimmtardómenda skyldu vera nokkru hærri en nú gerist í hæstarétti. Sömuleiðis að fimmtardómsritari skyldi vera fastur embættismaður. En með því að það kom í ljós, að það voru andstæðingar málsins, sem fúsastir voru að hækka laun dómenda og ritara, þykir ekki ástæða til að halda þeirri breytingu fram til þrautar nú. Má alltaf bæta launin síðar, einkum ef í ljós kæmi, að sæmilega álitlegir menn hliðruðu sér hjá að fara í réttinn, nema launakjörin væru bætt.

7. Við skilyrðin til dómenda í fimmtardómi hafa verið gerðar tvær smábreytingar. Hin fyrri er sú, að maður, sem hafi sýnt verulega yfirburði í fræðilegum lögvísindaiðkunum, geti orðið dómari, þótt eigi hafi hann verið embættismaður eða flutt mál. Það væri einmitt æskilegt, að fleiri lögfræðingar vildu halda áfram fræðsluiðkunum í sinni grein heldur en verið hefir, og þykir rétt að hlynna að þeirri viðleitni. Síðara atriðið lýtur að því, að fimmtardómendur skuli hafa nokkra þekkingu í siglingafræði. Er til þessa hin brýnasta þörf. Mjög mikið af málum aðaldómstólsins eru mál, er reyna á sjómannsþekkingu. Á það fyrst og fremst við um öll brotamál út af landhelgisveiðum, svo og mál út af árekstri og ströndum skipa. Mörg af þessum málum eru viðkvæm utanríkismál, og hver dómur í erlendum togaramálum er síðan gagnrýndur af sérfróðum mönnum í flotamálaráðuneytum tveggja stórþjóða. Ef íslenzkum aðaldómstóli verður á að álykta rangt í slíkum málum fyrir vantandi kunnáttu, þá getur af því leitt mikinn voða fyrir þjóðina.

Fram að þessu mun hæstiréttur hafa í slíkum málum leitað til skólastjórans við stýrimannaskólann, Páls Halldórssonar. Á leiðbeiningum hans hefir rétturinn orðið að byggja niðurstöður í mörgum togaramálum. En nú er fokið í þetta skjól líka, því að hr. Páll Halldórsson hefir tekið að sér síðast-

liðið ár að verja mál íslenzks togara, sem dæmdur hefir verið í undirrétti fyrir einsýnt landhelgisbrot. Það er vitaskuld ómögulegt fyrir aðaldómstól landsins að verða að leita út í bæ eftir sérþekkingu í hinum vandasömustu málum, og geta því aldrei vitað nema þeir fyrirhitti menn, sem eru orðnir flæktir í málið. Eina leiðin út úr vandanum er það, að dómararnir hafi nokkra þekkingu í siglingamálum. Hliðstætt dæmi er það, að skipstjórar taka nokkurt próf í vélfræði. Ekki af því að þeir eigi að geta orðið jafnsnjallir vélstjórum, heldur til að skipstjóri beri í aðalatriðum skyn á svo mikilsverðan hlut eins og vélin er í skipi því, er hann á að stýra«.

Ed. 138. Breytingartillaga

við frv. til laga um bókhald.

Frá allsherjarnefnd.

Við 21. gr. Greinin falli niður. Greinatalan breytist samkvæmt því.

Nd. 139. Frumvarp

til laga um mannafla á íslenzkum eimskipum og mótorskipum.

Flutningsm.: Sigurjón Á. Ólafsson, Héðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson.

I. KAFLI.

Um stýrimenn.

1. gr.

a. Á eimskipum og mótorskipum, er sigla með flutning og farþega milli hafna innanlands og til útlanda, skal auk skipstjóra vera minnst:

á skipum	25—150	rúmlestir	1 stýrimaður
- —	150—450	—	2 stýrimenn
- —	450	rúmlestir og þar yfir .	3 —

b. Á eimskipum og mótorskipum, er sigla til útlanda og milli hafna innanlands með varning eingöngu, skal auk skipstjóra vera minnst:

á skipi	allt að 300	rúmlestir	1 stýrimaður
- —	frá 300— 750	rúmlestir ..	2 stýrimenn
- —	— 750—1500	— ..	3 —
- —	yfir 1500	rúmlestir	4 —

2. gr.

Nú er íslenzkt botnvörpuskip eða önnur fiskiskip notuð til flutninga milli hafna innanlands eða til útlanda, og skulu þá á þeim vera minnst 2 stýrimenn.

II. KAFLI.

Um háseta.

3. gr.

Á eimskipum og mótorskipum 700 rúmlesta og stærri, er flytja fólk milli hafna innanlands og til útlanda, skal vera bátsmaður.

Á sömu tegund og stærð skipa, er sigla milli hafna innanlands og til útlanda með farþega, skal vera trésmiður eða maður með smíðakunnáttu, er sé vanur sjómaður. Á skipum minni en 1000 rúmlestir má fela sama manni bátsmanns- og trésmíðastörf, eða einn af hásetunum gegnir því starfi.

4. gr.

Á eimskipum og mótorskipum, er flytja fólk milli hafna innanlands og til útlanda, skulu fullgildir hásetar, viðvaningar og óvaningar vera fæstir sem hér segir:

Á	25—	60	rúmlesta skipi	3	fullgildir hásetar	1	viðvaningur			
—	60—	250	—	— 4	—	— 1	—	1	óvaningur	
—	250—	500	—	— 4	—	— 2	—	1	—	
—	500—	700	—	— 5	—	— 2	—	1	—	
—	700—	1000	—	— 6	—	— 2	—			
—	1000—	1500	—	— 6	—	— 2	—	1	—	
—	1500—	3000	—	— 6	—	— 2	—	2	—	

Á skipum yfir 3000 rúmlestir skal fjölga um einn fullgildan háseta fyrir hverjar 1000 rúmlestir.

5. gr.

Á eimskipum og mótorskipum, er flytja varning milli hafna innanlands og til útlanda, þar með talin fiskiskip, er eingöngu flytja fisk, hvort sem þau veiða hann eða taka til flutnings af öðrum, skulu fullgildir hásetar, viðvaningar og óvaningar minnst vera sem hér segir:

Á	12—	25	rúmlesta skipi	3	fullgildir hásetar				
—	25—	60	—	— 4	—	—			
—	60—	200	—	— 5	—	—			
—	200—	500	—	— 6	—	—			
—	500—	1000	—	— 6	—	—	1	viðv.	
—	1000—	1500	—	— 6	—	—	1	—	1 óvan.
—	1500—	2000	—	— 6	—	—	2	—	1 —

Auk þess skal vera trésmiður, vanur sjómennsku, eða maður með smíðakunnáttu, á skipi yfir 1000 rúmlesta.

Fyrir hverjar 1000 rúmlestir yfir 2000 skal fjölga um 1 fullgildan háseta.

III. KAFLI.

Um vélstjóra.

6. gr.

Á eimskipum og mótorskipum, sem sigla hafna á milli innanlands og með ströndum fram eða eru í förum til útlanda, þar með talin öll fiskiskip, skal vélalið vera minnst sem hér segir:

a. Á eimskipi með 100— 350 hestafla vél 2 vélstjórar
— — — 350— 650 — — 2 — 1 aðstoðarm.
— — — 650—1200 — — 3 —
— — — 1200—1500 — — og stærri 4 vélstj.

b. Á mótorskipi með 12— 50 hestafla vél 1 vélstj. 1 aðstoðarm.
— — — 50— 150 — — 2 —
— — — 150— 350 — — 2 — 1 —
— — — 350— 650 — — 3 — 1 —
— — — 650—1000 — — 3 — 2 —
— — — yfir 1000 — — 4 — 3 —

7. gr.

Á eimskipum og mótorskipum, er flytja farþega milli hafna innanlands og til útlanda, skal vélalið ver minnst sem hér segir:

a. Á eimskipi með 100— 350 hestafla vél 2 vélstj.
— — — 350— 500 — — 3 —
— — — 500—1000 — — 3 — 1 aðstoðarm.
— — — 1000—1500 — — 4 —
— — — 1500—2000 — — 4 — 1 —

b. Á mótorskipum sé vélalið hið sama og á eimskipum skv. staflið a., og auk þess 1 aðstoðarmaður við vél 500—1000 hestafla og 3 aðstoðarmenn við vél frá 1000—2000 hestafla.

IV. KAFLI.

Um kyndara, yfirkyndara og kolamokara.

8. gr.

Á eimskipum, þar með talin fiskiskip, er sigla á milli hafna innanlands, stunda veiðar með ströndum fram og erlendis, eða eru í förum til útlanda, skulu kyndarar, yfirkyndarar og kolamokarar vera fæstir sem hér segir:

Á skipi með 100— 250 hestafla vél 1 kyndari
— — — 250— 400 — — 2 —
— — — 400— 800 — — 3 —
— — — 800—1000 — — 4 —
— — — 1000—1500 — — 5 —

9. gr

Verzlunarskip með 500 hestafla vél og stærri skulu auk áðurtaldra kyndara hafa einn yfirkyndara. Á skipi, sem eyðir 9—16 smál. af kolum á sólarhring, skal vera 1 kolamokari, og 2, ef kolaeyðsla fer yfir 16 smál. á sólarhring. Kolaeyðslan miðast við fulla ferð skips.

Tala þeirra kyndara, sem ákveðin er í 8. gr., skal ávallt miðast við, að ekki séu færri en 1 kyndari á skipi fyrir hverjar 3 smál. af kolum, sem skipið eyðir á sólarhring. En þó skal tala kyndara aldrei minni vera en þar greinir, þó kolaeyðsla sýni minna.

Engum kyndara má ætla á verði meira en 4 eldstæði til kyndingar og gæzlu.

V. KAFLI.

Um matreiðslu og þjónalið.

10. gr.

Á eimskipum og mótorskipum, sem ekki eru farþegaskip, skal fjöldi matreiðslumanna miðast við stærð skipshafnar þannig: Fyrir allt að 18 manna skipshöfn 1 fullnuma matreiðslumaður. Fyrir 18—30 manna skipshöfn 1 fullnuma matreiðslumaður og 1 aðstoðarmatsveinn (nemandi).

Fyrir stærri skipshöfn en 30 manns séu 2 fullnuma matreiðslumenn, og hjálpardrengur, ef um verzlunarskip er að ræða.

11. gr.

Á eimskipum og mótorskipum, er flytja fólk milli hafna innanlands og til útlanda, skal tala matreiðslumanna og annara manna á skipinu, veitingum tilheyrandi, vera sem hér segir:

a) á skipi með minna en 15 manna skipshöfn og farrými fyrir 60 manns 1 bryti, 1 fullnuma matreiðslumaður, 1 þerna og 1 þjónn,
b) á skipum með allt að 25 manna skipshöfn, þjónustulið meðtalið og farrými fyrir allt að 100 manns, 1 bryti, 1 fullnuma matreiðslumaður, 1 aðstoðarmaður (nemandi), 1 hjálparsveinn, búrmaður, 2 þjónar og 2 þernur,
c) á skipum með yfir 25 manna skipshöfn og farrými fyrir allt að 200 manns 1 bryti, 2 fullnuma matreiðslumenn, 1 aðstoðarmaður (nemandi), 1 hjálparsveinn, búrmaður, 2 þjónar og þerna á 1. farrými og 1 þjónn, þerna og drengur á 2. farrými.

12. gr.

Atvinnumálaráðherra getur, ef nauðsyn ber til, veitt undanþágu frá ákvæðum laga þessara, með því skilyrði, að viðkomandi stéttarfélag eða stjórn þess hafi samþykkt slíka undanþágu.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 50—500 króna sektum, ef ekki liggur þyngri refsing við brotinu samkv. öðrum lögum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

14. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð almennra lögreglumála

15. gr.

12. gr. laga nr. 43, 3. nóv. 1915, 18. gr. laga nr. 40, 19. júní 1922, og 6. gr. laga nr. 50, 4. júní 1924, eru úr gildi felldar, að svo miklu leyti, sem þær koma í bága við lög þessi.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1932.

Greinargerð.

Í íslenzkri löggjöf eru engin ákvæði um, hversu margir menn skuli fæstir vera á íslenzkum skipum, hvað snertir háseta og annað starfslið, sem óhjákvæmilegt er, svo að skipað sé í hvert rúm. Þó eru til ákvæði um stýrimenn í lögum um atvinnu við siglingar frá 1922, og um vélstjóra frá 1915 og mótorista frá 1924. En ákvæði þessi eru mjög takmörkuð og fullnægja ekki kröfum þeim, sem nú eru gerðar um tölu þessara manna á skipi hverju. Krafa sjómanna yfirleitt fer í þá átt, að skipin séu betur mönnuð en tíðkazt hefir fram til þessa tíma.

Um allan heim meðal farmennskuþjóða er krafa þessi mjög hávær og hefir borið þann árangur, að ýmsar þjóðir hafa sett lög um þetta. Norðmenn voru fyrstir norðurlandaþjóðanna, með lögum frá 1918 og breytingum á þeim 1922. Í Danmörku er nú unnið að því, að löggjöf sé sett um þetta efni. Með tilliti til alls öryggis fyrir lífi manna, farmi og skipi er það mikilsvert atriði, að mannafli sé nægur á hverju skipi, og ekki sízt á siglingaleiðum á norðanverðu Atlantshafi, þar sem stormar eru tíðir, snjóhríðar og langt skammdegismyrkur, landtaka ill oft og einatt og vogskorin strönd, óhrein siglingaleið, vitar og sjómerki ófullnægjandi, eins og kunnugt er, að á sér stað við okkar land. Á öllum þeim skipum, er flytja farþega, er almennt viðurkennt, að mannafli þurfi að vera meiri en á vöruflutningaskipum almennt, og er þeirri reglu fylgt í frv. Farþegaskip okkar eru yfirleitt verr mönnuð en samskonar skip á Norðurlöndum, og væri þó ástæða til þess, að þau væru betur mönnuð, með hliðsjón af því, hvaða leið þau sigla allan ársins tíma og oftast eftir strangri áætlun.

Ein er sú ástæða enn, sem réttlætir að lögbinda mannafla á skipunum, sú, að útgerðarmenn hafa ríka hvöt til þess að spara mannahald, og eiga því stéttarfélög sjómanna oftast í baráttu um að halda því, sem unnizt hefir á í því efni.

Að síðustu má benda á, að nú er unnið að því af alþjóðafélagsskap sjómanna, að vinnutími á öllum verzlunarskipum verði fastákveðinn 8 tímar í sólarhring. Er málið komið á þann rekspöl, að alþjóðafélagsskapur útgerðarmanna og sjómanna hefir haldið ráðstefnu um það, og á næsta ári verða framhaldsumræður

um málið. Allar líkur benda til, að samkomulag náist um 8 stunda vinnudag sjómanna. En það þýðir, að vökuskiptum verður þannig fyrir komið, að ⅓ skipshafnar er á verði í hvert sinn. Búizt er við, að verkamáladeild þjóðabandalagsins taki málið að sér til framkvæmda. Enginn vafi getur leikið á því, að slíkt hið sama verður ofan á hjá okkur, þegar aðrar þjóðir hafa lögfest slík ákvæði hjá sér. Með tilliti til þessa er mannafli á íslenzkum skipum ákveðinn í frv.

Nánar í framsögu.

Ed. 140. Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um skekkjur í bráðabirgðauppgerð á tekjum og gjöldum ríkissjóðs árið 1930.

Frá Jóni Þorlákssyni.

Hvernig stendur á því, að fjármálaráðherra hefir í bráðabirgðauppgerð þeirri á tekjum og gjöldum ríkissjóðs árið 1930, sem hann lagði fram við 1. umr. fjárlaganna í Nd. 21. f. m.:

1. Talið gjöld til vegamála og símamála samtals um 550 þús. kr. lægri en þau vitanlega voru orðin?
2. Undanfellt með öllu að telja gjaldamegin kostnaðinn við nokkrar verklegar framkvæmdir ríkissjóðs á árinu 1930, er virðast hafa kostað um $4^1/_2$ millj. kr. samtals, þar á meðal fjárhæðir til byggingar síldarbræðslustöðvar, landsspítala, landssímastöðvar, útvarpsstöðvar og skrifstofubyggingar á Arnarhóli, svo og til kaupa á strandferðaskipinu »Súðin«?
3. Undanfellt einnig með öllu að telja til útgjalda það fé, sem varið var á árinu til kaupa á hlutabréfum í Útvegsbanka Íslands, þar á meðal sérstaklega $1^1/_2$ millj. kr., sem beinlínis var borguð út vegna þessara hlutabréfakaupa? og
4. Talið tekjuafgang 81933 kr., í stað þess, að greiðsluhalli hefir orðið sjáanlega um eða yfir $6^1/_2$ millj. kr., sem jafnaður hefir verið með lántökum?

Nd. 141. Breytingartillaga

við frv. til laga um bókasöfn prestakalla (þskj. 131).

Frá Sveini Ólafssyni.

Við 5. gr. Fyrir »4 þús. kr.« komi: 6 þús. kr.

Nd. 142. Breytingartillaga

við frv. til laga um kirkjuráð (þskj. 65).

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Kirkjuráðið skipa 5 menn, biskup landsins, 2 guðfræðingar, kosnir af sóknarprestum þjóðkirkjunnar og kennurum guðfræðideildar háskólans, og 2 fulltrúar, kosnir af héraðsfundum. Kirkjumálaráðuneytið setur reglugerð um kosninguna.

Nd. 143. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 19. júní 1922, um fiskimat.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

3. málsgrein 1. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa svo fyrir, að allur útfluttur fiskur til þessara landa verði bundinn í bagga og hafður í hæfilegum umbúðum, að dómi matsmanna, hvort heldur hann er fluttur beint frá Íslandi eða um önnur lönd.

Ed. 144. Frumvarp

til laga um bókhald.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Bókhaldsskyldir eru allir þeir, sem taldir eru í 2. gr. þessara laga, með þeim undantekningum, sem um getur í 3. gr.

2. gr.

1. Kaupmenn, en kaupmaður er hver sá talinn í þessum lögum, sem hefir atvinnu af því að selja vörur, verðbréf og hverskonar lausafé eða fasteignir, sem hann hefir í því skyni keypt.
2. Hlutafélög öll, kaupfélög, pöntunarfélög og samvinnufélög.
3. Bankar, sparisjóðir, víxlarar og vátryggingarfélög.

4. Umboðssalar, farandsalar, mat-, gisti- og veitingasalar, brytar, lyfsalar, forleggjarar, blaðaútgefendur.
5. Iðnrekendur allir, bæði handiðnaðar og verksmiðjuiðnaðar, þar með taldir gas- og vatnsinnlagningarmenn, rafmagnsvirkjar, bakarar, klæðskerar, rakarar, gosdrykkja- og ölgerðarmenn, rekendur hárgreiðslustofnana, lýsis- og síldarbræðslna, þvotta- og baðhúsa, rjómabúa, íshúsa, vatns- og rafmagnsveitna.
6. Þeir, sem reka útgerð til fiskiveiða, manna- og vöruflutninga og fiskverkun.
7. Vöru- og skipamiðlarar, afgreiðslumenn skipa og þeir, sem hafa atvinnu af að geyma vörur fyrir aðra.
8. Þeir, sem hafa atvinnu af rekstri bifreiða til mann- eða vöruflutninga.
9. Rekendur kvikmyndahúsa, leikhúsa, hringleikahúsa (cirkus) og fjölleikahúsa (varieté).
10. Þeir, sem taka að sér að flytja mál fyrir dómstólum eða gegna öðrum málaflutningsmannsstörfum.
11. Byggingameistarar, verkfræðingar og aðrir, er taka að sér að reisa hús og gera önnur mannvirki, eða gegna öðrum byggingameistara- og verkfræðingastörfum.
12. Þeir, sem hafa atvinnu af því að lána öðrum fé.
13. Þeir, sem hafa atvinnu af að sjá um jarðarfarir.

Læknum í kaupstöðum, er reka sjálfstæða atvinnu, svo og prestum í kaupstöðum er skylt að halda sjóðbók.

3. gr.

Undanskildir bókhaldsskyldu eru þó þeir, er hér greinir:

1. Mat- og veitingasali, sem að staðaldri rekur fyrirtæki með aðstoð konu sinnar, barna innan 16 ára aldurs og tveggja aðstoðarmanna eða færri, og bryti, sem ekki rekur sjálfstæða atvinnu.
2. Handiðnarmaður, sem að staðaldri aðeins selur handavinnu sjálfs sín, konu sinnar, barna innan 16 ára aldurs og tveggja aðstoðarmanna eða færri.
3. Útgerðarmenn, einn eða fleiri, er reka fiskiveiðar eða mann- og vöruflutninga á 2 bátum eða færri, undir 12 smál. brúttó hvor, eða aðeins einu skipi undir 20 smál. brúttó.
4. Sá, sem rekur fiskverkun með konu sinni, börnum innan 16 ára aldurs og fjórum mönnum öðrum eða færri.
5. Þeir, sem eigi reka fleiri en tvær bifreiðar til mann- eða vöruflutninga.
6. Þeir byggingameistarar, málaflutningsmenn og verkfræðingar, sem ekki reka sjálfstæða atvinnu.

4. gr.

Allir þeir, sem bókhaldsskyldir eru samkvæmt 2. gr. og 3. gr., skulu hafa tvöfalt bókhald, en þessu ákvæði er fullnægt með færslu þeirra bóka og yfirlitsreikninga, sem um getur í 5.—8. gr.

Lögreglustjórum er þó heimilt að veita smáatvinnurekendum, sem ekki

falla undir ákvæði 3. greinar þessara laga, undanþágu til allt að 5 ára í senn frá því að færa bækur sínar eftir reglum tvöfaldrar bókfærslu. Þeir, sem undanþágu beiðast, skulu færa gild rök fyrir því, að það sé þeim, einhverra hluta vegna, um megn að færa tvöfalt bókhald. Einkum á þetta ákvæði við um þá, sem þegar hafa byrjað atvinnurekstur, er lög þessi öðlast gildi. Bókhaldi þeirra, sem undanþágu fá, skal þó vera þannig fyrir komið, að það gefi greinilegar upplýsingar um fjárhag þeirra.

5. gr.

Frumbækur.

Í þær séu færð öll viðskipti, önnur en þau, er hönd selur hendi daglega jafnskjótt og þau fara fram. Í bók þessa skal rita nöfn þeirra, er hafa afhent og móttekið vöru er hún var seld (= lánuð) eða keypt (= lögð inn), og sömuleiðis fyrir hvers reikning hún er úttekin eða innlögð og ennfremur verð hennar.

Í verzlunarviðskiptum skal samrit af færslu frumbókar jafnan látið viðskiptavini í té, í hvert sinn er einhver viðskipti fara fram bóklega, nemi þau meiru en 2 krónum.

6. gr.

Sjóðbók.

Í hana séu færðar allar sjóðgreiðslur. Hver greiðsla færist sérstaklega, þó er leyfilegt að færa í einu lagi fjárhæðir þær, er inn koma daglega vegna sölu gegn staðgreiðslu. Þeir, sem hafa sjálfvinnandi peningakassa, geymi renninginn með ástimplaðri niðurstöðutölu sem fylgiskjal með innfærslunni. Ennfremur er stærri fyrirtækjum leyfilegt að færa undirbækur yfir sjóðgreiðslur, enda sé færslu þeirra hagað á sama hátt og sjálfrar sjóðbókarinnar. Skylt er að færa niðurstöðutölur undirbókanna daglega í sjálfa sjóðbókina, og sé í henni vísað til undirbókanna til sönnunar færslunum. Fylgiskjöl öll með sjóðgreiðslum séu tölusett og til þeirra vísað í sjóðbókinni eða sjóðdagbókinni eða undirbókum þeirra, og þau síðan geymd í réttri töluröð.

Ennfremur sé í sjóðbók vísað til mótfærslna eða tilsvarandi færslna í öðrum bókum (t. d. viðskiptamannabók, sjá 7. gr., aðalbók, sjá 8. gr., frumbókum o. s. frv.).

Sjóðbók skal vera innbundin og tölusett.

Undirbækur við sjóðbók mega vera lausblaðabækur.

7. gr.

Viðskiptamannabók.

Í henni skal færður sérstakur reikningur yfir viðskipti við hvern viðskiptamann, önnur en þau, er hönd selur hendi. Í bókina skulu við-

skipti þau, sem færð eru í frumbækurnar, skráð á sama hátt og þar, eða samanlagðar fjárhæðir þær í krónum og aurum, er úttekt eða innlegg nemur í hvert sinn samkvæmt frumbókunum. — Þó er leyfilegt, sé um úttekt að ræða, sem samið er um, að greiða skuli að fullu viku- eða mánaðarlega, að færa í viðskiptamannabókina samanlagðar fjárhæðir þær, sem úttekt hvers viðskiptamanns hefir numið um vikuna eða mánuðinn samkv. frumbókunum, ennfremur að færa sameiginlegan reikning í viðskiptamannabók fyrir alla þá viðskiptamenn, sem aðeins hafa slík viðskipti.

Við færslu á viðskiptamannabók sé ætíð vísað til mótfærslna eða tilsvarandi færslna í öðrum bókum (t. d. sjóðbók, aðalbók, frumbókum o. s. frv.).

Nota má lausblaðabækur sem viðskiptamannabækur, en þó því aðeins, að þá sé færður sameiginlegur viðskiptareikningur fyrir alla viðskiptamenn, er reikning hafa í viðskiptamannabók, í aðalbók, dagbók eða sjóðdagbók (sjá 8. gr.). Í reikning þennan má færa úttekt og innlegg viðskiptamanna samandregið eftir frumbókunum og öðrum bókum, enda sé vísað til þeirra til sönnunar færslunum.

8. gr.

Skylt er að færa eftirgreinda yfirlitsreikninga um reksturinn:

1. Reikning(a), er sýni brúttótekjur (t. d. í verzlunum reikningur yfir keyptar og seldar vörur, í framleiðslufyrirtækjum reikningur yfir seldar afurðir o. s. frv.).
2. Reikning(a), er sýni rekstrarkostnað.
3. Reikning(a), er sýni víxlaviðskipti (víxlareikning, accept-reikning).
4. Reikning(a), er sýni framlög og úttekt eiganda (eigenda) til og frá fyrirtækinu í peningum eða öðrum verðmætum.
5. Reikning(a), er sýni, hve mikið fé er lagt í byggingar, skip, áhöld og aðrar eignir, sem ætlaðar eru til stöðugrar notkunar við reksturinn.
6. Aðra þá reikninga, sem í hverju einstöku dæmi eru nauðsynlegir til þess, að því grundvallaratriði tvöfaldrar bókfærslu verði fylgt, að hver fjárhæð sé færð á tveimur stöðum.

Reikningar þessir skulu færðir í sérstakri tölusettri, bundinni bók, aðalbók, dagbók, eða í sjóðbók, sem þá nefnist sjóðdagbók. Við færslu í reikninga þessa sé ætíð vísað til mótfærslna eða tilsvarandi færslna í öðrum bókum (t. d. sjóðbók, viðskiptamannabók, frumbókum o. s. frv.).

9. gr.

Allir þeir, sem bókhaldsskyldir eru samkv. lögum þessum, eru skyldir að gera yfirlit um efnahag sinn (efnahagsreikning) einu sinni á hverju almanaksári, ásamt yfirlitsreikningi um reksturinn á undanfarandi reikningsári.

Í Reykjavík séu reikningar þessir fullgerðir og undirskrifaðir 1 mánuði eftir lok reikningsársins, en annarsstaðar á landinu 2 mánuðum. Lögreglustjórum er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef brýnar

ástæður eru fyrir hendi, en þó sé reikningsuppgerð ætíð lokið 3 mánuðum eftir lok reikningsárs.

Reikningarnir séu færðir í sérstaka löggilta bók, efnahagsbók, í sjóðdagbók eða aðalbók, ef þær eru löggiltar.

Við samning reikninganna sé til sönnunar vísað til bóka þeirra, sem færðar eru.

10. gr.

Á efnahagsreikningi séu tilfærðar allar eignir og skuldir hlutaðeigenda, eins og þær eru í lok reikningsársins.

Eignir ber að tilfæra með þeirri fjárhæð, er raunverulega svarar til verðmætis þeirra.

Óvissar kröfur séu tilfærðar með nafnverði, og síðan í sjálfum efnahagsreikningnum gerður frádráttur fyrir þeirri fjárhæð, sem sýnt þykir, að eigi muni greiðast. Kröfur, sem fyrndar eru að lögum, má eigi tilfæra sem eignir á efnahagsreikningi.

11. gr.

Efnahagsreikningi fylgi greinargerð um allar veðsetningar á eignum hlutaðeiganda, að svo miklu leyti, sem greindur reikningur ber slíkt ekki með sér, ennfremur allar ábyrgðir, er hann hefir tekizt á hendur fyrir aðra.

12. gr.

Sjálfráðir eru menn, hverjar bækur þeir færa aðrar en þær, sem fyrirskipaðar eru í lögum þessum.

13. gr.

Eigi má rita í bækur þær, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum — aðrar en frumbækur — með blýanti. Ennfremur eigi skafa út eða gera á annan hátt með ásetningi ólæsilegt það, sem eitt sinn hefir verið í þær skráð, eða rita ofan í skriftina, svo að ólæsilegt verði það, er áður stóð, enda þótt fyrst hafi misritazt af vangá. Þurfi að gera breytingu á því, sem eitt sinn er ritað, skal annaðhvort leiðrétta það með annari innfærslu, er komi til jafnaðar annarsvegar við það, er ofritað var hinsvegar, eða bæti því við, er vanritazt hafði, eða þá þannig, að strika út það, sem rangt varð, án þess að ólæsilegt verði það, er út var strikað, en rita leiðréttinguna milli lína eða á spássíu, eftir því sem bezt hentar.

Eigi má rífa eða á annan hátt losa blöð úr þeim innbundnum bókum, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum.

14. gr.

Skylt er hverjum bókhaldsskyldum að geyma í skipulegri röð öll bréf og símskeyti, er honum berast viðkomandi atvinnu hans, og ennfremur að halda eftir samriti af öllum þeim bréfum og símskeytum, er hann ritar og sendir öðrum viðkomandi atvinnunni, og geyma eftir sömu reglum.

15. gr.

Allar þær bækur, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum, ásamt fylgiskjölum, svo og bréf þau og símskeyti, samrit bréfa og símskeyta, sem um ræðir í næstu grein hér á undan, séu geymdar í 10 ár frá því síðast er ritað í bækurnar og bréfin, eða símskeytin móttekin eða send.

16. gr.

Nú er skuldar krafizt innan þriggja missira frá því er hún varð til, og skal þá það, sem skráð er í bækur þær, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum, hafa það sönnunargildi, ef bækurnar eru vel og skipulega ritaðar, og engin atvik liggja til, þau er gera bókunina grunsama, að álíta skal það rétt, er í þeim stendur, ef aðili sá, er í hlut á, vill eigi synja fyrir með eiði, að rétt sé bókað. Nú er hann dauður, eða að hann getur ekki eiðinn unnið sakir vitfirringar eða þvíumlíks, og má þá, ef engin atvik liggja svo til, að þau geri það ísjárvert, dæma eiganda eða umráðamanni fyrirtækisins heimilt að sanna sitt mál með eiði sínum, eða eiði þess manns, er í bækurnar hafði ritað það, er um var þrætt.

Að þeim fresti liðnum, sem að ofan er nefndur, missa bækur þær, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum, það sérstaka sönnunargildi, er þeim er veitt samkvæmt þessari grein, þó aðeins gagnvart skiptavinum, sem sjálfir eru ekki bókhaldsskyldir; en í viðskiptum milli bókhaldsskyldra halda bækurnar gildi sínu án tillits til frests þess, er að framan var nefndur.

Nú eru báðir málsaðilar bókhaldsskyldir, og stendur sín innfærsla um sama efnið í bókum hvors um sig, en ber eigi saman, þá hefir hvorug innfærslan sérstakt sönnunargildi.

Nú er fjárhæð færð í fleiri bækur en eina hjá sama manni (fyrirtæki) og bókunum ber eigi saman, þá skal innfærslan eigi hafa sérstakt sönnunargildi.

17. gr.

Sé að áliti lögreglustjóra ástæða til að ætla, að einhver hliti eigi ákvæðum þessara laga um bókhald, er honum heimilt að rannsaka eða láta rannsaka bókhald hlutaðeiganda, og reynist bókhaldið eigi lögum þessum samkvæmt, má ákveða hlutaðeiganda dagsektir, allt að kr. 25.00, unz hann hefir komið því í lag.

18. gr.

Brot gegn 5. gr. varðar sektum, kr. 5.00—200.00.

19. gr.

Brot gegn 4. gr. og 6.—9. gr. varðar sektum, kr. 10.00—1000.00. Kveði svo mikið að brotinu gegn greinum þessum, að bókfærslan geti bersýnilega ekki náð tilgangi sínum, þannig að eigi sjáist, hversu rekstur fyrirtækisins gengur, hvernig efnum þess er varið eða hvernig hagur atvinnurekandans stendur, varðar það auk sekta missi atvinnurekstrarleyfis eða stöðvun atvinnurekstrar um stundarsakir eða til fulls eftir atvikum.

20. gr.

Brot gegn 10., 11. og 13.—15. gr. varða sektum samkvæmt 19. gr. Sé um fölsun verzlunarbóka að ræða, eða geri einhver í sviksamlegum tilgangi rangan efnahagsreikning, eða eyðileggi eða skjóti undan bókum þeim og skjölum, sem um getur í 14. og 15. gr., varðar það fangelsi, eða betrunarhúsvinnu, allt að tveimur árum, ef miklar sakir eru.

21. gr.

Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum og reglum sem almenn lögreglumál.

22. gr.

Numin eru úr gildi með þessum lögum lög nr. 53, 11. júlí 1911, um verzlunarbækur, og öll þau lagaákvæði, sem koma í bág við þessi lög.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1932.

Nd. 145. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 61, 14. júní 1929, um einkasölu á síld.

Flutningsm.: Jóhann Þ. Jósefsson, Pétur Ottesen, Ólafur Thors.

1. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Útflutningsnefnd hefir yfirstjórn á öllum framkvæmdum einkasölunnar. 5 menn eiga sæti í þeirri nefnd. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til eins árs í senn með hlutfallskosningu. Þeir skulu allir vera búsettir við Eyjafjörð eða Siglufjörð, eða hafa þar aðsetur að minnsta kosti frá miðjum júní til septemberloka. Jafnmargir varamenn séu kosnir, og skulu þeir vera búsettir við Eyjafjörð eða Siglufjörð. Útflutningsnefnd kýs í byrjun hvers starfsárs formann fyrir komandi ár. Fái enginn nefndarmanna meiri hluta atkvæða (3 af 5), skipar atvinnumálaráðherra formanninn.

2. gr.

Fyrsta málsgrein 3. gr. laganna falli niður. Í hennar stað komi:

Útflutningsnefnd ræður framkvæmdarstjóra, einn eða fleiri, eftir því, er þurfa þykir. Hún ákveður laun þeirra og setur þeim erindisbréf.

3. gr.

3. liður 4. gr. laganna orðist þannig:

Að selja fyrir einkasöluna í samráði við útflutningsnefnd o. s. frv.

4. gr.

9. gr. laganna falli niður, en í hennar stað komi ný grein, svo hljóðandi:
Reikningsár einkasölunnar skal vera frá 1. apríl til jafnlengdar ár hvert.

5. gr.

11. gr. laganna verður 12. gr., en í stað 11. gr. komi ný 11. gr., svo hljóðandi:

Aðalfundur Síldareinkasölunnar skal haldinn ár hvert á tímabilinu 20. —30. apríl, annaðhvort á Akureyri eða í Reykjavík, og skal útflutningsnefnd boða til fundarins með minnst 8 vikna fyrirvara. Á aðalfundi skulu þessi mál tekin fyrir:

1. Lagðir fram til úrskurðar endurskoðaðir reikningar einkasölunnar fyrir næsta ár á undan, ásamt athugasemdum endurskoðenda og svörum útflutningsnefndar og framkvæmdarstjóra.
2. Lögð fram skýrsla útflutningsnefndar um reksturinn næsta ár á undan.
3. Kosin útflutningsnefnd og tveir endurskoðendur til eins árs og varamenn þeirra.
4. Ákveðin þóknun útflutningsnefndar og endurskoðenda fyrir næsta ár á undan, og sömuleiðis ferðakostnaður fulltrúa aðalfundar.
5. Önnur mál, er fram kunna að koma og varða hagsmuni einkasölunnar og síldareigenda.

Aðalfund sækja 24 fulltrúar. Skulu 13 þeirra kosnir af síldarútgerðarmönnum um land allt, 8 af sjómannafélögunum og 3 af skipstjóra- og stýrimannafélögunum, eftir reglum, er atvinnumálaráðherra setur.

Kjörtímabil fulltrúa á aðalfund sé tvö ár. Hver hinna kjörnu fulltrúa skal tilnefna sér varamann og tilkynna það aðalfundi.

Láti einhver hinna þriggja aðilja, útgerðarmenn, sjómenn eða skipstjórar, undir höfuð leggjast að kjósa löglega fulltrúa sína til aðalfundar, missa þeir rétt sinn til að eiga fulltrúa á aðalfundi, og skal þá aðalfundur jafnlögmætur og ályktunarfær, þótt fulltrúa einn eða fleiri vanti af þessum ástæðum. Þó þarf minnst ⅔ kjörinna fulltrúa á aðalfund, til þess að hann teljist lögmætur. Nú verður aðalfundur af einhverjum ástæðum ekki lögmætur, og skal þá útflutningsnefnd boða til aðalfundar á ný, með minnst 14 daga fyrirvara, og telst sá fundur lögmætur.

6. gr.

12. gr. laganna fellur niður.

7. gr.

13. gr. laganna fellur niður.

8. gr.

14. gr. laganna verður 13. gr. og orðist þannig:
Atvinnumálaráðuneytið semur reglugerð um skoðun á síld.

Bráðabirgðaákvæði:

Fyrsti fundur Síldareinkasölunnar skal haldinn á tímabilinu 20.—30. maí 1931, og skal stjórn einkasölunnar boða til hans með símskeyti með minnst 14 daga fyrirvara. Kosning fulltrúa á fyrsta aðalfundi skal fara fram á tímabilinu frá 1. til 5. maí 1931.

Ákvæði 4. liðs 11. gr. koma ekki til framkvæmda á fyrsta aðalfundi.

Greinargerð.

Frv. þetta er fram komið vegna hinnar almennu og megnu óánægju, sem fram hefir komið meðal sjómanna og útgerðarmanna með síldareinkasöluna og ýmsar framkvæmdir hennar. Er nú svo komið, að margir eru svo vonsviknir, jafnvel þeir, sem fylgdu því í upphafi fast fram að koma einkasölunni á, að þeir vilja nú helzt afnema hana með öllu.

Allir, sem kunnugir eru, munu sammála um það, að mestu skakkaföllin hafi stafað af því, hve óhönduglega hefir tekizt með stjórn einkasölunnar, en henni er nú svo fyrir komið, að eigendur síldarinnar — sjómenn og útgerðarmenn — hafa þar engin úrslitaáhrif, og er þeim þó málið skyldast. Úr þessu er frv. ætlað að bæta. Mun það tæplega verða véfengt, að réttast er, að umráð og yfirstjórn þessa fyrirtækis sé í höndum þeirra aðilja, er nú voru nefndir. Reynslan hefir leitt í ljós svo alvarleg mistök á stjórn einkasölunnar, að Alþingi er skylt að gera það, sem unnt er, til að koma í veg fyrir áframhald þeirra. Verður og að telja sjálfsagt, að yfirráð fyrirtækis þessa séu falin þeim, er hér eiga mest í húfi.

Ed. 146. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 52, 7. maí 1928, um tilbúinn áburð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að bera fram breytingartillögur.

Alþingi, 11. marz 1931.

Páll Hermannsson, form. og frsm.	Pétur Magnússon.	Jón Baldvinsson, fundaskrifari.

Ed. 147. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 52, frá 7. maí 1928, um tilbúinn áburð.

Flutningsm.: Páll Hermannsson og Pétur Magnússon.

1. Við 1. gr. Aftan við frv.greinina bætist:
   Ennfremur heimilast ríkisstjórninni að greiða eftir ákveðnum reglum, í samráði við Búnaðarfél. Íslands, kostnað þann, sem leiðir af flutningi áburðarins á landi, fyrir vegalengdir umfram 30 km.
2. Á eftir 1. gr. frv. komi ný grein, er verður 2. gr., svo hljóðandi:
   2. málsliður 3. gr. laganna orðist svo:
   Heimilt er að leggja á áburðinn allt að 4%.
3. 2. gr. frv. verði 3. gr.

Nd. 148. Frumvarp

til laga um ríkisútgáfu skólabóka.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson, Héðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Allar þær bækur, sem löggiltar eru til kennslu í barnaskólum, skulu gefnar út og seldar af ríkinu.

2. gr.

Yfirstjórn útgáfunnar hefir útgáfustjórn. Hana skipa 3 menn, fræðslumálastjóri, sem er formaður stjórnarinnar, og 2 menn, sem stjórn sambands íslenskra barnakennara tilnefnir til 3 ára í senn. Heimilt er kennslumálaráðherra að ákveða útgáfustjórninni þóknun fyrir starf hennar, og greiðist sú þóknun úr ríkissjóði.

3. gr.

Útgáfustjórn sér um, að jafnan sé nægilegt til af þeim bókum, sem gefa skal út, og nægur forði á þeim stöðum, þar sem nota skal bækurnar. Hún semur við höfunda bókanna um ritlaun, semur um prentun, bókband og útsendingu, ákveður útsöluverð bókanna, sér um innheimtu andvirðis og annað það, sem að útgáfunni lýtur. Heimilt er stjórninni að ráða mann eða menn til þess að vinna að þessu, ef með þarf.

4. gr.

Bækurnar skulu seldar við kostnaðarverði. Skal leitast við að gera útgáfu bókanna ódýra, en þó vandaða.

5. gr.

Skólastjórar barnaskólanna sjá um sölu bókanna hver í sínum skóla og fá fyrir það 10% af andvirði bókanna. Sömu sölulaun geta og aðrir fengið, sem vilja hafa bækurnar til sölu. Útgáfustjórnin setur reglur um reikningsskil.

Bæjar- eða sveitarfélög, sem kaupa bækur til útbýtingar ókeypis meðal fátækra skólabarna, fá afslátt, sem nemur þóknun útsölumanna.

6. gr.

Ríkissjóður leggur fram til útgáfunnar 10000 kr. á ári í 5 ár frá því útgáfan tekur til starfa. Af stofnfé þessu skulu engir vextir greiddir. Ef útgáfan þarf á meira rekstrarfé að halda, lánar ríkissjóður það gegn 6% ársvöxtum.

7. gr.

Heimilt er stjórn útgáfunnar að ákveða að gefa út og selja á sama hátt aðrar skólabækur en þær, sem löggiltar eru. Ennfremur getur hún gefið út eða haft til sölu landabréf, veggmyndir og aðrar skólanauðsynjar.

8. gr.

Stjórn útgáfunnar rannsakar, hve miklar birgðir séu til af þeim bókum, sem gefa skal út samkvæmt þessum lögum, og sér um, að nýjar útgáfur af þeim verði til jafnskjótt og eldri útgáfur þrjóta.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Það má svo kalla, að bóknám sé nær eingöngu lagt til grundvallar í barnaskólum vorum. Skólabækur hafa því geysimikla þýðingu við allt nám barnanna og störf kennaranna. Gjarnan má segja, að mestu skipti um góðar skólabækur, að þær séu vel samdar, þ. e. að efni þeirra, málfar og andi allur sé við barna hæfi. Það hefir verið viðurkennt, að nauðsyn bæri á eftirliti með slíku af hálfu hins opinbera, sbr. lög um fræðslunefndir frá 1928.

En þó er annað atriði, er snertir útgáfu skólabóka, sem miklu skiptir. Það er ytri frágangur bókanna, pappírsgæði, letur, prentun, band og prófarkalestur o. fl., og þó ekki síst verð þeirra og ending í hlutfalli við verðið. Það mun láta nærri, að bókakostur eins barns öll skólaárin sé nú kr. 70.00. Þetta er mikið fé, og er oft alltilfinnanleg útgjöld, þegar fátækasta stéttin á hlut að máli. Enda mundi sannanlegt, ef skýrslur eru fyrir hendi, að mikill hluti fátækustu barnanna eignast aldrei allan þann bókakost, sem lög og reglugerðir skólanna ákveða, og er það aðeins hið geysiháa verð skólabókanna, sem nú er, og fátækt barnanna, sem sviptir þau nauðsynlegum bókakosti. Má nærri geta, hver hugraun slíkt er fyrir námfús börn.

Verð á bókum er hér allt of hátt. Það gildir allt annað um skólabækur

en aðrar bækur, sem út eru gefnar. Þjóðin leggur sjálf til öruggan markað fyrir þær með lögum og fyrirskipunum um skólahald og bókakost.

Í þeim menningarlöndum, er vér í flestu viljum sníða stakk vorn eftir, er þessum málum fyrir löngu skipað í það horf, að þjóðirnar og einstök bæjar- eða borgarfélög hafa útgáfu og umsjón skólabókanna í sínum höndum.

Sumstaðar fá öll börn ókeypis þær bækur, sem notaðar eru í skólunum, og mjög víða, þar sem ekki er svo langt gengið, er þó útbýtt bókum til fátækra barna. Hér eru skólabækurnar vissasta tekjulind nokkurra útgefenda og bóksala.

Úr þessu er frv. ætlað að bæta. Ætti það, ef að lögum yrði, að tryggja góðan frágang á bókunum, og auk þess talsvert lægra verð en nú er. Þess eru dæmi, að kennslubækur eru seldar við verði, sem nemur allt að 1,00 kr. á hverja örk, og margar eru seldar fyrir um og yfir 50 aura á hverja örk. Þó eru þessar bækur prentaðar í stórum upplögum og trygg mikil sala árlega. Hreinn útgáfukostnaður nemur ekki nærri helmingi þessa verðs. Háa verðið liggur að nokkru leyti í óþarflega miklum gróða útgefenda, en að nokkru leyti í óhæfilega miklum sölukostnaði. Nemur hann frá 25% til 40% af útsöluverði bókanna.

Stefna frv. er sú, að bækurnar verði gefnar út og seldar svo, að hvorki verði ábati né halli á útgáfunni. Með því ætti að takast að lækka verð bókanna um ⅓ eða jafnvel helming verðs. Æskilegast væri, að hið opinbera legði fram þær námsbækur, sem fyrirskipað er að nota, en ofurlitil bót væri að fá verðið lækkað, svo sem hér er gert ráð fyrir.

Um einstakar greinar frv. má taka þetta fram:

Um 1. gr.

Bezt væri, að allar skólabækur, bæði við lægri og æðri skóla, væru gefnar út á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir. Þó þykir ekki vert að *fyrirskipa* ríkisútgáfu nema á löggiltum barnanámsbókum til að byrja með. Aftur er í 7. gr. heimilað að gefa út fleiri námsbækur, ef hægt er og þörf þykir á vera.

Um 2. gr.

Sjálfsagt er, að fræðslumálastjóri, sem hefir yfirumsjón allra slíkra mála, sé formaður útgáfustjórnar.

Um 3. gr.

Starfssvið útgáfustjórnarinnar er hér ákveðið í aðalatriðum. Að öðru leyti verður reynslan að skera úr. Þegar fyrirtækið vex, má búast við, að stjórnin þurfi aðstoð við afgreiðslu, bókhald, innheimtu o. fl., og verður sá kostnaður, sem af því leiðir, talinn með útgáfukostnaði.

Um 4. gr.

Með sölu við kostnaðarverði er átt við það, að hreinar tekjur af sölu hverrar bókar greiði útgáfukostnað hennar allan, en ekki meira.

Um. 5. gr.

Það þykir fara bezt á því, að skylda skólastjóra að sjá um sölu bókanna. Geta þeir auðvitað falið það öðrum, til dæmis kennurum, en bera þó sjálfir ábyrgð á andvirðinu gagnvart útgáfunni.

Sölulaun þykja hæfilega ákveðin 10%.

Um 6. gr.

Þar sem bækurnar yrðu ekki gefnar út allar á fyrsta ári, heldur smátt og smátt, eftir því sem eldri upplög þrjóta, er búizt við, að 10000 kr. framlag á ári nægi. Verður það varla talin mikil viðbót við þann kostnað, sem nú fer til barnafræðslu, og væri þessu fé áreiðanlega vel varið, þar sem það kæmi smátt og smátt þúsundum heimila til góða í lækkuðu bókaverði. Nokkurt fé hlýtur alltaf að verða bundið í útgáfunni. Hér er gert ráð fyrir, að 50 þús. nægðu sem fast stofnfé. Ef meira þyrfti einstök ár, er gert ráð fyrir að greiða vexti af því.

Um 7. gr.

Sjá aths. við 1. gr.

Um 8. gr.

Sjálfsagt er að leyfa útgefendum að selja upp birgðir þær, er þeir hafa, svo að þeim sé ekki bakað tjón að óþörfu. Aftur á móti mundi eldri útgefendum ekki verða greitt fyrir útgáfurétt, þar sem hann fellur skilyrðislaust til ríkisútgáfunnar.

Um 9. gr.

Útgáfan þarf að geta tekið til starfa svo fljótt, að hún gæti séð fyrir nýjum útgáfum fyrir næsta skólaár af þeim bókum, sem nú kynnu að vera á þrotum.

Ed. 149. Frumvarp

til laga um einkasöluheimild bæjar- og sveitarfélaga.

Flutningsm.: Erlingur Friðjónsson.

1. gr.

Heimilt er bæjar- og sveitarstjórnum að ákveða með samþykktum, sem atvinnumálaráðherra staðfestir, að taka í sínar hendur einkasölu innan umdæmisins á nýjum fiski, brauðum, mjólk, salti, kolum, sementi og trjávið, og er þá öllum öðrum óheimilt að reka þar verzlun með þessar vörutegundir.

2. gr.

Nú hefir bæjar- eða sveitarstjórn samþykkt að taka í sínar hendur einkasölu á einni eða fleiri vörutegundum samkv. 1. gr., og skal hún þá með reglugerð kveða á um fyrirkomulag verzlunarinnar, útvegun og söfnun veltufjár,

varasjóði og tryggingarsjóði og annað, er að verzlunarrekstrinum lýtur. Þar skal og ákveða sektir fyrir brot gegn einkasölurekstrinum, frá 500—10000 kr.

Reglugerðirnar öðlast gildi þegar atvinnumálaráðherra hefir staðfest þær.

3. gr.

Nú hagar svo til, að siglingateppa getur átt sér stað einhvern hluta árs vegna hafíss eða annara hindrana, og er þá bæjar- og sveitarfélögum heimilt að taka í sínar hendur innflutning og sölu á nauðsynjavörum til tryggingar því, að ekki verði skortur á þessum vörum til almenningsþarfa innan takmarka bæjarins eða sveitarinnar.

4. gr.

Bæjarstjórn og sveitarstjórn, hvor í sínu lagi eða á sameiginlegum fundi, þar sem bæjarfélag og sveitarfélag eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta, skulu árlega með samþykkt ákveða, hvort sú heimild skuli notuð eða ekki, sem um getur í 3. gr., og hve langan tíma úr árinu. Skal innflutningur miðaður við, að nægilegt sé fyrirliggjandi af nauðsynjavörum þann tíma árs, sem hætt er við vöruskorti vegna siglingateppu.

Bæjarstjórn og sveitarstjórn ákveða, hvað teljast skuli nauðsynjavörur samkvæmt 3. gr.

5. gr.

Áður en ákvörðun er tekin um innflutning og sölu nauðsynjavara samkv. 3. gr., lætur bæjarstjórn og sveitarstjórn fram fara rannsókn hjá kaupfélögum, kaupmönnum, heildsölum og brauðgerðarhúsum á birgðum þeirra vara, sem einkasöluheimildin nær til.

Nú reynist, að dómi bæjarstjórnar eða sveitarstjórnar, nægar birgðir fyrirliggjandi, til þess að tryggilegt sé að þær endist til sölu yfir þann tíma árs, sem siglingateppa getur átt sér stað. Getur þá bæjarstjórn eða sveitarstjórn látið vera að taka í sínar hendur innflutning og sölu nauðsynjavara í það skipti.

6. gr.

Þegar bæjarstjórn eða sveitarstjórn hefir með samþykkt ákveðið að taka einkasölu á nauðsynjavörum samkvæmt lögum þessum, er öllum öðrum bannaður innflutningur á þeim vörum til bæjarins eða sveitarinnar meðan samþykktin er í gildi.

7. gr.

Nú vill bæjarstjórn eða sveitarstjórn fela öðrum innflutning og sölu á vörum þeim, sem um getur í 3. gr., sbr. 4. gr., getur þá bæjarstjórn eða sveitarstjórn samið um innflutning og sölu þeirra við kaupfélög, kaupmenn, heildsala og brauðgerðarhús, sem hafa aðallega haft innflutning á þeim vörum áður, þó því aðeins að tryggilegt sé, að nægar birgðir verði ætíð fyrirliggjandi þann tíma, sem hætt er við siglingateppu. Getur bæjarstjórn eða sveitarstjórn þá ákveðið, hvað hver innflytjandi megi flytja inn af vörum þessum, enda skiptist innflutningurinn hlutfallslega milli þeirra, sem innflutning annast, miðað við innflutning þeirra á sömu vörum næsta ár á undan, og er þá öllum öðrum en þeim, sem bæjarstjórn eða sveitarstjórn hefir samið við, bannaður innflutningur á

nefndum vörum meðan samningur bæjarstjórnar eða sveitarstjórnar við innflytjendur er í gildi.

8. gr.

Brot gegn 6. og 7. gr. varðar sektum frá 500 til 5000 kr., og skal bæjarstjórn eða sveitarstjórn leggja sölubann á vörur þær, sem inn hafa verið fluttar, er gildi þar til innflutningsbann er útrunnið í það sinn.

9. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum, samþykktum og reglugerðum, er settar eru samkvæmt þeim, skulu rekin að hætti almennra lögreglumála.

Greinargerð.

Frumvarp, svipað að efni því er hér birtist, var lagt fyrir Alþingi 1929, en var fellt í Ed. Fyrirsögn þess frv. var: Frumvarp til laga um heimild fyrir bæjar- og sýslufélög til þess að taka einkasölu á nauðsynjavörum. Þetta frv. er nokkru víðtækara en frv. frá 1929, að því leyti, að hér er gert ráð fyrir því, að bæjarfélög og sveitarfélög öðlist rétt til að taka einkasölu á nýjum fiski, brauðum, mjólk, salti, kolum, sementi og trjávið, án tillits til hættu er stafi af siglingateppu. Meðan ríkið tekur ekki einkasölu á kolum, salti, sementi og timbri, virðist ekki óeðlilegt, að bæjar- og sveitarfélögum sé gefin heimild til þess að taka í sínar hendur einkasölu á þeim vörum innan sinna vébanda, þar sem mjög víða mun haga svo til, að bæjar- og sveitarfélög hafi betri aðstöðu til verzlunar með þessar vörur en einstaklingar.

Kunnugt er, að við sölu á nýjum fiski, brauði og mjólk ríkir víða það ástand, er gerir vörur þessar mikið dýrari en vera þyrfti, ef betra skipulag væri á sölu þeirra og öflun. Þarf ekki að efa, að bæjar- og sveitarfélög gætu bætt þar um til stórra muna, ef þau fengju einkaaðstöðu til þess, og gætu þar sem haganlegt þætti aflað þeirra vara með stofnun brauðgerðarhúsa, kúabúa og öflunar nýs fiskjar, enda hafa Ísafjarðarkaupstaður og Siglufjarðarkaupstaður þegar stofnað kúabú til mjólkuraukningar og verðlækkunar á þeirri vöru.

Þær raddir verða æ sterkari með ári hverju, sem telja það óhjákvæmilegt, að hið opinbera geri ráðstafanir til þess að tryggja þá hluta landsins gegn siglingateppu, sem í mestri hættu eru vegna hindrana af hafís. Fyrir þá hættu er auðvelt að byggja með því að flytja inn nægilega snemma vetrar eða að hausti hæfilegan forða af nauðsynjavörum, til þess að nægilegt sé fram á næsta vor, og virðist ekki óeðlilegt, að hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélög önnuðust þann innflutning, eða sæju um að hann yrði framkvæmdur. Er því í frv. þessu gert ráð fyrir, að bæjar- og sveitarfélög fái rétt til einkasölu á nauðsynjavörum þann hluta árs, sem mest hætta stafar af siglingateppu, sem hér hefir verið minnzt á.

Ed. 150. Frumvarp

til laga um bókasöfn prestakalla.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Stofna má bókasöfn fyrir prestaköll með bókagjöfum og bókakaupum, svo sem nánar er tiltekið í lögum þessum.

2. gr.

Til bókasafna prestakalla skulu einkum keyptar bækur guðfræðilegs og heimspekilegs efnis. Þó má og kaupa til safnanna almennar fræðibækur og úrvals skáldrit. Bókasöfnin mega þiggja bækur að gjöf, hvers efnis sem eru.

3. gr.

Nú vill sóknarprestur stofna eða auka við bókasafn prestakalls sins. Skal hann þá fyrir júnílok ár hvert senda „bókanefnd prestakalla“ skrá yfir bækur þær, er hann óskar að fá í bókasafnið, og greiða ¼ verðs þeirra innbundinna og flutningsgjalds fyrirfram.

4. gr.

Bókanefnd prestakalla skipa þrír menn. Kýs prestastefnan tvo þeirra og einn varamann, en kirkjumálaráðuneytið skipar einn mann, kunnan að smekkvísi og þekkingu á bókmenntum. Nefndin skal kosin og skipuð til þriggja ára í senn og skiptir sjálf með sér störfum. Kostnaður við störf bókanefndar greiðist af bókakaupafé.

Bókanefnd skal veita leiðbeiningar um val bóka, annast kaup á þeim og úrskurða um það, hvort bækur fullnægi skilyrðum 2. gr. Nefndin sker úr um það, hverjum skuli veita styrk til bókakaupa og hvaða bækur skuli kaupa af þeim, sem óskað er eftir, þegar umsóknir fara fram úr því, sem hámark ríkisstyrks leyfir.

Bókasöfn afskekktra prestakalla skulu ganga fyrir öðrum um styrkveitingar.

5. gr.

Nú hefir bókanefnd borizt beiðni um útvegun bóka samkvæmt 3. gr., og kemur beiðnin eigi í bága við fyrirmæli 2. greinar laga þessara. Útvegar hún þá bækurnar, en ráðuneytið ávísar bókanefndinni, eða bóksala hennar, ¾ kostnaðar úr ríkissjóði, gegn því að bækurnar verði eign bókasafns prestakallsins. Þó má ekkert ár verja meiru fé úr ríkissjóði í þessu skyni en 4 þús. kr. samtals.

6. gr.

Um leið og bókanefnd sendir presti bækur til bókasafns prestakalls hans samkvæmt lögum þessum, sendir hún prófasti skrá yfir bæk-

ur þær, er bókasafninu þannig bætast. Prestar skulu árlega senda prófasti skrá um gefnar bækur. Skal prófastur gera aðalskrá um bókasöfn í prófastsdæminu, sundurliðaða eftir prestaköllum.

7. gr.

Þegar prestur hefir veitt móttöku bókum samkvæmt lögum þessum, skal hann rita á þær nafn prestakalls síns og skrásetja. Prófastur löggildir bók undir bókaskrá prestakalls, og ber honum á skoðunarferðum sínum að hafa eftirlit með því, að bækurnar séu vel varðveittar.

8. gr.

Bókasafn prestakalls skal geymt á heimili prests. Presti er skylt að vátryggja safnið gegn eldsvoða. Þar sem fleiri en einn sóknarprestur er í prestakalli, skal sá prestur varðveita bókasafnið, sem elztur er að embættisaldri, nema öðruvísi um semjist með prestum kallsins.

Nú er prestakall prestslaust, og gerir prófastur þá þær ráðstafanir, er þurfa þykir, til öryggis safninu.

Við prestaskipti skal fara fram úttekt á bókasafni prestakallsins, og gerir prófastur þá fráfarandi presti að greiða bætur fyrir, ef á vantar og kenna má vangeymslu hans.

9. gr.

Presti er skylt að lána sóknarbörnum bækur úr bókasafni prestakalls síns, sér að bagalausu. Lántakandi er skaðabótaskyldur, þegar bækur skaddast eða glatast. Útlánaskrá skal fylgja hverju bókasafni. Skal prestur leggja kapp á, að bókasafn prestakallsins verði söfnuðinum að sem mestum notum. Prestum er heimilt að lána hver öðrum bækur úr bókasöfnum prestakalla. Heimilt er og að skiptast á bókum úr bókasöfnum, þegar hlutaðeigandi prestar óska þess og bókanefnd samþykkir.

10. gr.

Prestum og próföstum er skylt að gefa þær skýrslur um bókasöfn prestakalla, notkun þeirra og varðveizlu, sem biskup fyrirskipar.

Nd.

151. Frumvarp

til laga um kirkjur.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Kirkjur og grafreitir eru friðhelgir staðir og má ekkert þar fram fara, er raski helgi þeirra.

2. gr.

1. Prófasti ber að hafa gætur á, að kirkjur og grafreitir séu jafnan í því standi, bæði að smekkvísi, viðhaldi og umgengni, að samboðið sé helgi staðarins og þeirri lotningu, er hann á að vekja í hugum manna.
2. Prófastur úrskurðar, hvenær endurbygging er nauðsynleg eða endurbót. Skjóta má þeim úrskurði til biskups.
3. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið felur húsameistara ríkisins eða öðrum hæfum manni að láta í té allar nauðsynlegar upplýsingar og leiðbeiningar, er hér að lúta, m. a. uppdrætti að nýjum kirkjubyggingum og endurbót kirkna.

3. gr.

Skylt er jafnan að hlíta fyrirmælum biskups og prófasts um alla hirðingu kirkna, umgengni og viðhald.

4. gr.

Skylt er að setja hæfileg hitunartæki, að dómi biskups, í hverja kirkju. Þó getur ráðherra veitt undanþágu frá þessu, ef sérstaklega stendur á. Skal reykháf og hitunartækjum svo fyrir komið, að eigi sé óprýði að.

Skylt er að vátryggja kirkjur gegn eldsvoða í einhverju því brunabótafélagi, er ráðherra tekur gilt.

5. gr.

Nú er í ráði ný kirkjubygging eða gagnger endurbót kirkju, og skal þá bera málið undir prófast. Leitar hann þá leiðbeiningar húsameistara eða annars byggingarfróðs manns, er ráðherra telur þar til hæfan, um verkið, og skal hlíta leiðbeiningum hans um framkvæmd verksins.

6. gr.

Rétt er sóknarpresti að banna hverja þá notkun kirkju, sem ekki er samboðin helgi hennar sem guðsþjónustuhúss kristins safnaðar. Skal því jafnan leita leyfis sóknarprests til notkunar kirkjunnar, enda ber hann ábyrgð á, að ekki sé gagnstætt fyrirmælum æðri stjórnarvalda, almennu velsæmi og allsherjarreglu.

7. gr.

Bannað er að halda fundi um almenn ágreiningsmál í kirkju.

II. Safnaðarkirkjur.

8. gr.

Safnaðarkirkja er sjálfseignarstofnun í umsjón og ábyrgð safnaðar, undir yfirstjórn biskups og ráðherra.

9. gr.

Sóknarnefnd hefir á hendi umsjón og fjárhald safnaðarkirkju. Skal hún fyrir hönd safnaðar rækja allar þær skyldur, er hvílt hafa á eigend-

um og forráðamönnum kirkna, að því er tekur til viðhalds og hirðingar. Ber hún f. h. safnaðar ábyrgð á, að gætt sé tilhlýðilegrar smekkvísi og umönnunar um allt, er kirkju og grafreit varðar. Og ber henni að hlíta úrskurðum prófasts, biskups og ráðherra í því efni, skv. almennum ákvæðum 1.—9. greinar.

10. gr.

1. Sóknarnefnd annast innheimtu á tekjum kirkjunnar og kemur sjóðeign hennar á vöxtu í Hinum almenna kirkjusjóði. Annast hún reikningshald og fjárreiður kirkjunnar, og skal jafnan senda prófasti reikning yfir tekjur og gjöld hennar á liðnu ári, eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert. Sóknarnefndarmenn rita allir nafn sitt á reikninginn, enda bera þeir, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð kirkjufjánna.
2. Fyrir ómak sitt fær sóknarnefnd 6% í innheimtulaun af lögboðnum árstekjum kirkjunnar.
3. Þar, sem lögreglustjóri er í sókninni, skal honum skylt að taka að sér innheimtuna, gegn 6% innheimtulaunum, ef sóknarnefnd óskar.

11. gr.

Skylt er söfnuði að taka að sér til umsjónar og fjárhalds hverja þá léns- eða bændakirkju, er eigandi eða lénsdrottinn óskar, með þeim skilmálum, er segir í 15. gr., og til kemur samþykki ráðherra að því er bændakirkjur snertir.

12. gr.

1. Þegar kirkja er afhent söfnuði, skal prófastur með 2 óvilhöllum, byggingafróðum mönnum gera nákvæma úttekt á kirkjunni, eigum hennar, áhöldum og gripum. Skulu úttektarmenn meta sanngjarnt álag á kirkjuna og gripi hennar og áhöld.
2. Álag skal miða bæði við fyrningu hússins og byggingarkostnað á hverjum tíma, þar sem kirkja er eigi að stærð við hæfi sóknarinnar.
3. Eigandi eða lénsdrottinn greiðir álagið í hendur sóknarnefndar, er tekur við kirkjunni og fé hennar fyrir hönd safnaðarins.
4. Skjóta má úttekt kirkju til yfirúttektar, og skal þá að minnsta kosti helmingur yfirúttektarmanna skipaður byggingarfróðum mönnum.
5. Heimilt er sóknarnefnd að taka við kirkju án þess að regluleg úttekt fari fram, ef samþykki biskups kemur til og héraðsprófastur stjórnar afhendingu kirkjunnar.

13. gr.

Nú er kirkja reist þar, er kirkja hefir eigi verið áður, og getur þá ráðherra úrskurðað, að bæjar- eða sveitarfélag það, er í hlut á, leggi til ókeypis hentuga lóð undir kirkjuna ásamt hæfilegu svæði umhverfis, ef þess er krafizt. Þar, sem skipulagsnefnd hefir eigi ákveðið kirkjustæði, skal kirkja sett þar, sem prófastur ákveður, í samráði við sóknarnefnd og húsameistara ríkisins, eða annan byggingarfróðan mann, er ráðherra kveður til. Skjóta má úrskurði prófasts til ráðherra.

III. Bændakirkjur og lénskirkjur.

14. gr.

Skylt er ábúanda lénskirkjujarðar að hafa umsjón lénskirkju og fjárhald, nema prófastur feli öðrum.

Skylt er sóknarnefnd að annast innheimtu á tekjum lénskirkju gegn 6% innheimtulaunum, ef þess er krafizt.

15. gr.

Eigendum bændakirkna og lénsdrottnum lénskirkna er skylt að hlíta almennum ákvæðum um endurbyggingu kirkna, hirðingu, hitun og viðhald.

16. gr.

1. Nú setur kirkjueigandi eða lénsdrottinn ofn eða önnur jafngóð hitunartæki í kirkju sína, er honum þá heimilt að jafna hálfum stofnkostnaðinum á sóknarmenn sem hundraðsgjaldi af útsvörum þeirra, enda hafi kostnaðarreikningur verið endurskoðaður af sóknarnefnd og úrskurðaður af prófasti.
2. Nú er í sókn meira en eitt sveitar- eða bæjarfélag, og skal þá fyrst skipta gjaldinu niður á þau eftir tölu safnaðarmanna innan hvers þeirra. Eigandi eða forráðamaður annast innheimtu gjaldsins.
3. Heimilt er kirkjueiganda eða forráðamanni að jafna niður árlegum eldsneytiskostnaði og brunabótaiðgjaldi á sama hátt.

Eindagi á gjöldum þessum er 5 vikum eftir að þau eru auglýst.

17. gr.

Nú hefir eigandi bændakirkju vanrækt hirðingu, viðhald eða endurbyggingu kirkju sinnar, þrátt fyrir ítrekaðar áminningar prófasts, eða eigi hlýtt almennum ákvæðum laga þessara, 1.—9. gr., að því er eigi tekur til safnaðarkirkna sérstaklega, og er þá kirkjustjórninni skylt að höfða þegar í stað mál á hendur kirkjueiganda til þess að fá hann dæmdan til þess, að viðlögðum dagsektum, að bæta úr göllunum eða endurbyggja kirkjuna.

IV. Kirkjunefndir o. fl.

18. gr.

Í hverri sókn skal kjósa kirkjunefnd.

19. gr.

Kirkjunefnd skipa 3—7 menn, eftir mannfjölda sóknarinnar.

20. gr.

Kirkjunefnd skal kjósa á safnaðarfundi, þegar kosning sóknarnefndarmanna á fram að fara.

Um kosningu í kirkjunefnd, kjörtímabil, kosningarrétt og kjörgengi fer sem til sóknarnefnda.

21. gr.

Verksvið kirkjunefndar er að vinna að því, ásamt sóknarnefndinni, að glæða hlýjan hug manna til kirkju sinnar og gangast fyrir frjálsum samtökum um að auka fegurð hennar og prýði með góðum gripum og á hvern þann veg, er bezt þykir við eiga.

Sérstaklega skal kirkjunefnd gangast fyrir að útvega kirkju sinni fagra altaristöflu og gott hljóðfæri og altarisbúnað, þar sem einhverju þessu er áfátt.

22. gr.

Menningarsjóður skal veita verðlaun fyrir fegurstu altaristöflur eftir íslenzka listamenn. Skal dómnefnd skipuð biskupi, eða manni, er hann nefnir til, og 2 mönnum, er menntamálaráðið skipar. Menntamálaráðið styrkir síðan kirkjunefndir til kaupa á altaristöflum þeim, er verðlaun hafa hlotið, með tillagi úr Menningarsjóði, er nemi allt að helmingi verðs.

23. gr.

Kirkjumálaráðuneytið annast um að gerðir verði, svo oft sem þurfa þykir, fyrirmyndar uppdrættir að kirkjum og kirkjugörðum, er bezt þykja eiga við íslenzka staðhætti, og útbýtir þeim meðal sóknar- og kirkjunefnda landsins. Skulu fylgja þeim stuttar skýringar og kostnaðaráætlun.

Útgáfu uppdrátta þessara kostar Menningarsjóður.

24. gr.

Rétt er að geyma hverskonar kirkjuforngripi í kirkjum þeim, er þá hafa átt, ef þær eru svo vandaðar, að dómi biskups og fornmenjavarðar, að tryggt megi teljast.

25. gr.

Nánari ákvæði um viðhald kirkna, kirkjuskoðun og eftirlit, svo og búnað þeirra og prýði, setur biskup í reglugerð, er ráðherra staðfestir.

26. gr.

Lögtaksréttur fylgir öllum þeim gjöldum, sem mælt er fyrir um í lögum þessum.

27. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum 10—500 krónum, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

Mál, sem rísa út af lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál.

28. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 22, 16. nóv. 1907, um umsjón og fjárhald kirkna. Ennfremur eru afnumin öll ákvæði eldri laga, er koma í bága við lög þessi.

Nd. 152. Tillaga

til þingsályktunar um sölu og afnotagjald viðtækja.

Flutningsm.: Gunnar Sigurðsson og Bjarni Ásgeirsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1) Að sjá um, að Viðtækjaverzlun ríkisins gefi kaupendum, sem þess óska, kost á að greiða andvirði viðtækja á allt að þrem árum.
2) Að sjá um, að hið árlega afnotagjald af viðtækjum lækki eftir því, sem afnotagjaldendum í hverju bæjar- eða sveitarfélagi fjölgar, á þann hátt, sem hér segir:

   Meðan tala notenda, sem afnotagjald greiða í bæjar- eða sveitarfélagi, er lægri en 4 af hverjum 100 íbúum í því bæjar- eða sveitarfélagi, sé afnotagjaldið 30 kr. á ári. Þegar tala notendanna er hærri en 4, en lægri en 6 af hverjum 100 íbúum, sé afnotagjaldið 25 kr. á ári. Þegar tala notendanna er hærri en 6, en lægri en 8 af hverjum 100 íbúum, sé afnotagjaldið 20 kr. á ári. Þegar tala notendanna er hærri en sem svarar 8 af hverjum 100 íbúum í bæjar- eða sveitarfélaginu, sé afnotagjaldið 15 kr. á ári.

Greinargerð.

Það er almennt viðurkennt, að útvarpið er hið mesta menningarmál og samhliða því hagsmunamál, sérstaklega fyrir sveitirnar. Í því sambandi viljum við sérstaklega benda á það, hvers virði veðurskeyti geta verið fyrir bónda um sláttinn. Það er því nauðsyn, að þing og stjórn greiði fyrir því, að það breiðist sem víðast og fljótast út. Þingsályktunartillagan fer í þá átt, að svo verði. Það virðist til hagsmuna bæði útvarpsnotendum og ríkinu. Á þeim krepputímum, sem nú standa yfir, ber nauðsyn til að létta fyrir mönnum um greiðslu á viðtækjum.

Nánar í framsögu.

Nd. 153. Breytingartillögur

við frv. til laga um kirkjur (þskj. 151).

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. Við 5. gr.
   a. Á eftir 1. málslið („undir prófast") kemur: Hann gerir tillögu um stærð nýrrar kirkju og sendir biskupi, en ráðherra úrskurðar eftir tillögu biskups lágmark sætafjölda, svo að sæmilega megi telja séð fyrir þörf safnaðar.
   b. Í stað „hann þá" í upphafi 2. málsliðar kemur: prófastur.
2. Við 7. gr. Á eftir greininni kemur ný grein, er svo hljóðar:
   Óheimilt er að nota kirkju til geymslu, nema með leyfi prófasts, og varðar brot gegn þessu sektum frá 10—100 krónum, sem kirkjunefnd fær til ráðstöfunar samkvæmt 21. grein.

Greinatala breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu, svo og tilvitnun í niðurlagi 2. brtt.

Ed. 154. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 41 (Vegalög).

Frá dómsmálaráðherra.

Á eftir brtt. kemur:

Skógarstrandarvegur, frá vegamótum neðan Skjaldar um Skógarströnd og Hörðudal á Vesturlandsveg hjá Sauðafelli.

Nd. 155. Frumvarp

til laga um breyting á l. nr. 42 1929, um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar.

Flutningsm.: Ólafur Thors, Pétur Ottesen, Jóhann Þ. Jósefsson.

1. gr.

Fyrir „1. ágúst" í 5. gr. laganna komi: 1. september.

2. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Stjórn verksmiðjunnar skipa þrír menn, og skulu þeir valdir eins og hér segir:

Útgerðarmenn þeir, er við verksmiðjuna skipta, tilnefna 4 fulltrúa, og sjómenn af þeim skipum, er leggja síld inn í verksmiðjuna, tilnefna 2 fulltrúa, eftir reglum, er atvinnumálaráðherra setur. Af þessum 6 fulltrúum velur atvinnumálaráðherra síðan 3 menn til stjórnar verksmiðjunni, 2 af fulltrúum útgerðarmanna og annan af fulltrúum þeim, er sjómenn hafa tilnefnt.

Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar.

Stjórnin ræður framkvæmdarstjóra til eins árs í senn og ákveður starfssvið hans og laun.

Greinargerð.

Lög um stofnun síldarbræðslustöðva, er sett voru á Alþingi 1928, gerðu ráð fyrir, að rekstri stofnananna skyldi hagað eftir reglugerð, sem atvinnumálaráðherra setti. Reglugerð þessi mun ekki hafa verið út gefin, en fyrir Alþingi 1929 lagði ráðherrann „frv. til laga um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar".

Frumvarp þetta var samþykkt á þinginu nær óbreytt í öllum höfuðatriðum, en þó ollu ýms ákvæði þess verulegum ágreiningi. Eitt meðal þeirra var ákvæðið um skipun stjórnarinnar. Hafði ráðherra lagt til, að stjórnin væri skipuð 3 mönnum. Skyldi einn skipaður af atvinnumálaráðherra, einn af stjórn síldareinkasölunnar, og einn af bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar, og var það samþykkt.

Andmælendur þessa skipulags sýndu þá þegar fram á, hve ósanngjarnt það væri, að síldareigendur, sem þó mest ættu undir stjórn og rekstri verksmiðjunnar, fengju þar engu um ráðið. Og jafnframt var því spáð, og að því leiddar sterkar líkur, að ef þeir, sem hagsmunina áttu í veði, væru útilokaðir frá umráðunum, mundi mjög dregið úr tryggingunni fyrir því, að hæfir menn veldust til forstöðu verksmiðjunnar.

Verksmiðjan hefir nú verið reist og rekin eina vertíð, og þótt engir reikningar hafi ennþá verið birtir, er þó hægt að fullyrða, að afkoman er með afbrigðum léleg. Stafar það að nokkru leyti af lágu verðlagi á síldarmjöli og síldarlýsi, en einkum þó af einstaklega seinheppilegri stjórn fyrirtækisins.

Það má nú að vísu vel játa, að reynslutíminn sé ekki langur. En hann er nægilega langur þeim mönnum, sem fyrirfram vissu og sögðu hvernig fara mundi, og nægilega dýr þeim, sem kostnaðinn bera. Flutningsmenn þessa frv. vilja því ekki bíða þess lengur, að þessi miklu hagsmunamál sjávarútvegsmanna verði færð til þess skipulags, sem bæði sanngirni og hagsýni segja fyrir um, og er því borin fram tillaga um, að yfirráð verksmiðjunnar séu flutt yfir á hendur þeirra aðilja, sem mest eiga undir því, að reksturinn fari vel úr hendi, en þess þó gætt, að ríkið hafi nokkurn íhlutunarrétt sem eigandi verksmiðjunnar.

Þá hefir þótt nauðsynlegt, vegna hagsmuna bænda, og meinlítið fyrir afkomu verksmiðjunnar að miða við 1. september í stað 1. ágúst um pantanir á síldarmjöli frá verksmiðjunni.

Enda þótt flm. hefðu talið æskilegt að breyta fleiru í lögum um rekstur

síldarverksmiðju, hefir ekki þótt rétt að bera það fram að þessu sinni, en áherzla lögð á að lagfæra það, sem mestu varðar og helzt þykir von um, að náðzt geti samkomulag um.

Nd. 156. Breytingartillögur

við frv. til laga um kirkjur.

Flutningsm.: Pétur Ottesen, Ingólfur Bjarnarson, Bjarni Ásgeirsson, Jón A. Jónsson, Einar Jónsson, Hákon Kristófersson.

1. Við 2. gr. Greinina skal orða svo:
   1. Prófasti ber að hafa gætur á, að kirkjur séu jafnan í sómasamlegu ástandi, bæði að viðhaldi og umgengni. Þyki honum misbrestur á í þessum efnum, ber honum að vekja athygli þeirra, er hlut eiga að máli, á því, sem honum þykir ábótavant og að þörf sé endurbóta.
   2. Nú ákveður söfnuður að endurbyggja kirkju, og skal þá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu skylt, ef þess er óskað, að fela húsameistara ríkisins eða öðrum hæfum manni að láta í té nauðsynlegar upplýsingar og leiðbeiningar, er hér að lúta, m. a. uppdrætti að nýjum kirkjubyggingum og endurbót kirkna.
2. Við 3. gr. Greinina skal orða svo:
   Nú þykir prófasti ekki farið eftir tillögum sínum um hirðingu kirkju, umgengni eða viðhald, svo að fullnægjandi sé, og getur hann þá skotið málinu undir úrskurð biskups, og ber að hlíta fyrirmælum hans í þessu efni.
3. Við 5. gr. Greinin falli niður.
4. Við 7. gr. Við greinina bætist: önnur en þau, er varða málefni kirkjunnar eða safnaðarins.
5. Við 9. gr. Fyrir „1.—9. greinar“ kemur: I. kafla.
6. Á eftir 12. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:
   Kirkju má því aðeins flytja úr stað, að ¾ hlutar atkvæðisbærra safnaðarmanna hafi samþykkt færsluna.

Nd. 157. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr 29, 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

4. gr. laga nr. 29, 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, orðist svo:

Nú er lögtak leyft, og skal beiðandi eða fógeti, er hann samkvæmt embættisskyldu á að annast um framkvæmd á lögtaki, hlutast til um, að beiðnin með árituðum úrskurði sé birt skuldunaut af stefnuvottum að minnsta kosti viku fyrr en lögtak á að fara fram. Þá er heimtir skulu skattar til ríkissjóðs, bæjargjöld eða sveitar, kirkjugjöld, brunabótagjöld, ef hreppur eða kaupstaður hefir vátryggt á sama stað, og önnur opinber gjöld, nægir að auglýsa á þann hátt, sem tíðkast um opinberar auglýsingar, að fógeti hafi úrskurðað lögtak á gjöldunum og að lögtakið fari fram án frekari fyrirvara. Skal það gert að minnsta kosti viku áður en lögtakið á að fara fram. Eigi er þörf að greina nöfn skuldunauta í auglýsingunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1931.

Nd. 158. Frumvarp

til laga um loftskeytatæki á botnvörpuskipum og um eftirlit með loftskeytanotkun íslenzkra veiðiskipa.

Flutningsm.: Sveinn Ólafsson.

1. gr.

Öll botnvörpuskip skulu hafa fullkomin loftskeytatæki. Nú hefir botnvörpuskip eigi slík tæki, og skulu þau þá sett í skipið eigi síðar en í árslok 1931.

2. gr.

Landsstjórninni skal heimilt að hafa eftirlit eins og henni þurfa þykir með því, að loftskeyti séu eigi notuð til stuðnings ólöglegum veiðum í landhelgi á nokkurn hátt.

3. gr.

Hver útgerðarmaður eða forstjóri útgerðarfélags á Íslandi, sem hefir skip með loftskeytatækjum við veiðar hér við land, skal skyldur að láta dómsmálaráðuneytinu í té lykil að hverju því dulmáli, sem notað kann að vera í skeytasendingum milli útgerðarinnar og veiðiskipa hér við land, eða milli íslenzkra veiðiskipa innbyrðis. Það er talið dulmál samkvæmt lögum þessum, ef notað er í skeyti mál í óvenjulegri merkingu.

4. gr.

Hver landssímastöð á Íslandi og hvert íslenzkt veiðiskip með loftskeytatækjum skulu hafa sérstök eyðublöð frá dómsmálaráðuneytinu undir frumrit allra skeyta til eða frá íslenzkum veiðiskipum.

Hver sá, sem skeyti sendir til veiðiskips eða frá því, skal undirrita á hverju sliku skeyti drengskaparvottorð um það, að ekkert í efni skeytisins sé ætlað til að stuðla að landhelgisbrotum, forða sökunaut við töku eða gefa veiðiskipi bendingu um ferðir varðskipanna.

Á íslenzkum loftskeytastöðvum og á hverju íslenzku veiðiskipi með loftskeytatækjum skal rita í sérstaka bók öll skeyti til og frá veiðiskipum með nákvæmri stund og dagsetningu og í töluröð, svo sem ger verður ákveðið í reglugerð. Ennfremur skal loftskeytamönnum varðskipanna og starfsmönnum við loftskeytastöðvar í landi, sem til þess eru kvaddir, skylt að bókfæra, eftir því sem frekast er fært, öll loftskeytaskipti milli veiðiskipa innbyrðis og skeytaskipti þeirra við land. Skulu stöðvarnar, varðskipin og innlend veiðiskip í byrjun hvers mánaðar senda landssímastjóranum frumrit allra þeirra loftskeyta, sem milli lands og skipa hafa farið á síðastliðnum mánuði, og eftirrit þeirra skeyta skipa á milli, er náðzt hafa, en hann sendir þau dómsmálaráðuneytinu að lokinni skoðun. Í lok hvers árs skulu sömu aðiljar senda dómsmálaráðuneytinu bækur þær, sem skeytin eru rituð í fyrir það ár.

Skeytabækur skipa og stöðva, sem og önnur skjöl, er snerta eftirlitið með loftskeytanotkun veiðiskipanna, skal skylt að láta sjávarútvegsnefndum Alþingis í té til rannsóknar.

5. gr.

Nú verður útgerðarstjóri, skipstjóri eða einhver, sem hagsmuna hefir að gæta við útgerð skipsins, sannur að sök um brot gegn 2. eða 3. málsgr. 4. gr., eða útgerðarstjóri um brot gegn 3. gr., og varðar það 3—15 þús. króna sekt og ábyrgist útgerð skipsins greiðsluna; en auk þess skal skipstjóri, sem sannur verður að því, að hafa notað loftskeyti til að fremja, dylja eða aðstoða við landhelgisbrot, í fyrsta sinn missa rétt til skipstjórnar í 1 ár. Brjóti hann aftur, missir hann skipstjóraréttindi fyrir fullt og allt.

Brjóti einhver gegn 1. málsgr. 4. gr., eða verði að öðru leyti einhver brotlegur gegn 4 gr., annar en þeir, sem nefndir eru í 1. málsgr., sæti hann sektum frá 500—10000 kr.

6. gr.

Nú benda sterkar líkur til þess, að útgerðarstjóri hér á landi eða skipstjórnarmaður á veiðiskipi hafi notað loftskeyti í þeim tilgangi að fremja landhelgisbrot eða stuðla að því, að það gæti orðið framið, eða sá, sem sekur er um slíkt brot, geti sloppið undan lagaaðförum, og skal þá dómsmálaráðuneytinu heimilt að svipta útgerðarstjórn og skipstjórnarmenn, er hlut eiga að máli, rétti til loftskeytaskipta milli lands og veiðiskipa, nema undir eftirliti dómsmálaráðuneytisins eða lögreglustjóra, sem eftirlit hefir verið falið, og ráða þessir aðilar þá orðalagi og formi slíkra skeyta. Samskonar eftirliti skulu þeir háðir, er sekt hefir fallið á eftir 5. gr.

7. gr.

Ákvæði þessara laga koma ekki til framkvæmda þegar skip er statt í neyð eða þegar um björgunarskeyti er að ræða.

8. gr.

Að öðru leyti en því, sem hér er tekið fram, skal farið með mál út af brotum gegn lögum þessum eins og opinber lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frv. þetta er borið fram eftir ósk dómsmálaráðherra og styðst auk þess við margendurteknar óskir fiskimanna hvaðanæva af landinu um auknar varnir landhelginnar og ráðstafanir til varnar því, að íslenzk botnvörpuskip eða útgerðarmenn þeirra geti vitalaust misnotað loftskeyti til leiðbeiningar fyrir lögbrjóta.

Frv. hefir verið borið fram á þrem undanförnum þingum og ýmist dagað uppi eða fallið. Mótstaðan gegn því hefir aðallega verið frá eigendum íslenzkra togara, en auk þess hafa ýmsir ánetjazt í þeirri villukenningu, að með einfaldri stjórnarráðstöfun, byggðri á lögum nr. 82 1917, mætti ná sama takmarki sem með lögfestingu á fyrirmælum frumvarpsins.

Að vonum hafa einstakir þingmenn og fleiri, sem um málið hafa fjallað, eigi áttað sig til fulls á því, hve veik og villandi rökin gegn frv. hafa verið, en þess verður að vænta, að fyllri skýringar á þessu nauðsynjamáli alþjóðar leiði til lögfestingar frv.

Eftirfarandi athugasemdir hefir ráðherra látið fylgja frv.:

„Andstæðingar stjórnarinnar hafa í þessu máli borið fyrir sig álit landssímastjóra, Gísla Ólafsonar, að hann teldi frv. þetta óþarft o. s. frv. Pétur Magnússon hélt þessari skoðun landssímastjóra mjög á lofti síðastliðið vor á framboðsfundi á Vestfjörðum. Til þess að láta landssímastjóra fá tækifæri til að rökstyðja skoðun sína frammi fyrir borgurum landsins var honum sent eftirfarandi bréf frá dómsmálaráðuneytinu 24. júlí f. á.:

„Pétur Magnússon hæstaréttarmálaflutningsmaður hélt því fram á landsmálafundum á Vestfjörðum við síðasta landskjör, að öryggi gegn misnotkun loftskeyta við botnvörpuveiðar í landhelgi væri hægt að ná vel með stjórnarframkvæmdum án þess að lög um þetta efni kæmu til, og hefði þess vegna frumvarp það að þessu lútandi, er stjórnin lagði fyrir Alþingi, verið óþarft.

Taldi hann yður, herra landssímastjóri, líta svo á þetta mál. Af þessum ástæðum er þess hér með beiðzt, að þér bendið á leiðir, er fara mætti til þess að ná téðum árangri með stjórnarframkvæmdum.

Svar yðar væntist hið fyrsta.

F. h. r.

E. u.

(sign.) Gissur Bergsteinsson“.

Landssímastjóri svaraði aftur með bréfi því, er hér fylgir:

„Út af bréfi hins háa dóms- og kirkjumálaráðuneytis, dags. 24. f. m., skal ég leyfa mér að geta þess, að ég hefi ekki látið uppi álit mitt um þetta mál við aðra en sjávarútvegsnefnd neðri deildar Alþingis, enda ekki aðrir um það spurt, en henni tjáði ég, að ég liti svo á, að stjórnin hefði, samkvæmt lögum nr. 83, 14. nóvember 1917, fortakslausa heimild til að gera hverjar þær ráðstafanir, sem henni þóknaðist til að reyna að koma í veg fyrir misbrúkun loftskeyta.

Gísli J. Ólafson".

Málið stóð þá þannig um mitt sumar. Nótt tók að dimma, og freistingin og aðstöðumöguleikinn fyrir suma eigendur íslenzku veiðiskipanna, að gefa þeim bendingar á dulmáli um það, hvar varðskipin væru á hverjum tíma, og þess vegna hvar óhætt væri að fara inn í landhelgina. Alþingi hafði ályktað, að það þyrfti ekki að bæta löggjöfina, af því að landssímastjóri hafði sagt, að „allt væri í lagi".

En því miður hafði landssímastjóri í áætlunum sínum og ráðagerðum farið æðilangt út fyrir verksvið símans og út fyrir takmörk reynslu sinnar. Þess vegna varð veruleikinn nokkuð annar heldur en þeir menn höfðu búizt við, sem héldu, að ráð hans væri hin fullkomnasta vizka um það, hvernig verja skyldi íslenzka landhelgi fyrir sviksamlegri áleitni íslenzkra veiðiskipa.

Nokkru eftir áramótin hélt dómsmálaráðherra fund með hreppsnefndunum á Sandi og í Ólafsvík til að ræða um ágang þann, er þessar verstöðvar hafa af togurum, og hversu úr mætti bæta. Á fundinum á Sandi 1. febr. 1931 segir nefndin:

„Togarar byrja veiðar á Ólafsvík strax og fer að dimma af nóttu (sept.) þegar togarar byrja ísfiskveiðar. .... Nefndin lét í ljós þá skoðun, að meðan var hér eitt danskt varðskip, hafi gæzlan verið sama sem engin, hafi hún skánað er Óðinn kom, og síðan farið stórbatnandi eftir komu Ægis, enda hafi gæzlan á víkinni aldrei verið betri en í haust".

Daginn áður, 31. jan., sögðu hreppsnefndarmenn í Ólafsvík á fundi þar:

„Ennfremur skýrðu hreppsnefndarmenn svo frá, að ef togarar væru að veiðum við Öndverðarnes í febrúar og marzmánuði, stöðvuðu þeir allar fiskigöngur inn á Breiðafjörð. Einróma álit sjómanna hér er, að gæzlan hafi verið miklu lakari, er Fylla var hér ein við strandvarnir; einnig er það einróma álit þeirra, að víkin hafi verið vel varin í haust".

Síðan bæta hreppsnefndarmennirnir við:

„Í vetur sáust margir togarar hér á víkinni á þeim tíma, er hér greinir:

I. Meðan varðskipin voru að leita að togaranum „April". Oddviti leigði bát frá Sandi með 4 mönnum, og ráku þeir 3—4 togara úr landhelginni; en vegna þess að veður fór versnandi, náði báturinn eigi lendingu og varð að liggja úti um nóttina og var mönnunum stofnað í lífsháska. (Báturinn „trillubátur"). Ágangur togaranna hélzt allan leitartímann.

II. Á jólanóttina sáust 6—7 togarar á víkinni. Var þá símað til Reykjavíkur, og hurfu þeir áður en varðskipið Óðinn kom á vettvang.

III. Meðan Ægir var að leita að skipinu Ulv í tvær nætur. Um kl. 4, er fiskibátar fóru til róðurs, sáu þeir mörg skip ljóslaus; er fyrsti báturinn kom út, virtist

einn togarinn höggva af sér veiðarfærin, en hinir lögðu á flótta. Öll þessi skip voru ljóslaus, svo að engin einkenni sáust“.

Rétt er að geta þess, af því að á tveimur fjölmennum landsmálafundum í Ólafsvík og Sandi var skipstjóra og yfirmönnum á varðskipinu Ægi þökkuð ágæt framganga við að verja landhelgina. Þetta er þýðingarmikið atriði, af því að blöð þess flokks, er stendur með hinum brotlegu togaraeigendum, hafa gert sitt ítrasta til að ófrægja skipstjóra og yfirmenn á Ægi, eins og þeir væru ekki gagnlegir við landhelgisgæzluna.

Litlu síðar var fundur 25 hreppsnefndarmanna úr Gullbringusýslu haldinn í Keflavík til að ræða um landhelgismálið. M. a. sem þar kom fram, bar oddviti Gerðahrepps, hr. Guðm. Þórðarson, að í vetur, meðan varðskipin voru að leita að „Apríl“, hafi togararnir margir verið að veiðum í Garðsjó, ekki eingöngu að nóttunni til, heldur líka um hábjartan dag. Við réttarrannsókn, sem hafin er út af þessu athæfi, hefir komið í ljós, að togarar þessir hafa fyrir utan annan skaða eyðilagt ca. 70 net fyrir útvegsbændum í Garði. Ennfremur hefir sannazt, að frá ónefndum „velgerðamönnum“ Garðbúa í Reykjavík hefir verið útdeilt einhverri peningaupphæð milli þeirra manna, sem sárast hafa orðið úti í þetta eina sinn af framferði veiðiþjófanna. Er helzt að sjá, að einhverjir góðir borgarar í Reykjavík hafi fundið til í þetta sinn, líkt og valurinn, þegar hann er að höggva hjarta rjúpunnar.

Á fundinum í Keflavík var staddur hr. Pálmi Loftsson útgerðarstjóri. Garðbúar höfðu staðið í símasambandi við hann meðan varðskipin voru að leita að Apríl. Nú kom í ljós, er borin var saman skeytasending hans til varðskipanna og reynsla Garðbúa, að hinir brotlegu togarar höfðu farið burtu úr Garðsjónum einum degi áður en þeir „þurftu“, af því að útgerðarstjórinn hafði sent varðskipunum tvírætt skeyti, sumpart á mæltu máli og sumpart á dulmáli, þegar fór að líða á leitartímann. Óvissan um síðasta sólarhringinn af leitartímanum varð þess valdandi, að togararnir fóru burt úr Garðsjó svo snemma, að enginn möguleiki væri til, að varðskipin hittu þá þar í það sinn, er þau kæmu úr leitinni.

Ef athugaður er framburður fulltrúa útgerðarmanna og sjómanna í þessum verstöðvum, kemur í ljós, að gæzlan er stöðugt að batna, og mest eftir að Ægir kom, einmitt það skipið, er blöð togaraeigenda hafa sífeldlega ráðizt á. Mismunurinn á vitnisburði sjómannanna og blaða togaraeigenda sýnir glöggt undirstraumana í málinu. Sjómenn og útgerðarmenn í verstöðvunum eru þakklátir skipstjóra, sem leggur hina mestu orku í starf sitt. Útgerðarmenn, sem vilja geta haft togara sína í landhelgi undir vissum kringumstæðum, eru á hinn bóginn sérstaklega mótfallnir sívinnandi og eljusömum skipstjóra, sem þeir vita, að leggur alla stund á að taka skip þeirra, ef þeir brjóta lögin.

Í öðru lagi er auðséð, að útgerðarmenn í Reykjavík halda nákvæman vörð um hreyfingar varðskipanna og gefa skipstjórum bendingar eftir því. Vitnisburður sjómanna í Garði og Ólafsvík er samhljóða um það, að veiðiskipin vaða uppi dagana sem varðskipin eru að leita að Apríl. Í Garðinum fiska þeir um hábjartan dag, meðan þeir vita, að skipin eru langt sunnan við land. Og eftir að spellvirkjar þessir eru þannig búnir að ræna fátæka fiskimenn í Garði, þegar þeir eru varnarlausir, af því verið er að vinna miskunnarverk gagnvart aðstand-

endum einnar skipshafnar í togaraflotanum, þá kemur á eftir vesöl fémúta til þeirra innan úr Reykjavík frá ónefndum velgerðarmönnum. Sagan úr Ólafsvík er engu síður ber. Þrem sinnum á vetrinum er farið í landhelgina. Í öll skiptin getur hreppsnefndin gert grein fyrir, hvers vegna skipin fara inn einmitt þá. Í tveim tilfellum er verið að leita að sjómönnum í sjávarháska. Á meðan sima menn, sem sitja inni í mjúkum sætum í hlýjum stofum í Reykjavík, að-óhætt sé að ræna í Ólafsvík þá nótt.

Eitt allra gleggsta dæmi er sagan frá Ólafsvík á jólanóttina. Það hefir verið venja, ef ekki hefir verið um sérstök atvik að ræða, að varðskipin væru til skiptis inni um jólin og nýárið. Hefir það þótt sjálfsögð mannúðarskylda gagnvart starfsmönnum á þessum skipum, sem eru nálega allt árið burtu frá heimilum sínum, að þeir gætu komið til vandamanna sinna um nýárið eða jólin. Líka mátti gera ráð fyrir í vel kristnu landi, að veiðiskip Íslendinga hlífðust við að ræna landhelgina á jólanóttina. Nú í vetur var Ægir inni á jólanóttina, en Óðinn um nýárið. Eftir reglunni ætti Óðinn nú í ár að vera inni um jólin, en Ægir um nýárið. Óðinn var um jólin á sveimi úti fyrir Vestfjörðum og sást eitthvað úr sumum þorpunum þar. Njósn um þetta hefir verið símuð til Reykjavíkur. Engir togarar ónáðuðu þá Djúpmenn eða Arnfirðinga. En á jóladagsmorgun barst dómsmálaráðuneytinu skeyti frá oddvitanum í Ólafsvík, um að á jólanóttina hafi margir togarar látið greipar sópa um Víkina. Óðni var um leið sent skeyti. En þá vara eigendurnir aftur við, og veiðiþjófarnir heimsækja þá litlu síðar landhelgina úti fyrir Bolungavík.

Þessi dæmi sýna ásóknina í landhelgina. Þau sýna, að engin tillit til drengskapar eða helgra daga hindra landhelgisbrotin. Ef loftskeyti hefðu ekki verið misnotuð, myndi Garðsjór og Ólafsvík hafa verið í friði, þó að Óðinn og Ægir væru að leita dauðaleit að skipshöfninni af Apríl. Ef ekki hefðu verið njósnarar á Vestfjörðum, er gerðu aðvart yfirmönnum sínum í Reykjavík, og þeir aftur sent skipun til togara sinna, myndi Ólafsvíkin hafa verið í friði á jólanóttina. Skeytasending um landhelgisveiðar er vitanlega mikil tekjugrein fyrir landssímann, því að stundum ganga 9—10 skeyti á dulmáli á einni nótt milli útgerðar og veiðiskips. Svo fjörug viðskipti þyrftu varla að eiga sér stað, ef skipið væri að fiska á almenningsmiðum.

Nauðsyn almennings krefst þess, að þessi þjóðarskömm haldist ekki lengur við. Ríkið kostar fram undir 700 þús. kr. árlega til landhelgisvarna. En á sama tíma reynist það ofurefli fyrir heilan hóp af fulltrúum þjóðarinnar að rétta þrem sinnum upp hendina við atkvæðagreiðslur til að verja atvinnu þúsunda af varnarlausum sjómannaheimilum fyrir myrkraverkum eins og þeim, sem nú hefir verið lýst.

Öllum, sem höfðu nokkra reynslu um erfiðleika landhelgisvarnanna, þar sem við þá spillingu er að etja, sem nú var lýst, hefir verið það ljóst, að Alþingi varð að semja sérstaka verndarlöggjöf móti misnotkun loftskeytanna. En menn, sem ekki voru þessu kunnugir, hafa stundum látið villa sér sýn í þessu máli og haldið, að hægt væri að komast af án slíkrar verndar frá hálfu löggjafans. Til þess að sýna þeim mönnum, hve veikur sá grundvöllur er, hefir dómsmálaráðuneytið falið einum af helztu lögfræðingum landsins að kryfja til mergjar hinn

órökstudda framslátt Gísla Ólafssonar landssímastjóra, sem einstaka menn ókunnugir málavöxtum, eins og hr. Pétur Magnússon, hafa fram að þessu látið villa sér sýn. Fylgir lögskýring sú hér á eftir. Og þegar hún hefir verið athuguð í ljósi undangenginnar reynslu um miður drengilega framkomu sumra íslenzkra veiðiskipaeigenda, þá munu væntanlega verða fáir menn í landinu aðrir en þeir, sem standa beinlínis að brotlegum togaraeigendum, sem neita því, að frv. þetta bæti úr mikilli nauðsyn fiskimanna á Íslandi".

Gagnrýning á skoðun landssímastjóra er sem hér segir:

„Á Alþingi 1930 var frumvarp til laga um loftskeytatæki á botnvörpuskipum og um eftirlit með loftskeytanotkun íslenzkra veiðiskipa afgreitt með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

„Með því að landsstjórnin hefir í gildandi löggjöf næga heimild til eftirlits með loftskeytum, þykir ekki þörf nýrrar lagasetningar um þetta, og tekur deildin því fyrir næsta mál á dagskrá".

Með löggjöf þeirri, sem talað er um í dagskránni, er átt við lög nr. 82 frá 14. nóv. 1917, um rekstur loftskeytastöðva á Íslandi, og reglugerð nr. 32 frá 17. maí 1918, sem sett var samkvæmt þessum lögum. Landssímastjóri mun og hafa látið það álit sitt í ljós við sjávarútvegsnefnd neðri deildar á Alþingi 1930, að ríkisstjórnin hefði samkvæmt þessum fyrrnefndu lögum fortakslausa heimild til að gera hverjar þær ráðstafanir, sem henni þóknast, til að reyna að koma í veg fyrir misbrúkun loftskeyta. Landssímastjóri hefir og staðfest þetta álit sitt í bréfi til dómsmálaráðuneytisins, dags. 30. ágúst 1930.

Til þess að athuga, hvort rétt sé skýrt frá í hinni fyrrnefndu rökstuddu dagskrá, og hvort álit landssímastjóra hafi við rök að styðjast, þarf að bera saman fyrirmæli laga 82/1917 og reglug. 32/1918 við ákvæði frv. um loftskeytanotkun veiðiskipa. Sá samanburður skal nú hér gerður, og ályktun af þeim samanburði síðan dregin.

Þess er fyrst og fremst að geta, að frv. um loftskeytanotkun veiðiskipa hefir ákvæði í 1. gr. um skyldu botnvörpunga til að hafa fullkomin loftskeytatæki. Hér er um algert nýmæli að ræða, sem hvorki finnst í lögum 82/1917 né reglug. 32/1918, enda snerta þessi ákvæði hvorki beinlínis rekstur né eftirlit með loftskeytum.

Lögin 82/1917 heimila að setja reglugerð um þráðlausar firðviðskiptastöðvar. Þar er og sagt, að ráðuneytið geti bannað öll þráðlaus firðviðskipti innan íslenzkrar landhelgi „og gert þær ráðstafanir, er nauðsynlegar þykja til þess að banninu verði hlýtt".

Samkvæmt þessu var sett reglugerð 32/1918. Í 2. gr. reglug. eru fyrirmæli um það, að enginn megi setja upp loftskeytastöðvar á Íslandi eða í íslenzkri landhelgi og á skipum innan landhelgi, nema með sérstöku leyfi, og ef leyfisskilyrðum er ekki fullnægt, má afturkalla leyfið og taka stöðina niður.

Í 19. gr. sömu reglug. er heimild fyrir ráðuneytið að banna öll loftskeytaviðskipti innan íslenzkrar landhelgi, bæði frá ísl. og erlendum skipum, og ráðuneytinu heimilað að gera þær ráðstafanir, er nauðsynlegar þykja til þess að banninu verði hlýtt. Og í sömu gr. er loks ákveðið, að ráðuneytið geti látið hafa

eftirlit með öllum loftskeytum, „sem að þess áliti geta verið skaðleg velferð landsins“.

Í 20. gr. reglug. er svo ákveðið, að brot gegn fyrirmælum reglug. varði sektum, allt að 10000 kr., eða allt að 6 mánaða fangelsi, ef afbrotið valdi ekki þyngri refsingu. Óleyfileg gerð eða notuð tæki skulu upptæk.

Þó að lög 82/1917 og reglug. 32/1918 heimili nokkurt eftirlit með loftskeytastöðvum yfirleitt, sbr. fyrirsögn laga 82/1917, þá er það þó bersýnilegt, að tilgangurinn með þeim fyrirmælum, sem þar er að finna, beinist alls ekki að loftskeytanotkun veiðiskipa. Þetta er og næsta eðlilegt. Þegar lögin frá 1917 voru sett, mun ekkert íslenzkt veiðiskip hafa haft loftskeytaútbúnað. Sá útbúnaður kom síðar til sögunnar. Og lögin frá 1917 og reglug. 1918 beinast sýnilega aðallega að því, að hindra skeytanotkun, sem „geta verið skaðleg velferð landsins“, og þar átt við ríkismálefni yfirleitt, en ekki eftirlit með landhelgisgæzlu.

Aftur á móti beinist frumv. um loftskeytanotkun veiðiskipa **eingöngu** að því, að koma í veg fyrir misnotkun loftskeyta í sambandi við ólöglegar landhelgisveiðar. Þess vegna er í frv., auk skyldunnar til þess að hafa fullkomin loftskeytatæki á öllum botnvörpuskipum, farið fram á það, að lögleiða þau **nýmæli** 1) **að** allir ísl. útgerðarmenn, sem hafa skip með loftskeytatækjum við veiðar hér við land, skuli skyldir að láta dómsmálaráðuneytinu í té lykil að hverju því dulmáli, sem notað kann að vera í skeytasendingum milli útgerðarmanns og veiðiskipa, eða íslenzkra veiðiskipa innbyrðis, 2) **að** landssímastöð og hvert ísl. veiðiskip með loftskeytatækjum skuli hafa sérstök eyðublöð frá dómsmálaráðuneytinu undir frumrit slíkra skeyta, 3) **að** hver sá, sem skeyti sendir til eða frá veiðiskipi, skuli undirrita á skeytið drengskaparvottorð um, að skeytinu sé ekki ætlað að stuðla að landhelgisbroti, forða sökunaut við töku eða gefa bendingu um ferðir varðskipa, 4) **að** skrá skuli í sérstaka bók á loftskeytastöðvum og veiðiskipum öll skeyti til og frá skipunum í töluröð, með nákvæmri stund og dagsetningu, 5) **að** loftskeytamenn varðskipa og starfsmenn loftskeytastöðva í landi skuli skyldir að bókfæra öll loftskeytaskipti milli veiðiskipa innbyrðis og skeytaskipti þeirra við land, 6) **að** landssímastjóra skuli senda frumrit allra loftskeyta, sem milli lands og skipa hafa farið á síðastliðnum mánuði, og skrásetningarbækur skuli senda dómsmálaráðuneyti, og að öll þessi skjöl séu látin sjávarútvegsnefndum Alþingis í té til rannsóknar, 7) **að** refsa megi útgerðarstjóra, skipstjóra eða öðrum, sem hagsmuna hafa að gæta og reynzt hafi sannir að sök um brot á fyrirmælunum, með 3—15 þús. kr. sekt, 8) **að** útgerð skips ábyrgist slíka sektargreiðslu, 9) **að** skipstjóri, sem reynzt hafi sannur að sök um misnotkun loftskeyta í þessu skyni, skuli í fyrsta sinn missa rétt til skipstjórnar í 1 ár og í annað sinn missa skipstjóraréttindi fyrir fullt og allt, og 10) **að** svipta megi útgerðarstjóra eða skipstjórnarmenn rétti til loftskeytaskipta milli lands og veiðiskipa.

Öll þessi 10 atriði, sem nú hafa verið talin upp úr frv., eru nýmæli, sem hvorki fyrirfinnast í lögum frá 1917 né reglugerð frá 1918. Og öll þessi nýmæli hafa það sammerkt, að þau miða að því að koma í veg fyrir misnotkun loftskeyta í þágu landhelgisbrota. En eldri lög og fyrirmæli um rekstur loftskeytastöðva höfðu engin sérstök ákvæði að geyma, sem sérstaklega miðuðu að þessu.

Niðurstaðan af þessari athugun verður því sú, að lög 82/1917 og reglugerð 32/1918 séu

ekki að neinu sérstöku leyti sett til þess að koma í veg fyrir misnotkun loftskeyta á veiðiskipum, og hafi því að sáralitlu leyti í sér fólgin ákvæði, sem hægt sé að beita sérstaklega í því skyni. Aftur á móti er frv. til laga um loftskeytatæki á botnvörpuskipum og um eftirlit með loftskeytanotkun íslenzkra veiðiskipa sérstaklega flutt til þess, eins og fyrirsögn þess ber með sér, að koma í veg fyrir slíka misnotkun, enda er í frv. að finna mörg nýmæli, er miða að þessu marki".

Nd. 159. Breytingartillaga

við frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt (stjfrv.).

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Við 22. gr. Stafliður b. orðist svo:

Búpening skal meta svo sem hann væri framgenginn í fardögum næstu á eftir og eftir verðlagi síðustu verðlagsskýrslu hvers hrepps.

Nd. 160. Breytingartillaga

við frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt (þskj. 4).

Frá Sigurði Eggerz.

Við 12. gr. h-lið skal orða svo:

Aukaútsvör og tekjuskatt og eignarskatt.

Nd. 161. Nefndarálit

um frv. til laga um sjóveitu í Vestmannaeyjum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er á einu máli um það, að full ástæða sé til að láta að óskum Vestmannaeyinga, um að veita þeim einkarétt til að koma þar upp sjóveitu til fiskþvottar, og fellst í öllum aðalatriðum á þær ástæður, sem fyrir nauðsyn þessa máls eru færðar í greinargerð frv.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt, þó með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. 2. málsgr.
   a) Á eftir orðunum »eftir mati« komi: dómkvaddra manna.
   b) Í stað orðanna »jarðrask í óræktuðu landi« komi: jarðrask á óræktuðu landi.
2. Við 3. gr. 1. málsgr. Í stað orðanna »ákveðið gjald — heppilegra þykir«, komi: eftir gjaldskrá, sem atvinnumálaráðherra setur, að fengnum tillögum bæjarstjórnar.
3. Við 3. gr. 2. málsgr. Í stað orðsins »húseigandi« komi: þvottahúseigandi.
4. Við 6. gr. Í stað »og« komi: eða.
5. Við 7. gr. Síðari málsl. hennar orðist þannig:
   Sá, sem veldur skemmdum með vítaverðu gáleysi, skal bæta skaðann.
6. Við 8. gr. Á eftir orðunum »brot á henni« komi: allt að 500 kr.
7. Við 9. gr. Aftan við greinina bætist: nema um brot sé að ræða á hinum almennu hegningarlögum.

Alþingi, 14. marz 1931.

Magnús Torfason, form.	Jón Ólafsson, framsögum.	Héðinn Valdimarsson, fundaskrifari.
Magnús Guðmundsson.	Lárus Helgason.	

Nd. 162. Nefndarálit

um frumv. til laga um læknishéraðasjóði.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir klofnað í þessu máli, þannig, að meiri hl. leggur til, að frv. verði fellt, en minni hl. (HV) mun vilja, að það gangi fram.

Í framsögu verður gerð grein fyrir afstöðu meiri hl.

Alþingi, 14. marz 1931.

Magnús Torfason, form.	Magnús Guðmundsson, frsm.
Jón Ólafsson.	Lárus Helgason.

Ed. 163. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 32, 11. júlí 1911, um úrskurðarvald sáttanefnda.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og leggur einróma til, að það nái fram að ganga. Hinsvegar telur nefndin eigi rétt að leggja á sáttanefndirnar þá aukna vinnu, sem ætla má að leiði af lögunum, án þess að hækka nokkuð þóknun til þeirra fyrir uppkvaðningu úrskurða. Ber nefndin því fram svofellda

VIÐAUKATILLÖGU:

Á eftir frv.greininni, sem verður 1. gr., komi ný grein, er verður 2. gr., svo hljóðandi:

9. gr. laganna orðist svo:

Fyrir uppsögu og bókun úrskurðar greiðist tveggja króna gjald til hvers sáttanefndarmanns, er þar á hlut í, ef kröfuupphæð fer fram úr 50 kr., en að öðrum kosti ein kr. Fyrir endurrit úr sáttabók greiðist 50 aurar fyrir hverja örk hálfa eða þaðan af minna.

Alþingi, 13. marz 1931.

Ingvar Pálmason, form.	Pétur Magnússon, frsm.	Erlingur Friðjónsson, fundaskrifari.

Nd. 164. Breytingartillögur

við frv. til laga um kirkjur.

Flutningsm.: Jón Sigurðsson.

1. Við 14. gr. síðari málsgr. Á eftir „lénskirkju“ komi: og bændakirkju.
2. Við 17. gr. Á eftir „áminningar prófasts“ komi: og samþykkt safnaðarfundar.

Nd. 165. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 31. maí 1927, um iðju og iðnað.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Í stað orðsins „skal“ komi: má.
2. Við 3. gr. 1. málsl. 2. málsgr. orðist svo: Þeim, sem höfðu rétt til að reka iðn eða hafa nemendur hinn 1. jan. 1928, og þá ráku sjálfstæða iðn, skal afhenda ókeypis iðnbréf eða meistarabréf innan 3 mánaða frá því, er lög þessi öðlast gildi.

Alþingi, 14. marz 1931.

Magnús Torfason, form. Magnús Guðmundsson, frsm. Héðinn Valdimarsson, fundaskrifari.
Lárus Helgason. Jón Ólafsson.

Ed. 166. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 16, 20. júní 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum.

Flutningsm.: Halldór Steinsson og Pétur Magnússon.

1. gr.

5. gr. laganna orðist þannig:

Í hverju héraði skal héraðslæknir veita þeim sjúklingum, sem haldnir eru af kynsjúkdómum, ókeypis læknishjálp, ef hann telur þá þurfa þess með. Nær sú hjálp til allrar læknishjálpar, nauðsynlegra rannsókna og lyfja, og skal hún greidd úr ríkissjóði samkvæmt gjaldskrá héraðslækna og gildandi lyfjaskrá.

Þó skal fela sérfræðingum, þar sem þeir eru fyrir hendi, að veita þessa læknishjálp, auk héraðslæknis. Ber þeim borgun eftir því, sem ráðherra ákveður, í samráði við landlækni.

2. gr.

6. gr. laganna skal orða svo:

Nú ber brýna nauðsyn til að leggja sjúkling með kynsjúkdóm á sjúkrahús, og veitir þá ríkið slíkum sjúklingum ókeypis spítalavist, ef læknir telur þess þörf. Eigi færri en 10 sjúkrarúm skulu tryggð þessum sjúklingum á einhverju því sjúkrahúsi í Reykjavík, sem landlæknir telur fullnægjandi.

Sjúklinga þessa skulu þeir sérfræðingar í Reykjavík stunda, sem heilbrigðisstjórnin hefir á hverjum tíma ráðið til þess að hafa þessar lækningar á hendi.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Kynsjúkdómar hafa færzt mjög í vöxt hér á landi síðustu ár, einkum lekandi.

Eftir heilbrigðisskýrslum hefir fjöldi lekandasjúklinga verið:

Árið	1925	258 sjúklingar
—	1926	340 —
—	1927	348 —
—	1928	407 —

og árið 1930 mun tala lekandasjúklinga vera komin upp í 500. Langmestur hluti þessara sjúklinga er hér í Reykjavík.

Nú hefir ástandið verið þannig til þessa, að nálega hefir verið ókleift að koma þessum sjúklingum í sjúkrahús, jafnvel þó brýna nauðsyn bæri til. Að vísu hefir landspítalinn síðan hann tók til starfa getað veitt nokkrum sjúklinga viðtöku, en búast má við, að kynsjúkdómar verði einnig þar látnir sitja á hakanum fyrir öðrum sjúkdómum, þegar aðsókn að spítalanum vex.

Aðalatriðið er það, að til séu ætíð nokkur sjúkrarúm, sem séu sérstaklega ætluð kynsjúkum og ekki megi nota handa öðrum sjúklingum, og að viss hluti sjúklinganna eigi kost á ókeypis sjúkrahúsvist, eins og tíðkast í öðrum löndum.

Þeir, sem einkum þurfa þessarar hjálpar með, eru sjúklingar, sem búa við svo slæmar heimilisástæður, að þeir geta ekki stundað sjúkdóminn í heimahúsum, og ennfremur þeir, sem af kæruleysi vanrækja lækninguna, jafnvel þó þeim sé kunnugt um sjúkdóminn, og þá oft verða valdir að sýkingu annara á þeim tíma, sem læknir hefði haldið þeim í sjúkrahúsi, ef þess hefði verið kostur.

Þó breyting þessi hafi nokkur aukin útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð, þá fara þau aldrei fram úr vissu marki, þar sem ákveðið er, hver sjúklingafjöldinn megi vera mestur. Kostnað af hverju sjúkrarúmi mætti miða við daggjöld annara sjúklinga í sjúkrahúsum ríkisins. Þess ber einnig að gæta, að ávallt munu nokkrir sjúklingar greiða fyrir sig sjálfir. Auk þess verður ekki hjá því komizt, þó þetta frumvarp nái ekki fram að ganga, að það opinbera verður ætíð að greiða sjúkrakostnað sumra þessara sjúklinga, en þá sem fátækrastyrk.

Ef frumvarp þetta öðlast lagagildi, mundum vér einnig geta tekið þátt í „Hinni alþjóða ókeypis læknishjálp fyrir farmenn með kynsjúkdóma“, sem Ísland hefir enn ekki getað gerzt meðlimur í, sökum þess, að hér hefir engin sjúkrahúsdeild fyrir slíka sjúkdóma verið til. Þó fjöldi íslenzkra sjómanna hafi á síðustu árum orðið þessarar ókeypis læknishjálpar og sjúkrahúsvistar aðnjótandi í erlendum hafnarbæjum, má búast við, að vér missum þessi hlunnindi, ef vér ekki á sama hátt getum veitt sjúklingum annara þjóða viðtöku.

Ákvæðið í núgildandi lögum um varnir gegn kynsjúkdómum, að sjúklingar þeir, sem leita ókeypis lækninga, skuli skrifa undir drengskaparvottorð um, að þeir geti ekki greitt lækniskostnað sinn, þekkist hvergi í hliðstæðum lögum annara þjóða, og margir sjúklingar vilja heldur fara á mis við læknishjálp en skrifa undir slíka yfirlýsingu. Verði frumvarp þetta að lögum, fellur þetta ákvæði niður.

Frumvarpið miðar í stuttu máli að því:

1. að gera sjúklingum með kynsjúkdóma sem auðveldast að leita sér lækninga.
2. að gera læknum kleift að einangra sjúklinga í sjúkrahúsi þann tíma, sem mest smitunarhætta stafar af þeim.
3. að börn og fullorðnir, sem búa í svo þröngum húsakynnum, að þeir geta ekki stundað sjúkdóm sinn í heimahúsum, eigi kost á sjúkrahúsvist án þess að þurfa að þiggja fátækrastyrk.

Ed. 167. Nefndarálit

um frv. til laga um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Leggur meiri hluti nefndarinnar til, þeir Ingvar Pálmason og Erlingur Friðjónsson, að frumvarpið verði samþ. óbreytt, en minni hlutinn, Pétur Magnússon, er andvígur því.

Alþingi, 14. marz 1931.

Ingvar Pálmason, form.	Erlingur Friðjónsson, fundaskrifari og frsm.	Pétur Magnússon.

Nd. 168. Nefndarálit

um frumvarp til laga um verðtoll.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Ég hefi orðið í minni hluta með tillögur mínar um þetta frv. Eins og frv. er og með brtt. meiri hlutans, er haldið uppi hátollum á margvíslegum nauðsynjavörum almennings, ýmsir þeirra jafnvel stórkostlega hækkaðir, t. d. skófatnaður, smjörlíki og mjólk. Auk þess er haldið við og aukið verndartollakerfi það, sem á síðustu árum hefir komizt inn í löggjöfina. Fiskmeti, kjöt, egg, kex o. fl. nauðsynjavörur eru tollaðar með 21½%, mjólk, smjör, smjörlíki, ostar og margvíslegar fleiri nauðsynjavörur með 11½% og flestallar aðrar nauðsynjavörur með 6½%. Hvorttveggja, hátollarnir yfirleitt og verndartollar

á íslenzkum framleiðsluvörum eru mjög ranglátur tekjustofn, sem kemur harðast niður á hinum fátækustu og eykur dýrtíðina í landinu. Ég er fylgjandi tillögu þm. Ísaf. (HG), að fella alveg niður C- og D-liði 9. gr. frv., sem fjalla eingöngu um nauðsynjavörur, og legg til, að brtt. hans á þskj. 50 verði samþ., einnig sú, að allsherjarverðtollurinn verði lækkaður um ⅓, niður í 1%.

Tekjumissir sá, sem af þessu yrði, næst aftur, ef frv. þm. Ísaf. (HG) um tekju- og eignarskatt og fasteignaskatt verða samþykkt, og er það skattafyrirkomulag ólíkt meira sniðið eftir gjaldþoli manna. Auk þess ber ég fram við frv. eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU:

Við 9. gr. B. Niður falli úr liðnum: „Ávextir og grænmeti, þurkað, saltað, niðursoðið og syltað. Egg, ný, niðursoðin og eggjaduft. Fiskur, nýr, ísvarinn, niðursoðinn, hertur og saltur. Kex kökur og brauð hverskonar. Kjöt og kjötmeti, nýtt, ísvarið, niðursoðið, saltað og hert. Mótorhjól og reiðhjól".

Alþingi, 13. marz 1931.

Héðinn Valdimarsson.

Ed. 169. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 27, 27. júní 1921, um aukatekjur ríkissjóðs.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar (IP og JÞ) leggur til, að frv verði samþykkt. Minni hl. (JBald) er andvígur frv.

Alþingi, 13. marz 1931.

Ingvar Pálmason, form. og frsm. meiri hl.

Jón Þorláksson.

Ed. 170. Nefndarálit

um frv. til laga um einkasölu ríkisins á tóbaki og eldspýtum.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Mál þetta hefir verið borið fram á undanförnum þingum og færð fyrir því gild rök, að einkasala á tóbaki mundi gefa ríkissjóði eigi minna en 200

þúsund krónur á ári. Er þetta sérstaklega ítarlega rakið í greinargerð frv. á þinginu 1929 (A. 1929, þskj. 198).

Ein af ástæðum þeim, sem færðar hafa verið fram gegn frv., er það, að tekjur ríkissjóðs mundu verða minni af einkasölunni fyrsta árið, vegna mikilla tóbaksbirgða hjá kaupmönnum, er þeir mundu draga að sér, rétt áður en einkasalan tæki til starfa. En við þessu eru nokkrar varnir settar í 7. gr. frv., þar sem ríkisstjórninni er heimilað að neita um frest á tollgreiðslu af tóbaksvörum frá 1. sept. næstk.

Til að tryggja það, að lögin verði þá komin í gildi, flytur meiri hlutinn þá breytingartillögu við frv., að lögin gangi í gildi þegar er þau hafa hlotið staðfestingu.

Þótt hinsvegar meiri birgðir væru til um áramót en venjulega, er stöfuðu af auknum innflutningi tóbaks vegna laga þessara, þá hefir ekki annað skeð en að ríkissjóðurinn hefir fengið tolltekjur af tóbaksvörum nokkrum mánuðum fyrr en annars mundi, og verður það varla talið skaða ríkissjóð.

Það er nýtt í þessu frv., að eldspýtur eru teknar með tóbakinu. Innflutningur á eldspýtum var árið 1928 um 70 þúsund kr., og má gera ráð fyrir, að af þessu ættu að geta orðið nokkrar tekjur, án þess verðlag hækkaði í smásölu.

Meiri hluti fjárhagsnefndar leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU.

Á eftir 15. grein komi ný grein, svo hljóðandi:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 14. marz 1931.

Ingvar Pálmason, form.	Jón Baldvinsson, fundaskrifari og frsm. meiri hl.

Nd. 171. Breytingartillögur

við frv. til laga um kirkjur.

Frá Sveini Ólafssyni og Ásgeiri Ásgeirssyni.

1. Við 1. gr. Á eftir »kirkjur« komi: bænhús.
2. Við 2. gr. Á eftir »kirkjur« í 1. tölulið komi: bænhús.
3. Við 17. gr. Fyrir »1.—9. gr.« komi: 1.—8. gr.
4. Við fyrirsögn IV. kafla. Fyrirsögnin hljóði svo: IV. Önnur ákvæði.
5. Við 18. gr. Greinin falli niður.
6. Við 19. gr. Greinin falli niður.

7. Við 20. gr. Greinin falli niður.
8. Við 21. gr.
   a) Fyrri málsgr. orðist svo:
      Sóknarnefnd aðstoðar prest um allt, sem lýtur að góðri skipun safnaðarmála, eflingu trúarlegs áhuga, viðhaldi fagurra helgisiða og skreyting kirkju.
   b) Í stað »Sérstaklega skal kirkjunefnd« í síðari málsgr. komi: Sóknarnefnd skal og.
9. Við 22. gr. Í stað »kirkjunefndir« komi: sóknarnefndir.
10. Við 23. gr. Í stað »sóknar- og kirkjunefnda« komi: sóknarnefnda.

Greinatalan breytist eftir niðurstöðu við atkvæðagreiðslu.

Nd. 172. Nefndarálit

um frv. til laga um verðtoll.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

3 nefndarmanna eru ásáttir um að mæla með því, að frv. sé samþ. með nokkrum breytingum á 8. gr. frv. Einn nefndarm. (HV) hefir sérstöðu og mun gera grein fyrir henni í sérstöku nál. Einn nefndarmanna (ÓTh) hefir óbundið atkvæði um málið.

Brtt. lúta að því, ýmist að gera skýlausari ákvæði um einstakar vörutegundir, sem ætla má, að féllu undir vöruflokk greinarinnar, hvort sem þær væru upp taldar eða ekki, og að hinu leytinu viðbót við undanþáguflokkinn.

Um tilfærslu á vörum milli tollflokka hefir orðið umtal í nefndinni, en ekki náðst samkomulag um ákveðnar brtt.

Samkvæmt framansögðu leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frv. verði samþ. með svo hljóðandi

BREYTINGARTILLÖGUM:

Við 8. gr.

a. Stafliður a orðist svo: Aflvakar, aflvélar og frystivélar og hlutar í þær, nema í mótorhjól og mótorvagna, til kökugerðar, brjóstsykursgerðar og kvikmyndasýninga.
b. Nýr stafliður á milli e og f (stafl. breytast samkv. því): Fiskábreiður, fiskumbúðastrigi.
c. Aftan við staflið n bætist: Kennslutæki og vísindaáhöld.
d. Nýr stafliður á milli n og o: Rafmagnsperur.
e. Aftan við staflið q bætist: og loftskeytastöðva.
f. Aftan við staflið s bætist: Stálvírar og kaðlar.

g. Nýr stafliður á milli v og x: Útvarpstæki.
h. Nýr stafliður á milli v og x: Vindur (spil).

Alþingi, 14. marz 1931.

H. Stefánsson, form. og frsm. Sig. Eggerz. Ásgeir Ásgeirsson.

Nd. 173. Frumvarp

til laga um Útvegsbanka Íslands h/f.

Flutningsm.: Jón Ólafsson og Haraldur Guðmundsson.

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Nafn félagsins er „Útvegsbanki Íslands h/f". Í lögum þessum kallað Útvegsbankinn.

2. gr.

Heimili Útvegsbankans, aðalskrifstofa og varnarþing er í Reykjavík. Auk aðalskrifstofunnar má setja afgreiðsluskrifstofur í Reykjavík eftir þörfum, og útibú má stofna utan Reykjavíkur eftir því, sem þörf þykir og ástæður leyfa.

3. gr.

Hlutverk Útvegsbankans er að reka bankastarfsemi til styrktar sjávarútvegi, siglingum, verzlun og iðnaði landsmanna.

4. gr.

Ríkissjóður ábyrgist allt það fé, sem Útvegsbankinn eða útibú hans taka við til ávöxtunar með sparisjóðskjörum.

II. KAFLI.

Um hlutafé Útvegsbankans.

5. gr.

Hlutafé Útvegsbankans er 7 millj. og 500000 kr. Það er allt greitt og er allt jafnrétthátt.

Fulltrúaráðið getur, með samþykki fjármálaráðherra, ákveðið að auka hlutaféð um allt að 1 millj. kr. Til frekari aukningar hlutafjárins þarf ákvörðun hluthafafundar og samþykki fjármálaráðherra. Hlutafjárauka skal afla með al-

mennu útboði innanlands. Skulu þeir, sem þá eiga hluti í Útvegsbankanum, hafa næstu 3 mánuði eftir auglýsingu útboðsins forgangsrétt til að skrifa sig fyrir nýjum hlutum með ákvæðisverði. Að öðru leyti fer um hlutafjáraukningu þessa eftir fyrirmælum hlutafélagslaganna, eftir því, sem við getur átt.

6. gr.

Hlutabréf hljóða á handhafa, en skrá má þau á nafn í bókum Útvegsbankans, ef handhafi óskar þess.

Hlutabréfin eru að nafnverði kr. 25, 50, 100, 200, 1000, 5000 og 50000. Hefir hver flokkur sitt merki (A, B, C o. s. frv.) og þréf í hverjum flokki hafa framhaldandi tölumerki.

7. gr.

Halda skal skrá yfir hlutabréf, og skal þar tilgreina:

1. Útgáfudag hvers hlutabréfs.
2. Nafnverð þess, flokks þess og tölu.
3. Eigendaskipti að bréfi, ef þau hafa verið tilkynnt.
4. Ef hlutabréf hefir verið ónýtt með dómi eða með öðrum hætti.

8. gr.

Útvegsbankinn má ekki veita lán gegn tryggingu í hlutabréfum sjálfs sín og ekki má hann eiga þau, nema fjármálaráðherra leyfi, og aldrei meira en 10% alls hlutafjárins.

9. gr.

Nú glatast hlutabréf, stofn eða arðmiði, sem því fylgir, og gefur fulltrúaráðið þá út nýtt hlutabréf, stofn eða arðmiða til handhafa, er hann hefir fengið ógildingardóm á hinu glataða skjali.

Fulltrúaráði skal heimilt að gefa út til aðilja nýtt hlutabréf eða arðmiða, þótt ógildingardóms sé ekki aflað, ef fulltrúaráðið telur nægilega sannað, að bréfið eða arðmiðinn hafi glatazt, enda nemi nafnverð bréfsins eða upphæð arðmiðans ekki yfir 200 kr.

Ef hlutabréf, stofn eða arðmiði skemmist, en þó verður ekki villzt um flokk skjalsins, tölu þess eða efni, getur fulltrúaráðið gefið aðilja, á hans kostnað, nýtt skjal í staðinn, enda skili hann hinu skemmda skjali.

10. gr.

Enginn hluthafi ábyrgist skuldbindingar Útvegsbankans fram yfir nafnverð hlutabréfa sinna, sbr. þó 4. gr.

III. KAFLI.

Um starfsemi Útvegsbankans.

11. gr.

Útvegsbankinn rekur alla venjulega bankastarfsemi, svo sem:

1. Kaup og sölu víxla, tékka og annara ávísana.

2. Kaup og sölu erlends gjaldmiðils.
3. Lánveitingar gegn ábyrgð bæjar-, sveitar- og sýslufélaga, gegn sjálfskuldarábyrgð, handveði, veði í fasteign eða skipum og hverju öðru veði, sem veita má að lögum.
4. Innheimtur, erlendar sem innlendar.
5. Ávöxtun fjár á hlaupareikningi, gegn innlánsskirteini og með sparisjóðskjörum.
6. Geymsla verðmætra muna fyrir endurgjald.

12. gr.

Útvegsbankinn hefir sparisjóðsréttindi. En eiga skal hann að minnsta kosti sem svarar 10% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseldum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum, verðbréfum Landsbanka Íslands og öðrum jafntryggum verðbréfum. Verðbréfaeign þessa skal hækka upp í allt að 20%, ef fjármálaráðherra, að fengnum tillögum fulltrúaráðs bankans, telur þess þörf.

13. gr.

Samkv. heimild í 16. gr. laga nr. 46, 19. maí 1930, og samningi milli Útvegsbankans og atvinnumálaráðherra er Fiskiveiðasjóður sérstök deild í Útvegsbankanum með aðskildum fjárhag og sérstöku bókhaldi. Skal bankinn hafa á hendi stjórn sjóðsins og starfrækslu, en ber ekki ábyrgð á töpum, er hann kynni að verða fyrir.

Fiskiveiðasjóður tekur þátt í sameiginlegum rekstrarkostnaði með Útvegsbankanum eftir samkomulagi milli bankastjórnar og atvinnumálaráðherra.

IV. KAFLI.

Stjórn Útvegsbankans.

14. gr.

Með stjórn Útvegsbankans fara:

A. Hluthafafundir.
B. Fulltrúaráð.
C. Framkvæmdarstjórn.

A. UM HLUTHAFAFUNDI.

15. gr.

Hluthafafundir fara með málefni Útvegsbankans samkvæmt þeim fyrirmælum, er hér fara á eftir.

16. gr.

Aðalfund hluthafa skal halda í júnímánuði ár hvert, og skal til hans boðað með auglýsingu, er sé birt í Lögbirtingablaði og með að minnsta kosti 4 vikna fyrirvara, talið frá birtingu fundarboðs. Svo má og birta fundarboð í öðrum

blöðum samkvæmt ákvörðun fulltrúaráðs. Aukafundi skal halda eftir ákvörðun hluthafafunda eða fulltrúaráðs, enda skal boða þá með sama hætti sem aðalfund, en viku fyrirvari er þó nægur, ef fulltrúaráð telur þörf fundarhalds svo skjótlega. Fulltrúaráðið boðar til funda og undirbýr þá, ásamt framkvæmdarstjórn, að öðru leyti.

17. gr.

Á hluthafafundi fylgir 1 atkvæði hverjum 25 krónum í hlutafé, hver sem hlutafjáreign hvers aðilja er. Rétt er hluthafa að fela öðrum umboð til að fara með atkvæði sín á hluthafafundum.

18. gr.

Í fundarboði skal greina dagskrá fundarins, og má þar greiða atkvæði um þau ein mál, sem fundarboð greinir, og breytingartillögur við þau.

19. gr.

Á hluthafafundum ræður afl atkvæða, nema öðruvísi sé mælt í lögum þessum. Ef tillaga fær jafnmörg atkvæði með sér og móti, telst hún fallin. Ef tveir menn eða fleiri eða tveir listar eða fleiri fá jafnmörg atkvæði, þegar kjósa skal menn til starfa fyrir Útvegsbankann, skal hlutkesti ráða.

20. gr.

Hluthafafundur kýs sér fundarstjóra, en hann tilnefnir fundarritara með samþykki fundarins. Fundarstjóri stýrir fundi og sker úr öllum atriðum, er fundarhald varða. Þá er fundargerðir hafa verið lesnar upp og samþykktar, skal fundarstjóri og formaður fulltrúaráðs, ásamt ritara, undirrita þær.

21. gr.

Á dagskrá aðalfundar skal taka þessi mál og þeim lúka þar:

1. Skýrslu fulltrúaráðs um starfsemi Útvegsbankans síðastliðið starfsár.
2. Endurskoðaða reikninga hans fyrir síðastliðið reikningsár.
3. Tillögu um kvittun til framkvæmdarstjórnar fyrir reikningsskil.
4. Kosning fulltrúa í fulltrúaráð, sbr. 23. gr.
5. Kosning endurskoðenda.
6. Önnur mál, sem á dagskrá standa.

22. gr.

Hluthafafundur getur sett nánari reglur um fundi hluthafa Útvegsbankans. Ennfremur setur hluthafafundur reglugerð um nánari stjórn bankans og starfrækslu, eftir því, sem þörf gerist og að fengnum tillögum fulltrúaráðs og framkvæmdarstjórnar. Fjármálaráðherra staðfestir reglugerðir þessar.

B. FULLTRÚARÁÐIÐ.

23. gr.

Fulltrúaráðið er skipað 5 fulltrúum, kosnum hlutfallskosningum. Skulu fulltrúar vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja fundi fulltrúaráðs hvenær sem er. Fulltrúar skulu vera lögráða

menn, fjár síns ráðandi og með óflekkað mannorð, en ekki þurfa þeir að vera hluthafar.

24. gr.

Kjörtími fulltrúa er 4 ár. Ganga fulltrúar úr ráðinu 3 og 2 á víxl á hverjum tveggja ára fresti. Á aðalfundi árið 1932 ganga úr ráðinu þeir 3 fulltrúar, er kosnir voru á fyrsta aðalfundi síðast á hverjum lista eftir réttri hlutfallstölu. Fulltrúa má endurkjósa.

Nú verður autt sæti í fulltrúaráði milli aðalfunda hluthafa, og kýs þá fulltrúaráðið fulltrúa í staðinn til næsta aðalfundar, er kýs nýjan fulltrúa, og gegnir hann starfanum út kjörtíma þess, sem hann kemur í staðinn fyrir.

25. gr.

Fulltrúaráðið kýs sér formann og varaformann úr sínum hópi, og fer um kjörtíma þeirra samkvæmt 24. gr. Varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum hans.

Formaður kallar saman fundi fulltrúaráðs og stýrir þeim. Reglulega fundi skal halda 1. og 15. dag hvers mánaðar, eða næsta virkan dag á eftir, ef þessa daga ber á helgidag. Aukafundi skal halda, þegar formaður eða meiri hluti fulltrúaráðs eða framkvæmdarstjórn telur þess þörf.

Fundi fulltrúaráðs skal halda í Reykjavík. Eru þeir lögmætir, ef 3 fulltrúar eru á fundi. Ekki verður ályktun gerð, nema 3 fulltrúar hið fæsta greiði atkvæði. Afl atkvæða ræður úrslitum, nema öðruvísi sé mælt í lögum þessum eða öðrum lögmætum fyrirmælum. Ef atkvæði eru jöfn, ræður þó atkvæði formanns úrslitum. Fulltrúi, er ekki getur sjálfur sótt fund, getur falið öðrum fulltrúa, sem fundinn sækir, að fara með atkvæði sitt, eða sent fundinum það skriflega.

Launakjör fulltrúaráðs skulu ákveðin í reglugerð.

26. gr.

Fulltrúaráðið hefir æðstu forstöðu Útvegsbankans, nema þar sem öðruvísi er ákveðið í lögum þessum. Því ber þess vegna:

1. Að ákveða tölu framkvæmdarstjóra (bankastjóra), laun þeirra, verkaskiptingu og ráðningarkjör að öðru leyti, setja þeim erindisbréf, ráða þá og veita þeim lausn frá starfanum.
2. Að koma fram fyrir hönd Útvegsbankans fyrir dómstólum, gagnvart stjórnarvöldum og þriðja manni.
3. Að segja fyrir um og hafa eftirlit með starfrækslu bankans, þar á meðal ákveða forvöxtu, innlánsvöxtu og útlánsvöxtu hans, að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnar.
4. Að ákveða, með samþykki framkvæmdarstjórnar, hvar bankinn skuli hafa útibú, hversu útibú skuli fengið mikið fé til umráða, að ráða forstjóra útibúa, ákveða ráðningarkjör þeirra, setja þeim erindisbréf og veita þeim lausn, allt að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnar.
5. Að hafa eftirlit með því, að endurskoðendur ræki starfa sinn óaðfinnanlega.
6. Að skipa bókara og féhirði Útvegsbankans og setja þeim starfsreglur, svo og

að veita þeim lausn frá starfanum og að ákveða tryggingu þá, er féhirðir skuli setja, allt að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnar.
7. Að setja reglur um laun starfsmanna Útvegsbankans.
8. Að skera úr ágreiningi, er koma kynni upp milli framkvæmdarstjóra og starfsmanna bankans.
9. Að taka ákvarðanir um afskrifun skulda, án gjaldþrotaskipta skuldunauta, að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnar.
10. Að setja reglur, að fengnum tillögum framkvæmdarstjóra, um það, hvernig þeir megi binda Útvegsbankann með undirskrift sinni, hvort og hvernig aðrir starfsmenn hans megi binda hann ásamt framkvæmdarstjóra með undirskrift sinni, svo og að kveða á um það, hverjir starfsmenn bankans skuli geta skuldbundið hann í tilteknum málum með undirskrift sinni.
11. Að ráða fram úr öðrum málum, sem ekki eru til hluthafafunda eða framkvæmdarstjórnar lögð, og þeim málum, sem hluthafafundur eða framkvæmdarstjórn skjóta til fulltrúaráðsins.

27. gr.

Fulltrúaráðið og hver einstakur fulltrúi hefir aðgang að öllum bókum Útvegsbankans og skjölum.

28. gr.

Allt það, sem fulltrúaráðið lætur skriflega frá sér fara, skal undirritað af formanni og einum hinna fulltrúanna. Útvegsbankinn ábyrgist allar skuldbindingar, sem fulltrúaráðið undirgengst stöðu sinni samkvæmt fyrir hans hönd.

C. FRAMKVÆMDARSTJÓRNIN.

29. gr.

Framkvæmdarstjórnin hefir á hendi daglega stjórn Útvegsbankans samkvæmt reglum þeim, sem henni eru eða verða settar samkvæmt lögum þessum.

Framkvæmdarstjórar mega ekki hafa á hendi embætti eða sýslan, sem ekki er lögskylt að gegna, ekki reka sjálfir atvinnu eða vera í stjórn atvinnufyrirtækja. Þeir mega ekki heldur vera skuldskeyttir Útvegsbankanum eða útibúum hans, hvorki sem aðalskuldunautar eða ábyrgðarmenn, né heldur hafa milligöngu fyrir aðra um lántöku í bankanum eða útibúum hans.

Framkvæmdarstjórn ræður alla starfsmenn Útvegbankans, ákveður starfskjör þeirra og veitir þeim lausn, nema öðruvísi sé mælt í lögum þessum eða öðrum lögfullum ákvörðunum.

30. gr.

Fulltrúaráðið, endurskoðendur, framkvæmdarstjórn og allir aðrir starfsmenn Útvegsbankans skulu skyldir að gæta fullkominnar þagnarskyldu um allt það, er varðar hagi viðskiptamanna hans og þeir fá vitneskju um vegna starfsemi sinnar í þarfir bankans.

V. KAFLI.

Sérréttindi Útvegsbankans.

31. gr.

Heimilt er Útvegsbankanum að hafa í umferð seðla, er nemi allt að 4 millj. kr., en draga skal hann úr umferð frá 1. jan. 1934 að telja árlega jafna upphæð seðla þessara og hafa að fullu lokið inndrættinum 31. des. 1941. Nánari reglur um inndrátt seðlanna getur fjármálaráðherra sett, að fengnum tillögum fulltrúaráðs. Fjármálaráðherra ákveður með sama hætti, hvort nota skuli seðla hins fyrrverandi Íslandsbanka eða hvort gera skuli nýja seðla, enda ákveður hann þá í samráði við fulltrúaráðið gerð og tilhögun seðlanna. Seðlar samkvæmt þessari grein skulu vera löglegur gjaldeyrir í ríkissjóð og aðra opinbera sjóði og löglegur gjaldeyrir manna á milli.

Eftirmyndun og fölsun seðlanna varða refsingu þeirri, er í 266. gr. almennra hegningarlaga getur. Brotin eru fullkomnuð jafnskjótt sem seðill hefir verið falsaður eða eftirgerður, þótt hann hafi ekki verið settur í umferð.

32. gr.

Útvegsbankanum er skylt, þegar Alþingi kveður svo á, að greiða seðlana handhafa með löglegri, gjaldgengri gullmynt, eftir ákvæðisverði þeirra, enda samsvari það heilli tölu gullmynta, en ella í gjaldgengri skiptimynt.

Til tryggingar seðlunum skal Útvegsbankinn eiga:

1. Gullforða, er nemi ⅜ af ákvæðisverði þess seðlamagns, sem úti er hverju sinni.
2. Vissa og auðselda eign til tryggingar ógulltryggða hluta seðlanna, þannig að 125 krónur komi á móti hverjum 100 kr. í seðlum.

33. gr.

Til gullforða telst:

a. Lögleg, gjaldgeng gullmynt.
b. Ómyntað gull og erlend gullmynt, sem nemi minnst 2480 kr. fyrir hvert kílógramm af skíru gulli.
c. Skuldlaus innstæða í erlendum bönkum, sem greidd verður, þegar krafizt er og fulltrúaráðið telur fulltryggða, þó ekki yfir ¼ gullforðans. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá síðastnefnda ákvæðinu, þar til Alþingi hefir gert ákvörðun þá, er í upphafi 1. málsgr. 33. gr. segir.

Gullforðinn samkvæmt a. og b. skal ávallt vera fyrir hendi í bankanum. Þó má til gullforða telja gull það, sem sannað er að sé á leið hingað frá útlöndum, þó ekki meira en 200000 kr. í einu.

34. gr.

Til eigna þeirra, er tryggja skal seðlamagn það, er gullforðinn nægir ekki til, skal teljast:

1. Auðseld, opinber verðbréf, eftir gangverði.
2. Önnur verðbréf, sem skráð eru á kauphöllum, að hlutabréfum undanteknum.
3. Víxlar, hvort sem þá skal greiða innanlands eða erlendis.
4. Skuldlaus innieign í erlendum bönkum, er krefja má innan 6 mánaða.
5. Skuldabréf, sem gefin eru út fyrir lánum gegn handveði í samskonar verðbréfum sem í 1. og 2. tölul. segir.

35. gr.

Útvegsbankanum skal skylt að gefa fjármálaráðherra á hverjum mánaðarfresti skýrslu um þá seðlafúlgu, sem í umferð var 1. dag hvers mánaðar, og um tryggingu fyrir henni, enda skal birta skýrslur þessar jafnóðum í Lögbirtingablaði.

Ef það kemur í ljós, að fyrirmæli laga þessara um seðla eða seðlatryggingu hafa verið brotin, ber fulltrúaráði og framkvæmdarstjórn að koma málinu í löglegt horf innan þess tíma, er fjármálaráðherra ákveður.

36. gr.

Útvegsbankanum er skylt að selja Landsbanka Íslands með nafnverði það af gullforða sínum, er ekki þarf til tryggingar seðlum hans, og má því ekki láta af hendi neitt af forða þessum né binda hann, svo að í bága komi við kauprétt Landsbankans, nema hann hafi afsalað sér kauprétti eða leyft ráðstöfunina.

37. gr.

Um skyldu Landsbanka Íslands til þess að endurkaupa viðskiptavíxla Útvegsbankans fer með þeim hætti, er segir í 69. gr. laga nr. 10, 15. apríl 1928, um skyldu Landsbankans til endurkaupa á viðskiptavíxlum Íslandsbanka, enda skal svo með fara sem Útvegsbankinn hefði til verið 31. okt. 1922 og seðlavelta hans þá 8 milljónir króna.

38. gr.

Nú glatast viðtökuskírteini, er Útvegsbankinn hefir gefið út fyrir handveði, geymslufé eða innláni, eða viðskiptabók fyrir sparisjóðsfé, innláni eða öðrum innlögum, og getur framkvæmdarstjórnin þá stefnt til sín handhafa skírteinis viðskiptabókar eða skírteinis með 6 mánaða fyrirvara, enda sé stefnan birt þrisvar sinnum í Lögbirtingablaði. Ef enginn hefir gefið sig fram áður en frestur er liðinn, má greiða þeim, er lýst hefir skírteini eða viðskiptabók týnda eða glataða, upphæðina, án þess að aðrir, er kynnu að hafa fengið rétt yfir bók eða skírteini eða til þeirra, geti þess vegna búið kröfu á hendur bankanum.

39. gr.

Rétt er að leggja fé ólögráða manna og almenningsstofnana á vöxtu í Útvegsbankanum og útibúum hans.

40. gr.

Fé það, sem lagt hefir verið í Útvegsbankann, ásamt vöxtum þess, er undanþegið kyrrsetningu og lögbanni, meðan það stendur þar

41. gr.

Rétt er Útvegsbankanum að áskilja sér hærri vöxtu en 6 af hundraði á ári af útlánum tryggðum með fasteignarveði.

42. gr.

Nú er óskað láns gegn veði í fasteign eða skipi, og skal þá gefa vottorð um fasteignina eða skipið endurgjaldslaust úr afsals- og veðmálabókum, ef framkvæmdarstjórn Útvegsbankans krefst þess, enda sé vottorðið ætlað honum einum til afnota.

43. gr.

Útvegsbankinn getur samið svo við þá skuldunauta sína, er veita honum veð í fasteign eða skrásettu skipi, að veðið megi selja á nauðungaruppboði án undangenginnar sáttar, dóms eða aðfarar, að undangenginni tilkynningu til veðsala með 3 vikna fyrirvara á heimili hans, ef það er hér á landi og veðhafa kunnugt, eða annarskostar tilkynningu með sama fyrirvara í Lögbirtingablaði, og sé uppboð síðan auglýst og haldið lögum samkvæmt.

44. gr.

Ekki missir Útvegsbankinn kröfu sína, þótt veð glatist fyrir óhapp.

45. gr.

Útvegsbankinn hefir rétt til að láta starfsmenn sína selja handveð sín á uppboði á hverjum þeim stað, er henta þykir, en gera skal hann veðsala viðvart í votta viðurvist með 8 daga fyrirvara. Nú er veðsali ókunnur, heimilisfastur erlendis eða ókunnugt um heimilisfang hans, og skal þá stefna honum með auglýsingu, birtri með 14 daga fyrirvara í Lögbirtingablaði, til þess að leysa veðið.

46. gr.

Útvegsbankinn er undanþeginn öllum persónulegum opinberum sköttum og skyldum til ríkissjóðs, sveitar-, bæjar- og sýslufélaga og annara opinberra sjóða eða stofnana. Gjöld, er hvíla á sérstökum eignum, greiðir bankinn ekki heldur af eign, er hann notar sérstaklega til rekstrar starfsemi sinnar.

Bækur Útvegsbankans, ávísanir, hlutabréf, arðmiðar og aðrar skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrétt, og framsöl þeirra eru undanþegin stimpilgjaldi.

VI. KAFLI.

Reikningsskil, endurskoðun, skipting ágóða og varasjóður.

47. gr.

Starfsár Útvegsbankans er almanaksárið. Skal ársreikningi lokið fyrir marzmánaðarlok, og sé hann jafnskjótt sendur endurskoðendum, en yfirlit yfir hag Útvegsbankans skal gera mánaðarlega og birta í Lögbirtingablaði.

48. gr.

Aðalfundur hluthafa kýs 2 endurskoðendur með hlutfallskosningu til eins árs í senn. Endurskoðendur skulu vera bókhaldsfróðir menn og leiknir í endurskoðun reikninga. Þeir mega ekki vera í þjónustu Útvegsbankans að öðru leyti, enda má jafnt kjósa þá úr flokki hluthafa sem utan hans. Þeir skulu rannsaka allt reikningshald og alla reikninga bankans, enda er þeim jafnan heimill aðgangur að öllum bókum hans og skjölum.

Fyrir aprílmánaðarlok skulu endurskoðendur hafa lokið endurskoðun á ársreikningi Útvegsbankans, og ber þeim þá þegar að senda hann framkvæmdarstjórn, ásamt athugasemdum sínum.

Í síðasta lagi 2 vikum fyrir aðalfund hluthafa skal framkvæmdarstjórnin hafa samið svör sín við athugasemdum endurskoðenda, og skulu þau liggja hluthöfum til sýnis ásamt ársreikningi.

Hluthafafundur getur sett nánari reglur um starf endurskoðenda og laun, að fengnum tillögum fulltrúaráðs.

49. gr.

Áður en ársreikningur sé gerður, skal stjórn Útvegsbankans gera sér grein fyrir því eftir föngum, hversu mikið ætla megi, að tapist af skuldum, sem þó þykir ekki ástæða til að afskrifa þá þegar. Skal hún gera tillögur til aðalfundar um það, hversu háa upphæð leggja skuli til hliðar fyrir þessum væntanlegu töpum, og dregst sú upphæð frá tekjuafgangi ársins.

50. gr.

Ágóða samkvæmt ársreikningi, að frádregnu því, sem gengur til afskrifta á eignum Útvegsbankans, og því, sem lagt er til hliðar fyrir væntanlegum töpum, skal varið svo sem hér segir:

1. Ef hreinágóði nemur 4% af hlutafé eða minna, rennur hann óskiptur í varasjóð. Þegar varasjóður er orðinn 50% af hlutafé, er þó ekki skylt að leggja í hann meira en 2% af hlutafénu.
2. Hreinágóða fram yfir 4% af hlutafé og upp í 8% skal úthluta til hluthafa, í réttu hlutfalli við hlutafjáreign þeirra, enda standi hundraðshluti sá, sem út er hlutað, jafnan á heilum eða hálfum.
3. Hreinágóða, sem verða kynni fram yfir 8% af hlutafé, ráðstafar aðalfundur, að fengnum tillögum fulltrúaráðs.

51. gr.

Ef árságóði hrekkur ekki fyrir töpuðum skuldum eða til afskrifta á öðrum eignum Útvegsbankans, skal það, sem á vantar, tekið af varasjóði.

VII. KAFLI.

Niðurlagsákvæði.

52. gr.

Tillögu um félagsslit má bera upp á hluthafafundi. En ekki verður hún löglega samþykkt, nema á fundi séu greidd atkvæði fyrir að minnsta kosti ⅔ hlutafjárins, enda verði ⅔ greiddra atkvæða með tillögunni. Nú hafa ekki kom-

ið fram á fundi atkvæði fyrir ⅔ hlutafjárins, en ⅔ greiddra atkvæða hafa verið með tillögunni, og skal þá nýjan fund halda innan mánaðar, enda skal boða hann á venjulegan hátt og þess getið í fundarboði, að boðað sé til fundarins af því, að ekki hafi fram komið nægur atkvæðafjöldi á hinum fyrra fundi. Ef ⅔ greiddra atkvæða verða nú með tillögunni, er hún löglega samþykkt, enda þótt eigi hafi verið greidd atkvæði fyrir ⅔ hlutafjárins.

Fundur sá, sem samþykkir löglega félagsslit, kveður og á um ráðstöfun á eignum þess og skuldagreiðslu.

53. gr.

Lög þessi koma til framkvæmdar þegar er þau hafa hlotið staðfestingu konungs, enda gangi hluthafafundur að breytingum þeim, er þau fela í sér á samþykkt Útvegsbankans.

Frá sama tíma eru úr gildi fallin nög nr. 6 frá 31. maí 1921 og lög nr. 7 frá 4. maí 1922, að því leyti sem þau kunna enn að vera í gildi, og lög nr. 7 frá 11. marz 1930, 3.—9. gr. og 15. gr. 2. og 3. málsgr., svo og öll önnur ákvæði, er koma í bág við lög þessi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 7, 11. marz 1930, var Útvegsbanki Íslands h/f stofnaður, og þá sett aðalákvæðin um hann. Í I. kafla laga þessara var ákveðið heiti hans, heimili og varnarþing, verkefni hans, hlutafé, um viðtöku innlánsfjár og tryggingu fyrir því, fulltrúaráð hans og sérréttindi ýmiskonar, með tilvísun í viðeigandi greinar í lög nr. 10, 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands, o. s. frv.

Enn voru þá ekki ráðin forlög Íslandsbanka, sem lokað hafði verið 1. febr. f. á. Því voru í fyrrnefndum lögum nr. 7 1930 II. kafla sett ýms fyrirmæli um hann. Þar var ákveðið, að ríkissjóður legði Íslandsbanka til forgangshlutafé 3 millj. króna, gegn því, að bankanum safnaðist að minnsta kosti 1½ millj. kr. í forgangshlutafé innanlands, og að hagkvæmir samningar fengjust við aðallánardrottna hans (Hambro's Bank í London, Privatbanken í Kaupmannahöfn og ríkissjóð Danmerkur). Þegar svo þessum skilyrðum væri fullnægt að dómi fjármálaráðherra, þá átti Íslandsbanki að renna inn í Útvegsbankann, er þá skyldi taka við „öllum eignum, skuldum og ábyrgðum“ Íslandsbanka og koma að þessu leyti í stað hans, enda skyldi þá forgangshlutaféð, er afla átti samkvæmt áður sögðu, bætast við hlutafé Útvegsbankans. Afskrifa skyldi sem tapað hlutafé Íslandsbanka, og seðla hans, sem í umferð voru, átti þá að draga inn.

Í IV. kafla laga nr. 7/1930 voru svo loks sett ýms ákvæði til vara um það, að ef skilyrðum þeim, sem sett voru í 12. gr. laganna um söfnun hlutafjár o. fl., yrði ekki fullnægt, þá skyldi Íslandsbanki tekinn til skiptameðferðar, og nokkrar reglur settar um væntanleg skipti á honum.

Nú hefir, sem kunnugt er, tekizt að fullnægja skilyrðum þeim, sem sett voru fyrir því, að Útvegsbankinn tæki við eignum, skuldum og ábyrgðum Íslandsbanka. Íslandsbanki hefir samkvæmt því verið lagður niður, og Útvegsbankinn hefir komið í stað hans með þeim hætti, sem í lögunum segir, sbr. 14. gr. laga nr. 7/1930. Ákvæðin í IV. kafla laga þessara hafa því aldrei komið til

framkvæmdar. Um Útvegsbankann var svo sett samþykkt nr. 8, 5. apríl 1930, samkvæmt 8. gr. laga nr. 7/1930.

Lagafyrirmælin um Útvegsbankann eru heldur ófullkomin og nokkuð í molum. Hefir því þótt rétt að gera frumvarp að heildarlögum um hann, líkt og gert hefir verið um hina bankana: Landsbanka Íslands með lögum nr. 10, 15. apríl 1928, og Búnaðarbankann með lögum nr. 31, 14. júní 1929. Það virðist vel fallið, að löggjafarvaldið setji allar höfuðreglurnar um Útvegsbankann, eins og hina bankana, og veiti honum hlunnindi nokkur frekari en hann hefir eftir gildandi reglum, með því að ríkissjóður er langstærsti hluthafi hans, þar sem ríkissjóður hefir lagt fram 1½ millj. kr. hlutafé til Útvegsbankans, samkvæmt 1. gr. laga nr. 7/1930, og 3 millj. króna til Íslandsbanka, samkvæmt 11. gr. sömu laga, er líka hefir runnið til Útvegsbankans, samkvæmt 15. gr. sömu laga.

Um einstök ákvæði frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um I. kafla.

Hér eru tekin nokkur frumákvæði um Útvegsbankann. Um einstakar greinir athugast:

Um 1. gr.

Greinin er um heiti bankans og þarf eigi skýringar.

Um 2. gr.

Sbr. 3. gr. laga nr. 7/1930.

Um 3. gr.

Sbr. 1. gr. laga nr. 7/1930.

Um 4. gr.

Samkvæmt 3. málsgr. 1. gr. laga nr. 10/1928 og 4. gr. laga nr. 31/1929 ber ríkissjóður ábyrgð á öllum skuldbindingum Landsbankans og Búnaðarbankans. Nú er ríkissjóður eigandi að meira en helmingi alls hlutafjár Útvegsbankans, og má því segja, að hann hafi allra aðilja mestra hagsmuna að gæta í Útvegsbankanum. Ríkissjóði ætti því að vera allra aðilja mest áhugamál, að Útvegsbankinn verði sem traustastur og afli sér sem allra mests trausts hjá alþjóð manna hér á landi. Til þess þarf bankinn að hafa sæmilegt veltufjármagn, en höfuðskilyrði þess er það, að almenningur fái honum sparifé til ávöxtunar. Meðan ríkið leggur hinum bönkunum til ábyrgð sína á þessu fé, þá er við því að búast, að menn láti þá sitja fyrir sparisjóðsinnlögum sínum, því að ríkissjóður þykir bezti ábyrgðarmaðurinn fyrir innlögunum. Þar sem ríkissjóður hefir slíkra hagsmuna að gæta sem fyrr var sagt í Útvegsbankanum, virðist það ekki óeðlilegt, að hann styrki bankann með samskonar ábyrgð á **sparisjóðsinnlögunum einum** sem hann hefir á **öllum skuldbindingum** hinna bankanna tveggja, enda mun sú hugsun vera nokkuð almenn, að ríkissjóður mundi, sóma síns og hagsmuna vegna, aldrei láta sparisjóðsfjáreigendur í Útvegsbankanum missa fjár síns, þótt bankinn yrði þess ekki megnugur að standa þeim skil á því, sem að vísu er vonandi, að aldrei verði. Af framangreindum ástæðum er þess farið á leit, að sett verði í lög, að **ríkissjóður beri ábyrgð á sparisjóðsfé hans.**

Um II. kafla.

Hér segir um hlutafé Útvegsbankans.

Um 5. gr

Nú er allt hlutafé Útvegsbankans jafnrétthátt, því að það hlutafé, sem vera átti forgangshlutafé í Íslandsbanka samkvæmt 11. og 12. gr. laga nr. 7/1930, átti allt að verða jafnrétthátt hlutafé Útvegsbankans, þá er hann hafði tekið við hlutafé og eignum, skuldum og ábyrgðum Íslandsbanka, samkvæmt 1. málsgr. 15. gr. sömu laga. Sbr. og 1.—3. málsgr. 4. gr. samþykktar Útvegsbankans, nr. 8, 5. apríl 1930. Fyrirmælin um aukningu hlutafjárins eru í öllu verulegu sama efnis sem 4. málsgr. sömu samþykktar.

Um 6. gr.

Er að efni til samhljóða 1. málsgr. 5. gr. samþ. nr. 8, 5. apríl 1930.

Um 7. gr.

Er samhljóða 2. málsgr. 5. gr. samþ. Útvegsbankans, nema 4. tölul., sem er settur með hliðsjón af 6. tölul. 23. gr. hlutafélagalaga nr. 77/1921 og 9. gr. frv. þessa.

Um 8. gr.

Hefir að geyma ofurlitla rýmkun frá ákvæðum 6. gr. samþykktar Útvegsbankans og er að öðru í samræmi við 28. gr. laga nr. 77/1921. Ástæðan fyrir því, að farið er fram á, að hið undantekningarlausa bann við því, að bankinn megi taka bréf sín að veði eða eignast þau, er sú, að óheppilegt getur verið að meina honum að taka veð í hlutabréfum sínum til þess að tryggja betur áður veitt lán, og að meina honum að eignast slíkt bréf, er hann kynni að hafa fengið til tryggingar samkvæmt áðursögðu, ef ekki fengist viðunandi boð í það, þá er bankinn seldi það t. d. nauðungarsölu til lúkningar kröfu sinni.

Um 9. gr.

Er samkvæm 8. gr. samþ. Útvegsbankans.

Um 10. gr.

Það er sjálfsagt og í samræmi við gildandi lög, sjá 1. málsgr. laga nr. 77/1921, sbr. a-lið 31. gr. sömu laga, og þessu verður ekki breytt, svo að það skuldbindi einstaka hluthafa, nema þeir samþykki það sérstaklega. Varnagli er aðeins sleginn um sparisjóðsfé og ríkissjóð, ef ákvæði 4. gr. frv. verður að lögum.

Um III. kafla.

Hér koma aðalfyrirmælin um starfssvið bankans. Nánari fyrirmæli um þetta efni eiga heima í reglugerð hans, sbr. 22. gr. frv.

Um 11. gr.

Hér eru höfð til hliðsjónar ákvæði 14. og 28. gr. laga nr. 10/1928 og laga nr. 7/1930. Annars virðist ekki þurfa að skýra grein þessa.

Um 12. gr.

Svarar að efni til 5. gr. laga nr. 7/1930.

Um 13. gr.

Höfuðefni þessarar greinar er í samræmi við 10. gr. laga nr. 7/1930 og 16. gr. laga nr. 46 19. maí 1930, um Fiskiveiðasjóð Íslands. Í samningi milli Útvegsbankans og atvinnumálaráðherra eru sett nánari fyrirmæli um afhendingu Fiskiveiðasjóðs og stjórn hans, og eru þau samningsákvæði að sjálfsögðu í fullu samræmi við fyrirmæli löggjafarvaldsins um það mál.

Um IV. kafla.

Hér er safnað saman höfuðákvæðunum um stjórn Útvegsbankans. Það þykir fara betur á því, að greina fyrst um vald og störf hluthafafundar, því hann hefir æðra vald um stjórn bankans en fulltrúaráð og framkvæmdarstjórar. Síðan kemur fulltrúaráð og svo framkvæmdarstjórar bankans.

Um 14. og 15. gr.

Þessar greinar virðist ekki þurfa að skýra.

Um 16. gr.

Er að efni til samhljóða 19. og 20. gr. samþykktar Útvegsbankans.

Um 17. gr.

Samkvæmt 33. gr. laga 77/1921 má enginn hluthafa fara með meira en ⅕ atkvæða á hluthafafundi. Vegna ríkissjóðs, sem meira á en helming hlutafjár, gildir þetta ákvæði hlutafélagalaganna ekki hér, sjá 7. gr. laga nr. 7/1930 og 24. gr. samþykktar Útvegsbankans. Því er hér svo mælt, að hverjum 25 kr. fylgi eitt atkvæði, hversu mikið sem aðili á af hlutafénu.

Um 18. gr.

Er samhljóða 1. málsgr. 21. gr. samþykktar Útvegsbankans. Það þykir ekki ástæða til að takmarka með lögum rétt hluthafa til að koma með tillögur á hluthafafundi, enda komi aðili með tillögu til fulltrúaráðs svo tímanlega, að það megi taka hana á dagskrá.

Um 19. gr.

Virðist hafa sjálfsögð ákvæði að geyma.

Um 20. gr.

Að efni til samhljóða 23. gr. samþykktar Útvegsbankans.

Um 21. gr.

Samhljóða 22. gr. samþykktar Útvegsbankans.

Um 22. gr.

Svo sem tíðkast í öðrum hlutafélögum, þykir eðlilegast, að hluthafar setji, ef þörf þykir, nánari reglur um hluthafafundi, svo og reglur um starfsemi bankans, enda staðfesti ráðherra þær reglur allar. Þar til þær verða settar, haldast ákvæði samþykktarinnar, að svo miklu leyti sem lög þessi eða reglugerð Útvegsbankans ná ekki til.

Um 23. gr.

Sbr. 11. gr. samþykktar Útvegsbankans.

Um 24. gr.

Svarar til 12. gr. samþykktarinnar.

Um 25. gr.

Svarar til 13. gr. samþykktar Útvegsbankans.

Um 26. gr.

Hér eru talin helztu störf fulltrúaráðs Útvegsbankans. Hefir verið höfð til hliðsjónar 14. gr. samþykktar Útvegsbankans, en hún segir þó fátt eitt um efnið. Þar á móti eru allrækileg fyrirmæli um starf bankaráðs Landsbankans í lögum nr. 10/1928, 37. og einkum í 43. gr. Hafa þær greinir aðallega verið hafðar til fyrirmyndar ákvæðum þessarar greinar. Þykir hentugt að hafa á einum stað nokkurnveginn ítarleg fyrirmæli um störf fulltrúaráðsins.

Um 27. gr.

Er samkvæm 4. málsgr. 14. gr. samþykktar Útvegsbankans, nema um þagnarskylduna er tekið almennt ákvæði í 30. gr. frv.

Um 28. gr.

Sbr. 3. málsgr. 14. gr. samþykktar Útvegsbankans.

Um 29. gr.

Er að efni til samhljóða 17. og 18. gr. samþykktar Útvegsbankans. Sbr. og 47. gr. laga nr. 10/1928.

Um 30. gr.

Svarar til 48. gr. laga nr. 10/1928.

Um V. kafla.

Hér er safnað höfuðákvæðunum um sérréttindi bankans. Um einstakar greinir athugast:

Um 31. gr.

Eins og kunnugt er, hafði Íslandsbanki í öndverðu einkarétt til seðlaútgáfu, að undantekinni þeirri seðlafúlgu, ¾ milljónar, sem Landsbankinn mátti

hafa í umferð. Stóð svo, þar til ákveðið var með lögum nr. 6, 31. maí 1921, að Íslandsbanki skyldi draga inn 1 milljón króna árlega af seðlum sínum, en mest mátti vera í umferð 8 millj. króna 31. okt. 1922. En svo fór, að frestað var með lögum frá ári til árs að framkvæma inndráttarskylduna. Sjá lög nr. 7, 4. maí 1922, nr. 32, 20. júní 1923, nr. 24, 4. júní 1924, nr. 10, 29. maí 1925, nr. 52, 15. júní 1926, nr. 32, 31. maí 1927, og nr. 70, 7. maí 1928. Árin 1929 og 1930 ein hafa þá inndráttarákvæðin gilt. Enn segir í 15. gr. laga nr. 10/1930, að seðla Íslandsbanka skuli draga inn, þá er Útvegsbankinn taki við eignum og skuldum Íslandsbanka. Útvegsbankanum er erfitt og óhagstætt að draga inn allt í einu alla þá seðla Íslandsbanka, sem í umferð eru, eins og til kann að vera ætlazt í 15. gr. laga nr. 7/1930. Þar sem ekki þótti fært að heimta það af Íslandsbanka, að hann fullnægði inndráttarskyldu þeirri, sem á hann var lögð með lögum nr. 6/1921 og 4 milljónir seðla Íslandsbanka eru því enn í umferð, þá virðist sanngjarnt, að Útvegsbankanum verði veittur svipaður frestur til inndráttar seðlanna og veita átti Íslandsbanka á sínum tíma. Er nú farið fram á það, að bankanum verði leyft að leysa inn jafna seðlafúlgu á ári hverju frá 1. jan. 1934 að telja, svo að inndrætti verði lokið fyrir árslok 1941. Það er einsætt, að seðlunum fylgi, hvort sem seðlar Íslandsbanka verða notaðir eða nýir gerðir, sömu réttindi um gjaldgengi og vernd við fölsun og eftirmyndun sem seðlum Íslandsbanka fylgdi og seðlum Landsbankans fylgir nú, sbr. lög nr. 66, 10. nóv. 1905, 8. og 10. gr., og lög nr. 10/1928, 6. gr.

Um 32.—34. gr.

Fyrirmæli þessara greina um seðlatrygginguna eru algerlega sniðin eftir ákvæðum 7.—11. gr. laga nr. 10/1928, um seðlatryggingu Landsbankans.

Um 35. gr.

Svarar til 11. gr. laga nr. 10/1928.

Um 36. gr.

Er í samræmi við 3. gr. laga nr. 6, 31. maí 1921, og 66. gr. laga nr. 10/1928, sbr. 3. málsgr. 15. gr. laga nr. 7/1930.

Um 37. gr.

Eftir 69. gr. laga nr. 10/1928 skyldi Landsbankinn endurkaupa viðskiptavíxla Íslandsbanka fyrir allt að $^5/_8$ af þeirri seðlafúlgu, er Íslandsbanki hefði á hverjum tíma dregið inn af seðlafúlgu sinni. Og í 3. málsgr. 15. gr. laga nr. 7/1930 er vísað til þessarar reglu. Hér er farið fram á, að Útvegsbankinn njóti sömu kjara sem Íslandsbanki átti að njóta að þessu leyti, þannig að svo verði með farið sem mundi verið hafa, ef Útvegsbankinn hefði verið til 31. okt. 1922 og þá haft 8 millj. króna seðla í umferð. Yrði þá niðurstaðan slík sem hann hefði dregið inn 4 millj. kr., svo að endurkaupsskylda Landsbankans næmi nú allt að $^5/_8$ af 4 milljónum króna, eða allt að $2^1/_2$ milljón.

Um 38. gr.

Sjá 50. gr. laga nr. 10/1928, sbr. 9. gr. laga nr. 7/1930.

Um 39. gr.

Með því að til þess er ætlazt, að ríkissjóður ábyrgist sparisjóðsinnlög í Útvegsbankann, þá virðist eðlilegt, að leggja megi inn í hann til ávöxtunar fé ólögráða manna og almenningsstofnana.

Um 40. gr.

Samsvarandi ákvæði eru í 52. gr. laga nr. 10/1928, sbr. 9. gr. laga nr. 7/1930. Það er í samræmi við hugsunina í þessu ákvæði, að útborgun innlaga úr bankanum verði ekki heldur heft með lögbanni.

Um 41. gr.

Samhljóða 53. gr. laga nr. 10/1928.

Um 42. gr.

Sbr. 54. gr. laga nr. 10/1928 og 9. gr. laga nr. 7/1930.

Um 43. gr.

Er að efni til að mestu samkvæm 55. gr. laga nr. 10/1928, sbr. 9. gr. laga nr. 7/1930. Reglan er líka látin ná til skipa og nánari fyrirmæli sett um söluundirbúning. Og þarf þá ekki að leita reglu um það atriði annarsstaðar.

Um 44. gr.

Samhljóða 56. gr. laga nr. 10/1928, sbr. 9. gr. laga nr. 7/1930.

Um 45. gr.

Svarar til 57. gr. laga nr. 10/1928, sbr. 9. gr. laga nr. 7/1930.

Um 46. gr.

Svarar til 58. gr. laga nr. 10/1928, sbr. 9. gr. laga nr. 7/1930. Um gjöld, sem hvíla á sérstökum eignum, sem ekki eru notaðar til starfsemi bankans, t. d. húseignum almennt, munu bankarnir hingað til hafa greitt opinber gjöld, að minnsta kosti Íslandsbanka. Og því er Útvegsbankinn ekki hér þeginn undan slíkum gjöldum.

Um VI. kafla.

Hér eru fyrirmælin um reikningsskil, endurskoðun, ráðstöfun ágóða og varasjóð.

Um 47. gr.

Samhljóða 26. og 27. gr. samþykktar Útvegsbankans.

Um 48. gr.

Samhljóða að efni til 28. gr. samþykktar Útvegsbankans. Það þykir ekki hlýða að nefna launahæð endurskoðenda, fremur en launahæð fulltrúa, í lögum bankans. Er ætlazt til, að hluthafafundur ákveði laun endurskoðenda og setji þeim þær reglur, er þörf þykir, að fengnum tillögum fulltrúaráðs.

Um 49. gr.

Samhljóða að efni til 29. gr. samþykktar Útvegsbankans.

Um 50. gr.

Samhljóða 30. gr. samþykktar Útvegsbankans.

Um 51. gr.

Samhljóða 31. gr. samþykktar Útvegsbankans.

Um VII. kafla.

Um 52. gr.

Sú aðferð, sem ákveðin er í 32. gr. samþykktar Útvegsbankans um breytingar á sömu samþykkt og einnig gildir um félagsslit samkvæmt 33. gr. samþykktarinnar, er hér ætlazt til, að haldist óbreytt. Svo er og tekið í 2. málsgr. þessarar greinar ákvæðið um ráðstöfun á félagseignum og skuldagreiðslum úr 2. málsgr. 33. gr. oftnefndrar samþykktar.

Um 53. gr.

Frumvarp þetta veitir Útvegsbankanum, ef það verður að lögum, ýms mikilsverð réttindi, sem hann hefir nú ekki, og má því gera ráð fyrir því, að hluthafafundur muni fús til að ganga að ákvæðum þess, enda þótt með þeim séu lögð undir löggjafarvaldið ýms atriði, sem nú eru fyrirmæli um í samþykkt Útvegsbankans, er hluthafafundur hefir sett. Hluthafafundur mun þurfa að veita þetta samþykki sitt með þeim hætti, sem í 33. gr. samþykktar Útvegsbankans segir.

Nd. 174. Frumvarp

til laga um löggilding verzlunarstaðar að Súðavík við Álftafjörð í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Flutningsm.: Jón Auðunn Jónsson.

1. gr.

Að Súðavík við Álftafjörð í Norður-Ísafjarðarsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar atvinnumálaráðherra hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að ósk borgarafundar í Súðavík. Nánar við framsögu.

Nd. 175. Nefndarálit

um frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt (þskj. 4).

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Ég er andvígur frv. því, sem hér liggur fyrir, og mun fylgja brtt., sem þm. Ísaf. (HG) ber fram við frv. í því skyni, að færa það í samræmi við sitt frv., er einnig hefir legið fyrir fjárhagsnefnd og ég hefði kosið samþykkt, en meiri hl. nefndarinnar er andvígur. Nái ekki þessar breytingartillögur fram að ganga, mun ég greiða atkvæði móti frumvarpinu, og vísa ég til greinargerðar minnar um sama frv. í nál. minni hluta fjárhagsnefndar 1930 á þskj. 305.

Alþingi, 16. marz 1931.

Héðinn Valdimarsson.

Nd. 176. Nefndarálit

um frv. til l. um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. þetta nái fram að ganga með þeim breytingum, sem hér fara á eftir.

Um einstakar breytingar skal þetta tekið fram:

3. brtt., við 3. gr. a.:

Ýmsar raddir hafa heyrzt um það, síðan nautgriparæktarlögin gengu í gildi, að heppilegra mundi, að þau væru aðeins heimildarlög. Nefndin vildi þó ekki leggja til, að lögunum yrði breytt þannig, en áleit hinsvegar rétt að gefa heimild til undanþágu til handa þeim sveitarfélögum, sem örðugast eiga með að framkvæma lögin.

5. brtt., við 7. gr. d.:

Ákvæðið um skyldu sveitarfélaga að greiða nokkurn hluta nautstollanna

hefir verið fremur illa þokkuð, og sýnist enda óeðlilegt. Hér er lagt til, að það verði fellt niður.

8. brtt., við 10. gr.:

Þar sem nautgriparæktarfélagi er fengið í hendur vald allt í þessum málum innan hreppsins samkv. 2. gr., virðist nefndinni rétt að binda stofnun þess við meiri hluta hreppsbúa.

9. og 10. brtt., við 11. og 12. gr.:

Hér er kveðið nánar á um tilgang nautgriparæktarfélaganna og skilyrði fyrir styrk til þeirra úr ríkissjóði.

11. brtt., við 13. gr.:

Hér er ákveðið, að verðlaun fyrir kynbótanaut — eins og önnur verðlaun — skuli greidd úr sameiginlegum sýningarsjóði.

12. brtt., við 14. gr.:

Styrkur til girðinga er færður í sama horf og gilt hefir til þessa hjá Búnaðarfélagi Íslands.

16. brtt., við 26. gr.:

Með þessari breytingu er skylda hreppsins til að greiða nokkurn hluta folatollanna felld niður, í samræmi við samskonar breytingu á nautgriparæktarlögunum. (Sjá 5. brtt.).

20. brtt., við 33. gr.:

Hér er tekið upp skýrara orðalag og auk þess sú efnisbreyting, að felldur er niður fóðurstyrkur til 2. verðlauna hesta.

23. brtt., við 41. gr.:

Nefndin áleit réttara, að hvert einstakt sveitarfélag hefði heimild til að kveða á um innan sinna vébanda, á hvaða tímabili skyldi banna að hrútar gangi lausir.

25. brtt., við 43. gr.:

Hér eru tekin upp skýrari ákvæði um stofnun og starfrækslu sauðfjárræktarfélaga, styrk til þeirra o. fl. Ennfremur áleit nefndin rétt að veita einstökum mönnum, er starfa vilja að sauðfjárrækt á sama grundvelli og félögin, samskonar styrk og þeim, þótt þeir fái ekki aðra með sér til starfsins.

27. brtt., við 45. gr.:

Þar sem nefndin vill leggja aðaláherzlu í sauðfjárræktinni á sauðfjárræktarfélögin og áhugasama einstaklinga, sbr. 26. brtt., áleit meiri hluti hennar, að a. m. k. fyrst um sinn væri nægilegt að starfrækja 4 stór sauðfjárræktarbú á landinu. Einn nefndarmanna, Bernharð Stefánsson, hefir þó um þetta óbundið atkvæði.

32. brtt., við 51. gr.:

Nefndin hefir ekki trú á, að hægt sé að finna réttlátan samanburð í þessu efni, m. a. sökum hinna mjög svo ólíku staðhátta um landgæði og afrétti.

35. brtt., við 55. gr.:

Þetta ákvæði virtist nefndinni nauðsynlegt. Þegar harðindi eru skollin á og hafís lokar höfnum, dugir ekki það eitt, að hafa nægar fóðurbirgðir fyrir fénaðinn, ef bjargarlaust verður fyrir mennina. Afleiðing þess verður vitanlega sú, að það af fóðri fénaðarins, sem menn geta lagt sér til munns, verður tekið

til manneldis, og fénaðurinn líka, eftir því sem með þarf. Þessi ráðstöfun getur því verið jafnnauðsynleg fyrir fólkið og fénaðinn.

36. og 37. brtt., við 56. gr.:

Nefndin áleit rétt að krefjast ⅔ atkvæða til að hægt yrði að þvinga minni hlutann inn í fóðurbirgðafélag. Aftur á móti taldi hún sjálfsagt að koma í veg fyrir, að minni hlutinn stæði í vegi fyrir mörgum mönnum innan sveitarinnar, sem stofna vildu fóðurbirgðafélag sjálfir.

39. brtt., við 59. gr.:

Þessari grein er hér breytt í samræmi við ákvæðið um tryggingu heimilanna, sbr. 35. brtt., og er ýtt undir framkvæmdir í þessu máli með því að veita þeim, er þessa starfsemi taka upp, hagkvæmari lán en öðrum.

45. brtt., við 88. gr.:

Nefndin hefir ekki trú á, að sýslusýningar þær, sem hér er gert ráð fyrir, geti haft nein veruleg áhrif, m. a. vegna erfiðleika um almenna þátttöku sýslubúa.

Nánar verður tekið fram um ofantaldar breytingartillögur í framsögu, og eins um aðrar brtt., sem eru flestar smávægilegar, sumar aðeins leiðréttingar.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Í staðinn fyrir „5“ komi: 8.
2. Við 2. gr. Í stað orðsins „viðurkennt“ í fyrstu málsgr. komi: er hefir fengið lög sín staðfest.
3. Við 3. gr.
   a. Í stað „aðallega“ í 2. málslið greinarinnar komi: eftir því sem unnt er.
   b. Aftan við greinina bætist: Samskonar undanþágu getur atvinnumálaráðherra veitt einstöku sveitarfélagi í heild, ef meiri hluti bænda þar óskar og nautgriparáðunautur mælir með.
4. Við 5. gr.
   a. Í staðinn fyrir „5“ komi: 8.
   b. Í stað orðanna „þó í heimalandi eiganda sé“ í síðustu málsgrein komi: utan heimalands eiganda.
5. Við 7. gr.
   a. Orðin „þóknun til kynbótanefndar“ í fyrstu málsgrein falli niður.
   b. Fyrir orðin „leiddar eru“ og „leidd“ komi orðin: haldið er og haldið.
   c. Aftan við fyrstu málsgrein bætist: Þóknun til kynbótanefndar ákveður hreppsfundur, ef um það er að ræða, og telst þá með öðrum árlegum kostnaði.
   d. Síðasta málsgrein, frá „Verði allur“ til enda greinarinnar, falli niður.
6. Við 8. gr.
   a. Í staðinn fyrir „nautgripakynbótanefnd“ komi: kynbótanefnd.
   b. Síðasti málsliður orðist svo: Reikningur skal endurskoðaður af tveim mönnum, kosnum á aðalfundi nautgriparæktarfélagsins, en þar sem slíkt félag er ekki starfandi, skal reikningurinn endurskoðaður af endurskoðendum hreppsreikninganna.

7. Við 9. gr.
   a. Orðin „hvort hreppssjóður leggi fé til starfsins“ í 2. málsgr. falli burt.
   b. Í staðinn fyrir „nautakynbótanefnd“ komi: kynbótanefnd.
8. Við 10. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Þar, sem meiri hluti bænda í hreppi hefir samþykkt o. s. frv.
9. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   Tilgangur nautgriparæktarfélaga, sem um ræðir í 10. gr., skal vera að bæta kúakynið.
   Í samþykktum félagsins skal tekið fram, að árlega skuli halda mjólkur- og fóðurskýrslur, gera fitumælingar í mjólkinni, og eftir því sem föng eru til sjá um, að notuð séu sem bezt naut til undaneldis.
   Samþykktir hvers félags skal gera eftir fyrirmynd, sem Búnaðarfélag Íslands semur, og skulu þær samþykktar af því.
   Þegar félag hefir fengið samþykktir sínar viðurkenndar af Búnaðarfélagi Íslands, getur það fengið styrk til starfsemi sinnar, og nemur hann 1,50 kr. á hverja reiknaða árskú í félaginu, séu aðeins gerðar vikulegar mjólkur- og fóðurmælingar, en 2,00 kr. á hverja reiknaða árskú, séu jafnframt gerðar að minnsta kosti 3 fitumælingar á ári.
   Styrkurinn borgast eftir á, þegar félagið hefir sent skýrslur til Búnaðarfélags Íslands, í því formi, er það krefst og nánar skal tekið fram í reglugerð.
10. Við 12. gr. Síðasti málsliður greinarinnar orðist svo:
    Auk þess geta félögin fengið styrk, er sé 75 kr. fyrir naut, sem hefir hlotið önnur verðlaun, en 150 kr. fyrir naut, sem hlotið hefir fyrstu verðlaun. Noti sama félag fleiri en eitt 1. og 2. verðlauna naut, getur það fengið styrk á hvert þeirra sem að ofan segir.
11. Við 13. gr. Næstsíðasti málsliður greinarinnar fellur niður.
12. Við 14. gr. Í stað „⅓“ komi: ¼. — og í staðinn fyrir „400“ komi: 300.
13. Við 20. gr.
    a. Aftan við fyrsta málslið greinarinnar bætist: sbr. þó 28. gr.
    b. Í stað orðanna í 2. málsl. greinarinnar „kaupa til afnota“ komi: taka á leigu til afnota.
14. Við 22. gr. Í staðinn fyrir orðið „notað“ í 1. málsl. 2. málsgr. komi: útvegað.
15. Við 24. gr. Í staðinn fyrir „gelda hesta sína“ í 2. málsgr. greinarinnar komi: gelda hest sinn.
16. Við 26. gr.
    a. Orðin „þó svo, að aldrei verði hærra gjald en kr. 8 á hvert folald“ falli burt.
    b. 2. málsgr. greinarinnar falli burt.
17. Við 28. gr. Í stað „sbr. 31.“ komi: sbr. 30.
18. Við 30. gr.
    a. Í stað „mörg góð“ komi: mjög gott.
    b. Fyrir „29. og 30. gr.“ komi: 28. og 29. gr.
19. Við 32. gr. Greinin orðist svo: Rétt er bændum að stofna hrossaræktarfélög. Mega þeir eigi vera færri en 5 og eiga samtals að minnsta kosti 30 hryssur til undaneldis. Nú hafa menn orðið ásáttir um reglur fyrir félagið og fengið

þær samþykktar af Búnaðarfélagi Íslands, og getur þá félagið fengið styrk úr ríkissjóði, eftir því sem lög þessi mæla fyrir, sbr. 33., 34. og 35. grein.

20. Við 33. gr. Greinin orðist svo:
Reikningsár hrossaræktarfélags er almanaksár. Fyrir lok janúarmánuðar ár hvert skal hrossaræktarfélag hafa sent Búnaðarfélagi Íslands skýrslu um störf sín á síðastliðnu ári og reikning yfir tekjur og gjöld félagsins á sama tíma, og sé reikningurinn endurskoðaður og samþykktur á aðalfundi félagsins. Beri ársskýrsla og reikningur félagsins það með sér, að félagið hafi uppfyllt þær kröfur, sem Búnaðarfélag Íslands gerir til slíkra félaga, þá nýtur það styrks úr ríkissjóði sem hér segir:
1. Fyrir hverja hryssu, sem leidd er til kynbótahests félagsins, 1.50 kr.
2. Upp í fóðurkostnað kynbótahests félagsins, ef hann hefir hlotið fyrstu verðlaun á afkvæmasýningu, þar sem ríkissjóður greiddi verðlaunin, 100 kr.

21. Við 35. gr.
a. Í stað inn fyrir „⅓“ komi: ¼, — og í stað inn fyrir „400“ komi: 300.
b. Síðasti málsliður greinarinnar falli burt.

22. Við 36. gr. Greinin falli burt.

23. Við 41. gr. Greinin orðist svo:
Heimilt er sveitarfélögum, með samþykki meiri hluta bænda, að banna að hrútar gangi lausir í sveitinni allt tímabilið frá 1. nóv. til 1. maí ár hvert, eða nokkurn hluta þess.

24. Við 42. gr. Greinin orðist svo:
Nú hittist gæzlulaus hrútur innan sveitar, sem gert hefir samþykkt skv. 41. gr., og er þá skylt að taka hann í vörzlu og gera eiganda hans eins fljótt og verða má aðvart um hann. Eigandi skal hafa vitjað hrútsins eða ráðstafað honum innan viku frá því hann fékk tilkynningu um hrútinn, en að þeim tíma liðnum skal farið með hann sem óskilafé.

25. Við 43. gr. Greinin orðist svo:
Heimilt er mönnum að stofna með sér félagsskap til að vinna í sameiningu að kynbótum sauðfjárins, og kallast slík félög sauðfjárræktarfélög.
Gera skal samþykktir fyrir sauðfjárræktarfélög, og skal þar tekið fram:
a. Að halda skuli fóður- og vigtarskýrslur um kynbótafé.
b. Að halda skuli ættbók yfir kynbótafé og merkja hvern einstakling þess með einstaklingsmerki.
c. Hvernig haga skuli skýrsluhaldi, til þess að fá sem öruggasta vissu um erfðaeðli einstaklinganna.
d. Hve margt kynbótafé hver meðlimur félagsins hafi, og má ærtala félagsins ekki vera undir 50, og ekki yfir 30 hjá hverjum einstökum félagsmanni.

26. Við 44. gr. Greinin orðist svo:
Félög þau, sem ræðir um 43. gr., geta árlega fengið styrk úr ríkissjóði, eftir að þau hafa fengið samþykktir sínar viðurkenndar af Búnaðarfélagi Íslands. Styrkurinn rennur í félagssjóð og borgast eftir á, þegar félagið hefir sent skýrslur um starf sitt til Búnaðarfélags Íslands. Hinn árlegi

styrkur sé 75 kr. fyrir 1. verðlauna hrúta og 20 kr. fyrir hverjar 100 kynbótaær, sem í félaginu eru og skýrsla er haldin um og send Búnaðarfélaginu.

Heimilt er atvinnumálaráðherra, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, að veita einstöku mönnum, er fullnægja skilyrðum a-, b- og c-liða 43. gr., sama styrk og sauðfjárræktarfélögum.

27. Við 45. gr. Greinin orðist svo:

Auk þessa getur atvinnumálaráðherra styrkt 4 sauðfjárræktarbú, eitt í hverjum fjórðungi, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, með allt að 800 kr. hvert, þó ekki yfir ⅔ á móti viðkomandi búnaðarsamböndum eða annarstaðar frá. Fjárræktarbú þessi skulu uppfylla öll þau skilyrði, er um ræðir í a—c-liðum 43. gr. og önnur ákvæði, er sett kunna að verða.

28. Við 47. gr. Greinin falli burt.
29. Við 48. gr. Greinin falli burt.
30. Við 49. gr. Greinin falli burt.
31. Við 50. gr. Fyrir „þriðja“ komi: fimmta, — og fyrir „þrjú“ komi fimm.
32. Við 51. gr. Greinin falli burt.
33. Við 52. gr. Greinin falli burt.
34. Við 54. gr. Orðin „á Íslandi“ falli burt.
35. Við 55. gr. Aftan við greinina bætist: Heimilt er fóðurbirgðafélagi að taka upp í samþykkt sína ákvæði um, að það skuli einnig tryggja hverju heimili innan félagsins nægilegt rúgmjöl og haframjöl til manneldis frá jólaföstubyrjun til fardaga.
36. Við 56. gr. Í stað orðanna „meiri hluti“ í fyrstu málsgrein greinarinnar komi: ⅔ hluta.
37. Á eftir 56. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:

Nú er fellt á almennum sveitarfundi að stofna fóðurbirgðafélag, og geta þá 10 menn eða fleiri, allir innan þess hrepps, myndað fóðurbirgðafélag með sömu skyldum og réttindum og heill hreppur væri. Er hlutaðeigandi sveitarsjóði skylt að greiða tryggingarsjóði félagsins, þeirra vegna, eins og 58. gr. tölul. 1. mælir fyrir, og eins fyrir hvern hreppsbúa, er gengur síðar í félagið.

38. Við 58. gr. Í stað „50 kr.“ komi: 30 kr., — og í stað „5 árum“ komi: 10 árum.
39. Við 59. gr. Greinin orðist svo:

Nú kemur það í ljós að aflokinni skoðun, sbr. 55. gr., að tryggingarsjóður nægir ekki til fóðurkaupa, og er þá félaginu heimilt lán úr bjargráðasjóði til þess, er á vantar, gegn 5% ársvöxtum og endurgreiðslu innan eins árs.

Fóðurbirgðafélagi, sem jafnframt tryggir heimilin innan félagsins fyrir bjargarskorti, er auk þess heimilt, ef þörf krefur, nauðsynlegt rekstrarlán úr bjargráðasjóði, gegn 5% ársvöxtum, og sé lánið afborgunarlaust fyrstu 5 árin, en afborgist síðan á 10 árum með jöfnum árlegum afborgunum. Skylt er hreppsnefnd að ábyrgjast bráðabirgðalán og rekstrarlán fyrir hlutaðeigandi fóðurbirgðafélag.

Fé það, sem fóðurbirgðafélag fær þannig að láni, skal það ávaxta í

sparisjóði eða annari tryggri peningastofnun þann tíma, sem það er ekki bundið í vörubirgðum félagsins.

40. Við 61. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein:
Nú nær félagið aðeins til nokkurs hluta hreppsbúa, og skal það þá kjósa 2 menn í stjórn, en einn stjórnarnefndarmanninn skal hlutaðeigandi hreppsnefnd tilnefna.
41. Við 67. gr. Á eftir „veikinda og“ í annari málsgr. greinarinnar komi: verðfalls sökum.
42. Við 72. gr.
a. Á undan orðinu „málsgrein“ í 2. málsgrein greinarinnar komi: fyrstu.
b. Á eftir orðunum „ráðstafanir, sem það“ í síðustu málsgr. komi: telur.
43. Við 73. gr. Í stað orðanna „innheimtir hann“ komi: innheimta þær.
44. Við 74. gr. Í stað „virðingarmenn“ í 2. málsgr. komi: virðingarmennina.
45. Við 88. gr. Greinin falli burt.
Greinatalan breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.

Alþingi, 16. marz 1931.

Lárus Helgason, form. Bjarni Ásgeirsson, fundaskrif. og frsm. Bernharð Stefánsson.
Einar Jónsson. Jón Sigurðsson.

Nd. 177. Frumvarp

til laga um andleg verk.

Flutningsm.: Ásgeir Ásgeirsson, Haraldur Guðmundsson.

I. KAFLI.

Um lögvernd á andlegum verkum.

1. gr.

Höfundur andlegs verks hefir, að undanskildum þeim takmörkunum, sem gerðar eru í lögum þessum, einkarétt til að ráða yfir eintakafjölgun verks síns í hvaða mynd sem er, og gera það aðgengilegt almenningi á sérhvern hátt.

Samkvæmt frumrétti sínum hefir höfundur einkarétt til að birta verkið á ný í endursaminni mynd, í þýðingu, í annari stærð eða öðru efni, breyta því úr einu bókmenntaformi eða listarformi í annað o. s. frv.

Hinsvegar getur hann ekki varnað því, að aðrir notfæri sér verk hans með þeim hætti, að ný og sjálfstæð andleg verk verði til.

2. gr.

Andleg verk nefnast í lögum þessum öll bókmenntaverk, vísindaverk eða listræn verk, svo sem:

1. Allskonar rit.
2. Munnlegir fyrirlestrar.
3. Verk, sem teljast til svipbrigðalistar, danslistar og kvikmyndalistar.
4. Tónlistaverk.
5. Málverk, teikningar, ætingar, litprentanir, tréskurður og verk af líku tægi.
6. Allskonar myndhöggvaraverk.
7. Byggingarlist, uppdrættir jafnt sem byggingarnar sjálfar.
8. Listiðja og listiðnaður, fyrirmyndir jafnt sem verkið sjálft.
9. Áætlunaruppdrættir, kort, dregnar og formaðar eftirmyndir, vísindalegs eða tæknislegs eðlis.
10. Þýðingar og aðrar endursamningar framangreindra verka.

Réttarvernd ljósmynda snertir ekki lög þessi.

3. gr.

Verndar samkvæmt lögum þessum njóta ekki:

1. Lög, tilskipanir, dómar, auglýsingar frá stjórnarvöldum og önnur opinber gögn.

2. Ræður eða skriflegar greinargerðir á Alþingi og hverskonar opinberum fulltrúasamkomum, er snerta sveitarstjórn eða kirkjumál, það er gerist fyrir dómstólum, svo og ræður manna á opinberum þjóðmálafundum og slíkum samkomum.

3. Tíðindi og aðrar fréttir blaða, tímarita og útvarps. Bannað er þó að prenta upp eða birta með öðrum hætti útlend símskeyti og útvarpsfregnir fyrstu 16 klukkustundirnar eftir birtingu þeirra á Íslandi.

4. gr.

Sérhver maður má gera sér til einkanotkunar eftirmynd þeirra verka, sem nefnd eru í 2. gr., sé það ekki gert í atvinnuskyni.

Þetta á þó ekki við um eftirlíkingar í byggingarlist, né á uppdráttum tæknislegs eðlis, ef þeir eru gerðir með hagrænar framkvæmdir fyrir augum.

5. gr.

Hvenær sem eftirprentun eða önnur endurbirting er leyfð samkvæmt lögum þessum, skal heimildarinnar greinilega getið.

6. gr.

Þann skal telja höfund að verki, sem tilgreindur er á verkinu á venjulegan hátt, unz annað sannast.

Ef andlegt verk er gefið út nafnlaust, eða undir dulnefni, skal kostnaðarmaðurinn eða útgefandinn talinn bær um að koma fram fyrir hönd höfundarins, þangað til hann hefir látið nafns síns getið.

Ef höfundur er giftur, hefir hann óskoruð umráð yfir frumrétti verks síns, hvernig sem fjárlagi hjónanna kann að vera varið.

7. gr.

Útgefendur blaða, tímarita og annara verka, sem hafa að geyma sjálfstæð ritverk ýmsra samverkamanna, eiga frumrétt á ritsafninu, en samverkamennirnir frumréttinn hver á sínu verki.

Ef ekki er öðruvísi um samið, þá er hinum einstöku samverkamönnum heimilt að birta þau á annan hátt.

8. gr.

Hafi andlegt verk orðið til fyrir samvinnu manna, án þess að verk hvers eins verði aðgreind, þarf samþykki allra höfundanna til fyrstu birtingar verksins, ef slíkt samþykki er ekki gefið fyrirfram skýrum orðum eða með þegjandi samkomulagi. Sama er og, ef í ráði er að birta verkið á annan hátt eða í öðru formi en áður. Hver höfunda getur þar á móti krafizt birtingar af nýju, með sama hætti sem áður.

II. KAFLI.

Takmarkanir á frumréttinum.

9. gr.

Einkaréttur höfundarins á verki hans er háður eftirfarandi takmörkunum:

1. Leyfilegt er að prenta upp sem tilvitnanir ákveðna ritstaði og stuttar klausur úr áður birtu riti, fyrirlestri eða tónverki.

Ennfremur er leyfilegt að birta á ný áður birt listaverk í gagnrýnisaugnamiði eða vísindariti, ef það er gert til skýringar á textanum og í sambandi við hann.

2. Í bókum, sem gerðar eru til notkunar í skólum og kirkju og saman eru settar af útdráttum úr verkum margra höfunda, er leyfilegt

a. að prenta upp greinir eða kafla úr bókmenntaverkum og tónverkum, eða jafnvel verkið allt, enda sé það lítið að vöxtum.

b. að endurbirta listaverk til skýringar á texta þess og í sambandi við hann.

Samt er þetta því aðeins heimilt, að liðin séu 10 ár síðan verkið kom út í fyrsta sinni, eða birtist á sýningu, ef um listaverk er að ræða. Höfundurinn á þar að auki kröfu á því, að honum sé greidd sanngjörn þóknun, og skal hún ákveðin af viðkomandi ráðherra, ef aðiljar eru ekki á eitt sáttir.

3. Í sambandi við nótur og á hljómleikaskrám er leyfilegt að endurbirta sérstök smákvæði, séu þau tekin upp óbreytt. Sömuleiðis er leyfilegt að flytja slík kvæði opinberlega í sambandi við tónverk. Höfundur textans á þá kröfu til þriðja hlutans af flutningslaununum.

4. Greinir í dagblöðum og tímaritum um hagfræði-, þjóðmála- eða trúarefni má prenta upp eða þýða í öðrum blöðum eða tímaritum, ef endurprentun er ekki berum orðum bönnuð.

5. Opinber flutningur bókmenntaverka og tónverka er leyfilegur, ef áheyrendur hafa aðgang að honum ókeypis, enda fari flutningurinn ekki fram í ágóðaskyni.

6. Þegar 1 ár er liðið síðan verk birtist opinberlega, getur viðkomandi ráðherra veitt leyfi til þess, að það sé birt í útvarpi, ef höfundur og útvarpsfélag geta ekki orðið á eitt sátt. Ráðherra ákveður þá þóknun höfundarins.

Ráðherra getur þó ekki veitt leyfi til slíkrar birtingar leikrita eða meiri háttar tónverka, nema verkið hafi verið kynnt á leiksviði, og ef leikrit er, þá hafi það verið sýnt hér á landi.

10. gr.

1. Eftirmyndir af listaverkum í opinberum söfnum má birta í myndaskrám þessara safna.

2. Teikna má, mála eða ljósmynda andleg verk, sem ætíð standa við stræti eða á torgi. Byggingar má þó aðeins mynda utan frá.

3. Svo má og lána út, leigja, sýna og opinbera almenningi eintök af andlegum verkum án samþykkis höfundar.

11. gr.

Nú er andlegt verk notað samkv. 1. og 2. tölul. 9. gr. eða samkv. 10. gr., og má þá hafa verið með þeirri stærð og í þeirri mynd, sem með þarf, enda breytist verkið eigi við það eða spillist.

12. gr.

Nú hefir höfundur gert mynd af öðrum manni eftir beiðni, og getur hann þá eigi neytt frumréttar síns, nema með samþykki þess, sem bað hann að vinna verkið, og þess, sem myndin er af.

III. KAFLI.

Afsal höfundarréttar til annara.

13. gr.

Höfundur getur afsalað öðrum rétti sínum, annaðhvort að öllu eða nokkru leyti.

Afsal eignarréttar á eintaki andlegs verks felur ekki í sér afsal frumréttarins á verkinu, jafnvel þótt það sé frumeintak verksins, sem afsalað var.

Hafi höfundurinn veitt öðrum rétt til að birta andlegt verk á ákveðinn hátt, má sá, er réttinn fékk, ekki birta verkið á annan hátt.

Þeim er réttinn hlaut, er ekki heimilt að birta verkið í breyttri mynd án samþykkis höfundarins. Enda þótt þetta samþykki sé veitt, hefir höfundurinn, ef hann álítur að hinum persónulegu eða listrænu hugðarefnum hans sé misboðið, leyfi til að krefjast þess, að verkið sé ekki birt undir hans nafni, eða tekið sé fram á fullnægjandi hátt, að breytingarnar séu ekki gerðar af honum. Þessum

rétti getur höfundurinn ekki afsalað sér. Hann getur ekki heldur afsalað sér rétti sínum til að krefjast þess, að nafns hans sé getið á venjulegan hátt, þegar verk þau, er hann hefir skapað, eru birt almenningi.

14. gr.

Eftir dauða höfundar gilda um rétt hans hinar venjulegu reglur erfðalöggjafarinnar.

Þó skal réttur lögerfingja ekki vera því til hindrunar, að höfundurinn geri í erfðaskrá sinni bindandi ákvarðanir um birtingu verka sinna í framtíðinni, ef réttmætar ástæður, listrænar eða persónulegar, liggja til grundvallar. Sömuleiðis getur hann tilnefnt einhvern mann, sem skuli hafa rétt til að gera slíkar ákvarðanir og gæta frumréttarins fyrir hönd erfingjanna. Hann hefir samt ekki, fremur en erfingjarnir, rétt til að birta hin arfþegnu verk í breyttri mynd, nema greinilega sé til tekið, að breytingarnar séu ekki gerðar af höfundinum. Viðkomandi ráðherra hefir gætur á, að slíkt komi ekki fyrir, og getur til verndar frumréttinum framfylgt þeim réttarkröfum, sem höfundurinn á að öðru leyti samkv. 19., 21., 22. og 23. gr.

Ef engar ákvarðanir eru gerðar í erfðaskrá og frumrétturinn gengur í arf til margra erfingja í senn, ráða um þessi réttindi sömu reglur sem settar eru í 8. gr., um verk til orðin fyrir samstarf margra höfunda.

15. gr.

Meðan höfundur andlegs verks er á lífi, geta lánardrottnar hans hvorki með sameiginlegri né einstakri dómsaðgerð hlotið heimild til umráða yfir frumrétti hans. Hinu sama gegnir gagnvart erfingjum höfundarins um óbirt verk hans.

Meðan höfundur er á lífi, geta lánardrottnar hans ekki gert aðför eða kyrrsett handrit hans. Hinu sama gegnir um listaverk, meðan höfundurinn hefir ekki látið í ljós, að hann áliti þau fullgerð til birtingar, t. d. með því að bjóða þau til sölu.

Nú hafa erfingjar höfundar fengið verðmæti þau, er í næstu málsgr. hér að framan getur, eða uppkast, er arfleiðandi hefir eftir sig látið, og verður þá aðför í þeim gerð, nema þar með sé gengið á réttmæta listræna eða persónulega hagsmuni. Nú skilur lánardrottna og erfingja á um þetta efni, og geta þá aðilar skotið því máli undir viðkomandi ráðherra til fullnaðarúrskurðar.

Að öðru leyti gilda almennar reglur löggjafarinnar um málsókn vegna réttar á andlegum verkum.

IV. KAFLI.

Um verndartíma réttarins.

16. gr.

Frumréttur til andlegra verka er í gildi meðan höfundurinn lifir og 50 ár að dánarári hans liðnu, og þó aldrei skemur en 10 ár eftir að verkið birtist.

Ef um marga höfunda að einu verki er að ræða, án þess að hægt sé að aðgreina sem sérstaka heild skerf hvers um sig, ber að reikna þessi 50 ár frá dánarári þess höfundar, sem lengst lifði.

Enda þótt liðinn sé verndartími sá, sem til er tekinn í þessari grein og þeim, sem á eftir fylgja, má samt sem áður ekki birta andleg verk í breyttri mynd, þar sem hætt er við, bæði með tilliti til gildis verksins og eðlis þeirra breytinga, sem gerðar væru, að skemmdum yrði valdið á almennum menningarverðmætum. Viðkomandi ráðherra gætir þess, að þetta eigi sér ekki stað, samkvæmt hinum sömu reglum, er settar eru í 14. gr. 3. lið.

17. gr.

Frumréttur til verka, sem út eru gefin nafnlaus eða undir dulnefni, gildir 50 ár eftir að útgáfuár verksins er útrunnið. Hið sama gildir um verk, þar sem hinn upprunalegi frumréttur hefir verið eign félags eða stofnunar.

Ef slík verk eru birt í mörgum hlutum, telst 50 ára fresturinn frá lokum þess árs, er síðasti hluti verksins var útgefinn.

18. gr.

Ef höfundur verks, sem út er gefið nafnlaust eða undir dulnefni, gefur sig fram áður en 50 ára fresturinn er útrunninn, fær hann alla þá vernd, sem heimiluð er í 16. gr.

Vilji höfundurinn gefa sig í ljós, skal hann gera það um leið og verkið er birt í nýrri útgáfu, eða með yfirlýsingu, sem tilkynnt sé samkvæmt reglum þeim, er gilda um opinberar auglýsingar.

Eftir dauða höfundarins geta erfingjar hans, ef þeir allir koma sér saman um það, gefið upp nafn hans með sömu verkun.

V. KAFLI.

Brot á réttindum og ábyrgð vegna þeirra.

19. gr.

Með sektum skal refsa hverjum þeim, er af ásettu ráði eða stórkostlegu gáleysi:

1. Margfaldar og útbreiðir eintök einhvers andlegs verks í bága við lög þessi, eða flytur hingað til lands andlegt verk, sem ekki má birta hér í ríkinu lögum samkvæmt, í þeim tilgangi að hafa það á boðstólum, eða tekur þátt í nokkrum slíkum verknaði.

2. Verzlar með, leigir, lánar eða útbreiðir á annan hátt eintök verks, sem samkvæmt lögum þessum er margfaldað eða innflutt, eða sýnir slík verk opinberlega.

3. Birtir eða sýnir andlegt verk opinberlega í bága við lög þessi, eða á þátttöku í því.

4. Lætur undan fallast að tilgreina heimildir eða höfundarnafn, þar sem svo er fyrirskipað.

5. Neytir frumréttarins andstætt ákvæðum 12. gr.

6. Birtir eða prentar upp fréttir, sem verndaðar eru samkv. 3. gr. 3. tölul.

20. gr.

Fjárhagstjón, sem valdið er með brotum á þeim reglum, sem settar eru í 19. gr., er hinn seki skyldur að bæta.

Jafnan á sá, sem óréttinn þolir, kröfu á því að fá greiddan nettó-ágóða þann, sem fallið hefir í hlut hins seka, enda þótt hann hafi framið verknaðinn í algerðu grandleysi.

21. gr.

Öll eintök andlegs verks, sem eru ólöglega framflutt, innflutt eða útbreidd hér í ríkinu, skal innkalla og eyðileggja að kröfu þess, sem óréttinn þolir, svo fremi, að verk þessi séu í höndum manna, sem hafa í hyggju að útbreiða þau framvegis.

Eintök af bókmenntaverki eða tónlistarverki teljast einnig kvikmyndir, plötur, velir, renningar og því um líkt, sem með vélrænum eða efnafræðilegum aðferðum má hafa til endurbirtingar verksins.

Á sama hátt skal innkalla og eyðileggja allar plötur, stein, mót, prentmót og því um líkt, hvar sem þau finnast og einvörðungu eru gerð til ólöglegrar eftirlíkingar á vernduðu andlegu verki, ella séu tæki þessi ónýtt eða aflöguð þannig, að þau verði eigi notuð í þessu skyni. Þó getur höfundur krafizt þess, að honum verði fengnir hlutir þessir eftir mati. Getur hann krafizt þess, að sú virðing fari fram áður en hann lýsir yfir því, hvort hann ætlar að krefjast hlutanna, og aldrei má matsverð þeirra fara fram úr því, sem sannanlega hefir kostað að gera þá.

22. gr.

Ef hinn ólöglegi verknaður er aðeins bundinn nokkrum hluta verks, getur sá, sem misgert er við, aðeins gert kröfur sínar um þennan ákveðna hluta.

Ef ekki er hægt að fullnægja slíkri kröfu án þess að allt verkið verði að engu eða ef reglurnar í 21. gr. leiddu til þess, að þýðingarmikil fjárhagsleg eða listræn verðmæti spillist, geta dómstólarnir eftir kringumstæðum vísað kröfu kærandans á bug og leyft birtingu verksins framvegis. Skilyrði fyrir þessu eru samt þau, að frumrétturinn hafi ekki verið skertur af ásettu ráði, og að hinn brotlegi greiði eiganda frumréttarins, auk bóta, peningaupphæð, sem dómstólarnir ákveða eftir ástæðum í hverju sinni.

Um byggingar gilda ekki reglurnar í 21. gr.

23. gr.

Ríkisvaldið á sókn mála út af brotum á lögum þessum, þegar sá, er misgert var við, krefst þess og almenningshagur heimtar það. Heimild til málshöfðunar fyrnist á tveim árum.

Krafa samkv. 22. gr. fyrnist á þrem árum eftir að sá, sem misgert var

við, hefir fengið vitneskju um brotið og hver ber ábyrgð á því, og þó alltaf á 10 árum eftir að brot var framið.

Krafa samkv. 21. og 22. gr. fyrnist eigi meðan höfundarréttur helzt.

VI. KAFLI.

Sérstakar reglur um skipti milli höfundarins og þess, er rétt hans fékk.

24. gr.

Hafi höfundur afsalað öðrum réttinum til að fjölga eintökum af verki hans í söluskyni, ber að bjóða það í upplögum. Á prentuðum verkum ber að tilgreina útgáfutölu, prentsmiðju, prentstað og prentár. Svartlistarverk og prentaðar útgáfur á tónlistarverkum skulu þar að auki vera merkt með framhaldstölu í upplagi því, sem um ræðir.

Sé ekki öðruvísi um samið, hefir útgefandi einungis rétt til að gefa út eitt upplag. Þetta er þó ekki því til tálmunar, að dagblöð og tímarit geti ekki á ný notað prentmót af teikningum, sem það hefir áður fengið leyfi til að birta. Stærð upplagsins má ekki, að undanteknum verkum þeim, sem tilgreind eru í 7. gr. 1. lið, fara fram úr 800, tónverk 300, svartlistarverk 150 eintökum.

Eignarréttinn að því eintaki verksins, sem margföldunin er gerð eftir, hefir höfundurinn eftir sem áður.

25. gr.

Útgefandanum er skylt að bjóða verkið til sölu á viðeigandi hátt og sjá um útbreiðslu þess.

Enda þótt útgefandinn hafi rétt til að gefa út fleiri en eitt upplag sama verks, er hann ekki skyldur að gera það, nema öðruvísi sé um samið.

Heimti eigandi frumréttarins, þá er kostnaðarmaðurinn skyldugur til þess að gefa honum áreiðanlega skýrslu einu sinni á ári um hve mikið sé eftir af upplaginu.

26. gr.

Meðan hið umsamda upplag er ekki enn uppselt, hefir höfundurinn ekki rétt til að stofna til nýrrar útgáfu af verki sínu.

Samt hefir rithöfundur eða tónskáld rétt til að bæta því inn í útgáfu ritsafns síns, ef hann gefur það út hjá öðrum útgefanda, séu 20 ár liðin síðan verkið birtist.

27. gr.

Sá, sem hefir leyfi höfundar til að sýna, segja fram eða flytja opinberlega eitthvert verk af því tægi, sem getur í 2. gr., 1.—4. lið, hefir, ef ekki er öðruvísi um samið, leyfi til að flytja verkið, hvar sem er og hvað oft sem er, en hann getur ekki staðið gegn því, að höfundurinn veiti öðrum svipaðan rétt eða láti sjálfur flytja verkið opinberlega.

Höfundinum er einnig opin slík leið, enda þótt hann hafi afsalað sér réttinum algerlega, ef sá, er réttinn fékk, hefir ekki notfært sér rétt sinn í 3 ár í röð.

28. gr.

Reglur þessa kafla, að undanteknu ákvæðinu í 25. gr., gilda því aðeins, að aðilar hafi ekki öðruvísi um samið.

VII. KAFLI.

Um skipun sérfróðs ráðs.

29. gr.

Skipa skal sérfróða nefnd manna til aðstoðar viðkomandi ráðherra í málum, sem eftir lögum þessum koma til úrskurðar hans. Í nefnd þessari eigi sæti fulltrúar andlegrar framleiðslu ásamt fulltrúum þeirra atvinnugreina, sem við hana eru bundnar.

Þessu ráði ber skylda til þess, ef krafizt verður, að leggja fram álit til notkunar fyrir dómstólum, um skilning á lögum þessum, og sömuleiðis miðla málum, ef aðilar koma sér saman um það.

Um skipun nefndarinnar og starfstilhögun setur ráðherra nánari reglur.

VIII. KAFLI.

Um hvaða verk lög þessi gilda og hvenær þau koma til framkvæmdar.

30. gr.

Lög þessi taka til allra verka íslenzkra ríkisborgara og verka útlendra ríkisborgara, sem fyrst eru útgefin hér á landi.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og taka einnig til andlegra verka, sem eldri eru en lögin.

31. gr.

Leyfilegt er í 3 ár eftir að lögin ganga í gildi að nota mót, stein, plötur og þvílík áhöld til eintakafjölgunar, svo fremi að hægt sé að sanna, að byrjað hafi verið að gera tæki þessi áður en lögin öðluðust gildi, og notkun þeirra hafi verið lögleg samkvæmt þeim lögum, sem hafa verið í gildi hingað til.

Þær erfðareglur, sem í 14. gr. segir, koma því aðeins til greina, að höfundurinn sé látinn, eftir að lög þessi öðluðust gildi.

32. gr.

Að því leyti sem lög þessi auka rétt höfundar, skal höfundur sjálfur njóta hagsins af aukningunni, hvort sem hann hefir áður selt öðrum af hendi frumrétt sinn eða ekki.

33. gr.

Með konunglegri tilskipun má veita ákvörðunum laga þessara gildi, að öllu eða nokkru, að því er snertir ritsmíðar þegna annars ríkis, þótt eigi séu þær útgefnar af íslenzku forlagi, svo framarlega sem sama vernd kemur á móti

fyrir ritsmíðar Íslendinga í því ríki. Þó verður eigi gerður samningur um gagnkvæmi í þessu efni, nema með samþykki Alþingis.

34. gr.

Með lögum þessum ganga úr gildi lög nr. 13, 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt, og lög nr. 11, 22. okt. 1912, um breytingar á sömu lögum.

Greinargerð.

Með þessu lagafrumvarpi, sem sniðið er eftir hinum ágætu nýju höfundalögum Norðmanna frá 6. júní 1930, er stefnt til þess, að bót sé ráðin á hinum takmarkaða rétti, sem höfundar andlegra verka njóta á Íslandi samkv. gildandi lögum. Efnisbreytingar þarf ekki að gera á lögum þessum, ef Ísland gengur í Bernarsambandið fyrir 1. ágúst 1931, en á þeim degi gengur nýja Bernarsamþykktin frá Róm 1928 í gildi, en hún veitir nokkru meiri og lengri vernd höfundunum og verkum þeirra en eldri samþykktin. Þau ríki, sem ganga í Bernarsambandið fyrir 1. ágúst 1931, geta sett fyrirvara um þýðingar úr erlendum málum, og einnig ákveðið, að þau vilji heldur lúta gömlu samþykktinni en þeirri nýju. Eftir þann 1. ágúst 1931 er aðeins hægt að ganga að nýju samþykktinni fyrirvaralaust. Greinargerð þessari fylgir ályktun sú, sem samþykkt var í einu hljóði á alþjóðaþingi rithöfunda og tónskálda frá 21 landi í Madrid 20.—26. maí 1929, en 31 félag sóttu það þing. Með þeirri ályktun má heita tryggt, að ekki verði krafizt gjalda, sem nokkru nemi, fyrir afnot útlendra verka á Íslandi, enda er ályktunin siðferðislega bindandi fyrir útlendu félögin, en í þeim eru velflestir rithöfundar og tónskáld þeirra landa, sem eru í Bernarsambandinu. Annars getur hvert ríki sagt sig úr Bernarsambandinu með aðeins eins árs fyrirvara, ef mönnum finnst, að gallar fylgi þátttökunni.

Telja má með öllu óunandi við þann órétt, sem íslenzkum höfundum er bakaður með þátttökuleysi Íslands í Bernarsambandinu, og er þess að vænta, að upptaka vor í sambandið verði afgreidd samtímis lögum þessum.

Eins og nú stendur á, hefir íslenzkur höfundur og íslenzkt rit hvergi rétt á sér né lagavernd erlendis, enda kemur iðulega fyrir, að íslenzk ritverk eru þýdd á erlendar tungur án leyfis og birt án þess höfundinum sé send sú þóknun, sem honum ber samkvæmt alþjóðlegri lagavernd.

Reynslan er hinsvegar sú um erlenda höfunda, að þeir hafa með glöðu geði veitt leyfi sitt til þess, að bækur þeirra væru þýddar á íslenzku, þegar þess hefir verið farið á leit, án þess, að þeir væntu sér nokkurrar þóknunar frá svo smárri þjóð. Þó eru dæmi hins, að erlendir höfundarréttarhafar hafa brugðizt miður vel við umleitunum frá Íslandi á þeim grundvelli, að þjóð, sem væri á því stigi menningar að skirrast við upptöku í Alþjóðasambandið, væri ekki virðandi svars.

Þau rök, að Íslendingar ættu að halda sér utan við Alþjóðasambandið vegna þess, að þannig væri þeim í lófa lagið að hnupla frá útlendingum hverju ritverki, sem þeim byði við að horfa, eru ekki verjandi á siðferðislegum grund-

velli, né frambærileg af siðaðri þjóð. Þessum rökum var um skeið haldið fram af Leikfélagi Reykjavíkur, sem óttaðist að þurfa að greiða erlendum höfundum einhverja umbun af sýningum erlendra leika. Sú skoðun er þó ekki lengur ráðandi hjá þessu leikfélagi. Nú ber að hinu leytinu að athuga, að fyrir hefir komið, að íslenzkir höfundar hafa samið leikrit, sem gefið hafa í aðra hönd mikið fé, t. d. Fjalla-Eyvindur Jóhanns Sigurjónssonar, en hefði J. S. samið leikrit þetta og birt fyrst á sínu eigin þjóðmáli, mundi hann hafa staðið réttlaus uppi og ekki átt neinar kröfur á erlend leikhús.

Lagafrumvarp þetta er fram komið fyrir tilstilli Bandalags íslenzkra listamanna og með einróma samþykki félagsmanna, en meðlimir þessa bandalags eru nálega allir skapandi listamenn íslenzkir af öllum listgreinum, sem stundaðar eru hér á landi. Þess skal að lokum getið, að allsherjar rithöfundaþing Norðurlanda í Osló síðastliðið sumar samþykkti tillögu þess efnis að skora á Íslendinga að ganga í Alþjóðasamband rithöfunda, sem möguleika fyrir menningarlegri samvinnu við Íslendinga í framtíðinni.

Nd. 178. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 62, 19. maí 1930, um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi.

Flutningsm.: Magnús Jónsson.

1. gr.

12. gr. laga nr. 62, 19. maí 1930, um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi, orðast svo:

Ekki má verzla með útvarpstæki hér á landi nema þær tegundir, sem ráðherra löggildir eftir tillögum útvarpsráðs. Löggilda má í einu öll tæki frá ákveðinni verksmiðju. Skal fylgja þeirri reglu, að neita ekki um löggilding nema kunnáttumenn telji tækin léleg.

2. gr.

14. gr. orðast svo:

Þegar útvarpstæki er löggilt, skal gera umboðsmanni eða heildsala, sem vöruna hefir, skylt að hafa jafnan tiltæka varahluta og annað, sem þarf til þess að tækjunum sé hægt að halda í nothæfu ásigkomulagi. Bregðist hann þeirri skyldu, varðar það sviptíng löggildingar.

3. gr.

15. gr. orðast svo:

Atvinnumálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um löggilding útvarpstækja.

4. gr.

Fyrirsögn II. kafla verður: Um löggilding á útvarpstækjum.

5. gr.

Síðari málsliður fyrstu málsgreinar 16. greinar, „þó skulu—20000 kr.“, fellur niður.

Greinargerð.

Með breyting þeirri, sem gerð var á útvarpslögunum í fyrra, var stjórninni heimilað að setja upp einkasölu á útvarpstækjum, og voru bornar fram fyrir því sömu ástæður eins og einokuninni gömlu og allri einokun, að með þessu eigi að tryggja mönnum góða vöru fyrir rétt verð o. s. frv. Auk þess átti svo að hafa einkasöluna að nokkurskonar mjólkurkú handa útvarpinu, hvernig sem þetta fær samrýmzt hinu lága verði.

Heimild þessa notaði stjórnin, og hefir einkasalan nú starfað um nokkra hríð. Hafa þegar heyrzt allmargar óánægjuraddir, og virðist reynslan ætla að verða svipuð eins og af gömlu einokuninni, að þessi „hjálparráðstöfun“ verði að byrði.

Þessi vandræði sjást bezt af því, að nú þegar, á fyrsta þingi eftir að einkasalan hefir verið sett á stofn, eru komnar fram þrjár tillögur til þál. (þskj. 81, 86 og 152) um ráðstafanir til umbóta á þessu fyrirkomulagi, og sumar þeirra frá þeim mönnum, sem annars virðast hafa trú á einkasölufyrirkomulaginu. Er því þegar hafin barátta gegn þessum ófögnuði, sem menn hafa sjálfir á sig lagt.

Langeðlilegasta og einfaldasta leiðin til þess að bæta úr þessum ágöllum er sú, að gefa verzlunina frjálsa og láta frjálsa samkeppni laga það, sem einkasalan hefir spillt. Mun þá verð færast í rétt horf og greiðsluskilmálar batna.

En af því að hér er um nýja vöru að ræða, sem hætt er við, að menn eigi erfitt með að dæma um til fullnustu, og með því að smíði útvarpstækja er enn ný og talsvert ábótavant, eru tekin hér upp ákvæði til þess að tryggja menn gegn óvönduðum vörum, meðan menn eru að átta sig á því, hvaða tegundir eru beztar og tryggastar. En annars mun reynslan leiða þetta bezt í ljós, og frjálsa samkeppnin á þessu sviði eins og öðrum tryggja beztu vörunum sigurinn miklu betur en nokkrar slíkar ráðstafanir geta gert.

Nd. 179. Frumvarp

til laga um veiting læknisembætta.

Flutningsm.: Magnús Jónsson.

1. gr.

Nú losnar læknisembætti eða önnur læknisstaða í þjónustu ríkis eða sveitarfélags, og skal þá auglýsa stöðuna til umsóknar innan tveggja mánaða frá því hún losnaði. Umsóknarfrestur skal ekki vera lengri en 3 mánuðir.

Hafi einn eða fleiri læknar sótt um stöðuna, sem landlæknir telur hæfa, skal hún veitt innan 2 mánaða frá því umsóknarfrestur er útrunninn.

2. gr.

Setning í embætti þau og stöður, sem ræðir um í 1. gr., skal ekki nema lengri tíma en einu ári, nema enginn hafi sótt um stöðuna, sem landlæknir telur hæfan.

3. gr.

Nú hefir landlæknisembætti verið auglýst til umsóknar, og skal þá leita álits læknadeildar háskólans og stjórnar Læknafélags Íslands um það, hver af umsækjendum muni hæfastur.

Greinargerð.

Það hafa verið óskrifuð lög að auglýsa yfirleitt laus embætti og stöður í tæka tíð, og veita embættin, þegar völ er á hæfum manni eða mönnum, skömmu eftir að umsóknarfrestur er úti. Þessa gerist og nauðsyn, til þess að vita vissu sína, um hverja sé að velja, og til þess að fá embættið sem fyrst skipað sem færustum manni.

Nú hefir stjórnin, að því séð verður, tekið upp þann sið að auglýsa alls ekki laus læknisembætti, jafnvel ekki kandídatastöður á sjúkrahúsum. Þetta er bagalegt, bæði fyrir lækna og almenning, og því ekki ástæðulaust að setja lög um það.

Þegar læknir er settur til bráðabirgða í embætti, er oftast að ræða um ungan kandidat, sem litla reynslu hefir fengið. Má því oft vænta þess, að embættið verði veitt nokkru færari manni, og þess vegna æskilegt, að það sé veitt áður langt um líður.

Við landlæknaskipti má búast við því, að fráfarandi landlæknir hafi engar tillögur gert um eftirmann sinn. Nú skiptir það miklu máli, að val hans takist sem bezt, og miða ákvæði 3. gr. að því, að leitað sé umsagnar þeirra manna, sem ættu öðrum fremur að vera færastir til þess að dæma um hæfileika umsækjenda.

Nd. 180. Frumvarp

til laga um heilbrigðisráð.

Flutningsm.: Magnús Jónsson.

1. gr.

Í Reykjavík skal stofnað heilbrigðisráð, sem hafi á hendi yfirstjórn allra heilbrigðismála undir umsjá dómsmálaráðuneytisins.

2. gr.

Ráðið er skipað 3 mönnum, og auk þeirra eru 2 varamenn.

Konungur skipar forseta ráðsins, og heitir hann landlæknir.

Læknadeild háskólans kýs einn mann í ráðið og einn varamann í forföllum hans.

Stjórn Læknafélags Íslands kýs þriðja mann ráðsins og varamann í hans stað.

Báðir aðalmenn ráðsins, aðrir en forseti, skulu kosnir til 5 ára í senn, en í fyrsta skipti gengur annar aðalmaður úr eftir 3 ár.

Endurkjósa má þá, sem úr ganga.

3. gr.

Heilbrigðisráðið annast öll þau störf, sem landlæknir hefir haft á hendi samkvæmt eldri lögum og landsvenju, önnur en forstöðu ljósmæðraskólans. Það gerir og tillögur um veitingar læknisembætta og annara læknisstarfa.

Forseti ráðsins stýrir fundum og hefir allar framkvæmdir þess og bréfaskriftir á hendi.

Aðalmenn vinna með forseta að öllum störfum ráðsins, taka þátt í öllum fundum og hafa jöfn atkvæði og hann, svo og varamenn, þegar þeir taka sæti í ráðinu.

Í fjarveru og forföllum forseta tekur sá af aðalmönnum sæti hans og störf, sem ráðið kýs til þess fyrir hvert ár, og varamaður aftur sæti hans.

Verksvið heilbrigðisráðsins skal nánar ákveðið með reglugerð, eftir að fengnar eru tillögur ráðsins um það.

4. gr.

Landlæknir hefir að byrjunarlaunum 6000 kr., en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár um 300, 300 og 400 kr., upp í 7000 kr. Auk þess nýtur hann sömu dýrtíðaruppbótar og aðrir fastir starfsmenn ríkisins.

Hinir kosnu aðalmenn fá hver 1500 kr. þóknun á ári fyrir störf sín. Skyldir eru þeir að gegna forsetastörfum, er þörf gerist, án sérstaks endurgjalds, en þó eigi lengur en hálft ár.

Greinargerð.

Löng og einatt dýrkeypt reynsla hefir sýnt það, að núverandi skipulag á stjórn heilbrigðismála hefir marga og mikla galla, sem verða þess tilfinnanlegri sem lengra líður. Bent skal á þessa:

a) Vegna ófullnægjandi eftirlauna hafa nálega allir landlæknar setið í embætti til dauðadags, þó þeir hafi verið lítt færir til þess að gegna störfum sínum í lengri eða skemmri tíma. Nú veltur stjórn flestra heilbrigðismála aðallega á landlækni einum, og fer í handaskolum, ef hann er ekki sívakandi og starffær.

b) Heilbrigðislöggjöf vor er nú fyrir löngu úrelt í ýmsum atriðum. Land-

læknir hefir ekki komizt yfir að endurskoða hana. Svo hefir og gengið í 18 ár með svo nauðsynlegt verk sem heilbrigðisskýrslur eru. Ýms alvarleg heilbrigðismál þyrfti að taka til vandlegrar athugunar, berklavarnir, varnir gegn kynsjúkdómum, eftirlit með læknum og lyfjabúðum, ljósmæðrum, skólum, matvælum o. fl. Það er hæpið, að einn maður geti leyst allt þetta af hendi svo í lagi sé.

c) Þýðingarmiklar sóttvarnarráðstafanir ættu að vera betur komnar í höndum fleiri manna en eins. Þekking á ýmsum atriðum er betur tryggð á þann hátt og almenningur treystir fullt svo vel dómi fleiri manna sem eins. Sérstaklega hefir þetta komið í ljós við inflúensuvarnirnar.

d) Hjá því verður ekki komizt, að landlæknir sé fjarverandi nokkurn tíma á hverju sumri, meðan samgöngur eru hvað mestar. Þessu fylgir nokkur áhætta, og er að nokkru úr þessu bætt, ef 2 vanir menn annast störfin í fjarveru hans.

e) Tillögur um veitingu embætta og annara læknisstarfa eru oft og einatt vandamál. Það þarf náinn kunnugleik á mönnum og verðleikum þeirra til þess að vel sé fram úr þessu ráðið. Oftast mun það fara svo, að málið verði betur athugað af 3 mönnum en einum.

f) Útgjöld landssjóðs í þarfir heilbrigðismála eru nú nokkuð á aðra milljón króna, að berklastyrk meðtöldum. Það er óheppilegt að verja svo miklu fé án þess að sjá jafnframt fyrir góðri stjórn og eftirliti á meðferð þess. Ef heilbrigðisráðið er störfum sínum vaxið, má gera ráð fyrir, að það borgi sig vel, semji heilbrigðisskýrslur, spari dýrar nefndir o. fl.

Tilgangur frumvarps þessa er sá, að bæta úr þeim vandkvæðum, sem hér eru talin, og koma öllum heilbrigðismálum vorum í betra horf en verið hefir. Sama vakti og fyrir stjórninni, er hún bar upp frv. til laga um heilbrigðisráð 1919. Var þá bæði landlæknir og læknadeild háskólans málinu fylgjandi.

Svo er ætlazt til, að þegar varamenn taka sæti í ráðinu, sjái hver aðalmanna þeim fyrir þóknun eftir samkomulagi.

Eftir þessar almennu athugasemdir virðist ekki þurfa að skýra hinar einstöku greinar frumvarpsins.

Ed. 181. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 18, 19. júní 1922, um fiskimat.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

3. málsgrein 1. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa svo fyrir, að allur útfluttur fiskur til þessara landa verði bundinn í bagga og hafður í hæfilegum umbúðum, að

dómi matsmanna, hvort heldur hann er fluttur beint frá Íslandi eða um önnur lönd.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 182. Breytingartillaga

við breytingartillögu á þingskjali 159 [*Tekjuskattur og eignarskattur*].

Frá Jóni Sigurðssyni.

Tillagan orðist þannig:

Búpening skal meta svo sem hann væri framgenginn í fardögum næstu á eftir og eftir verðlagi, er yfirskattanefnd ákveður, að fengnum verðlagsskýrslum úr öllum hreppum sýslunnar.

Nd. 183. Frumvarp

til laga um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923.

Flutningsm.: Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Niðurlag 2. gr., orðin „meiri hluta í stjórn þess“ o. s. frv., falli burt. Í þeirra stað komi: annan endurskoðanda að reikningum félagsins og varamann hans.

Greinargerð.

Frv. samskonar og þetta bar ég fram á síðasta þingi, eftir ósk nefndar, sem kosin hafði verið af búnaðarþingi til að endurskoða og koma fram með tillögur um stjórn og fyrirkomulag Búnaðarfélags Íslands. Vísast hér til þeirrar greinargerðar, er þá fylgdi frv., og umræðna þeirra, er um það urðu á þinginu. Frv. dagaði uppi, eins og kunnugt er. En á búnaðarþinginu í vetur var mál þetta tekið til rækilegrar meðferðar og samþykktar með öllum atkvæðum ýmsar breytingar á lögum félagsins. Ein af þeim breytingum (um stjórnarkosningu félagsins) getur vitanlega ekki gengið í gildi fyrr en fengizt hefir sú breyting á jarðræktarlögunum, sem hér er farið fram á. Eru það tilmæli búnaðarþingsins, að hið háa Alþingi verði við þessari ósk þess, og var mér falið að bera málið fram á Alþingi. Nánar í framsögu.

Nd. 184. Frumvarp

til laga um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum.

Flutningsm.: Bjarni Ásgeirsson, Magnús Guðmundsson, Haraldur Guðmundsson, Sveinn Ólafsson, Einar Jónsson, Jóhann Þ. Jósefsson, Gunnar Sigurðsson.

1. gr.

Heimilt skal sýslunefndum og bæjarstjórnum að ákveða það lýðskólafyrirkomulag innan sýslu- eða bæjarfélagsins, að allir ungir menn verkfærir á aldrinum 18 ára vinni kauplaust líkamleg störf í þarfir síns sýslu- eða bæjarfélags, þar sem þeir eiga heimili, 7 vikur að vorlagi, gegn ókeypis húsvist og kennslu við verklegt og bóklegt nám í skóla 6 mánaða tíma næsta vetur á eftir að vinnan hefir farið fram.

Þó skulu undanþegnir skylduvinnu allir þeir, er innan 18 ára aldurs hafa tekið próf í héraðsskóla í annari sýslu. Sömuleiðis allir þeir, er stundað hafa nám innan 18 ára í gagnfræðaskólum eða menntaskólum.

2. gr.

Nú líst meiri hluta sýslunefndar eða bæjarstjórnar að starfrækja lýðskóla með slíku fyrirkomulagi fyrir karlmenn, þá skal það með leynilegri atkvæðagreiðslu borið undir alla kjósendur til sýslunefndar eða bæjarstjórnar, og skal um atkvæðagreiðsluna fara á sama hátt og segir í lögum um kosningar til Alþingis.

3. gr.

Ef meiri hluti allra kosningabærra manna samþykkir starfrækslu lýðskóla með áðurnefndu fyrirkomulagi, þá skal fullkomið skólahús, af þeirri stærð, er áætlað nemendatal í sýslunni eða bæjarfélaginu útheimtir, byggt á kostnað ríkissjóðs, á þeim stað, er viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn ákveður og yfirstjórn fræðslumála getur fallizt á.

4. gr.

Hætti sýslu- eða bæjarfélag að starfrækja skóla með þessu fyrirkomulagi áður en 20 ár eru liðin frá þeim tíma, að skólahúsið var fullgert, skal það falla aftur til ríkisins með fyrirfram ákveðinni lóð eða landi, til fullrar eignar og allra umráða, nema öðruvísi um semjist milli þeirra, er þá eiga hlut að máli.

5. gr.

Með reglugerð, er viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn semur og samþykkir og yfirstjórn fræðslumála staðfestir, skal ákveða stjórn, tilhögun vinnunnar og skólans.

Þar má setja ákvæði um undanþágu að því er aldurstakmark nem-

enda snertir, svo og sektarákvæði gagnvart þeim, sem eru þess valdandi, að nemandi kemur eigi til skólavinnunnar, þegar hann er kallaður.

Skulu sektirnar renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð.

Loks má í reglugerð setja ákvæði um það, að þann tíma skólaársins, er vinnan og skólinn stendur eigi yfir, sé hverjum nemanda heimilt að leita sér atvinnu þar, sem hann vill, án þess að leysa lausamennskuleyfi, og sömuleiðis ákvæði um það, að ef einhver nemandi vill eigi nota rétt sinn til skólans, þá standi plássið hverjum þeim opið, er stunda vill nám í skólanum lengur en 1 vetur.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefir verið flutt á tveimur undanförnum þingum, en í bæði skiptin dagað uppi. Nú er frv. flutt í þriðja sinn, óbreytt að öðru leyti en því, að aftan við 1. gr. hefir verið bætt nýrri málsgr., um undanþágu frá skyldu-vinnunni. Um ástæður fyrir frumvarpinu er vísað til greinargerðar þeirrar, er því fylgdi, þegar það var fyrst fram borið, á þinginu 1929. (Sjá Alþt. 1929, A. þskj. 98).

Nd. 185. Frumvarp

til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. KAFLI.

Um tekjuskatt.

1. gr.

Hver maður heimilisfastur hér á landi er skyldur til, með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum þessum, að greiða skatt í ríkissjóð af tekjum sínum, enda hafi hann verið heimilisfastur hér a. m. k. 6 mánuði af skattárinu.

Nú dvelur maður erlendis um stundarsakir, en bregður eigi heimilisfangi sínu hér á landi, og skal hann þá gjalda skatt eins og hann dveldi að staðaldri í landinu.

2. gr.

Nú er maður eigi heimilisfastur hér á landi, en á hér eignir og hefir tekjur af þeim, eða af atvinnu, eða af sýslan, sem hér eða héðan er rekin, svo sem sjómenn á íslenzkum skipum, sem eigi greiða skatt í öðru ríki, og skal hann þá gjalda skatt af tekjum þessum og tilnefna fyrir hlutaðeigandi

skattheimtumanni, hver greiði skattgjald hans, enda sé sá maður búsettur á skattsvæði skattheimtumanns.

Sömuleiðis skal sá, er eigi hefir aðsetur hér á landi, en hefir laun, biðlaun eða styrk úr ríkissjóði, eða tekjur frá alþjóðlegri stofnun innlendri, eða arð af hlutafé í innlendu hlutafélagi eða öðrum fyrirtækjum, gjalda skatt af þessum tekjum, og skal tekjuskattinum haldið eftir við greiðslu fjárins.

Þeir menn, er starfa erlendis í þjónustu hins íslenzka ríkis, skulu undanþegnir tekjuskatti af þeim launum, sem þeir fá fyrir þau störf.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annara ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á tekju- og eignarskatti og sveitagjöldum þeirra íslenzkra og erlendra ríkisborgara, sem eftir gildandi skattlöggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu tekjum eða eignum í hvorutveggja ríkjanna.

3. gr.

Tekjuskatt greiða ennfremur:

a. Hlutafélög, samlagshlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, nema tekjuafgangi sé einungis varið til almennra þarfa.
b. Gagnkvæm ábyrgðarfélög, kaupfélög, smjörbú, sláturfélög og önnur samvinnufélög.
c. Önnur félög, sjóðir og stofnanir, sem ekki eru sérstaklega undanþegin skattgjaldi, sbr. 4. gr., svo og dánarbú og þrotabú.

Ef ekki eru fleiri en 4 félagar í verzlunarfélagi eða öðru atvinnufélagi með persónulegri ábyrgð, er skattur ekki lagður á félagið sjálft, heldur hvern einstakan félaga, ef ósk kemur fram um það frá félaginu, um leið og tekjur eru taldar fram, enda fylgi beiðninni þær skýrslur, sem með þarf til þess að ákveða skatt hvers einstaks félaga.

Slík félög og stofnanir, sem um ræðir í þessari grein og ekki eiga heimili hér á landi, en eiga hér eignir og hafa tekjur af þeim, eða af starfsemi, sem hér eða héðan er rekin, skulu greiða skatt í ríkissjóð af tekjum þessum.

4. gr.

Undanþegið öllum tekjuskatti er konungur og borðfé hans og ættmanna hans, ríkissjóður, ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir og aðrir þeir sjóðir, er standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, sveitarfélög og bæjarfélög, kirkjusjóðir, sparisjóðir, sem engan arð greiða stofnendum sínum eða ábyrgðarmönnum, og ennfremur sjóðir, félög og stofnanir, er ekki reka atvinnu eða veitt er skattfrelsi með sérstökum lögum.

5. gr.

Erlendir þjóðhöfðingjar, sendiherrar og sendikonsúlar annara ríkja og starfsmenn erlendra sendisveita eru undanþegnir tekjuskatti, nema að því leyti, sem þeir njóta tekna úr ríkissjóði eða alþjóðlegri stofnun innlendri, eigi hér fasteignir eða hafi tekjur af þeim, reki atvinnu eða eigi hlut í einhverju atvinnufyrirtæki hér á landi.

6. gr.

Skattgjald þeirra, sem ræðir um í 1. og 2. gr., reiknast þannig: Ef hinn skattskyldi hluti tekna þeirra er undir 500 kr., greiðist af honum 0,6%.

Af	500	til	1000	kr.	greiðist	3	kr.	af	500	kr.	og	0,8%	af	afgangi
—	1000	—	2000	—	—	7	—	—	1000	—	—	0,5	—	—	—
—	2000	—	3000	—	—	22	—	—	2000	—	—	2	—	—	—
—	3000	—	4000	—	—	42	—	—	3000	—	—	3	—	—	—
—	4000	—	5000	—	—	72	—	—	4000	—	—	4	—	—	—
—	5000	—	6000	—	—	112	—	—	5000	—	—	5	—	—	—
—	6000	—	7000	—	—	162	—	—	6000	—	—	6	—	—	—
—	7000	—	8000	—	—	222	—	—	7000	—	—	7	—	—	—
—	8000	—	9000	—	—	292	—	—	8000	—	—	8	—	—	—
—	9000	—	10000	—	—	372	—	—	9000	—	—	9	—	—	—
—	10000	—	11000	—	—	462	—	—	10000	—	—	10	—	—	—
—	11000	—	12000	—	—	562	—	—	11000	—	—	11	—	—	—
—	12000	—	13000	—	—	672	—	—	12000	—	—	12	—	—	—
—	13000	—	14000	—	—	792	—	—	13000	—	—	13	—	—	—
—	14000	—	15000	—	—	922	—	—	14000	—	—	14	—	—	—
—	15000	—	16000	—	—	1062	—	—	15000	—	—	15	—	—	—
—	16000	—	17000	—	—	1212	—	—	16000	—	—	16	—	—	—
—	17000	—	18000	—	—	1372	—	—	17000	—	—	17	—	—	—
—	18000	—	19000	—	—	1542	—	—	18000	—	—	18	—	—	—
—	19000	—	20000	—	—	1722	—	—	19000	—	—	19	—	—	—
—	20000	—	25000	—	—	1912	—	—	20000	—	—	19,5	—	—	—
—	25000	—	30000	—	—	2887	—	—	25000	—	—	20	—	—	—
—	30000	—	35000	—	—	3887	—	—	30000	—	—	21	—	—	—
—	35000	—	40000	—	—	4937	—	—	35000	—	—	22	—	—	—
—	40000	—	50000	—	—	6037	—	—	40000	—	—	23	—	—	—
—	50000	—	70000	—	—	8337	—	—	50000	—	—	24	—	—	—
—	70000	—	100000	—	—	13137	—	—	70000	—	—	25	—	—	—
—	100000	og	þar	yfir	—	20637	—	—	100000	—	—	26	—	—	—

Skattgjald samkvæmt 2. gr. reiknast þó aldrei lægra en 5% af tekjum.

7. gr.

Skattgjald innlendra félaga og stofnana, er um ræðir í 3. gr., reiknast þannig:

Þegar skattskyldar tekjur í hlutfalli við innborgað hlutafé, stofnfé eða tryggingarfé, nema undir 2%, greiðist 5% af þeim.

2—	5%	greiðist	5	%	af	fyrstu	2%	og	10%	af	afgangi
5—	10—	—	8	—	—	—	5—	—	15—	—	—
10—	20—	—	11½	—	—	—	10—	—	20—	—	—
20—	50—	—	15¾	—	—	—	20—	—	25—	—	—
50%	og	þar	yfir	$21^{3}/_{10}$	—	—	—	50—	—	30—	—	—

Með innborguðu hlutafé eða stofnfé skal telja varasjóð þann, sem félaginu kann að hafa safnazt af arði, sem lagður hefir verið til hliðar í því

skyni, eins og sá sjóður var í byrjun næsta reikningsárs á undan niðurjöfnuninni.

Skattgjald innlendra félaga og stofnana án innborgaðs hlutafjár eða stofnfjár, svo og skattgjöld útlendra félaga, reiknast eftir reglunum í 6. gr., þó aldrei lægra en 5% af hinum skattskyldu tekjum.

Af skattskyldum tekjum þeirra félaga, sem um ræðir í 3. gr. b, greiðist jafnan 6%.

8. gr.

Skattskyldar tekjur teljast, með þeim undantekningum og takmörkunum, er síðar greinir, allskonar arður, laun eða gróði, er gjaldanda hlotnast af eign eða atvinnu eða einstökum verknaði eða atvikum, ef þetta verður metið til peningaverðs, svo sem:

a. Tekjur af landbúnaði, sjávarútvegi, siglingum, verzlun, verksmiðjuiðnaði, handiðn, námurekstri og sérhverjum öðrum atvinnurekstri, ennfremur allar tekjur, sem telja má endurgjald fyrir starfsemi í þágu vísinda, lista og bókmennta, eða fyrir hverskonar vinnu, greiða eða aðstoð. Til slíkra tekna telst fæði, húsnæði og önnur hlunnindi, sem látið er í té í kaupgjaldsskyni.
b. Tekjur af embættum eða sýslunum, svo sem: Föst laun, aukatekjur, embættisbústaður og önnur hlunnindi, landauragjald, jarðarafnot, endurgjald fyrir skrifstofukostnað (sbr. 12. gr. d.); ennfremur eftirlaun, biðlaun, lífeyrir, gjafir og allskonar styrktarfé.
c. Landskuld af leigujörðum og arður af allskonar ítökum og hlunnindum, leiga eftir hús, lóðir og skip, svo og áætlað afgjald af fasteignum og skipum, er eigandi notar sjálfur; ennfremur leiga af innstæðukúgildum á jörðum, sem eru í leiguábúð, og arður af byggingarpeningi og öðru lausafé, sem á leigu er selt.
d. Vextir eða arður af skuldabréfum, hlutabréfum og öðrum innlendum eða útlendum verðbréfum, svo og vextir af útistandandi skuldum og öðrum fjárkröfum, þótt bréf sé eigi fyrir, af sparisjóðsinnlögum og sérhverri annari arðberandi innstæðu.
e. Ágóði af sölu á fasteign eða lausafé, enda þótt salan falli ekki undir atvinnurekstur skattgreiðanda, ef ætla má, að hann hafi keypt eignina, eða öðlazt hana á annan hátt, í því skyni að selja hana aftur með ágóða og hún hefir verið í eign hans skemur en 5 ár, ef um fasteign er að ræða, en annars skemur en 3 ár. Þó má draga frá þessum ágóða skaða, sem kynni að hafa orðið á samskonar sölu á árinu.
f. Vinningur í veðmáli, happdrætti eða því um líku.

9. gr.

Til skattskyldra tekna félaga og stofnana, sem í 3. gr. segir, teljast eigi aðeins þær tekjur, sem varið er til að greiða hluthöfum og félagsmönnum í vexti eða arð af innborguðu fé, heldur einnig þær tekjur, sem varið er til

afborgana af skuldum á árinu, óvenjulegra fyrninga og yfirfærslu á tekjuafgangi í varasjóð, tryggingarsjóð og aðra slíka sjóði.

Skattskyldar tekjur vátryggingarfélaga, sem starfa hér á landi, telst sá hluti heildarágóðans, sem svarar til hlutfallsins á milli iðgjaldatekna félagsins hér á landi og allra iðgjaldatekna þess.

Fjármálaráðherra getur sett fyrirmæli um heimild innlendra vátryggingarfélaga til að draga frá tekjum sínum það, er þau leggja til hliðar til að inna af hendi skyldur sínar gagnvart vátryggðum.

Loks getur fjármálaráðherra sett ákvæði um það, hvenær félög þessi skuli hafa skilað framtölum sínum og reikningum.

Samvinnufélögum ber ekki að telja með tekjum sínum lögboðið tillag til varasjóðs, samkv. 24. gr. laga nr. 30, 27. júní 1921, né verðlagsuppbót þá, er þau úthluta félagsmönnum sínum af eigin vöruskiptum þeirra af innlendum og erlendum vörum, hvort heldur sem verðlagsuppbótin er færð þeim til tekna í viðskiptareikningi eða stofnsjóðsreikningi, en verðlagsuppbótin á innlendum vörum er skattskyld hjá hinum einstöku félagsmönnum sem afrakstur af atvinnu þeirra. Þar á móti er allur ágóði af viðskiptum við utanfélagsmenn, sem ekki fellur til varasjóðs, samkv. 7. lið 3. gr. fyrrnefndra laga, skattskyldar tekjur hjá félaginu. Geti félag ekki gert grein fyrir hlutfallslegum viðskiptum við félagsmenn og utanfélagsmenn, má telja allan hagnaðinn af starfsemi félagsins skattskyldar tekjur þess.

Nánari ákvæði má setja með reglugerð.

10. gr.

Til tekna telst ekki:

a. Sá eignarauki, sem stafar af því, að fjármunir skattgreiðanda hækka í verði, — hinsvegar kemur ekki heldur til frádráttar tekjum, þótt slíkir fjármunir lækki í verði, — ekki heldur tekjur, sem stafa af sölu á eignum skattgreiðanda (að meðtöldum verðbréfum), nema slík sala falli undir atvinnurekstur hlutaðeigandi skattgreiðanda, t. d. fasteignaverzlun, eða hún falli undir ákvæði í 9. gr. e. Þegar svo stendur á, telst verzlunarhagnaðurinn af sölunni til tekna, en draga má frá honum þann skaða, sem kynni að hafa orðið á samskonar sölu á árinu.
b. Eignarauki, sem stafar af arftöku, fyrirframgreiðslu upp í arf, fallinn eða ófallinn, af stofnun hjúskapar, útborgun lífsábyrgðar, brunabóta, eftirgjöf skulda eða þess háttar.
c. Tekjuliðir, sem stafa af eyðslu höfuðstóls eða af lántöku.
d. Dagpeningar og endurgreiðsla ferðakostnaðar, er skattgreiðandi fær í endurgjaldsskyni fyrir tilkostnað sinn, er hann verður að vera um stundarsakir fjarverandi heimili sínu vegna starfa í almenningsþarfir.

11. gr.

Frá tekjum skal draga, áður en skattur er á þær lagður:

a. Rekstrarkostnað, þ. e. þau gjöld, sem á árinu ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal vexti af skuldum, er stafa

beinlínis af atvinnu eða öflun tekna, svo og venjulega fyrningu, eða það, sem varið er til tryggingar og nauðsynlegs viðhalds á arðberandi eignum gjaldanda. Nánari ákvæði um, hvernig reikna skuli fyrningu eða viðhald til frádráttar, skulu sett í reglugerð, sem fjármálaráðherra setur.

Með rekstrarkostnaði telst ekki það, sem gjaldandi hefir varið sér og skylduliði sínu til framfæris og notkunar, eigi heldur kaup handa honum sjálfum, né neinum af skylduliði hans, nema sá telji tekjur sínar fram sér í lagi. Eigi má gjaldandi heldur telja til rekstrarkostnaðar vexti af fé, sem hann sjálfur hefir lagt í atvinnurekstur sinn, né félag eða stofnun vexti af hlutafé, stofnfé eða tryggingarfé.

b. Tap á atvinnurekstri, er á skattárinu verður eða þá fyrst kemur í ljós. Tapi á atvinnurekstri frá sama ári má aldrei skipta á fleiri ár, og skal þegar tekið til frádráttar, er það er fullreynt.

c. Tap á útistandandi skuldum, enda stafi skuldin beinlínis af atvinnurekstri aðila og séu færðar fullnægjandi sönnur fyrir tapinu. — Það ár eitt kemur töpuð skuld til frádráttar, er sannreynt þykir, að hún er töpuð. Nú greiðist skuld, er áður var talin töpuð að einhverju eða öllu leyti, og skal hið greidda þá talið til tekna það ár, er greiðsla átti sér stað.

d. Frá embættistekjum skal draga þann kostnað, sem embættisreksturinn hefir haft í för með sér, svo sem skrifstofukostnað og lögmæltar kvaðir, er á embættum hvíla.

e. Iðgjöld af lífeyri, sem skattgreiðandi er skyldur lögum samkvæmt að tryggja sér eða konu sinni eftir sinn dag, svo og iðgjöld af hverri annari lögboðinni persónutryggingu. Ennfremur skal draga frá tekjum þeirra manna, sem eigi eru að lögum skyldir að tryggja sér eða konum sínum lífeyri, iðgjöld af slíkum lífeyri eða lífsábyrgð, sem greidd hafa verið, þó ekki hærra iðgjald en 300 krónur.

f. Vexti af skuldum gjaldanda, öðrum en þeim, sem ræðir um í staflið a.

g. Af framlagi af ársarði samvinnufélaga, öðru en því, sem um ræðir í 10. gr., og hlutafélaga til varasjóðs má draga ⅓ hluta, er skal vera undanþeginn tekjuskatti og koma til frádráttar skattskyldum tekjum. Ef nokkur upphæð úr varasjóði síðar er notuð til úthlutunar til félagsmanna, eða á annan hátt notuð í einhverjum þeim tilgangi, sem ekki var tilætlunin þegar varasjóðurinn myndaðist, þá skal telja helming þeirrar upphæðar, sem þannig er ráðstafað, til skattskyldra tekna á því ári. Sem varasjóð samkvæmt þessari gr. og 3. málslið 7. greinar má ekki telja eftirlaunasjóði, arðjöfnunarsjóði eða aðra slíka sjóði, sem ekki eru beinlínis ætlaðir til þess að tryggja fjárhag fyrirtækisins sjálfs.

h. Helming þess, er áfallið hefir og greitt hefir verið í útsvar og tekju- og eignarskatt á árinu.

Þegar skattur er lagður á tekjur, sem renna til einstaklinga, félaga eða stofnana, sem ekki eiga heimili hér á landi (sbr. 2. gr. og síðari málsgr. 3. gr.), má draga frá tekjunum þau útgjöld, sem beinlínis viðkoma þessum tekjum.

Tekjur þær, sem koma til greina við ákvörðun skattsins, eru skatt-

skyldar án tillits til þess, hvernig þeim er varið, hvort heldur gjaldandi hefir þær sér eða skylduliði sínu til framfæris, nytsemdar eða munaðar, til hjúahalds, nema til atvinnurekstrar sé, til þess að færa út bú sitt eða atvinnuveg, til umbóta á eignum sínum eða til þess að afla sér fjár, til gjafa eða hvers annars sem er.

12. gr.

Tekjur hjóna, er samvistum eru, skulu saman taldar til skattgjalds, enda þótt séreign sé eða sératvinna, enda ábyrgjast bæði skattgreiðslu. Rétt er bónda eða erfingjum hans að krefjast endurgjalds af konu eða erfingjum hennar á þeim hluta skattsins, er að réttum tölum kemur á séreign hennar eða sératvinnu.

Tekjur barna, sem í foreldrahúsum eru (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn), skal telja sérstaklega til skattgjalds.

Með tekjum barna, sem eru í foreldrahúsum og eru sjálf skattgreiðendur, telst eigi það framfæri, sem þau fá að nokkru eða öllu leyti hjá heimilisföður, nema það sé endurgjald fyrir vinnu við atvinnurekstur hans.

13. gr.

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér á landi, eins og þær eru ákveðnar samkv. 12. gr., skal draga sem hér segir:

1. Fyrir einstakling 800 kr.
2. Fyrir hjón, sem samvistum eru, 1600 kr.
3. Framfærslueyrir fyrir börn (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með), sem eru ekki fullra 14 ára í byrjun þess almanaksárs, er skatturinn er lagður á, og hafa ekki sjálf efni á að kosta framfæri sitt, 500 kr. fyrir hvert barn. — Sama er um aðra skyldu framfærlinga.

Frá tekjum þeirra, sem eru í foreldrahúsum á framfæri, eða við nám og enga atvinnu hafa, skal draga það, sem útheimtist til framfæris þeim og menningar.

Frá hreinum tekjum innlendra félaga og stofnana, eins og þær eru ákveðnar samkv. 12. gr., skal draga 4% af innborguðu stofnfé eða hlutafé, innborguðum hlutum af tryggingarsjóði og þess háttar.

Að loknum frádrætti samkv. þessari grein skal sleppa því, sem afgangs verður, þegar tekjuhæðinni er deilt með 50. Af þeirri tekjuupphæð, sem þá er eftir, greiðist skatturinn og við hann miðast skattgjaldið samkv. 6. og 7. gr.

Ef tekjurnar eftir allan löglegan frádrátt nema ekki fullum 100 kr., greiðist enginn skattur af þeim.

14. gr.

Skattinn skal miða við tekjur næsta almanaksárs á undan skattákvörðun, nema annað sé venjulegt rekstrarár í atvinnugrein aðila, eða hann sýni, þegar hann telur fram, að hann hafi annað reikningsár, enda getur skattanefnd þá veitt honum heimild til að hafa það reikningsár í stað almanaksársins.

II. KAFLI.

Um eignarskatt.

15. gr.

Af skuldlausri eign skal árlega greiða í skatt í ríkissjóð sem hér segir:
Af fyrstu 5000 kr. greiðist enginn skattur.

Af	5000	til	15000	kr.	greiðist	1	‰	af	því,	sem	er	umfram	5000 kr.
—	15000	—	20000	—	—	10	kr.	af	15000	kr.	og	1,2	‰ af afgangi
—	20000	—	30000	—	—	16	—	—	20000	—	—	1,5	— — —
—	30000	—	50000	—	—	31	—	—	30000	—	—	2	— — —
—	50000	—	100000	—	—	71	—	—	50000	—	—	3	— — —
—	100000	—	200000	—	—	221	—	—	100000	—	—	4	— — —
—	200000	—	500000	—	—	621	—	—	200000	—	—	5	— — —
—	500000	—	1000000	—	—	2121	—	—	500000	—	—	6	— — —
—	1000000	og	þar yfir		—	5121	—	—	1000000	—	—	7	— — —

Nemi skatturinn samkvæmt þessu ekki 1 krónu, skal honum sleppt.

16. gr.

Eignarskatt greiði allir hinir sömu, sem skattskyldir eru til tekjuskatts, ef þeir eiga eign og eignarréttindi, sem skatt ber að greiða af samkvæmt lögum þessum. Innlend hlutafélög og önnur félög hafa leyfi til að draga hlutafé sitt eða stofnfé frá eignaupphæðinni, áður en skattur er á lagður.

Menn, sem eigi eru heimilisfastir hér á landi, og útlend félög greiða aðeins eignarskatt af eignum sínum hér á landi, og reiknast skatturinn samkvæmt reglunum í 16. gr., þó aldrei lægri en 2 ‰ af hinum skattskyldu eignum.

17. gr.

Undanþegnir öllum eignarskatti eru hinir sömu, sem samkvæmt 4. gr. eru undanþegnir tekjuskatti. Þeir, sem samkvæmt 5. gr. eru undanþegnir tekjuskatti, eru einnig undanþegnir eignarskatti, í samræmi við reglur þær, sem settar eru í þeirri grein.

18. gr.

Skattskyldar eignir teljast, með þeim undantekningum og takmörkunum, sem gerðar eru í 16. og 18. gr., allar fasteignir og allt lausafé skattgreiðanda, að frádregnum skuldum, svo sem jarðir, húseignir, skip, skepnur, verkfæri, vélar, vörubirgðir, peningar og verðbréf, útistandandi skuldir og aðrar fjárkröfur og verðmæt eignarréttindi, húsgögn og aðrir innanstokksmunir og skartgripir. Þegar skattur greiðist samkvæmt síðari málsgrein 16. gr., má þó aðeins draga frá þær skuldir, sem hvíla á þeim eignum, sem skattur er greiddur af. — Eignirnar eru jafnt skattskyldar, hvort sem þær gefa af sér nokkrar tekjur eða engar.

19. gr.

Með skattskyldum eignum er eigi talið:

a. Skilyrðisbundin fjárréttindi, svo sem réttur til lífsábyrgðarfjár, sem ekki er fallið til útborgunar.
b. Réttur til eftirlauna, lífeyris eða annarar áframhaldandi greiðslu, sem bundin er við einstaka menn.
c. Réttur til leigulauss bústaðar, eða önnur afnotaréttindi.
d. Bækur og fatnaður til einkaafnota.

20. gr.

Við mat á eignum til eignarskatts skal farið eftir þessum reglum:

a. Virðing á fasteign skal fara eftir gildandi fasteignamati.
b. Búpening skal telja svo sem hann væri framgenginn í fardögum næst á eftir og með gildandi verðlagsskrárverði.
c. Verðlag á skipum og öðru lausafé skal miða við áætlað söluverð. Við ákvörðun þess skal meðal annars hafa hliðsjón af því, hve hátt eignirnar eru vátryggðar.
d. Verzlunarvörur skal meta eftir því, hvað þær kosta komnar í hús eða á sölustað.
e. Hlutabréf, skuldabréf og önnur slík verðbréf skal meta eftir nafnverði, nema þau hafi annað gangverð eða áætlað söluverð.
f. Útistandandi skuldir skulu taldar með nafnverði, hvort sem vextir eiga að greiðast af þeim eða ekki, nema færðar séu sönnur á, að þær séu minna virði.
g. Réttindi til stöðugra tekna skulu metin eftir því endurgjaldi, sem hæfilegt væri fyrir þau þegar skatturinn er lagður á.

Nánari reglur um virðingu getur fjármálaráðherra sett.

21. gr.

Eignir hjóna, sem samvistum eru, skulu lagðar saman til eignarskatts, enda ábyrgjast bæði greiðslu.

22. gr.

Eignarskattur skal að jafnaði ákveðinn eftir eign gjaldanda í lok almanaksársins. Þó mega þeir, sem nota annað reikningsár en almanaksárið, telja fram eignir sínar í lok þess reikningsárs, sem er næst á undan skattálagningunni.

Upphæð sú, sem skattur er talinn af, skal ávallt deilanleg með 100; því, sem fram yfir er, skal sleppt.

III. KAFLI.

Um skattanefndir o. fl.

23. gr.

Tekjuskattur og eignarskattur samkvæmt lögum þessum er ákveðinn af skattanefndum í hreppum og skattanefndum eða skattstjóra í kaupstöðum. Í skattanefnd sitja 3 menn. Í hreppum: Hreppstjóri eða sá, er að lögum gegnir starfi hans, einn maður tilnefndur af sýslumanni og einn kosinn af hreppsnefndinni. Í kaupstöðum: Bæjarstjóri, einn maður tilnefndur af bæjarfógeta og einn kosinn af bæjarstjórn. Sé bæjarfógeti jafnframt bæjarstjóri kaupstaðarins, tilnefnir hann tvo menn í nefndina.

Skipa skal tvo varamenn, er taka sæti í skattanefndum í forföllum nefndarmanna. Annan varamanninn tilnefnir bæjarfógeti eða sýslumaður, en hinn kýs bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

Formaður skattanefndar í kaupstöðum er bæjarstjóri, eða þar sem hann er eigi, sá nefndarmaður, er bæjarfógeti nefnir til, en annarsstaðar er hreppstjóri formaður. Í forföllum formanns kýs skattanefnd sjálf formann um stundarsakir.

24. gr.

Í Reykjavík skipar fjármálaráðherra skattstjóra og varaskattstjóra. Hefir skattstjóri Reykjavíkur sama vald og sömu störf og skattanefndir, eða eftir atvikum formenn skattanefnda utan Reykjavíkur.

Heimilt er fjármálaráðherra að gera sömu tilhögun um ákvörðun skatts í hinum öðrum kaupstöðum og sett er fyrir Reykjavík.

25. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi skal skipa yfirskattanefnd. Þar, sem bæjarfógetaembætti er sameinað sýslumannsembætti, skal vera ein yfirskattanefnd bæði fyrir kaupstaðinn og sýsluna. Í nefndinni eiga sæti lögreglustjóri, sem er formaður, og tveir menn, sem fjármálaráðherra skipar. Hann skipar og tvo varanefndarmenn, sem taka sæti í nefndinni í forföllum nefndarmanna, eftir því sem formaður ákveður.

26. gr.

Fjármálaráðherra skipar 3 menn í ríkisskattanefnd og jafnmarga varamenn. Formaður nefndarinnar heitir ríkisskattstjóri. Annar nefndarmanna skal hafa þekkingu á landbúnaði, en hinn á sjávarútvegi og viðskiptum. Ríkisskattanefnd hefir skrifstofu í Reykjavík.

27. gr.

Enginn má sitja í skattanefnd, yfirskattanefnd eða ríkisskattanefnd, nema hann:

1. hafi óflekkað mannorð,

2. sé fjárráður,
3. eigi heimili í skattumdæminu,
4. hafi náð lögaldri.

Í skattanefnd mega ekki sitja saman skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja, hjón, kjörforeldri og kjörbörn, fósturforeldri og fósturbörn, hvorki sem aðalmenn né varamenn.

28. gr.

Sami maður má ekki eiga sæti nema í einni skattanefnd. Skattanefndarmenn, aðrir en bæjarstjórar, hreppstjórar og skattstjórar, skulu skipaðir til 6 ára, þannig að annar meðnefndarmaður fer frá 3. hvert ár, eftir hlutkesti í fyrsta sinn. Ef nefndarmaður fer frá eða deyr áður en tími hans er liðinn, skal skipa mann í stað hans til þess tíma, er hann átti eftir að sitja í nefndinni.

Nefndarmann, sem gengur úr, má skipa svo oft sem vill. Nefndarstarfið er borgaraskylda, sem enginn löghæfur maður getur skorazt undan að gegna, nema hann hafi verið í skattanefnd í 6 ár samfleytt eða sé orðinn 60 ára gamall.

Skattstjórar í Reykjavík og öðrum kaupstöðum (sbr. 26. gr.) og ríkisskattstjóri skulu skipaðir til 6 ára.

29. gr.

Skattanefndarmenn og skattstjórar, er eigi hafa áður unnið heit embættismanna eða sýslunarmanna, skulu á fyrsta nefndarfundi, er þeir sitja, undirrita í gerðabók nefndarinnar drengskaparheit um það, að þeir skuli gegna starfinu hlutdrægnislaust eftir beztu vitund og sannfæringu og gæta þagnarskyldu um allt, er þeir fá vitneskju um í starfinu og varðar eignir og tekjur gjaldþegna.

30. gr.

Enginn má taka þátt í meðferð máls, hvorki skattákvörðun eða kæru, ef það mál varðar sjálfan hann, konu, niðja, foreldra, kjörforeldra eða fósturforeldra, kjörbörn eða fósturbörn, systkini, kjörsystkini eða fóstursystkini eða mægðamenn að feðgatali, eða ef aðrar ástæður eru til að óttast, að hann geti ekki litið hlutdrægnislaust á málavöxtu. Tekur varamaður sæti í nefnd samkvæmt kvaðningu formanns, ef aðalmanns missir við.

31. gr.

Skattanefndarmenn og skattstjórar fá laun fyrir störf sín sem hér segir:

a. Í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru hreppur fyrir sig, skal greiða skattanefnd 2%, en annarsstaðar á landinu 4% af þeirri upphæð, sem skatturinn nemur. Þó skal borgunin ekki fara fram úr 8 krónum og ekki vera minni en 4 krónur fyrir hvern starfsdag nefndarmanns.
b. Yfirskattanefndarmenn fá 8 krónur á dag og ferðakostnað. Borgun til formanna telst þó innifalin í embættislaunum þeirra.

c. Borgun til skattstjóra, ríkisskattstjóra og ríkisskattanefndar fer eftir samningi við fjármálaráðherra.

Þóknun til skattanefnda og skattstjóra greiðist úr ríkissjóði. Formenn yfirskattanefnda úrskurða reikninga skattanefnda og greiða þá á manntalsþingum. Fjármálaráðuneytið úrskurðar reikninga yfirskattanefnda og ríkisskattanefndar.

IV. KAFLI.

Um framtal tekna, fresti, úrskurði, innheimtur o. fl.

32. gr.

Gjaldendur skulu venjulega settir í skatt þar, sem þeir eru búsettir þegar skattanefnd tekur til starfa. Hlutafélög og önnur atvinnufélög innlend skulu sett í skatt þar, sem þau eiga heimili, en erlend þar, sem aðalumboðsmenn þeirra hér á landi eru búsettir, enda beri téðir umboðsmenn ábyrgð á greiðslu skattsins.

Aðrir gjaldendur, sem ekki eru búsettir hér á landi, greiði skatt á þeim stöðum, þar sem þeir hafa tekjur sínar eða eignir.

Ráðuneytið sker úr, ef vafi leikur á, hvar gjaldandi skuli settur í skatt.

33. gr.

Allir þeir, er hafa skattskyldar tekjur, skulu í Reykjavík fyrir 31. janúar, en annarsstaðar á landinu fyrir febrúarmánaðarlok ár hvert — eða ef þeir reka atvinnu á fleiri stöðum en einum, í síðasta lagi 20. marz — afhenda skattanefnd skriflega skýrslu, að viðlögðum drengskap, um tekjur sínar síðastl. ár og eignir í árslok. Sama skylda hvílir á hverjum þeim, er veitir forstöðu verzlun, verksmiðju eða öðru atvinnufyrirtæki, ef eigandinn er eigi búsettur innanlands, svo og á stjórn félags eða stofnunar og á þeim, er hefir á hendi fjárhald fyrir þann, sem ekki er fjárráða.

Nú þykist framteljandi ekki sjálfur vera fær um að gefa fullnægjandi skýrslu um tekjur sínar og eignir, og er þá skattanefnd skyld að veita honum aðstoð til þess, en hann er skyldur að láta skattanefnd í té allar upplýsingar, er hún þarf, til þess að gera framtal hans sem réttast.

Hvenær sem skattanefnd þykir þörf á, getur hún krafizt þess, að skattframteljendur leggi bækur sínar fyrir hana, eða einstaka nefndarmenn, eða einn eða tvo reikningsfróða menn utan nefndarinnar, er ekki séu keppinautar framteljanda.

34. gr.

Allir embættismenn og aðrir, er einhver störf hafa á hendi í almenningsþarfir, stjórnendur banka, sparisjóða, hlutafélaga og annara félaga og stofnana, eru skyldir að láta skattanefndum í té ókeypis allar þær skýrslur, er þær beiðast og með þurfa, svo sem skýrslur um starfslaun, um skuldabréf, vaxtabréf og hlutabréf, sem eigandi er nafngreindur að, um vaxtafé í bönkum og sparisjóðum, og annað því um líkt. Þeir, sem hafa menn í þjón-

ustu sinni, er taka kaup fyrir starf sitt, eru og skyldir að skýra frá, hvaða kaup þeir greiða hverjum manni.

35. gr.

Eftir skýrslum þeim, er skattanefnd tekur gildar, skal hún kveða á um tekjuupphæð og eign hvers eins. Þyki nefndinni skýrsla einhvers ófullnægjandi eða tortryggileg, skal hún skora á hann að láta nefndinni í té frekari skýringar og sannanir. Fái skattanefnd eigi fullnægjandi skilríki fyrir framtalinu innan þess tíma, er hún hefir til tekið, skal hún áætla tekjur hans og eign eftir beztu vitund. Dvelji hann utanlands, eða svo langt í burtu, að erfitt er að ná til hans, og hafi hann ekki umboðsmann fyrir sig nærlendis, sem nefndinni er kunnugt um, eða ef ekki er kunnugt um dvalarstað hans, má hún áætla tekjur hans og eign án þess að gera honum aðvart.

Nú er einhver sá, er enga skýrslu gefur, og skal þá nefndin áætla tekjur hans og eign svo ríflega, að ekki sé hætt við, að upphæðin sé sett lægri en hún á að vera í raun réttri, enda skal hún vera að minnsta kosti 10% hærri heldur en skattmat næst á undan, og ef vanræksla er ítrekuð, skal hækkunin vera minnst tvöföld á við hækkunina árið á undan.

36. gr.

Þegar alvarleg veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol skattgreiðanda, má skattanefnd taka við umsókn hans um linun eða eftirgjöf á skattgreiðslunni, og sendir hana með umsögn sinni til yfirskattanefndar, er leggur úrskurð á beiðnina. Skattanefnd getur og af eigin hvötum gert tillögu til lækkunar á skattgjaldi, þegar svo er ástatt sem segir í upphafi þessarar greinar.

37. gr.

Innan marzmánaðarloka skal skattanefnd hafa lokið ákvörðun tekna og eigna og samið skrá um alla þá, sem tekjuskatt eða eignarskatt eiga að greiða í hreppnum eða kaupstaðnum.

Skattskráin skal lögð fram 1. dag aprílmánaðar á þingstað hrepps eða öðrum hentugum stað, er skattanefnd hefir fyrirfram auglýst, og í kaupstöðum á bæjarþingstofunni eða skattstofunni, eða skrifstofu lögreglustjóra, og liggur skráin til sýnis til 15. dags sama mánaðar.

Sérhver gjaldþegn getur krafizt munnlega upplýsinga um það hjá skattanefnd, eftir hverju hún hafi farið við ákvörðun tekna hans og eigna.

38. gr.

Ef einhver er óánægður með ákvörðun skattanefndar um tekjur hans og eign, skal hann bera upp kæru sína bréflega fyrir formanni skattanefndar, eða skattstjóra, fyrir 15. dag aprílmánaðar. Innan sama tíma er hverjum gjaldanda heimilt að kæra yfir því, að skattskyldum manni sé sleppt eða tekjur og eign einhvers sé of lágt ákveðin, svo og bera upp aðfinningar um hvert það atriði á skattskránni, sem að einhverju leyti getur snert hagsmuni hans. Formaður kveður nefndarmenn til fundar, ásamt kæranda og þeim,

sem kært er yfir, og skal úrskurður felldur um kæruna fyrir lok sama mánaðar og hlutaðeigendum gert aðvart um úrslitin.

Skattanefnd leiðréttir skrána samkvæmt úrskurðum þeim, sem felldir eru, og sendir hana síðan, ásamt framtalsskýrslum, tafarlaust til formanns yfirskattanefndar.

39. gr.

Úrskurði skattanefndar, eða skattstjóra, má skjóta til yfirskattanefndar. Skal það gert bréflega og ástæður færðar fyrir kærunni. Sé kæra ekki komin til formanns yfirskattanefndar fyrir 15. dag maímánaðar, verður henni ekki sinnt. Yfirskattanefnd skal úrskurða kærur fyrir 30. maí og birtir aðilum úrslitin tafarlaust.

Yfirskattanefnd úrskurðar einnig, hvort og að hve miklu leyti skuli taka til greina umsóknir þær, sem henni hafa borizt frá skattanefndum um linun í skattgreiðslu vegna ástæðna þeirra, er getið er í 38. gr.

40. gr.

Yfirskattanefnd skal nákvæmlega endurskoða allar skattskrár í umdæmi sínu og hafa strangt eftirlit með því, að skattanefndir gegni skyldum sínum. Ef nefndinni virðast framtalsskýrslur vera ófullnægjandi eða eitthvað óljóst eða rangt í skattskránum, svo sem að einhver sé vantalinn eða tvítalinn á skrá, getur hún heimtað nánari skýringar, og skal síðan leiðrétta skrána eftir því, sem henni þykir rétt vera.

Ef skattskrá breytist við endurskoðun yfirskattanefndar, skal hún tafarlaust tilkynna það skattanefnd og sömuleiðis þeim aðilum, er breyting varðar.

Yfirskattanefnd skal hafa lokið störfum sínum fyrir maímánaðarlok.

41. gr.

Úrskurði yfirskattanefndar má skjóta til ríkisskattanefndar, enda sé það gert bréflega og kæran, ásamt öllum nauðsynlegum gögnum, komin til formanns fyrir júlílok — annarskostar verður henni ekki sinnt. — Ríkisskattanefnd skal leggja úrskurð á kærur fyrir septemberlok og tilkynna lögreglustjóra úrslitin tafarlaust til birtingar aðilum.

42. gr.

Ríkisskattanefnd getur af eigin hvötum rannsakað hvert það atriði, er framkvæmd laga þessara varðar. Í því skyni getur hún krafizt allra upplýsinga hjá skattanefndum og yfirskattanefndum. Svo getur og ríkisskattstjóri ferðazt um á milli skattanefnda og yfirskattanefnda, ef ástæða þykir til, til þess að samræma skattframtal og skattákvörðun í hinum einstöku skattumdæmum, og yfir höfuð til að leiðbeina um allt það, er að skattframtali og skattákvörðun lýtur. Loks getur ríkisskattanefnd af sjálfsdáðum breytt ályktunum skattanefnda og yfirskattanefnda, þótt ekki hafi verið kært, en gera skal hún aðila aðvart áður en hún breytir skattgjaldi hans án þess að yfir því hafi verið kært.

Úrskurður ríkisskattanefndar er fullnaðarúrskurður. Ágreining um skattskyldu má þó jafnan bera undir dómstóla.

43. gr.

Skattanefndir allar og skattstjórar bæjanna skulu halda gerðabækur, er fjármálaráðuneytið lætur gera á kostnað ríkissjóðs. Löggildir lögreglustjóri gerðabækur skattanefnda og skattstjóra, en fjármálaráðuneytið gerðabækur yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar.

Í gerðabækur skattanefnda og skattstjóra skal meðal annars rita skattskrárnar og úrskurði. Yfirskattanefndir og ríkisskattanefnd skrá og í gerðabækur sínar úrskurði og aðrar ákvarðanir.

44. gr.

Formenn skattanefnda og skattstjórar skulu árlega láta niðurjöfnunarnefnd í té ókeypis endurrit af skattskrám, til afnota við niðurjöfnun útsvara. Svo skulu og formenn skattanefnda og skattstjórar gefa Hagstofunni skýrslur um skattálagninguna, í því formi, sem hún fyrirskipar.

45. gr.

Fjármálaráðuneytið hefir eftirlit með því, að skattanefndir allar og skattstjórar ræki skyldur sínar og fylgi réttum reglum í starfi sínu. Hefir það rétt til að fá sendar framtalsskýrslur og leita umsagnar og skýringa skattanefnda og skattstjóra á öllu því, er framkvæmd þessara laga varðar.

46. gr.

Lögreglustjórar — í Reykjavík tollstjóri — innheimta tekjuskatt og eignarskatt á manntalsþingum ár hvert. Nú breytir ríkisskattanefnd skatti svo seint, að tilkynning um það hefir eigi náð til lögreglustjóra, eða tollstjóra, fyrir manntalsþing, og skal hann þá innheimta, eða endurgreiða, þann skatt síðar á árinu.

V. KAFLI.

Refsiákvæði.

47. gr.

Ef skattþegn telur ekki fram eignir sínar og tekjur, eða gerir það ekki fyrr en framtalsfrestur er liðinn, eða bætir ekki úr göllum, sem á framtali eru, þótt hann hafi fengið áskorun um það frá skattanefnd eða skattstjóra, þá skal ekki færa niður skatt hans, þótt hann kæri, nema hann sanni, að tekjur hans eða eign hafi verið áætlað meira en fjórðungi hærra en í raun og veru var. Sé mismunurinn ¼ eða meiri, skal hann greiða skatt af hinum réttu upphæðum, að viðbættum ¼.

Ákvæðum þessarar greinar þarf þó ekki að beita, ef gjaldþegn hefir fært gildar ástæður sér til afsökunar.

48. gr.

Nú skýrir maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt frá einhverju því, er máli skiptir um tekjuskatt hans eða eignarskatt, og skal hann þá sekur um allt að því tífalda skattupphæð þá, sem undan var dregin. Sektina skal þó aldrei miða við meira en 10 ár alls. Fjármálaráðherra ákveður sektina, nema hann eða hinn seki óski, að málinu sé vísað til dómstólanna.

Nú verður slíkt uppvíst við meðferð dánarbús, og skal þá greiða úr búinu tvöfalda þá upphæð, er á vantar.

Skiptaréttur og skiptaforstjórar skulu, að viðlögðum dagsektum samkvæmt úrskurði fjármálaráðherra, gefa skattanefnd skýrslu um fjármuni látinna manna, ef fjármunirnir nema meiru en 10000 kr.

49. gr.

Sá, sem sekur verður um afbrot það, sem um getur í 1. málsgr. 50. gr., skal auk sektarinnar, sem þar er ákveðin, greiða eftir á skattupphæð þá, sem undan var dregin.

Sömu skyldu til að greiða skatt eftir á hefir og hver sá, sem af afsakanlegum misskilningi eða misgáningi hefir skýrt frá tekjum sínum eða eignum lægri en vera bar, og því greitt minni skatt en honum bar skylda til.

50. gr.

Nú kemur það í ljós, að skattþegn vantar á skrá, og skal þá gera honum skatt eftir á, þó aldrei lengra aftur í tímann en 3 ár, enda sé skattálagningin tilkynnt honum tafarlaust og honum veitt færi á að bera sig upp undan henni með sama hætti sem öðrum gjaldendum, eftir því sem við á.

51. gr.

Skattanefndarmönnum og skattstjórum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættismenn og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag gjaldþegna.

Hið sama er að segja um þá, er veita nefndunum eða skattstjórum aðstoð við starf þeirra, eða á annan hátt fjalla um framtalsskýrslur manna.

52. gr.

Nú gegnir ekki einhver skyldu sinni samkvæmt 36. gr., eða skorast undan að láta þar nefndar skýrslur af hendi, og sker fjármálaráðherra þá úr og getur, ef þörf krefur, lagt við dagsektir, unz skyldunni er fullnægt.

53. gr.

Nú hefir skattanefnd eða skattstjóri ekki framkvæmt störf sín samkvæmt lögum þessum, áður lögmæltur frestur er liðinn, og varðar það þá sektum, allt að 200 kr., og getur fjármálaráðuneytið auk þess skyldað hina

brotlegu til þess að ljúka störfunum, að viðlögðum dagsektum fyrir hvern einstakan mann, sem ekki hefir lögmæta afsökun.

54. gr.

Mál út af brotum þeim, er ræðir um í 50. gr., 1 málsgr., og 53. gr. laga þessara, skulu sæta sakamálsmeðferð. Mál út af brotum þeim, er í 49. gr., 50. gr., 3. málsgr., 54. gr. og 55. gr. segir, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála, en ekki skal slíkt mál höfða, nema skattþegn sjálfur, skattanefnd, skattstjóri eða fjármálaráðherra krefjist þess.

55. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð, og má innheimta þær með aðför.

VI. KAFLI.

Niðurlagsákvæði.

56. gr.

Fjármálaráðherra gefur út reglugerð um framkvæmd og skilning laga þessara, nánari ákvörðun skattskyldra tekna og eigna og störf skattanefnda og skattstjóra. Ennfremur lætur hann gera fyrirmyndir að eyðublöðum undir skattskrár og tekjuframtal og lætur prenta á kostnað ríkissjóðs.

57. gr.

Skattur samkvæmt lögum þessum skal í fyrsta sinn lagður á árið 1932. Um leið og þau koma til framkvæmda eru úr gildi numin:

Lög nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Tilskipun nr. 84, 30. nóv. 1921, um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík.

Tilskipun nr. 41, 1. apríl 1922, um breyting á og viðauka við tilskipun 30. nóv. 1921, um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík.

Lög nr. 2, 26. marz 1923, um breyting á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Lög nr. 39, 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Lög nr. 7, 16. maí 1925, um breytingar og viðauka við lög nr. 74, 27. júní 1921.

Nd. 186. Frumvarp

til laga um kirkjuráð.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Setja skal kirkjuráð fyrir hina íslenzku þjóðkirkju samkvæmt því, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Verkefni kirkjuráðsins er að vinna að eflingu íslenzkrar kristni og styðja að trúar- og menningaráhrifum þjóðkirkjunnar með því að:

a. íhuga og gera ályktanir um þau mál, sem varða þjóðkirkjuna í heild sinni og einstaka söfnuði hennar.
b. stuðla að frjálsri starfsemi til eflingar kristnilífi þjóðarinnar, mannúðar- og líknarstarfsemi.

3. gr.

Kirkjuráðið hefir:

1. Ráðgjafaratkvæði og tillögurétt um þau mál, er kirkjuna varða og heyra undir verksvið löggjafarvaldsins eða sæta konungsúrskurði. Svo og þau mál önnur, er kirkjustjórnin kann að leita álits þess um.
2. Samþykktaratkvæði og ákvörðunarrétt um guðsþjónustur kirkjunnar, veitingu sakramenta og kirkjulegar athafnir og helgisiði, þó eigi fyrr en tillögur ráðsins hafa verið samþykktar á prestastefnu (synodus). Ennfremur um þau mál, er hið almenna löggjafarvald kann að fá kirkjuráðinu til meðferðar og fullnaðarákvörðunar.
3. Rétt til að kjósa 1 mann til að taka þátt í stjórn kirkjulegrar starfsemi í sambandi við útvarp.
4. Ráðstöfunarvald yfir fé því, sem lagt kann að verða til frjálsrar kirkjulegrar starfsemi eða annara kirkjulegra þarfa, eftir nánari ákvæðum, sem fjárveitingavaldið setur í hvert sinn.

Vafaatriði um takmörk á samþykktar- og ákvörðunarvaldi kirkjuráðs samkvæmt 2. lið þessarar greinar sæti úrskurði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

4. gr.

Kirkjuráðið skipa 5 menn, biskup landsins, 2 guðfræðingar, kosnir af sóknarprestum þjóðkirkjunnar og kennurum guðfræðideildar háskólans, og 2 fulltrúar, kosnir af héraðsfundum. Kirkjumálaráðuneytið setur reglugerð um kosninguna.

5. gr.

Enginn má eiga sæti í kirkjuráði, nema hann fullnægi þessum skilyrðum:

a. Sé meðlimur þjóðkirkjunnar.
b. Sé orðinn 25 ára að aldri.

c. Eigi löglega með sig sjálfur og
d. hafi óflekkað mannorð.

6. gr.

Kirkjuráðið er ályktunarfært um mál þau, er greinir í 1., 3. og 4. lið 3. gr., ef 4 eru á fundi.

En um þau mál, er getur í 2. lið 3. gr., hefir ráðið eigi ákvörðunarrétt, nema það sé fullskipað, eða 4 kirkjuráðsmenn greiða samhljóða atkvæði.

Nú er kirkjuráði með sérstökum lögum falið að gera tillögu um veitingu prestakalla, og er þá ráðið ályktunarfært, þótt eigi séu 4 á fundi, ef þeir, sem eru fjarverandi, senda skriflegt álit og tillögu í símskeyti. Nú verða atkvæði jöfn, og ræður þá atkvæði biskups.

7. gr.

Biskup er sjálfkjörinn forseti kirkjuráðs. En ráðið sjálft kýs varaforseta og ræður ritara. Forseti kallar ráðið saman og kemur ályktunum þess á framfæri.

Biskup kallar saman kirkjuráð á ársfund einu sinni á ári. Aukafundir skulu haldnir þegar kirkjumálaráðherra, biskup eða 2 menn í ráðinu óska þess.

8. gr.

Kirkjuráðsmenn fá greiddan framlagðan kostnað og aðstoð eftir reikningi, er ráðuneytið úrskurðar.

Nd. 187. Nefndarálit

um frv. til laga um hafnargerð á Dalvík.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um tillögur þessu máli viðvíkjandi. Við undirritaðir leggjum til, að það sé samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. marz 1931.

H. J. Kristófersson, frsm. Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. 188. Nefndarálit

um frv. til laga um hafnargerð á Sauðárkróki.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Undirritaður minni hl. sjávarútvegsnefndar leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. apríl 1931.

H. J. Kristófersson, frsm. Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. 189. Nefndarálit

um frv. til laga um lendingarbætur á Eyrarbakka.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Mál þetta var afgreitt á fundi nefndarinnar 5. þ. m. á þann veg, „að málið hafi ekki fengið nægan undirbúning“ og þar með sæi nefndin sér ekki fært að leggja með því, að það næði fram að ganga. Ég var ekki á fundi nefndarinnar þegar málið var afgreitt, og er algerlega ósamþykkur þeirri afgreiðslu, er það fékk.

Eftir beztu heimildum, sem ég hefi fengið, þá er hér um að ræða mikla nauðsyn á því, að sem fyrst sé hafizt handa gegn þeirri hættu, sem lendingunni á Eyrarbakka stafar af sandburði, er berst inn á leguna frá mynni Ölfusár. Virðist svo, að eftir nokkur ár verði engum flutningaskipum fært að liggja á legunni innan skerja, vegna þess að á legunni grynnir svo mjög vegna sandburðarins. Þegar svo er komið, má telja, að Eyrbekkingar séu útilokaðir frá því að geta flutt að sér og frá sjóleiðina, því ógerningur má það teljast að afgreiða skip utan skerja. Undirbúningur sá, sem þegar er hafinn, miðar að því, að hlaða varnargarð gegn sandburði úr Ölfusá. Hafa þegar verið gerðar mælingar og athuganir um kostnaðaráætlun um verkið. Með þessum garði er það talið tryggt, að legunni á Eyrarbakka stafi engin hætta af sandburði framar úr þeirri átt, og er það ekki lítið öryggi fyrir skipakomur og flutninga frá og til Eyrarbakka eins og nú standa sakir. Ég lít því svo á, að því fyrr sem byrjað er á þessum framkvæmdum, þess minni eyðilegging verður á þessari gömlu hafskipalegu þeirra Eyrbekkinganna. Af þessum ástæðum legg ég til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. marz 1931.

Sigurjón Á. Ólafsson.

Nd. 190. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör (þskj. 132).

Frá allsherjarnefnd.

1. Frumvarpsgreinin orðist svo:
   Á eftir 1. málsgr. 27. gr. komi:
   Þó má hreppsnefnd, með samþykki sýslunefndar, og bæjarstjórn, með samþykki atvinnumálaráðherra, ákveða aðra gjalddaga á útsvörum.
2. Á eftir frvgr. komi 2 nýjar gr., er verða 2. og 3. gr., svo hljóðandi:
   a. Í stað „½%“ í 30. gr. komi: 1%.
   b. Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 191. Breytingartillögur

við frv. til laga um tekju- og eignarskatt.

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. Við 12. gr. h-liður orðast svo:
   Aukaútsvar og tekju- og eignarskatt, sem greiddur hefir verið á árinu.
2. Við 14. gr.
   a. 1. og 2. tölulið orðast svo:
      1. Fyrir einstakling: Í Reykjavík 900 krónur, í öðrum kaupstöðum 800 kr. og annarsstaðar á landinu 700 krónur.
      2. Fyrir hjón, sem samvistum eru: Í Reykjavík 1800 kr., í öðrum kaupstöðum 1600 kr. og annarsstaðar á landinu 1400 krónur.
   b. Á eftir orðunum »kosta framfæri sitt« í 3. tölulið kemur: svo og þau börn (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með), sem sannað er, að kostuð eru við nám í skólum, þótt eldri séu orðin.

Ed. 192. Framhaldsnefndarálit

um frv. til laga um bókhald.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir sent frv. þetta til umsagnar Iðnráðs Reykjavíkur, og eftir að hafa íhugað tillögur þess til breytinga á frv., leggur nefndin til, að samþ. verði eftirfarandi

BREYTINGAR.

1. Við 2. gr.
   a. Við 5. lið. Upphaf liðsins orðist þannig:
      Þeir, sem reka iðn eða iðju, þar með taldir o. s. frv.
   b. Við 11. lið. Fyrir »byggingarmeistarar« á tveim stöðum komi: húsameistarar.
2. Við 6. gr. Orðin »Þeir, sem hafa sjálfvinnandi peningakassa, geymi renninginn með ástimpluðri niðurstöðutölu sem fylgiskjal með innfærslunni« falli niður.

Alþingi, 17. marz 1931.

Ingvar Pálmason, form. Pétur Magnússon. Erlingur Friðjónsson, frsm. og fundaskrifari.

Nd. 193. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um byggingar- og landnámssjóð, nr. 35, 7. maí 1928.

Flutningsm.: Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

c-liður 3. gr. laganna orðist þannig: að hann sendi afrit af skattskrá sinni fyrir síðastl. ár um eignir og skuldir, staðfest af skattanefnd.

2. gr.

a. Aftan við fyrri málsgr. 4. gr. laganna bætist: Þó skal sjóðstjórninni heimilt að veita lán til þess að reisa allt að 10 slík nýbýli á ári hverju.
b. Síðari málsl. greinarinnar falli niður.

3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Lán til þess að reisa nýbýli á óræktuðu landi eða landi, sem að nokkru leyti hefir verið ræktað af lántakanda sjálfum síðustu fimm árin, skulu ávaxtast og endurgreiðast með jöfnum greiðslum þannig, að árlegt gjald af allri lánsfjárhæðinni sé 3½% í 50 ár. Lán þessi skulu standa án afborgunar og vaxta fyrstu fimm árin.

Öll önnur lán úr sjóðnum skulu ávaxtast og endurborgast með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sé 5% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.

4. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist:

Lán til endurbygginga samkv. 4. gr. mega þó ekki fara fram úr 10 þús. kr. til sama manns.

5. gr.

a. Í stað orðanna í 1. málsgr. 9. gr. laganna: „4% landverðs að viðbættum 2% húsaverðs“ komi: 5% landverðs að viðbættum 4% húsaverðs.

b. Aftan við sömu grein bætist ný málsgr.:

Ef lán er endurgreitt fyrir umsaminn tíma, er lánþega að jafnaði skylt að endurgreiða til sjóðsins þann vaxtamun, sem verið hefði á láninu, ef það hefði verið tekið í veðdeild bankans.

6. gr.

Aftan við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Stjórn sjóðsins er heimilt að lána til nauðsynlegra bygginga á fjórum fyrirmyndarbúum, einu í hverjum fjórðungi, með sömu lánskjörum sem til nýbýla, gegn afgjaldskvöð, að því tilskildu, að stjórn Búnaðarfélags Íslands mæli með stofnun þeirra og hafi sjálf yfirumsjón með rekstri þeirra.

7. gr.

Fyrri málsgr. 18. gr. laganna falli burt.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta dagaði uppi á síðasta þingi, er það átti eftir eina umr. Er það nú borið fram eins og það var þá orðið, að viðbættri 4. greininni (um hámark lána til endurbygginga). Vísast hér til greinargerðar og umræðna frá síðasta þingi. Nánar í framsögu.

Nd. 194. Frumvarp

til laga um breyting á l. nr. 11, 18. maí 1920, um þingmannakosning í Reykjavík.

Flutningsm.: Héðinn Valdimarsson, Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

1. gr. laga nr. 11, 18. maí 1920, um þingmannakosning í Reykjavík, orðist þannig:

Alþingismenn í Reykjavík skulu vera 9. Skal þá neðri deild Alþingis skipuð 33 mönnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og koma til framkvæmda við næstu almennar kosningar til Alþingis.

Greinargerð.

Í Reykjavík eru eftir manntalinu 1930 búsettir 28182 menn, en á öllu landinu búa um 108500 menn. Af 36 þjóðkjörnum þingmönnum ber Reykjavík eftir mannfjölda rúmlega 9 þingsæti, en hefir nú 4. Með frv. þessu fengi Reykjavík 9 þingsæti af 41 þjóðkjörnum þingmönnum, en bæri í rauninni 10. Þó væri við þetta unandi fyrst um sinn.

Engin ástæða virðist til að fjölga þingmönnum í efri deild Alþingis, enda ætti sú deildin helzt að hverfa sem fyrst. Ef aftur á móti stjórnarskrárfrv. það yrði samþykkt, er nú liggur fyrir efri deild, yrði þingmannatalan í neðri deild 28, eins og nú er, en 13 yrðu í efri deild. Kæmu þá 5 Reykjavíkurþingmenn í stað 6 landskjörinna í þinginu.

Það verður ekki til lengdar varið að halda Reykjavík með þinglegu ofbeldi frá réttmætri þátttöku í stjórn landsins og löggjöf. Nú er tækifæri til að gera á þessu bót.

Nd. 195. Nefndarálit

um frv. til laga um hafnargerð á Akranesi.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefir ekki getað fylgzt að í tillögum sínum um þetta mál, sem þó er mjög aðkallandi, að því er oss virðist.

Akurnesingar hafa um langt skeið verið góðir og aflasælir sjósóknarmenn, en stærri útgerð þaðan háði það löngum, að alla aðstöðu vantaði á Akranesi til þess að afferma stóra vélbáta. Urðu því Akurnesingar um lengri tíma að gera út báta sína frá Sandgerði á vetrarvertíð, og er auðsætt, hve miklu erfiðara og dýrara það hefir verið heldur en útgerð heiman að, auk þess sem heimaafnot öll af útgerðinni tapast, þegar svo er. Um leið og bryggja var byggð við Lambhússund, en það var fyrir 4 árum, fluttist bátaflotinn heim og hefir verið þar síðan. Legupláss fiskibátanna, en þeir eru nú 20 talsins, allir stórir, nýtízku vélbátar, er Lambhússundið, en bæði er það engan veginn tryggt fyrir brimi, og svo er legan allt of þröng nú orðið fyrir flotann. Auk vélbáta þessara eru 2 línuveiðagufuskip gerð út á Akranesi og 8 opnir vélbátar. Ennfremur eru þar 2 stórir vélbátar til flutninga.

Akranes hefir blómgast mjög nú hin síðari ár. Dugnaður og hagsýni ein-

kennir íbúa þess. Húsin eru mörg og vel byggð, einkum hin nýrri. Matjurtagarða, túnbletti og fiskreiti ber hvarvetna fyrir augað. Engin landspilda virðist vera ónotuð. Aðstaðan til aflafanga er tvímælalaust hin bezta við Faxaflóa, og þegar skilyrði fyrir öryggi vélbátaflotans og hagræði til affermingar eru bætt þar svo viðunandi sé, má færa út kvíar útvegsins, svo að Akranes verður þá mesta útvegsstöð við Faxaflóa, og þó víðar væri leitað.

Frv. til laga um hafnargerð á Akranesi var flutt hér á síðasta þingi, en varð ekki útrætt. Þrátt fyrir það réðust Akurnesingar í það að byrja á hafnargerðinni og byggðu síðastliðið sumar 72 faðma langan garð, og er það byrjun á garði, sem á að vera til skjóls Krossvíkinni, en það er hin fyrirhugaða mótorbátahöfn að sunnanverðu við skagann, og um leið bryggja fyrir vélbátana og stærri skip. Garður þessi er fyrirhugaður 226 metrar á lengd.

Er það einn hinn bezti vottur framtaks og dugnaðar Akurnesinga og trúar þeirra á framtíð byggðarlags síns, að ráðast í þetta stórvirki á eigin spýtur. Þessi myndarlega byrjun þeirra hlýtur að vekja samúð og virðingu landsmanna og traust þeirra á því fólki, sem svo mikla viðleitni sýnir til sjálfsbjargar í einu og öllu eins og Akurnesingar.

Hinn 10. þ. m. fóru allmargir þingmenn, þar á meðal sjávarútvegsnefndar- og fjárveitinganefndarmenn, með þingmanni kjördæmisins til Akraness, til þess að skoða staðhætti og mannvirki þau, sem komin eru þar. Bátar voru óðum að koma úr róðri með fullfermi, og lágu hver utan á öðrum í margföldum röðum, til þess að koma fiskinum á land. Duldist víst engum af þingmönnum, er með voru í förinni, hve þörfin er knýjandi til umbóta á Akraneshöfn fyrir hlutaðeigendur, og þó ekki síst fyrir sjómennina sjálfa, er verða að verja þeim tíma, er þeir annars ættu að hvílast í eftir róðurinn, til þess að bíða og baksa við að afferma bát sinn.

Sást þá og glöggt, hve mikil bót myndi verða, er garðurinn, er umlykja skal Krossvíkina, er fullbyggður, þegar sjöföld bátaröð lá við garðstúfinn, sem byggður var í sumar.

Meiri hluta nefndarinnar virðist einsætt, að mest ríði á að beina fjármagni, eftir getu ríkissjóðs, til hafnargerða í þeim verstöðvum, sem efnilegastar eru, með því að þaðan er líka mest eftirtekjuvonin fyrir ríkissjóð.

Akranes er tvímælalaust ein slíkra verstöðva. Íbúar eru um 1200, þorpið mjög álitlegt og aðstaðan hin bezta, þegar höfn er bætt.

Útflutningur verkaðs fiskjar var þar árið 1929 10586 skpd. og miklu meiri síðastl. ár.

Með hliðsjón af því, er hér að ofan segir, leggjum vér til, að frv. sé samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. marz 1931.

Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.	Benedikt Sveinsson, fundaskrifari.	Hákon Kristófersson.

Nd. **196. Frumvarp**

til laga um sjóveitu í Vestmannaeyjum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar veitist einkaréttur til þess að koma upp sjóveitu til fiskþvottar í Vestmannaeyjum, og skal henni heimilt að leggja pípur ofan- eða neðanjarðar um kaupstaðinn.

Landeigendum og leigjendum á því svæði, sem bæjarstjórn ákveður, að sjóveitan skuli vera, skal skylt að láta af hendi lóðir og landsafnot til hverskonar mannvirkja, sem með þarf til þess að ná sjónum og veita honum út, og jafnframt þola það óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem sjóveitan kann að hafa í för með sér, en þó gegn því, að fullt endurgjald komi fyrir eftir mati dómkvaddra manna, nema samkomulag verði. Bætur fyrir jarðrask á óræktuðu landi skulu því aðeins greiddar, að talið verði, að landeigandi eða leigjandi bíði skaða við það.

Verði ekki samkomulag milli bæjarstjórnar annarsvegar og landeiganda eða landsleigjanda hinsvegar um endurgjaldið, má eignarnám einnig fara fram.

2. gr.

Þegar bæjarstjórn hefir komið á sjóveitu um kaupstaðinn, skal hún hafa einkarétt á sölu sjávar til fiskþvottar, og skal öllum útgerðarmönnum í Vestmannaeyjum og yfirleitt öllum þeim, er verka fisk, skylt að nota sjó í þeim tilgangi frá sjóveitunni.

3. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við rekstur og stofnkostnað sjóveitunnar skal bæjarstjórn heimilt að heimta endurgjald fyrir sjóinn, eftir gjaldskrá, sem atvinnumálaráðherra setur, að fengnum tillögum bæjarstjórnar.

Þvottahúseigandi ábyrgist gjaldið og má taka það lögtaki. Í reglugerð má ákveða, að það skuli tryggt með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgöngurétti fyrir hverskonar samningsveði eða aðfararveði.

4. gr.

Bæjarstjórn leggur veituæðarnar svo, að nokkurnveginn auðvelt verði fyrir húseigendur að ná til þeirra, og skulu þeir á sinn kostnað leggja leiðslurnar í hús sín úr aðalæðinni eða greinum frá henni, er bæjarstjórn leggur.

5. gr.

Bæjarstjórn hefir rétt til að löggilda menn, er hún telur hæfa, og svo marga, er henni þykir þurfa, til þess að leggja leiðslur þær, er einstakir menn eiga að kosta, og setja þær í samband við aðalæðar sjóveitunnar, og séu þeir

skyldir til að fara eftir þeim reglum, er bæjarstjórn kann að setja um innlögnina og kaupgjald við þá vinnu.

Engir aðrir en þeir, sem fengið hafa löggildingu, mega leggja leiðslur inn í hús í kaupstaðnum úr sjóveituæðunum.

6. gr.

Bæjarstjórn skal heimilt að loka sjóæðunum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við leka á pípum eða hönum, eða eyða sjó að óþörfu eða vanrækja að greiða áfallin gjöld til sjóveitunnar.

7. gr.

Hver, sem af ásettu ráði skemmir leiðslur sjóveitunnar eða önnur mannvirki, sem sjóveitunni heyra til, skal, auk þess að greiða skaðabætur að fullu, sæta fangelsisrefsingu eða sektum, ef verkið er ekki þannig vaxið, að þyngri refsing liggi við eftir hinum almennu hegningarlögum. Sá, sem veldur skemmdum með vítaverðu gáleysi, skal bæta skaðann.

8. gr.

Bæjarstjórn getur sett reglugerð um notkun sjávarins, meðferð á leiðslunum og önnur atriði, er nauðsynleg kunna að þykja. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni, allt að 500 kr. Atvinnumálaráðuneytið staðfestir reglugerðina.

9. gr.

Með mál, er rísa kunna út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum þeim, er samkv. þeim verða settar, skal fara sem almenn lögreglumál, nema um brot sé að ræða á hinum almennu hegningarlögum.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 197. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufélög.

Flutningsm.: Ingólfur Bjarnarson.

1. gr.

Við 2. gr. laga þessara, tölulið 2: Eftir „smjörbú“ komi innan sviga: útgerðarfélög.

2. gr.

5. töluliður 3. gr. orðist þannig:

Tekjuafgangi af rekstri félags — þegar greidd hafa verið tillög til sameignarsjóða — skal úthlutað til félagsmanna eftir viðskiptamagni hvers um sig.

3. gr.

Á eftir 2. málsgrein 19. greinar laganna komi: Verði aðalfundur eigi lögmætur, skal boða til fundar að nýju innan þriggja mánaða. Sé boðað til hans með tveggja vikna fyrirvara, og er hann þá lögmætur, án tillits til þess, hve margir eru mættir.

4. gr.

Á eftir orðunum „1%“ í fyrstu málsgrein 24. gr. laganna komi í stað „af viðskiptaveltu“: af söluverði innlendra og erlendra vara.

5. gr.

Fyrsta málsgrein 38. gr. orðist svo:

Samvinnufélög greiða til sveitar- og bæjarsjóða gjöld þau, sem hér segir.

Greinargerð.

Við framkvæmd samvinnulaganna frá 1921 hefir komið í ljós, að sum ákvæði þeirra eru naumast nægilega skýr eða ítarleg, svo eigi geti orkað tvímælis hvernig skilja beri.

Miða þessar smábreytingar, sem hér eru bornar fram, til að eyða slíkum vafa, með því að gera orðalagið ákveðnara og fyllra í nokkrum atriðum, en eru hinsvegar engar efnisbreytingar.

Nd. 198. Breytingartillögur

við frv. til laga um kirkjur.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr. 2. liður, 1. málsl., orðist svo:
   2. Prófastur og söfnuður ákveða, hvenær endurbygging er nauðsynleg eða endurbót.
2. Við brtt. á þskj. 153, 2. Orðin „frá 10—100 kr. .... 21. gr.“ falli niður.
3. Við 17. gr. Á eftir „almennum ákvæðum“ orðist greinin svo: I. kafla laga þessara, að því er eigi tekur o. s. frv
4. Við 27. gr. 1. málsgr. bætist: og renni þær í ríkissjóð.

Nd. 199. Nefndarálit

um frv. til l. um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir klofnað um þetta mál. Meiri hlutinn vill samþykkja það, LH hefir óbundnar hendur um atkvæði sitt, en MG óskaði að útvega sér

frekari upplýsingar, áður en hann tæki endanlega afstöðu. Til Alþingis hafa nú borizt áskoranir frá 104 íbúum úr Skildinganeslandi um að frumvarpið verði samþykkt, og er því ekki lengur þeirri ástæðu til að dreifa, að íbúar þessa svæðis séu á móti sameiningunni við Reykjavík. Hinsvegar mun álit hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps vera óbreytt í þessu máli, og er því ekki um neitt samkomulag fyrirfram að ræða, þó að vænta mætti, að það næðist, er lögin væru samþykkt. Meiri hluti nefndarinnar vill taka til greina óskir íbúa Reykjavíkur og Skildinganess í málinu og viðurkennir nauðsynina fyrir sameiningunni. Leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Við 3. gr. Eftir 1. málslið 2. málsgreinar komi eftirfarandi málsliður:
Nefni annarhvor aðili ekki mann í gerðardóminn, skal hæstiréttur nefna manninn í hans stað.

Alþingi, 16. marz 1931.

Magnús Torfason, form.	Héðinn Valdimarsson, frsm. og fundaskrifari.	Jón Ólafsson.

Nd. 200. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 28, 19. maí 1930, um greiðslu verkkaups.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin telur frv. til bóta og leggur með, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. gr. frumvarpsins orðist svo:
Hlunnindi þau, sem felast í lögum nr. 28, 19. maí 1930, um greiðslu verkkaups, skulu einnig ná til kaupgjalds og aksturslauna bifreiðarstjóra.

Alþingi, 18. marz 1931.

Magnús Torfason, form.	Jón Ólafsson,	Lárus Helgason,
Héðinn Valdimarsson, frsm. og fundaskrifari.	Magnús Guðmundsson.	

Nd. 201. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 14, 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 43, 3. nóv. 1915, um atvinnu við vélgæzlu á gufuskipum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svolátandi:

Loks er ráðuneytinu heimilt, meðan svo er, sem segir í byrjun 1. málsgr. þessarar greinar, að veita mönnum, sem fengið hafa undirvélstjóraskírteini samkvæmt 3. málsgr. og sem hafa gegnt undirvélstjórn samkvæmt slíkum skírteinum í eitt ár eða lengur, yfirvélstjóraskírteini á samskonar skipi um eitt ár í senn, enda hafi þeir vottorð frá yfirvélstjóra þeim eða yfirvélstjórum, sem þeir hafa unnið með, að þeim hafi farizt vélstjórn vel úr hendi.

Undanþáguheimildir þessar gilda til ársloka 1932.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk atvinnumálaráðuneytisins, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

„Enda þótt hér sé vélstjóraskóli starfandi, hefir enn ekki tekizt að fá neitt nálægt því nóg af vélstjórum á fiskigufuskipaflota landsins. Hefir því orðið að nota í mjög miklum mæli undanþáguheimildina í 3. málsgr. laga nr. 14, 15. júní 1926, um undirvélstjóra, en sú heimild hefir síður en svo reynzt nægilega víðtæk, þar eð iðulega hefir verið ómögulegt að fá yfirvélstjóra á skipin, sem fullnægðu kröfum þeim, sem settar eru í lögunum. Hefir því stjórnin neyðzt til þess um mörg undanfarin ár að leyfa að menn, sem ekki fullnægja hinum settu prófskilyrðum, gegndu yfirvélstjórastöðu á ýmsum skipanna. Að sjálfsögðu hefir stjórnin aðeins slakað á yfirvélstjóraskilyrðunum í ýtrustu nauðsyn, þegar skipin annars hefðu orðið að liggja ónotuð. Þetta hefir hingað til ekki komið að sök, en það er nauðsynlegt, að stjórnin hafi lagaheimild til þess að veita slíkar yfirvélstjóraundanþágur þegar þörf krefur, og er því þetta frv. borið fram til þess að bæta úr þeim heimildarskorti“.

Nd. 202. Nefndarálit

um frv. til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin er klofin í málinu. Minni hl. leggur til, að frv. sé felld og skírskotar um það til ástæðna þeirra, sem fram hafa komið á undanförnum þingum. Hafa þær ástæður þá þótt fullnægjandi til þess að fella frv., og væntir minni hl., að enn muni þær ástæður taldar fullgildar. Annars verður málið reifað nánar í framsögu.

Alþingi, 18. marz 1931.

Magnús Guðmundsson.

Nd. 203. Nefndarálit

um frv. til laga um læknishéraðasjóði.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir klofnað í málinu og er ég einn í minni hluta. Legg ég með því, að frv. verði samþykkt, þar sem ég tel það til verulegra bóta, sérstaklega fyrir fólksminnstu og afskekktustu læknishéruðin, sem erfitt eiga með það að halda læknum, nema fyrirkomulag verði upp tekið svipað því, sem hér er lagt til. Þess skal getið, að umsagnar landlæknis var leitað af allsherjarnefnd, og lagði landlæknir til, að frv. yrði samþykkt. Bréf hans fylgir hér á eftir.

Alþingi, 18. marz 1931.

Héðinn Valdimarsson.

Fylgiskjal.

LANDLÆKNIRINN

Reykjavík, 11. marz 1931.

Um frumvarp til laga um læknishéraðasjóði, sem allsherjarnefnd Nd. Alþingis hefir sent landlækni til umsagnar, með bréfi dagsettu 9. þ. m., vil ég í sem stytztu máli segja, að tilgangur frumvarpsins er bersýnilega góður, og myndu slík lög geta gert gagn með tímanum. Enginn vafi virðist geta verið á

því, að enn verður að bæta kjör lækna, sem þjóna í fólksminnstu og afskekktustu héruðunum. Jafnvel þótt læknar í þeim héruðum hafi nú hæst árslaun, eru aukatekjur þeirra svo litlar og ferðalög svo erfið, að jafnvel ungir menn á bezta aldri eru nú ófáanlegir til að fara í slík héruð. Þar sem uppástungurnar í frumvarpi þessu einmitt miða í þá átt að gera slík héruð lífvænlegri, með bættum húsakynnum og hægari ferðalögum, verð ég fullkomlega að mæla með frumvarpinu, þar sem því þar að auki ekki fylgja nein ný, bein útgjöld fyrir ríkissjóð.

Ég sé ekki ástæðu til að fara út í einstakar greinar frumvarpsins; þó væri máske ástæða til að athuga nánar 1. gr. þess, þar sem ákveðið er að læknishéraðssjóður skuli vera eign hvers einstaks læknishéraðs, og megi aðeins verja sjóðnum í þarfir þess læknishéraðs. Vel mætti því svo fyrir koma, að héruð, sem þegar hafa fengið læknisbústað og hafa góða vegi, gætu hlaupið undir bagga með þeim, sem verr eru stæð.

Virðingarfyllst.

Jón Hj. Sigurðsson.

Til allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis.

Nd. 204. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita Jóni Þorleifi Jósefssyni skírteini til vélstjórnar á íslenzkum skipum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir borið mál þetta undir álit skipaskoðunarstjóra ríkisins, og mælir hann með frv. þessu. Leggur nefndin því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. marz 1931.

Magnús Torfason, form. Jón Ólafsson, frsm. Magnús Guðmundsson,
Héðinn Valdimarsson, fundaskrifari; með fyrirvara. Lárus Helgason.

Nd. 205. Breytingartillaga

við frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt (þskj. 185).

Frá Sigurði Eggerz.

Við 11. gr. h-lið skal orða svo:

Aukaútsvör og tekjuskatt og eignarskatt.

Ed. 206. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 32, 11. júlí 1911, um úrskurðarvald sáttanefnda.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Upphaf 1. gr. laganna skal orða svo:

Í skuldamálum, þar sem skuldarhæðin nemur eigi meira en 500 kr., skal sáttanefnd kveða upp úrskurð, ef skuldheimtumaður krefst þess:

a. Þegar kærði kemur eigi á sáttafund, þrátt fyrir löglega birtingu fyrirkallsins, og sáttanefndin hefir eigi ástæðu til að ætla, að hann hafi lögleg forföll, er meini honum það eða manni fyrir hann, enda hafi kærandi getið þess í sáttakærunni, að hann muni, ef sátt kemst ekki á, krefjast úrskurðar sáttanefndar.
b. Þegar sáttanefnd hefir o. s. frv.

2. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Fyrir uppsögu og bókun úrskurðar greiðist tveggja króna gjald til hvers sáttanefndarmanns, er þar á hlut í, ef kröfuupphæð fer fram úr 50 kr., en að öðrum kosti ein kr. Fyrir endurrit úr sáttabók greiðist 50 aurar fyrir hverja örk hálfa eða þaðan af minna.

Nd. 207. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 55, 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

Flutningsm.: Magnús Jónsson, Benedikt Sveinsson.

1. gr.

Aftan við 13. gr. komi ný setning, svo látandi:

Nú hefir skipulagsuppdráttur ekki hlotið staðfestingu stjórnarráðs áður tvö ár séu liðin frá framlagningu, og er hann eigi lengur bindandi.

2. gr.

Aftan af 28. gr. falli:

Þó verður eigi krafizt, að skaðabætur séu greiddar fyrr en sú skipulagsbreyting kemur til framkvæmdar, sem skaðabæturnar eru goldnar fyrir.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var borið fram á síðasta þingi, en varð þá ekki útrætt. Fylgdi því svo látandi greinargerð:

„Samkvæmt 13. gr. laga nr. 55 1921 má engin mannvirki gera, sem koma í bága við framlagt uppkast að skipulagsuppdrætti kauptúns eða sjávarþorps, og enginn frestur er settur til staðfestingar uppdráttar. Getur það því dregizt ótakmarkað að staðfesta uppdrátt. Nú eru ýmsir, sem telja uppdrátt koma í bág við rétt sinn eða taka á eign þeirra samkvæmt honum. Meðan óvíst er, hvort uppdrátturinn verður samþykktur eða ekki, getur aðili hvorki fengið bætur fyrir eign sína né heldur verður honum unnt að ráðstafa henni, t. d. selja hana eða veðsetja, nema með þeirri kvöð, er uppdráttur kann að binda hana. Þess vegna er nauðsynlegt að setja einhvern frest um staðfestingu uppdrátta, samkvæmt áðurnefndri 13. gr. laga nr. 55 1921.

Eftir 28. gr. sömu laga verða bætur ekki greiddar fyrr en skipulagsbreyting kemur til framkvæmdar. Þetta er sennilega brot á 63. gr. stjórnarskrárinnar, er segir menn eiga að fá fullt verð fyrir lögnumda eign. En fullt verð mundi ekki alltaf verða goldið, ef fara skal eftir 28. gr. laga nr. 55 1921. Ef t. d. væri ákveðið að taka lóð undir mannvirki, þá verður lóðin t. d. ekki seld undir hús. Yrði lóðareigandi því ef til vill að liggja með lóðina árum saman og bíður við það stórtjón, bæði vaxtatap og ef til vill verðlækkun. Með brottfellingu síðari setningar 28. gr. laga nr. 55 1921 er hugsað að koma skaðabótareglum téðra laga bæði nær anda stjórnarskrárinnar og nær sanngirni".

Nd. **208. Frumvarp**

til laga um bókhald.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Bókhaldsskyldir eru allir þeir, sem taldir eru í 2. gr. þessara laga, með þeim undantekningum, sem um getur í 3. gr.

2. gr.

1. Kaupmenn, en kaupmaður er hver sá talinn í þessum lögum, sem hefir atvinnu af því að selja vörur, verðbréf og hverskonar lausafé eða fasteignir, sem hann hefir í því skyni keypt.
2. Hlutafélög öll, kaupfélög, pöntunarfélög og samvinnufélög.
3. Bankar, sparisjóðir, víxlarar og vátryggingarfélög.
4. Umboðssalar, farandsalar, mat-, gisti- og veitingasalar, brytar, lyfsalar, forleggjarar, blaðaútgefendur.

5. Þeir, sem reka iðn eða iðju, þar með taldir gas- og vatnsinnlagningarmenn, rafmagnsvirkjar, bakarar, klæðskerar, rakarar, gosdrykkja- og ölgerðarmenn, rekendur hárgreiðslustofnana, lýsis- og síldarbræðslna, þvotta- og baðhúsa, rjómabúa, íshúsa, vatns- og rafmagnsveitna.
6. Þeir, sem reka útgerð til fiskiveiða, manna- og vöruflutninga og fiskverkun.
7. Vöru- og skipamiðlarar, afgreiðslumenn skipa og þeir, sem hafa atvinnu af að geyma vörur fyrir aðra.
8. Þeir, sem hafa atvinnu af rekstri bifreiða til mann- eða vöruflutninga.
9. Rekendur kvikmyndahúsa, leikhúsa, hringleikahúsa (cirkus) og fjölleikahúsa (varieté).
10. Þeir, sem taka að sér að flytja mál fyrir dómstólum eða gegna öðrum málaflutningsmannsstörfum.
11. Húsameistarar, verkfræðingar og aðrir, er taka að sér að reisa hús og gera önnur mannvirki, eða gegna öðrum húsameistara- og verkfræðingastörfum.
12. Þeir, sem hafa atvinnu af því að lána öðrum fé.
13. Þeir, sem hafa atvinnu af að sjá um jarðarfarir.

Læknum í kaupstöðum, er reka sjálfstæða atvinnu, svo og prestum í kaupstöðum er skylt að halda sjóðbók.

3. gr.

Undanskildir bókhaldsskyldu eru þó þeir, er hér greinir:

1. Mat- og veitingasali, sem að staðaldri rekur fyrirtæki með aðstoð konu sinnar, barna innan 16 ára aldurs og tveggja aðstoðarmanna eða færri, og bryti, sem ekki rekur sjálfstæða atvinnu.
2. Handiðnarmaður, sem að staðaldri aðeins selur handavinnu sjálfs sín, konu sinnar, barna innan 16 ára aldurs og tveggja aðstoðarmanna eða færri.
3. Útgerðarmenn, einn eða fleiri, er reka fiskiveiðar eða mann- og vöruflutninga á 2 bátum eða færri, undir 12 smál. brúttó hvor, eða aðeins einu skipi undir 20 smál. brúttó.
4. Sá, sem rekur fiskverkun með konu sinni, börnum innan 16 ára aldurs og fjórum mönnum öðrum eða færri.
5. Þeir, sem eigi reka fleiri en tvær bifreiðar til mann- eða vöruflutninga.
6. Þeir byggingameistarar, málaflutningsmenn og verkfræðingar, sem ekki reka sjálfstæða atvinnu.

4. gr.

Allir þeir, sem bókhaldsskyldir eru samkvæmt 2. gr. og 3. gr., skulu hafa tvöfalt bókhald, en þessu ákvæði er fullnægt með færslu þeirra bóka og yfirlitsreikninga, sem um getur í 5.—8. gr.

Lögreglustjórum er þó heimilt að veita smáatvinnurekendum, sem ekki falla undir ákvæði 3. greinar þessara laga, undanþágu til allt að 5 ára í senn frá því að færa bækur sínar eftir reglum tvöfaldrar bókfærslu. Þeir, sem undanþágu beiðast, skulu færa gild rök fyrir því, að það sé þeim, einhverra hluta vegna, um

megn að færa tvöfalt bókhald. Einkum á þetta ákvæði við um þá, sem þegar hafa byrjað atvinnurekstur, er lög þessi öðlast gildi. Bókhaldi þeirra, sem undanþágu fá, skal þó vera þannig fyrir komið, að það gefi greinilegar upplýsingar um fjárhag þeirra.

5. gr.

Frumbækur.

Í þær séu færð öll viðskipti, önnur en þau, er hönd selur hendi daglega jafnskjótt og þau fara fram. Í bók þessa skal rita nöfn þeirra, er hafa afhent og móttekið vöru er hún var seld (= lánuð) eða keypt (= lögð inn), og sömuleiðis fyrir hvers reikning hún er úttekin eða innlögð og ennfremur verð hennar.

Í verzlunarviðskiptum skal samrit af færslu frumbókar jafnan látið viðskiptavini í té, í hvert sinn er einhver viðskipti fara fram bóklega, nemi þau meiru en 2 krónum.

6. gr.

Sjóðbók.

Í hana séu færðar allar sjóðgreiðslur. Hver greiðsla færist sérstaklega, þó er leyfilegt að færa í einu lagi fjárhæðir þær, er inn koma daglega vegna sölu gegn staðgreiðslu. Ennfremur er stærri fyrirtækjum leyfilegt að færa undirbækur yfir sjóðgreiðslur, enda sé færslu þeirra hagað á sama hátt og sjálfrar sjóðbókarinnar. Skylt er að færa niðurstöðutölur undirbókanna daglega í sjálfa sjóðbókina, og sé í henni vísað til undirbókanna til sönnunar færslunum. Fylgiskjöl öll með sjóðgreiðslum séu tölusett og til þeirra vísað í sjóðbókinni eða sjóðdagbókinni eða undirbókum þeirra, og þau síðan geymd í réttri töluröð.

Ennfremur sé í sjóðbók vísað til mótfærslna eða tilsvarandi færslna í öðrum bókum (t. d. viðskiptamannabók, sjá 7. gr., aðalbók, sjá 8. gr., frumbókum o. s. frv.).

Sjóðbók skal vera innbundin og tölusett.

Undirbækur við sjóðbók mega vera lausblaðabækur.

7. gr.

Viðskiptamannabók.

Í henni skal færður sérstakur reikningur yfir viðskipti við hvern viðskiptamann, önnur en þau, er hönd selur hendi. Í bókina skulu viðskipti þau, sem færð eru í frumbækurnar, skráð á sama hátt og þar, eða samanlagðar fjárhæðir þær í krónum og aurum, er úttekt eða innlegg nemur í hvert sinn samkvæmt frumbókunum. — Þó er leyfilegt, sé um úttekt að ræða, sem samið er um, að greiða skuli að fullu viku- eða mán-

aðarlega, að færa í viðskiptamannabókina samanlagðar fjárhæðir þær, sem úttekt hvers viðskiptamanns hefir numið um vikuna eða mánuðinn samkv. frumbókunum, ennfremur að færa sameiginlegan reikning í viðskiptamannabók fyrir alla þá viðskiptamenn, sem aðeins hafa slík viðskipti.

Við færslu á viðskiptamannabók sé ætíð vísað til mótfærslna eða tilsvarandi færslna í öðrum bókum (t. d. sjóðbók, aðalbók, frumbókum o. s. frv.).

Nota má lausblaðabækur sem viðskiptamannabækur, en þó því aðeins, að þá sé færður sameiginlegur viðskiptareikningur fyrir alla viðskiptamenn, er reikning hafa í viðskiptamannabók, í aðalbók, dagbók eða sjóðdagbók (sjá 8. gr.). Í reikning þennan má færa úttekt og innlegg viðskiptamanna samandregið eftir frumbókunum og öðrum bókum, enda sé vísað til þeirra til sönnunar færslunum.

8. gr.

Skylt er að færa eftirgreinda yfirlitsreikninga um reksturinn:

1. Reikning(a), er sýni brúttótekjur (t. d. í verzlunum reikningur yfir keyptar og seldar vörur, í framleiðslufyrirtækjum reikningur yfir seldar afurðir o. s. frv.).
2. Reikning(a), er sýni rekstrarkostnað.
3. Reikning(a), er sýni víxlaviðskipti (víxlareikning, accept-reikning).
4. Reikning(a), er sýni framlög og úttekt eiganda (eigenda) til og frá fyrirtækinu í peningum eða öðrum verðmætum.
5. Reikning(a), er sýni, hve mikið fé er lagt í byggingar, skip, áhöld og aðrar eignir, sem ætlaðar eru til stöðugrar notkunar við reksturinn.
6. Aðra þá reikninga, sem í hverju einstöku dæmi eru nauðsynlegir til þess, að því grundvallaratriði tvöfaldrar bókfærslu verði fylgt, að hver fjárhæð sé færð á tveimur stöðum.

Reikningar þessir skulu færðir í sérstakri tölusettri, bundinni bók, aðalbók, dagbók, eða í sjóðbók, sem þá nefnist sjóðdagbók. Við færslu í reikninga þessa sé ætíð vísað til mótfærslna eða tilsvarandi færslna í öðrum bókum (t. d. sjóðbók, viðskiptamannabók, frumbókum o. s. frv.).

9. gr.

Allir þeir, sem bókhaldsskyldir eru samkv. lögum þessum, eru skyldir að gera yfirlit um efnahag sinn (efnahagsreikning) einu sinni á hverju almanaksári, ásamt yfirlitsreikningi um reksturinn á undanfarandi reikningsári.

Í Reykjavík séu reikningar þessir fullgerðir og undirskrifaðir 1 mánuði eftir lok reikningsársins, en annarsstaðar á landinu 2 mánuðum. Löggæslustjórum er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef brýnar ástæður eru fyrir hendi, en þó sé reikningsuppgerð ætíð lokið 3 mánuðum eftir lok reikningsárs.

Reikningarnir séu færðir í sérstaka löggilta bók, efnahagsbók, í sjóðdagbók eða aðalbók, ef þær eru löggiltar.

Við samning reikninganna sé til sönnunar vísað til bóka þeirra, sem færðar eru.

10. gr.

Á efnahagsreikningi séu tilfærðar allar eignir og skuldir hlutaðeigenda, eins og þær eru í lok reikningsársins.

Eignir ber að tilfæra með þeirri fjárhæð, er raunverulega svarar til verðmætis þeirra.

Óvissar kröfur séu tilfærðar með nafnverði, og síðan í sjálfum efnahagsreikningnum gerður frádráttur fyrir þeirri fjárhæð, sem sýnt þykir, að eigi muni greiðast. Kröfur, sem fyrndar eru að lögum, má eigi tilfæra sem eignir á efnahagsreikningi.

11. gr.

Efnahagsreikningi fylgi greinargerð um allar veðsetningar á eignum hlutaðeiganda, að svo miklu leyti, sem greindur reikningur ber slíkt ekki með sér, ennfremur allar ábyrgðir, er hann hefir tekizt á hendur fyrir aðra.

12. gr.

Sjálfráðir eru menn, hverjar bækur þeir færa aðrar en þær, sem fyrirskipaðar eru í lögum þessum.

13. gr.

Eigi má rita í bækur þær, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum — aðrar en frumbækur — með blýanti. Ennfremur eigi skafa út eða gera á annan hátt með ásetningi ólæsilegt það, sem eitt sinn hefir verið í þær skráð, eða rita ofan í skriftina, svo að ólæsilegt verði það, er áður stóð, enda þótt fyrst hafi misritazt af vangá. Þurfi að gera breytingu á því, sem eitt sinn er ritað, skal annaðhvort leiðrétta það með annari innfærslu, er komi til jafnaðar annarsvegar við það, er ofritað var hinsvegar, eða bæti því við, er vanritazt hafði, eða þá þannig, að strika út það, sem rangt varð, án þess að ólæsilegt verði það, er út var strikað, en rita leiðréttinguna milli lína eða á spássíu, eftir því sem bezt hentar.

Eigi má rífa eða á annan hátt losa blöð úr þeim innbundnum bókum, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum.

14. gr.

Skylt er hverjum bókhaldsskyldum að geyma í skipulegri röð öll bréf og símskeyti, er honum berast viðkomandi atvinnu hans, og ennfremur að halda eftir samriti af öllum þeim bréfum og símskeytum, er hann ritar og sendir öðrum viðkomandi atvinnunni, og geyma eftir sömu reglum.

15. gr.

Allar þær bækur, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum, ásamt fylgiskjölum, svo og bréf þau og símskeyti, samrit bréfa og símskeyta, sem

um ræðir í næstu grein hér á undan, séu geymdar í 10 ár frá því síðast er ritað í bækurnar og bréfin, eða símskeytin móttekin eða send.

16. gr.

Nú er skuldar krafizt innan þriggja missira frá því er hún varð til, og skal þá það, sem skráð er í bækur þær, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum, hafa það sönnunargildi, ef bækurnar eru vel og skipulega ritaðar, og engin atvik liggja til, þau er gera bókunina grunsama, að álíta skal það rétt, er í þeim stendur, ef aðili sá, er í hlut á, vill eigi synja fyrir með eiði, að rétt sé bókað. Nú er hann dauður, eða að hann getur ekki eiðinn unnið sakir vitfirringar eða þviumlíks, og má þá, ef engin atvik liggja svo til, að þau geri það ísjárvert, dæma eiganda eða umráðamanni fyrirtækisins heimilt að sanna sitt mál með eiði sínum, eða eiði þess manns, er í bækurnar hafði ritað það, er um var þrætt.

Að þeim fresti liðnum, sem að ofan er nefndur, missa bækur þær, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum, það sérstaka sönnunargildi, er þeim er veitt samkvæmt þessari grein, þó aðeins gagnvart skiptavinum, sem sjálfir eru ekki bókhaldsskyldir; en í viðskiptum milli bókhaldsskyldra halda bækurnar gildi sínu án tillits til frests þess, er að framan var nefndur.

Nú eru báðir málsaðilar bókhaldsskyldir, og stendur sín innfærsla um sama efnið í bókum hvors um sig, en ber eigi saman, þá hefir hvorug innfærslan sérstakt sönnunargildi.

Nú er fjárhæð færð í fleiri bækur en eina hjá sama manni (fyrirtæki) og bókunum ber eigi saman, þá skal innfærslan eigi hafa sérstakt sönnunargildi.

17. gr.

Sé að áliti lögreglustjóra ástæða til að ætla, að einhver hliti eigi ákvæðum þessara laga um bókhald, er honum heimilt að rannsaka eða láta rannsaka bókhald hlutaðeiganda, og reynist bókhaldið eigi lögum þessum samkvæmt, má ákveða hlutaðeiganda dagsektir, allt að kr. 25.00, unz hann hefir komið því í lag.

18. gr.

Brot gegn 5. gr. varðar sektum, kr. 5.00—200.00.

19. gr.

Brot gegn 4. gr. og 6.—9. gr. varðar sektum, kr. 10.00—1000.00. Kveði svo mikið að brotinu gegn greinum þessum, að bókfærslan geti bersýnilega ekki náð tilgangi sínum, þannig að eigi sjáist, hversu rekstur fyrirtækisins gengur, hvernig efnum þess er varið eða hvernig hagur atvinnurekandans stendur, varðar það auk sekta missi atvinnurekstrarleyfis eða stöðvun atvinnurekstrar um stundarsakir eða til fulls eftir atvikum.

20. gr.

Brot gegn 10., 11. og 13.—15. gr. varða sektum samkvæmt 19. gr. Sé um fölsun verzlunarbóka að ræða, eða geri einhver í sviksamlegum tilgangi rangan efnahagsreikning, eða eyðileggi eða skjóti undan bókum þeim og skjölum, sem um getur í 14. og 15. gr., varðar það fangelsi, eða betrunarhúsvinnu, allt að tveimur árum, ef miklar sakir eru.

21. gr.

Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum og reglum sem almenn lögreglumál.

22. gr.

Numin eru úr gildi með þessum lögum lög nr. 53, 11. júlí 1911, um verzlunarbækur, og öll þau lagaákvæði, sem koma í bág við þessi lög.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1932.

Nd. 209. Breytingartillögur

við frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

1. Við 4. gr. Á eftir orðunum „sveitarfélög og bæjarfélög“ komi: og fyrirtæki þeirra.
2. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Skattgjald þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr. og í a-lið og c-lið 3. gr., reiknast þannig:

Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1,5%,

af	1000	til	2000	kr.	greiðist	15	kr.	af	1000	kr.	og	2,5%	af	afgangi
—	2000	—	3000	—	—	40	—	—	2000	—	—	5	—	—
—	3000	—	4000	—	—	90	—	—	3000	—	—	7	—	—
—	4000	—	5000	—	—	160	—	—	4000	—	—	9	—	—
—	5000	—	6000	—	—	250	—	—	5000	—	—	11	—	—
—	6000	—	7000	—	—	360	—	—	6000	—	—	12	—	—
—	7000	—	8000	—	—	480	—	—	7000	—	—	13	—	—
—	8000	—	9000	—	—	610	—	—	8000	—	—	14	—	—
—	9000	—	10000	—	—	750	—	—	9000	—	—	15	—	—
—	10000	—	12000	—	—	900	—	—	10000	—	—	16	—	—
—	12000	—	14000	—	—	1220	—	—	12000	—	—	17	—	—
—	14000	—	16000	—	—	1560	—	—	14000	—	—	18	—	—

af	16000	til	18000	kr.	greiðist	1920	kr.	af	16000	kr.	og	19	%	af afgangi
—	18000	—	20000	—	—	2300	—	—	18000	—	—	20	—	—
—	20000	—	25000	—	—	2700	—	—	20000	—	—	22	—	—
—	25000	—	30000	—	—	3800	—	—	25000	—	—	24	—	—
—	30000	—	35000	—	—	5000	—	—	30000	—	—	26	—	—
—	35000	—	40000	—	—	6300	—	—	35000	—	—	28	—	—
—	40000	—	45000	—	—	7700	—	—	40000	—	—	30	—	—
—	45000	—	50000	—	—	9200	—	—	45000	—	—	32	—	—
—	50000	—	60000	—	—	10800	—	—	50000	—	—	34	—	—
—	60000	—	80000	—	—	14200	—	—	60000	—	—	36	—	—
—	80000	—	100000	—	—	21400	—	—	80000	—	—	38	—	—
—	100000	kr.	og þar yfir	—		29000	—	—	100000	—	—	40	—	—

Félög þau og stofnanir, er um ræðir í a-lið og c-lið 3. gr., greiði þó aldrei lægri skatt en 10% af skattskyldum tekjum. Sama er um skattgjald samkv. 2. gr. og skattgjald erlendra félaga.

Af skattskyldum tekjum þeirra félaga, sem um ræðir í 3. gr. b., greiðist jafnan 10%.

3. Við 7. gr. Greinin falli burt.
4. Við 10. gr.
   a. b-liður orðist svo:
      Eignarauki, sem stafar af arftöku, fyrirframgreiðslu upp í arf, fallinn eða ófallinn, af stofnun hjúskapar, útborgun lífsábyrgðar, brunabóta, slysa- eða örorkubóta eða þess háttar.
   b. c-liður orðist svo:
      Lántaka, eyðsla höfuðstóls eða eftirgjöf skulda, sem sannazt hefir um við gjaldþrot, nauðasamninga eða á annan fullnægjandi hátt, að eignir voru ekki til fyrir.
5. Við 11. gr.
   a. b-liður falli burt.
   b. Á eftir e-lið komi nýr stafliður svo látandi:
      Frá tekjum verkamanna, iðnlærðra manna og annara þeirra, sem eru félagar í stéttafélögum, skal draga félagsiðgjöld þeirra. Einnig skal draga frá iðgjöld til sjúkrasjóða, styrktarsjóða og atvinnuleysissjóða, enda hafi iðgjöldin verið greidd að fullu á réttu gjaldári.
   c. Upphaf g-liðar orðist svo:
      Frá tekjum samvinnufélaga skal draga varasjóðstillag það, sem ákveðið er í 24. gr. laga nr. 30, 27. júní 1921. Af framlagi af ársarði hlutafélaga til varasjóðs má draga ⅓ hluta, ... (liðurinn óbreyttur til enda).
   d. h-liður orðist svo:
      Aukaútsvör, tekjuskatt og eignarskatt, sem fallið hafa í gjalddaga og verið greidd að fullu á árinu.
6. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér á landi, eins og þær eru ákveðnar samkv. 11. gr., skal draga sem hér segir:

a. Fyrir einstakling: Í Reykjavík 1200 kr., í öðrum kaupstöðum 1000 kr., annarsstaðar á landinu 800 kr.
b. Fyrir hjón: Í Reykjavík 2200 kr., í öðrum kaupstöðum 1800 kr., annarsstaðar á landinu 1400 kr.
c. Framfærslueyri fyrir börn (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með), sem ekki eru fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, sem skatturinn er lagður á, og hafa ekki sjálf efni á að kosta framfæri sitt: Í Reykjavík 600 kr., í öðrum kaupstöðum 500 kr., annarsstaðar á landinu 400 kr. fyrir hvert barn. — Sama er um aðra skylduframfærlinga.

Frá tekjum þeirra, sem eru í foreldrahúsum á framfæri eða við nám og enga atvinnu hafa, skal draga það, sem útheimtist þeim til framfæris eða menningar.

Að loknum frádrætti samkv. þessari grein, skal sleppa því, sem afgangs verður þegar tekjuhæðinni er deilt með 50. Af þeirri tekjuupphæð, sem þá er eftir, greiðist skatturinn, og miðast hann við skattgjaldið samkv. 6. gr.

Ef tekjurnar eftir allan löglegan frádrátt nema ekki fullum 100 kr., greiðist enginn skattur af þeim.

7. Við 15. gr. Greinin orðist svo:

Af skuldlausri eign skal árlega greiða skatt sem hér segir: Ef eignin er yfir 5000 krónur, en undir 10000 krónum, greiðist af henni 1‰,

af	10000	til	20000	kr.	greiðist	10	kr.	af	10000	og	2‰ af afgangi
—	20000	—	30000	—	—	30	—	—	20000	—	3— — —
—	30000	—	40000	—	—	60	—	—	30000	—	4— — —
—	40000	—	50000	—	—	100	—	—	40000	—	5— — —
—	50000	—	75000	—	—	150	—	—	50000	—	6— — —
—	75000	—	100000	—	—	300	—	—	75000	—	8— — —
—	100000	—	250000	—	—	500	—	—	100000	—	10— — —
—	250000	—	500000	—	—	2000	—	—	250000	—	12— — —
—	500000	—	1000000	—	—	5000	—	—	500000	—	14— — —
—	1000000	kr.	og þar yfir		—	12000	—	—	1000000	—	16— — —

Af eign, sem ekki nemur yfir 5000 krónum, greiðist enginn skattur.

8. Við 20. gr.

a. b-liður orðist svo:

Búpening skal telja með almennu gangverði, svo sem hann væri framgenginn í fardögum næst á eftir.

b. e-liður orðist svo:

Hlutabréf skulu talin til eignar með gangverði, ef það er skráð opinberlega. Óskráð hlutabréf skulu metin til eignar samkv. efnahagsreikningi félagsins, eins og hann var samþykktur á síðasta aðalfundi þess. Skuldabréf og önnur slík verðbréf skal meta eftir nafnverði, nema sérstakar ástæður þyki til þess að telja þau ótrygg.

9. Við 33. gr. Þrjár fyrstu málsgr. greinarinnar orðist svo:

Allir þeir, er hafa tekjur samkv. 8. gr. eða eignir samkv. 19. gr., skulu afhenda skattanefnd skriflega skýrslu, að viðlögðum drengskap, um tekjur sín-

ar síðastliðið ár og eignir í árslok. Sama skylda hvílir og á hverjum þeim, sem veitir forstöðu verzlun, verksmiðju eða öðru atvinnufyrirtæki, ef eigandinn er eigi búsettur innanlands, svo og á stjórn félags eða stofnunar og þeim, er hefir á hendi fjárhald fyrir þann, sem ekki er fjárráður.

Skýrslur þessar skulu komnar í skattstofuna í Reykjavík fyrir lok janúarmánaðar, en í hendur skattanefnd eða skattstjóra annarsstaðar á landinu fyrir lok febrúarmánaðar. Skattstjóri eða skattanefnd getur þó, ef sérstaklega stendur á, veitt mönnum frest til framtals til 15. marz.

Þeir, sem reka atvinnu á fleiri stöðum en einum, þurfa ekki að hafa skilað framtölum sínum fyrr en 31. marz í Reykjavík og 20. marz annarsstaðar á landinu, og vátryggingarfélög eigi fyrr en 30. júní.

10. Við 37. gr. Greinin orðist svo:

Innan marzmánaðarloka skal skattanefnd hafa lokið ákvörðun tekna og eigna og samið skrá, er nefnist skattskrá, um alla þá, er eiga að greiða tekjuskatt eða eignarskatt í umdæmi hennar. Í Reykjavík þarf skattskrá þó ekki að vera fullgerð fyrr en í lok aprílmánaðar. Á skattskrá skal greina skattskyldar tekjur samkv. 8. og 9. gr., frádrátt samkv. 11. og 13. gr. og tekjuskatt, skattskyldar eignir samkv. 19. gr. og eignarskatt hvers gjaldanda. Jafnframt skal skattanefnd semja aðra skrá um tekjur og eignir framteljenda, er ekki greiða tekju- og eignarskatt.

Skattskráin skal lögð fram eigi síðar en 1. dag maímánaðar í Reykjavík og annarsstaðar á landinu eigi síðar en 1. dag aprílmánaðar. Skal hún liggja til sýnis 2 vikur, í hreppum á þingstaðnum eða öðrum hentugum stað, er skattanefnd auglýsir, í kaupstöðum í bæjarþingstofu, skattstofu eða skrifstofu lögreglustjóra, og í Reykjavík í skattstofunni.

Sérhver skattþegn getur krafizt munnlegra upplýsinga um það hjá skattanefnd, eftir hverju hafi verið farið við ákvörðun tekna hans og eigna.

11. Við 38. gr.

a. Aftan við orðin „fyrir 15. dag aprílmánaðar“ í fyrstu málsgrein bætist inn: utan Reykjavíkur og fyrir 15. dag maímánaðar í Reykjavík.

b. Önnur málsgr. orðist svo:

Skattanefnd leiðréttir skrána samkvæmt úrskurðum þeim, sem felldir eru, og sendir hana síðan ásamt framtalsskýrslum og skrá um eignir og tekjur framteljenda, er ekki greiða skatt, tafarlaust til formanns yfirskattanefndar.

12. Við 39. gr. Fyrri málsgr. orðist svo:

Úrskurði skattanefndar eða skattstjóra má skjóta til yfirskattanefndar. Skal það gert bréflega og ástæður færðar fyrir kærunni. Sé kæra ekki komin í hendur formanns yfirskattanefndar í Reykjavík fyrir 15. dag júnímánaðar og annarsstaðar fyrir 15. dag maímánaðar, verður henni ekki sinnt. Yfirskattanefnd skal úrskurða kærur fyrir júnílok í Reykjavík og annarsstaðar fyrir mailok og tilkynna aðilum úrslitin tafarlaust.

13. Við 40. gr. Þriðja málsgr. orðist svo:

Yfirskattanefnd skal hafa lokið störfum sínum fyrir júnílok í Reykjavík og annarsstaðar á landinu fyrir mailok, og sendir hún þá skattskrána ásamt

framtalsskýrslum og skrá um eignir og tekjur framteljenda, er engan skatt greiða, til ríkisskattanefndar. Þó getur fjármálaráðherra veitt yfirskattanefnd lengri frest, ef um stórfelldar lagfæringar á skattskránni er að ræða.

14. Við 41. gr. Niðurlag greinarinnar frá „fyrir septemberlok“ orðist svo: og tilkynna innheimtumanni skattsins og aðilum úrslitin tafarlaust.

15. Við 42. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisskattanefnd skal hafa eftirlit með störfum skattanefnda, skattstjóra og yfirskattanefnda og samræma skattaframtöl og skattaákvörðun í hinum einstöku skattaumdæmum. Skal ríkisskattstjóri fyrir hönd nefndarinnar ferðast um á milli skattanefnda og yfirskattanefnda í þessu skyni, þegar ástæða þykir til, og yfir höfuð leiðbeina um allt, er að skattaákvörðun og skattaframtali lýtur. Hann skal og yfirfara skattaskrár og framtalsskýrslur. Ríkisskattanefnd getur af eigin hvötum rannsakað hvert það atriði, er framkvæmd laga þessara varðar, og getur í því skyni krafizt allra upplýsinga hjá skattþegnum, skattanefndum, skattstjórum og yfirskattanefndum, svo og hjá lánsstofnunum og öðrum þeim, er í 35. gr. greinir. Loks getur ríkisskattanefnd af sjálfsdáðum breytt ályktunum skattanefnda og yfirskattanefnda, þótt ekki hafi verið kært, en jafnan skal hún þá gera aðilum aðvart áður en hún breytir skattgjaldi þeirra án þess að yfir hafi verið kært.

Úrskurður ríkisskattanefndar er fullnaðarúrskurður. Ágreining um skattskyldu má þó jafnan bera undir dómstóla.

16. Við 46. gr. Greinin orðist svo:

Lögreglustjórar — í Reykjavík tollstjóri — innheimta tekju- og eignarskatt á manntalsþingum ár hvert. Sé skatturinn eigi greiddur innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða dráttarvexti, 1% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett fyllri ákvæði um innheimtuna, svo sem að gjalddagar skuli vera fleiri en einn á ári, þar sem það þykir henta, um tilbúning og sölu skattmerkja og þess háttar. Nú breytir ríkisskattanefnd skatti svo seint, að tilkynning um það hefir eigi náð innheimtumanni fyrir gjalddaga skattsins, og skal hann þá innheimta eða endurgreiða þann skatt síðar á árinu.

17. Á eftir 55. gr. komi:

VI. KAFLI.

Ákvæði um stundarsakir.

56. gr.

Heimilt er sveitar- og bæjarstjórnum, meðan Alþingi ekki hefir sett lög um almannatryggingar eða á annan hátt létt að verulegum mun af héruðunum kostnaði við fátækraframfærslu, að hækka skattgjald það, sem um ræðir í 6. gr., um 50% í umdæmum sínum. Skal innheimta viðbótarskatt þennan samtímis skattgjaldinu til ríkissjóðs og af sömu mönnum, og rennur hann allur til hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóðs. Jafnframt rennur þá og til sömu sjóða ⅓ skattgjaldsins samkvæmt 15. gr. úr hlutaðeigandi héruðum.

Nd. 210. Fyrirspurn

til kennslumálaráðherrans um byggingarkostnað Laugarvatnsskólans.

Frá Magnúsi Guðmundssyni.

Eftir skýrslum, sem fyrir hendi eru, hefir ríkissjóður lagt fram árin 1928, 1929 og 1930 tæplega 350000 kr. til að reisa Laugarvatnsskólann, og samkvæmt lögum nr. 37 1929 á jafnmikið fé að hafa verið lagt fram annarsstaðar frá. Hverjir hafa lagt þetta fé fram og hve mikið hver?

Nd. 211. Fyrirspurn

til atvinnumálaráðherra um símalagningar í Barðastrandarsýslu.

Frá Hákoni Kristóferssyni.

Hvaða ráðstafanir hefir stjórnin gert til framkvæmda símalagningum þeim milli Bíldudals og Selárdals og Kvígindisdals og Breiðuvíkur í Barðastrandarsýslu, sem fjárveitinganefnd gerir í áliti sínu um fjárlagafrumvarpið 1931 (Alþt. 1930, A. bls. 621) ráð fyrir, að framkvæmdar verði af fé því, sem veitt er til nýrra símalagninga á þessu ári?

Ed. 212. Frumvarp

til laga um kirkjur.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Kirkjur, bænhús og grafreitir eru friðhelgir staðir og má ekkert þar fram fara, er raski helgi þeirra.

2. gr.

1. Prófasti ber að hafa gætur á, að kirkjur og bænhús séu jafnan í sómasamlegu ástandi, bæði að viðhaldi og umgengni. Þyki honum misbrestur

á í þessum efnum, ber honum að vekja athygli þeirra, er hlut eiga að máli, á því, sem honum þykir ábótavant, og að þörf sé endurbóta.

2. Nú ákveður söfnuður að endurbyggja kirkju, og skal þá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu skylt, ef þess er óskað, að fela húsameistara ríkisins eða öðrum hæfum manni að láta í té nauðsynlegar upplýsingar og leiðbeiningar, er hér að lúta, m. a. uppdrætti að nýjum kirkjubyggingum og endurbót kirkna.

3. gr.

Nú þykir prófasti ekki farið eftir tillögum sínum um hirðingu kirkju, umgengni eða viðhald, svo að fullnægjandi sé, og getur hann þá skotið málinu undir úrskurð biskups, og ber að hlíta fyrirmælum hans í þessu efni.

4. gr.

Skylt er að setja hæfileg hitunartæki, að dómi biskups, í hverja kirkju. Þó getur ráðherra veitt undanþágu frá þessu, ef sérstaklega stendur á. Skal reykháf og hitunartækjum svo fyrir komið, að eigi sé óprýði að.

Skylt er að vátryggja kirkjur gegn eldsvoða í einhverju því brunabótafélagi, er ráðherra tekur gilt.

5. gr.

Rétt er sóknarpresti að banna hverja þá notkun kirkju, sem ekki er samboðin helgi hennar sem guðsþjónustuhúss kristins safnaðar. Skal því jafnan leita leyfis sóknarprests til notkunar kirkjunnar, enda ber hann ábyrgð á, að ekki sé gagnstætt fyrirmælum æðri stjórnarvalda, almennu velsæmi og allsherjarreglu.

6. gr.

Bannað er að halda fundi um almenn ágreiningsmál í kirkju, önnur en þau, er varða málefni kirkjunnar eða safnaðarins.

7. gr.

Óheimilt er að nota kirkju til geymslu, nema með leyfi prófasts, og varðar brot gegn þessu sektum.

II. Safnaðarkirkjur.

8. gr.

Safnaðarkirkja er sjálfseignarstofnun í umsjón og ábyrgð safnaðar, undir yfirstjórn biskups og ráðherra.

9. gr.

Sóknarnefnd hefir á hendi umsjón og fjárhald safnaðarkirkju. Skal hún fyrir hönd safnaðar rækja allar þær skyldur, er hvílt hafa á eigendum og forráðamönnum kirkna, að því er tekur til viðhalds og hirðingar. Ber hún f. h. safnaðar ábyrgð á, að gætt sé tilhlýðilegrar smekkvísi og

umönnunar um allt, er kirkju og grafreit varðar. Og ber henni að hlíta úrskurðum prófasts, biskups og ráðherra í því efni, skv. almennum ákvæðum I. kafla.

10. gr.

1. Sóknarnefnd annast innheimtu á tekjum kirkjunnar og kemur sjóðeign hennar á vöxtu í Hinum almenna kirkjusjóði. Annast hún reikningshald og fjárreiður kirkjunnar, og skal jafnan senda prófasti reikning yfir tekjur og gjöld hennar á liðnu ári, eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert. Sóknarnefndarmenn rita allir nafn sitt á reikninginn, enda bera þeir, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð kirkjufjánna.
2. Fyrir ómak sitt fær sóknarnefnd 6% í innheimtulaun af lögboðnum árstekjum kirkjunnar.
3. Þar, sem lögreglustjóri er í sókninni, skal honum skylt að taka að sér innheimtuna, gegn 6% innheimtulaunum, ef sóknarnefnd óskar.

11. gr.

Skylt er söfnuði að taka að sér til umsjónar og fjárhalds hverja þá léns- eða bændakirkju, er eigandi eða lénsdrottinn óskar, með þeim skilmálum, er segir í 15. gr., og til kemur samþykki ráðherra að því er bændakirkjur snertir.

12. gr.

1. Þegar kirkja er afhent söfnuði, skal prófastur með 2 óvilhöllum, byggingafróðum mönnum gera nákvæma úttekt á kirkjunni, eigum hennar, áhöldum og gripum. Skulu úttektarmenn meta sanngjarnt álag á kirkjuna og gripi hennar og áhöld.
2. Álag skal miða bæði við fyrningu hússins og byggingarkostnað á hverjum tíma, þar sem kirkja er eigi að stærð við hæfi sóknarinnar.
3. Eigandi eða lénsdrottinn greiðir álagið í hendur sóknarnefndar, er tekur við kirkjunni og fé hennar fyrir hönd safnaðarins.
4. Skjóta má úttekt kirkju til yfirúttektar, og skal þá að minnsta kosti helmingur yfirúttektarmanna skipaður byggingarfróðum mönnum.
5. Heimilt er sóknarnefnd að taka við kirkju án þess að regluleg úttekt fari fram, ef samþykki biskups kemur til og héraðsprófastur stjórnar afhendingu kirkjunnar.

13. gr.

Kirkju má því aðeins flytja úr stað, að ¾ hlutar atkvæðisbærra safnaðarmanna hafi samþykkt færsluna.

14. gr.

Nú er kirkja reist þar, er kirkja hefir eigi verið áður, og getur þá ráðherra úrskurðað, að bæjar- eða sveitarfélag það, er í hlut á, leggi til ókeypis hentuga lóð undir kirkjuna ásamt hæfilegu svæði umhverfis, ef þess er krafizt. Þar, sem skipulagsnefnd hefir eigi ákveðið kirkjustæði, skal kirkja sett þar, sem prófastur ákveður, í samráði við sóknarnefnd og húsameistara ríkis-

ins, eða annan byggingarfróðan mann, er ráðherra kveður til. Skjóta má úrskurði prófasts til ráðherra.

III. Bændakirkjur og lénskirkjur.

15. gr.

Skylt er ábúanda lénskirkjujarðar að hafa umsjón lénskirkju og fjárhald, nema prófastur feli öðrum.

Skylt er sóknarnefnd að annast innheimtu á tekjum lénskirkju og bændakirkju gegn 6% innheimtulaunum, ef þess er krafizt.

16. gr.

Eigendum bændakirkna og lénsdrottnum lénskirkna er skylt að hlíta almennum ákvæðum um endurbyggingu kirkna, hirðingu, hitun og viðhald.

17. gr.

1. Nú setur kirkjueigandi eða lénsdrottinn ofn eða önnur jafngóð hitunartæki í kirkju sína, er honum þá heimilt að jafna hálfum stofnkostnaðinum á sóknarmenn sem hundraðsgjaldi af útsvörum þeirra, enda hafi kostnaðarreikningur verið endurskoðaður af sóknarnefnd og úrskurðaður af prófasti.
2. Nú er í sókn meira en eitt sveitar- eða bæjarfélag, og skal þá fyrst skipta gjaldinu niður á þau eftir tölu safnaðarmanna innan hvers þeirra. Eigandi eða forráðamaður annast innheimtu gjaldsins.
3. Heimilt er kirkjueiganda eða forráðamanni að jafna niður árlegum eldsneytiskostnaði og brunabótaiðgjaldi á sama hátt.

Eindagi á gjöldum þessum er 5 vikum eftir að þau eru auglýst.

18. gr.

Nú hefir eigandi bændakirkju vanrækt hirðingu, viðhald eða endurbyggingu kirkju sinnar, þrátt fyrir ítrekaðar áminningar prófasts og samþykkt safnaðarfundar, eða eigi hlýtt almennum ákvæðum I. kafla laga þessara, að því er eigi tekur til safnaðarkirkna sérstaklega, og er þá kirkjustjórninni skylt að höfða þegar í stað mál á hendur kirkjueiganda, til þess að fá hann dæmdan til þess, að viðlögðum dagsektum, að bæta úr göllunum eða endurbyggja kirkjuna.

IV. Önnur ákvæði.

19. gr.

Verksvið kirkjunefndar er að vinna að því, ásamt sóknarnefndinni, að glæða hlýjan hug manna til kirkju sinnar og gangast fyrir frjálsum samtökum um að auka fegurð hennar og prýði með góðum gripum og á hvern þann veg, er bezt þykir við eiga.

Sóknarnefnd skal og gangast fyrir að útvega kirkju sinni fagra altaristöflu og gott hljóðfæri og altarisbúnað, þar sem einhverju þessu er áfátt.

20. gr.

Menningarsjóður skal veita verðlaun fyrir fegurstu altaristöflur eftir íslenzka listamenn. Skal dómnefnd skipuð biskupi, eða manni, er hann nefnir til, og 2 mönnum, er menntamálaráðið skipar. Menntamálaráðið styrkir síðan sóknarnefndir til kaupa á altaristöflum þeim, er verðlaun hafa hlotið, með tillagi úr Menningarsjóði, er nemi allt að helmingi verðs.

21. gr.

Kirkjumálaráðuneytið annast um að gerðir verði, svo oft sem þurfa þykir, fyrirmyndar uppdrættir að kirkjum og kirkjugörðum, er bezt þykja eiga við íslenzka staðhætti, og útbýtir þeim meðal sóknarnefnda landsins. Skulu fylgja þeim stuttar skýringar og kostnaðaráætlun.

Útgáfu uppdrátta þessara kostar Menningarsjóður.

22. gr.

Rétt er að geyma hverskonar kirkjuforngripi í kirkjum þeim, er þá hafa átt, ef þær eru svo vandaðar, að dómi biskups og fornmenjavarðar, að tryggt megi teljast.

23. gr.

Nánari ákvæði um viðhald kirkna, kirkjuskoðun og eftirlit, svo og búnað þeirra og prýði, setur biskup í reglugerð, er ráðherra staðfestir.

24. gr.

Lögtaksréttur fylgir öllum þeim gjöldum, sem mælt er fyrir um í lögum þessum.

25. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum 10—500 krónum, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum, og renni þær í ríkissjóð.

Mál, sem rísa út af lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál.

26. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 22, 16. nóv. 1907, um umsjón og fjárhald kirkna. Ennfremur eru afnumin öll ákvæði eldri laga, er koma í bága við lög þessi.

Nd. 213. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 18, 31. maí 1927, um iðju og iðnað.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Við 1. tölul. 18. gr. bætist: Þó veitir slíkt iðnbréf ekki réttindi nema í því lögsagnarumdæmi, þar sem það er gefið út, enda sýni bréfið greinilega að svo sé.

2. gr.

Á eftir 19. gr. kemur ný grein, er svo hljóðar:

Til þess að sjá um framkvæmd þessara laga og laga nr. 11 frá 31. maí 1927, um iðnaðarnám, má í kaupstöðum landsins kjósa iðnráð, og verða með reglugerð sett nánari ákvæði um starfsvið þess og kosningu.

3. gr.

Þriðja málsgr. 27. gr. (sem verður 28. gr.) orðist svo:

Þeim, sem höfðu rétt til að reka iðn eða hafa nemendur hinn 1. jan. 1928, og þá ráku sjálfstæða iðn, skal afhenda ókeypis iðnbréf eða meistarabréf innan 3 mánaða frá því, er lög þessi öðlast gildi. Eftir að meistara- og iðnbréfum hefir verið útbýtt á þennan hátt, má enginn nema þeir, sem lög þessi undanþiggja, reka iðn sjálfstætt iðnbréfslaus og enginn taka lærlinga í kaupstöðum meistarabréfslaus.

Ed. 214. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir 1. málsgr. 27. gr. laganna komi:

Þó má hreppsnefnd, með samþykki sýslunefndar, og bæjarstjórn, með samþykki atvinnumálaráðherra, ákveða aðra gjalddaga á útsvörum.

2. gr.

Í stað „½%“ í 30. gr. laganna komi: 1%.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 215. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 29, 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis (þskj. 112).

Frá Halldóri Stefánssyni.

1. Fyrsta grein frv. orðist svo:
   Á eftir „5) sjávarútvegsnefnd“ í 16. gr. laga nr. 29, 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis, kemur:
   6) iðnaðarnefnd,
   7) sveitarmálanefnd.
2. Önnur grein frv. orðist svo:
   Tölurnar „6)“ og „7)“ verða: 8) og 9).

Nd. 216. Nefndarálit

um frv. til laga um hafnargerð á Dalvík.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Tveir nefndarmanna (JJós og HK) vilja fylgja frv. þessu óbreyttu, en meiri hluti nefndarinnar telur rétt að fylgja um afgreiðslu þess líkum reglum og um önnur hafnarlagafrv., sem fyrir liggja. Ætlar hann því ríkissjóði þriðjung kostnaðar af hafnarbyggingunni og ábyrgð fyrir láni hafnarsjóðs, ef til kemur, fyrir allt að 220000 kr.

Um skiptingu kostnaðar af hafnarbyggingunni milli hafnarsjóðs Dalvíkur og Svarfdælahrepps viljum vér engar tillögur gera og álítum þá samninga eiga að vera utan við hafnarlögin.

Vér leggjum því til eftir framansögðu, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   Til hafnargerðar á Dalvík veitist úr ríkissjóði ⅓ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin samþykkir, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 125000 — eitt hundrað tuttugu og fimm þúsundum — króna, gegn ⅔ frá hafnarsjóði Dalvíkur og Svarfdælahrepps.
2. Við 2. gr. Fyrir „kr. 150000“ komi: kr. 220000.

Alþingi, 18. marz 1931.

Sveinn Ólafsson, form., frsm.	Benedikt Sveinsson, fundaskrifari; með fyrirvara.	Sigurjón Á. Ólafsson.

Nd. 217. Nefndarálit

um frv. til laga um hafnargerð á Sauðárkróki.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Um frv. þetta hefir eigi náðst samkomulag í nefndinni. Minni hluti (JJós og HK) vill samþykkja frv. óbreytt, en undirritaður meiri hluti vill færa það í svipað form og á síðasta þingi, sem líka hefir verið aðalregla við hafnarlög annarsstaðar á landinu, að ríkissjóður leggi fram ⅓ kostnaðar við hafnargerð, en ábyrgist nauðsynlegt byggingarlán fyrir hafnarsjóð, allt að ⅔ stofnkostnaðar.

Samkvæmt því leggjum vér til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Til hafnargerðar á Sauðárkróki veitist úr ríkissjóði ⅓ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefir samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 208000 — tvö hundruð og átta þúsundum — króna, gegn ⅔ frá hafnarsjóði Sauðárkróks.
2. Við 2. gr. Fyrir „kr. 370000 — þrjú .... króna“ komi: 412000 — fjögur hundruð og tólf þúsundir — króna.

Alþingi, 17. marz 1931.

Sveinn Ólafsson, form., frsm.	Benedikt Sveinsson, fundaskrifari; með fyrirvara.	Sigurjón Á. Ólafsson.

Nd. 218. Nefndarálit

um frv. til laga um hafnargerð á Akranesi.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir klofnað í máli þessu með þeim hætti, að meiri hluti (JJós, HK og BSv) vill afgreiða frv. óbreytt, en við undirritaðir teljum það eiga að sæta líkri afgreiðslu og önnur hafnarlagafrv., sem fyrir Alþingi liggja að þessu sinni. Viljum við um meðferð þess fylgja fordæmi fyrri þinga og ætla ríkissjóði ⅓ kostnaðar af hafnarbyggingunni og ábyrgð á láni hafnarsjóðs til fyrirtækisins, allt að ákveðnu lágmarki lánsþarfar.

Hafnarþörf er að sjálfsögðu mikil á Akranesi og útvegur þar í vexti, en þar stendur að baki hafnargerðinni fjölmennt og blómlegt hérað með meiri fjármunalega getu til framkvæmda en víða er annarsstaðar, þar sem hafnleysi aftrar sjósókn og siglingum. Er líka fullvíst, að kröfum um nýjar hafnargerðir og hafnarbætur verður fram haldið úr mörgum héruðum, og því fyrirsjáanlegt, að takmarka verður nokkuð framlög ríkissjóðs og ábyrgðir við gjaldgetu héraða þeirra, sem í hlut eiga, til hagsmuna þeim, sem miður mega.

Eftir framansögðu leggjum við til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Til hafnargerðar á Akranesi veitist úr ríkissjóði ⅓ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefir samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 400000 — fjögur hundruð þúsundum — króna, gegn ⅔ frá hafnarsjóði Akraness.
2. Við 2. gr. Fyrir „kr. 500000 — fimm hundruð þúsund króna —“ komi: 580000 — fimm hundruð og áttatíu þúsundum — króna.
3. Við 6. gr. Aftan við gr. komi svolátandi málsgrein:
   Hreppsnefndinni er heimilt, með samþykki atvinnumálaráðherra, að taka eignarnámi lönd og lóðir, sem að höfninni liggja og nauðsynlegar teljast til hagnýtingar henni.

Alþingi, 18. marz 1931.

Sveinn Ólafsson, form., frsm. Sigurjón Á. Ólafsson.

Nd. 219. Tillaga

til þingsályktunar um vegamál.

Flutningsm.: Héðinn Valdimarsson, Sigurjón Á. Ólafsson, Haraldur Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um:

1. Að akvegir verði ekki gerðir mjórri en 4 metrar.
2. Að steinstöplar verði settir upp á vegbrúnum til varnar akstri út af vegum, þar sem hátt er niður af veginum, öðrum megin eða beggja.
3. Að brýr yfir ræsi í vegum verði gerðar jafnbreiðar vegunum og nægilega þykk steypa í brúnum, til þess að þær haldist í sömu hæð sem vegurinn.
4. Að kappkostað verði að gera akbrautir að brúm sem beinastar.

5. Að sérstakir eftirlitsmenn verði alstaðar hafðir með þjóðvegunum, er tilkynni vegamálastjóra tafarlaust um nauðsynlegar viðgerðir, og láti hann framkvæma þær þegar í stað. Þar sem bifreiðaeftirlitsmenn ríkisins eru á vegum, skulu þeir skyldir að senda vegamálastjóra slíkar tilkynningar.
6. Að viðvörunar- og hættumerki verði sett alstaðar meðfram akvegum, þar sem slysahætta er fyrir bifreiðaakstur, svo sem í hæfilegri fjarlægð frá kröppum beygjum, bröttum brekkum, brúm, hliðum, vegamótum eða vegaköflum, sem eru í aðgerð.
7. Að leiðarvísir verði festur upp við vegamót, er sýni vegalengd til helztu staða nærlendis.
8. Að undirbúin verði almenn vegalög og lögð fyrir næsta þing, þar sem ákvæði séu sett um væntanlega akvegagerð næstu 5 ár, kostnaðaráætlun gerð fyrir hvern veg og ákveðið, í hvaða röð vegirnir skuli lagðir. Samskonar áætlun verði gerð um slitlag á vegum.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi er fram komin í því skyni, að bætt verði úr ýmsum áberandi göllum á vegamálunum, vegirnir verði gerðir nægilega breiðir til þess að bifreiðar geti mætzt á þeim viðstöðulítið, varnarstöplar verði settir á vegarbrúnunum, þar sem hátt er niður, hættumerki þar, sem þess er þörf, geilar inn í veginn við brýr á ræsum verði ekki lengur fallgryfjur, og hætt sé við að hafa hina frægu Z-lögun á vegunum næst brúnum. Þess skal getið, að breidd fólksbifreiða er leyfð nú 182 sentimetrar, en var áður leyfð 175 sm. Nú er verið að sækja um undanþágur fyrir 184 sm. breidd á vörubifreiðum.

Þá verði og leiðarvísir settur á spjöld á vegamótum. Loks er ríkisstjórninni falið að undirbúa með lagafrumvarpi vegagerð á næstu árum, sem hægt sé að fara eftir árlega, þegar til fjárveitinga kemur.

Flestallar þessar ráðstafanir eru sjálfsagðar, og hefði vegamálastjóri fyrir löngu átt að koma þeim í framkvæmd.

Nd. 220. Breytingartillögur

við frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

1. Á eftir 7. gr. komi ný grein, er verður 8. gr., svo hljóðandi:
   Tekjuskattinn eftir 6. og 7. gr. er ríkisstjórninni heimilt að hækka eða lækka um ákveðna hundraðstölu, allt að 25%, fyrir eitt ár í senn.
2. Eftir 15. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Eignarskattinn eftir 15. gr. er ríkisstjórninni heimilt að hækka eða lækka um ákveðna hundraðstölu, allt að 25%, fyrir eitt ár í senn.
   (Greinatala breytist skv. atkvgr.).

Nd. 221. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 50 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 19. marz 1931.

Ásg. Ásgeirsson, fundaskr., frsm.	Ólafur Thors.	H. Stefánsson, form.

Nd. 222. Nefndarálit

um frv. til laga um bifreiðaskatt.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt, en einstakir nefndarmenn hafa óbundið atkvæði um breytingartillögur.

Alþingi, 19. marz 1931.

Halldór Stefánsson, form.	Ásgeir Ásgeirsson, fundaskr., frsm.	Ólafur Thors,
	Sigurður Eggerz.	

Nd. 223. Nefndarálit

um frv. til laga um rekstrarlánafélög fyrir bátaútveg og smáiðju.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið ásátt um, hversu mál þetta skyldi afgreiða. Afstaða minni hlutans er nokkuð óákveðin, en meiri hlutinn vill láta samþykkja frv. með lítilli orðabreytingu, en vill hinsvegar taka fram það, er hér segir:

Frv. um atvinnurekstrarlán var flutt fyrst á þingi 1928, og var þá hin sama hugmynd lögð til grundvallar, sem er fyrir þessu frv., sú, að ríkisstjórnin ábyrgist reikningslán til bankastofnunar frá ári til árs, en þessu láni sé svo aftur

veitt til smærri framleiðenda og iðnrekenda gegn ákveðnum félagsskaparskilyrðum, fyrir milligöngu sparisjóðs og annara tryggra peningastofnana. Það frv. náði að vísu ekki fram að ganga, en á þinginu 1929 flutti stjórnin frv. um sama efni, en því var ætlað að ná eingöngu til þeirra, er landbúnað stunda.

Tillögur komu fram um að láta lögin (um landbúnaðarbanka) einnig ná til smábátaútvegsins utan kaupstaða, en þær voru felldar, og náði þó heimildin ekki nema til smábáta útvegsbænda utan kaupstaða, að tilætlun landbúnaðarnefndar. Sjá Alþingistíðindi A. 1929, 2. brtt., þingskjal 228.

Þá var það loforð gefið af hálfu stjórnarinnar, að hún myndi beita sér fyrir undirbúningi löggjafar um rekstrarlán til smábátaútvegsins fyrir næsta þing, 1930. Alþingistíðindi 1930 B. bls. 82.

Sá ráðherra, er því lofaði, forsætisráðherra TrÞ, lagði þá mikla áherzlu á það, að bændur hefðu Búnaðarbankann algerlega út af fyrir sig, og lagðist fast á móti því, að nokkuð ákvæði væri sett um lán úr þeim banka til smábátaútvegsins.

Þeirri skoðun hefir verið haldið fram í nefndinni af minni hl. sjávarútvegsnefndar, að með áðurgreindum lögum um Búnaðarbanka, og með innskotsfé því, er ríkið lét Útvegsbankanum í té samkvæmt lögum frá síðasta þingi, hafi verið gerðar þær ráðstafanir til úrlausnar rekstrarlánum fyrir smábátaútveginn, sem við megi una í bili.

Um lán úr Búnaðarbankanum til rekstrar fiskibáta er vitaskuld ekki að tala, enda skýr afstaða tekin til þess máls af meiri hluta þings, þegar lögin voru sett, eins og áður segir.

Hvað Útvegsbankann hinsvegar snertir, þá er það vitanlegt, að á hann yfirfærðust skuldbindingar gamalla viðskipta Íslandsbanka, og hefir innskotsféð eðlilega fyrst og fremst gengið til að fullnægja þessum skuldbindingum, bæði í enska lánið svo nefnda, skuld bankans við Hambro fyrir yfirdrátt og skuld við Privatbankann.

Innskotsfé ríkisins hefir því eigi getað orðið til stuðnings þeim hluta sjávarútvegsmanna, sem sérstaklega er hafður fyrir augum með þessu frv., smábátaútvegsmönnum.

Um annað fjármagn Útvegsbankans, t. d. innlánsfé sparisjóðseigenda, leiðir það af sjálfu sér, að eins og hag hans var komið, hafi það verið fast í útlánum að miklu eða öllu leyti. Þegar hér við bættist svo illt árferði að því er sölu afurðanna snerti, og þar af leiðandi erfið afkoma margra skuldunauta bankans, er það auðsætt, að þessi breyting, að Íslandsbanka er breytt í Útvegsbanka með ríkisstyrk, hefir ekki orðið til hagsbóta fyrir bátaútveginn. Fé bankans er eftir sem áður bundið í eldri útlánum að mestu leyti.

Meiri hluti sjávarútvegsnefndar fær því eigi séð, að þær mótbárur gegn samþykkt þessa frv., er nú hefir verið um getið, séu á réttum rökum byggðar.

Enn ein viðbára hefir skotið upp höfðinu í nefndinni, sem sé sú, að nú þurfi ríkið að beita sér fyrir stuðningi til útflutnings á ísvörðum fiski, og muni þörf smábátaflotans vera brýnni þar en til rekstrarlána.

Meiri hluti nefndarinnar er að vísu samþykkur því, að rétt sé að ríkið styðji að einhverju leyti tilraunir til útfl. ísvarins fiskjar smábátanna, enda eru

þegar margskonar erindi komin til þingsins um það efni, og virðast þar ráða ýmsar skoðanir um hversu þann stuðning skuli í té láta.

Þótt eitthvað kunni að verða gert í þessu efni, sem raunar er enn í óvissu, svo að vel getur ágreiningur um leiðir orðið til þess, að úr þessum stuðningi verði ekkert, þá er ekki með því leyst úr lánsfjárþörf smáútvegsins, sem á krepputímum eins og nú á svo örðugt, að menn hafa verið í hreinustu vandræðum í ýmsum veiðistöðvum með að geta byrjað úthaldið, sökum skorts á handbæru fé til óhjákvæmilegustu útgjalda.

Jafnvel þó útflutningur á nýjum fiski væri hafinn svo um munaði, en til þess eru fá skilyrði fyrir hendi, þá munu menn ávallt þurfa nokkurt lánsfé, til þess að byrja með útgerðina að minnsta kosti.

Loks er eftir að minnast á þá mótbáru, sem einnig kom fram í nefndinni af hálfu minni hlutans, að ríkinu mundi verða um megn að tryggja þau rekstrarlán, sem um er að ræða.

Eins og frv. ber með sér, er hér að ræða um reikningslán, sem ætlazt er til, að Fiskveiðasjóður taki, allt að 3 millj. króna til eins árs í senn, með ábyrgð ríkissjóðs. Hér er því ekki um fasta lántöku ríkisins að ræða, eins og t. d. lánið, er tekið var handa Búnaðarbankanum, heldur um ábyrgð frá ári til árs á reikningsláni, sem Fiskveiðasjóður á að veita smáútvegsmönnum og iðnrekendum í hinum ýmsu landshlutum fyrir milligöngu sparisjóða, bankaútibúa eða annara tryggra peningastofnana.

Meiri öryggisráðstafanir eru gerðar samkv. frv. til að tryggja lán þessi heldur en nú á sér stað með lán til útgerðar, þar sem aðeins má lána til félaga með gagnkvæmri ábyrgð allra félagsmanna, og þar að auki eru takmörk sett fyrir hæstu lánsupphæð til hvers einstaks félagsmanns. Lánin, sem þessi félög veita, eiga líka að vera reikningslán og veitast aðeins gegn fullri tryggingu, sem hver einstakur félagsmaður setur.

Á ríkissjóði hvílir samkv. frv. engin skylda að útvega það fé, er þarf til þessara lána. Það verður stjórn Fiskveiðasjóðs að gera á hverjum tíma.

Þegar hinsvegar er litið á öll ákvæði til tryggingar réttri meðferð þessa lánsfjár, þau er frv. gerir ráð fyrir, fær meiri hlutinn ekki séð, að ríkinu ætti að vera það nein veruleg áhætta að taka á sig þessa ábyrgð reikningsláns hvers árs fyrir sig. Á hinn bóginn myndi efling smábátaútvegsins og iðnaðar í sambandi við hann, sem af samþykkt frv. leiddi, verða til að auka verulega tekjur ríkissjóðs.

Þörfin fyrir lánsstofnun, sem sérstaklega hafi það markmið að styrkja smábátaútveginn, er engu minni nú en hún var árið 1928, þegar frv. um atvinnurekstrarlán kom fyrst fram í þinginu. Þessi þörf hefir aukizt en ekki minnkað síðan harðnaði í ári og að kreppti sökum söluerfiðleika sjávarafurða. Loforð þau, er gefin voru af stjórnarinnar hálfu 1929, þegar komið var skipulagi á Búnaðarbankann, bæði rekstrar- og bústofnslánadeildir, um samskonar eða tilsvarandi stoð fyrir sjávarútveginn hinn smærri, eru hvað rekstrarlánin snertir enn óuppfyllt.

Öll sanngirni mælir því með því, að þingið láti nú ekki úr hömlu dragast að veita smábátaútveginum og þeirri smáiðju, sem beinlínis stendur í sambandi

við sjávarútveg, þessa stoð, sem hann á fulla kröfu til, ef jafnréttis er gætt milli atvinnuveganna.

Þau skilyrði, er í frv. eru sett um félagsskap lánþiggjenda, myndu hvetja útvegsmenn þá, er hér um ræðir, til samvinnu og félagsskapar, frekar en nú á sér stað, og verður sízt vanþörf á því talin. Meiri hlutinn álítur, að þessi og önnur ákvæði frv., sem að því lúta, að menn hafi sem glöggast yfirlit yfir rekstrarkostnað og afkomu útgerðarinnar, séu nauðsynleg, bæði vegna útvegsmanna sjálfra og lánsstofnana þeirra, er þeir skipta við. Yfirleitt er nauðsynlegt til tryggingar þeim lánum, sem hér um ræðir, að lánsstofnanirnar hafi sem bezt yfirlit yfir hag hvers félags ár hvert, svo og, að fast sé gengið eftir greiðslu rekstrarlána í lok hvers reikningsárs. Þótt ákvæði frv. í þessu efni séu allströng, eru þau nauðsynleg og munu reynast lántakendum haldkvæmust þegar til lengdar lætur.

Eins og áður er á minnzt, vill meiri hlutinn samþykkja frv. Þó þykir réttara að samræma ákvæði þess um veð í óveiddum afla við gildandi lög í því efni, og þykir því réttara að breyta orðalagi síðasta málsliðar 4. gr. frv. samkvæmt því.

Leggjum vér því til, að frv. sé samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 4. gr. Síðasti málsliður greinarinnar orðist þannig:

Heimilt er félagsmanni að setja félaginu að sjálfsvörzluveði afla af skipi sínu fyrir eitt útgerðartímabil í senn.

Alþingi, 18. marz 1931.

Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.	Hákon J. Kristófersson,	Benedikt Sveinsson. fundaskrifari.

Nd. 224. Frumvarp

til laga um íbúðarhús á prestssetrum.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Þar, sem ekki eru viðunandi íbúðarhús á prestssetrum, skal reisa þau úr varanlegu efni, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Í fjárlögum skal árlega veita styrk til að reisa minnst 2 íbúðarhús, og má styrkurinn ekki vera lægri en 12000 kr. og ekki hærri en 18000 kr. til hvers húss.

3. gr.

Að því leyti sem styrkur samkvæmt 2. gr., að viðbættu andvirði niðurlagðra bæjarhúsa á prestssetrum, nægir ekki fyrir byggingarkostnaði, veitir kirkjujarðasjóður lán til greiðslu hans, þó ekki yfir 8000 kr. á hús. Lán þessi ávaxtast og afborgast með 4% á ári, og eru af því 3½% vextir, en ½% afborgun.

4. gr.

Lán þau, er í 3. gr. getur, eru embættislán og tryggð með launum hlutaðeigandi prests, þeim er úr ríkissjóði greiðast, og má halda árlegum greiðslum eftir af launum með jafnri fjárhæð á mánuði hverjum, enda er presti jafnan skylt að búa í húsi, sem reist er samkvæmt lögum þessum, nema leyfi biskups komi til.

5. gr.

Nú óskar prestur, að íbúðarhús sé reist á prestssetri, og skal hann þá senda beiðni um það til kirkjumálaráðuneytisins um hendur prófasts og biskups, sem skulu láta uppi álit sitt um nauðsyn prests. Í beiðninni skal lýst nákvæmlega ástandi bæjarhúsa, enda fylgi henni mat úttektarmanna á verðgildi þeirra.

6. gr.

Nú berst kirkjumálaráðherra beiðni samkvæmt 5. gr., og lætur hann þá, ef fé er fyrir hendi eftir fjárlögum og prófastur og biskup hafa mælt með beiðninni, byggingarfróðan mann rannsaka aðstöðu um innlent efni, en húsameistara ríkisins gera uppdrátt af húsinu og kostnaðaráætlun. Stærð húss skal miðuð við aðstöðu á hverjum stað, og presti skal jafnan gefið tækifæri til að gera athugasemdir við uppdrátt húsameistara, enda greiðir hann sjálfur þann hluta byggingarkostnaðar, sem er umfram styrk og lán eftir 2. og 3. gr., nema húsameistara verði, að dómi ráðherra, gefin sök á rangri kostnaðaráætlun. Þá greiðir ríkissjóður helming þess, sem húsið hefir farið fram úr áætlun.

7. gr.

Þegar ákveðið hefir verið að reisa íbúðarhús á prestssetri, felur ráðherra trúnaðarmanni sínum að hafa eftirlit með byggingunni. Prestur annast framkvæmd verksins, en húsameistara ríkisins er skylt að aðstoða hann um kaup útlends efnis og annað, sem við verður komið. Val yfirsmiðs skal húsameistari samþykkja.

8. gr.

Helmingur styrks þess, er í 2. gr. getur, greiðist er ráðuneytið fær skilríki fyrir því, að meginhluti efnis sé komið á byggingarstaðinn, enda sé timbur vátryggt. Hinn helmingur styrksins greiðist þegar húsið er fokhelt. Lánsfé greiðist þegar ráðuneytinu hafa borizt fullnægjandi skilríki frá trúnaðarmanni sínum, um að húsið sé fullgert eftir uppdrætti og vel vandað í öllu.

9. gr.

Nú berast ráðuneytinu fleiri beiðnir presta um íbúðarhús en svo, að veitt upphæð í fjárlögum hrökkvi til, og skal þá taka til greina beiðnir þeirra, sem brýnasta hafa þörf.

10. gr.

Umsóknir um styrk og lán til íbúðarhúsa á preststssetrum skulu komnar til ráðuneytisins eigi síðar en í maímánuði árið áður en byggja skal, og svar ráðuneytisins skal sent presti eigi síðar en 1. sept. sama ár.

11. gr.

Nú er presti skylt að hafa aðsetur í kaupstað eða kauptúni, og er þá bæjarfélagi eða sveitar skylt að leggja til ókeypis hentuga lóð undir íbúðarhús hans.

12. gr.

Ef íbúðarhús eða bæjarhús prestsseturs brennur eða eyðist af náttúruvöldum eftir að ráðstafað hefir verið fjárveitingu, sem fyrir hendi er til bygginga á prestssetri, er ráðuneytinu heimilt að leggja fram fé til að reisa íbúðarhús samkvæmt þessum lögum, að því leyti sem brunabótafé og fyrningarsjóður prestakallsins hrekkur ekki til endurbyggingar.

13. gr.

Prestur skal á eigin kostnað annast árlegt viðhald íbúðarhúss eftir reglum, sem ráðuneytið setur. Prófastur og biskup skulu líta eftir á eftirlitsferðum sínum, hvort reglum þessum sé fylgt, og skýra ráðuneytinu frá, ef áfátt er. Ef prestur lætur hjá líða að bæta úr þessu eftir að hann hefir fengið áminningu, er ráðuneytinu rétt að láta aðgerð fara fram á hans kostnað og taka greiðslu af launum hans.

14. gr.

Nú er reist hús á prestssetri eftir þessum lögum, og skal prestur þá árlega leggja fram ½% af styrk samkvæmt 2. gr. í sjóð, sem er eign prestakallsins og nefnist fyrningarsjóður. Sjóð þennan skal ávaxta í útborgunardeild Söfnunarsjóðs Íslands, undir umsjón biskups, en framlagi prests skal halda eftir af launum hans með 1/12 á mánuði.

15. gr.

Íbúðarhús á prestssetrum skulu vátryggð gegn eldi fyrir sannvirði, og gætir biskup þess. Brunabótagjaldið greiðir prestur, og skal það tekið af launum hans þegar biskup óskar.

16. gr.

Þegar endurbyggja þarf hús vegna fyrningar, skal til þess nota það fé með vöxtum, sem í fyrningarsjóð prestakallsins hefir safnazt, eftir því sem með þarf, og skal Söfnunarsjóður inna það af hendi áður en 6 mánuðir eru liðnir frá þeim degi, er greiðslu var krafizt.

17. gr.

Nú kemur það í ljós, er endurbyggja þarf íbúðarhús, eða við brottför prests úr kalli, að viðhaldi var áfátt, og skal þá prestur eða dánarbú hans bæta eftir mati úttektarmanna.

18. gr.

Ef húsameistari ríkisins telur ekki rétt að reisa hús á prestssetri, heldur sé endurbót eða viðbygging nauðsynleg og fjárhagslega réttmæt, þá er ráðherra heimilt að veita til þess fé úr kirkjujarðasjóði, og sé helmingur þess styrkur, en helmingur lán, er ávaxtist og endurgreiðist með 4½% á ári. Þar af eru 3½% vextir og 1% afborgun. Að öðru leyti fer um endurbætur þessar eða viðbyggingu eftir sömu reglum og þá er ný hús eru reist á prestssetrum, eftir því, sem við getur átt.

19. gr.

Nú hefir reist verið íbúðarhús á prestssetri eftir eldri lögum, fjárlögum eða stjórnarráðstöfunum, og er presti þá ekki skylt að greiða meira en 4% á ári í vöxtu og afborgun af láni eða styrk, sem veitt hefir verið til byggingarinnar, og aldrei yfir 350 kr. á ári, enda annist hann á sinn kostnað vátryggingu og viðhald, eftir þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum um ný hús. Auk þess greiði hann árlegt gjald í fyrningarsjóð, er nemi ½% af láni eða styrk, þó ekki yfir 80 kr.

20. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 30, 16. nóv. 1907, og lög nr. 25, 20. okt. 1913.

Greinargerð.

Kirkjumálaráðherra hefir farið þess á leit við nefndina, að hún flytti frv. til laga um byggingar á prestssetrum, áþekkt því, sem stjórnin flutti á þingi 1930. Nefndin hefir yfirfarið stjórnarfrv. frá síðasta þingi rækilega, og hefir þótt ýmislegt athugavert við það. Hefir hún nú breytt því í það horf, sem hún telur rétt, og flytur það þannig.

Nefndin hefir ekki séð sér fært að láta frv. ná til annara húsa en íbúðarhúsa, eins og á stendur.

Um nánari greinargerð fyrir hinum ýmsu atriðum frv. verður að vísa til athugasemda kirkjumálanefndar og framsögu.

Nd. 225. Nefndarálit

um frv. til laga um lendingarbætur á Eyrarbakka.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta eftir föngum á nokkrum fundum og reynt að kynna sér sem bezt ástæður þær, er að því liggja. Í því skyni fékk

formaður nefndarinnar, að hennar undirlagi, vitamálastjóri Þ. Krabbe á fund sinn, og skýrði hann málið allrækilega fyrir henni.

Greindi hann fyrst og fremst frá því, hvernig hann hefði hugsað sér fyrirhlöðslugarð þann, er frv. ræðir um, og hann hefir áður að nokkru lýst í bréfi því, er greinargerð frv. fylgir.

Í þessu samtali vitamálastjóra og nefndarinnar kom það greinilega fram, sem frv. og ber með sér, að í frumvarpinu er um miklu viðtækari mannvirki að ræða heldur en um garð þann, er vitamálastjóri hefir gert áætlun um, því að frumvarpið nær til hverskonar lendingarbóta á Eyrarbakka. Tók vitamálastjóri það mjög skýrt fram, að alls engin áætlun hefði verið gerð um neinar þær hafnarbætur þar eða lendingarbætur, er til greina gæti komið. Það væri því, að svo stöddu, alls eigi hægt að segja neitt um það, hvað lendingarbætur eða umbætur bátalegunnar við Eyrarbakka mundu kosta, hvernig þeim skyldi haga eða að hverju gagni þær gætu orðið.

Fyrirhlöðslugarðinn kvaðst hann hafa hugsað sér aðeins sem tilraun, sem hann gerði sér von um, að beina mundi sandburði árinnar út frá landi. Þó gæti verið, að sandur bærist að garðinum og yfir hann, og yrði reynslan að skera úr því, að hverju gagni hann kynni að verða. Vitanlega mætti þá síðar hækka garðinn og lengja, en kostnaðaráætlun í þá átt hefði ekki verið gerð.

Eins og tekið er fram í ástæðunum og öllum er kunnugt, þá liggur ströndin algerlega fyrir opnu úthafinu, þar sem garðinum er ætlað að standa, og verður hann því að vera ákaflega traustur, þar sem hann verður að standast hið sterka hafrót og einnig straum árinnar. Þótt gera megi ráð fyrir, að garður þessi geti að meira eða minna leyti dregið úr sandburðinum austur með fjörunni, það sem hann nær, þá er því miður mjög hætt við, að sandurinn, sem áin ber fram, geti borizt austur með landinu fyrir straumi og brimsjóum utan við sjálfan garðinn, og víst er það, þar sem framburður árinnar er allmikill, að út af ósi hennar smágrynnist eftir því sem tímarnir líða. Ber brimið sandinn upp að ströndinni á báða vegu.

Nefndin viðurkennir það fullkomlega, að mikið hagræði væri að viðhlítandi höfn við Eyrarbakka og að allmikið væri leggjandi í sölurnar til þess að gera hana trausta. En eins og þegar er tekið fram, þá liggja alls engar áætlanir fyrir um þessar hafnar- eða lendingarbætur. Þykir nefndinni því, sem það liggi fyrst fyrir, að þetta sé rannsakað til fullrar hlítar, áður en hérað og ríki setji lög um þetta efni.

Kostnaðaráætlun sú eða fjárhæð, er í frv. stendur, virðist eingöngu miðuð við garð þann, sem nefndur hefir verið, en hann er einungis í því skyni settur, að bægja straum austur með fjörunum, en bætir að öðru leyti alls ekki höfn eða lending við Eyrarbakka, þannig að hann veiti þar neitt skjól eða afdrep. Hér er því um miklu meira fyrirtæki að ræða heldur en í fljótu bragði virðist, og miklu meira heldur en hægt er að gera sér grein fyrir að svo vöxnu máli.

Nefndin athugaði til samanburðar lög þau, er sett voru um lendingarbætur í Þorlákshöfn. Við þann samanburð varð henni það ljósara, hversu rækilegan undirbúning það mál hafði fengið að öllu leyti, bæði um áætlanir og annan

undirbúning af hálfu héraðsmanna, Fiskifélags Íslands, sýslunefndar og annara stjórnarvalda.

Við þá athugun þótti nefndinni mjög á bresta um rannsókn og undirbúning máls þess, er hér liggur fyrir, og þar sem bæði ríkissjóður og héraðið á hér mikið í ábyrgð, að því er til kostnaðar og gagnsmuna kemur, þá virðist henni, að nauðsyn beri til, að allur undirbúningur þessa fyrirtækis verði fullkomlega til jafns við það, er áður átti sér stað um Þorlákshöfn.

Þar sem frv. ber það og með sér, að ekki er gert ráð fyrir, að í framkvæmdir verði ráðizt nú þegar hvort sem er, þá þykir henni því fremur rétt að ráða deildinni frá því að samþykkja frv. að þessu sinni, til þess að hægt verði síðar að gera ráðstafanir, sem á staðgóðum rannsóknum og fullum undirbúningi og ráðstöfunum innan héraðs séu reistar. Það verður vel að vanda, sem lengi á að standa.

Í samræmi við það, sem hér hefir sagt verið, vill nefndin því að þessu sinni afgreiða málið með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem deildin telur mál þetta eigi nægilega undirbúið til fullnaðarúrslita, tekur hún fyrir næsta mál á dagskrá.

Þess skal getið, að einn nefndarmanna (4. þm. Reykvíkinga) var fjarverandi á síðustu fundum nefndarinnar og tók því eigi þátt í samtalinu við vitamálastjóra né úrslitaniðurstöðu nefndarinnar og hefir því ritað sérstakt nefndarálit.

Alþingi, 18. marz 1931.

Sveinn Ólafsson, form.	Benedikt Sveinsson, fundaskr., frsm.	Jóhann Þ. Jósefsson,
	Hákon Kristófersson.	

Sþ. **226. Skýrslur**

um Gjöf Jóns Sigurðssonar.

A.

Skýrsla um „Gjöf Jóns Sigurðssonar" frá 1. jan. 1929 til 31. des. 1930.

Tekjur:

1. Eign í árslok 1928:			
a. Bankavaxtabréf	kr.	4000.00	
b. Veðskuldabréf	—	3600.00	
c. Í Landsbankanum	—	13693.84	
			kr. 21293.84

2. Vextir:				
a. Af bankavaxtabréfum	kr.	337.50		
b. Af veðskuldabréfum	—	314.67		
c. Af fé í Landsbankanum	—	732.58		
			—	1384.75
			kr.	22678.59

Gjöld:

1. Verðlaun greidd:				
a. Páll Eggert Ólason prófessor	kr.	1000.00		
b. Magnús Jónsson prof. theol.	—	350.00		
c. Hið íslenzka fornritafélag	—	500.00		
			kr.	1850.00
2. Auglýsingakostnaður			—	56.25
3. Eignir í árslok 1930:				
a. Bankavaxtabréf	kr.	3000.00		
b. Veðskuldabréf	—	2000.00		
c. Lán Laugarvatnsskóla	—	10000.00		
d. Í Landsbankanum	—	5772.34		
			—	20772.34
			kr.	22678.59

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. marz 1931.

F.h.r.

G. Sveinbjörnsson.

B.

Skýrsla frá verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.

Hinn 10. janúar 1930 gaf nefndin út auglýsingu um að þeir, er til verðlauna hygðu, skyldu hafa sent nefndinni ritgerðir sínar fyrir lok ársins 1930.

Við lok þessa frests hafði nefndinni borizt ein ritgerð í 2 bindum, er nefndist: Saga Oddastaðar, og var merkt ᚼᚾᚠ. Um ritgerð þessa var samþykkt svofelld ályktun á fundi nefndarinnar 27. jan. 1931.

„Enda þótt ritgerð þessari sé mjög áfátt í ýmsum efnum, dómar höfundar um menn og málefni margir séu ósanngjarnir og beri oft vott um lítinn sögulegan skilning, ýmsar sögulegar villur séu í ritgerðinni og heimildir eigi notaðar til hlítar, þá telur nefndin samt rétt að sæma hana 250 kr. verðlaunum, með því að hún ber vott um mikla elju höfundar og áhuga hans á sögulegum fræðum, og höfundur hefir dregið fram í henni allmikinn fróðleik úr óprentuðum heimildum“.

Höfundur ritgerðar þessarar reyndist að vera Vigfús Guðmundsson, Laufásvegi 43, Reykjavík.

Á sama fundi nefndarinnar var ennfremur samþykkt að veita Sögufélaginu 1600 kr. af fé sjóðsins til að halda áfram útgáfu Búalaga.

Reykjavík, 7. febr. 1931.

Hannes Þorsteinsson, Sigurður Nordal, Ólafur Lárusson.

Til Alþingis.

Ed. 227. Nefndarálit

um frv. til laga um brúargerðir.

Frá samgöngumálanefnd.

Brúarlögin frá 1919 hafa markað stórt spor í sögu brúarlagninganna á landinu. Samkv. þeim lögum hefir hver stórbrúin á fætur annari verið reist, og er nú svo komið, að flestar brýr á þjóðvegum, sem þá þóttu kalla mest að, eru nú reistar og auk þeirra fjöldi annara brúa. Nú þykir því hlýða að setja markið hærra en gert var 1919 um brúarlagningar, enda gerir stóraukin vagnanotkun í landinu nauðsynlegt, að allar ár á þjóðvegum í byggð, og jafnvel öðrum vegum, þar sem veruleg umferð er, verði brúaðar.

Í frv. það, sem hér liggur fyrir, eru því teknar brýr á þær ár á þjóðvegum, sem brúarstæði eru ákveðin á, Aftur eru nokkrar ár, sem brúarstæði eru ekki fullrannsökuð á, svo sem í Skaftafellssýslu og víðar, og verður því að bíða síðari tíma að taka slíkar brýr upp í lögin.

Auk brúnna á þjóðvegum er í frv. mælt svo fyrir, að ríkið kosti að öllu leyti brýr á nokkur stærstu vatnsföll landsins á öðrum vegum, hvert í sínu héraði, með því að ætla má, að framlög til slíkra stórbrúa séu héruðunum ofvaxin, þar eð þau hafa flest ærinn annan brúarkostnað að bera.

Telur nefndin þetta í alla staði réttmætt, en lætur þess getið, að hún telur líklegt, að ítarleg rannsókn muni leiða í ljós, að rétt kunni að vera að taka fleiri brýr í þennan flokk, A. III.; en þar sem slík rannsókn hefir ekki enn farið fram, flytur nefndin ekki breytingartillögur í þá átt.

Að öllu þessu athuguðu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 20. marz 1931.

Páll Hermannsson, form. Jón Jónsson, fundaskr., frsm. Björn Kristjánsson.

Ed. 228. Nefndarálit

um frv. til laga um byggingu fyrir Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt. Meiri hluti nefndarinnar, þau Guðrún Lárusdóttir og Erlingur Friðjónsson, fylgja frv. óbreyttu, en minni hlutinn, Jón Jónsson, vill fylgja frumvarpinu með þeirri breytingu á 1. gr. þess, að í stað „1934—1940" komi: 1936—1946. Mun hann flytja breytingartillögu við frv. þess efnis.

Alþingi, 20. marz 1931.

Jón Jónsson, form.	Erlingur Friðjónsson, fundaskr., frsm.	Guðrún Lárusdóttir.

Ed. 229. Tillaga

til þingsályktunar um leyfi til að reka útvarpsstöð.

Flutningsm.: Pétur Magnússon.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún hlutist til um, að endurnýjað verði leyfi það, er Arthur Gook trúboða var veitt til að reka útvarpsstöð á Akureyri, með bréfi dags. 6. maí 1925, enda fullnægi stöðin þeim skilyrðum, sem sett verða um rekstur hennar.

Greinargerð.

Með bréfi dags. 6. maí 1925, undirrituðu af þáverandi landssímastjóra, var Arthur Gook trúboða veitt leyfi til að setja upp og nota gamansútvarpsstöð á Akureyri. Leyfi þetta, sem var ýmsum skilyrðum bundið, var veitt til óákveðins tíma og landssímastjóra heimilað að afturkalla það, hvenær sem honum þætti ástæða til.

Skömmu eftir að leyfi þetta var veitt mun hafa verið byrjað að reisa stöðina — en það var gert fyrir erlent samskotafé. Eftir margskonar hindranir og erfiðleika var stöðin loks fullgerð og tilbúin til starfrækslu um áramót 1929—1930, og hafði þá verið varið til hennar um 90000 kr. En með bréfi dags. 2. des. 1929 afturkallaði landssímastjóri útvörpunarleyfið, án þess að séð verði, að knýjandi ástæður hafi verið til þess, og hefir leyfið eigi fengizt endurnýjað þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Að öðru leyti vísast til bréfs hr. Arthur Gook dags. 27. febr. 1931, sem mun hafa verið sent öllum alþingismönnum.

Nd. 230. Fyrirspurn

til atvinnu- og samgöngumálaráðherra um samning við Mikla norræna ritsímafélagið og stuttbylgjustöð.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Hvaða ástæður voru til þess, að stjórnin hætti við að segja upp samningnum við Mikla norræna ritsímafélagið og koma upp stuttbylgjustöð til þess að annast sambandið við önnur lönd?

Nd. 231. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um bókaútgáfu hennar.

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. Hve miklu fé hefir verið varið alls til bókar þeirrar um Kaupfélag Eyfirðinga, sem ríkisstjórnin hefir látið gefa út og útbýta um allt land, að því er sagt er?
2. Með hvaða heimild hefir stjórnin tekið peninga til þessa af opinberu fé?
3. Er það satt, að nú sé í prentun kosningapési allstór um afreksverk stjórnarinnar, sem kosta eigi af opinberu fé?

Nd. 232. Breytingartillaga

við frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Jóni Sigurðssyni.

Við 20. gr. Stafliður b. orðist svo:

Búpening skal meta svo sem hann væri framgenginn í fardögum næst á eftir, og eftir verðlagi, er yfirskattanefnd ákveður, að fengnum tillögum skattanefnda, er séu komnar til yfirskattanefndar fyrir 31. des. Verðlagið skal tilkynnt formönnum skattanefnda fyrir 1. febr. ár hvert.

Nd. 233. Breytingartillögur

við frv. til laga um bifreiðaskatt o. fl.

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. Við 1. gr.
   a. Fyrir „6 aura“ í staflið a. kemur: 2 aura.
   b. Fyrir „1 — eina — krónu“ kemur: 50 aura.
2. Við 8. gr.
   a. Fyrir „70%“ í upphafi stafliðs a. kemur: 40%.
   b. Fyrir „20%“ í upphafi stafliðs c. kemur: 50%.

Nd. 234. Frumvarp

til laga um breyting á l. nr. 45, 14. júní 1929, um verkamannabústaði.

Flutningsm.: Héðinn Valdimarsson, Sigurjón Á. Ólafsson, Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Nú er stofnaður byggingarsjóður samkvæmt 1. gr., og aflast honum þá fé sem hér segir:

1. Ríkissjóður leggur í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til tveggja króna fyrir hvern íbúa kaupstaðarins, í fyrsta skipti 1931.
2. Bæjarsjóður og sveitarsjóður leggja í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til tveggja króna fyrir hvern íbúa kaupstaðarins eða kauptúnsins, í fyrsta skipti 1931.
3. Eigendur lóða og landa í bænum eða kauptúninu skulu greiða í bæjarsjóð eða sveitarsjóð sérstakt gjald af öllum lóðum og löndum, sem nemur 4 af þúsundi af fasteignamatsverði. Gjalddagi lóðagjaldsins er 2. janúar ár hvert, í fyrsta sinni 2. janúar 1932, og skal gjaldið greitt úr bæjarsjóði eða sveitarsjóði í byggingarsjóð, að fullu, ekki síðar en 1. júlí sama ár. Gjald þetta má taka lögtaki á kostnað gjaldenda einum mánuði eftir gjalddaga.
4. Ennfremur getur sjóðurinn tekið lán til útlánsstarfsemi sinnar. Lánin ábyrgist ríkissjóður með bakábyrgð hlutaðeigandi bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs. Lánin má taka í erlendri mynt og gefa út skuldabréf fyrir þeim, er hljóði á upphæðir, er ríkisstjórnin samþykkir.

Nú er kauptún aðeins hluti úr hreppi, og skal þá tillagi sveitarsjóðs til byggingarsjóðs jafnað niður á íbúa kauptúnsins, þá, sem gjaldskyldir eru til sveitarsjóðs, eftir sömu reglu og útsvörum.

2. gr.

Á eftir 2. málsgr. 3. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Byggingarfélagi er einnig heimilt að taka lán úr veðdeild Landsbanka Íslands, og veðdeildinni heimilt að veita lánin gegn 1. veðrétti í húsinu, er tryggð skulu með sérstöku veðskuldabréfi fyrir hverja íbúð. Veitir þá byggingarsjóður lán með 2. veðrétti í húsunum, er tryggð skulu einnig með veðskuldabréfi fyrir hverja íbúð, og nemi lánin samanlögð á 1. og 2. veðrétti í fyrstu allt að 85% af því verði, sem íbúðin kostar uppkomin, með sömu kjörum, sem um getur í 2. málsgrein þessarar greinar. Þó má lánið fara fram úr 85% af kostnaðarverði íbúðarinnar um þá upphæð, sem afföllum veðdeildarlánsins nemur.

3. gr.

Á eftir 5. gr. laganna komi ný grein, er hljóðar svo:

Verkamannabústaðir, sem byggðir eru samkvæmt lögum þessum, skulu undanþegnir fasteignagjaldi til ríkissjóðs, bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs fyrstu 5 árin eftir að húsið er fullbyggt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Erfiðleikarnir við framkvæmd laganna um verkamannabústaði eru aðallega lánsfjárskortur. Stofnuð eru þegar byggingarfélög í sumum bæjum hér á landi, en í öðrum hafa bæjarfélögin í huga að byggja samkvæmt lögunum. Frumvarp þetta fer í fyrsta lagi fram á að auka fé byggingarsjóða með tvöföldu framlagi til þeirra af hálfu ríkis og bæja, eins og var upphaflega í frv. til laga um verkamannabústaði. Í öðru lagi verði lagt á sérstakt gjald, 4‰ af fasteignaverði lóða í bæjum og kauptúnum, til byggingarsjóðsins, og þykir rétt, að verðhækkun landsins, sem til er komin án tilverknaðar lóðaeigenda, skuli á þennan hátt verða tekjustofn, er beri uppi að nokkru leyti lán til verkamannabústaða.

Í þriðja lagi er leyft að taka veðdeildarlán út á 1. veðrétt í húsunum, en lánin úr byggingarsjóðunum verði þá 2. veðréttar lán, og er á þann hátt hægt að nota veðdeildina til lánveitinga til verkamannabústaða, ekki síður en annara húsa, en það gerir aftur minni þörf byggingarsjóðanna fyrir sérstökum lánum.

Það hefir sýnt sig við eftirgrennslan um erlend lán til byggingarsjóða samkvæmt lögum þessum, að það er allmikill þröskuldur í vegi fyrir þeim, að ekki er sérstaklega leyft að taka lánin í erlendri mynt, og ríkissjóðsábyrgðin er aðeins á helmingi lánanna. Þykir því rétt að leyfa lántöku í erlendri mynt, og ríkissjóður ábyrgist fulla upphæð lánanna, en ábyrgð hans verður raunverulega ekki meiri en áður, vegna þess að kaupstaðir eða kauptún standa í bakábyrgð fyrir fullri lánsupphæðinni.

Þá er og rétt að létta undir með byggingu verkamannabústaða í fyrstu með að undanþiggja húsin fasteignagjaldi fyrstu 5 árin.

Húsnæðisvandræðin í sumum kaupstöðum og kauptúnum eru orðin svo mikil, að til stórvandræða horfir fyrir heilsu þessarar og næstu kynslóðar, ef ekki er gripið fast í taumana. Sérstaklega eru íbúðir verkalýðsins nálega alstaðar lélegar og heilsuspillandi. Það er skylda hins opinbera að styðja að því á allan hátt, að á þessu fáist bót. Með samþykkt þessa lagafrumvarps er spor stigið í þá átt.

Nd. 235. Nefndarálit

um frv. til laga um utanfararstyrk presta.

Frá menntamálanefnd.

Menntamálanefnd er sammála um það, að æskilegt sé, að prestum veitist kostur á að fara utan til mennta, og að þeim muni við það aukast víðsýni, bæði í andlegum og veraldlegum efnum, en hinsvegar vill nefndin, að þingið ákveði það með fjárlagaákvæði í hvert sinn, hve margir prestar skuli hljóta styrk til utanfarar.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Á eftir „árlega“ kemur: eftir því, sem fé er veitt til í fjárlögum.
2. Við 5. gr. Síðari málsliður: „En þeir umsækjendur ..... næsta ár“, falli niður.
3. Við 6. gr. Síðari málsgrein skal orða svo:

Þeim presti, sem notið hefir utanfararstyrks úr Sáttmálasjóði, má eigi veita styrk samkv. lögum þessum fyrr en 5 ár eru liðin frá því hann fékk styrk úr þeim sjóði.

Alþingi, 20. marz 1931.

Ásgeir Ásgeirsson, form. Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskrifari. Gunnar Sigurðsson, frsm.

Jón A. Jónsson, Jón Ólafsson.

Nd. 236. Nefndarálit

um frv. til laga um Brunabótafélag Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með, að frumvarpið verði samþykkt með tveimur breytingum, sem síðar segir. — Einstakir nefndarmenn munu og bera fram sérstakar breytingartillögur.

Ráðuneytið hefir sent nefndinni álit og svör sveitarstjórna um frv. og tillöguna um fulltrúaráð. — Af 25 sveitarstjórnum, sem sent hafa álit, eru allar, að einni undantekinni, meðmæltar frumvarpinu, sumar þeirra gera þó einstakar athugasemdir og breytingartillögur, 8 fallast á tillöguna um tryggingarráð, 3 eru henni eindregið mótmæltar, 2 eru á báðum áttum og 11 minnast ekki á hana.

Nefndin hefir fallizt á þær athugasemdir sveitarstjórna, að rétt muni að undanskilja lausafjártryggingar gagnkvæmri ábyrgð, sömuleiðis að fella niður frádrátt þann á bótum, sem um ræðir í 12. gr. frv. (16. gr. gildandi laga).

Samkvæmt framansögðu leggur meiri hl. nefndarinnar til, að samþykktar verði eftirtaldar

BREYTINGAR.

1. Við 8. gr. Á eftir „Brunabótafélagi Íslands“ í upphafi greinarinnar komi: samkvæmt 6. gr. 1. og 2. tölulið.
2. Við 12. gr. Greinin falli niður. (Greinatala breytist skv. því).

Alþingi, 20. marz 1931.

H. Stefánsson, form., frsm.	Héðinn Valdimarsson, með fyrirvara.	Ásg. Ásgeirsson, fundaskrifari.
	Ólafur Thors.	

Ed. 237. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 42, 13. nóv. 1903, um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og er sammála um að leggja til, að það nái fram að ganga. Hinsvegar telur nefndin eigi nægilega skýrt fram

tekið í frv., að firma, sem velur sér sérstakt heiti, annað en nafn eiganda, skuli skrásetningarskylt. Leyfir nefndin sér því að bera fram svofellda

BREYTINGARTILLÖGU:

Í stað orðanna „ef atvinnan er rekin undir nafni sjálfs hans“ komi: nema firmanu sé valið sérstakt heiti, annað en nafn eiganda.

Alþingi, 20. marz 1931.

Ingvar Pálmason, form.	Erlingur Friðjónsson, fundaskrifari.	Pétur Magnússon, framsögum.

Ed. 238. Breytingartillaga

við frv. til laga um vitagjald o. fl.

Frá Jóni Þorlákssyni.

Við 1. gr. Fyrir orðin „gjald til vita, sjómerkja og til mælinga siglingaleiðum“ komi: vitagjald.

Ed. 239. Nefndarálit

um frv. til laga um vitagjald o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Við undirritaðir JÞ og IP mælum með því, að frv. þetta verði samþykkt, en teljum rétt að koma fram með breytingartill. við það, sem þó ekki raska aðalefni þess. Vill annar okkar (JÞ) ganga nokkru lengra í breytingum á frv., og mun hann flytja sérstaka breytingartillögu. En báðir leggjum við til, að samþykktar verði eftirfarandi

BREYTINGAR.

1. Við 1. gr. Orðin „þó aldrei minna en kr. 12,50“ falli niður.
2. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um vitagjald.

Alþingi, 20. marz 1931.

Ingvar Pálmason, form., frsm.	Jón Þorláksson.

Er andvígur frv.

Jón Baldvinsson,
fundaskrifari.

Ed. 240. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta koma í gildi alþjóðleg einkamálaréttarákvæði milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, snertandi hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með auglýsingu í Stjórnartíðindunum, að samningur sá, er undirritaður var í Stokkhólmi þann 6. febrúar 1931 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum, snertandi alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, skuli koma í gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR.

Hans hátign konungur Íslands og Danmerkur, forseti lýðveldisins Finnlands, Hans hátign konungur Noregs og Hans hátign konungur Svíþjóðar, sem hafa orðið ásáttir um að gera samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, er hafi að geyma alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, hafa skipað umboðsmenn sína:

Hans hátign konungur Íslands og Danmerkur:

Sérlegan sendiherra sinn í Stokkhólmi og ráðherra með umboði Erik Julius Christian Scavenius;

Forseti lýðveldisins Finnlands:

Sérlegan sendiherra lýðveldisins í Stokkhólmi og ráðherra með umboði Rafael Waldemar Erich;

Hans hátign konungur Noregs:

Sérlegan sendiherra sinn í Stokkhólmi og ráðherra með umboði Johan Herman Wollebæk;

Hans hátign konungur Svíþjóðar:

Utanríkisráðherra sinn, hans hágöfgi Fredrik Ramel fríherra.

Hafa þeir orðið ásáttir um eftirfarandi greinar, enda haft löglegt umboð til þess:

I. Hjúskapur.

1. gr.

Vilji ríkisborgari einhvers samningsríkjanna ganga í hjúskap fyrir vígslumanni einhvers hinna ríkjanna, skal dæma um rétt hans til að ganga í hjúskap eftir lögum þess ríkis, enda hafi hann átt heimilisfesti í því ríki í síðastliðin tvö ár og eigi enn, en að öðrum kosti eftir lögum þess ríkis, sem hann á ríkisfesti í.

Eigi að beita lögum þess ríkis, sem hlutaðeigandi á ríkisfesti í, má sanna rétt hans til að ganga í hjúskap með vottorði frá yfirvöldum í því ríki.

2. gr.

Um lýsingu og vígslu gilda lög ríkis vígslumanns þess, er gengið er í hjúskapinn fyrir.

3. gr.

Um réttaráhrif hjúskapar milli þeirra, sem eiga ríkisfesti í einhverju samningsríkjanna, eða áttu hana, er þau gengu í hjúskapinn, skal, að því er snertir fjármál hjónanna, dæma eftir lögum þess af ríkjunum, er hjónin tóku sér heimilisfesti í, er þau gengu í hjúskapinn. Hafi hvorttveggja hjónanna síðar tekið sér heimilisfesti í einhverju hinna ríkjanna, skal beita lögum þess ríkis í stað hinna, enda sé eigi um að ræða áhrif löggernings, er fyrr var gerður.

Um heimild annarshvors hjóna til að ráða yfir fasteign eða yfir réttindum, sem sett eru á borð með þeim, skal, ef eignin er í einhverju af ríkjunum, jafnan dæma eftir lögum þess ríkis.

4. gr.

Kaupmálar milli þeirra, sem eiga ríkisfesti í samningsríkjunum, og áttu hana, er þau gengu í hjúskapinn, og sem þá tóku sér heimilisfesti í einhverju af ríkjunum, skulu metnir gildir, að því er form þeirra snertir, í sérhverju samningsríkjanna, ekki aðeins þegar laga þeirra hefir verið gætt, er samkvæmt 3. gr. ráða fjármálum hjónanna, heldur einnig er kaupmálinn fullnægir fyrirmælum um form í því ríki, er báðir aðilar eða annar þeirra á ríkisfesti í.

Sérhvert ríkjanna getur gert það að skilyrði fyrir gildi kaupmála gagnvart þriðja manni, að honum hafi verið þinglýst eða hann tilkynntur til dómstóls samkvæmt þeim lögum, er þar gilda.

5. gr.

Beiðni um slit á fjárfélagi hjóna, sem svo er ástatt um sem segir í 4. gr., skal úrskurða í því ríki, er hvorttveggja hjónanna á heimilisfesti í. Ef þau eiga heimilisfesti hvort í sínu ríki, skal beiðnina úrskurða í því ríki, er það hjóna á heimilisfesti í, sem kröfunni er beint gegn, eða eigi það heimilisfesti í Finnlandi, þá í ríki þeirra laga, er samkvæmt 3. gr. ráða fjármálum hjónanna.

6. gr.

Beri samkvæmt lögum einhvers þess ríkis, er hér ræðir um, að dæma um

réttaráhrif hjúskapar eftir hinni eldri hjúskaparlöggjöf, þá eiga 3.—5. gr. ekki við um þau hjónabönd.

7. gr.

Um skilnað hjóna, sem eiga ríkisfesti í samningsríkjunum, að borði og sæng eða um lögskilnað þeirra, skal úrskurða í því ríki, er hvorttveggja þeirra á heimilisfesti í, eða þar, sem þau síðast bæði áttu heimilisfesti samtímis, enda sé annað þeirra enn heimilisfast þar.

Verði málið eigi úrskurðað samkvæmt fyrstu málsgrein í neinu af ríkjunum, eða verði eigi úrskurðað, samkvæmt fyrstu málsgrein, um skilnað að borði og sæng eða lögskilnað að undangengnum skilnaði að borði og sæng milli hjóna, sem ekki eiga ríkisfesti í Finnlandi, má úrskurða málið í ríki, sem annaðhvort hjónanna á ríkisfesti í.

Lögskilnað að undangengnum skilnaði að borði og sæng má jafnan veita í ríki því, sem hvorttveggja hjónanna á ríkisfesti í.

8. gr.

Í sambandi við kröfu um skilnað að borði og sæng eða um lögskilnað getur sama yfirvald eða annað gert ákvarðanir um sambúðarslit um stundarsakir, um búskipti, skaðabótagreiðslu, framfærsluskyldu og foreldravald.

Ágreining, er síðar rís um framfærsluskyldu og foreldravald, skal úrskurða í ríki því, sem það hjónanna, er kröfunni er beint gegn, á heimilisfesti í. Þetta gildir einnig að því er tekur til breytinga á ákvörðun, sem gerð hefir verið í einhverju af hinum ríkjunum. Séu lög þess ríkis, þar sem úrskurður gekk um skilnað að borði og sæng eða um lögskilnað, því til fyrirstöðu, að síðar sé ákveðið eða hækkað meðlag til maka, sem skilinn er að borði og sæng eða lögskilinn, verður eigi heldur tekin ákvörðun um það í hinum ríkjunum.

9. gr.

Við úrskurði þá, sem ræðir um í 7. og 8. gr., skal í hverju ríkjanna beita þeim lögum, sem þar gilda. Þó skal úrskurður um búskipti og um skaðabætur jafnan fara eftir lögum þeim, er ráða fjármálum hjónanna samkvæmt 3. gr. Skilnað að borði og sæng má eigi veita finnskum ríkisborgara nema hann eigi og hafi í síðastliðin tvö ár átt heimilisfesti í ríki því, þar sem skilnaðar er leitað.

Skilnaður að borði og sæng, sem veittur hefir verið í einhverju ríkjanna, veitir sama rétt til lögskilnaðar í hinum ríkjunum eins og hann hefði verið veittur þar.

10. gr.

Um úrskurð mála um ógildingu hjúskapar hjóna, sem eiga, eða áttu er þau gengu í hjúskapinn, ríkisfesti í samningsríkjunum, skal beita ákvæðum 7. —9. gr. eftir því, sem við á. Skilyrði ógildingarinnar skal þó meta eftir þeim lögum, sem ráða rétti sækjanda til að ganga í hjúskapinn, eða sé mál höfðað gegn hvorutveggja hjónanna, þá eftir öðrumhvorum þeim lögum, sem réðu rétti þeirra til að ganga í hjúskapinn.

II. Ættleiðing.

11. gr.

Vilji ríkisborgari einhvers samningsríkjanna, sem heimilisfesti á í einhverju þeirra, ættleiða mann, sem ríkisfesti á í einhverju ríkjanna, skal sækja um leyfi til þess í því ríki, er ættleiðandi á heimilisfesti í.

12. gr.

Við úrskurð slíkrar umsóknar skal í hverju ríkjanna beitt þeim lögum, sem þar gilda. Sé ættleiðingur yngri en 18 ára og eigi hann heimilisfesti í því ríki, sem hann á ríkisfesti í, má eigi veita leyfi til ættleiðingar hans í öðru ríki, fyrr en hlutaðeigandi yfirvöldum, sem eftirlit hafa með börnum í ríki því, sem hann á ríkisfesti í, hefir verið gefinn kostur á að láta í ljós álit sitt um málið.

13. gr.

Um slit ættleiðingar milli ríkisborgara samningsríkjanna, er stofnað hefir verið til í einhverju þeirra, skal útkljáð í því ríki, sem ættleiðandi á heimilisfesti í, eða eigi hann ekki heimilisfesti í neinu samningsríkjanna, þá í því ríki, sem ættleiðingur á heimilisfesti í.

Við úrslit þessa máls skal í hverju ríkinu beitt þeim lögum, sem þar gilda.

III. Lögráð.

14. gr.

Lögráð ólögráða ríkisborgara samningsríkjanna, er heimilisfesti eiga í einhverju hinna ríkjanna, heyra undir yfirvöldin í hinu síðarnefnda ríkinu, nema fæddur lögráðamaður eða skipaður fari þegar með lögráðin í einhverju hinna ríkjanna.

Sama gildir um sviptingu lögræðis og lögráð lögræðissviptra manna.

15. gr.

Skipa má lögráðamann til bráðabirgða og gera aðrar bráðabirgðaráðstafanir í hverju ríkjanna um sig.

16. gr.

Úrskurða skal málefni þau, sem ræðir um í 14. og 15. gr., í hverju ríki eftir þeim lögum, sem þar gilda.

17. gr.

Um áhrif ólögræðis í fjármálum og um heimildir lögráðamanns fer eftir lögum þess ríkis, þar sem með lögráðin er farið.

Ákvæði þetta gildir ekki um hæfi manna til að gangast undir víxil- eða checkskuldbindingar.

18. gr.

Með samkomulagi hlutaðeigandi ráðuneyta má flytja lögráð til einhvers hinna ríkjanna, ef hinn ólögráði maður hefir öðlazt þar heimilisfesti eða það telst heppilegt af öðrum ástæðum.

19. gr.

Um afnám lögræðissviptingar, sem ákveðin hefir verið í einhverju samningsríkjanna, skal úrskurða í því ríki, þar sem með lögráðin er farið, ef hinn lögræðissvipti er ríkisborgari einhvers af samningsríkjunum.

Við úrskurðinn skal í hverju ríki beita lögum þeim, er þar gilda.

20. gr.

Verði ríkisborgari einhvers samningsríkisins sviptur lögræði í einhverju hinna ríkjanna, eða verði lögræðissvipting hans afnumin, þá skal tafarlaust tilkynna það hlutaðeiganda ráðuneyti þess ríkis, sem hann á ríkisfesti í.

21. gr.

Ákvæðum 17., 19. og 20. gr. skal beitt eftir því sem við á, er ríkisborgari einhvers samningsríkisins, er heimilisfesti á í Danmörku og eigi hefir áður verið sviptur lögræði í einhverju ríkjanna, er settur undir tilsjón (Lavværgemaal) í Danmörku.

Tilsjón þessi er því eigi til fyrirstöðu, að lögræðissvipting fari fram í einhverju hinna ríkjanna, er hlutaðeigandi tekur sér heimilisfesti í.

IV. Almenn ákvæði.

22. gr.

Úrskurðir umboðsstjórnar og aðfararhæfir dómsúrskurðir, er gengið hafa í einhverju ríkjanna samkvæmt 5., 7., 8., 10., 11., 13., 14., 15., 19. eða 21. gr., skulu gilda í hinum ríkjunum án sérstakrar staðfestingar og án rannsóknar á því, hvort úrskurðurinn sé réttur eða forsendur hans, þær er taka til heimilisfesti eða ríkisfesti í einhverju samningsríkjanna.

23. gr.

Samning þennan skal fullgilda og skal skipzt á fullgildingarskjölunum í Stokkhólmi eins fljótt og auðið er.

Samningurinn gengur í gildi 1. janúar eða 1. júlí næstan á eftir afhendingu fullgildingarskjalanna.

Sérhvert ríkjanna getur sagt samningnum upp við hvert hinna með 6 mánaða fresti, þannig að hann gangi úr gildi 1. janúar eða 1. júlí.

Þessu til staðfestingar hafa umboðsmennirnir undirritað samning þennan og sett undir hann innsigli sín.

Gert í einu eintaki á íslenzku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku, og að því er sænskuna snertir í tveimur textum, öðrum fyrir Finnland en öðrum fyrir Svíþjóð, í Stokkhólmi hinn 6. febrúar 1931.

Lokaákvæði.

Í sambandi við undirskriftina í dag undir samning þann milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, er hefir að geyma alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, hafa umboðsmenn samningsríkjanna gefið eftirfarandi yfirlýsingu:

Milli samningsríkjanna er samkomulag um:

1) að samningurinn skyldar eigi yfirvöld neins samningsríkjanna til að gefa þá í hjúskap, er sakir ófrávíkjanlegs ákvæðis í löggjöf hlutaðeigandi ríkis mega eigi ganga í hjúskap vegna skyldleika eða mægða;
2) að sá, sem eigi hefir náð 21 árs aldri, en hefir fengið lögræði eftir finnskum lögum við það að ganga í hjúskap, eða eftir íslenzkum lögum við skilnað að borði og sæng eða við hjúskaparslit, skuli eigi talinn ólögráður vegna æsku, þótt hann taki sér heimilisfesti í öðru samningsríkjanna en annaðhvort Finnlandi eða Íslandi.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd flytur frumvarp þetta að beiðni ríkisstjórnarinnar. — Fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

„Í nokkur undanfarandi ár hafa sérfræðingar Norðurlanda á sviði sifjaréttarins undirbúið norræna samningsgerð um ýms atriði þessa réttar. Samningsgerðin er beint áframhald af starfsemi norrænu sifjamálanefndarinnar, er hafði, eins og kunnugt er, gert frumvörp að lögum þeim, er nú gilda á Norðurlöndum um aðalþætti sifjaréttarins (sbr. hérgildandi lög nr. 39, 27. júní 1921, um stofnun og slit hjúskapar; lög nr. 46, 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna; lög nr. 57 frá sama degi, um afstöðu foreldra til skilgetinna barna, lög nr. 20, 20. júní 1923, um réttindi og skyldur hjóna), en tilgangur samningsgerðarinnar er að setja í kerfi ákvæðin, er þessi samhljóða löggjöf Norðurlanda felur í sér að því er snertir innbyrðis viðskipti hinna sömu ríkja.

Íslandi var þegar á frumstigi samningsgerðarinnar boðið að taka þátt í umræðum um samninginn, en boði þessu var þá hafnað. Hinsvegar hefir ríkisstjórnin jafnan haft fregnir af starfsemi sérfræðinganefndarinnar, og þegar þar að kom, að samningsfrumvarpið var tilbúið til undirskriftar, lét ríkisstjórnin útbúa íslenzkan texta að samningsgerðinni, er var felldur inn í frumvarpið, og það síðan undirritað, einnig af Íslands hálfu, þann 6. febrúar þ. á.

Þess skal hér getið, að ríkisstjórnin hefir leitað umsagnar lagadeildar háskólans um samningsuppkastið, og að lagadeildin hefir fyrir sitt leyti lagt til, að Ísland taki þátt í samningsgerðinni.

Að öðru leyti vísast til ákvæða samningsins“.

Ed. **241. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta koma í gildi ákvæðin í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um innheimtu meðlaga.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með auglýsingu í Stjórnartíðindunum, að samningur sá, er undirritaður var í Oslo þann 10. febrúar 1931 og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum, milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um innheimtu meðlaga, skuli koma í gildi. Ennfremur er ríkisstjórninni heimilað að setja frekari ákvæði, er kynnu að vera nauðsynleg til þess að framfylgja greindum samningi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um innheimtu meðlaga.

Hans hátign konungur Íslands og Danmerkur, forseti lýðveldisins Finnlands, Hans hátign konungur Noregs og Hans hátign konungur Svíþjóðar, sem hafa orðið ásáttir um að gera samning um innheimtu meðlaga, hafa útnefnt sem umboðsmenn sína:

Hans hátign konungur Íslands og Danmerkur:
Sendiherra sinn í Osló, Markus Andreas Oldenburg;
Forseti lýðveldisins Finnlands:
Sendiherra lýðveldisins í Osló, Rolf Thesleff;
Hans hátign konungur Noregs:
Utanríkisráð August Wilhelm Stjernstedt Esmarch;
Hans hátign konungur Svíþjóðar:
Sendiherra sinn í Osló, Torvald Magnusson Höjer;

sem, með gildu umboði, hafa komið sér saman um eftirfarandi greinar:

1. gr.

Aðfararhæfum dómi, úrskurði umboðsvalds eða skriflegu samkomulagi, sem í einhverju samningsríkjanna leggur einhverjum á herðar að greiða meðlag til maka síns, fyrrverandi maka, skilgetins barns, stjúpbarns, kjörbarns, óskil-

getins barns eða móður óskilgetins barns, og sé fullnæging heimil í því ríki, skal, sé þess farið á leit, fullnægt í hverju hinna ríkjanna, án þess að frekara komi til. Sama er um ákvörðun, sem í Finnlandi eða Svíþjóð er gerð af rétti, dómara eða „överexekutor“ og fullnægja má eftir reglunum um aðfararhæfa dóma.

Fullnægju verður þó ekki krafizt gegn dómi eða úrskurði, sem í því ríki, þar sem fullnægju er leitað, hefir ákveðið lægra meðlag eða að engin meðlagsskylda sé fyrir hendi.

Fullnægju verður heldur ekki krafizt, ef meðlagsskyldan gagnvart óskilgetnu barni eða móður óskilgetins barns er ákveðin með dómi eða úrskurði í ríki, þar sem meðlagsskyldur átti ekki ríkisborgararétt eða heimilisfang, nema því aðeins, að hann hafi mætt í málinu, eða stefnan eða úrskurðurinn hafi í tæka tíð orðið honum kunn, meðan hann dvaldi í ríkinu.

2. gr.

Beiðni um fullnægju er send frá og móttekin af:
í Danmörku hlutaðeigandi stjórnardeild eða yfirstjórnarvaldi;
í Finnlandi utanríkismálaráðuneytinu;
í Íslandi dómsmálaráðuneytinu;
í Noregi hlutaðeigandi stjórnardeild;
í Svíþjóð réttardeild utanríkismálaráðuneytisins eða fylkisstjórn.

Beiðninni skal fylgja vottorð þess yfirvalds, er hana sendir, um að dómurinn, úrskurðurinn eða samkomulagið uppfylli skilyrði 1. gr., fyrstu og þriðju málsgreinar, fyrir fullnægju.

Með skjölum, sem skráð eru á finnsku eða íslenzku, skal fylgja staðfest þýðing, svo fullnægjandi sé, á dönsku, norsku eða sænsku.

3. gr.

Fullnægjugerðin framkvæmist í hverju ríki samkvæmt þar gildandi lögum, en getur, að því er snertir skriflegt samkomulag, sem ekki er samþykkt af dómstólum eða framkvæmdarvaldinu, orðið takmörkuð við, að haldið sé aftur af launum eða öðru því líku.

Fullnægjugerðin framkvæmist án kostnaðar fyrir meðlagsrétthafa, nema því aðeins, að hún sé framin eftir reglunum um aðför í fasteign.

Innkrafin meðlög skulu send því yfirvaldi, sem hefir beiðzt fullnægjugerðarinnar.

4. gr.

Ákvæðin um meðlög ná einnig til meðgjafa vegna barnsfara og til kostnaðar við menntun barns, eða við skírn þess, fermingu, veikindi eða greftrun.

5. gr.

Málskostnað, sem meðlagsskyldum er gert að greiða vegna ákvörðunar um meðlagsskyldu, má innheimta samkvæmt ákvæðum þessa samnings.

6. gr.

Samning þennan ber að fullgilda og fullgildingarskjölin skulu afhent í Osló eins fljótt og auðið er.

Samningurinn gengur í gildi 1. janúar eða 1. júlí næstkomandi eftir afhendingu fullgildingarskjalanna.

Sérhvert ríkjanna getur gagnvart hverju hinna sagt samningnum upp með sex mánaða fyrirvara, þannig, að hann hætti að gilda 1. janúar eða 1. júlí.

Þessu til staðfestingar hafa umboðsmennirnir undirritað samning þennan og sett undir hann innsigli sín.

Gert í Osló í einu eintaki á íslenzku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku, og að því er sænskuna snertir í tveim textum, öðrum fyrir Finnland og öðrum fyrir Svíþjóð.

Jafnframt er norsku ríkisstjórninni heitið af hálfu Íslands, Danmerkur, Finnlands og Svíþjóðar, að vottorð það, er getið er um í öðru atriði 2. gr. og sent er norsku ríkisstjórninni, skuli tilgreina, hver af skilyrðunum í fyrstu og þriðju málsgrein 1. gr. séu höfð til hliðsjónar í hinum einstöku tilfellum, og auk þess votta, að skilyrði þessi séu uppfyllt.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd flytur frumvarp þetta að beiðni ríkisstjórnarinnar. Fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

„Sem liður í sameiginlegri viðleitni Norðurlandaþjóðanna að gera innbyrðis viðskipti þeirra og þegnanna sem greiðust, hafa þær gert með sér samning þann, er hér fer á undan, til þess að tryggja, að dómum, úrskurðum og skriflegum samkomulögum um meðlög, sem gerð eru í einhverju ríkjanna, geti orðið framfylgt í sérhverju hinna ríkjanna, án þess að þar þurfi að ganga dómur um meðlagsskylduna.

Grundvöllurinn að samningi þessum er lagður með samhljóða löggjöf Norðurlanda um aðalþætti sifjaréttarins (sbr. athugasemdir ríkisstjórnarinnar við heimildarlagafrumvarp snertandi annan norrænan samning um sifjamál), en auk þess byggir hann á gagnkvæmu trausti samningsaðilanna til löggjafa og yfirvalda ríkjanna. Það skal og hér tekið fram, að ríkisstjórnin hefir leitað umsagnar lagadeildar háskólans um samninginn, og að lagadeildin hefir fyrir sitt leyti lagt til, að Ísland taki þátt í samningsgerðinni.

Að öðru leyti vísast til ákvæða samningsins“.

Nd. **242. Frumvarp**

til laga um búfjárrækt.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. KAFLI.

Um nautgriparækt.

1. gr.

Bannað er að láta naut eldri en 8 mánaða ganga laus í afréttum eða heimahögum, nema heimild til þess felist í lögum þessum.

2. gr.

Í hverjum hreppi eða bæjarfélagi, þar sem ekki er nautgriparæktarfélag, er hefir fengið lög sín staðfest af Búnaðarfélagi Íslands, skal vera nautgripakynbótanefnd, skipuð þrem mönnum. Um kosning í nefndina fer eftir sömu reglum og um kosning í hreppsnefnd. Þar, sem er starfandi nautgriparæktarfélag, er stjórn þess sjálfkjörin nautgripakynbótanefnd, og þar, sem stofnuð verða nautgriparæktarfélög eftir að lög þessi öðlast gildi og eftir að kosin hefir verið nautgripakynbótanefnd, fellur starfssvið hennar niður, en við því tekur hin nýja stjórn nautgriparæktarfélagsins.

3. gr.

Kynbótanefnd skal sjá um, að jafnan séu til hæfilega mörg kyngóð og efnileg naut til afnota fyrir hreppsbúa. Naut þau, er kynbótanefnd velur, skal hún eftir því sem unnt er velja að vorinu, fyrir vorhreppaskilaþing, og á þeim tilkynna hreppsbúum, hver þau séu. Heimilt er kynbótanefnd að kaupa eða taka naut á leigu, eða semja um það á annan hátt, eftir því sem henni þykir bezt við eiga. Heimilt er kynbótanefndum tveggja eða fleiri hreppa að vinna saman að kynbótum, t. d. með því að nota sömu kynbótanaut, sömu girðingar, hafa sama eftirlitsmann o. fl.

Leyft getur kynbótanefnd einstöku mönnum, sem vegna afstöðu sinnar eiga óhægt með að nota kynbótanautin eða taka annan þátt í starfinu, að vera utan við starfið, en allir, sem ekki fá slika undanþágu, eru skyldir að taka sameiginlegan þátt í öllum kostnaði, er leiðir af nautahaldinu, að réttri tiltölu við tölu kúa með kálfi (sbr. 7. gr.). Samskonar undanþágu getur atvinnumálaráðherra veitt einstöku sveitarfélagi í heild, ef meiri hluti bænda þar óskar og nautgriparáðunautur mælir með.

4. gr.

Kynbótanefnd getur leyft, að kynbótanaut gangi laus, ef öruggt þykir, að þau geti engan skaða gert. Sé um leigunaut að ræða, og það í vörzlu eiganda,

ber hann ábyrgð á ef skaði hlýzt af, en sé að ræða um félagsnaut, sem kynbótanefnd sér um haga fyrir, ber hún ábyrgðina.

5. gr.

Öll naut, sem eru 8 mánaða eða eldri, og ekki eru valin af kynbótanefnd til að notast til undaneldis í hreppnum, skal gelda, gefa inni eða hafa í öruggri vörzlu beitartíma kúnna. Brot gegn þessu varða sektum og skaðabótum, ef tjón hlýzt af, eftir nánari fyrirmælum reglugerðar. Taka má slík naut utan heimalands eiganda, ef það ekki er í öruggri vörzlu, og fara með sem óskilafénað og selja án innlausnarfrests.

6. gr.

Nú hittist naut, sem kynbótanefnd hefir auglýst að nota beri til kynbóta í hreppnum, gæzlulaust og ekki í öruggri vörzlu, og skal þá taka það í örugga vörzlu, og á hús og hey ef þörf krefur. Sá, sem tekur nautið, skal tafarlaust gera kynbótanefnd aðvart, og skal hún svo fljótt, sem því verður við komið vitja nautsins og borga áfallinn fóður- og hirðingarkostnað. Hafi nautið verið í geymslu eiganda, á hún aftur aðgang að honum með greiðsluna. Hafi kynbótanefnd ekki vitjað nautsins innan hálfs mánaðar, skal sá, er tók nautið í hald, afhenda það hreppstjóra, er þá selur það með mánaðar innlausnarfresti.

7. gr.

Öllum árlegum kostnaði við nautahaldið, svo sem landleigu fyrir sumarhaga, vetrarfóður, kostnaði við nautagirðingu, vöxtum og afborgunum af lánum til nautakaupa eða girðinga o. s. frv., jafnar kynbótanefndin niður á allar kýr, sem haldið er undir naut í hreppnum á því ári og sem ekki eru eign manna, sem hafa fengið undanþágu frá að þurfa að taka þátt í sameiginlega kostnaðinum, sbr. 3. gr. Þóknun til kynbótanefndar ákveður hreppsfundur, ef um það er að ræða, og telst þá með öðrum árlegum kostnaði.

Sanni kýreigandi, að kýrin hefir ekki fest fang, þó haldið hafi verið, ber honum ekki að borga nema hálfan nautstoll.

Heimilt er kynbótanefnd, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæðum allra kýreigenda, að láta menn borga nautstolla með fóðri eða heyi, að nokkru eða öllu leyti, enda gangi það þá hlutfallslega jafnt yfir alla kýreigendur.

8. gr.

Kynbótanefnd skal bóka gerðir sínar, svo og reikninga, bréf og annað. Á fundum nefndarinnar ræður afl atkvæða. Nefndarfundir eru löglegir og ályktunarfærir, þó einn nefndarmann vanti, ef hinir tveir eru sammála. Eftir hver áramót skal formaður nefndarinnar gera reikning yfir tekjur og gjöld nautahaldsins (sbr. 7. gr.). Reikningur skal endurskoðaður af tveim mönnum, kosnum á aðalfundi nautgriparæktarfélagsins, en þar sem slíkt félag er ekki starfandi, skal reikningurinn endurskoðaður af endurskoðendum hreppsreikninganna.

9. gr.

Kynbótanefnd skal árlega ræða um kynbótastarfið á almennum hreppsfundi. Þar skal taka ákvörðun um, hvernig og hvenær skuli innheimta nautstolla, svo og annað, er starfið varðar. Það, sem samþykkt er á fundinum og ekki kemur í bága við lög þessi, er bindandi fyrir nefndina og hreppsmenn.

10. gr.

Þar sem 10 bændur í hreppi, eða meiri hluti bænda þar, ef færri eru í hreppnum en 10, hefir samþykkt að stofna nautgriparæktarfélag, komið sér saman um reglur fyrir félagið og fengið þær samþykktar af Búnaðarfélagi Íslands, getur félagið fengið styrk til starfseminnar úr ríkissjóði, eftir því sem fyrir er mælt í lögum þessum.

11. gr.

Tilgangur nautgriparæktarfélaga, sem um ræðir í 10. gr., skal vera að bæta kúakynið.

Í samþykktum félagsins skal tekið fram, að árlega skuli halda mjólkur- og fóðurskýrslur, gera fitumælingar í mjólkinni, og eftir því sem föng eru til sjá um, að notuð séu sem bezt naut til undaneldis.

Samþykktir hvers félags skal gera eftir fyrirmynd, sem Búnaðarfélag Íslands semur, og skulu þær samþykktar af því.

Þegar félag hefir fengið samþykktir sínar viðurkenndar af Búnaðarfélagi Íslands, getur það fengið styrk til starfsemi sinnar, og nemur hann 1,50 kr. á hverja reiknaða árskú í félaginu, séu aðeins gerðar vikulegar mjólkur- og fóðurmælingar, en 2,00 kr. á hverja reiknaða árskú, séu jafnframt gerðar að minnsta kosti 3 fitumælingar á ári.

Styrkurinn borgast eftir á, þegar félagið hefir sent skýrslur til Búnaðarfélags Íslands, í því formi, er það krefst og nánar skal tekið fram í reglugerð.

12. gr.

Félag, sem stofnað er eftir 10. gr., getur auk styrks þess, sem um ræðir í 11. gr., fengið styrk til nautahalds, ef það notar naut, sem er að minnsta kosti tveggja ára, og sem hefir hlotið I. eða II. verðlaun á sýningu, eða verið viðurkennt þess verðugt af ráðunaut Búnaðarfélags Íslands í nautgriparækt. Félögin geta fengið styrk, er sé 75 kr. fyrir naut, sem hefir hlotið önnur verðlaun, en 150 kr. fyrir naut, sem hlotið hefir fyrstu verðlaun. Noti sama félag fleiri en eitt 1. og 2. verðlauna naut, getur það fengið styrk á hvert þeirra sem að ofan segir.

13. gr.

Að tilhlutun Búnaðarfélags Íslands skal halda nautgripasýningu í hverju nautgriparæktarfélagi fimmta hvert ár. Skal þá landinu skipt í 5 sýningarsvæði og sýningar haldnar í þeim til skiptis. Til verðlauna á sýningunum leggur ríkissjóður 50 aura fyrir hvern framtalinn nautgrip, gegn jöfnu framlagi annarsstaðar að. Fyrstu og önnur verðlaun á naut greiðast eingöngu úr ríkis-

sjóði. Búnaðarfélag Íslands sér um fyrirkomulag sýninga þessara og úthlutun verðlauna.

14. gr.

Nú kemur nautgriparæktarfélag sér upp girðingu til að geyma naut sín í sumarlangt, og skal þá greiða úr ríkissjóði ⅓ af kostnaðarverði girðingarinnar, þó aldrei meira en 400 krónur til sama félags.

15. gr.

Búnaðarfélag Íslands sér um framkvæmdir samkvæmt þessum kafla, úthlutun á styrk eftir honum og annað, sem að því lýtur og hann fjallar um. Það safnar skýrslum um starfið og sér um, að unnið verði úr þeim sem aðgengilegast yfirlit, og það birt eftir því sem nauðsyn þykir. Búnaðarfélag Íslands getur sett reglur um þau atriði nautgriparæktar, sem lög þessi fjalla um, og skulu þær samþykktar af atvinnumálaráðuneytinu.

16. gr.

Brot gegn kafla þessum varða sektum frá 10—500 kr. og renna þær í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

17. gr.

Verði ágreiningur um skilning á einhverju í þessum kafla, eða um kostnað við kynbótastarfið, sker atvinnumálaráðherra úr, og er það fullnaðarúrskurður.

II. KAFLI.

Um kynbætur hrossa.

18. gr.

Bannað er að láta graðhesta, 1½ árs eða eldri, ganga lausa í heimahögum eða afréttum, nema heimild til þess felist í lögum þessum.

19. gr.

Í hverjum hreppi skal vera hrossakynbótanefnd, skipuð þrem mönnum, kosin eftir sömu reglum og gilda um kosning í hreppsnefnd. Þar sem hrossaræktarfélag er, sem starfar með styrk úr ríkissjóði (sbr. 34. gr.), er stjórn þess sjálfkjörin kynbótanefnd.

20. gr.

Á hverjum vetri skal hrossakynbótanefnd velja eða útvega, innan eða utan hrepps, hæfilega marga góða graðhesta til undaneldis í hreppnum næsta sumar, sbr. þó 28. gr. Hesta, sem kynbótanefnd velur, skal nefndin taka á leigu til afnota innan hrepps. Skal nefndin gera hreppsbúum kunnugt um val hestanna, með auglýsingu fyrir lok marzmánaðar.

Heimilt er hrossakynbótanefndum tveggja eða fleiri hreppa að vinna saman að hrossakynbótum, nota sömu hesta, sömu girðingar o. s. frv.

21. gr.

Hrossakynbótanefnd hefir vald til að ákveða, hvaða kynbótahestur er tekinn á leigu fyrir hreppinn, og sömuleiðis til að semja um leigu, fóður og hirðingu fyrir hestinn, en til að kaupa hest þarf nefndin heimild hreppsnefndar eða lögmæts hreppsfundar. Þó má ekki kaupa kynbótahest nema hrossakynbótanefnd samþykki valið á hestinum.

22. gr.

Nú á hreppsfélag enga girðingu fyrir kynbótahross, en hrossakynbótanefnd sannar, að hún geti ekki haldið gildandi lög um kynbætur hrossa, nema að hún hafi slíka girðingu til afnota, og er henni þá heimilt að taka slíka girðingu á leigu og semja um leiguna. Telst þessi kostnaður með öðrum gjöldum kynbótastarfseminnar.

Geti hrossakynbótanefnd ekki útvegað sér neitt tilboð um girðingarafnot, sem hún telur viðunanlegt, skal hún tilkynna hreppsnefndinni það, en hreppsnefndin kaupa land, eða taka það á leigu, og girða það, svo fljótt sem þurfa þykir og við verður komið. Skylt er hrossakynbótanefndinni að aðstoða hreppsnefndina við þessar framkvæmdir. Vextir og afborganir af fé því, sem þarf til þessara framkvæmda, telst til útgjalda hrossakynbótanna, hvort sem það er greitt úr hreppssjóði eða til þess tekið sérstakt lán.

23. gr.

Alla graðhesta, sem kynbótanefnd hefir valið til undaneldis eða verðlaun hafa hlotið á héraðssýningum, er styrks hafa notið úr ríkissjóði, skal merkja þannig, að klippa Kh á hægri lend þeirra. Eigandi eða umráðamaður hestsins skal endurnýja merkið svo oft sem með þarf, til þess að það sé jafnan glöggt.

Nú sannast, að einhver hafi merkt graðhest þessu merki án leyfis kynbótanefndar, enda hafi hann ekki hlotið verðlaun eins og fyrr segir, og varðar það sektum. Taka má slíkan hest, hvar sem hann hittist utan gripheldra girðinga, ráðstafa honum sem óskilafé og selja án innlausnarfrests.

24. gr.

Alla graðhesta, sem eru 1½ árs eða eldri og ekki eru ætlaðir til undaneldis samkv. 20. og 21. gr., skal gelda eða taka í örugga vörzlu fyrir 20. apríl ár hvert. Graðhesta á þeim aldri, sem ekki er hægt að gelda þá vegna byggingarlýta, skal taka í örugga vörzlu þar til þeir hafa verið geltir.

Nú vanrækir eigandi eða umráðamaður að láta gelda hest sinn eða taka í örugga vörzlu, og skal hann þá sekt gjalda, og auk þess skaðabætur, ef tjón hlýzt af. Taka má slíkan hest, hvar hann hittist, nema í öruggri vörzlu sé, ráðstafa honum sem óskilagrip og selja án innlausnarfrests.

25. gr.

Nú hittist graðhestur, merktur Kh á hægri lend, gæzlulaus án heimildar, hvort heldur er innan eða utan þeirrar sveitar eða svæðis, er hann var valinn fyrir sem undaneldishestur, og má þá taka hann í örugga gæzlu, og ef þörf gerist á fóður, á kostnað eiganda eða umráðamanns, en gera skal honum aðvart svo fljótt sem unnt er. Ef hestsins er ekki vitjað og greiddur áfallinn kostnaður áður liðnar eru 6 vikur frá því hann var tekinn, má ráðstafa honum sem óskilagrip og selja hann með 4 vikna innlausnarfresti.

26. gr.

Öllum árlegum kostnaði við kynbæturnar, svo sem þóknun til kynbótanefndar, er ákveðin sé á hreppaskilaþingi, leigu fyrir kynbótahest, hagagöngu, umsjón með hestinum, fóður, leigu eftir girðingu, vexti og afborganir af lánum o. s. frv., jafnar nefndin niður á folöld þau, sem fæðast í hreppnum á því ári, með þeim undantekningum, sem um getur í 28. gr. Skulu eigendur greiða gjald þetta árlega til hrossakynbótanefndar, á þeim tíma, er hún til tekur, og er gjaldið lögtakskræft.

Nú nær kostnaðurinn við kynbótastarfið ekki 8 kr. á hvert folald, og er kynbótanefnd þá heimilt að jafna niður meiru en kostnaðinum nemur, allt að 2 kr. á hvert folald, þó svo, að alls verði ekki greitt yfir 8 kr. fyrir hvert folald. Verði ágreiningur um gjald þetta, sker atvinnumálaráðherra úr.

27. gr.

Nú er hryssu komið í fóður eða í hagagöngu í annan hrepp en eigandi á heimili í, og kastar áður en hún er færð heim, þá skal gjalda toll af því folaldi þar sem hryssan var talin fram.

Sé hryssan yfir allt árið í öðrum hreppi en heimili eigandans er, og er leidd þar til kynbótahests, þá skal gjalda toll af folaldi hennar þar sem hún framfærist, en ekki þar sem eigandinn er til heimilis.

28. gr.

Nú er samþykkt á lögmætum sveitarfundi með meiri hluta atkvæða, að hreppurinn hafi engan graðhest til afnota í eitt eða fleiri ár, og geta þá þeir hreppsbúar, er vilja hafa graðhest, krafizt þess af hrossakynbótanefnd, að hún semji um afnot af graðhesti fyrir þá í öðrum hreppi eða leyfi þeim að hafa graðhest til notkunar, sbr. 30. gr.

29. gr.

Þegar hluti af hreppi er í hrossaræktarfélagi, sem nýtur styrks úr ríkissjóði, sbr. 34. gr., og sá hluti hreppsins, sem er utan félagsins, vill ekki vera í samvinnu við félagið um hrossakynbætur, þá er þeim, sem í félaginu eru, ekki skylt að taka neinn þátt í kostnaði af kynbótastarfi þess hluta hreppsins, sem ekki er í félaginu, enda er sveitarsjóði þá ekki heldur skylt að greiða neitt af kynbótakostnaði félagsmanna, þótt hann verði meiri en kr. 8.00 á folald.

30. gr.

Heimilt er kynbótanefnd að leyfa hrossamörgum bændum, eða þeim, sem eiga mjög gott hrossakyn, eða öðrum, sbr. 28. og 29. gr., að halda sjálfir sína eigin graðhesta, og greiða þeir þá ekki tolla af folöldum sínum til kynbótastarfsemi hreppsins, en samþykkja skal kynbótanefnd val slíkra kynbótahesta. Eigendur kynbótahestanna skulu aftur á móti skuldbinda sig til að lána þá, eftir því sem kynbótanefnd telur henta bezt fyrir sveitina, og eigi við hærra verði en þá gildir almennt í þeirri sveit. Þó má kynbótanefnd leyfa, að þessir tollar séu allt að kr. 5.00 hærri, sé um mjög ágæta kynbótahesta að ræða.

31. gr.

Hrossakynbótanefnd skal halda gerðabók, þar sem hún ritar í allar ályktanir sínar og aðrar gerðir, reikninga, bréf o. fl.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála á nefndarfundum, og eru þeir lögmætir og ályktunarfærir þó einn nefndarmanna vanti, ef hinir tveir eru sammála.

Formaður gerir reikning yfir tekjur og gjöld hrossakynbótastarfsins á nýliðnu ári, strax eftir hver áramót. Reikninginn skal endurskoða af hreppsnefnd og leggja fram á næsta vorhreppaskilaþingi.

32. gr.

Rétt er bændum að stofna hrossaræktarfélög. Mega þeir eigi vera færri en 5 og eiga samtals að minnsta kosti 30 hryssur til undaneldis. Nú hafa menn orðið ásáttir um reglur fyrir félagið og fengið þær samþykktar af Búnaðarfélagi Íslands, og getur þá félagið fengið styrk úr ríkissjóði, eftir því sem lög þessi mæla fyrir, sbr. 33., 34. og 35. grein.

33. gr.

Reikningsár hrossaræktarfélags er almanaksár. Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal hrossaræktarfélag hafa sent Búnaðarfélagi Íslands skýrslu um störf sín á síðastliðnu ári og reikning yfir tekjur og gjöld félagsins á sama tíma, og sé reikningurinn endurskoðaður og samþykktur á aðalfundi félagsins. Beri ársskýrsla og reikningur félagsins það með sér, að félagið hafi uppfyllt þær kröfur, sem Búnaðarfélag Íslands gerir til slíkra félaga, þá nýtur það styrks úr ríkissjóði sem hér segir:

1. Fyrir hverja hryssu, sem leidd er til kynbótahests félagsins, 1,50 kr.
2. Upp í fóðurkostnað kynbótahests félagsins, ef hann hefir hlotið fyrstu verðlaun á afkvæmasýningu, þar sem ríkissjóður greiddi verðlaunin, 100 kr.

34. gr.

Starfandi hrossaræktarfélög, sem um ræðir í 32. og 33. gr., njóta styrks úr ríkissjóði til að kaupa kynbótahesta, er nemur ⅓ þess verðs, er hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands virðir hestinn til peninga, enda mæli hann með kaupunum. Styrkur þessi skal bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi félag noti hestinn til undaneldis, á meðan hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands telur það rétt. Styrkur þessi má endurtakast til sama félags, þó

eigi með skemmra millibili en 15 árum, enda mæli hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands með því.

35. gr.

Hrossaræktarfélög njóta styrks úr ríkissjóði til að koma upp girðingum til afnota fyrir hrossakynbætur, með allt að ⅓ kostnaðar, þó ekki yfir 400 kr. til hverrar girðingar. Skyld eru félög að halda slíkum girðingum við, til afnota fyrir kynbótastarfsemina, að minnsta kost í 15 ár, ella endurgreiði þau styrkinn.

36. gr.

Nú þekkir hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands stóðhest, sem, eftir því sem vitað verður, er ágætur kynbótagripur, og eigandi hans hefir ekki ástæður til að halda hann graðan, en fær ekki kaupanda að honum sem kynbótahesti, eða að hesturinn þykir svo ágætur, að sérstaklega þurfi að tryggja framtíð hans sem kynbótahests. Er þá atvinnumálaráðherra rétt að kaupa hestinn fyrir ríkissjóðsfé, enda hafi hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands mælt með kaupunum. Skal þá Búnaðarfélag Íslands ráðstafa hestinum með samþykki atvinnumálaráðherra, þannig að hestinum sé fengið fóður og hirðing í því héraði, þar sem álizt mest þörf að bæta við góðum kynbótahesti, og skal hann þá lánaður héraðsbúum til afnota fyrir ákveðið gjald fyrir hverja hryssu, sem leidd er til hans. Gjaldið ákveður Búnaðarfélag Íslands í samráði við atvinnumálaráðherra.

Heimilt er að selja slíka hesta, þó aðeins hrossaræktarfélögum, og með því skilyrði, að þeir séu notaðir til undaneldis á meðan hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands telur það rétt. Þó skal ríkissjóður aldrei eiga fleiri en 4 kynbótahesta samtímis.

37. gr.

Að tilhlutun Búnaðarfélags Íslands skal halda hrossasýningar í hverri sýslu landsins þriðja hvert ár. Skal þá landinu skipt í þrjú sýningarsvæði, og sýningar haldnar í þeim til skiptis.

Til verðlauna á sýningunum leggur ríkissjóður 10 aura fyrir hvert framtalið hross í sýningarumdæminu, og þó aldrei minna en 100 krónur til hverrar sýningar, gegn jöfnu framlagi frá hlutaðeigandi sýslusjóði. Auk þess greiðir ríkissjóður 50 kr. til viðbótar hverjum I. verðlaunum stóðhestanna, en af sýningarfjám skulu greiddar 50 kr., og fylgi sú kvöð, að skylt sé að nota þessa hesta til undaneldis næstu þrjú ár eftir að verðlaunin voru greidd. Önnur verðlaun ákveður dómnefnd hverrar sýningar.

Hlutaðeigandi sýslunefnd kýs sýningarstjóra og tvo dómnefndarmenn á þær sýningar, sem haldnar verða í hverri sýslu, og greiðist þeim þóknun fyrir starfið úr sýslusjóði. Einnig ákveður sýslunefnd, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, hve margar sýningar skuli haldnar í sýslunum og á hvaða stöðum. Hlutaðeigandi sýsla annast um nauðsynlegan undirbúning á sýningarstöðunum, en átroðningur af sýningum greiðist af fé sýningarinnar.

38. gr.

Jafnframt því sem héraðssýningar eru haldnar, skal gefa eigendum fullorðinna stóðhesta kost á afkvæmasýningum fyrir þá. Hver hestur má keppa tvisvar um verðlaun fyrir afkvæmi, og líði ekki minna en 6 ár á milli. Verðlaun fyrir afkvæmi greiðist úr ríkissjóði.

Er hestur keppir í fyrsta sinn um verðlaun fyrir afkvæmi, skulu þau vera: I. verðlaun 300 kr., II. verðlaun 200 kr. og III. verðlaun 100 kr. Er hestur keppir í annað sinn um slík verðlaun, skulu þau vera: I. verðlaun 500 kr., II. verðlaun 300 kr. og III. verðlaun 100 kr.

Á afkvæmasýningu leggur eigandi hestsins til sýningarstaðinn, hlutaðeigandi sýsla 2 menn í dómnefnd, Búnaðarfélag Íslands oddamann dómnefndarinnar, sem jafnframt er sýningarstjóri, og skal það vera hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands.

39. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur sett reglugerð um framkvæmd þessa kafla eftir því sem þurfa þykir.

40. gr.

Brot gegn þessum kafla varða sektum 10—500 krónum, er renna í sjóð hrossaræktarfélags þar sem brotið er framið, ella renni það til sveitarsjóðs hlutaðeigandi hrepps.

III. KAFLI.

Um sauðfjárrækt.

41. gr.

Heimilt er sveitarfélögum, með samþykki meiri hluta bænda, að banna að hrútar gangi lausir í sveitinni allt tímabilið frá 1. nóv. til 1. maí ár hvert eða nokkurn hluta þess.

42. gr.

Nú hittist gæzlulaus hrútur innan sveitar, sem gert hefir samþykkt skv. 41. gr., og er þá skylt að taka hann í vörzlu og gera eiganda hans eins fljótt og verða má aðvart um hann. Eigandi skal hafa vitjað hrútsins eða ráðstafað honum innan viku frá því hann fékk tilkynningu um hrútinn, en að þeim tíma liðnum skal farið með hann sem óskilafé.

43. gr.

Ríkissjóður styrkir kynbótabú í sauðfjárrækt samkvæmt því, sem segir í 45. gr., þó ekki fleiri en eitt í hverri sýslu.

44. gr.

Sýslunefnd, búnaðarsamband eða þessir aðiljar í félagi ákveða, hvort stofna skuli sauðfjárræktarbú, og þá hvar.

45. gr.

Nú hefir verið ákveðið að stofna sauðfjárræktarbú samkvæmt ákvæðum 44. gr., og skulu því þá settar starfsreglur eftir fyrirmynd, er atvinnumálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Stofnendur búsins skulu hafa um næstu 15 ár tryggt því styrk að ⅓ til móts við styrkinn úr ríkissjóði, og að búið starfi að minnsta kosti þann tíma (15 ár).

Ríkissjóður greiðir 800 kr. árlegan styrk til hvers sauðfjárræktarbús, sbr. þó 43. gr., gegn 400 kr. tillagi annarsstaðar að.

46. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal hafa yfirumsjón sauðfjárræktarbúanna, og skulu þau haga skýrslugerð eftir fyrirmælum þess.

Skylt er sauðfjárræktarbúunum að senda Búnaðarfélagi Íslands árlega skýrslu yfir störf sín, og skal það birta úr þeim útdrátt eftir því sem þurfa þykir.

47. gr.

Rétt er mönnum að stofna með sér félag til að vinna að kynbótum sauðfjár.

Félagssvæðið skal að jafnaði vera bundið við sveitartakmörk.

Félög, sem starfa í þessu skyni, skulu fá styrk úr ríkissjóði eftir því, sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

48. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, reglur um það, hvernig sauðfjárræktarfélög, sem um ræðir í 47. gr., skuli haga starfi sínu. Búnaðarfélag Íslands sér um prentun eyðublaða undir þær skýrslur, er sauðfjárræktarfélögin eiga að halda.

49. gr.

Sauðfjárræktarfélög (sbr. 47. og 48. gr.) skulu fá styrk úr ríkissjóði, er aðallega sé miðaður við tölu hrúta, er félagið eða félagsmenn eiga og sem fengið hafa fyrstu verðlaun á hrútasýningum. Styrkurinn skal vera 50—120 kr. fyrir hvern hrút. Auk þess má veita hverju sauðfjárræktarfélagi 70—150 kr. verðlaun úr ríkissjóði fyrir fyrirmyndar starfsháttu í hirðingu sauðfjár. Atvinnumálaráðuneytið úthlutar styrk og verðlaunum, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

50. gr.

Hrútasýningar skal halda í einstökum hreppum, þar sem þess er óskað, þriðja hvert ár. Skal þá skipta landinu í þrjú umdæmi og skulu sýningar haldnar í þeim til skiptis.

Til hrútaverðlauna á sýningum þessum veitir ríkissjóður sýningarárið 2 aura á hverja framtalda kind í hreppnum, gegn jöfnu fjárframlagi á móti annarsstaðar að. Búnaðarfélag Íslands setur reglur um sýningarnar, og skulu þær samþykktar af atvinnumálaráðuneytinu.

51. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að verja úr ríkissjóði, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, allt að 5000 kr. á ári í næstu þrjú ár til verðlaunasamkeppni milli sauðfjárbúa. Skal veita 1., 2. og 3. verðlaun þeim þrem búum, er bezt eiga féð og arðsamast, að dómi þar til kvaddra manna.

Samkeppni í hvert sinn skal standa yfir í tvö ár. — Reglur um fyrirkomulag verðlaunasamkeppni milli sauðfjárbúa skulu samdar af Búnaðarfélagi Íslands og staðfestar af atvinnumálaráðuneytinu.

Ríkissjóður ber allan kostnað við eftirlit og umsjón með keppendum.

52. gr.

Samkeppni þá, sem ræðir um í 51. gr., má endurtaka á 5 ára fresti, ef Búnaðarfélag Íslands telur það rétt, og skal þá verja til þess fé úr ríkissjóði á sama hátt og segir í 51. gr.

53. gr.

Verði ágreiningur um skilning þessa kafla, sker atvinnumálaráðuneytið úr, og er það fullnaðarúrskurður.

IV. KAFLI.

Um fóðurbirgðafélög.

54. gr.

Heimilt er sveitar- og bæjarfélögum að stofna fóðurbirgðafélög, og takmarkast félögin ætíð af hreppamörkum.

55. gr.

Verksvið fóðurbirgðafélaga er að tryggja það, að á hverju hausti sé til fóður fyrir búfé félagsmanna, sem nægi í hinum harðasta vetri, og að rannsaka, hvernig bændur eigi að fóðra búfé sitt, svo að það gefi sem mestan arð, miðað við tilkostnað.

Heimilt er fóðurbirgðafélagi að taka upp í samþykkt sína ákvæði um, að það skuli einnig tryggja hverju heimili innan félagsins nægilegt rúgmjöl og haframjöl til manneldis frá jólaföstubyrjun til fardaga.

56. gr.

Nú vilja menn koma á fóðurbirgðafélagi í hreppi eða kaupstað, og skal þá sveitarstjórn boða til almenns sveitarfundar með nægum fyrirvara og leggja fyrir hann uppkast að samþykkt fyrir félagið. Atkvæðisrétt á þeim fundi hafa allir þeir, sem búfénað hafa í fóðrum í sveitinni. Sé fundur lögmætur og nái uppkastið samþykki $^2/_3$ hluta atkvæðisbærra fundarmanna, skal stofna félagið, og er uppkastið bindandi fyrir alla sveitarbúa, enda hafi það verið tekið fram í fundarboðinu, að um þetta mál yrði rætt og gengið til atkvæða um það.

Samþykkt sveitarfundarins skal leggjast fyrir næsta hlutaðeigandi sýslufund til samþykktar.

Nú samþykkir sýslufundur samþykktaruppkast fóðurbirgðafélagsins óbreytt, og sendist það þá atvinnumálaráðuneytinu til staðfestingar. Breyti sýslufundur samþykktinni, skal bera hana með áorðnum breytingum undir atkvæði lögmæts hreppsfundar á sama hátt og í fyrra skiptið. Fallist hann á breytingar sýslufundar, sendist samþykktin atvinnumálaráðuneytinu til staðfestingar. Að öðrum kosti er hún fallin, nema gerðar séu á henni breytingar, og skal þá leggja hana fyrir sýslunefnd að nýju og aftur með fara á sama hátt og ný samþykkt væri. Virðist ráðuneytinu samþykkt, sem því hefir verið send til staðfestingar, koma í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, endursendir það hana án staðfestingar ásamt synjunarástæðum. Að öðrum kosti staðfestir ráðuneytið samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur hvenær hún öðlist gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, sem í þeim hreppi eða kaupstað búa, sem hún er gerð fyrir.

Samþykkt, sem ráðuneytið hefir staðfest, má ekki breyta á annan hátt en hún var stofnuð.

57. gr.

Nú er fellt á almennum sveitarfundi að stofna fóðurbirgðafélag, og geta þá 10 menn eða fleiri, allir innan þess hrepps, myndað fóðurbirgðafélag með sömu skyldum og réttindum og heill hreppur væri. Er hlutaðeigandi sveitarsjóði skylt að greiða tryggingarsjóði félagsins, þeirra vegna, eins og 58. gr. tölul. 1. mælir fyrir, og eins fyrir hvern hreppsbúa, er gengur síðar í félagið.

58. gr.

Hvert það fóðurbirgðafélag, sem er stofnað samkvæmt lögum þessum og fullnægir fyrirmælum þeirra og samþykktar, sem um þau er gerð samkvæmt 56. gr., nýtur árlegs styrks úr ríkissjóði sem hér segir:

1. Fyrir hvern bónda, sem býr einn á jörð, 10 kr.
2. Þegar fleiri en einn bóndi búa á sömu jörð, nemur styrkurinn 10 kr. fyrir einn bóndann (eða annan), en 5 kr. fyrir hinn bóndann, eða hvern hinna, ef fleiri eru en tveir.

59. gr.

Hvert fóðurbirgðafélag skal stofna tryggingarsjóð og er hann óskiptileg eign félagsins. Skal hann ávaxtaður í sparisjóði eða annari tryggri peningastofnun, en þó þannig, að ætíð sé hann félaginu handbær, ef það þarf að kaupa fóður.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Framlag úr hlutaðeigandi sveitarsjóði, sem nemur 30 kr. fyrir hvern félagsmann, og greiði sveitarsjóður það á eigi lengri tíma en 10 árum, með jöfnum árgreiðslum.
2. Árlegt gjald, sem búfjáreigendur greiða eftir búfjárfjölda, sem þeir hafa á fóðrum, sem sé

a. Fyrir hvern nautgrip ..... 50 aurar.
b. Fyrir hvert hross ..... 25 —
c. Fyrir hverja sauðkind ..... 5 —

3. Ef styrkur ríkissjóðs eyðist ekki allur til árlegrar starfrækslu félagsins, leggst það, sem af gengur, í tryggingarsjóðinn.

Gjöld samkvæmt 2. tölulið hafa lögtaksrétt samkvæmt lögum nr. 29, 16. des. 1885.

60. gr.

Nú kemur það í ljós að aflokinni skoðun, sbr. 55. gr., að tryggingarsjóður nægir ekki til fóðurkaupa, og er þá félaginu heimilt lán úr bjargráðasjóði til þess, er á vantar, gegn 5% ársvöxtum og endurgreiðslu innan eins árs.

Fóðurbirgðafélagi, sem jafnframt tryggir heimilin innan félagsins fyrir bjargarskorti, er auk þess heimilt, ef þörf krefur, nauðsynlegt rekstrarlán úr bjargráðasjóði, gegn 5% ársvöxtum, og sé lánið afborgunarlaust fyrstu 5 árin, en afborgist síðan á 10 árum með jöfnum árlegum afborgunum. Skylt er hreppsnefnd að ábyrgjast bráðabirgðalán og rekstrarlán fyrir hlutaðeigandi fóðurbirgðafélag.

Fé það, sem fóðurbirgðafélag fær þannig að láni, skal það ávaxta í sparisjóði eða annari tryggri peningastofnun þann tíma, sem það er ekki bundið í vörubirgðum félagsins.

61. gr.

Gjalddagi iðgjalda er 1. des. ár hvert. Reikningsár fóðurbirgðafélaga er fardagaár. Skýrsluár félagsins er frá 1. október til jafnlengdar næsta ár.

62. gr.

Fóðurbirgðafélagi stýrir þriggja manna stjórn. Tveir þeirra eru kosnir eftir sömu reglum og sveitarstjórnir, en einn þeirra tilnefnir hlutaðeigandi hreppsnefnd.

Stjórn félagsins sér um allar fjárreiður félagsins og framkvæmdir, og eru skuldbindingar hennar bindandi fyrir félagið.

Nú nær félagið aðeins til nokkurs hluta hreppsbúa, og skal það þá kjósa 2 menn í stjórn, en einn stjórnarnefndarmanninn skal hlutaðeigandi hreppsnefnd tilnefna.

63. gr.

Nú er tryggingarsjóður fóðurbirgðafélagsins orðinn svo stór, að hann nemur 150 kr. fyrir hvern félagsmann, og er þá félaginu rétt með aðalfundarsamþykkt að létta af iðgjöldum þeim, sem ræðir um í 59. gr. tölul. 2. Þó þarf samþykki atvinnumálaráðherra til þess.

64. gr.

Þau sveitar- eða bæjarfélög, sem koma á hjá sér fóðurbirgðafélagsskap samkvæmt lögum þessum, skulu undanþegin ákvæðum laga um forðagæzlu, frá 10. nóv. 1913, meðan félagsskapurinn starfar og er viðurkenndur af atvinnumálaráðherra.

65. gr.

Fyrir brot gegn samþykkt má í henni ákveða sektir, allt að 200 krónum, er renna í sjóð þess fóðurbirgðafélags, sem samþykktin er gerð fyrir.

Atvinnumálaráðuneytið getur, ef þurfa þykir, sett nánari reglur um fóðurbirgðafélög, og má ákveða sömu sektir og segir í næstu málsgrein á undan fyrir brot gegn þeim, og renni þær í sjóð þess fóðurbirgðafélags, þar sem brotið er framið.

V. KAFLI.

Um búfjártryggingarsjóð Íslands.

66. gr.

Búfjártryggingarsjóður Íslands, stofnaður með lögum nr. 28, 7. maí 1928, skal taka að sér vátryggingu á kúm, kynbótanautum, kynbótahestum, hrútum og öðru því búfé, sem lög þessi heimila, og sem skylduábyrgð hvílir á samkvæmt þessum kafla. Skal ríkissjóður hafa lagt sjóðnum til 45.000 krónur fyrir árslok 1931 og síðan 15.000 kr. á ári í 17 ár, þannig að tillag ríkissjóðs verði alls 300.000 krónur. Um vátrygginguna fer að öðru leyti eftir fyrirmælum þessa kafla og nánari ákvæðum reglugerðar, sem atvinnumálaráðherra setur, en hann hefir yfirstjórn þeirra mála, sem undir lög þessi falla, og úrskurðar ágreining, er út af þeim kann að rísa, nema um dómsmál sé að ræða.

67. gr.

Sérhvert sveitar- og bæjarfélag á Íslandi, sem hefir á lögmætum fundi skv. 73. gr. samþykkt að leita vátryggingar hjá Búfjártryggingarsjóði Íslands, á rétt á að fá vátryggingu hjá sjóðnum, að því tilskildu, að skylduábyrgð hvíli á öllum þeim gripum, sem um getur í 66. gr., allra búfjáreigenda í því sveitar- eða bæjarfélagi. Þó tekur Búfjártryggingarsjóður Íslands ekki til starfa fyrr en atvinnumálaráðherra hefir borizt slík beiðni um vátryggingu frá að minnsta kosti 10 sveitarfélögum.

68. gr.

Búfjártryggingarsjóður bætir $^{4}/_{5}$ hluta alls þess skaða, er eigendur eða afnotahafar vátryggðra gripa verða fyrir, af hverskonar vanhöldum gripanna, ef ekki er um að kenna fóðurskorti, hirðuleysi eða handvömm hlutaðeiganda, þjóna þeirra eða nánustu erfingja, að áliti virðingarmanna sjóðsins.

Til vanhalda teljast dauðsföll gripa af sjúkdómum og slysum, svo og vanheimtur og afurða og afnotamissir sakir veikinda og verðfalls sökum eðlisgalla (t. d. ófrjósemi kynbótadýra), eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

69. gr.

Aldrei má hafa í vátryggingu eldri gripi en hér segir: Hrúta 6 vetra, kynbótanaut 12 vetra, kýr 15 vetra og stóðhesta 18 vetra.

Lambhrúta má eigi taka í vátryggingu fyrr en liðnir eru 8 dagar frá bólu-

setningu. Svo getur og stjórn vátryggingarsjóðsins krafizt þess, að vátryggðir hrútar skuli bólusettir veturgamlir og eldri, en ekki er heimilt að sjóðurinn bæti skaðann, þótt hrútur farist af bólusetningu, nema stjórn sjóðsins hafi fyrirfram viðurkennt þann, er bólusetur. Vátrygging á kynbótahestum nær til slysa af geldingu, þó því aðeins, að dýralæknir, eða annar maður, er stjórn sjóðsins hefir viðurkennt, geldi.

70. gr.

Vátryggingarskylda hvílir á öllum eigendum þeirra gripa, sem taldir eru í 66. gr., þegar samþykkt hefir verið á löglegan hátt að leita vátryggingar hjá Búfjártryggingarsjóði Íslands, sbr. 73. gr.

71. gr.

Takast má vátryggingarsjóður á hendur almenna vátryggingu sauðfjár og hrossa í þeim sveitar- og bæjarfélögum, þar sem fóðurtrygging er í góðu lagi að áliti Búnaðarfélags Íslands. Leita skal þó samþykkis ráðherra um þetta í hverju einstöku tilfelli.

72. gr.

Hvergi má vátryggja annarsstaðar þann ⅓ hluta af virðingarverði vátryggðra gripa, sem ekki er vátryggður samkvæmt lögum þessum.

73. gr.

Húsráðendur í sveitum og aðrir búfjáreigendur, er atkvæðisrétt eiga í sveitarmálum, og eigendur vátryggingarskyldra gripa í bæjarfélögum og kauptúnum, sem eru hreppar út af fyrir sig, geta á lögmætum fundi samþykkt að leita vátryggingar hjá Búfjártryggingarsjóði Íslands á öllum þeim gripum allra búfjáreigenda hreppsins, sem sjóðurinn tekur að sér vátryggingu á skv. 66. gr.

Meiri hluti atkvæða allra þeirra, er um ræðir í fyrstu málsgr. þessarar gr. ræður úrslitum, og hafa þeir allir jafnan atkvæðisrétt, án tillits til gripaeignar. Þó hafa formenn kynbótafélaga sjálfstæðan atkvæðisrétt fyrir kynbótagripi félaga þeirra, sem þeir eru formenn fyrir.

Fundur er lögmætur í sveitum, þá er hreppsnefnd boðar hann öllum hlutaðeigendum með skriflegu fundarboði og eigi minna en tveggja vikna fyrirvara, en í bæjum eða kauptúnahreppum, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd boðar hann öllum eigendum vátryggingarskyldra gripa, með fundarboði í blaði, auglýsingu á fjölförnum stað í bænum eða kauptúninu, eða með umburðarbréfi, og með viku fyrirvara. Jafnan skal taka fram í fundarboðinu, um hver mál atkvæðagreiðsla skuli fram fara.

Nú er samþykkt á lögmætum fundi að leita vátryggingar hjá Búfjártryggingarsjóði Íslands, eftir því sem fyrr var sagt, og skal þá sveitar- eða bæjarstjórn tafarlaust tilkynna það atvinnumálaráðuneytinu, en það gerir svo fljótt sem verða má allar þær ráðstafanir, sem það telur nauðsynlegar eða reglugerð ákveður, til þess að vátryggingin gangi í gildi.

74. gr.

Sveitarstjórnir í hreppum, en bæjarstjórnir í bæjarfélögum ábyrgjast gagnvart Búfjártryggingarsjóði Íslands öll iðgjöld og aukaiðgjöld, sem búfjáreigendum hreppsins ber að greiða. Öll gjöld til sjóðsins innheimta þær með öðrum sveitargjöldum, og má heimta þau með lögtaki.

75. gr.

Nú hefir Búfjártryggingarsjóður Íslands tekið að sér vátryggingu fyrir sveitar- eða bæjarfélag, og skal þá sýslumaður eða lögreglustjóri nefna virðingarmenn, 2 eða fleiri, fyrir sjóðinn í samráði við hreppsnefnd eða bæjarstjórn, og einn varamann fyrir hverja tvo aðalvirðingarmenn, til þess að virða gripi til vátryggingar og skaðabóta samkvæmt lögum þessum og nánari ákvæðum reglugerðar.

Heimilt er þó stjórn sjóðsins að ákveða, fyrir eitt ár í senn, jafnaðarverð til skaðabóta á hverri tegund búfjár í hreppnum, án þess að sérstakt mat fari fram. Má það verð ekki vera hærra en það, sem telja má sannvirði á meðalgrip. Vilji vátryggjandi eigi hlíta því meðalverði, sem þannig er sett, getur hann á sinn kostnað látið virðingarmennina meta gripi sína og vátryggt þá samkvæmt því mati.

Verði ágreiningur milli virðingarmanna og vátryggjenda, sker stjórn sjóðsins úr, en áfrýja má þeim úrskurði til atvinnumálaráðherra.

76. gr.

Allar virðingargerðir rita virðingarmenn inn í sérstaka bók, er ráðherra lætur gera og leggur til, en sveitar- eða bæjarstjórn varðveitir, og sendir hún ráðherra afrit af öllum virðingargerðum og skaðabótavirðingum á þar til gerð eyðublöð, svo oft sem ráðherra ákveður og eftir þeim reglum, sem ráðherra setur.

77. gr.

Iðgjaldið hvílir á hinum vátryggðu gripum og greiðist af eigendum þeirra. Eigandi telst í þessu sambandi hver sá, er vátryggingarskylda gripi hefir undir höndum, hvort sem þeir eru eign hans eða leigugripir, eða þeir eru í hans umsjá sem formanns í félagi, er gripina á eða hefir á leigu.

78. gr.

Nú eru gripir, sem vátryggðir eru samkvæmt lögum þessum, veðsettir, og nær þá veðrétturinn einnig til vátryggingarfjárins. Fyrirgeri veðsetjandi rétti sínum til skaðabóta, hefir veðhafi eigi að síður rétt til skaðabótanna, að svo miklu leyti sem þarf til lúkningar veðskuldinni, ef annað veð eða eignir veðsetjanda hafa eigi hrokkið til.

79. gr.

Iðgjöld til vátryggingarsjóðs ákveður atvinnumálaráðuneytið með reglugerð eða auglýsingu, og skal þá leggja til grundvallar vanhaldaskýrslur þær, sem um getur í 80. gr., þegar þær eru fengnar, en að öðrum kosti þær beztu upplýsingar um vanhöld, sem ráðuneytið getur aflað sér á annan hátt. Heimilt

er ráðuneytinu jafnan að breyta iðgjöldum, þegar því þykir ástæða til, svo að þau séu í sem beztu samræmi við eðlileg eða venjuleg vanhöld, en tilkynna skal það breytinguna eigi síðar en 3 mánuðum áður en ákveða skal iðgjöld eftir henni.

80. gr.

Til leiðbeiningar um réttlátan og hæfilegan mælikvarða fyrir iðgjaldagreiðslum leggur atvinnumálaráðuneytið fyrir lögreglustjóra landsins að safna skýrslum um vanhöld á búpeningi, í því formi, sem það ákveður.

81. gr.

Atvinnumálaráðherra annast stofnun, stjórn og framkvæmdir Búfjártryggingarsjóðs Íslands og lætur ávaxta fé hans á tryggilegan hátt. Þegar honum þykir nauðsyn bera til, getur hann falið einum manni eða fleirum stjórn sjóðsins á hendur, gegn endurgjaldi af sjóðnum, er hann ákveður.

82. gr.

Nú verða vanhöld svo mikil á gripum, sem vátryggðir eru í sjóði þessum, að hann hrekkur ekki til, og skal þá ríkissjóður lána vaxtalaust það, sem á skortir, og endurborgast það eftir því sem tekjur sjóðsins vinnast til. En fari svo, að lán þetta nemi meiru en 25 þúsund krónum, skal leggja á alla eigendur gripa, sem vátryggðir eru hjá sjóðnum, aukagjöld, í réttu hlutfalli við hið fasta iðgjald þeirra ár hvert, svo sem þörf krefur, til þess að sá hluti lánsins, sem umfram er 25 þúsund krónur, greiðist ríkissjóði að fullu á eigi lengri tíma en 10 árum.

Eigi getur sveitar- eða bæjarfélag sagt upp vátryggingu sinni hjá sjóðnum meðan ógoldin eru aukaiðgjöld eða hluti þeirra.

83. gr.

Nú eru atvinnumálaráðuneytinu færðar líkur fyrir því, að of há sé vátryggingarvirðing á gripum í einu eða fleiri sveitar- eða bæjarfélögum, sem stofnuð eru samkvæmt lögum þessum, og er því þá heimilt að skipa fyrir um endurvirðing í þeim félögum. Lækki þá virðing til jafnaðar, greiðist kostnaður við endurvirðingu úr hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarsjóði, en að öðrum kosti greiðist kostnaðurinn úr Búfjártryggingarsjóði Íslands.

84. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur reglur um nánara fyrirkomulag á Búfjártryggingarsjóði Íslands. Skal þar meðal annars segja fyrir um flokkun vátryggðra gripa eftir vanhaldahættu og ákveða upphæð iðgjalda fyrir hvern flokk, og skulu þau vera ½ hluta hærri en áætluð venjuleg vanhöld. Reglugerð þessa og tilkynningar um breytingar á iðgjöldum, sbr. 79., 80. og 82. gr., skal senda öllum sveitar- og bæjarfélögum á landinu.

85. gr.

Í reglugerðinni skal gefa leiðbeiningar um, hvernig meta skal skaða af vanhöldum, og ákveða nánar, hvað telst til vanhalda, sem skylt er að bæta. Eru reglur þær og leiðbeiningar bindandi fyrir alla vátryggjendur. Síðan lætur atvinnumálaráðuneytið prenta eyðublöð fyrir vátryggingarskírteini handa öllum vátryggjendum, og séu þar á prentuð vátryggingarskilyrðin og þau ákvæði laganna, sem einkum varða hvern vátryggjanda.

Ábyrgð vátryggingarsjóðs byrjar, þá er vátryggjandi hefir í hendur fengið vátryggingarskírteini eða greiðsluskírteini fyrir iðgjaldi.

Ennfremur lætur ráðuneytið prenta önnur nauðsynleg eyðublöð fyrir Búfjártryggingarsjóð Íslands, svo og fyrir vanhaldaskýrslur lögreglustjóranna.

86. gr.

Virðingarbækur og gerðabækur lætur ráðuneytið búa til, og fá sveitar- og bæjarstjórnir þær ókeypis. Bækurnar eru eign ríkisins og skulu sendar Landsskjalasafninu, þá er þær eru fullskrifaðar fyrir nokkru og nýjar bækur komnar í stað hinna eldri, eftir því sem atvinnumálaráðuneytið nánar ákveður.

Vanskil á bókum varða sektum, allt að 100 krónum, er renna í Búfjártryggingarsjóð Íslands.

87. gr.

Vanhaldaskýrslur skal prenta á kostnað ríkissjóðs, en aðrar skýrslur, skírteini og bækur á kostnað Búfjártryggingarsjóðs Íslands.

88. gr.

Brot vátryggjanda og vanræksla á ákvæðum þessa kafla og reglum þeim og skilyrðum, sem sett eru samkvæmt honum, varða missi skaðabótaréttar eftir málavöxtum, svo sem reglugerð tiltekur nánar. Svo má og í reglugerð ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum hennar, 5—200 kr., er renna í sjóð þann, sem brotið er við.

VI. KAFLI.

Almenn ákvæði.

89. gr.

Halda skal sýslusýningar 10. hvert ár, þegar sýslunefnd óskar þess, og má þar sýna helztu tegundir búfjár, svo sem sauðfé, nautgripi, hross, geitfé og hænsn. Skal þá skipta landinu í 10 umdæmi og sýningar haldnar í þeim til skiptis.

Styrkja skal sýningar þessar að ¾ hlutum úr ríkissjóði, en að ¼ úr viðkomandi sýslusjóði, er hvorttveggja gangi til gripaverðlauna. Auk þess styrks, er sýslusjóður veitir til gripaverðlauna, ber sýslunefnd að annast um allan undirbúning sýningarsvæðisins. Búnaðarfélag Íslands setur reglur um tilhögun sýslusýninga, er atvinnumálaráðuneytið staðfestir.

90. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

91. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 24, 22. nóv. 1918; lög nr. 19, 15. júní 1926; lög nr. 29, 14. júní 1929; lög nr. 28, 7. maí 1928, og lög nr. 42, 28. nóv. 1919, um samþykktir eftirlits- og fóðurbirgðafélaga, sem og öll önnur ákvæði, er koma í bág við lög þessi.

92. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1932.

Ed. 243. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 29, 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 21. marz 1931.

Ingvar Pálmason, form.	Erlingur Friðjónsson, fundaskrifari.	Pétur Magnússon, framsögum.

Nd. 244. Tillaga

til þingsályktunar um eftirlits- og björgunarstarf með fiskibátum fyrir norðurlandi.

Flutningsm.: Sigurjón Á. Ólafsson, Héðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson.

Neðri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að láta varðskipið og björgunarskipið „Þór“ vera við eftirlits- og björgunarstarf með fiskibátum fyrir norðurlandi á svæðinu frá Skaga til Tjörness á tímabilinu frá 1. september og þar til sjósókn er almennt lokið að haustinu.

Á s t æ ð u r.

Á seinni árum hefir mótorbátaútgerð vaxið mjög ört norðanlands, sérstaklega á Siglufirði, Ólafsfirði, Hrísey og Dalvík, nokkur útgerð með mótorbátum frá Húsavík og einnig á Skagafirði.

Samkvæmt upplýsingum frá Fiskifélagi Íslands voru mótorbátar opnir og þiljaðir gerðir út síðastl. sumar frá veiðistöðvum norðanlands sem hér segir:

Siglufirði	55	bátar	með	216	manna	áhöfn
Ólafsfirði	36	—	—	111	—	—
Dalvík	13	—	—	44	—	—
Hrísey	23	—	—	86	—	—
Grýtubakkahr. ...	11	—	—	38	—	—
Húsavík	20	—	—	61	—	—
Sauðárkróki	13	—	—	40	—	—
Hofsósi	11	—	—	34	—	—

Samtals 182 bátar með 630 manna áhöfn.

Mestur hluti báta þessara mun stunda sjósókn fram eftir septembermánuði og flestir stærri bátanna halda áfram veiðum fram eftir hausti, ef afli og veðrátta leyfir. Sérstaklega munu Siglfirðingar halda lengst úti bátum sínum, enda er krafan um gæzluskip til öryggis lífi manna frá þeim komin fyrst og fremst.

Allar ástæður mæla með því, að kröfu þeirra sé sinnt í þessu efni. Um þennan tíma árs er allra veðra von. Blindhríðar af norðri geta skollið á í skyndi, en þá er erfitt um landtökuna, þó að inn á firði sé að sækja. Vélar bila oft og einatt og bátarnir eru illa fallnir til þess að bjarga sér á seglum. Sjósókn er á stundum alllöng og því langt til lands, ef eitthvað út af ber. Ýmsar hættur aðrar en þessar geta verið fyrir hendi, og allar styðja þær að því, að hafizt verði handa og úr hættunum dregið með því, að skip sé á varðbergi til hjálpar, ef einhver slys ber að höndum. Varðskipið „Þór" er sérstaklega keypt og starfrækt með þetta fyrir augum hvað Vestmannaeyjum við kemur á vetrarvertíð. En á þeim tíma árs, sem hér að framan getur, er hans ekki þörf þar, og er hann því tilvalið skip til þess að vera á verði fyrir norðurlandi.

Nd. 245. Frumvarp

til laga um stjórn vitamála og um vitabyggingar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

I. KAFLI.

Um stjórn vitamála.

1. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherra hefir með höndum yfirstjórn allra vitamála í landinu.

2. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar vitamálastjóra, er stjórni framkvæmdum allra vitamála landsins og sé ráðherra til aðstoðar um allt, er lýtur að vita- og hafnarmálum.

3. gr.

Vitamálastjóri hefir með höndum undirbúning að og yfirstjórn við byggingu nýrra vita og gerð nýrra sjómerkja, umsjón með allri starfrækslu vita ríkisins og sjómerkja, svo og umsjón og eftirlit með öllum vitum og sjómerkjum, sem hafnarstjórnir, sveitarstjórnir eða einstakir menn byggja eða setja upp, sbr. lög nr. 23, 11. júlí 1911, lög nr. 43, 14. júní 1929, og lög nr. 16, 14. júní 1929.

Ennfremur má fela vitamálastjóra undirbúning, framkvæmd og eftirlit með hafnarmannvirkjum, bryggjugerðum og lendingarbótum, sem gerðar eru að öllu eða nokkru leyti fyrir fé ríkissjóðs eða með styrk af því.

Nánari ákvæði um starf vitamálastjóra setur ráðherra í erindisbréfi, er hann setur honum.

4. gr.

Laun vitamálastjóra ákveðast samkv. launalögum, auk dýrtíðaruppbótar eftir sömu reglum sem annara starfsmanna ríkisins.

5. gr.

Ráðherra skipar vitaverkfræðing til aðstoðar vitamálastjóra, svo og aðra verkfræðinga og aðstoðarmenn, er þurfa þykir.

Laun vitaverkfræðings ákveðast samkv. launalögum, auk dýrtíðaruppbótar eftir sömu reglum sem annara starfsmanna ríkisins. Laun annara aðstoðarmanna vitamálastjóra ákveður ráðherra í samráði við vitamálastjóra.

6. gr.

Ráðherra skipar vitaverði, að fengnum tillögum vitamálastjóra, með þeim kjörum, sem ákveðin eru í launalögum eða í fjárlögum.

7. gr.

Vitamálastjóri skal árlega gera tillögur og áætlun um fjárveitingar úr ríkissjóði til vitamála næstkomandi ár. Áætlun þessi og tillögur skulu gerðar í samráði við forstöðumann stýrimannaskólans í Reykjavík og forseta Fiskifélags Íslands, svo snemma, að stjórnin geti haft hana til hliðsjónar, er frv. til fjárlaga er samið.

II. KAFLI.

Um kostnað við vitamál.

8. gr.

Verja skal árlega álika upphæð til vitamála og vitagjaldi nemur, meðan stendur á byggingu vita þeirra, er um ræðir í 9. gr.; ennfremur ef þurfa þykir til sjómerkja, sbr. 11. gr.

III. KAFLI.

Um byggingu vita og sjómerkja.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að láta byggja vita þá, sem taldir eru hér á eftir, eftir því sem fé er fyrir hendi og atvik leyfa:

Á Þjófakletti í Borgarfirði		ljósvita
– Borgareyjum		——
– Rauðanesi		——
– Hjörsey á Mýrum		——
– Búðahrauni		——
– Stórfiskaskeri við Hagabót		——
– Bjargtöngum	stækkun	——
– ——		miðunarvita
– Vatneyri í Patreksfirði		ljósvita
– Álftamýri í Arnarfirði		——
– Þingeyri í Dýrafirði		——
– Fjallaskaga í Dýrafirði		——
– Flateyri á Önundarfirði		——
– Gelti í Önundarfirði		miðunarvita
– — - —		hljóðvita
– Óshólum í Bolungavík		ljósvita
– Æðey		——
– Sléttaeyri á Jökulfjörðum		——
– Aðalvík		——
– Hornbjargi		miðunarvita
– —		hljóðvita
– Krossnesi		ljósvita
– Kaldrananesi		——
– Kjörseyri í Hrútafirði		——
– Ánastaðabökkum		——
– Skagaströnd		——
– Kálfshamarsnesi	stækkun	——
– Skagatá	—	——
– Reykjadisk við Skagafjörð		——
– Hegranesi		——
– Straumnesi		——
– Sauðanesi við Siglufjörð		——
– — — —		hljóðvita
– Siglunesi		miðunarvita
– Grímsey		ljósvita
– Húsavíkurhöfða		——
– Snartarstöðum		——

Á Hjálmarnesi við Þistilfjörð		ljósvita
– Svínalækjartanga		——
– Langanesi	stækkun	ljósvita
– —		miðunarvita
– —		hljóðvita
– Digranesi		ljósvita
– Kolbeinstanga í Vopnafirði		——
– Glettinganesi		hljóðvita
– Hellisnesi í Norðfirði		ljósvita
– Grímutanga í Reyðarfirði		——
– Selnesi		——
– Seley		——
– —		miðunarvita
– —		hljóðvita
– Hvalsnesi		ljósvita
– Stokknesi		miðunarvita
– Hestgerði		ljósvita
– Ingólfshöfða	stækkun	——
– Stórhöfða	—	——
– Faxaskeri		——
– Hafnarnesi við Þorlákshöfn		——
– Reykjanesi		miðunarvita
– —		hljóðvita
– Gróttu		miðunarvita
– —		hljóðvita

10. gr.

Vitar þeir, sem taldir eru í 9. gr., skulu byggðir í þeirri röð, sem ráðherra ákveður eftir tillögum vitamálastjóra eða Alþingis.

Eftir tillögum vitamálastjóra (sbr. 7. gr.) er ráðherra heimilt að breyta legu vita þessara, ef það þykir hentugt eftir frekari rannsóknir á þeim svæðum, sem vitunum er ætlað að ná til.

11. gr.

Eftir tillögum vitamálastjóra (sbr. 7. gr.) getur ráðherra, eftir því sem vitafé er fyrir hendi, látið setja upp ný sjómerki og leggja út ný dufl, svo og bæta eldri vita og önnur mannvirki, sem ætluð eru sjófarendum til öryggis.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1932.

Greinargerð.

Frv. þetta er að uppistöðu allri sniðið eftir frv. vitamálanefndar þeirrar, er skipuð var næstl. sumar samkvæmt ósk sjávarútvegsnefndar Nd. á síðasta þingi.

Sjávarútvegsnefnd hefir þó fellt úr því frv. ýms ákvæði, svo sem um launakjör vitamálastjóra og aðstoðarmanna hans, sem og tillögur um stofnun vitamálaráðs. Ætlast nefndin til þess, að vitamálastjóri geti jafnan notið liðsemdar siglingafróðra og staðkunnugra manna við starf sitt og tekið sér til ráðuneytis forseta Fiskifélags Íslands og forstöðumann stýrimannaskólans.

Um ýms minni háttar atriði er einn nefndarmanna (SÁÓ) ósamþykkur nefndinni, en öll er hún sammála um að bera frv. fram svo sem það nú er orðið, en álit vitamálanefndar telur hún rétt að birta, svo sem það fer hér á eftir.

Fylgiskjal.

Á Alþingi 1930 bar sjávarútvegsnefnd neðri deildar fram svo hljóðandi tillögu til þingsályktunar um miðunarvita:

„Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsókn fram fara um hentuga staði og stærð miðunarvita á ströndum landsins, og undirbúa framhaldandi byggingu þeirra ásamt vantandi ljósvitum, svo sem fært þykir og vitagjald hrekkur til, meðan á byggingu stendur".

Þessi tillaga kom til umræðu á 85. þingfundi, en vegna þess hve áliðið var orðið, og með tilliti til yfirlýsingar forsætis- og atvinnumálaráðherrans um, að það, sem óskað væri eftir í tillögunni um miðunarvita, myndi verða gert eigi að síður, þótt hún kæmi ekki til umræðu eða atkvæða í þinginu, tók sjávarútvegsnefndin tillöguna aftur. (Sbr. þingt. 1930, D. bls. 255).

Með bréfi dags. 8. júlí 1930 og að undangengnum bréfaskriftum við vitamálastjóra, skipaði atvinnu- og samgöngumálaráðherra þá

Pálma Loftsson útgerðarstjóra ríkisins,

Halldór Kr. Þorsteinsson skipstjóra, stjórnarmann í Eimskipafélagi Íslands,

Þorstein Þorsteinsson skipstjóra, formann skipstjórafélagsins „Aldan",

Guðmund Jónsson skipstjóra, formann skipstjórafélagsins „Ægir" og

Kristján Bergsson forseta Fiskifélags Íslands

til þess með vitamálastjóra Th. Krabbe sem formanni að starfa í nefnd til undirbúnings byggingu radiovita og til að athuga vitamálin í heild sinni. Jafnframt var nefndinni heimilað að fá sér til sérfræðilegrar aðstoðar eftir þörfum verkfræðingana Gunnlaug Briem og Benedikt Jónasson. Ýmsra ástæðna vegna gat nefndin ekki tekið til starfa fyrr en í septembermánuði, og voru haldnir 7 fundir frá 13. til 22. september, en þá fór formaður nefndarinnar til

útlanda í vitamálaerindum, og féllu því fundir niður um tíma. En á meðan vann Benedikt Jónasson verkfræðingur að því meðal annars að gera kostnaðaráætlanir um vita þá, er nefndin hafði komið sér saman um, að bráðnauðsynlegt væri að koma upp vegna siglinga að landinu og meðfram ströndum þess, og jafnframt athuguðu nefndarmenn, hvernig bezt myndi að tryggja stjórn og rekstur vitamálanna í framtíðinni. Eftir heimkomu formanns hélt nefndin áfram starfi sínu með fundarhöldum, er byrjuðu 23. des. og héldu áfram fram undir þing. Var á þeim rætt frekar um hin fyrirliggjandi málefni, og lauk nefndin störfum á 11. fundi sínum, er haldinn var 12. febrúar, og var þá samþykkt skýrsla sú og tillögur, er hér fara á eftir.

Einn nefndarmaðurinn, Guðmundur Jónsson, var fjarverandi á lokafundinum, og hefir þess vegna ekki undirritað samþykktina.

Reykjavík, 13. febrúar 1931.

Th. Krabbe. Pálmi Loftsson. Halldór Kr. Þorsteinsson.
Þorsteinn Þorsteinsson. Kristján Bergsson.

Vitabyggingar 1878—1930.

Vitabyggingar hófust hér á landi með Reykjanesvitanum 1878, ljóstækin í honum, sem voru af nú alveg úreltri gerð, voru látin duga þangað til árið 1897, er í hann voru sett ný tæki, og samtímis voru þá reistir vitar á Gróttu, Garðskaga, í Reykjavík og Hafnarfirði.

Lítið var gert í vitamálunum á næstu árum þar á eftir, en þó var dálítil hreyfing komin á málin á vestur- og suðvesturlandinu, en frá 1910 var farið að vinna að vitabyggingum með töluverðum krafti. Úr því var, að heita má, árlega unnið að nýjum vitabyggingum, þannig að um síðustu áramót voru vitarnir á landinu orðnir 102, og voru af þeim rúmur helmingur landsvitar. Flestir þessara vita standa á útnesjum, en tiltölulega fáir inni á fjörðum eða flóum, og er þar aðallega ábótavant sem stendur. Auk þess hefir lítið verið gert að hljóðvitum (1), radiovitum (1) og ljós- og hljóðduflum (1).

Fjárhagsleg og þjóðfélagsleg þýðing vitanna.

Um þetta þarf ekki að fjölyrða. Flestum er það ljóst, en þó mun ekki úr vegi að drepa á nokkur atriði í því sambandi. Öllum er það ljóst, að vitarnir tryggja siglingar verulega og að þeir hafa í mörgum tilfellum orðið til þess að bjarga bæði skipum og mannslífum. Þeir hafa gert það mögulegt fyrir skipin að vera í siglingum að landinu og meðfram ströndum þess allt árið, þannig að halda má áfram dag og nótt, en fyrir 20—25 árum var talið allt að því frágangssök að fara norður fyrir land að vetrarlagi, og mjög var algengt á þeim tímum, að strandferðaskipin lágu kyrr meðan náttmyrkur var. Það

liggur í augum uppi, hversu mikinn kostnað þetta hefir haft í för með sér bæði beint og óbeint, t. d. á skipi og skipshöfn, óþægindi og kostnaður fyrir farþega o. m. fl.

Til peninga er ekki hægt að reikna allt þetta nákvæmlega, en siglingar, sérstaklega til norðurlandsins, hafa gerbreytzt síðan vitar komu þar, og þar af leiðandi varð breyting á öllu viðskipta- og verzlunarlífinu.

Á einu sviði mun þó ef til vill vera hægt að gera sér nokkra grein fyrir fjárhagslegri þýðingu vitanna fyrir siglingarnar, sem sé það, hvernig hefir farið um iðgjaldið fyrir sjóvátryggingunum síðan vitakerfið fór að myndast. Eftir upplýsingum, sem nefndin hefir fengið frá Sjóvátryggingarfélagi Íslands, hafa iðgjöld fyrir vöruflutninga lækkað á síðustu 10 árum um ½%, og þar sem inn- og útflutningur nemur árlega um 140 millj. kr., samsvarar lækkunin um 700.000 kr. Á sama tíma hafa iðgjöld fyrir flutninga- og fiskiveiðagufuskip lækkað um 50%, og mun það samsvara árlegri lækkun:

Fyrir íslenzka vöru- og fólksflutninga	kr.	200.000.00
— — — togara	—	200.000.00
— — — línuveiðara	—	50.000.00
Alls	kr.	450.000.00

Eftir því hafa iðgjöld þessi lækkað árlega um 1.150.000 kr., og það mun enginn vafi á því, að þessi sparnaður sé að miklu, ef ekki mestu leyti vitunum að þakka, en auðvitað kemur sparnaðurinn öllum þjóðarbúskapnum að góðu.

Það virðist því auðséð, að um miklar upphæðir er að ræða, þegar gert er upp, hvaða þýðingu fullkomið vitakerfi hefir fyrir landið í heild sinni, beint og óbeint.

Fjárhagur vitanna.

Um leið og stofnað var til Reykjanesvitans 1878, var ákveðið vitagjald á þeim skipum, sem not höfðu af honum.

Í upphafi var ætlazt til þess, að landið kostaði byggingu vitanna, en vitagjaldinu var ætlað að standa straum af rekstri og viðhaldi þeirra. Er það kom í ljós, að tekjurnar af vitagjöldunum samkvæmt lögum frá 1878 voru óþarflega háar til þess sem ætlazt var, var vitagjaldið lækkað með nýjum lögum 10. okt. 1879.

Síðar var almennt vitagjald lagt á, þegar vitar voru komnir á Dalatanga og Siglunes 1908. Gjaldið hefir smátt og smátt verið hækkað, 1911, 1913, 1917, 1919 og 1924, en hefir síðan verið óbreytt kr. 1,25 af hverri smálest við hverja komu skips frá útlöndum. Útkoman af þessu hefir orðið sú, að vitagjaldið hefir þegar frá upphafi farið langt fram úr rekstrar- og viðhaldskostnaði, enda hefir þeim mælikvarða fyrir löngu verið breytt, og þótt gott meðan vitagjaldið hefir allt gengið til vitanna, en svo hefir ekki alltaf verið.

Fram að árinu 1907 var vitagjaldið talsvert hærra en kostnaðurinn, árið 1906 var mismunur rúmar 40.000 kr., eða 18% af gjaldinu. Úr því var

farið að byggja, og kostnaður fór á næstu árum fram yfir vitagjaldið, sérstaklega bar á því á stríðsárunum, þegar vitagjaldið minnkaði um ⅔, en kostnaðurinn hækkaði afar mikið. Fór þá mismunurinn ört vaxandi, og var kostnaðurinn árið 1923 orðinn 800.000 kr. meiri en vitagjaldið, eða 53% af öllu gjaldinu, en á næstu 6 árum notaði ríkissjóður aftur svo mikinn hluta af vitagjaldinu, að mismunurinn var orðinn í árslok 1929 aðeins 46.000 kr., eða 1½%, og það mun ríkissjóður hafa fengið á árinu 1930, svo að nú sem stendur mun vitagjaldið og kostnaður allur við vitana standast á.

Þar sem vitagjaldið er skattur, sem lagður er á skipin í sérstökum ákveðnum tilgangi, virðist ekki nema réttmæt krafa, að gjaldið verði að öllu leyti látið ganga til vitamálanna, enda bendir orðalag þingsályktunartillögunnar (þingskj. 455) ótvírætt til þess, að það sé ætlun þingsins, og þar sem nú vill svo til, að tekjur og gjöld standast á, svo að reikningurinn er sem næst sléttur, virðist mjög vel til fallið að slá nú föstu, að héðan af skuli á hverju ári nota allt vitagjaldið í þarfir vitanna, en ef nokkur afgangur skyldi verða eitt árið, skyldi hann notaður á næsta ári.

Hvað er eftir að gera á vitasviðinu?

Enda þótt vitakerfinu hafi miðað nokkuð á leið á undanförnum 20 árum, mun öllum ljóst, að mjög sé því ábótavant ennþá. Fram að þessu hefir aðallega verið unnið að því að koma upp ljósvitum á útnesjum, en lítið verið gert að því að lýsa upp flóa og firði, eða setja upp hljóð- og miðunarvita, nema að mjög litlu leyti, enda má heita, að radiovitar séu enn á byrjunarstigi.

Nefndin hefir nú tekið alla strandlengjuna fyrir og athugað, hvar nauðsynlegt sé að setja upp vita, af hverri tegund fyrir sig, og hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að það, sem um sé að ræða, sé þetta: Til þess að gera vitakerfið fullnægjandi muni þurfa í viðbót 38 nýja ljósvita og stækkun á 6 eldri vitum, 8 nýja hljóðvita og 9 nýja radiovita. Þó má búast við, að eitthvað þurfi meira af smáum radiovitum, þegar frá líður, sérstaklega inni á flóum.

Vitar þeir, sem um er að ræða, eru taldir upp í 9. gr. meðfylgjandi frumvarps til laga um stjórn vitamála og um vitabyggingar.

Eftir áætlun, sem gerð hefir verið, má ætla, að þessir vitar muni kosta með núverandi verðlagi um kr. 2.265.000.00, og gera má ráð fyrir, að með þeim tekjum, sem vitagjaldið gefur nú (460.000 kr. 1929), muni það nægja til að greiða allan rekstrarkostnað og viðhaldskostnað alls vitakerfisins eins og gert er ráð fyrir að það verði. Ef því á næstu árum allt vitagjaldið verður notað til rekstrar, viðhalds, nýbygginga o. s. frv., ætti að vera hægt að koma vitakerfinu í þetta fyrirhugaða horf á næstu 12—15 árum, og halda því við eingöngu fyrir vitagjöldin, án þess það verði nokkur byrði á ríkissjóðnum. Þó er ekki gert ráð fyrir, að tekjur af vitagjaldi hækki eins hér eftir og hingað til, sem þó ætti að verða. Síðan vitagjaldið var hækkað síðast, 1924, hafa tekjur af því aukizt nokkuð jafnt árlega, úr 321.000 kr. upp í 468.000 kr. 1929.

Með vaxandi mannfjölda og aukinni viðskiptaveltu má ætla, að þær vaxi eins og áður.

Hvað radiovitana snertir vill nefndin sérstaklega taka fram, að hún telur sjálfsagt að halda áfram uppsetningu þeirra eftir því sem ástæður leyfa. En þar sem full reynsla mun tæplega vera fengin um notkun þeirra, vill nefndin ekki að svo stöddu taka ákvörðun um fleiri en þá nýju, sem þegar eru teknir upp á skrána, í viðbót við Dyrhólavitann.

Flestir munu sammála um það, að á þessu sviði sé rétt að halda áfram á sömu braut og byrjað var á með Dyrhólavitanum, og treysta á, að sem flest skip, stærri og smærri, fái áður en langt um líður miðunartæki, enda eru tæki þessi alltaf að fullkomnast og verða ódýrari.

Stjórn og framkvæmdir vitamálanna.

Þegar kveikt var á Reykjanesvitanum 1878, var ekki ráðgert að hafa neinn sérstakan umsjónarmann með vitanum, heldur var þáverandi landritara falið að hafa eftirlit með rekstrinum, en það má nærri geta, hve lítil mynd hefir getað orðið á þessu, þar sem hann var alveg ókunnugur allri vitagæzlu. Voru ljóstækin líka orðin svo léleg þegar vitafræðingur skoðaði þau 1896, að ekki var önnur leið en að kaupa ný. Jafnskjótt og þau voru sett upp 1897 og vitar komnir á Garðskaga, Gróttu og í Hafnarfirði, var óhjákvæmilegt að skipa umsjónarmann með landsvitunum við Faxaflóa, og var til þess valinn skólastjóri stýrimannaskólans. Gegndi hann starfinu til ársloka 1909, en þá voru komnir vitar á Arnarnesi, í Elliðaey, á Stórhöfða, Dalatanga og Siglunesi, sem voru undir umsjón sýslumannanna. Var þá óhjákvæmilegt að skipa sérstakan umsjónarmann með öllum landsvitunum, og var til þess valinn landsverkfræðingur sá, er fram að því hafði haft með höndum byggingar nýrra vita. En frá 1. janúar 1918 var hann nefndur vitamálastjóri, enda voru vitamálin þá fyrir löngu orðin aðalstarf hans.

Við allar framkvæmdir vitamálanna eru 2 hliðar, sem verður að taka til greina; önnur er sjómannshliðin: hvar mest sé þörf á vita, hve sterkur þurfi hann að vera og hvernig ljós hans eigi að vera til þess að greinast vel frá öðrum vitum o. s. frv.

Hin hliðin er verkfræðileg: hvernig er á haganlegastan hátt hægt að fullnægja kröfum sjómanna.

Nú má hér ekki búast við, að sá maður finnist, sem er hvorttveggja í senn, bæði verkfræðingur og sjómaður, en þar sem framkvæmdir allar og eftirlit með rekstri er hið langyfirgripsmesta í þessu máli, virðist eðlilegast, að vitamálastjórinn sé verkfræðingur, eins og verið hefir fram að þessu. En til þess að málin verði sem bezt af hendi leyst, er auðvitað skilyrði að hann vinni í samráði við sjómenn, þá, sem eiga að nota vitana, enda mun hann hafa gert það eftir föngum, enda þótt engir ákveðnir sjómenn eða sjómannafélög hafi verið skipaðir honum til meðráða. Þótt sjómenn muni yfirleitt vera ánægðir

með þær framkvæmdir, sem gerðar hafa verið fram að þessu, virðist ástæða til að tryggja sem allra bezt framkvæmdir vitamálanna í framtíðinni, svo þær verði sem mest að óskum og þörfum sjómanna á öllum sviðum, fyrir fiskiveiðar, flutninga, björgunar- og strandgæzlu, ekki sízt nú, þar sem til stendur að framkvæma mannvirki á þessu sviði fyrir 2¼ milljón kr., er áríðandi, að allt verði sem bezt undirbúið.

Því hefir sú hugmynd komið fram, að skipa tvo siglingafróða menn sem ráðunauta í þessum málum og að þeir með vitamálastjóra myndi vitamálaráð, sem gerir tillögur til ráðuneytisins og þingsins um allar framkvæmdir.

Jafnframt telur nefndin það rétt, að vitamálastjóraembættið verði lögfest og gert hliðstætt hinum samsvarandi embættum, eins og póstmála- og landssímastjóra.

Tillögur.

Með tilliti til þess, er hér að framan hefir verið tekið fram, vill nefndin leggja til, að um vitamálin verði sett sérstök lög, sem ákveða 1) hvernig framkvæmdarstjórn vitamálanna skuli vera, 2) að allt vitagjaldið skuli framvegis nota í þarfir vitanna, 3) að hraða skuli eins og frekast er unnt að byggja þá vita, sem taldir eru nauðsynlegir, í samræmi við þá hugmynd, er felst í þingsályktunartillögu þeirri, sem liggur til grundvallar fyrir störfum þessarar nefndar.

Nd. 246. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 11, 10. nóv. 1913, um forðagæzlu.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Í stað tveggja fyrstu málsgreina 3. gr. laganna komi:

Forðagæzlumenn skulu koma að minnsta kosti tvisvar til eftirlits á hvert heimili, sem þeim hefir verið falið til umsjár, til þess að athuga fóðurbirgðir og fénað búenda og gera þær ráðstafanir, sem þeir telja nauðsynlegar.

Fyrri skoðun skal lokið 15. okt. og þeirri síðari fyrir 15. apríl.

2. gr.

Í stað fyrstu málsgreinar 6. gr. laganna komi:

Það er skylda forðagæzlumanna að gefa hverjum búanda þær leiðbeiningar, sem þeir telja nauðsynlegar um fóðurásetning og skepnuhirðingu. Þeir

skulu gefa búanda hæfilegan ákveðinn frest til framkvæmda, ef um öflun fóðurs, förgun fénaðar eða annað þesshátttar er að ræða.

Að liðnum þeim fresti, sem tiltekinn var, skal forðagæzlumaður kynna sér nákvæmlega, hvort þeim ráðum, sem hann gaf, hafi verið fylgt. Hafi það ekki verið gert, þá ber honum að tilkynna hreppsnefnd það þá þegar. Skal hún þá svo fljótt sem unnt er senda 2 áreiðanlega menn með forðagæzlumanni til þess að athuga á ný allt, sem að málinu lýtur.

Að því búnu ber forðagæzlumanni og skoðunarmönnum að gefa hreppsnefnd skýrslu um ástandið, og láta tillögur fylgja um, hvað gera skuli til þess að koma í veg fyrir fóðurskort.

3. gr.

Fyrir „2 kr.“ í 7. gr. laganna komi: 6 kr.

4. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Ef ásetning fjáreiganda, að dómi forðagæzlumanns og hreppsnefndar, er þannig, að miklar líkur séu til, að honum endist eigi fóður, ef gengið er út frá vetri í gjaffrekara lagi, skal hreppsnefnd gera ráðstafanir til þess, að úr því sé bætt, annaðhvort með öflun fóðurs, fækkun fénaðar eða með því að koma fénaði hans í fóður annarsstaðar.

Sé fénaði komið í fóður annarsstaðar, hefir sá, er fóður tók, haldsrétt í fénaðinum, unz fóðrun er greidd.

Sýni hlutaðeigandi fjáreigandi mótþróa gegn fyrirmælum hreppsnefndar um fækkun fénaðar, getur hún látið framkvæma þau með aðstoð fógeta.

5. gr.

Fyrri málsgr. 11. greinar laganna falli burt.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, þá hefir fóðurskortur búfénaðar og afleiðingar hans gert landbúnaðinum meiri búsifjar en allt annað, sem orðið hefir í vegi hans frá því fyrsta, að byggð hófst í landinu.

Því er miður, að ennþá er þessi sama hætta yfirvofandi, þrátt fyrir margítrekaðar tilraunir til þess að vinna bug á þessu mikla böli landbúnaðarins.

Lögin um forðagæzlu frá 1913, sem enn eru í gildi, virðast ekki hafa komið að tilætluðum notum, frekar en margt annað, sem áður hafði verið gert í þessu skyni.

Helztu breytingar, sem frv. gerir á lögunum, eru:

Fyrri skoðun fari fram svo timanlega, sem frv. ber með sér, í þeim tilgangi, að hægara verði að ráða bót á vandræðum, sem fyrirsjáanleg eru, auðveldara að selja fénað o. s. frv.

Önnur aðalbreytingin er um skyldur þeirra, sem útlit er á, að komist í fóðurþröng.

Þriðja breytingin er um auknar skyldur forðagæzlumanna og hreppsnefndar, og um leið er aukið vald þessara aðilja.

Nánar í framsögu.

Nd. 247. Breytingartillögur

við frv. til laga um lax- og silungsveiði, þskj. 56.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson.

1. Við 1. gr. Þessar orðaskýringar bætist inn í greinina, eftir stafrófsröð:
   Félagsveiði: Félagsskap eigenda eða notenda veiðiréttar um sameiginlega hagnýtingu veiðihlunninda.
   Straumlína (strengur): Línu, sem liggur eftir endilöngu straumvatni um þá staði þess, þar sem straumur er mestur.
   Vatn: Ósalt vatn, straumvatn eða stöðuvatn.
2. Við 2. gr.
   a. Fyrsta og 2. málsgrein verði sem hér segir:
      1. Landeiganda er einum heimil veiði í vötnum á landi sínu.
      2. Nú hefir maður fengið veiðiskirteini, slíkt er ræðir um í 20. gr., og er honum þá veiði heimil hvar sem er til klaks eða vísindalegra rannsókna. Veiðieigandi á þó rétt á að hagnýta sér fisk, sem veiddur er með slíkri heimild og drepinn á veiðistað, nema nota verði hann til vísindalegra rannsókna. Að öðru leyti ber veiðieiganda ekki endurgjald fyrir veiði þessa.
   b. Við 3. málsgr.: Í stað orðanna: „sbr. þó 2. málsgr. 54. gr.“ komi: sbr. þó 2. málsgr. 55. gr.
   c. Við 4. málsgr.: Í stað: „3. málsgr.“ komi: 4. málsgr.
   d. Málsgreinatalan breytist svo: 2.—4. málsgr. verði 3.—5. málsgr.
3. Við 3. gr.
   a. Við 1. málsgr.: Í stað orðanna: „og meiri hluti þeirra krefst innlausnar“ komi: enda krefjist meiri hluti þeirra innlausnar.
   b. Við 3. málsgr. Í stað 67. og 68. gr. komi 83. og 84. gr.
4. Við 10. gr. 2. málsgr. Inn í málsgreinina bætist nýr liður b., er orðist svo: Hvaða jörðum fylgi veiðiréttur í vatninu og frá hvaða jörðum hafi verið stunduð veiði.

Liðatalan breytist skv. því.

5. Við 11. gr. 3. málsgr. Fyrir „ráðherra“ komi: veiðimálastjóri.
6. Við 12. gr. 3. málsgr. Sama breyting (á tveim stöðum).
7. Við 15. gr.
   a. Við 2. málsgr. Fyrir síðasta orðið „ósnum“, komi: slíkum ósum.
   b. Við 3. málsgr. Fyrir orðin „í 2. málsgr.“ komi: 1. og 2. málsgr.
   c. Við málsgreinina bætist: Undanþágu frá banni 1. málsgreinar má þó því aðeins veita, að laxför sé ekki um ósinn né leiruna.
8. Við 16. gr.
   a. Á eftir 1. málsgr. kemur ný málsgrein, sem verður 2. málsgr., svo látandi: Á tímabili því, er getur í 1. málsgr., má þó hvergi stunda laxveiði, aðra en stangaveiði, nema 3 mánuði. Ráðherra setur, eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar, ákvæði um það, hvenær veiðitími þessi skuli standa í hverju fiskihverfi. Skylt er að leita álits hlutaðeigandi fiskræktarfélaga eða sýslunefnda um þetta efni.
   b. Við 3. málsgr. Fyrir „31. maí“ komi: þess er laxveiði byrjar.
   c. Við 4. málsgr. Sama breyting.
   d. 2.—5. málsgr. verði: 3.—6. málsgr.
9. Við 18. gr.
   a. Við 2. málsgr.: Eftir orðin: „og heimilt“ komi: eftir tillögum veiðimálastjóra.
   b. Við 3. málsgr. Eftir orðin: „getur ennfremur“ komi: eftir tillögum veiðimálastjóra.
   c. Aftan við 3. málsgrein bætist: Á sama hátt getur ráðherra friðað heilar ár fyrir allri veiði, annari en stangaveiði, enda séu árnar svo litlar, að ekki virðist unnt að vernda fiskistofn þeirra á annan hátt fyrir gereyðingu. Í slíkum ám skal þó veiðifélagi vera heimilt að stunda veiði með föstum veiðivélum, en þó því aðeins, að veiðimálastjóri samþykki. —
10. Við 19. gr. 1. málsgr.: Málsgreinin orðist svo: Eigi má veiða lax, er minni sé en 35 cm. að lengd og eigi göngusilung, sem sé minni en 25 cm. að lengd.
11. Við 20. gr. 2. málsgr.: Aftan við málsgr. bætist: og má binda leyfið því skilyrði, að sleppt sé hæfilegri tölu seiða í vatn það, er veitt var í.
12. Við 21. gr. 1. málsgr.: Fyrir: „1. júlí“ komi: 1. júní.
13. Við 22. gr.
   a. 2. málsgr.: Fyrir orðið „skal“ komi: má.
   b. 3. málsgr.: Málsgreinin orðist svo: Veiðimálastjóri setur reglur um það, hvernig friðun skuli stytt eftir 2. málsgr. í hverju fiskihverfi, og skal haga styttingunni svo, að jafnan falli burtu sá hluti friðunartímans, þegar hrygning er minnst. Ef hrygning er mismunandi á ýmsum hlutum fiskihverfisins, má stytta svo, að friðunartími verði mismunandi, þótt í sama vatni sé. Reglur um styttingu skulu háðar samþykki veiðimálanefndar.
14. Við 23. gr.
   a. Orðin „aðra en dorgar- eða stangarveiði“ í 1. mgr. falli burt.

b. Á eftir orðunum „Þar sem hitasilungur“ í sömu mgr. komi: eða ungviði.
c. Fyrir orðin „í 21. gr.“ í sömu mgr. komi: í 22. gr.
d. Aftan við greinina bætist 2 nýjar málsgr., er orðist svo:

3. Ráðherra getur og, eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar, leyft lagnetaveiði á friðunartíma þeim, er ræðir um í 22. gr., í þeim fiskihverfum, þar sem fiskrækt er stunduð. Leyfi þetta skal binda þeim skilyrðum, er nauðsynleg þykja til tryggingar því, að hrygnandi fiskur verði veiddur á þennan hátt, svo sem með fjarlægð lagna frá hrygningarsvæðum.

4. Ákvæði greinar þessarar um friðun og undanþágu frá friðun má binda við tiltekið tímabil.

15. Við 25. gr.
a. 2. málsgr.: Fyrir orðin „að tekin séu upp“ komi: að reynd séu eða upp tekin.
b. 3. málsgr.: Fyrir orðin „nema ráðherra leyfi eftir tillögum veiðimálastjóra“ komi: nema veiðimálastjóri leyfi.

16 Við 26. gr. 2. málsgr.: Aftan við málsgreinina bætist: og skal gerð þeirra vera miðuð við þau not ein.

17. Við 27. gr.
a. 1. málsgr.: Fyrir „sex spelar“ komi: tíu spelar.
b. 3. málsgr.: Á eftir orðunum „aðalstraumlínu árinnar“ komi: sbr. þó 68. gr.
c. 3. málsgr. Fyrir „Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra,“ komi: veiðimálastjóri getur.

18. Við 28. gr.
a. 3. málsgr. Aftan við málsgr. bætist: sbr. þó 68. gr.
b. 4. málsgr. Fyrir „ráðherra“ komi: veiðimálastjóri.

19. Við 30. gr.
a. 1. málsgr. Fyrir orðin „ráðherra getur auk þess, eftir tillögum veiðimálastjóra,“ komi: veiðimálastjóri getur auk þess.
b. 2. málsgr. Aftan við málsgr. bætist: sbr. þó 68. gr.

20. Við 41. gr. 4. málsgr. Fyrir orðin „frumvarp til samþykkta“ komi: frumvarp til samþykktar.

21. Við 47. gr. Á eftir orðunum „er athugavert þótti“ komi: enda mæli veiðimálastjóri og veiðimálanefnd með staðfestingu.

22. Við 48. gr. 1. málsgr. Fyrir orðin „allt af“ komi: allt að.

23. Við 52. gr.
a. Framan við greinina bætist ný málsgrein:

1. Ef einhverjir félagsmanna þykjast vanhaldnir um skiptingu veiði eða um aðrar framkvæmdir félagsins, er þeim heimilt að skjóta máli sínu til veiðimálastjóra. Úrskurðar hann um ágreiningsefnið með samþykki veiðimálanefndar. Skylt er að gera stjórn félagsins kost á að láta uppi álit sitt um málið.

b. Á eftir 52. gr. komi ný grein:

1. Nú starfar fiskræktarfélag við fiskihverfi, þar sem áður hefir engin veiði verið eða svo lítil, að hún hefir eigi verið talin í skýrslum um undanfarin 10 ár, og er þá félaginu heimilt að gera samþykkt, á lögmætum félagsfundi, um að friða með öllu fisk í fiskihverfi félagsins eða fyrir allri veiði, annari en stangaveiði.

2. Samþykkt um friðun samkv. 1. málsgr. gildir um 5 ár í senn, nema ⅔ félagsmanna samþykki að breyta henni fyrr eða ráðherra skipi svo fyrir. Leita skal staðfestingar ráðherra á samþykkt samkv. 47. gr.

24. Við 53. gr. Greinin orðist svo:

1. Fiskræktarfélagi skal heimilt á lögmætum félagsfundi að gera samþykkt um möskvavídd netja, er nota megi á félagssvæðinu, og um friðun tiltekinna svæða fiskihverfisins. Friðun þessi má ná til allrar veiði eða til tiltekinna veiðarfæra eða veiðiaðferða og skal hún bundin við tiltekið tímabil.

2. Samþykkt samkv. 1. málsgr. er háð staðfestingu ráðherra samkv. 47. gr.

25. Eftir 54. gr. komi nýr kafli í 15. greinum, er hljóði svo sem hér segir:

IX. KAFLI.

Um veiðifélög.

56. gr.

1. Heimilt er mönnum að gera með sér félagsskap um veiði í þeim tilgangi:
   a. að félagið sjálft láti stunda veiði,
   b. að félagið selji á leigu rétt til stangaveiði, samkvæmt 3. málsgrein 2. gr.
2. Um slíkan félagsskap, sem ræðir um í 1. málsgr., skal fara svo sem sagt er fyrir í kafla þessum.

57. gr.

Félagssvæði veiðifélags getur verið:

a. heilt fiskihverfi,
b. einstakt vatn í fiskihverfi,
c. hluti af vatni, þar sem sérstaklega hagar til um veiðiskap eða vatnskosti.

Ef um hluta straumvatns er að ræða, verður félagssvæði ætíð að ná svo langt upp með vatninu sem veiði er stunduð í því fiskihverfi.

58. gr.

1. Til þess að veiðifélag verði löglega stofnað, þarf leyfi veiðimálastjóra og veiðimálanefndar að koma til.

2. Þeir, sem stofna vilja slíkt félag, skulu sækja til veiðimálastjóra um leyfi til félagsstofnunarinnar. Umsókninni skal fylgja:
   a. greinargerð fyrir fyrirhugaðri starfsemi félagsins: veiðiaðferðum og veiðistöðum, ásamt ástæðum þess, að slíkt félag teljist æskilegt,
   b. skýrsla um vatn eða vötn á fyrirhuguðu félagssvæði. Skal hún gerð samkvæmt 2. málsgr. 10. greinar, enda hafi vatn þetta eða vötn eigi verið skrásett áður.
   c. skýrsla um fyrirhugað félagssvæði og greinargerð fyrir takmörkum þess, ef um hluta vatns er að ræða, samkvæmt c. lið 57. greinar.
3. Þegar veiðimálastjóri hefir rannsakað skjöl þau, er ræðir um í 2. málsgr. og aðra málavöxtu, leggur hann málsskjölin, ásamt áliti sínu, fyrir veiðimálanefnd, sem svo tekur ásamt veiðimálastjóra fullnaðarákvörðun um það, hvort leyfa skuli félagsstofnunina eða ekki.
4. Þegar ákveðið hefir verið að veita leyfi til félagsstofnunar samkvæmt 3. málsgr. gefur veiðimálastjóri út leyfi þetta, og skal það bundið við tiltekið félagssvæði og tiltekna starfsemi félags.
5. Ákvæði greinar þessarar skulu eigi gilda um stofnun félaga, er hafa það starfssvið, er getur um í 2. málsgr. b. lið 1. greinar, og er þeim, sem stofna vilja slíkt félag, heimilt að kveðja til stofnfundar, samkvæmt 59. gr., án frekari undirbúnings.

59. gr.

1. Nú er stofnun félags löglega samþykkt samkv. 58. gr. og skulu þá frumkvöðlar félagsstofnunarinnar kveðja til fundar um málið.
2. Ef stofna á félagið við vatn eða vötn, sem veiði er í, skal kveðja til fundarins ábúendur allra þeirra jarða á hinu fyrirhugaða félagssvæði, þar sem veiði er stunduð eða hefir stunduð verið um undanfarin 10 ár. Ef félag á eða hefir til afnota land, sem veiðiréttur fylgir, skal boða formann félags. Hafi veiðiréttur verið skilinn frá landareign, skal boða notanda veiðiréttarins.
3. Ef stofna á veiðifélag við vatn eða vötn, sem áður hafa verið veiðilaus, skal boða til fundar ábúendur allra þeirra jarða, sem lönd eiga að vatni eða vötnum á hinu fyrirhugaða félagssvæði.
4. Fundi skal boða skriflega og eigi síðar en 3 dögum fyrir fundardag.

60. gr.

1. Á fundi þeim, sem boðaður hefir verið samkvæmt 59. gr., skal lagt fram leyfi veiðimálastjóra til félagsstofnunarinnar, ásamt öðrum skjölum, sem fram hafa komið um málið. Á fundinum skal ræða um stofnun félagsins og verkefni og bóka fundargerð.
2. Atkvæðisrétt á fundinum hafa allir þeir, sem boða skal til fundar samkv. 59. gr. Fela mega þeir öðrum að fara með atkvæði sitt, enda sé umboðið skriflegt og þess getið í fundarbók.

3. Er allir þeir, sem kvaddir eru til fundarins samkv. 59. gr., samþykkja félagsstofnunina, má stofna félagið þegar á þessum fundi, án frekari undirbúnings.

61. gr.

1. Nú verður félagið ekki stofnað á þessum fundi, og skal þá fundurinn kjósa nefnd, er búi málið undir annan fund. Nefndin skal semja frumvörp til samþykktar og arðskrár fyrir félagið samkv. 63. og 64. gr. Leita skal og nefndin álits sérfróðra manna um þau deiluatriði, sem upp kunna að hafa komið á fundinum og að öðru leyti afla þeirra gagna, sem fundurinn óskar eða nauðsynleg þykja.
2. Þegar nefndin hefir samið frumvörp til samþykktar og arðskrár, skulu þau ásamt öðrum skjölum, sem félagsstofnunina varða, lögð fram á hentugum stað til sýnis fyrirhuguðum félagsmönnum. Skal auglýsa framlagningu skjalanna með þeim hætti, er þar tíðkast í héraði um birtingu auglýsinga, sem varða almenning. Skulu skjölin liggja frammi til sýnis að minnsta kosti 2 vikna tíma.

62. gr.

Þegar lokið er undirbúningi samkv. 61. gr. skal nefndin boða til annars fundar samkv. 59. gr. Á fundinum skal enn ræða félagsstofnunina og taka ákvörðun um hana. Ef ⅔ þeirra manna, sem boða skal á fund samkv. 59. gr. eða umboðsmenn þeirra samþykkja félagsstofnunina, skal öllum hinum, sem boðaðir voru á fundinn, skylt að gerast félagar.

63. gr.

1. Nú er stofnun félagsins löglega ákveðin, og skal þá gera samþykkt fyrir félagið þegar á stofnfundi eða öðrum fundi, boðuðum á sama hátt. Um samþykktina ræður afl atkvæða, svo og um önnur félagsmálefni, nema öðruvísi sé um mælt í samþykkt. Hver félagsmaður hefir eitt atkvæði í félagsmálum.
2. Í samþykkt félags skulu vera ákvæði um:
   a. Nafn félags, heimilisfang og varnarþing.
   b. Félagssvæði. Skulu þar taldar, svo að eigi verði um villzt, þær jarðir, sem þátt taka í félagsskapnum.
   c. Verkefni félags.
   d. Skipun og starfssvið félagsstjórnar.
   e. Fundahöld.
   f. Reikninga félags og endurskoðun.
   g. Hvernig fara skuli um afla félagsins eða arð og um greiðslur kostnaðar þess, er leiðir af starfsemi félagsins.
   h. Sektir fyrir brot á samþykkt félags.
   i. Hvernig samþykkt félagsins verði breytt.
   j. Hvernig fara skuli um félagsslit.

64. gr.

1. Á stofnfundi eða öðrum fundi, boðuðum á sama hátt, skal gera skrá, er sýni hluta þann af veiði eða arði af veiði, sem koma eigi í hlut hverrar jarðar eða jarðarhluta, er veiðiréttur fylgir í vatni eða vötnum á félagssvæðinu. Veiðinni eða arði af henni skal jafna niður eftir veiðimagni eða áætluðu veiðimagni jarðanna, og skal skráin gerð með hliðsjón af veiðiskýrslum undanfarinna 10 ára, ef til eru.
2. Nú verða menn ekki ásáttir um arðskrá, og skal þá mat ráða samkv. 67. gr.
3. Arðskrá skal lögð undir samþykki fundarins, og er hún því aðeins samþykkt, að hún hljóti ⅔ atkvæða félagsmanna.

65. gr.

Kostnað, er leiðir af starfsemi félagsins, skulu félagsmenn greiða í sama hlutfalli og þeir taka arð.

66. gr.

Samþykkt og arðskrá skal félagsstjórnin senda ráðherra til staðfestingar. Ef samþykkt og arðskrá þykja eigi þannig úr garði gerðar, að staðfesta megi þær, sendir ráðherra þær aftur til félagsstjórnarinnar með athugasemdum um það, er ábótavant þykir. Ella staðfestir hann hvorttveggja, svo og þegar það hefir lagað verið, er ábótavant þótti, enda mæli veiðimálastjóri og veiðimálanefnd með staðfestingu. Aldrei má samþykkt brjóta í bág við réttarákvæði, almennar grundvallarreglur laga né réttindi einstakra manna.

67. gr.

1. Þegar veiðifélag hefir verið stofnað með löglegum hætti, skal hverjum manni óheimilt að veiða í vötnum á félagssvæðinu, nema hann hafi samþykki félagsstjórnarinnar.
2. Í samþykkt félags má setja ákvæði, er banna félagsmönnum og öðrum þeim, sem á félagssvæðinu búa, að hafa með höndum ádráttarnet, nema þeir geti sannað, að nota eigi þau til veiða í vatni utan félagssvæðis.
3. Ákvæði 1. málsgreinar skulu eigi taka til þeirra, sem fengið hafa veiðiskirteini samkv. 20. gr.

68. gr.

1. Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar, veitt veiðifélagi undanþágu frá ákvæðum 27., 28. og 30. gr. laga þessara um lengd fastra veiðivéla út í vatn.
2. Undanþága, slík er ræðir um í 1. málsgr., skal aðeins gilda fyrir félagssvæði þess félags, sem hún er veitt. Má því aðeins veita hana, að fiskrækt sé starfrækt í vatni eða vötnum á félagssvæðinu, og skal hún bundin þeim skilyrðum, að eigi sé nema ein veiðivél notuð á öllu félagssvæðinu og engin önnur veiði sé stunduð þar. Ef ástæða þykir til, má og binda undanþáguna skilyrðum um eftirlit samkv. 77. gr.

69. gr.

1. Nú verða ábúandaskipti á jörð á félagssvæði, og er þá hinum nýja ábúanda skylt að gerast félagi í stað hins og taka að sér skuldbindingar hans við félagið.
2. Skylt er félagi, þá er ábúandi fer frá jörð á félagssvæði, að svara honum út þeim hluta, er hann kann að eiga í eignum félagsins.
3. Ef ekki semst um skuldbindingar eða eignarhluta samkv. 1. og 2. málsgr., skal mat skera úr ágreiningi.

70. gr.

1. Nú vill fiskræktarfélag taka upp félagsveiði eða veiðifélag fiskrækt, og er það þá heimilt, ef fullnægt er skilyrðum laga þessara um stofnun fiskræktarfélags eða veiðifélags, eftir því sem við á.
2. Nú vilja menn stofna félag um fiskrækt og félagsveiði, og er það heimilt, ef fullnægt er skilyrðum laga þessara um bæði fiskræktar- og veiðifélög.

26. Við 56. gr. 1. málsgr. Fyrir orðin „enda verið“ komi: enda verði.
27. Við 57. gr.
    a. 1. málsgr. Fyrir „56. gr.“ komi: 72. gr.
    b. 2. málsgr. Fyrir „2. eða 54. gr.“ komi: 2. eða 55. gr.
28. Við 61. gr.
    a. 2. málsgr. Fyrir „ráðherra“ komi: veiðimálastjóri.
    b. 3. málsgr. Sama breyting.
29. Við 62. gr. Fyrir „ráðherra“ komi: veiðimálastjóri.
30. Við 65. gr. 1. málsgr. Fyrir „63. og 64. gr.“ komi: 79. og 80. gr.
31. Við 66. gr. Sama breyting.
32. Við 67. gr. 1. málsgr. Fyrir „aðal-straumlína“ komi: straumlína.
33. Við 70. gr. b. lið Fyrir „71. gr.“ komi: 87. gr.
34. Við 73. gr. Fyrir „69. gr., a—b liðum 70. gr. og 71. gr.“ komi: 85. gr. a—b liðum 86. gr. og 87. gr.
35. Við 76. gr. 1. málsgr. Fyrir „69. gr.“ komi: 85. gr.
36. Við 77. gr. Fyrir „1. janúar 1931“ komi: 1. janúar 1932.
37. Kaflar og greinar frv. breytast samkv. atkvæðagreiðslu.

Ed. **248. Breytingartillaga**

við frv. til laga um bygging fyrir Háskóla Íslands.

Frá Jóni Jónssyni.

Við 1. gr.

Fyrsti málsliður greinarinnar orðist svo:

Á árunum 1936—1946 er landsstjórninni heimilt að láta reisa bygging fyrir Háskóla Íslands.

Ed. **249. Frumvarp**

til laga um merkingu á útfluttum saltfiski.

Flutningsm.: Erlingur Friðjónsson.

1. gr.

Allan verkaðan eða óverkaðan saltfisk, sem fluttur er til útlanda pakkaður í umbúðir, ber að merkja á umbúðir fiskjarins samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Fiskur sá, sem nefndur er í 1. gr., skal merktur sem hér segir:

1 A 1
Ísland. Stórfiskur nr. 1 fullþurr.
1 A 2
Ísland. — — 2 —
1 A 3
Ísland. — — 3 —
1 A 4
Ísland. — — 4 —
2 A 1
Ísland. — — 1 7/8 þurr.
2 A 2
Ísland. — — 2 —
2 A 3
Ísland. — — 3 —
2 A 4
Ísland. — — 4 —
3 A 1
Ísland. — — 1 3/4 þurr.
3 A 2
Ísland. — — 2 —
3 A 3
Ísland. — — 3 —
3 A 4
Ísland. — — 4 —
4 A 1
Ísland. — — 1 1/2 þurr.
4 A 2
Ísland. — — 2 —
4 A 3
Ísland. — — 3 —

5 A 1
Ísland. Pressaður stórfiskur nr. 1
5 A 2
Ísland. — — — 2
5 A 3
Ísland. — — — 3
5 A 4
Ísland. — — — 4
6 A 1
Ísland. Óverkaður stórfiskur nr. 1
6 A 2
Ísland. — — — 2
6 A 3
Ísland. — — — 3
6 A 4
Ísland. — — — 4
1 B 1
Ísland. Millifiskur nr. 1 1/1 þurr.
1 B 2
Ísland. — — 2 —
1 B 3
Ísland. — — 3 —
1 B 4
Ísland. — — 4 —
2 B 1
Ísland. — — 1 7/8 þurr.
2 B 2
Ísland. — — 2 —
2 B 3
Ísland. — — 3 —
3 B 1
Ísland. — — 1 3/4 þurr.
3 B 2
Ísland. — — 2 —
3 B 3
Ísland. — — 3 —
4 B 1
Ísland. — — 1 1/2 þurr.
4 B 2
Ísland. — — 2 —
4 B 3
Ísland. — — 3 —
5 B 1
Ísland. — — 1 Pressað.

5 B 2
Ísland. Millifiskur nr. 2 Pressað.
5 B 3
Ísland. — — 3 —
6 B 1
Ísland. — — 1 Óverkað.
6 B 2
Ísland. — — 2 —
6 B 3
Ísland. — — 3 —
1 E 1
Ísland. Smáfiskur nr. 1 1/1 þurr.
1 E 2
Ísland. — — 2 —
1 E 3
Ísland. — — 3 —
2 E 1
Ísland. — — 1 7/8 þurr.
2 E 2
Ísland. — — 2 —
2 E 3
Ísland. — — 3 —
3 E 1
Ísland. — — 1 3/4 þurr.
3 E 2
Ísland. — — 2 —
3 E 3
Ísland. — — 3 —
4 E 1
Ísland. — — 1 1/2 þurr.
4 E 2
Ísland. — — 2 —
4 E 3
Ísland. — — 3 —
5 E 1
Ísland. — — 1 Pressaður.
5 E 2
Ísland. — — 2 —
5 E 3
Ísland. — — 3 —
6 E 1
Ísland. — — 1 Óverkaður.
6 E 2
Ísland. — — 2 —

6 E 3
Ísland. Smáfiskur nr. 3 Óverkaður.
1 F 1
Ísland. Þurr Labrador nr. 1 ¾ fl. 12—18″
1 F 2
Ísland. — — — 2 — — — —
1 F 3
Ísland. — — — 3 — — — —
1 F 4
Ísland. — — Hand.
2 F 1
Ísland. — — nr. 1 ¾ fl. yfir 18″
2 F 2
Ísland. — — — 2 — — — —
2 F 3
Ísland. — — — 3 — — — —
3 F 1
Ísland. Pressaður Labrador nr. 1 ¾ fl. 12—18″
3 F 2
Ísland. — — — 2 — — — —
3 F 3
Ísland. — — — 3 — — — —
3 F 4
Ísland. — — Hand.
4 F 1
Ísland. — — nr. 1 ¾ fl. yfir 18″
4 F 2
Ísland. — — — 2 — — — —
4 F 3
Ísland. — — — 3 — — — —
5 F 1
Ísland. Óverkaður Labrador nr. 1 ¾ fl. 12—18′
5 F 2
Ísland. — — — 2 — — — —
5 F 3
Ísland. — — — 3 — — — —
5 F 4
Ísland. — — Hand.
6 F 1
Ísland. — — nr. 1 ¾ fl. yfir 18″
6 F 2
Ísland. — — — 2 — — — —
6 F 3
Ísland. — — — 3 — — — —

1 H 1
Ísland. Þurr Labrador nr. 1 ½ fl. 12—18″
1 H 2
Ísland. — — — 2 — — — —
1 H 3
Ísland. — — — 3 — — — —
1 H 4
Ísland. — — Hand.
2 H 1
Ísland. — — nr. 1 ½ fl. yfir 18″
2 H 2
Ísland. — — — 2 — — — —
2 H 3
Ísland. — — — 3 — — — —
3 H 1
Ísland. Pressaður Labrador nr. 1 ½ fl. 12—18″
3 H 2
Ísland. — — — 2 — — — —
3 H 3
Ísland. — — — 3 — — — —
3 H 4
Ísland. — — Hand.
4 H 1
Ísland. — — nr. 1 ½ fl. yfir 18″
4 H 2
Ísland. — — — 2 — — — —
4 H 3
Ísland. — — — 3 — — — —
1 K 1
Ísland. Ýsa nr. 1 ½ þurr.
1 K 2
Ísland. — — 2 —
1 K 3
Ísland. — — 3 —
1 K 4
Ísland. — Hand.
2 K 1
Ísland. — nr. 1 ⅞ þurr.
2 K 2
Ísland. — — 2 —
2 K 3
Ísland. — — 3 —
2 K 4
Ísland. — Hand.

3 K 1
Ísland. Ýsa nr. 1 ¾ þurr.
3 K 2
Ísland. — — 2 —
3 K 3
Ísland. — — 3 —
3 K 4
Ísland. — Hand.
4 K 1
Ísland. — nr. 1 ½ þurr.
4 K 2
Ísland. — — 2 —
4 K 3
Ísland. — — 3 —
4 K 4
Ísland. — Hand.
5 K 1
Ísland. — pressuð nr. 1
5 K 2
Ísland. — — — 2
5 K 3
Ísland. — — — 3
5 K 4
Ísland. — — Hand.
6 K 1
Ísland. — óverkuð nr. 1
6 K 2
Ísland. — — — 2
6 K 3
Ísland. — — — 3
6 K 4
Ísland. — — Hand.
1 L 1
Ísland. Langa nr. 1 ¼ þurr.
1 L 2
Ísland. — — 2 —
1 L 3
Ísland. — — 3 —
2 L 1
Ísland. — — 1 ⅞ þurr.
2 L 2
Ísland. — — 2 —
2 L 3
Ísland. — — 3 —

3 L 1
Ísland. Langa nr. 1 ¾ þurr.
3 L 2
Ísland. — — 2 —
3 L 3
Ísland. — — 3 —
4 L 1
Ísland. — — 1 ½ þurr.
4 L 2
Ísland. — — 2 —
4 L 3
Ísland. — — 3 —
5 L 1
Ísland. — — 1 pressuð.
5 L 2
Ísland. — — 2 —
5 L 3
Ísland. — — 3 —
6 L 1
Ísland. — — 1 óverkuð
6 L 2
Ísland. — — 2 —
6 L 3
Ísland. — — 3 —
1 M 1
Ísland. Keila nr. 1 ½ þurr.
1 M 2
Ísland. — — 2 —
1 M 3
Ísland. — — 3 —
1 M 4
Ísland. — — 4 —
2 M 1
Ísland. — — 1 ⅞ þurr.
2 M 2
Ísland. — — 2 —
2 M 3
Ísland. — — 3 —
2 M 4
Ísland. — — 4 —
3 M 1
Ísland. — — 1 ¾ þurr.
3 M 2
Ísland. — — 2 —

3 M 3
Ísland. Keila nr. 3 ¾ þurr.
3 M 4
Ísland. — — 4 —
4 M 1
Ísland. — — 1 ½ þurr.
4 M 2
Ísland. — — 2 —
4 M 3
Ísland. — — 3 —
4 M 4
Ísland. — — 4 —
5 M 1
Ísland. — — 1 pressuð.
5 M 2
Ísland. — — 2 —
5 M 3
Ísland. — — 3 —
5 M 4
Ísland. — — 4 —
6 M 1
Ísland. — — 1 óverkuð.
6 M 2
Ísland. — — 2 —
6 M 3
Ísland. — — 3 —
6 M 4
Ísland. — — 4 —
1 N 1
Ísland. Ufsi nr. 1 ¼ þurr.
1 N 2
Ísland. — — 2 —
1 N 3
Ísland. — — 3 —
1 N 4
Ísland. — — 4 —
2 N 1
Ísland. — — 1 ⅞ —
2 N 2
Ísland. — — 2 —
2 N 3
Ísland. — — 3 —
2 N 4
Ísland. — — 4 —

3 N 1
Ísland. Ufsi nr. 1 ¾ þurr.
3 N 2
Ísland. — — 2 —
3 N 3
Ísland. — — 3 —
3 N 4
Ísland. — — 4 —
4 N 1
Ísland. — — 1 ½ þurr.
4 N 2
Ísland. — — 2 —
4 N 3
Ísland. — — 3
4 N 4
Ísland. — — 4 —
5 N 1
Ísland. — — 1 pressaður.
5 N 2
Ísland. — — 2 —
5 N 3
Ísland. — — 3 —
5 N 4
Ísland. — — 4 —
6 N 1
Ísland. — — 1 óverkaður.
6 N 2
Ísland. — — 2 —
6 N 3
Ísland. — — 3 —
6 N 4
Ísland. — — 4 —

Ef um húsþurrkaðan fisk er að ræða, bætist H aftan við A-ið. eða hvern annan bókstaf, þar sem það á við.

Ef um örfhentflattan fisk er að ræða, bætist L aftan við A-ið, eða hvern annan bókstaf, þar sem það á við.

Ef um sólsoðinn fisk er að ræða, verður hann nr. 7 o. s. frv

3. gr.

Öll merki skulu vera glögg og vel læsileg. Skulu þau gerð með stimpli eða máluð í þar til gert stafamót áður en umbúðir eru saumaðar utan um pakkann.

Nafnið „Ísland“ komi þvert yfir pakkann laust neðan við miðju og tölustafir og bókstafir ofan við.

Útflytjandi hefir rétt til að setja merki sitt á efra horn pakkans til vinstri handar.

Sé annar seljandi en útflytjandi, má setja merki seljanda í efra horn pakkans til hægri handar. Annars komi þar merki landsfjórðungs eða útflutningsstaðar.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 200 til 2000 kr., og fer um mál út af brotum á lögunum sem um almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Engin íslenzk vara, sem send er á útlendan markað, er jafnmikið sundurgreind og flokkuð eins og verkaður saltfiskur, þar sem greina verður sundur tegundir, stærð, verkunarstig og gæði fiskjarins. Virðist full ástæða til þess, að hið opinbera hafi meiri afskipti af því en verið hefir og að komið sé föstu skipulagi á merkingu þessarar vöru.

Fram að síðustu árum hefir mikill hluti þess fiskjar, sem verkaður er hér á landi, verið fluttur út ópakkaður, og hafa seljendur þá verið lausir við kostnað af merkingu á fiskinum. En nú hefir sú breyting orðið á þessu, að heita má, að allur verkaður saltfiskur sé fluttur á útlendan markað innpakkaður í strigaumbúðir, þar sem merki eru sett á hvern pakka eftir kröfu útflytjanda, án íhlutunar þess opinbera. Hafa útflytjendur sitt merki hver, og ekki ætíð sama merki frá ári til árs á sömu fisktegundum. Bakar það fikseljendum talsverð óþörf útgjöld, að þurfa að breyta til um merki á þeim fiski, sem þeir selja, eftir því hver er útflytjandi, og ekki sízt þegar sami útflytjandi breytir fiskmerkjum sínum sitt á hvað eftir geðþótta.

Til þess að ráða bót á þessu virðist hagkvæmast að ákveða föst merki á fiski, sem út er fluttur, er gildi fyrir alla útflytjendur, þó svo, að hver útflytjandi geti sett merki sitt á fiskinn í eitt horn hvers pakka, til aðgreiningar frá öðrum. Er útflytjanda ætlað efra horn pakkans til vinstri handar.

Rétt þótti að ætla seljanda, ef hann er ekki sami og útflytjandi, stað fyrir merki sitt á efra horni pakkans til hægri handar, að öðrum kosti komi þar merki landsfjórðungs eða útflutningsstaðar, sem hefir þá sömu þýðingu og merki seljanda, að greina nánar á um, frá hvaða stað á landinu fiskurinn er, en fæst með einu saman merki útflytjanda.

Leitast er við í frv. þessu að hafa merki sem óbrotnust, en þó svo, að fullgreinilegt sé, hvaða tegund og flokk hvert merki táknar. Virðist að tegundir, stærð, verkunarstig og flokkun eftir gæðum sé nægilega sundurgreint með tölustöfum og bókstöfum. Nafnið „Ísland“ er tekið sem sameiginlegt nafn á öllum þeim fiski, sem út er fluttur frá landinu í þeim umbúðum, að merkjum verði komið við. Ber þá hver fiskpakki með sér, að þar er um íslenzka vöru að ræða.

Nd. 250. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 28, 19. maí 1930, um greiðslu verkkaups.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Hlunnindi þau, sem felast í lögum nr. 28, 19. maí 1930, um greiðslu verkkaups, skulu einnig ná til kaupgjalds og aksturslauna bifreiðarstjóra.

2. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað.

Nd. 251. Tillaga

til þingsályktunar um sjómælingar á Strandaflóa.

Flutningsm.: Jón A. Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að sjá um, að svæðið frá Hornbjargi að Ingólfsfirði verði mælt upp og uppdráttur gerður af því, ekki síðar en árið 1932.

Á s t æ ð u r .

Á þessu svæði eru hin beztu fiskimið fyrir handfæraveiðar, en ótryggt fyrir ókunnuga að stunda þar veiðar, þar til innsigling á Þaralátursfjörð er mæld og uppdráttur gerður.

Mörg slys munu hafa hlotizt af því, að uppdrátt vantar yfir þetta svæði. Nánar í framsögu.

Ed. 252. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 42, 13. nóv. 1903, um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Á eftir orðunum „Frekar en sjálfur vill“ í 16. gr. laga nr. 42, 13. nóv. 1903, komi: nema firmanu sé valið sérstakt heiti, annað en nafn eiganda.

Nd. 253. Leiðréttingar

á nefndaráliti á þskj. 225 (Lendingarbætur á Eyrarbakka).

Frá Magnúsi Torfasyni.

Af dulrænum ástæðum hefi ég ekki átt þess kost að gera hv. sjávarútvn. nánari grein fyrir máli þessu, og því hefir slæðzt inn í álit hennar ekki óverulegur misskilningur á því, hvernig það horfir við.

Á Eyrarbakka er þegar allmyndarleg bryggja, er vélbátar lenda við, og er hún akfær bifreiðum. Næg viðbót við þá bryggju mundi kosta sáralitið fé.

Önnur mannvirki en sandvarnargarðurinn er ekki ætlazt til að gerð verði langar stundir. Við bryggjuna eru næg fiskhús og næg geymsluhús.

Aftur var berlega tekið fram í flutningsræðu minni, að hafskipaleiðina þyrfti að dýpka og breikka og hafskipaleguna sömuleiðis, til þess að höfnin yrði nothæf fyrir stærri skip en nú.

Hinsvegar veit ég ekki til, að neinum manni hafi komið til hugar að byggja skjólgarð fyrir höfnina.

Kostnaðaráætlun segir í álitinu, að sé eingöngu miðuð við sandvarnargarðinn. Þetta er alrangt. Hann er áætlaður 72500 kr., en frv. gerir ráð fyrir 160.000 kr. kostnaði. Sprengingarkostnað mun erfitt að áætla. T. d. hafa sprengingar á Stokkseyrarsundi staðið yfir síðan 1921 og verið mjög misdýrar, en alls hefir ríkissjóður lagt til þeirra rúmar 11000 kr. Sama verður niðurstaðan á Eyrarbakka, enda aðstaðan eins að heita má, aðeins dagur og dagur, sem hægt er að vinna að sprengingum á brimgarðinum. Rannsókn á þessu fer fram á næsta sumri.

Engin hætta ætti að stafa af samþykkt laganna. Skilyrði fyrir því, að byrjað verði á lendingarbótunum, eru:

að fé verði veitt til þess í fjárlögum,
að jöfn fjárhæð verði lögð fram annarsstaðar að,
að atvinnumálaráðuneytið samþykki kostnaðaráætlun,

og eru þá 3 varnaglarnir.

Hvorki ríkissjóður eða hérað á því nokkuð í ábyrgð, þó að lögin séu samþykkt. Hinsvegar mundi synjun lagafyrirmæla draga mjög úr framkvæmdum og tefja fyrir þeim.

Aðilar þessa máls eru: Eyrarbakkahreppur, Árnessýsla, Rangárvallasýsla, landeigandi (Landsbankinn). Kaupfélag Árnesinga, sjóðstjórnir fiskimanna.

Er ætlunin, að stjórn lendingarsjóðsins hafi forgöngu um að ná saman fé úr þessum stöðum og koma þar á samvinnu.

En verði málinu traðkað hér á þingi, verður dreginn mátturinn úr öllum athöfnum, enda engin von til að hafizt verði handa fyrr en byggja má á lagagrundvelli.

Bryggja sú, sem gerð var, sýnir, hve hár sandgarðurinn þarf að vera, því þar fer ekki sandkorn yfir og úr henni hefir ekki hrokkið kvarnarstærð.

Nd. 254. Tillaga

til þingsályktunar um þurrkví í Reykjavík.

Flutningsm.: Sigurjón Á. Ólafsson, Héðinn Valdimarsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni:

1. Að láta rannsaka og gera kostnaðaráætlun um þurrkví í Reykjavík innan hafnar, er rúmi minnst 2 skip af togarastærð eða 1 skip allt að 3000 rúml.
2. Að rannsaka, með hvaða skilyrðum bæjarstjórn Reykjavíkur mundi vilja veita leyfi til byggingar á þurrkví, hvort hentugur staður er fáanlegur og hvar.
3. Að athuga, hvort Reykjavíkurbær mundi vilja samvinnu við ríkið um byggingu slíks mannvirkis.
4. Að leggja niðurstöðu þessara rannsókna fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Með auknum skipastól í landinu og vaxandi siglingu til landsins af erlendum skipum er þörfin fyrir þurrkví meira og meira aðkallandi með hverju árinu, sem líður.

Allar meiri háttar aðgerðir á hafskipum okkar, botnhreinsun o. þ. l. verða að gerast erlendis sökum þess, að engin tæki eru hér til þess að koma skipunum á þurrt land. Tapast við þetta mikil vinna, tími og peningar út úr landinu. Við höfum þegar eignazt allfjölmenna stétt manna, sem vinna við allskonar aðgerðir á skipum, sem hægt er að koma við á skipunum á floti. Þrjár vinnustöðvar allstórar eru starfræktar hér í borginni með þetta fyrir augum að mestu, og auk þess margar minni stöðvar, er taka að sér minni háttar viðgerðir. Atvinna fyrir þessa stétt mundi aukast að miklum mun, ef innlend og erlend skip gætu fengið alla þá viðgerð hér, er þau þarfnast. Atvinna mundi einnig skapast fyrir álitlegan hóp óiðnlærðra verkamanna, hreinsun á skipsbotni, hreinsun katla o. fl. o. fl.

Mikil verðmæti fara út úr landinu fyrir þá vinnu, sem erlendis er unnin á þessu sviði. Skipta þær upphæðir jafnvel hundruðum þúsunda árlega. Undir mörgum kringumstæðum tapast tími frá fiskveiðum og siglingum við það að senda skipin út, og alltaf sá tími, sem fer til ferðanna fram og aftur á þeim skipum, sem ekki eru í förum milli landa.

Að dómi sérfróðra manna mundi vinnan ekki verða verr af hendi leyst hér en erlendis, nema síður sé, og kostnaður allur mun minni.

Þá er sú hlið málsins, er snýr að öryggi skipanna sjálfra og lífi þeirra manna, er á þeim vinna. Eins og nú er háttað, verða skipin að leita til útlanda, ef þau hafa hlotið botnskaða, eftir bráðabirgðaviðgerð hér. Í mörgum tilfellum halda þau áfram ferðum svo mánuðum skiptir, án þess að viðgerð eigi sér stað,

ef tjónið er minni háttar. Fullkomnu skipaeftirliti eða skoðun verður ekki heldur við komið af innlendum mönnum svo lengi, sem sama ástand helzt, enda er sú árlega og endanlega skoðun skipanna gerð erlendis nú. Fullkomlega sjálfstæðir erum við því ekki í þessu efni, fyrr en þurrkví er komin. Bent skal að nokkru á kostnaðarhliðina við það, að láta skip sigla til útlanda til viðgerðar. Skip, sem kostar 1200 kr. á dag, og ekki er í förum til útlanda, þarf 10 daga í ferðalög fram og aftur og eyðir því 12000 kr., auk tímaspillis. Dvöl í erlendri höfn 14 daga, beinn kostnaður auk viðgerðar um 800 kr. á dag, samtals 11200 kr. Beini kostnaðurinn er rúmar 23 þús. kr. Þessi upphæð mundi að mestu sparast, ef skipið gæti fengið alla viðgerð hér heima. Viðgerðarkostnaðurinn erlendis fer auðvitað eftir því, hvað viðgerðin er mikil. En í allmörgum tilfellum má reikna allt að $^2/_3$ hluta hans vinnulaun, er falla í skaut útlendinga.

Um þau skip, sem fá viðgerðir sínar erlendis, en eru í förum, er sama að segja hvað vinnulaunin snertir og dvalarkostnað meðan á viðgerð stendur, en ferðakostnað þarf ekki að reikna.

Þó má benda á dæmi, sem mjög þráfaldlega koma fyrir, að útlend skip verða fyrir allskonar tjóni hér við land, og oft og einatt þannig löguð, að ekki er hægt að bæta þau að fullu hér. Bráðabirgðaviðgerð er þá framkvæmd á skipinu, svo að fært þyki að sigla því til útlanda. Sú viðgerð er hreinn aukakostnaður, því allt þarf að gera að nýju, þegar sú endanlega viðgerð fer fram erlendis. Væri það ekki lítill tíma- og peningasparnaður fyrir erlend vátryggingarfélög, skipa- og farmeigendur, ef fullnaðarviðgerð gæti farið fram hér. Dæmi þessi sýna, hversu mikið hagsmunamál hér er um að ræða fyrir innlend og erlend vátryggingarfélög, skipaeigendur og landið í heild sinni. Nokkrar líkur gætu því bent til þess, að fé væri fáanlegt, ef með þyrfti, hjá erlendum vátryggingarfélögum, til þess að koma slíku mannvirki upp. Okkar eiginn hafskipastóll er nú 9 flutninga- og farþegaskip, 40 togarar og 3 varðskip, sem öll eru svo stór, að dráttarbrautinni hér er ekki fært að draga þau á land. Auk þess munu stærstu línubátarnir vera of stórir fyrir dráttarbrautina.

Öll þessi skip verða nú að sigla til útlanda til botnskoðunar og viðgerðar. Kostnaðurinn við að byggja þurrkví hér hefir ekki verið rannsakaður, en fróðir menn um þessi efni gera ráð fyrir, að þurrkví eins og tillagan fer fram á muni ekki fara langt yfir 300 þús. kr. Í þeim kostnaði yrði mestur hluti vinna og innlent efni mundi verða notað að mestu. Tillagan gerir ráð fyrir, að leitað sé samvinnu við bæjarstjórn Reykjavíkur um málið, um samvinnu við ríkið að byggja þurrkvína, ef í það yrði ráðizt. Verður það að teljast rétt, að Reykjavíkurbær leggi drjúgan skerf til þessa mannvirkis og eigi sinn virka þátt í stjórn þess og rekstri, því að bærinn og Reykjavíkurhöfn munu fyrst og fremst njóta góðs bæði beint og óbeint af starfrækslu slíks mannvirkis. Að ríkið eigi hér hlut að máli, verður að skoðast sjálfsagt, því að um ófyrirsjáanlegan tíma mundi þetta verða eina þurrkvíin hér á landi, en skipaeigendur víðsvegar um land yrðu að sjálfsögðu að hafa fullan aðgang að henni til jafns við menn búsetta í Reykjavík. Einnig verður að líta svo á, að þá fyrst komi skriður á framkvæmd málsins, að stjórn og þing hefjist handa í þessu nauðsynjamáli.

Nd. 255. Breytingartillögur

við till. til þál. um eftirlits- og björgunarstarf með fiskibátum fyrir Norðurlandi (þskj. 244).

Frá Jóni A. Jónssyni.

1. Tillgr. orðist svo:
   Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta varðskipið og björgunarskipið „Þór“ vera við eftirlits- og björgunarstarf með fiskibátum fyrir Norðurlandi, á svæðinu frá Skaga til Tjörness, á tímabilinu frá 1. september til 30. október og fyrir Vesturlandi, á svæðinu frá Horni að Látrabjargi, frá 1. nóvember til 31. desember og frá 1. til 31. janúar ár hvert.
2 Aftan við fyrirsögnina bætist: og Vesturlandi.

Ed. 256. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 16, 19. maí 1930 (Laun embættismanna).

Frá fjárhagsnefnd.

Fyrir orðin „til ársloka 1931“ í lagagreininni komi: til ársloka 1933.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk fjármálaráðherra og fylgdu því eftirfarandi athugasemdir:

„Í árslok 1931 falla úr gildi ákvæðin um dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins. En með því að telja má víst, að endurskoðun launalaganna frestist enn um stund, verður nauðsynlegt að framlengja verðstuðulsuppbótina til bráðabirgða“.

Ed. 257. Breytingartillögur

við frv. til laga um bókasöfn prestakalla.

Frá Erlingi Friðjónssyni.

1. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „Þó má og kaupa til safnanna komi: Svo og.
   b. Orðin: „hvers efnis sem eru“ falli niður.

2. Við 4. gr.:
   a. Við 1. málsgrein. Í stað orðanna: „Kostnaður við störf“ og til enda málsgreinarinnar komi: Bókanefnd starfar kauplaust, en útlagður kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af bókakaupafé.
   b. 3. málsgrein orðist svo: Þau prestaköll ganga fyrir öðrum um styrkveitingu, þar sem ekki eru fyrir bókasöfn, sem prestur og söfnuður getur haft til afnota.

Ed. 258. Tillaga

til þingsályktunar út af lokun Íslandsbanka.

Flutningsm.: Erlingur Friðjónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fram fyrir þingið helztu skjöl þau og skilríki, er sýna tildrögin að lokun Íslandsbanka.

Greinargerð.

Þar sem landsmenn verða nú að bera þungar skattabyrðar vegna taps Íslandsbanka, og draga verður úr aðkallandi framkvæmdum ríkisins sökum útgjalda, er ríkissjóður hefir vegna skulda bankaþrotabúsins, verður að krefjast þess, að þingmenn fái að vita öll helztu tildrög þess máls, að bankanum var lokað.

Ed. 259. Nefndarálit

um frv. til laga um bókasöfn prestakalla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin fellir sig vel við þá breytingu eða viðbót, sem hv. Nd. gerði við 1. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir, að bókasöfn þessi megi stofna engu síður með bókagjöfum en bókakaupum.

Hinsvegar virðist nefndinni það augljóst mál, að 4000 kr. árstekjur muni hrökkva skammt til bókakaupa handa rúmum 100 prestaköllum, og því minni ástæða til þess að skerða fjárupphæð þessa, með því að taka af henni kostnaðinn við störf bókanefndar, eins og ráðgert er í 4. gr. frv.

Kaupstaðaprestaköllum virðist raunar ekki vera brýn nauðsyn á þessum styrk, en með því að frv. mælir skýrt fyrir um það, að afskekktu prestaköllin

skuli ganga fyrir um styrkinn, og ástæðulaust er að hamla því, að bókasöfn kaupstaðaprestakalla verði stofnuð að lögum með bókagjöfum, virðist meiri hl. óþarft að breyta nokkru í þessu atriði.

Þar sem meiri hluti nefndarinnar vill ekki tefja fyrir málinu með breytingartillögum, leggur hann það til, að hv. Ed. samþykki frv. svo sem það nú liggur fyrir. Minni hlutinn (EF) áskilur sér rétt til breytinga.

Alþingi, 24. marz 1931.

Jón Jónsson, form.	Guðrún Lárusdóttir, frsm.	Erlingur Friðjónsson, fundaskrifari; með fyrirvara.

Nd. 260. Frumvarp

til laga um geldingu hesta og nauta.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Hesta og naut, sem gelda þarf, skal svæfa áður en gelding fer fram.

2. gr.

Sýslunefndir hlutist til um, að hæfilega margir geldingamenn séu í hverri sýslu. Skulu þeir hafa lært að fara með svæfingarefni (Cloroform) og einnig aflað sér þeirrar þekkingar og leikni, sem þarf til að inna verkið vel af hendi, og hafa fengið um það vottorð frá dýralækni eða héraðslækni. Þeim skal heimilt að gera kaup á svæfingarefni hindrunarlaust, þar sem leyfð er sala á því.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varðar sektum, 50—500 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum gildandi lögum.

4. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 1932.

Greinargerð.

Frumvarp þetta dagaði uppi í efri deild á síðasta þingi. Þá flutti landbúnaðarnefnd neðri deildar það, að tilhlutun Dýraverndunarfélags Íslands, og enn hefir stjórn félagsins farið þess á leit við landbúnaðarnefndina, að hún flytti frv. Við þeim tilmælum vill nefndin verða.

Ed. 261. Breytingartillaga

við frv. til laga um byggingu fyrir Háskóla Íslands.

Frá Jóni Þorlákssyni.

Við 1. gr. Síðasti málsliður falli burt.

Ed. 262. Lög

um breyting á lögum nr. 27, 27. júní 1921, um aukatekjur ríkissjóðs.

(Afgreidd frá Ed. 24. marz).

1. gr.

54. gr. laganna orðist svo:

Fyrir að rita á skjöl verzlunarskipa, vöruskipa og mannflutningaskipa og fyrir að láta af hendi þau skilríki, sem skipin eiga að fá hér á landi, skal greiða kr. 1,25 af hverri smálest af rúmi skipsins, þannig að ½ smálest eða þar yfir ber að telja heila smálest, en sleppa því sem er minna en ½ smálest. Gjald þetta skal greiða á hinni fyrstu höfn á landinu, er skipið tekur til þess að taka á móti vörum eða fólki, eða til þess að skipa upp vörum eða skjóta fólki í land. Nú kemur skipið á aðrar hafnir í sömu ferðinni, og skal þá eigi greiða gjald á þeim höfnum fyrir að rannsaka og rita á skjöl þess, eða fyrir nýjar farmskrár, þar með talin löggilding vöruskoðunarvotta.

Skip, sem skrásett eru í Danmörku og koma hingað eingöngu til fiskveiða, skulu greiða kr. 1,25 gjald af hverri smálest á fyrstu höfn er þau taka, þó ekki nema einu sinni á ári.

Önnur útlend skip, sem koma hingað eingöngu vegna fiskveiða, skulu greiða 65 au. af hverri smálest á fyrstu höfn, er þau taka, þó eigi nema einu sinni á ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1932.

Ed. 263. Nefndarálit

um frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Frá stjórnarskrárnefnd.

Allir nefndarmenn eru sammála um að mæla með öðru höfuðákvæði frumvarpsins, færslu aldursmarksins fyrir kosningarrétti og kjörgengi niður í

21 ár. Að öðru leyti hafa 3 nefndarmenn hreyft mismunandi breytingartillögum við frumvarpið og áskilið sér að bera þær fram hver fyrir sig eða tveir saman.

2 nefndarmenn (JónJ og PH) vilja hinsvegar samþykkja frv. óbreytt.

Alþingi, 24. marz 1931.

Jón Jónsson, form. Páll Hermannsson, fundaskrifari og frsm. Jón Baldvinsson.
Jón Þorláksson. Jóh. Jóhannesson.

Nd. 264. Frumvarp

til laga um utanfararstyrk presta.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið veitir árlega, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum, 2—5 prestum, þeim er þjónað hafa embætti a. m. k. 2 ár, styrk til utanfara með þeim skilmálum, er segir í lögum þessum.

2. gr.

Styrkur samkvæmt 1. gr. veitist með því skilyrði, að prestur sá, er hans nýtur, dvelji eigi skemur en 4 mánuði erlendis, til að kynnast þar kirkju- og menntalífi eða mannúðarmálum í samráði við kirkjuráð, þegar sett verður. Skal hann síðan flytja í héraði sínu erindi um einhver þau efni, er hann hefir kynnt sér í utanför sinni, og skal að minnsta kosti eitt þeirra birt á prenti eða flutt í útvarp.

3. gr.

Styrkur veitist 2000 kr. hverjum presti. Greiðist helmingur styrks þegar utanför er hafin, en hinn helmingurinn þegar 3 mánuðir eru liðnir frá heimanför.

4. gr.

Prestum þjóðkirkjunnar skal skylt að þjóna endurgjaldslaust prestakalli nágrannaprests síns, allt að 6 mánuðum, meðan hann er í utanför samkvæmt lögum þessum. Og skipta þeir þá með sér verkum eftir því, sem biskup og prófastur mæla fyrir.

Nú verður þjónustu nágrannaprests alls eigi komið við, að dómi kirkjustjórnar, og sér hún þá prestakallinu fyrir prestsþjónustu.

5. gr.

Sæki eitthvert ár fleiri prestar um styrk til utanfarar en heimilt er að veita það ár, sker kirkjustjórnin úr um það, hverjir fái styrkinn.

6. gr.

Eigi má veita sama manni utanfararstyrk oftar en 7. hvert ár, nema sérstaklega standi á. Þeim presti, sem notið hefir utanfararstyrks úr Sáttmálasjóði, má eigi veita styrk samkv. lögum þessum fyrr en 5 ár eru liðin frá því hann fékk styrk úr þeim sjóði.

Ed. 265. Breytingartillaga

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson, Jóh. Jóhannesson, Jón Þorlákssson.

Við 6. gr. Önnur málsgrein orðist svo:

Umboð þingmanna fellur niður að loknu reglulegu Alþingi 1932, og fara þá fram almennar kosningar til Alþingis.

Ed. 266. Breytingartillögur

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Flutningsmenn: Jón Þorláksson, Jóh. Jóhannesson.

1. Við 1. gr. Síðari málsliður annarar málsgreinar orðist svo:
   Fjölga má þingmönnum með lögum.
2. Við 1. gr. Á eftir orðunum »Alþingi kýs« í síðustu málsgrein bætist inn: með hlutfallskosningu.

Nd. 267. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 15, 14. júní 1929 *[Útflutningsgjald af síld]*.

Flutningsm.: Jóhann Þ. Jósefsson.

1. gr.

Í stað orðanna »Af hverri síldartunnu ..... kr. 1,50« komi: Af 170 þúsund tunnum verkaðrar síldar, sem út eru fluttar ár hvert, skal greiða í ríkis-

sjóð kr. 1,50 af hverri tunnu, 108—120 lítra, af því, sem þar fer fram yfir, skal gjaldið vera 1½% af verði síldarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sú ívilnun á útflutningsgjaldi á síld, sem hér er farið fram á, ætti ekki að rýra tekjur ríkissjóðs frá því, sem nú er og verið hefir hin síðustu ár.

Hinsvegar er gert ráð fyrir, að þessi breyting gæti orðið hvöt til þess að reyna sölu á aukinni framleiðslu á nýjum mörkuðum.

Þó að sú tilraun, sem gerð var síðastliðið ár með sölu á síld til Rússlands, þyki að vísu ekki hafa tekizt sem bezt, má gera ráð fyrir, að í því landi, og sennilega víðar, megi fá mikið aukinn markað fyrir þessa vöru. Þar sem um það er að ræða að fá fótfestu fyrir sölu síldarinnar á þeim markaði, er hingað til hefir verið oss lokaður, má við því búast, að slá verði af verðkröfum fyrst um sinn, meðan íslenzk síld er óþekkt á þessum stöðum.

Mælir öll sanngirni með því, að hið opinbera létti undir með tilraunum til að finna nýja markaði, að minnsta kosti með því að slaka nokkuð til í skattkröfum á sem svarar þeim hluta síldarinnar, sem selja verður við lágu verði af framangreindum ástæðum. Það skal tekið fram, að þetta frv. snertir á engan hátt hin sérstöku gjöld, sem greiða ber af síldinni samkv. öðrum lögum (fiskiveiðasjóðsgjald og flugmálasjóðsgjald).

Með því að lækkun hins háa útflutningsgjalds á nokkrum hluta síldarinnar yrði hvöt til þess að framleiða meira en nú er, með sölu á nýjum stöðum fyrir augum, má gera ráð fyrir, að frv. yrði til þess að auka tekjur ríkissjóðs af útfluttri síld, um leið og aðstaða síldarútvegsmanna yrði að þessu leyti bætt að miklum mun.

Sú aðferð til að létta á útflutningsgjaldinu, sem hér er gert ráð fyrir, er að vísu miðuð við það sérstaka ástand, sem nú er á útflutningnum, einkasölufyrirkomulagið eða annað samskonar skipulag; yrði horfið frá því, mundi verða að setja aðrar og ákveðnari reglur um það, hvar lækkunin skyldi niður koma.

Nd. **268. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 209 [Tekjuskattur og eignarskattur].

Frá Magnúsi Torfasyni og Benedikt Sveinssyni.

Við 46. gr. (16. brtt.) 2. málsl. greinarinnar falli niður.

Nd. 269. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 33, 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Í stað orðanna »árin 1929 og 1930« í 1. gr. laganna komi: árin 1931 og 1932.

2. gr.

Í stað orðanna í 2. gr. laganna »árin 1929 og 1930« komi: árin 1931 og 1932.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 43 frá 4. júní 1924 var Eimskipafélag Íslands h/f undanþegið frá því að greiða tekju- og eignarskatt um fimm ára tíma, eða til ársloka 1928. Jafnframt var svo ákveðið í lögunum, að félagið greiddi ekki aukaútsvar í bæjarsjóð eftir efnum og ástæðum, heldur greiddi það 5% af nettóágóða næsta árs á undan. Með lögum nr. 33 frá 7. maí 1928 voru þessi ákvæði framlengd til ársloka 1930, en jafnframt var því bætt inn í lögin, að undanþágan frá tekju- og eignarskattinum væri bundin því skilyrði, að félagið greiddi ekki hluthöfum hærri arð en 4% á ári, og félaginu auk þess gert að skilyrði að veita allt að 60 mönnum á ári ókeypis far til útlanda og heim aftur á skipum félagsins.

Þar sem fram undan eru örðugir tímar, og félagið hefir fulla þörf á þessari ívilnun, þykir rétt að framlengja þessi hlunnindi í 2 ár enn, eða til ársloka 1932.

Þess skal getið, að einn nefndarmanna (HV) var ekki á fundi fjárhagsnefndar, þegar samþykkt var að bera frv. þetta fram.

Nd. 270. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 209 *[Tekjuskattur og eignarskattur]*.

Frá fjármálaráðherra.

Við 10. Orðin »og í Reykjavík í skattstofunni« í 2. málsgr. brtt. falli burt.

Nd. 271. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar.

Frá öðrum minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir klofnað í málinu. Vill annar minni hlutinn samþykkja frv. óbreytt, en hinn minni hlutinn vill fella það. Einn nefndarmanna (HK) var ekki á fundi, er málið var afgreitt, og er ókunnugt um afstöðu hans.

Alþingi, 24. marz 1931.

Sveinn Ólafsson, form. Sigurjón Á. Ólafsson, frsm.

Nd. 272. Nefndarálit

um frv. til laga um ríkisborgararétt.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndinni hafa borizt 10 umsóknir um veitingu ríkisborgararéttar, en sér eigi fært að mæla með nema 7 þeirra, og þó aðeins með því skilyrði, að þeir sanni fyrir dómsmálaráðherra innan árs, að þeir eigi ekki lengur ríkisborgararétt annarsstaðar. Ef hlutaðeigendur sanna þetta ekki innan þess tíma, öðlast þeir ekki ríkisborgararéttinn.

Nefndin hefir einnig athugað beiðni þá, sem frv. ræðir um, og leggur með henni með sama skilyrði og hinum umsóknunum.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Frumvarpsgr. orðist svo:

Ríkisborgararéttur veitist þeim mönnum, sem hér segir:

1. Johan Martin Pettersen Hestnæs smið á Ísafirði, fæddum í Noregi.
2. Paul Oskar Smith pípulagningarmeistara í Reykjavík, fæddum í Noregi.
3. Ernst Fresenius garðyrkjumanni á Reykjum í Mosfellssveit, fæddum í Þýzkalandi.
4. Alexander Bridde bakarameistara í Reykjavík, fæddum í Rússlandi.
5. Sigmund Ovelius Lövdahl bakara í Neskaupstað, fæddum í Noregi.

6. Karl Johan Svendsen vélasmið í Neskaupstað, fæddum í Noregi.
7. Engelhart Holst Svendsen rafstöðvarstjóra í Neskaupstað, fæddum í Noregi.

Ríkisborgararéttur þessara manna er þó því skilyrði bundinn, að þeir áður ár er liðið frá því, er lög þessi öðlast gildi, sanni fyrir dómsmálaráðherra, að þeir eigi ekki ríkisborgararétt þar, sem þeir eru fæddir.

Alþingi, 24. marz 1931.

Magnús Torfason, form. Magnús Guðmundsson, frsm. Héðinn Valdimarsson, fundaskr.
Jón Ólafsson. Lárus Helgason.

Nd. 273. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 18, 20. okt. 1905, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Heimild sú, sem með lögum nr. 1, 3. jan. 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er veitt kaupstöðum landsins til að gera lögreglusamþykktir, skal ná til allra hreppa á landinu.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi felldur 1. málsl. laga nr. 18, 20. okt. 1905, og lög nr. 7, 18. maí 1920.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Af bættum samgöngum stafar, að lögregluákvæða er þörf einnig til sveita, sérstaklega þó nærri kaupstöðum.

Ed. 274. Frumvarp

til framfærslulaga.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson og Erlingur Friðjónsson.

I. KAFLI.

Um framfærsluskyldu.

1. gr.

Framfærslustyrk skal veita hverjum þeim manni, er sökum fátæktar, vanheilsu, atvinnuskorts eða af öðrum orsökum getur eigi aflað sér þess, er sjálfur hann og skyldulið hans má eigi án vera til lífsframfærslu, og telst þar til læknishjálp og aðhjúkrun í veikindum, enda verði eigi bætt úr þörf hans á annan hátt.

Framfærslustyrkur skal vera svo mikill, sem nauðsyn krefur, að dómi sveitarstjórnar, og honum haga svo sem hún telur rétt vera, þó með þeim takmörkunum, er síðar segir. Framfærslustyrk skal endurgjalda eftir því, sem ákveðið er í lögum þessum, af framfærsluþurfa sjálfum eða framfærslumanni (2.—19. gr.).

Sá, er framfærslustyrk þiggur, er háður valdi sveitarstjórnar svo sem lög þessi mæla fyrir um.

2. gr.

Skylt er hjónum að framfæra hvort annað, meðan hjónabandi þeirra er eigi slitið að lögum.

3. gr.

Skylt er foreldrum í félagi og hvoru fyrir sig að framfæra og uppala börn sín þangað til þau eru 16 ára.

4. gr.

Nú gengur maður að eiga konu þá, er átt hefir áður með öðrum manni barn eða börn, og er honum þá skylt að framfæra og ala upp til fullnaðs 16 ára aldurs það eða þau börn hennar, enda fylgi þau henni, og helzt sú skylda hans, þótt konan deyi, en hverfur ef hjónabandinu er slitið að lögum af öðrum orsökum. Framfærsluskylda föður slíkra barna er eins fyrir það söm og áður en konan giftist þessum manni sínum.

Sömu skyldu að sínu leyti hefir og kona við börn eiginmanns síns, þau er hann hefir átt, áður en hún giftist honum, með annari konu. Framfærsluskylda móður þeirra barna er einnig hin sama og áður en maðurinn kvæntist aftur.

5. gr.

Skylt er kjörforeldri að ala upp og framfæra kjörbarn sitt sem eigið barn, og verður eigi krafizt framfæris og uppeldis af sönnum foreldrum barnsins, nema kjörforeldrin þrjóti.

6. gr.

Börn skulu, svo sem þau eru fær um, ala önn fyrir foreldrum sínum, og mega ekki foreldrar verða framfærsluþurfar, meðan þau eiga þau börn á lífi, sem eru þess umkomin að annast þau. Á sama hátt skulu foreldrar ala önn fyrir börnum sínum 16 ára og eldri.

7. gr.

Framfærslumaður á rétt á að taka framfærsluþurfa frændur sína, þá er honum er skylt fram að færa, heim til sín og ala þar önn fyrir þeim, ef hann fer vel með þá. Móðir óskilgetins barns hefir jafnan rétt og foreldri skilgetins barns til að hafa barn sitt hjá sér eða ráða verustað þess.

Ef framfærsluþurfi er giftur og framfærslumaður eigi skyldur að framfæra hitt hjóna, þá skal framfærslumanni skylt að greiða meðlagið af hendi, nema hann kjósi heldur að taka bæði hjónin á heimili sitt. Nú á þurfamaður tvo eða fleiri jafnnána framfærslumenn, er eigi kemur saman um, hver þeirra skuli taka hann heim til sín og hver gjalda meðlag, og skal þá yfirvald, þar er þurfalingur á lögheimili eða er staddur, skera úr.

8. gr.

Um réttindi og skyldur sveitarstjórna út af framfærslu hjóna og skilgetinna barna og óskilgetinna fer eftir sifjalögum, að því leyti sem lög þessi ná ekki til.

9. gr.

Nú sýkist hjú manns eða slasast af ótilhlýðilegri breytni þess sjálfs, og kostar það sjálft lækning sína og geldur húsbónda fyrir fæði og hjúkrun, meðan það er sjúkt og er á hans vegum.

10. gr.

Ef hjú sýkist eða slasast, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni húsbónda þess, hvort heldur af því að hann hefir skipað hjúinu þau verk, er hann mátti sjá, að því voru um megn, eða og óvanalegan starfa þann, er einhverjum sérstökum háska er bundinn, eða af hverri annari orsök, er húsbónda verður gefin sök á, þá skal hann kosta lækning hjúsins.

11. gr.

Nú sýkist hjú eða slasast, og er hvorki um að kenna ótilhlýðilegri breytni þess sjálfs eða húsbónda þess, og greiðir það þá sjálft kostnað þann, er leiðir af lækning þess og sérstakri hjúkrun, en húsbónda þess er skylt að fæða það ókeypis — einnig þótt fæðið verði að vera sérstakt sjúkrafæði — í allt að 3 mánuði þrítugnætta, þó ekki lengur en út vistráðningartímann.

Ef hjú sýkist eða slasast í fjarlægð frá heimili sínu án þess sjálfu því eða húsbónda þess verði um kennt, og verður að liggja sjúkt utan heimilis síns, þá skal húsbóndi þess greiða legukostnað fyrir það í allt að 3 mánuði þrítugnætta, þó ekki lengur en út vistráðningartímann og ekki yfir 5 kr. um hvern sólarhring.

Sama er og þegar hjúi er komið burt af heimili sínu til lækninga eftir

læknisráði, hvort heldur í sjúkrahús eða annað, enda sé hvorki því né húsbónda þess um leguna að kenna.

12. gr.

Samningur milli húsbónda og hjús um það, að vistinni skuli lokið þegar er hjúið verður sjúkt, skal ógildur, og fari sjúkt hjú úr vist, annaðhvort af því að vistráðin hafa verið bundin slíkum skilmála eða af því, að svo hefir verið um samið eftir að það varð sjúkt, þá losast húsbóndinn eigi fyrir það við skyldu sína til framfærslu á hjúinu eftir lögum þessum, hvorki gagnvart hjúinu sjálfu né framfærslumanni þess.

13. gr.

Leggist hjú sjúkt, má eigi flytja það burt, enda þótt vistartíminn sé á enda, nema læknir eða sóknarprestur eða tveir aðrir skilríkir menn lýsi yfir því áliti, að hjúinu sé ekkert mein þar af búið, né öðrum, ef sýkin er sóttnæm. Nú flytur húsbóndi samt hjúið burtu, og skal hann þá standast allan kostnað af hjúkrun og lækningu sjúklingsins.

14. gr.

Þegar hjú, sem sýkist eða slasast í vistinni, á eftir ákvæðum þessara laga að greiða sjálft lækningarkostnað og hjúkrunar, en hefir ekki efni á því, skal þann kostnað endurgjalda húsbóndanum, ef hann krefst þess, af dvalarsveitinni.

Deyi hjú í vist, skal húsbóndi annast greftrun þess, ef erfingjar gera það eigi, gegn endurgjaldi af sveitarsjóði, ef með þarf.

15. gr.

Um framfærsluskyldu útgerðarmanns gagnvart skipverjum fer eftir siglingalögum.

Framfærslumaður skipverja eða framfærslusveit eiga sömu framfærslukröfu á hendur útgerðarmanni og skipverji, ef hann neytir ekki réttar síns.

16. gr.

Ef iðnaðarnemi, er býr hjá lærimeistara sínum, sýkist, þá er lærimeistari hans skyldur að sjá honum fyrir aðhjúkrun og lækningu á sinn kostnað, þangað til námstímanum er lokið eftir samningnum, eða samningnum er slitið af öðrum löglegum ástæðum, þó eigi lengur en 6 mánuði. Sé sjúklingurinn talinn ólæknandi, eða nemandi hefir beðið það tjón á heilsu sinni, er talsvert kveður að og ætla má að verði langvinnt, skal lærimeistaranum þar að auki vera heimilt að segja lausum námssamningnum 3 mánuðum eftir að nemandi varð fyrir því, og er hann upp frá því undanþeginn þeirri skyldu að annast hjúkrun og lækning nemanda.

Nú hefir svo verið um samið, að náminu skuli hætta, ef nemandi sýkist, eða svo verður um samið síðar, er nemandi verður sjúkur, að náminu skuli lokið, og losast lærimeistari ekki fyrir það frá hinum áðurgreindu skyldum sínum gagnvart sveitarsjóði, er leggja verður með nemanda.

Að öðru leyti skulu ákvæðin í 9., 10. og 13. gr. laga þessara ná til nemenda, er eiga heima hjá lærimeistaranum, og skulu þar að auki ákvæðin í 10.

gr. og ofangreind fyrirmæli um rétt lærimeistarans til þess að segja samningnum slitið, ef nemandi verður sjúkur, eiga við eins fyrir það, þótt hann sé eigi til heimilis hjá lærimeistaranum.

17. gr.

Nú fullnægir framfærslumaður eigi framfærsluskyldu sinni, eða hann fer illa með framfærsluþurfa sinn eða ómaga, og er þá dvalarsveitinni skylt að annast framfærslu framfærsluþurfans eða ómagans, gegn endurgjaldi frá framfærslumanni, svo fremi að sveitarstjórnin álítur, að hann sé fær um að greiða meðlagið. Álit þetta má leggja undir úrskurð yfirvalds, en úrskurði þeim má skjóta til atvinnumálaráðherra.

Ákvæði þessarar greinar á ekki við um framfærslu hjóna í milli, barna yngri en 16 ára, né heldur um framfærslu þá, er getur um í 9.—16. gr.

18. gr.

Með þeim takmörkunum, sem leiðir af ákvæðum næstu greinar á undan, ákveður yfirvald, þar er framfærslumaður á heima, eða dvelur, ef hann hefir hvergi fast aðsetur, meðlag barna með foreldrum, foreldra með börnum, stjúpbörnum (4. gr.) eða kjörbörnum (5. gr.), hjóna hvors með öðru, og upphæð barnsfararkostnaðar (8. gr.).

19. gr.

Nú er meðlagsúrskurður (18. gr.) löglega birtur og meðlag eða barnsfararkostnaður eigi greitt í tæka tíð, og er þá rétt að taka fúlguna lögtaki samkvæmt lögum 16. desember 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Ef ekki næst á þann hátt fúlga sú, er framfærslumaður á að greiða með skilgetnu barni sínu yngra en 16 ára, er ekki fylgir honum (27. gr.), eða stjúpbarni sínu á sama aldri (4. gr.), þá skal um greiðslu fúlgunnar fara sem segir í lögum um greiðslu meðlags af hálfu barnsföður með óskilgetnu barni sínu, að því er við verður komið, ef aðrir lögskyldir framfærslumenn barnsómagans eru þess eigi megnugir að framfæra hann án sveitarstyrks, eða ómaginn eigi á annan hátt kemst af án sveitarstyrks.

II. KAFLI.

Um framfærslurétt.

20. gr.

Ríkið allt er sameiginlegt framfærslufélag, og á hver sá, sem hefir íslenzkan ríkisborgararétt, framfærslurétt í dvalarsveit sinni.

21. gr.

Danskir ríkisborgarar, heimilisfastir hér á landi, eiga sama framfærslurétt sem íslenzkir ríkisborgarar meðan þeir dvelja hér.

Aðrir utanríkismenn eignast framfærslurétt hér á landi, þegar þeir fá íslenzkan ríkisborgararétt.

22. gr.

Maður, sem hefir öðlazt framfærslurétt á Íslandi, missir hann, þá er hann verður borgari í öðru ríki, að svo miklu leyti og á meðan hann að lögum getur eigi notið þeirra réttinda, sem bundin eru við ríkisborgararétt. En öðlist hann aftur ríkisborgararétt, þá á hann framfærslu í þeirri sveit, er hann kýs að dvelja í.

Nú verður maður, sem eigi á heimtingu á framfærslurétt hér á landi, þurfandi framfærslustyrks hér, og honum verður eigi vísað til framfærslu í útlöndum, og skal honum þá styrk veita í dvalarsveit hans.

Nú er þess krafizt frá útlöndum, að tekið verði hér við framfærslu íslenzks ríkisborgara, og ráðherra álítur, að ekki verði komizt hjá því að veita manni þeim viðtöku, og er þá rétt, að ráðherra vísi honum, með fjölskyldu, ef nokkur er, til framfærslu á þá sveit, er hann til þess kýs.

III. KAFLI.

Um það, hvernig haga skuli styrkveitingu.

23. gr.

Framfærslustyrk skal veita á þann hátt, að gætt sé, svo sem verða má, hvorttveggja í einu, hagsmuna almennings og þarfa og velferðar þurfalingsins.

24. gr.

Ekki má halda undirboð á framfærslu þurfalings.

25. gr.

Framfærsluþurfum skal veita styrk á þann hátt, að styrkurinn sé lagður þeim á heimili þeirra, eða þeim komið fyrir á góðum heimilum, þar sem vel fer um þá, þeir látnir fara í sjúkrahús, ef læknir álítur þess þörf, eða þeim loks komið fyrir á framfærslu- eða atvinnustofnun, sem er undir umsjón lögreglustjóra og ráðherra hefir sett reglur fyrir.

26. gr.

Nú geta foreldrar ekki staðið straum af börnum sínum yngri en 16 ára, og má þá fátækrastjórnin taka þau frá foreldrum þeirra og koma fyrir á góðum heimilum hjá siðsömum og ráðdeildarsömum húsbændum. Þó þarf fátækrastjórn leyfi foreldra til þess að taka börnin frá þeim, nema heimilislíf foreldranna megi teljast siðspillandi fyrir börnin eða þar fari illa um þau.

Engu síður skal kosta kapps um að velja góð heimili handa munaðarlausum sveitarbörnum.

Ekki má fátækrastjórn skilja hjón samvistum nema með leyfi þeirra.

27. gr.

Ef foreldrar, sem eigi þiggja framfærslustyrk, veita eigi börnum sínum, er hjá þeim eru, sómasamlegt uppeldi, eða fara illa með þau, þá skal fátækrastjórnin koma börnunum burtu þaðan á góð heimili, þar sem þau fá góðan aðbúnað og hæfilega fræðslu og venjast algengri vinnu, og skal meðgjöf með þeim þangað talin framfærslustyrkur, veittur foreldrum barnanna, nema hún sé þegar í stað endurgoldin.

28. gr.

Sóknarprestar og kennarar skulu líta eftir því, að fyrirmælum í 26. og 27. gr. sé fylgt, og yfir höfuð, að vel sé farið með börn þau, er ræðir um, svo og alla aðra framfærsluþurfa í sóknum þeirra, sem og börn framfærsluþurfa, er upp eru alin hjá foreldrum sínum. Ef presti eða kennara þykir einhversstaðar vera misbrestur á þessu, og geta eigi með umvöndun komið lögun á það, ber þeim að kæra mál það fyrir lögreglustjóra, er halda á fátækrastjórninni til að gæta skyldu sinnar.

Innansveitarmenn hafa einnig rétt til að kæra yfir vanrækslu í þessu efni, og er lögreglustjóra skylt að rannsaka kærur þær. Skulu slík mál sæta meðferð almennra lögreglumála.

29. gr.

Fátækrastjórn skal gera sér allt far um að stuðla að því, að börn, sem eru undir umsjá hennar, séu þannig uppalin, að þau geti séð fyrir sér sjálf, þá er þau eru af ómagaaldri.

30. gr.

Vinnandi mönnum ósjúkum, er leita styrks vegna þess að að þeim þrengir um stund, skal hreppsnefnd eða bæjarstjórn vísa á atvinnu, ef fæst; en ella, ef þess er kostur, útvega styrkþega vinnu við framkvæmdir hjá bæjar- eða sveitarfélagi. Kaupgjald við slíka vinnu skal eigi vera lægra en kauptaxti verklýðsfélaga segir fyrir um.

IV. KAFLI.

Um endurgreiðslu framfærslustyrks.

31. gr.

Sá, sem þegið hefir framfærslustyrk, er skyldur að endurborga hann sveitinni, sem aðra skuld, nema um styrk sé að ræða, sem eigi er afturkræfur eftir þessum lögum.

Framfærslustyrkur, sem veittur er til framfærslu og uppeldis barns innan 16 ára, telst til skuldar foreldrum barnsins í félagi, ef þau eru gift og bæði á lífi, en því foreldri, sem er á lífi, ef annað er dáið, og því foreldri, sem það er hjá, eða síðast var hjá, eða er á vegum þess, ef hjónabandi foreldranna er slitið að lögum.

32. gr.

Ekki á sveitarstjórn rétt á að krefjast nokkurs endurgjalds á styrk, veittum af sveitarfé til að greiða:

a. Gjald fyrir nauðsynlegar bækur og kennsluáhöld handa börnum undir 14 ára aldri, og
b. Greftrunarkostnað þurfamanna, að því leyti sem eftirlátnar eignir þeirra hrökkva ekki til.

33. gr.

Skylt er sveitarstjórn, er hún veitir styrk úr sveitarsjóði, að kveða svo á innan 3 mánaða, að styrkurinn skuli ekki afturkræfur af styrkþega, ef hún telur það sanngjarnt vegna ástæðna þiggjanda. Áður veittan styrk er sveitarstjórn heimilt að gefa eftir hvenær sem er.

Styrkur, sem veittur er styrkþega, sem er fullra 60 ára að aldri, telst ekki sem framfærslustyrkur.

Styrkur, sem veittur er vegna ómegðar þiggjanda, og styrkþegi á minnst 4 heimilisföst börn framfærsluskyld, ef karlmaður á í hlut, en minnst 2 börn, ef kona á í hlut, telst ekki sem framfærslustyrkur.

Styrkur, sem veittur er vegna slysa eða heilsuleysis þiggjanda og styrkþegi sannar með vottorði læknis, að hann hafi þess vegna verið ófær til vinnu minnst 3 mánuði í senn, telst ekki sem framfærslustyrkur.

34. gr.

Nú hafa hjón komizt í sveitarskuld í félagi, eða annað þeirra, meðan þau voru í hjónabandi, og skal þeim þá skylt að endurborga hana báðum fyrir annað og öðru fyrir bæði; þó skal, ef annað þeirra deyr og ekki er fé til að greiða skuldina, eigi hvíla á því eftirlifanda meira en helmingur sveitarskuldar þeirrar, sem þau voru þá í, og ekkert á ekkju, ef hún hefir skylduómaga.

35. gr.

Þegar þeginn framfærslustyrkur er færður inn í sveitarbókina og meiri hluti hreppsnefndar og styrkþegi hafa skrifað undir innfærsluna, að hún sé rétt tilfærð, er bókin sönnun fyrir skuldinni. Sveitarstjórn getur beiðzt lögtaks á skuldum eftir fyrirmælum laga 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Lögtaksbeiðni er gild, þótt síðar komi fram en fyrir er mælt í 2. gr. hinna nefndu laga.

36. gr.

Sveitarstjórn getur látið fógeta eða hreppstjóra skrifa upp alla fjármuni þess, er skuldar sveitinni fyrir þeginn framfærslustyrk. Ef þinglýst er tilhlýðilega eftirriti af uppskriftargerðinni ásamt útdrætti úr sveitarbók, að því er styrkinn snertir, leggst veðband á hina uppskrifuðu muni skuldinni til tryggingar.

Heimilt er sveitarstjórn að fara með fjárkröfur framfærsluþurfa á hendur öðrum mönnum, án þess samþykki hans komi til.

Verkfæri eða búsmunir, sem sveitarstjórn fær framfærsluþurfa í hendur, eru eftir sem áður eign sveitarinnar.

37. gr.

Sannist það fyrir ráðherra, að sá, er þiggur eða þegið hefir framfærslu-

styrk, sem enn er eigi endurgoldinn eða gefinn eftir, fari ráðlauslega með efni þau, er hann hefir undir höndum, skal ráðherra, eftir beiðni sveitarstjórnar og tillögum lögreglustjóra, svipta hann fjárráðum með úrskurði og setja honum fjárráðamann. Fjárráðamaður skal þegar í stað sjá um, að úrskurður þessi verði birtur á varnarþingi þess, sem fjárráðunum er sviptur.

Sannist það með vottorði frá sveitarstjórninni, að framfærslustyrkurinn sé endurgoldinn, skal ráðherra nema úrskurðinn úr gildi, ef sá beiðist, er fjárráðum er sviptur.

Fyrir þinglýsingar þær og aflýsingar, er koma fyrir samkvæmt þessari grein og næstu grein á undan, skal ekkert gjald greiða.

38. gr.

Sá, sem þiggur framfærslustyrk og er þó vinnufær, er skyldur að fara í viðunanlega vist og vinna hverja venjulega vinnu, sem greidd er með venjulegu kaupgjaldi, sem sveitarstjórnin ákveður og honum er ekki um megn, meðan hann er ekki fær um án sveitarstyrks að framfleyta sér og þeim, er hann á fram að færa að lögum. Ákvæði sveitarstjórnar er hann skyldur til að hlýða fyrst um sinn, enda þótt hann vilji ekki kannast við, að vist sú eða vinna sé viðunanleg, er honum var boðin, en málið getur hann jafnframt kært fyrir lögreglustjóra, er sker úr því, eftir að hafa leitað álits tveggja óvilhallra manna og verklýðsfélags á staðnum, ef slíkt er til.

Á sama hátt getur framfærslusveit barnsföður látið hann vinna af sér barnsfúlgu þá, er hún hefir orðið að borga, hafi hann ekki fyrir konu og börnum að sjá, eða látið hann afplána fúlguna í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og við skylduvinnu, og ákveður hlutaðeigandi lögreglustjóri með úrskurði, hve lengi fangelsisvistin skuli standa, þó svo, að í stað hverra 200 kr. komi aldrei meira en 20 daga fangelsi.

Arður af vinnu fangans fellur til framfærslusveitar, enda greiði hún kostnað allan af fangelsisvistinni.

Nú hefir framfærslusveit ekki fengið meðlag greitt fyrir þá sök, að ókunnugt hefir verið um dvalarstað greiðanda eða hann hefir komizt undan lagaaðförum, og er þá þeirri sveit, sem ekki hefir fengið styrk sinn endurgoldinn, heimilt, er greiðandi kemur síðar fram, að ganga að honum að lögum að því er meðlagið snertir.

39. gr.

Nú óhlýðnast þurfamaður skipun sveitarstjórnar, þeirri er getur um í næstu grein hér á undan, og má þá kæra hann um það fyrir lögreglustjóra, er heldur honum til hlýðni, ef þörf gerist, með sektum eða fangelsi, eftir málavöxtum.

Með mál út af brotum gegn þessari grein skal fara sem almenn lögreglumál.

40. gr.

Nú vill maður flytja af landi burt, en hefir vandamenn, sem ekki eru sjálfbjarga og honum ber fram að færa að lögum, og skal hann þá, áður en hann byrjar ferð sína, ef sveitarstjórnin í framfærsluhreppi þeirra eða barns-

móðir heimtar, skyldur að setja viðunanlega tryggingu fyrir því, að vandamenn hans, er eftir verða, verði eigi sveitarfélaginu til þyngsla að minnsta kosti um næstu 3 ár, nema veikindi eða önnur ófyrirsjáanleg óhöpp valdi, enda banni lögreglustjóri utanförina, nema þessum skilyrðum sé fullnægt.

41. gr.

Nú sýnir framfærsluþurfi mikla óhlýðni eða þrjózku við sveitarstjórn, eða hann sökum leti, drykkjuskapar, illinda eða óknytta eykur sveit sinni sýnileg þyngsli, og má þá sveitarstjórnin láta setja hann í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í allt að 3 mánuðum, þó því aðeins, að lögreglustjóri veiti samþykki sitt til þess í hvert sinn, eða setja hann í nauðungarvinnu, með samþykki lögreglustjóra og eftir reglum, er ráðherra þar um setur.

Kostnaður við fangelsisvist eftir grein þessari greiðist af sveitarsjóði.

V. KAFLI.

Um styrkveitingar og niðurjöfnun fátækrakostnaðar.

42. gr.

Nú þarfnast maður framfærslustyrks, og skal hann þá veittur honum af dvalarsveit.

43. gr.

Í lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en 1. marz næsta ár, sendir sveitarstjórn til atvinnumálaráðuneytisins yfirlit yfir framfærslukostnað þann, sem hún hefir haft á árinu, sannað með nægum skilríkjum. Atvinnumálaráðuneytið jafnar síðan niður samanlögðum fátækrakostnaði allra sveita landsins á hverja sveit, að hálfu eftir samanlögðu skattmati fasteigna í sveitinni, í samanburði við samanlagt skattmat allra fasteigna í landinu, að hálfu eftir samanlagðri fjárhæð skuldlausra eigna og tekna af eign og atvinnu í sveitinni, í samanburði við samanlagðar tilsvarandi fjárhæðir á öllu landinu. Atvinnumálaráðuneytið innheimtir síðan eftirstöðvar fátækrakostnaðar hjá þeim sveitum, sem greitt hafa minna en þeim ber samkv. þessari niðurjöfnun, og endurgreiðir þeim sveitum mismuninn, sem hafa greitt of mikið. Skal þeim innheimtum og endurgreiðslum lokið fyrir 1. júlí vegna undanfarandi árs.

Atvinnumálaráðuneytið hefir úrskurðarvald um sérstaka reikninga yfir veittan framfærslustyrk og um reikninga sveitarfélaga yfir framfærslukostnað í heild sinni.

Við niðurjöfnun fátækrakostnaðar skal fara eftir gildandi fasteignamati og tekju- og eignaframtali ársins á undan.

44. gr.

Áður en styrkþurfa sé veittur framfærslustyrkur, skal — nema styrksþörfin sé svo brýn, að til þess fáist ekki svigrúm, en þá svo fljótt sem unnt er — sveit-

arstjórnin í dvalarsveitinni láta sýslumann eða hreppstjóra yfirheyra styrkþurfa með vottum, til þess að fá skýrslu um þessi atriði:

1. Nafn, fæðingarstað og aldur styrkþurfa. Sé hann giftur, skal skýra frá því, hvar og hvenær hann hafi gifzt.
2. Æfiferil hans eftir 16 ára aldur.
3. Hvort og hvenær hann hafi þegið framfærslustyrk, og hvort styrkurinn sé endurgoldinn.
4. Heimilisástæður hans og hag yfirleitt og hvers vegna hann sé þurfandi orðinn.

Sé skýrslan gefin fyrir lögreglustjóra, skal hún tekin í rétti. Taki hreppstjóri skýrsluna, skal hún rituð á eyðublað, er ráðherra semur, gefin undir eiðstilboð, undirrituð af hreppstjóra, tveim vitundarvottum og styrkþurfa sjálfum. Nú verða hjón þurfandi fyrir sig og börn sín, og gefur þá maðurinn hina umræddu skýrslu, ef hann er viðstaddur eða til hans næst án of mikillar tafar. Að öðrum kosti gefur konan skýrsluna eftir beztu vitund, og sé skýrslu hennar í einhverju ábótavant, þá skal úr bæta svo fljótt sem hægt er og á þann hátt, sem hentast er.

Ef barn yngra en 16 ára þarfnast styrks, og hvorugt foreldra er innansveitar, þá skal leita skýrslna um barnið hjá þeim mönnum nærstöddum, sem helzt mega af vita.

45. gr.

Nú verður ágreiningur sveitarfélaga á milli um skyldur þær, er á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum, og skal þá yfirvald skera úr ágreiningi þeim. Séu sveitarfélög þau, er deila, hvort í sinni sýslu eða lögsagnarumdæmi, skal úrskurð á leggja yfirvald þar, er það sveitarfélag er, sem krafið er. Úrskurði yfirvalds má hvor málsparta skjóta til ráðherra á 6 vikna fresti, talið frá þeim degi, er málsaðilja varð kunnugt um úrskurðinn, til þess dags, er áfrýjunarskjalið er afhent á póststöð til sendingar með pósti, eða komið til skrifstofu ráðherra, ef ekki er sent með pósti.

Úr deilum út af framfærslu milli sveitar hér á landi og sveitarfélags í Danmörku skal skorið með samkomulagi milli hlutaðeigandi íslenzks og dansks ráðherra.

VI. KAFLI.

Sérstakur styrkur úr ríkissjóði.

46. gr.

Ef framfærsluþurfi fer eftir læknisráði í sjúkrahús, annað en holdsveikraspítala eða geðveikrahæli, þá greiðir dvalarsveit hans ⅖ hluta meðlagskostnaðarins, þar með talin lyf og læknishjálp, þó aldrei yfir 400 kr. á ári. Að öðru leyti greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði, en aldrei nema fyrir 4 sjúklinga á ári úr sama sveitar- eða bæjarfélagi. Um berklaveika sjúklinga fer eftir því, sem ákveðið er í lögum um varnir gegn berklaveiki, að svo miklu leyti sem þau lög koma í bága við þessa grein.

Ríkissjóðsstyrkur, sem veittur er samkvæmt þessari grein, er ekki afturkræfur hjá styrkþega.

47. gr.

Nú er manni, sem á framfærslurétt hér á landi, veittur framfærslustyrkur erlendis, og er þá skylt að endurgreiða þann styrk úr ríkissjóði. Sömuleiðis greiðist úr ríkissjóði allur kostnaður við flutning þess styrkþurfa og skylduliðs hans frá útlöndum, ef til slíks flutnings kemur og kostnaðurinn við hann fæst ekki á annan hátt endurgoldinn.

Ríkissjóðsstyrkur, sem veittur er samkvæmt þessari grein, er ekki afturkræfur.

48. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin fátækralög, nr. 43 1927, svo og önnur þau ákvæði í lögum, er koma í bága við lög þessi.

49. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1932.

Greinargerð.

Frv. það til framfærslulaga, sem hér er fram borið, er að mestu gagngerð breyting á núgildandi fátækralögum, og þykir hlýða að gera hér grein fyrir nokkrum helztu atriðum þess.

I. kafli þessa frv. (1.—19. gr.) er í öllum aðalatriðum óbreyttur eins og hann er í núgildandi lögum. Breytt er að vísu um orðalag, t. d. er orðið „sveitarstyrkur“ eigi notað, heldur „framfærslustyrkur“, og er það meira í samræmi við efnisbreytingar þær, sem gerðar eru á lögunum.

Aðalbreytingin kemur fyrst fram í II. kafla frv. (20.—22. gr.). Eftir því er ríkið allt eitt sameiginlegt framfærslufélag og á þá hver maður framfærslu í dvalarsveit sinni. Er þar með komið í veg fyrir allt þref og þjark milli sveitarstjórna út af styrkveitingum veittum úr sveitarsjóði og út af sveitfestinni. Sömuleiðis falla þá úr lögum hinn leiði fátækraflutningur og hinir miklu hrakningar, sem fátækt fólk hefir þolað þess vegna fyrr og síðar. Eftir frv. á hver maður rétt á framfærslustyrk hjá sveitarfélagi því, er hann dvelur (þ. e. er búsettur) í, án tillits til þess, hvar hann er fæddur, eða þótt hann hafi dvalið lengur annarsstaðar. Þá hættir og þar með „að vinna sér sveit“, sem svo er kallað, og oft hefir verið fátæklingum kvíðaefni og valdið sveitarstjórnum oft miklum heilabrotum og áhyggjum, hvernig þær ættu að losna við févana ómagafólk, áður en sveitfestistíminn væri útrunninn.

III. kafli (23.—30. gr.), um styrkveitingar, er að miklu óbreyttur frá núgildandi lögum. Þó er það nýtt, að kennarar hafi ásamt sóknarprestum eftirlit með því, að vel sé farið með börn í umdæmi þeirra eða sókn, er fá uppeldisstyrk frá sveitarfélagi eða er ráðstafað af fátækrastjórn. Einnig skulu þeir líta eftir

því, að öðrum, er framfærslustyrks njóta og ráðstafað er af sveitarstjórn, líði vel, og vanda um, ef misbrestur verður á.

Þá er og lögð áherzla á, að vinnandi mönnum, er þrengir að um stund (30. gr.), sé útveguð vinna við framkvæmdir hjá bæjar- eða sveitarfélagi. Öll bæjar- og sveitarfélög hér á landi eiga mörg og nauðsynleg verk óunnin, og er sjálfsagt að veita fullvinnandi mönnum atvinnu við þau, frekar en að greiða framfærslustyrk úr sveitarstjóði, og fá ekkert í aðra hönd.

Eftir IV. kafla (31.—41. gr.) er sá, er þiggur framfærslustyrk, skyldur að endurgreiða sveitarfélagi (dvalarsveit) þeginn styrk, svo sem verið hefir. Í núgildandi lögum er styrkur veittur sextugu fólki eða eldra eigi talinn sveitarstyrkur (framfærslustyrkur) og varðar eigi réttindamissi. Er þetta rýmkað verulega í frv. og látið ná til þeirra, er þurfa að þiggja styrk vegna ómegðar, slysa eða heilsuleysis. Þá er og sveitarstjórn heimilt að gefa eftir áður veittan framfærslustyrk (sveitarstyrk) hvenær sem er (33. gr.)

Greinar frv. í V. kafla eru um styrkveitingar og niðurjöfnun fátækrakostnaðar. Í 42. gr. er svo ákveðið, að þarfnist maður framfærslustyrk, þá skuli hann veittur af dvalarsveit. En dvalarsveit verður að teljast sú sveit, þar sem maður er búsettur eða heimilisfastur, því vitanlega kæmi ekki til mála, að maður, sem t. d. væri á ferðalagi, gæti fengið framfærslustyrk hjá sveitar- eða bæjarfélagi, er hann er staddur í í þann og þann svipinn.

43. gr. ræðir um niðurjöfnun fátækrakostnaðar. Atvinnumálaráðuneytið jafnar þessum kostnaði niður, eftir reglum þeim, er settar eru í greininni. Er í niðurjöfnun miðað við tvennt, að hálfu eftir samanlögðu skattmati fasteigna í sveitinni, í samanburði við skattmat allra fasteigna í landinu, og að hálfu eftir samanlagðri fjárhæð skuldlausra eigna og tekna af eign og atvinnu í sveitinni, einnig í samanburði við tilsvarandi fjárhæðir á öllu landinu. Til mála gæti komið að taka hér fleira til greina, svo sem framlög og útgjöld til sameiginlegra félagsmála sveitar, minnka þörfina fyrir framfærslustyrk; taka mætti og til greina kostnað við framkvæmdir sveitarfélags, sem gerðar eru í atvinnubótaskyni, til að forða mönnum frá því að þurfa að þiggja framfærslustyrk.

Rétt þykir, að atvinnumálaráðuneytið úrskurði reikninga yfir veittan framfærslustyrk, bæði einstaka reikninga yfir veittan styrk, svo og heildarreikninga yfir fátækrakostnað sveitarfélags.

Hér er ákveðið, að yfirlit yfir framfærslukostnað sveitarfélags verði sent atvinnumálaráðuneytinu ekki síðar en 1. marz árið eftir, og niðurjöfnun fátækrakostnaðar og innheimtum verði lokið fyrir 1. júlí.

Má sjálfsagt um það deila, hvort hér eru settir nægilega langir frestir, en eigi má niðurjöfnun dragast mikið lengur en hér er ákveðið.

Með þeirri jöfnun á fátækrakostnaði, sem hér er gerð, bera vel stæð hreppsfélög, ef þau hafa litinn framfærslukostnað, nokkuð af fátækrabyrði hinna fátækari hreppsfélaga, og verður það að teljast réttlátt.

Í 44. gr. er því haldið, að miklu óbreytt, að taka skýrslu af framfærsluþurfa; getur slík skýrsla fylgt yfirlitinu yfir fátækrakostnað til stjórnarráðsins.

Þótt allt það þref og þras, er nú stendur milli fátækrastjórna um sveitfesti styrkþurfa og fátækraflutninga, hverfi, ef frv. verður samþykkt, þá þykir þó var-

legra að halda því ákvæði, að yfirvald, og síðan ráðherra, ef máli er til hans skotið, skeri úr ágreiningi, er upp kann að koma milli sveitarfélaga um skyldur þær, er á þeim hvíla samkvæmt þessum lögum (45. gr.).

VI. kafli (46.—49. gr.) ræðir um styrk úr ríkissjóði; þar er gerð á sú aðalbreyting, að framfærslustyrkur, sem veittur er erlendis, og nú er greiddur af framfærslusveit, skuli greiðast úr ríkissjóði.

Flutningsmönnum er það ljóst, að mikill vandi er að gera gagngerðar breytingar á fátækralöggjöfinni, svo að hvergi verði snurða á framkvæmd eftir lögunum, þá er þau verða tekin til eftirbreytni. Er og margt, er betur sést síðar, þá er menn hafa notað lög um stund, er eigi varð komið auga á við samning þeirra. Sjálfsagt má og finna einhverja galla á frumvarpi þessu, en varla ættu þeir að vera meiri en svo, að vel mætti laga þá í þingnefnd, ef með alúð væri að því unnið.

Nd. 275. Breytingartillaga

við frv. til laga um stjórn vitamála og um vitabyggingar (þskj. 245).

Frá Hákoni Kristóferssyni.

Við 6. gr. Fyrir orðin »að fengnum« komi: eftir.

Ed. 276. Frumvarp

til laga um vitagjald.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Fyrir hvert skip, sem hefir fullkomið þilfar eða gangvél og tekur höfn hér á landi eða haldið er úti frá landinu, skal greiða vitagjald, er nemur kr. 1,25 af hverri smálest af rúmmáli skipsins, og skal hálf lest og þaðan af stærra brot talin heil, en minna broti sleppt. Skemmtiferðaskip, sem flytja engan farm fyrir borgun, annan en farþega, skulu þó aðeins greiða 50 aura gjald af hverri smálest.

Undanþegin gjaldi þessu eru herskip og skip, sem leita hafnar í neyð, en taka engan farm í landi né úr öðrum skipum, né heldur flytja farm í land eða önnur skip, enda hafi sannazt í sjóprófi eða á annan hátt, að þau hafi verið í nauðum stödd af árekstri, sjóskemmdum, veikindum, farmskekkju eða ófriði.

Gjald þetta skal greiða í hverri ferð, er skip kemur frá útlöndum, og skal það innt af hendi á fyrstu höfn, sem skipið tekur hér við land. Skip, sem aðeins eru höfð til innanlandssiglinga eða haldið er úti til fiskjar af landsmönnum,

greiða gjald þetta einu sinni á ári. Árgjaldið greiðist í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett.

Ríkisstjórnin hefir heimild til að semja við stjórnir annara ríkja um gjald þetta fyrir fiskiskip, sem þaðan eru gerð út til fiskveiða hér við land.

2. gr.

Gjald það, sem um ræðir í 1. gr., rennur í ríkissjóð og innheimtir það tollstjórinn í Reykjavík, en annarsstaðar lögreglustjórar eða umboðsmenn þeirra. Þegar umboðsmenn lögreglustjóra innheimta gjald þetta af erlendum fiskiskipum á stöðum, þar sem lögreglustjóri er ekki búsettur, ber innheimtumanni 20% af gjaldinu.

Skipstjóri er skyldur að sýna innheimtumanni dagbók skipsins.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða skipstjóra 30—600 kr. sektum til ríkissjóðs, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

4. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1932 og falla samtímis úr gildi þessi lög:

Lög nr. 17, 11. júlí 1911, um vitagjald, að því leyti sem þau eru ekki áður úr gildi felld.

Lög nr. 29, 28. nóv. 1919, um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. júlí 1911.

Ed. 277. Breytingartillögur

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Frá Jóni Baldvinssyni.

1. Við 1. gr. Orðið »Reykjavíkurkaupstaðar« í fjórðu málsgrein skal falla niður.
2. Aftan við 3. gr. bætist:

   Með lögum má ákveða, að kosnir séu varaþingmenn eftir sömu reglum og þingmenn eru kosnir og samtímis. Tekur þá varaþingmaður sæti, það sem eftir er kjörtímans, ef þingmaður deyr eða fer frá á kjörtímanum. Sama er og, ef þingmaður forfallast, svo að hann getur ekki setið á einhverju þingi, hvort er reglulegt þing eða aukaþing, eða það sem eftir er af því þingi.
3. 1. og 2. málsgr. 4. greinar skal orða svo:

a. 1. málsgrein 29. gr., sem verður 28. gr., orðist þannig:
b. Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar og konur, sem eru 21 árs eða eldri, þegar kosning fer fram, og sem hafa ríkisborgararétt hér á landi og hafa verið búsettir í landinu síðustu fimm árin áður en kosningar fara fram. Þó getur enginn átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu 1 ár og sé fjár síns ráðandi.

Nd. 278. Nefndarálit

um frv. til laga um ræktunarsamþykktir.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin lítur svo á, að í frv. þessu séu mjög merkilegar uppástungur, sem líklegar séu til að verða landbúnaðinum til mikils gagns, ef þær komast í framkvæmd.

Samkv. frv. er ætlazt til, að sett verði heimildarlög, sem hinum einstöku sveitum er í sjálfsvald sett, hvort þær nota eða ekki. Búast má við, að fáar sveitir mundu nota þessa heimild fyrst í stað. Mikið getur því ekki verið í húfi, jafnvel þó reynslan sýndi síðar, að önnur tilhögun en gert er ráð fyrir í frv. væri heppilegri í einstökum atriðum, en um leið og fyrsta sveitin byrjaði á slíkum framkvæmdum, fengist þegar mikilsverð reynsla, sem síðar mætti byggja á.

Um þær fáu breytingar, er nefndin vill gera á frumvarpinu, skal þetta tekið fram:

Ekki virðist ráðlegt að gera slíka ræktunarsamþykkt fyrir sveit, nema eindreginn áhugi sé fyrir því í sveitinni. Mun öllum félagsskap svo bezt borgið, að sem allra fæstir séu nauðugir í honum. Ætlazt er til, að 1. brtt. tryggi þetta betur en gert er í frv.

Í 10. gr. 4. lið frv. er ákvæði um, að »ræktunarkostnaðurinn skiptist niður á býlin eftir réttri tiltölu«. Ekki er vel ljóst, hvað átt er við með þessu. Vill nefndin taka af öll tvímæli í því efni og ákveða, að kostnaðurinn skiptist á býlin eftir kostnaði við ræktun hvers þeirra.

Í frv. eru engin ákvæði um það, hversu haga skuli styrkveitingu samkv. jarðræktarlögunum til þeirra framkvæmda, er frv. fjallar um, eða hvernig hann skuli skiptast milli aðilja. Ef til vill má og komast af án þess, þar sem þetta mundi hvort sem er fara eftir eðli framkvæmdanna og Búnaðarfélag Íslands án efa geta fundið réttan grundvöll í því efni án sérstakrar lagaheimildar. Nefndinni þykir þó réttara að setja ákvæði um þetta í frv. sjálft. Leggur hún til, að enginn jarðræktarstyrkur greiðist til þess hluta framkvæmdanna, er ríkissjóði er ætlað að hafa, en í þess stað sé $^{1}/_{5}$ hluti af ríkissjóðsframlaginu ekki afturkræfur, þannig að eigendur jarða geti leyst af þeim afgjaldskvöð þá,

er getur í 10. gr. 6. lið, með því að leggja sjálfir fram í upphafi $^4/_5$ hluta þess kostnaðar, eða með því að leysa til sín afgjaldskvöðina síðar með 20-faldri upphæð hennar, í stað 25-faldri, sem annars ætti að vera. Mundi þetta að sjálfsögðu stuðla mjög að því, að afgjaldskvaðirnar yrðu leystar af jörðunum, og væri það báðum hentugt, ríkissjóði og eigendum jarðanna. Jafnframt þessu leggur nefndin til, að um skipti á jarðræktarstyrk milli landsdrottins og leiguliða, vegna þess hluta framkvæmdanna, sem þeir eru í félagi um, fari eftir reglugerð, er atvinnumálaráðherra setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands. Yrði þá Búnaðarfélagið að meta þátttöku hvors aðilja og skipta síðan styrknum samkvæmt því. (VI. brtt.).

Hafi landeigandi þurft að taka lán til þeirra framkvæmda, er honum ber að leysa af hendi samkv. 15. gr. 2. lið, er sanngjarnt, að leiguliði greiði raunverulega vexti af því láni, þó hærri séu en 4%. Vill nefndin með V. brtt. sinni lögfesta þetta.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþ. með eftirfylgjandi

BREYTINGUM.

I. Við 5. gr.
   a. Fyrir »$^3/_4$« komi: $^4/_5$.
   b. — »$^4/_5$« — $^5/_6$.

II. Við 10. gr. 4. lið. Fyrir »réttri tiltölu« komi: kostnaði við ræktun hvers þeirra.

III. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   Eigendur býla geta leyst af þeim afgjaldskvöð þá, er ræðir um í 10. gr. 6. lið, annaðhvort með því að leggja fram sjálfir $^4/_5$ hluta þess kostnaðar þegar í upphafi, eða með því að leysa inn afgjaldskvöðina með 20-faldri upphæð hennar. Styrkur samkvæmt jarðræktarlögunum greiðist ekki til þess hluta framkvæmdanna, er um getur í 15. gr. 1. lið.

IV. Við 15. gr. 2. tölul. Á undan orðunum »ef þörf er« komi: og.

V. Við 16. gr. Á eftir fyrri málslið komi nýr málsl.:
   Hafi framlag landsdrottins verið greitt með lánsfé, ber þó leiguliða að greiða þá vexti, er sannanlega hvíla á framlaginu, þó hærri séu en 4%.

VI. Á eftir 16. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Um skipti á jarðræktarstyrk milli landsdrottins og leiguliða, vegna þess hluta framkvæmdanna, er um getur í 15. gr. 2. og 3. tölulið, skal ákveða í reglugerð, er atvinnumálaráðherra setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Greinatala breytist samkv. atkvæðagreiðslu.

Alþingi, 24. marz 1931.

Lárus Helgason,	**Bernh. Stefánsson,**	**Bjarni Ásgeirsson,**
form.	**frsm.**	**fundaskrifari.**
Einar Jónsson.	**Jón Sigurðsson**	
	(með fyrirvara).	

Nd. 279. Nefndarálit

um frv. til laga um skatt af húseignum í Neskaupstað.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að deildin samþykki frv. óbreytt.

Alþingi, 25. marz 1931.

Magnús Torfason, form. Héðinn Valdimarsson, fundaskrifari. Lárus Helgason, frsm.
Magnús Guðmundsson. Jón Ólafsson.

Nd. 280. Nefndarálit

um frv. til l. um löggilding verzlunarstaðar að Súðavík við Álftafjörð í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að deildin samþykki frumvarpið.

Alþingi, 25. marz 1931.

Magnús Torfason, form., frsm. Héðinn Valdimarsson, fundaskrifari. Jón Ólafsson.
Magnús Guðmundsson. Lárus Helgason.

Ed. 281. Frumvarp

til laga um bókasöfn prestakalla.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Stofna má bókasöfn fyrir prestaköll með bókagjöfum og bókakaupum, svo sem nánar er tiltekið í lögum þessum.

2. gr.

Til bókasafna prestakalla skulu einkum keyptar bækur guðfræðilegs og heimspekilegs efnis, svo og almennar fræðibækur og úrvals skáldrit. Bókasöfnin mega þiggja bækur að gjöf.

3. gr.

Nú vill sóknarprestur stofna eða auka við bókasafn prestakalls síns. Skal hann þá fyrir júnílok ár hvert senda „bókanefnd prestakalla“ skrá yfir bækur þær, er hann óskar að fá í bókasafnið, og greiða ¼ verðs þeirra innbundinna og flutningsgjalds fyrirfram.

4. gr.

Bókanefnd prestakalla skipa þrír menn. Kýs prestastefnan tvo þeirra og einn varamann, en kirkjumálaráðuneytið skipar einn mann, kunnan að smekkvísi og þekkingu á bókmenntum. Nefndin skal kosin og skipuð til þriggja ára í senn og skiptir sjálf með sér störfum. Bókanefnd starfar kauplaust, en útlagður kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af bókakaupafé.

Bókanefnd skal veita leiðbeiningar um val bóka, annast kaup á þeim og úrskurða um það, hvort bækur fullnægi skilyrðum 2. gr. Nefndin sker úr um það, hverjum skuli veita styrk til bókakaupa og hvaða bækur skuli kaupa af þeim, sem óskað er eftir, þegar umsóknir fara fram úr því, sem hámark ríkisstyrks leyfir.

Þau prestaköll ganga fyrir öðrum um styrkveitingu, þar sem ekki eru fyrir bókasöfn, sem prestur og söfnuður getur haft til afnota.

5. gr.

Nú hefir bókanefnd borizt beiðni um útvegun bóka samkvæmt 3. gr., og kemur beiðnin eigi í bága við fyrirmæli 2. greinar laga þessara. Útvegar hún þá bækurnar, en ráðuneytið ávísar bókanefndinni, eða bóksala hennar, ¾ kostnaðar úr ríkissjóði, gegn því að bækurnar verði eign bókasafns prestakallsins. Þó má ekkert ár verja meiru fé úr ríkissjóði í þessu skyni en 4 þús. kr. samtals.

6. gr.

Um leið og bókanefnd sendir presti bækur til bókasafns prestakalls hans samkvæmt lögum þessum, sendir hún prófasti skrá yfir bækur þær, er bókasafninu þannig bætast. Prestar skulu árlega senda prófasti skrá um gefnar bækur. Skal prófastur gera aðalskrá um bókasöfn í prófastsdæminu, sundurliðaða eftir prestaköllum.

7. gr.

Þegar prestur hefir veitt móttöku bókum samkvæmt lögum þessum, skal hann rita á þær nafn prestakalls síns og skrásetja. Prófastur löggildir bók undir bókaskrá prestakalls, og ber honum á skoðunarferðum sínum að hafa eftirlit með því, að bækurnar séu vel varðveittar.

8. gr.

Bókasafn prestakalls skal geymt á heimili prests. Presti er skylt að vátryggja safnið gegn eldsvoða. Þar sem fleiri en einn sóknarprestur er í presta-

kalli, skal sá prestur varðveita bókasafnið, sem elztur er að embættisaldri, nema öðruvísi um semjist með prestum kallsins.

Nú er prestakall prestslaust, og gerir prófastur þá þær ráðstafanir, er þurfa þykir, til öryggis safninu.

Við prestaskipti skal fara fram úttekt á bókasafni prestakallsins, og gerir prófastur þá fráfarandi presti að greiða bætur fyrir, ef á vantar og kenna má vangeymslu hans.

9. gr.

Presti er skylt að lána sóknarbörnum bækur úr bókasafni prestakalls síns, sér að bagalausu. Lántakandi er skaðabótaskyldur, þegar bækur skaddast eða glatast. Útlánaskrá skal fylgja hverju bókasafni. Skal prestur leggja kapp á, að bókasafn prestakallsins verði söfnuðinum að sem mestum notum. Prestum er heimilt að lána hver öðrum bækur úr bókasöfnum prestakalla. Heimilt er og að skiptast á bókum úr bókasöfnum, þegar hlutaðeigandi prestar óska þess og bókanefnd samþykkir.

10. gr.

Prestum og próföstum er skylt að gefa þær skýrslur um bókasöfn prestakalla, notkun þeirra og varðveizlu, sem biskup fyrirskipar.

Ed. 282. Frumvarp

til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

I. KAFLI.

Um tekjuskatt.

1. gr.

Hver maður heimilisfastur hér á landi er skyldur til, með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum þessum, að greiða skatt í ríkissjóð af tekjum sínum, enda hafi hann verið heimilisfastur hér a. m. k. 6 mánuði af skattárinu.

Nú dvelur maður erlendis um stundarsakir, en bregður eigi heimilisfangi sínu hér á landi, og skal hann þá gjalda skatt eins og hann dveldi að staðaldri í landinu.

2. gr.

Nú er maður eigi heimilisfastur hér á landi, en á hér eignir og hefir tekjur af þeim, eða af atvinnu, eða af sýslan, sem hér eða héðan er rekin, svo sem sjómenn á íslenzkum skipum, sem eigi greiða skatt í öðru ríki, og skal hann þá gjalda skatt af tekjum þessum og tilnefna fyrir hlutaðeigandi

skattheimtumanni, hver greiði skattgjald hans, enda sé sá maður búsettur á skattsvæði skattheimtumanns.

Sömuleiðis skal sá, er eigi hefir aðsetur hér á landi, en hefir laun, biðlaun eða styrk úr ríkissjóði, eða tekjur frá alþjóðlegri stofnun innlendri, eða arð af hlutafé í innlendu hlutafélagi eða öðrum fyrirtækjum, gjalda skatt af þessum tekjum, og skal tekjuskattinum haldið eftir við greiðslu fjárins.

Þeir menn, er starfa erlendis í þjónustu hins íslenzka ríkis, skulu undanþegnir tekjuskatti af þeim launum, sem þeir fá fyrir þau störf.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annara ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á tekju- og eignarskatti og sveitargjöldum þeirra íslenzkra og erlendra ríkisborgara, sem eftir gildandi skattlöggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu tekjum eða eignum í hvorutveggja ríkjanna.

3. gr.

Tekjuskatt greiða ennfremur:

a. Hlutafélög, samlagshlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, nema tekjuafgangi sé einungis varið til almennra þarfa.
b. Gagnkvæm ábyrgðarfélög, kaupfélög, smjörbú, sláturfélög og önnur samvinnufélög.
c. Önnur félög, sjóðir og stofnanir, sem ekki eru sérstaklega undanþegin skattgjaldi, sbr. 4. gr., svo og dánarbú og þrotabú.

Ef ekki eru fleiri en 4 félagar í verzlunarfélagi eða öðru atvinnufélagi með persónulegri ábyrgð, er skattur ekki lagður á félagið sjálft, heldur hvern einstakan félaga, ef ósk kemur fram um það frá félaginu, um leið og tekjur eru taldar fram, enda fylgi beiðninni þær skýrslur, sem með þarf til þess að ákveða skatt hvers einstaks félaga.

Slík félög og stofnanir, sem um ræðir í þessari grein og ekki eiga heimili hér á landi, en eiga hér eignir og hafa tekjur af þeim, eða af starfsemi, sem hér eða héðan er rekin, skulu greiða skatt í ríkissjóð af tekjum þessum.

4. gr.

Undanþegið öllum tekjuskatti er konungur og borðfé hans og ættmanna hans, ríkissjóður, ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir og aðrir þeir sjóðir, er standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, sveitarfélög og bæjarfélög og fyrirtæki þeirra, kirkjusjóðir, sparisjóðir, sem engan arð greiða stofnendum sínum eða ábyrgðarmönnum, og ennfremur sjóðir, félög og stofnanir, er ekki reka atvinnu eða veitt er skattfrelsi með sérstökum lögum.

5. gr.

Erlendir þjóðhöfðingjar, sendiherrar og sendikonsúlar annara ríkja og starfsmenn erlendra sendisveita eru undanþegnir tekjuskatti, nema að því leyti, sem þeir njóta tekna úr ríkissjóði eða alþjóðlegri stofnun innlendri, eigi hér fasteignir eða hafi tekjur af þeim, reki atvinnu eða eigi hlut í einhverju atvinnufyrirtæki hér á landi.

6. gr.

Skattgjald þeirra, sem ræðir um í 1. og 2. gr., reiknast þannig: Ef hinn skattskyldi hluti tekna þeirra er undir 500 kr., greiðist af honum 0,6%.

Af	500	til	1000	kr.	greiðist	3	kr.	af	500	kr.	og	0,8%	af	afgangi
—	1000	—	2000	—	—	7	—	—	1000	—	—	0,5	—	—	—
—	2000	—	3000	—	—	22	—	—	2000	—	—	2	—	—	—
—	3000	—	4000	—	—	42	—	—	3000	—	—	3	—	—	—
—	4000	—	5000	—	—	72	—	—	4000	—	—	4	—	—	—
—	5000	—	6000	—	—	112	—	—	5000	—	—	5	—	—	—
—	6000	—	7000	—	—	162	—	—	6000	—	—	6	—	—	—
—	7000	—	8000	—	—	222	—	—	7000	—	—	7	—	—	—
—	8000	—	9000	—	—	292	—	—	8000	—	—	8	—	—	—
—	9000	—	10000	—	—	372	—	—	9000	—	—	9	—	—	—
—	10000	—	11000	—	—	462	—	—	10000	—	—	10	—	—	—
—	11000	—	12000	—	—	562	—	—	11000	—	—	11	—	—	—
—	12000	—	13000	—	—	672	—	—	12000	—	—	12	—	—	—
—	13000	—	14000	—	—	792	—	—	13000	—	—	13	—	—	—
—	14000	—	15000	—	—	922	—	—	14000	—	—	14	—	—	—
—	15000	—	16000	—	—	1062	—	—	15000	—	—	15	—	—	—
—	16000	—	17000	—	—	1212	—	—	16000	—	—	16	—	—	—
—	17000	—	18000	—	—	1372	—	—	17000	—	—	17	—	—	—
—	18000	—	19000	—	—	1542	—	—	18000	—	—	18	—	—	—
—	19000	—	20000	—	—	1722	—	—	19000	—	—	19	—	—	—
—	20000	—	25000	—	—	1912	—	—	20000	—	—	19,5	—	—	—
—	25000	—	30000	—	—	2887	—	—	25000	—	—	20	—	—	—
—	30000	—	35000	—	—	3887	—	—	30000	—	—	21	—	—	—
—	35000	—	40000	—	—	4937	—	—	35000	—	—	22	—	—	—
—	40000	—	50000	—	—	6037	—	—	40000	—	—	23	—	—	—
—	50000	—	70000	—	—	8337	—	—	50000	—	—	24	—	—	—
—	70000	—	100000	—	—	13137	—	—	70000	—	—	25	—	—	—
—	100000	og	þar	yfir	—	20637	—	—	100000	—	—	26	—	—	—

Skattgjald samkvæmt 2. gr. reiknast þó aldrei lægra en 5% af tekjum.

7. gr.

Skattgjald innlendra félaga og stofnana, er um ræðir í 3. gr., reiknast þannig:

Þegar skattskyldar tekjur í hlutfalli við innborgað hlutafé, stofnfé eða tryggingarfé, nema undir 2%, greiðist 5% af þeim.

2—	5%	greiðist	5	%	af	fyrstu	2%	og	10%	af	afgangi
5—10—	—	8	—	—	—	5—	—	15—	—	—
10—20—	—	11½	—	—	—	10—	—	20—	—	—
20—50—	—	15¾	—	—	—	20—	—	25—	—	—
50%	og	þar	yfir	$21\frac{3}{10}$	—	—	—	50—	—	30—	—	—

Með innborguðu hlutafé eða stofnfé skal telja varasjóð þann, sem félaginu kann að hafa safnazt af arði, sem lagður hefir verið til hliðar í því

skyni, eins og sá sjóður var í byrjun næsta reikningsárs á undan niðurjöfnuninni.

Skattgjald innlendra félaga og stofnana án innborgaðs hlutafjár eða stofnfjár, svo og skattgjöld útlendra félaga, reiknast eftir reglunum í 6. gr., þó aldrei lægra en 5% af hinum skattskyldu tekjum.

Af skattskyldum tekjum þeirra félaga, sem um ræðir í 3. gr. b, greiðist jafnan 6%.

8. gr.

Tekjuskattinn eftir 6. og 7. gr. er ríkisstjórninni heimilt að hækka eða lækka um ákveðna hundraðstölu, allt að 25%, fyrir eitt ár í senn.

9. gr.

Skattskyldar tekjur teljast, með þeim undantekningum og takmörkunum, er síðar greinir, allskonar arður, laun eða gróði, er gjaldanda hlotnast af eign eða atvinnu eða einstökum verknaði eða atvikum, ef þetta verður metið til peningaverðs, svo sem:

a. Tekjur af landbúnaði, sjávarútvegi, siglingum, verzlun, verksmiðjuiðnaði, handiðn, námurekstri og sérhverjum öðrum atvinnurekstri, ennfremur allar tekjur, sem telja má endurgjald fyrir starfsemi í þágu vísinda, lista og bókmennta, eða fyrir hverskonar vinnu, greiða eða aðstoð. Til slíkra tekna telst fæði, húsnæði og önnur hlunnindi, sem látið er í té í kaupgjaldsskyni.
b. Tekjur af embættum eða sýslunum, svo sem: Föst laun, aukatekjur, embættisbústaður og önnur hlunnindi, landauragjald, jarðarafnot, endurgjald fyrir skrifstofukostnað (sbr. 12. gr. d.); ennfremur eftirlaun, biðlaun, lífeyrir, gjafir og allskonar styrktarfé.
c. Landskuld af leigujörðum og arður af allskonar ítökum og hlunnindum, leiga eftir hús, lóðir og skip, svo og áætlað afgjald af fasteignum og skipum, er eigandi notar sjálfur; ennfremur leiga af innstæðukúgildum á jörðum, sem eru í leiguábúð, og arður af byggingarpeningi og öðru lausafé, sem á leigu er selt.
d. Vextir eða arður af skuldabréfum, hlutabréfum og öðrum innlendum eða útlendum verðbréfum, svo og vextir af útistandandi skuldum og öðrum fjárkröfum, þótt bréf sé eigi fyrir, af sparisjóðsinnlögum og sérhverri annari arðberandi innstæðu.
e. Ágóði af sölu á fasteign eða lausafé, enda þótt salan falli ekki undir atvinnurekstur skattgreiðanda, ef ætla má, að hann hafi keypt eignina, eða öðlazt hana á annan hátt, í því skyni að selja hana aftur með ágóða og hún hefir verið í eign hans skemur en 5 ár, ef um fasteign er að ræða, en annars skemur en 3 ár. Þó má draga frá þessum ágóða skaða, sem kynni að hafa orðið á samskonar sölu á árinu.
f. Vinningur í veðmáli, happdrætti eða því um líku.

10. gr.

Til skattskyldra tekna félaga og stofnana, sem í 3. gr. segir, teljast eigi aðeins þær tekjur, sem varið er til að greiða hluthöfum og félagsmönnum í vexti eða arð af innborguðu fé, heldur einnig þær tekjur, sem varið er til afborgana af skuldum á árinu, óvenjulegra fyrninga og yfirfærslu á tekjuafgangi í varasjóð, tryggingarsjóð og aðra slíka sjóði.

Skattskyldar tekjur vátryggingarfélaga, sem starfa hér á landi, telst sá hluti heildarágóðans, sem svarar til hlutfallsins á milli iðgjaldatekna félagsins hér á landi og allra iðgjaldatekna þess.

Fjármálaráðherra getur sett fyrirmæli um heimild innlendra vátryggingarfélaga til að draga frá tekjum sínum það, er þau leggja til hliðar til að inna af hendi skyldur sínar gagnvart vátryggðum.

Loks getur fjármálaráðherra sett ákvæði um það, hvenær félög þessi skuli hafa skilað framtölum sínum og reikningum.

Samvinnufélögum ber ekki að telja með tekjum sínum lögboðið tillag til varasjóðs samkv. 24. gr. laga nr. 30, 27. júní 1921, né verðlagsuppbót þá, er þau úthluta félagsmönnum sínum af eigin vöruskiptum þeirra af innlendum og erlendum vörum, hvort heldur sem verðlagsuppbótin er færð þeim til tekna í viðskiptareikningi eða stofnsjóðsreikningi, en verðlagsuppbótin á innlendum vörum er skattskyld hjá hinum einstöku félagsmönnum sem afrakstur af atvinnu þeirra. Þar á móti er allur ágóði af viðskiptum við utanfélagsmenn, sem ekki fellur til varasjóðs samkv. 7. lið 3. gr. fyrrnefndra laga, skattskyldar tekjur hjá félaginu. Geti félag ekki gert grein fyrir hlutfallslegum viðskiptum við félagsmenn og utanfélagsmenn, má telja allan hagnaðinn af starfsemi félagsins skattskyldar tekjur þess.

Nánari ákvæði má setja með reglugerð.

11. gr.

Til tekna telst ekki:

a. Sá eignarauki, sem stafar af því, að fjármunir skattgreiðanda hækka í verði, — hinsvegar kemur ekki heldur til frádráttar tekjum, þótt slíkir fjármunir lækki í verði, — ekki heldur tekjur, sem stafa af sölu á eignum skattgreiðanda (að meðtöldum verðbréfum), nema slík sala falli undir atvinnurekstur hlutaðeigandi skattgreiðanda, t. d. fasteignaverzlun, eða hún falli undir ákvæði í 9. gr. e. Þegar svo stendur á, telst verzlunarhagnaðurinn af sölunni til tekna, en draga má frá honum þann skaða, sem kynni að hafa orðið á samskonar sölu á árinu.
b. Eignarauki, sem stafar af arftöku, fyrirframgreiðslu upp í arf, fallinn eða ófallinn, af stofnun hjúskapar, útborgun lífsábyrgðar, brunabóta, slysa- eða örorkubóta eða þess háttar.
c. Lántaka, eyðsla höfuðstóls eða eftirgjöf skulda, sem sannazt hefir um við gjaldþrot, nauðasamninga eða á annan fullnægjandi hátt, að eignir voru ekki til fyrir.
d. Dagpeningar og endurgreiðsla ferðakostnaðar, er skattgreiðandi fær í

endurgjaldsskyni fyrir tilkostnað sinn, er hann verður að vera um stundarsakir fjarverandi heimili sínu vegna starfa í almenningsþarfir.

12. gr.

Frá tekjum skal draga, áður en skattur er á þær lagður:

a. Rekstrarkostnað, þ. e. þau gjöld, sem á árinu ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal vexti af skuldum, er stafa beinlínis af atvinnu eða öflun tekna, svo og venjulega fyrningu, eða það, sem varið er til tryggingar og nauðsynlegs viðhalds á arðberandi eignum gjaldanda. Nánari ákvæði um, hvernig reikna skuli fyrningu eða viðhald til frádráttar, skulu sett í reglugerð, sem fjármálaráðherra setur.

Með rekstrarkostnaði telst ekki það, sem gjaldandi hefir varið sér og skylduliði sínu til framfæris og notkunar, eigi heldur kaup handa honum sjálfum, né neinum af skylduliði hans, nema sá telji tekjur sínar fram sér í lagi. Eigi má gjaldandi heldur telja til rekstrarkostnaðar vexti af fé, sem hann sjálfur hefir lagt í atvinnurekstur sinn, né félag eða stofnun vexti af hlutafé, stofnfé eða tryggingarfé.

b. Tap á atvinnurekstri, er á skattárinu verður eða þá fyrst kemur í ljós. Tapi á atvinnurekstri frá sama ári má aldrei skipta á fleiri ár, og skal þegar tekið til frádráttar, er það er fullreynt.

c. Tap á útistandandi skuldum, enda stafi skuldin beinlínis af atvinnurekstri aðila og séu færðar fullnægjandi sönnur fyrir tapinu. — Það ár eitt kemur töpuð skuld til frádráttar, er sannreynt þykir, að hún er töpuð. Nú greiðist skuld, er áður var talin töpuð að einhverju eða öllu leyti, og skal hið greidda þá talið til tekna það ár, er greiðsla átti sér stað.

d. Frá embættistekjum skal draga þann kostnað, sem embættisreksturinn hefir haft í för með sér, svo sem skrifstofukostnað og lögmæltar kvaðir, er á embættum hvíla.

e. Iðgjöld af lífeyri, sem skattgreiðandi er skyldur lögum samkvæmt að tryggja sér eða konu sinni eftir sinn dag, svo og iðgjöld af hverri annari lögboðinni persónutryggingu. Ennfremur skal draga frá tekjum þeirra manna, sem eigi eru að lögum skyldir að tryggja sér eða konum sínum lífeyri, iðgjöld af slíkum lífeyri eða lífsábyrgð, sem greidd hafa verið, þó ekki hærra iðgjald en 300 krónur.

f. Vexti af skuldum gjaldanda, öðrum en þeim, sem ræðir um í staflið a

g. Af framlagi af ársarði samvinnufélaga, öðru en því, sem um ræðir í 10. gr., og hlutafélaga til varasjóðs má draga ⅓ hluta, er skal vera undanþeginn tekjuskatti og koma til frádráttar skattskyldum tekjum. Ef nokkur upphæð úr varasjóði síðar er notuð til úthlutunar til félagsmanna, eða á annan hátt notuð í einhverjum þeim tilgangi, sem ekki var tilætlunin þegar varasjóðurinn myndaðist, þá skal telja helming þeirrar upphæðar, sem þannig er ráðstafað, til skattskyldra tekna á því ári. Sem varasjóð samkvæmt þessari gr. og 3. málslið 7. greinar má ekki telja eftirlaunasjóði, arðjöfnunarsjóði eða

aðra slíka sjóði, sem ekki eru beinlínis ætlaðir til þess að tryggja fjárhag fyrirtækisins sjálfs.

h. Aukaútsvör og tekjuskatt og eignarskatt.

Þegar skattur er lagður á tekjur, sem renna til einstaklinga, félaga eða stofnana, sem ekki eiga heimili hér á landi (sbr. 2. gr. og síðari málsgr. 3. gr.), má draga frá tekjunum þau útgjöld, sem beinlínis viðkoma þessum tekjum.

Tekjur þær, sem koma til greina við ákvörðun skattsins, eru skattskyldar án tillits til þess, hvernig þeim er varið, hvort heldur gjaldandi hefir þær sér eða skylduliði sínu til framfæris, nytsemdar eða munaðar, til hjúahalds, nema til atvinnurekstrar sé, til þess að færa út bú sitt eða atvinnuveg, til umbóta á eignum sínum eða til þess að afla sér fjár, til gjafa eða hvers annars sem er.

13. gr.

Tekjur hjóna, er samvistum eru, skulu saman taldar til skattgjalds, enda þótt séreign sé eða sératvinna, enda ábyrgjast bæði skattgreiðslu. Rétt er bónda eða erfingjum hans að krefjast endurgjalds af konu eða erfingjum hennar á þeim hluta skattsins, er að réttum tölum kemur á séreign hennar eða sératvinnu.

Tekjur barna, sem í foreldrahúsum eru (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn), skal telja sérstaklega til skattgjalds.

Með tekjum barna, sem eru í foreldrahúsum og eru sjálf skattgreiðendur, telst eigi það framfæri, sem þau fá að nokkru eða öllu leyti hjá heimilisföður, nema það sé endurgjald fyrir vinnu við atvinnurekstur hans.

14. gr.

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér á landi, eins og þær eru ákveðnar samkv. 12. gr., skal draga sem hér segir:

1. Fyrir einstakling 800 kr.
2. Fyrir hjón, sem samvistum eru, 1600 kr.
3. Framfærslueyrir fyrir börn (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með), sem eru ekki fullra 14 ára í byrjun þess almanaksárs, er skatturinn er lagður á, og hafa ekki sjálf efni á að kosta framfæri sitt, svo og þau börn (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með), sem sannað er, að kostuð eru við nám í skólum, þótt eldri séu orðin, 500 kr. fyrir hvert barn. — Sama er um aðra skyldufranfærlinga.

Frá tekjum þeirra, sem eru í foreldrahúsum á framfæri, eða við nám og enga atvinnu hafa, skal draga það, sem útheimtist til framfæris þeim og menningar.

Frá hreinum tekjum innlendra félaga og stofnana, eins og þær eru ákveðnar samkv. 12. gr., skal draga 4% af innborguðu stofnfé eða hlutafé, innborguðum hlutum af tryggingarsjóði og þess háttar.

Að loknum frádrætti samkv. þessari grein skal sleppa því, sem afgangs verður, þegar tekjuhæðinni er deilt með 50. Af þeirri tekjuupphæð, sem þá

er eftir, greiðist skallurinn og við hann miðast skattgjaldið samkvæmt 6. og 7. gr.

Ef tekjurnar eftir allan löglegan frádrátt nema ekki fullum 100 kr., greiðist enginn skattur af þeim.

15. gr.

Skattinn skal miða við tekjur næsta almanaksárs á undan skattákvörðun, nema annað sé venjulegt rekstrarár í atvinnugrein aðila, eða hann sýni, þegar hann telur fram, að hann hafi annað reikningsár, enda getur skattanefnd þá veitt honum heimild til að hafa það reikningsár í stað almanaksársins.

II. KAFLI.

Um eignarskatt.

16. gr.

Af skuldlausri eign skal árlega greiða í skatt í ríkissjóð sem hér segir:

Af fyrstu 5000 kr. greiðist enginn skattur.

Af	5000	til	15000	kr.	greiðist	1	‰	af	því, sem er umfram	5000	kr.	
—	15000	—	20000	—	—	10	kr.	af	15000	kr.	og 1,2	‰ af afgangi
—	20000	—	30000	—	—	16	—	—	20000	—	— 1,5	— — —
—	30000	—	50000	—	—	31	—	—	30000	—	— 2	— — —
—	50000	—	100000	—	—	71	—	—	50000	—	— 3	— — —
—	100000	—	200000	—	—	221	—	—	100000	—	— 4	— — —
—	200000	—	500000	—	—	621	—	—	200000	—	— 5	— — —
—	500000	—	1000000	—	—	2121	—	—	500000	—	— 6	— — —
—	1000000	og	þar yfir		—	5121	—	—	1000000	—	— 7	— — —

Nemi skatturinn samkvæmt þessu ekki 1 krónu, skal honum sleppt.

17. gr.

Eignarskatt greiði allir hinir sömu, sem skattskyldir eru til tekjuskatts, ef þeir eiga eign og eignarréttindi, sem skatt ber að greiða af samkvæmt lögum þessum. Innlend hlutafélög og önnur félög hafa leyfi til að draga hlutafé sitt eða stofnfé frá eignaupphæðinni, áður en skattur er á lagður.

Menn, sem eigi eru heimilisfastir hér á landi, og útlend félög greiða aðeins eignarskatt af eignum sínum hér á landi, og reiknast skatturinn samkvæmt reglunum í 16. gr., þó aldrei lægri en 2‰ af hinum skattskyldu eignum.

18. gr.

Undanþegnir öllum eignarskatti eru hinir sömu, sem samkvæmt 4. gr. eru undanþegnir tekjuskatti. Þeir, sem samkvæmt 5. gr. eru undanþegnir tekjuskatti, eru einnig undanþegnir eignarskatti, í samræmi við reglur þær, sem settar eru í þeirri grein.

19. gr.

Skattskyldar eignir teljast, með þeim undantekningum og takmörkunum, sem gerðar eru í 16. og 17. gr., allar fasteignir og allt lausafé skattgreið-

anda, að frádregnum skuldum, svo sem jarðir, húseignir, skip, skepnur, verkfæri, vélar, vörubirgðir, peningar og verðbréf, útistandandi skuldir og aðrar fjárkröfur og verðmæt eignarréttindi, húsgögn og aðrir innanstokksmunir og skartgripir. Þegar skattur greiðist samkvæmt síðari málsgrein 16. gr., má þó aðeins draga frá þær skuldir, sem hvíla á þeim eignum, sem skattur er greiddur af. — Eignirnar eru jafnt skattskyldar, hvort sem þær gefa af sér nokkrar tekjur eða engar.

20. gr.

Með skattskyldum eignum er eigi talið:

a. Skilyrðisbundin fjárréttindi, svo sem réttur til lífsábyrgðarfjár, sem ekki er fallið til útborgunar.
b. Réttur til eftirlauna, lífeyris eða annarar áframhaldandi greiðslu, sem bundin er við einstaka menn.
c. Réttur til leigulauss bústaðar, eða önnur afnotaréttindi.
d. Bækur og fatnaður til einkaafnota.

21. gr.

Við mat á eignum til eignarskatts skal farið eftir þessum reglum:

a. Virðing á fasteign skal fara eftir gildandi fasteignamati.
b. Búpening skal meta svo sem hann væri framgenginn í fardögum næst á eftir, og eftir verðlagi, er yfirskattanefnd ákveður, að fengnum tillögum skattanefnda, er séu komnar til yfirskattanefndar fyrir 31. des. Verðlagið skal tilkynnt formönnum skattanefnda fyrir 1. febr. ár hvert.
c. Verðlag á skipum og öðru lausafé skal miða við áætlað söluverð. Við ákvörðun þess skal meðal annars hafa hliðsjón af því, hve hátt eignirnar eru vátryggðar.
d. Verzlunarvörur skal meta eftir því, hvað þær kosta komnar í hús eða á sölustað.
e. Hlutabréf skulu talin til eignar með gangverði, ef það er skráð opinberlega. Óskráð hlutabréf skulu metin til eignar samkv. efnahagsreikningi félagsins, eins og hann var samþykktur á síðasta aðalfundi þess. Skuldabréf og önnur slík verðbréf skal meta eftir nafnverði, nema sérstakar ástæður þyki til þess að telja þau ótrygg.
f. Útistandandi skuldir skulu taldar með nafnverði, hvort sem vextir eiga að greiðast af þeim eða ekki, nema færðar séu sönnur á, að þær séu minna virði.
g. Réttindi til stöðugra tekna skulu metin eftir því endurgjaldi, sem hæfilegt væri fyrir þau þegar skatturinn er lagður á.

Nánari reglur um virðingu getur fjármálaráðherra sett.

22. gr.

Eignir hjóna, sem samvistum eru, skulu lagðar saman til eignarskatts, enda ábyrgjast bæði greiðslu.

23. gr.

Eignarskattur skal að jafnaði ákveðinn eftir eign gjaldanda í lok almanaksársins. Þó mega þeir, sem nota annað reikningsár en almanaksárið, telja fram eignir sínar í lok þess reikningsárs, sem er næst á undan skattálagningunni.

Upphæð sú, sem skattur er talinn af, skal ávallt deilanleg með 100; því, sem fram yfir er, skal sleppt.

III. KAFLI.

Um skattanefndir o. fl.

24. gr.

Tekjuskattur og eignarskattur samkvæmt lögum þessum er ákveðinn af skattanefndum í hreppum og skattanefndum eða skattstjóra í kaupstöðum. Í skattanefnd sitja 3 menn. Í hreppum: Hreppstjóri eða sá, er að lögum gegnir starfi hans, einn maður tilnefndur af sýslumanni og einn kosinn af hreppsnefndinni. Í kaupstöðum: Bæjarstjóri, einn maður tilnefndur af bæjarfógeta og einn kosinn af bæjarstjórn. Sé bæjarfógeti jafnframt bæjarstjóri kaupstaðarins, tilnefnir hann tvo menn í nefndina.

Skipa skal tvo varamenn, er taka sæti í skattanefndum í forföllum nefndarmanna. Annan varamanninn tilnefnir bæjarfógeti eða sýslumaður, en hinn kýs bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

Formaður skattanefndar í kaupstöðum er bæjarstjóri, eða þar sem hann er eigi, sá nefndarmaður, er bæjarfógeti nefnir til, en annarsstaðar er hreppstjóri formaður. Í forföllum formanns kýs skattanefnd sjálf formann um stundarsakir.

25. gr.

Í Reykjavík skipar fjármálaráðherra skattstjóra og varaskattstjóra. Hefir skattstjóri Reykjavíkur sama vald og sömu störf og skattanefndir, eða eftir atvikum formenn skattanefnda utan Reykjavíkur.

Heimilt er fjármálaráðherra að gera sömu tilhögun um ákvörðun skatts í hinum öðrum kaupstöðum og sett er fyrir Reykjavík.

26. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi skal skipa yfirskattanefnd. Þar, sem bæjarfógetaembætti er sameinað sýslumannsembætti, skal vera ein yfirskattanefnd bæði fyrir kaupstaðinn og sýsluna. Í nefndinni eiga sæti lögreglustjóri, sem er formaður, og tveir menn, sem fjármálaráðherra skipar. Hann skipar og tvo varanefndarmenn, sem taka sæti í nefndinni í forföllum nefndarmanna, eftir því sem formaður ákveður.

27. gr.

Fjármálaráðherra skipar 3 menn í ríkisskattanefnd og jafnmarga varamenn. Formaður nefndarinnar heitir ríkisskattstjóri. Annar nefndarmanna skal hafa þekkingu á landbúnaði, en hinn á sjávarútvegi og viðskiptum. Ríkisskattanefnd hefir skrifstofu í Reykjavík.

28. gr.

Enginn má sitja í skattanefnd, yfirskattanefnd eða ríkisskattanefnd, nema hann:

1. hafi óflekkað mannorð,
2. sé fjárráður,
3. eigi heimili í skattumdæminu,
4. hafi náð lögaldri.

Í skattanefnd mega ekki sitja saman skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja, hjón, kjörforeldri og kjörbörn, fósturforeldri og fósturbörn, hvorki sem aðalmenn né varamenn.

29. gr.

Sami maður má ekki eiga sæti nema í einni skattanefnd. Skattanefndarmenn, aðrir en bæjarstjórar, hreppstjórar og skattstjórar, skulu skipaðir til 6 ára, þannig að annar meðnefndarmaður fer frá 3. hvert ár, eftir hlutkesti í fyrsta sinn. Ef nefndarmaður fer frá eða deyr áður en tími hans er liðinn, skal skipa mann í stað hans til þess tíma, er hann átti eftir að sitja í nefndinni.

Nefndarmann, sem gengur úr, má skipa svo oft sem vill. Nefndarstarfið er borgaraskylda, sem enginn löghæfur maður getur skorazt undan að gegna, nema hann hafi verið í skattanefnd í 6 ár samfleytt eða sé orðinn 60 ára gamall.

Skattstjórar í Reykjavík og öðrum kaupstöðum (sbr. 25. gr.) og ríkisskattstjóri skulu skipaðir til 6 ára.

30. gr.

Skattanefndarmenn og skattstjórar, er eigi hafa áður unnið heit embættismanna eða sýslunarmanna, skulu á fyrsta nefndarfundi, er þeir sitja, undirrita í gerðabók nefndarinnar drengskaparheit um það, að þeir skuli gegna starfinu hlutdrægnislaust eftir beztu vitund og sannfæringu og gæta þagnarskyldu um allt, er þeir fá vitneskju um í starfinu og varðar eignir og tekjur gjaldþegna.

31. gr.

Enginn má taka þátt í meðferð máls, hvorki skattákvörðun eða kæru, ef það mál varðar sjálfan hann, konu, niðja, foreldra, kjörforeldra eða fósturforeldra, kjörbörn eða fósturbörn, systkini, kjörsystkini eða fóstursystkini eða mægðamenn að feðgatali, eða ef aðrar ástæður eru til að óttast, að hann geti ekki litið hlutdrægnislaust á málavöxtu. Tekur varamaður sæti í nefnd samkvæmt kvaðningu formanns, ef aðalmanns missir við.

32. gr.

Skattanefndarmenn og skattstjórar fá laun fyrir störf sín sem hér segir:

a. Í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru hreppur fyrir sig, skal greiða skattanefnd 2%, en annarsstaðar á landinu 4% af þeirri upphæð, sem skatturinn nemur. Þó skal borgunin ekki fara fram úr 8 krónum og ekki vera minni en 4 krónur fyrir hvern starfsdag nefndarmanns.
b. Yfirskattanefndarmenn fá 8 krónur á dag og ferðakostnað. Borgun til formanna telst þó innifalin í embættislaunum þeirra.
c. Borgun til skattstjóra, ríkisskattstjóra og ríkisskattanefndar fer eftir samningi við fjármálaráðherra.

Þóknun til skattanefnda og skattstjóra greiðist úr ríkissjóði. Formenn yfirskattanefnda úrskurða reikninga skattanefnda og greiða þá á manntalsþingum. Fjármálaráðuneytið úrskurðar reikninga yfirskattanefnda og ríkisskattanefndar.

IV. KAFLI.

Um framtal tekna, fresti, úrskurði, innheimtur o. fl.

33. gr.

Gjaldendur skulu venjulega settir í skatt þar, sem þeir eru búsettir þegar skattanefnd tekur til starfa. Hlutafélög og önnur atvinnufélög innlend skulu sett í skatt þar, sem þau eiga heimili, en erlend þar, sem aðalumboðsmenn þeirra hér á landi eru búsettir, enda beri téðir umboðsmenn ábyrgð á greiðslu skattsins.

Aðrir gjaldendur, sem ekki eru búsettir hér á landi, greiði skatt á þeim stöðum, þar sem þeir hafa tekjur sínar eða eignir.

Ráðuneytið sker úr, ef vafi leikur á, hvar gjaldandi skuli settur í skatt.

34. gr.

Allir þeir, er hafa tekjur samkv. 9. gr. eða eignir samkv. 19. gr., skulu afhenda skattanefnd skriflega skýrslu, að viðlögðum drengskap, um tekjur sínar síðastliðið ár og eignir í árslok. Sama skylda hvílir og á hverjum þeim, sem veitir forstöðu verzlun, verksmiðju eða öðru atvinnufyrirtæki, ef eigandinn er eigi búsettur innanlands, svo og á stjórn félags eða stofnunar og þeim, er hefir á hendi fjárhald fyrir þann, sem ekki er fjárráður.

Skýrslur þessar skulu komnar í skattstofuna í Reykjavík fyrir lok janúarmánaðar, en í hendur skattanefnd eða skattstjóra annarsstaðar á landinu fyrir lok febrúarmánaðar. Skattstjóri eða skattanefnd getur þó, ef sérstaklega stendur á, veitt mönnum frest til framtals til 15. marz.

Þeir, sem reka atvinnu á fleiri stöðum en einum, þurfa ekki að hafa skilað framtölum sínum fyrr en 31. marz í Reykjavík og 20. marz annarsstaðar á landinu, og vátryggingarfélög eigi fyrr en 30. júní.

Nú þykist framteljandi ekki sjálfur vera fær um að gefa fullnægjandi skýrslu um tekjur sínar og eignir, og er þá skattanefnd skyld að veita honum aðstoð til þess, en hann er skyldur að láta skattanefnd í té allar upplýsingar, er hún þarf, til þess að gera framtal hans sem réttast.

Hvenær sem skattanefnd þykir þörf á, getur hún krafizt þess, að skattframteljendur leggi bækur sínar fyrir hana, eða einstaka nefndarmenn, eða einn eða tvo reikningsfróða menn utan nefndarinnar, er ekki séu keppinautar framteljanda.

35. gr.

Allir embættismenn og aðrir, er einhver störf hafa á hendi í almenningsþarfir, stjórnendur banka, sparisjóða, hlutafélaga og annara félaga og stofnana, eru skyldir að láta skattanefndum í té ókeypis allar þær skýrslur, er þær beiðast og með þurfa, svo sem skýrslur um starfslaun, um skuldabréf, vaxtabréf og hlutabréf, sem eigandi er nafngreindur að, um vaxtafé í bönkum og sparisjóðum, og annað því um líkt. Þeir, sem hafa menn í þjónustu sinni, er taka kaup fyrir starf sitt, eru og skyldir að skýra frá, hvaða kaup þeir greiða hverjum manni.

36. gr.

Eftir skýrslum þeim, er skattanefnd tekur gildar, skal hún kveða á um tekjuupphæð og eign hvers eins. Þyki nefndinni skýrsla einhvers ófullnægjandi eða tortryggileg, skal hún skora á hann að láta nefndinni í té frekari skýringar og sannanir. Fái skattanefnd eigi fullnægjandi skilríki fyrir framtalinu innan þess tíma, er hún hefir til tekið, skal hún áætla tekjur hans og eign eftir beztu vitund. Dvelji hann utanlands, eða svo langt í burtu, að erfitt er að ná til hans, og hafi hann ekki umboðsmann fyrir sig nærlendis, sem nefndinni er kunnugt um, eða ef ekki er kunnugt um dvalarstað hans, má hún áætla tekjur hans og eign án þess að gera honum aðvart.

Nú er einhver sá, er enga skýrslu gefur, og skal þá nefndin áætla tekjur hans og eign svo riflega, að ekki sé hætt við, að upphæðin sé sett lægri en hún á að vera í raun réttri, enda skal hún vera að minnsta kosti 10% hærri heldur en skattmat næst á undan, og ef vanræksla er ítrekuð, skal hækkunin vera minnst tvöföld á við hækkunina árið á undan.

37. gr.

Þegar alvarleg veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol skattgreiðanda, má skattanefnd taka við umsókn hans um linun eða eftirgjöf á skattgreiðslunni, og sendir hana með umsögn sinni til yfirskattanefndar, er leggur úrskurð á beiðnina. Skattanefnd getur og af eigin hvötum gert tillögu til lækkunar á skattgjaldi, þegar svo er ástatt sem segir í upphafi þessarar greinar.

38. gr.

Innan marzmánaðarloka skal skattanefnd hafa lokið ákvörðun tekna og eigna og samið skrá, er nefnist skattskrá, um alla þá, er eiga að greiða tekjuskatt eða eignarskatt í umdæmi hennar. Í Reykjavík þarf skattskrá þó ekki

að vera fullgerð fyrr en í lok aprílmánaðar. Á skattskrá skal greina skattskyldar tekjur samkv. 9. og 10. gr., frádrátt samkv. 12. og 14. gr. og tekjuskatt, skattskyldar eignir samkv. 19. gr. og eignarskatt hvers gjaldanda. Jafnframt skal skattanefnd semja aðra skrá um tekjur og eignir framteljenda, er ekki greiða tekju- og eignarskatt.

Skattskráin skal lögð fram eigi síðar en 1. dag maímánaðar í Reykjavík og annarsstaðar á landinu eigi síðar en 1. dag aprílmánaðar. Skal hún liggja til sýnis 2 vikur, í hreppum á þingstaðnum eða öðrum hentugum stað, er skattanefnd auglýsir, í kaupstöðum í bæjarþingstofu, skattstofu eða skrifstofu lögreglustjóra.

Sérhver skattþegn getur krafizt munnlegra upplýsinga um það hjá skattanefnd, eftir hverju hafi verið farið við ákvörðun tekna hans og eigna.

39. gr.

Ef einhver er óánægður með ákvörðun skattanefndar um tekjur hans og eign, skal hann bera upp kæru sína bréflega fyrir formanni skattanefndar, eða skattstjóra, fyrir 15. dag aprílmánaðar utan Reykjavíkur og fyrir 15. dag maímánaðar í Reykjavík. Innan sama tíma er hverjum gjaldanda heimilt að kæra yfir því, að skattskyldum manni sé sleppt eða tekjur og eign einhvers sé of lágt ákveðin, svo og bera upp aðfinningar um hvert það atriði á skattskránni, sem að einhverju leyti getur snert hagsmuni hans. Formaður kveður nefndarmenn til fundar, ásamt kæranda og þeim, sem kært er yfir, og skal úrskurður felldur um kæruna fyrir lok sama mánaðar og hlutaðeigendum gert aðvart um úrslitin.

Skattanefnd leiðréttir skrána samkvæmt úrskurðum þeim, sem felldir eru, og sendir hana síðan ásamt framtalsskýrslum og skrá um eignir og tekjur framteljenda, er ekki greiða skatt, tafarlaust til formanns yfirskattanefndar.

40. gr.

Úrskurði skattanefndar eða skattstjóra má skjóta til yfirskattanefndar. Skal það gert bréflega og ástæður færðar fyrir kærunni. Sé kæra ekki komin í hendur formanns yfirskattanefndar í Reykjavík fyrir 15. dag júnímánaðar og annarsstaðar fyrir 15. dag maímánaðar, verður henni ekki sinnt. Yfirskattanefnd skal úrskurða kærur fyrir júnílok í Reykjavík og annarsstaðar fyrir maílok og tilkynna aðilum úrslitin tafarlaust.

Yfirskattanefnd úrskurðar einnig, hvort og að hve miklu leyti skuli taka til greina umsóknir þær, sem henni hafa borizt frá skattanefndum um linun í skattgreiðslu vegna ástæðna þeirra, er getið er í 37. gr.

41. gr.

Yfirskattanefnd skal nákvæmlega endurskoða allar skattskrár í umdæmi sínu og hafa strangt eftirlit með því, að skattanefndir gegni skyldum sínum. Ef nefndinni virðast framtalsskýrslur vera ófullnægjandi eða eitthvað óljóst eða rangt í skattskránum, svo sem að einhver sé vantalinn eða

tvítalinn á skrá, getur hún heimtað nánari skýringar, og skal síðan leiðrétta skrána eftir því, sem henni þykir rétt vera.

Ef skattskrá breytist við endurskoðun yfirskattanefndar, skal hún tafarlaust tilkynna það skattanefnd og sömuleiðis þeim aðilum, er breyting varðar.

Yfirskattanefnd skal hafa lokið störfum sínum fyrir júnílok í Reykjavík og annarsstaðar á landinu fyrir maílok, og sendir hún þá skattskrána ásamt framtalsskýrslum og skrá um eignir og tekjur framteljenda, er engan skatt greiða, til ríkisskattanefndar. Þó getur fjármálaráðherra veitt yfirskattanefnd lengri frest, ef um stórfelldar lagfæringar á skattskránni er að ræða.

42. gr.

Úrskurði yfirskattanefndar má skjóta til ríkisskattanefndar, enda sé það gert bréflega og kæran, ásamt öllum nauðsynlegum gögnum, komin til formanns fyrir júlílok — annarskostar verður henni ekki sinnt. — Ríkisskattanefnd skal leggja úrskurð á kærur fyrir septemberlok og tilkynna innheimtumanni skattsins og aðilum tafarlaust.

43. gr.

Ríkisskattanefnd skal hafa eftirlit með störfum skattanefnda, skattstjóra og yfirskattanefnda og samræma skattaframtöl og skattaákvörðun í hinum einstöku skattaumdæmum. Skal ríkisskattstjóri fyrir hönd nefndarinnar ferðast um á milli skattanefnda og yfirskattanefnda í þessu skyni, þegar ástæða þykir til, og yfir höfuð leiðbeina um allt, er að skattaákvörðun og skattaframtali lýtur. Hann skal og yfirfara skattaskrár og framtalsskýrslur. Ríkisskattanefnd getur af eigin hvötum rannsakað hvert það atriði, er framkvæmd laga þessara varðar, og getur í því skyni krafizt allra upplýsinga hjá skattþegnum, skattanefndum, skattstjórum og yfirskattanefndum, svo og hjá lánsstofnunum og öðrum þeim, er í 35. gr. greinir. Loks getur ríkisskattanefnd af sjálfsdáðum breytt ályktunum skattanefnda og yfirskattanefnda, þótt ekki hafi verið kært, en jafnan skal hún þá gera aðilum aðvart áður en hún breytir skattgjaldi þeirra án þess að yfir hafi verið kært.

Úrskurður ríkisskattanefndar er fullnaðarúrskurður. Ágreining um skattskyldu má þó jafnan bera undir dómstóla.

44. gr.

Skattanefndir allar og skattstjórar bæjanna skulu halda gerðabækur, er fjármálaráðuneytið lætur gera á kostnað ríkissjóðs. Löggildir lögreglustjóri gerðabækur skattanefnda og skattstjóra, en fjármálaráðuneytið gerðabækur yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar.

Í gerðabækur skattanefnda og skattstjóra skal meðal annars rita skattskrárnar og úrskurði. Yfirskattanefndir og ríkisskattanefnd skrá og í gerðabækur sínar úrskurði og aðrar ákvarðanir.

45. gr.

Formenn skattanefnda og skattstjórar skulu árlega láta niðurjöfnunarnefnd í té ókeypis endurrit af skattskrám, til afnota við niðurjöfnun útsvara. Svo skulu og formenn skattanefnda og skattstjórar gefa Hagstofunni skýrslur um skattálagninguna, í því formi, sem hún fyrirskipar.

46. gr.

Fjármálaráðuneytið hefir eftirlit með því, að skattanefndir allar og skattstjórar ræki skyldur sínar og fylgi réttum reglum í starfi sínu. Hefir það rétt til að fá sendar framtalsskýrslur og leita umsagnar og skýringa skattanefnda og skattstjóra á öllu því, er framkvæmd þessara laga varðar.

47. gr.

Lögreglustjórar — í Reykjavík tollstjóri — innheimta tekju- og eignarskatt á manntalsþingum ár hvert. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett fyllri ákvæði um innheimtuna, svo sem að gjalddagar skuli vera fleiri en einn á ári, þar sem það þykir henta, um tilbúning og sölu skattmerkja og þess háttar. Nú breytir ríkisskattanefnd skatti svo seint, að tilkynning um það hefir eigi náð innheimtumanni fyrir gjalddaga skattsins, og skal hann þá innheimta eða endurgreiða þann skatt síðar á árinu.

V. KAFLI.

Refsiákvæði.

48. gr.

Ef skattþegn telur ekki fram eignir sínar og tekjur, eða gerir það ekki fyrr en framtalsfrestur er liðinn, eða bætir ekki úr göllum, sem á framtali eru, þótt hann hafi fengið áskorun um það frá skattanefnd eða skattstjóra, þá skal ekki færa niður skatt hans, þótt hann kæri, nema hann sanni, að tekjur hans eða eign hafi verið áætlað meira en fjórðungi hærra en í raun og veru var. Sé mismunurinn ¼ eða meiri, skal hann greiða skatt af hinum réttu upphæðum, að viðbættum ¼.

Ákvæðum þessarar greinar þarf þó ekki að beita, ef gjaldþegn hefir fært gildar ástæður sér til afsökunar.

49. gr.

Nú skýrir maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt frá einhverju því, er máli skiptir um tekjuskatt hans eða eignarskatt, og skal hann þá sekur um allt að því tífalda skattupphæð þá, sem undan var dregin. Sektina skal þó aldrei miða við meira en 10 ár alls. Fjármálaráðherra ákveður sektina, nema hann eða hinn seki óski, að málinu sé vísað til dómstólanna.

Nú verður slíkt uppvíst við meðferð dánarbús, og skal þá greiða úr búinu tvöfalda þá upphæð, er á vantar.

Skiptaréttur og skiptaforstjórar skulu, að viðlögðum dagsektum samkvæmt úrskurði fjármálaráðherra, gefa skattanefnd skýrslu um fjármuni látinna manna, ef fjármunirnir nema meiru en 10000 kr.

50. gr.

Sá, sem sekur verður um afbrot það, sem um getur í 1. málsgr. 49. gr., skal auk sektarinnar, sem þar er ákveðin, greiða eftir á skattupphæð þá, sem undan var dregin.

Sömu skyldu til að greiða skatt eftir á hefir og hver sá, sem af afsakanlegum misskilningi eða misgáningi hefir skýrt frá tekjum sínum eða eignum lægri en vera bar, og því greitt minni skatt en honum bar skylda til.

51. gr.

Nú kemur það í ljós, að skattþegn vantar á skrá, og skal þá gera honum skatt eftir á, þó aldrei lengra aftur í tímann en 3 ár, enda sé skattálagningin tilkynnt honum tafarlaust og honum veitt færi á að bera sig upp undan henni með sama hætti sem öðrum gjaldendum, eftir því sem við á.

52. gr.

Skattanefndarmönnum og skattstjórum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættismenn og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag gjaldþegna.

Hið sama er að segja um þá, er veita nefndunum eða skattstjórum aðstoð við starf þeirra, eða á annan hátt fjalla um framtalsskýrslur manna.

53. gr.

Nú gegnir ekki einhver skyldu sinni samkvæmt 35. gr., eða skorast undan að láta þar nefndar skýrslur af hendi, og sker fjármálaráðherra þá úr og getur, ef þörf krefur, lagt við dagsektir, unz skyldunni er fullnægt.

54. gr.

Nú hefir skattanefnd eða skattstjóri ekki framkvæmt störf sín samkvæmt lögum þessum, áður lögmæltur frestur er liðinn, og varðar það þá sektum, allt að 200 kr., og getur fjármálaráðuneytið auk þess skyldað hina brotlegu til þess að ljúka störfunum, að viðlögðum dagsektum fyrir hvern einstakan mann, sem ekki hefir lögmæta afsökun.

55. gr.

Mál út af brotum þeim, er ræðir um í 49. gr., 1. málsgr., og 52. gr. laga þessara, skulu sæta sakamálsmeðferð. Mál út af brotum þeim, er í 48. gr., 49. gr. 3. málsgr., 53. gr. og 54. gr. segir, skulu sæta meðferð almennra lög-

reglumála, en ekki skal slíkt mál höfða, nema skattþegn sjálfur, skattanefnd, skattstjóri eða fjármálaráðherra krefjist þess.

56. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð, og má innheimta þær með aðför.

VI. KAFLI.

Niðurlagsákvæði.

57. gr.

Fjármálaráðherra gefur út reglugerð um framkvæmd og skilning laga þessara, nánari ákvörðun skattskyldra tekna og eigna og störf skattanefnda og skattstjóra. Ennfremur lætur hann gera fyrirmyndir að eyðublöðum undir skattskrár og tekjuframtal og lætur prenta á kostnað ríkissjóðs.

58. gr.

Skattur samkvæmt lögum þessum skal í fyrsta sinn lagður á árið 1932. Um leið og þau koma til framkvæmda eru úr gildi numin:

Lög nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Tilskipun nr. 84, 30. nóv. 1921, um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík.

Tilskipun nr. 41, 1. apríl 1922, um breyting á og viðauka við tilskipun 30. nóv. 1921, um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík.

Lög nr. 2, 26. marz 1923, um breyting á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Lög nr. 39, 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Lög nr. 7, 16. maí 1925, um breytingar og viðauka við lög nr. 74, 27. júní 1921.

Nd. 283. Frumvarp

til laga um virkjun Efra-Sogsins.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur er heimilað að virkja fallvatnið Efra-Sog, milli Þingvallavatns og Úlfljótsvatns, til þess að vinna úr því raforku til almenningsþarfa, svo og að leggja háspennutaugar til Reykjavíkur og að gera afspenni-

stöð hjá Reykjavík, og að framkvæma þau mannvirki, sem þarf til þess að koma orkunni til notenda í umdæmi rafmagnsveitu Reykjavíkur.

2. gr.

Áður en byrjað er á verkinu skal senda atvinnumálaráðherra frumdrætti að hinum fyrirhuguðu mannvirkjum ásamt lýsingu á þeim. Getur ráðherra krafizt þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun verksins, sem nauðsynleg kann að þykja vegna almenningshagsmuna, að dómi sérfræðinga ríkisstjórnarinnar.

3. gr.

Ríkisstjórnin lætur á árunum 1931 og 1932 gera þær umbætur á Þingvallaveginum, sem nauðsynlegar eru vegna Sogsvirkjunarinnar, og fullgera veg austan Þingvallavatns niður að Efra-Sogi. Til þessara umbóta leggur Reykjavíkurbær fram 140 þús. kr., og teljast þær með kostnaði við byggingu orkuversins og greiðast jafnskjótt og lán er fengið til virkjunarinnar. Með kostnaði við orkuverið má ennfremur telja kaupverð vatnsréttinda þeirra í Efra-Sogi, sem Reykjavíkurbær hefir keypt af eigendum Úlfljótsvatns. Þurfi vegna virkjunarinnar að gera brú á Efra-Sogið og veg frá henni vestan árinnar, skulu þau mannvirki teljast til orkuversins.

4. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist lán handa Reykjavíkurbæ til framkvæmda samkvæmt 1.—3. gr., að upphæð allt að 7 milljónum króna, eða tilsvarandi upphæð í erlendum gjaldeyri, enda samþykki fjármálaráðherra lánskjörin.

5. gr.

Orkuverið, háspennulínan og afspennistöðin samkv. 1. gr. nefnist einu nafni Sogsvirkjunin. Skal hún rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með stérstöku reikningshaldi samkvæmt reglugerð, er atvinnumálaráðherra staðfestir.

6. gr.

Sogsvirkjunin selur raforku til rafmagnsveitu Reykjavíkur. Skylt er henni einnig að láta í té raforku við stöðvarvegg í orkuverinu og við spennistöðvar á háspennulínunni frá Efra-Sogi til Reykjavíkur til almenningsnota í nærliggjandi héruðum við kostnaðarverði, að viðbættum allt að 10%. Skal verð þetta, ef samkomulag næst eigi, ákveðið með mati samkvæmt 147. gr. 1. b. vatnalaganna frá 1923. Nú þykir nauðsynlegt, til þess að ákvæðum þessarar greinar verði fullnægt, að auka virkjunina frá því, er hún var í fyrstu gerð, og er Reykjavíkurbæ þá skylt að framkvæma aukninguna allt upp í það, að fallvatnið sé að hálfu fullvirkjað, en ríkisstjórnin ábyrgist lán handa Reykjavíkurbæ til þess, með sama skilyrði og segir í 4. gr. Skal aukningin framkvæmd þegar er fé til hennar er fyrir hendi, nema gildar ástæður, að dómi ráðherra, hamli.

7. gr.

Þegar auka þarf virkjunina fram yfir það, að fallvatnið sé virkjað til hálfs, skal ríkisstjórnin framkvæma aukninguna og gerast meðeigandi að Sogsvirkjuninni, nema samkomulag verði við bæjarstjórn Reykjavíkur um aðra tilhögun. Kaupir ríkissjóður þá tiltölulegan hluta af þeim mannvirkjum, sem fyrir eru í fyrirtækinu, þannig að hann verði eigandi fyrirtækisins að sömu tiltölu og nemur aukningu vélaflsins móts við það vélafl, er fyrir var, og eigandi að helmingi þegar fallvatnið er fullvirkjað. Kaupverðið eða hluta þess má ríkisstjórnin inna af hendi með því að taka að sér greiðslu á tilsvarandi hluta þeirra skulda, er á fyrirtækinu hvíla. Ef samkomulag um kaupverðið næst eigi, skal það ákveðið með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. Á Reykjavíkurbær þaðan í frá rétt til þess, hvenær sem hann þarf, að fá sem svarar helmingi orkunnar úr fallvatninu fullvirkjuðu handa rafmagnsveitu Reykjavíkur. Með kostnaði við fyrstu aukningu samkvæmt þessari grein skal telja vatnsréttindi í Efra-Sogi fyrir landi Kaldárhöfða með sömu upphæð og áðurnefnd vatnsréttindi fyrir landi Úlfljótsvatns.

Nú hefir virkjuninni safnazt varasjóður þegar ríkissjóður verður meðeigandi hennar samkvæmt þessari grein, og verður hann þá eign Reykjavíkurbæjar og ríkissjóðs að réttri tiltölu við greiðslur þær, er sjóðurinn hefir myndazt af, frá rafmagnsveitu Reykjavíkur annarsvegar og notendum utan hennar hinsvegar.

Rétt sinn samkvæmt þessari grein getur ríkisstjórnin framselt til þess eða þeirra fyrirtækja, er þá hafa með höndum orkuveitu til almenningsþarfa um taugakerfi frá Efra-Sogi til héraða utan takmarks rafmagnsveitu Reykjavíkur.

8. gr.

Þegar ríkisstjórnin er orðin meðeigandi að Sogsvirkjuninni samkvæmt 7. gr., skal stjórn fyrirtækisins skipuð 5 mönnum: Tveim, er bæjarstjórn Reykjavíkur kýs, tveim, er tilnefndir verða af þeim aðilum utan rafmagnsveitu Reykjavíkur, sem njóta orku frá Sogsvirkjuninni, og hinum fimmta, er hæstiréttur tilnefnir. Skulu þeir allir skipaðir til þriggja ára. Eftir að 1 ár er liðið frá skipun nefndarinnar, skulu árlega ganga úr nefndinni annaðhvort fulltrúar Reykjavíkur eða fulltrúar kosnir af utanhéraðsnotendum eða fulltrúi hæstaréttar. Skal varpað hlutkesti um, hverjir skuli fyrst ganga úr. Nánari fyrirmæli um stjórn og rekstur fyrirtækisins skulu þá sett með reglugerð, er ráðherra staðfestir.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Meðal annara viðfangsefna hefir raforkumálanefndin látið rannsaka, hvaða héruð mundu geta notið raforku frá Soginu, ef virkjun á því kæmist í framkvæmd. Þótt þeirri rannsókn sé ekki að fullu lokið, þykir nú þegar senni-

legt, að þessi héruð muni hafa aðstöðu til notkunar á raforku frá Sogi auk Reykjavíkur:

Vestmannaeyjar, Rangárvallasýsla, Árnessýsla, Gullbringusýsla, Hafnarfjörður, Kjósarsýsla, Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla.

Sakir þess, að sumstaðar á þessu svæði er töluvert fjölmenni saman komið í kauptúnum og sjóþorpum, virðist sem allmikið af orkuveitum út frá Sogi um héruð þessi muni geta borið sig fjárhagslega, jafnvel 300—400 km. samanlögð línulengd, og mundu 13—14 þús. manns utan Reykjavíkur geta notið raforku úr þeim taugum. Út frá þeim mætti svo smám saman stækka veituna og koma fleiri og fleiri notendum í samband við hana.

Út af þessu þótti raforkumálanefndinni nauðsynlegt að athuga nú þegar, á hvern hátt væri unnt að tryggja það, að íbúar nefndra héraða utan Reykjavíkur gætu þegar til kæmi átt kost á raforku úr Soginu í sambandi við virkjun þá á fallvatni þessu, sem Reykjavíkurbær er að undirbúa. Til þess að athuga þetta málefni sérstaklega, voru á fundi raforkumálanefndar 14. jan. þ. á. kosnir í undirnefnd þeir Jón Þorláksson verkfr. og Sigurður Jónasson bæjarfulltrúi. Hafa þeir síðan rætt málið við þar til kjörna menn úr rafmagnsstjórn Reykjavíkur, og er frumvarp þetta árangurinn af því starfi.

Aðalhugsun frv. er sú, að Reykjavíkurbær, sem á hálf vatnsréttindin í þessu fallvatni, byrji á virkjuninni og haldi henni áfram þar til fallvatnið er virkjað að hálfu, en selji raforku til nærliggjandi héraða með kostnaðarverði, að viðbættri lítilli þóknun. Er þetta mikið hagræði fyrir héruðin, að þurfa ekki að leggja fram fé til virkjunar meðan raforkunotkun þeirra er lítil, svo að erfitt yrði að fá sjálfstæða virkjun til að svara kostnaði. Þegar raforkunotkunin í heild er komin upp í helming virkjunar, er gert ráð fyrir, að notendur raforku í héruðunum utan Reykjavíkur haldi áfram stækkun orkuversins og verði meðeigendur þess, og njóti þannig þeirra hagsmuna, sem liggja í því að verða eigandi orkuvers þegar raforkunotkun er orðin mikil. Kemur sá hagnaður sérstaklega fram í því, að orkuverið heldur áfram að vera starfhæft eftir að byggingarkostnaður er afskrifaður eða byggingarlán greidd, og getur raforkan þá lækkað í verði eða rekstur orkuversins gefið tekjuafgang til aukningar á taugakerfinu.

Með því að virkjun Reykjavíkurbæjar skapar þarna aðstöðu fyrir stóran og fjölmennan landshluta til þess að byrja á að koma upp raforkuveitum til almenningsþarfa, þykir rétt, að ríkið láti Reykjavíkurbæ í té aðstoð til virkjunarinnar með vegagerðum og með ábyrgð fyrir virkjunarláni, svo sem ráðgert er í frumvarpinu.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að leggja nýjan veg suður með Þingvallavatni að austanverðu að virkjunarstaðnum. Hefir vegamálastjóri lauslega áætlað kostnað vegarins 230 þús. kr. Vegur þessi verður alfaravegur, og gerir því frumvarpið, samkvæmt tillögum vegamálastjóra, ráð fyrir, að aðeins helmingur kostnaðarins komi á Sogsvirkjunina, eða 115 þús. kr. Ennfremur er aukið viðhald Þing-

vallavegarins og styrking á brúm, allt beinlínis vegna Sogsvirkjunarinnar, áætlað af vegamálastjóra á 25 þús. krónur.

Um 4. gr.

Áætlun rafmagnsveitu Reykjavíkur um virkjun Sogsins nam 6 milljónum króna. Tilboð þau, sem fengizt hafa í verkið, voru nokkru hærri, og þar sem auk þess má gera ráð fyrir, að afföll kunni að verða á láni til virkjunarinnar, þykir eigi fært að tiltaka upphæð þá, sem ábyrgjast þarf, lægri en 7 millj. krónur, enda gerir frumvarpið ráð fyrir því, að hér sé aðeins um hámarksupphæð að ræða.

Að öðru leyti skýrir frumvarpið sig sjálft.

Ed. 284. Nefndarálit

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 28, 19. maí 1930, um greiðslu verkkaups.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 27. marz 1931.

Ingvar Pálmason, form. Erlingur Friðjónsson, fundaskrifari og frsm.
Pétur Magnússon.

Ed. 285. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita Jóni Þorleifi Jósefssyni skirteini til vélstjórnar á íslenzkum skipum.

Frá allsherjarnefnd.

Eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja í máli þessu, telur nefndin rétt, að heimild sú, sem frv. fer fram á, verði veitt og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 27. marz 1931.

Ingvar Pálmason, form. og frsm. Erlingur Friðjónsson, fundaskrifari.
Pétur Magnússon.

Ed. 286. Nefndarálit

um frv. til laga, er heimilar ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárbóta.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd hefir allrækilega ihugað frv. þetta og leitað um það upplýsinga hjá þeim mönnum hér, sem helzt bera skyn á þessi mál, svo sem dýralækni og sauðfjárræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands.

Enda þótt nefndinni sé það ljóst, að einatt geti stafað einhver sýkingarhætta af innflutningi útlends sauðfjár hingað til lands, þá verður þó varla álitið, að af innflutningi lifandi fjár stafi neitt meiri sjúkdómahætta heldur en af ýmsum öðrum innflutningi, þegar tillit er tekið til þeirra sóttvarnarráðstafana, sem nú er hægt að koma við og frv. gerir ráð fyrir.

Einnig telur nefndin líklegt, að miklum meiri hluta sauðfjáreigenda í landinu sé trúandi til þess að gera sér alveg ljósa þá skyldu sína að halda hinum innlenda sauðfjárstofni algerlega óblönduðum af þessu innflutta fjárkyni.

Hinsvegar telur nefndin víst, að einblendingskynblöndun með bráðþroska brezkum holdafjárkynjum muni töluvert auka verðmæti sláturfjárafurða. Svo hefir þetta reynzt erlendis, og þarf tæplega að efa, að hið sama geti einnig átt sér stað hér.

Þá telur meiri hluti nefndarinnar rétt, að jafnframt því sem gerð er tilraun með innflutning á brezku holdafé, verði einnig heimilaður innflutningur á þýzku karakulafé til skinnavöruframleiðslu, og bendir í því sambandi á, að það muni geta haft þýðingu til að auka mjög verðmæti lambskinna, þar sem um fjöruskjögur er að ræða, eins og við er við sjávarsíðu. Þessa heimild ætlast þó nefndin til, að stjórnin noti með mikilli varfærni, bæði í sambandi við sýkingarhættu og með tilliti til þess, að hér er um að ræða varning, sem búast má við að verði háður tíðum verðsveiflum.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum „brezku holdafjárkyni“ komi: og karakulafé frá Þýzkalandi.
2. Við 2. gr.
   a. Upphaf greinarinnar skal orða svo: Aðeins má flytja inn sauðfjárkyn frá þeim héruðum o. s. frv.
   b. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
      Karakulafé má einungis flytja inn í samráði við dýralæknaráð þeirra ríkja, sem féð yrði flutt frá. Að öðru leyti gilda ákvæði fyrri málsgreinar um allar varúðarreglur.

3. Við 3. gr. Á eftir orðunum „skozkum“ komi á báðum stöðum í greininni: eða þýzkum.
4. Við 4. gr. Á eftir orðunum „frá Skotlandi“ komi: eða Þýzkalandi.
5. Við 5. gr. Síðari málsliður orðist svo: Er ráðherra heimilt að taka til þess haganleg svæði í eyjum eða á landi.
6. Við 6. gr. Síðasti málsliður fyrstu málsgreinar falli burt, en í staðinn komi: Skal því haldið þar svo lengi, sem dýralæknir, í samráði við formann rannsóknarstofu ríkisins í þágu atvinnuveganna, telur nauðsynlegt.
7. Við 7. gr. Greinin falli burt. Greinatalan breytist samkv. því.
8. Við 8. gr. Í stað orðanna „liðin eru 2 ár“ í niðurlagi greinarinnar komi: dýralæknir og formaður rannsóknarstofu ríkisins í þágu atvinnuveganna telja óhætt.
9. Við 11. gr.
   a. Orðin „2 ár eða lengur“ í fyrsta málslið greinarinnar falli burt.
   b. Orðin „helzt 3—5 úr hverjum landsfjórðungi“ í 2. málslið greinarinnar falli burt.

Alþingi, 27. marz 1931.

Páll Hermannsson, form. og frsm. | Jón Baldvinsson, fundaskrifari; með fyrirvara. | Pétur Magnússon.

Nd. 287. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 25, 7. maí 1928, um tilbúinn áburð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþ. með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
   Ennfremur heimilast ríkisstjórninni að greiða eftir ákveðnum reglum, í samráði við Búnaðarfél. Íslands, kostnað þann, sem leiðir af flutningi áburðarins á landi, fyrir vegalengdir umfram 35 km.
2. Á eftir 1. gr. frv. komi ný grein, er verður 2. gr., svo hljóðandi:
   2. málsliður 3. gr. laganna orðist svo:
   Heimilt er að leggja á áburðinn allt að 3%.
3. 2. gr. frv. verði 3. gr.

Alþingi, 27. marz 1931.

Lárus Helgason, form. | Einar Jónsson, frsm. | Jón Sigurðsson.

Bernh. Stefánsson. | Bjarni Ásgeirsson, fundaskrifari.

Ed. 288. Lög

um breyting á lögum nr. 29, 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

(Afgreidd frá Ed. 27. marz).

1. gr.

4. gr. laga nr. 29, 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, orðist svo:

Nú er lögtak leyft, og skal beiðandi eða fógeti, er hann samkvæmt embættisskyldu á að annast um framkvæmd á lögtaki, hlutast til um, að beiðnin með árituðum úrskurði sé birt skuldunaut af stefnuvottum að minnsta kosti viku fyrr en lögtak á að fara fram. Þá er heimtir skulu skattar til ríkissjóðs, bæjargjöld eða sveitar, kirkjugjöld, brunabótagjöld, ef hreppur eða kaupstaður hefir vátryggt á sama stað, og önnur opinber gjöld, nægir að auglýsa á þann hátt, sem tíðkast um opinberar auglýsingar, að fógeti hafi úrskurðað lögtak á gjöldunum og að lögtakið fari fram án frekari fyrirvara. Skal það gert að minnsta kosti viku áður en lögtakið á að fara fram. Eigi er þörf að greina nöfn skuldunauta í auglýsingunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1931.

Nd. 289. Lög

um breyting á lögum nr. 42, 13. nóv. 1903, um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð.

(Afgreidd frá Nd. 27. marz).

Á eftir orðunum „Frekar en sjálfur vill“ í 16. gr. laga nr. 42, 13. nóv. 1903, komi: nema firmanu sé valið sérstakt heiti, annað en nafn eiganda.

Nd. 290. Breytingartillaga

við frv. til laga um bifreiðaskatt.

Frá Jóhanni Þ. Jósefssyni.

Við 8. gr. b-lið skal orða svo:

10% af hvers árs tekjum má verja til akfærra sýsluvega og til ræktunar-

vegar í Vestmannaeyjum samkvæmt reglugerð, er atvinnumálaráðherra setur, og skal þá skipt þannig:

1. 9/10 hlutar gangi til akfærra sýsluvega. Skiptir atvinnumálaráðuneytið þessum hluta milli einstakra sýslna eftir tillögum vegamálastjóra. Skal þess gætt, að lagt verði fé eingöngu til þeirra sýsluvega, þar sem er tiltölulega mikil umferð bifreiða og örðug aðstaða til fullnægjandi viðhalds, enda sé skilyrði fyrir framlagi í hvert sinn, að jafnt komi á móti úr sýslusjóði eða sýsluvegasjóði.
2. 1/10 hluta skal varið til umbóta og viðhalds ræktunarveginum í Vestmannaeyjum, gegn jafnmiklu framlagi úr bæjarsjóði Vestmannaeyjakaupstaðar.

Verði þessi hluti skattsins ekki notaður upp eitt ár, má verja eftirstöðvunum til viðhalds þjóðvegum til viðbótar a-lið.

Nd. 291. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 32, 11. júlí 1911, um úrskurðarvald sáttanefnda.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin vill öll, að frv. nái fram að ganga, en þykir réttara að breyta lítið eitt orðalagi 1. gr. Fyrir því er það tillaga nefndarinnar, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Við 1. gr.

1) Í stað orðanna „Upphaf 1. gr. laganna skal orða svo“, komi: 1. málsgr. og a-lið 1. gr. laganna skal orða svo.
2) b-liður fellur burt.

Alþingi, 27. marz 1931.

Magnús Torfason, form. — Magnús Guðmundsson, frsm. — Jón Ólafsson.
Héðinn Valdimarsson, fundaskrifari. — Lárus Helgason.

Nd. 292. Frumvarp

til laga um ríkisborgararétt.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Ríkisborgararéttur veitist þeim mönnum, sem hér segir:

1. Johan Martin Pettersen Hestnæs smið á Ísafirði, fæddum í Noregi.

2. Paul Oskar Smith pípulagningarmeistara í Reykjavík, fæddum í Noregi.
3. Ernst Fresenius garðyrkjumanni á Reykjum í Mosfellssveit, fæddum í Þýzkalandi.
4. Alexander Bridde bakarameistara í Reykjavík, fæddum í Rússlandi.
5. Sigmund Ovelius Lövdahl bakara í Neskaupstað, fæddum í Noregi.
6. Karl Johan Svendsen vélasmið í Neskaupstað, fæddum í Noregi.
7. Engelhart Holst Svendsen rafstöðvarstjóra í Neskaupstað, fæddum í Noregi.

Ríkisborgararéttur þessara manna er þó því skilyrði bundinn, að þeir áður ár er liðið frá því, er lög þessi öðlast gildi, sanni fyrir dómsmálaráðherra, að þeir eigi ekki ríkisborgararétt þar, sem þeir eru fæddir.

Nd. 293. Frumvarp

til laga um verðtoll.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Verðtoll skal greiða í ríkissjóð af vörum, sem fluttar eru til landsins, eftir þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Verðtollinn innheimta sýslumenn og bæjarfógetar, en í Reykjavík tollstjóri. Póstmenn innheimta verðtoll af þeim vörum, sem til landsins flytjast í pósti.

3. gr.

Gjaldheimtumenn greiða verðtollinn í ríkissjóð eftir þeim reglum, sem gilda um opinber reikningsskil, og fjármálaráðherra er heimilt að setja allar nauðsynlegar reglur til þess að tryggja ríkissjóð.

4. gr.

Hver, sem fær vörur frá útlöndum, er skyldur til, áður en vörurnar eru afhentar honum, að sýna hlutaðeigandi gjaldheimtumanni, eða umboðsmanni hans, reikning yfir innkaupsverð þeirra, kominna um borð í skip, er flytja á vörurnar hingað til lands, og er verðtollurinn innheimtur eftir þeim reikningum.

Á innkaupsreikningum skulu skýrt og greinilega tilgreind nöfn vörutegunda þeirra, er hann ræðir um, og verðið á hverri einstakri vörutegund, bæði einingar og heildarverð. Svo skal og í þeim greint, í hverri mynt er reiknað. Allir töluliðir reikninganna skulu lagðir saman og aðalupphæð þeirra skýrt tilgreind. Bannað er með öllu að nota á innkaupsreikningum verðskrárnúmer eða stafi í stað vöruheita. Innkaupsreikningar skulu einnig skýra greini-

lega frá númerum og merkjum á umbúðum vörunnar, svo og frá stykkjatölu hennar og þunga, með og án umbúða (brúttó og nettó þyngd).

Á innkaupsreikningum skal vera vottorð seljanda, undirritað af honum sjálfum eða af einhverjum þeim, er samkvæmt lögum í landi seljanda hefir rétt til að rita firma hans, um að stykki þau, er þar eru talin, hafi ekki aðrar eða meiri vörur inni að halda en þær, sem reikningurinn hljóðar um, og að allar vörur á reikningnum séu taldar með fullu því verði, sem kaupanda eða móttakanda ber að greiða fyrir þær. Sé téð vottorð ekki ritað á reikninginn eða ef hann fullnægir ekki öðrum framangreindum skilyrðum, varðar það innflytjanda allt að 1000 kr. sektum.

Auk innkaupsreiknings ber innflytjanda við greiðslu tollsins að sýna gjaldheimtumanni farmskírteini yfir vöruna, og sé á því greinilega skýrt frá vörutegund, stykkjatölu, merkjum og númerum stykkjanna.

Nú kemur það í ljós, að innkaupsverð á reikningi, sem fullnægir að formi til framangreindum skilyrðum, er óeðlilega lágt, og getur gjaldheimtumaður þá krafið innflytjanda um fyllri sannanir fyrir innkaupsverðinu, og fáist þær ekki, er gjaldheimtumanni heimilt að meta eða láta meta vöruna til verðs með hliðsjón af almennu innkaupsverði á samskonar vöru.

Gjaldheimtumenn geta og, hvenær sem þeim þykir þörf, rannsakað innfluttar vörur og gengið þannig úr skugga um, að innkaupsreikningar, farmskírteini og farmskrár greini rétt frá innihaldi sendinganna.

Sýnishorn og gjafir, sem enginn innkaupsreikningur fylgir og enginn reikningur verður gefinn yfir, metur gjaldheimtumaður eða lætur meta til verðs, og reiknast verðtollurinn af því matsverði. Sömuleiðis er gjaldheimtumanni heimilt að meta eða láta meta til verðs vörur þær, sem hann lætur selja á uppboði fyrir tolli, þegar hann hefir ekki fengið fullnægjandi skilríki um innkaupsverð þeirra. Kostnaður af mati á vöru, sem seld er fyrir tolli, greiðist af uppboðsandvirði vörunnar.

5. gr.

Gjaldheimtumaður, eða umboðsmaður hans, kvittar fyrir greiðslu verðtollsins með því að stimpla reikninga þá, er í 4. gr. getur, með merkjum þeim og á þann hátt, sem ræðir um í lögum nr. 75, 27. júní 1921. Önnur kvittun er ógild gagnvart ríkissjóði. Póstmenn kvitta þó fyrir verðtolli með frímerkjum.

6. gr.

Verðtollurinn er tvennskonar:

a. Allsherjar verðtollur, sem greiðist með sama hundraðshluta af öllum vörum, hvort sem þær að öðru leyti eru tollaðar eða ekki, nema sérstakar undantekningar séu gerðar.
b. Sérstakur verðtollur, sem greiðist með mismunandi hundraðshluta af verði vöru, eftir flokkum þeim, sem taldir eru í lögum þessum.

7. gr.

Verðtollur sá, er ræðir um í a-lið 6. gr., er 1½%. Hann greiðist af

öllum vörum, þar með talin skip og bátar, er til landsins flytjast, nema íslenzkum vörum, sem endursendar eru frá útlöndum, ef þær eru endursendar óbreyttar í sömu umbúðum og þær voru sendar héðan, og notuðum umbúðum undan íslenzkum vörum, enda sé gjaldheimtumanni, þar sem þær eru settar í land, afhent vottorð frá tollgæzlustöð, þar sem þær eru fluttar í skip erlendis, um að varan sé íslenzk vara eða umbúðirnar séu undan íslenzkum vörum, sem komið hafa héðan til útlanda.

Venjulegur farangur ferðamanna telst ekki vara í lögum þessum, og ekki heldur heimilismunir manna, sem flytja vistferlum til landsins, né notaðir munir, sem sendir hafa verið til aðgerðar.

8. gr.

Undanþegnar verðtolli þeim, er getur í b-lið 6. gr., eru þær vörur, sem hér segir:

a. Aflvakar, aflvélar og frystivélar og hlutar í þær, nema í mótorhjól og mótorvagna, til kökugerðar, brjóstsykursgerðar og kvikmyndasýninga.
b. Áburðarolíur og áburðarfeiti.
c. Áburður, tilbúinn.
d. Benzín.
e. Brunavarnatæki.
f. Fiskábreiður, fiskumbúðastrigi.
g. Girðingavír, girðinganet, steypuvírnet, steypuvír og girðingastólpar og kengir.
h. Hurðir, gluggar og húsalistar.
i. Jarðyrkjuáhöld.
j. Járnpípur, dregnar og steyptar, og tengistykki á þær, og leirpípur.
k. Korntegundir, fóðurmjöl og fóðurkökur.
l. Leður og skinn, sútað, nema loðskinn.
m. Lyf og lyfjavörur.
n. Ofnar, eldavélar og miðstöðvartæki, og hlutar í þau.
o. Pappi, pappír, umslög, bækur, tímarit og blöð, kennslutæki og vísindaáhöld.
p. Rafmagnsperur.
q. Rúðugler.
r. Saumur, hnoðsaumur og skrúfnaglar.
s. Símavír og efni til símalagningar og loftskeytastöðva.
t. Skip og bátar.
u. Smíðajárn, gjarðajárn, þakjárn, stál og blikk, stálvírar og kaðlar.
v. Steinlím og kalk.
x. Steinolía.
y. Trjáviður.
z. Útvarpstæki.
þ. Vindur (spil).
æ. Veggfóður og veggplötur til bygginga, gólfplötur og þakhellur.
ö. Veiðarfæri og veiðarfæraefni, nema til stangarveiði.
aa. Vörur, sem tollaðar eru í sérstökum tollögum.

9. gr.

Verðtollur sá, sem í 6. gr. b getur, er eins og hér segir:

A. Með 30% tollast eftirtaldar vörur:
Blómlaukar. Bréfspjöld og myndabækur. Flugeldar. Gimsteinar og demantar. Glysvarningur, svo sem blómglös, blómvasar, borðflögg, grímur, grímubúningar, jurtapottar úr hverskonar efni, ef þeir eru eitthvað skreyttir, og aðrar slíkar vörur. Gull-, silfur-, platínu- og plettvörur. Jólatré og jólatrésskraut. Kransar og kransaefni. Lakkrís. Lakkskór, flosskór, flauelsskór og rósaskór (brokadeskór). Leikföng allskonar. Loðskinn og loðskinnafatnaður. Munnhörpur. Plöntur og blóm, lifandi, þurrkuð og tilbúin. Silkivefnaður, silkifatnaður, silkihattar og silkiskór. Skrautvarningur, svo sem málverk, myndir, myndastyttur, skrautsmælki (nips) og veggskildir, og aðrar slíkar vörur. Spil. Sólhlífar.

B. Með 20% tollast eftirtaldar vörur:
Ávaxtamauk. Ávextir og grænmeti, þurrkað, saltað, niðursoðið og syltað. Egg, ný, niðursoðin og eggjaduft. Eldspýtur. Fiður, dúnn og dýnur úr því efni. Fiskur, nýr, ísvarinn, niðursoðinn, hertur og saltur. Ger, gerduft og gerefni allskonar. Grammófónar og grammófónplötur, og tilheyrandi tæki. Göngustafir. Hanzkar, nema úr silki. Harmónikur. Hár, allskonar. Hár-, húð- og handsnyrtitæki og efni, sem notuð eru við slíkar snyrtingar, hárgreiður, höfuðkambar, hárnálar, hand- og raksápur. Hattar (aðrir en silkihattar) og húfur. Humar, krabbar, ostrur og aðrir skelfiskar. Kex, kökur og brauð hverskonar. Kjöt og kjötmeti, nýtt, ísvarið, niðursoðið, saltað og hert. Krydd og kryddolíur allskonar. Legsteinar. Ljósmyndaáhöld og efni til ljósmyndagerðar. Mótorhjól og reiðhjól. Myndarammar (úr öðru en gulli, silfri, platínu og pletti). Postulíns-, leir-, gler-, kristal-, alumin-, tin- og steinungsvörur. Rakhnífar, rakvélar og rakvélablöð. Regnhlífar. Speglar og spegilgler. Tóbakspípur og tóbaksmunnstykki. Úr, úrfestar (úr öðru en gulli, silfri og platínu) og klukkur. Veiðistengur og veiðarfæraefni til stangarveiða. Veggteppi, gólfteppi, teppadreglar og dyratjöld (úr öðru en silki).

C. Með 10% tollast eftirtaldar vörur:
Fatnaður, annar en olíufatnaður og fatnaður, sem fellur undir hærri verðtoll. Fólksflutningabifreiðar. Fægiduft, fægilögur, fægisápur og fægismyrsl. Garn og tvinni, allskonar. Gljávax (bon). Hnífar og hnífapör. Húsgögn allskonar, heil og í hlutum. Kerti. Linsterkja. Mjólk og rjómi allskonar. Mjólkurduft. Ostar. Reiðtygi. Rótarávextir. Skotfæri, skotvopn. Skófatnaður, annar en sá, er fellur undir hærri verðtoll. Skóáburður og stigvélaáburður. Smjör og smjörlíki. Tólg. Töskur allskonar. Vefnaðarvörur, aðrar en segldúkur, fiskábreiður, umbúðastrigi, segl- og strigaborðar, og vefnaðarvörur, sem falla undir hærri verðtoll. Veski allskonar.

D. Með 5% tollast:
Allar vörur, sem ekki eru undanþegnar þessum tolli né taldar í A.–C.-lið.

Verði ágreiningur um flokkunina, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

10. gr.

Af vörum þeim, sem til landsins flytjast í póstbögglum, greiðist verðtollur eftir reglum 9. gr. Ef reikningur fylgir ekki póstböggli, skal um verðmætið fara eftir skýrslu viðtakanda, ef póstþjónn telur hana ekki tortryggilega, en að öðrum kosti skal hann meta verðið.

Heimilt er póstmönnum að opna bögguísendingar, sem sendar eru í pósti frá útlöndum, að viðtakanda ásjáandi eða umboðsmanni hans, um leið og þær eru afhentar, ef grunsamt þykir, að ekki sé rétt frá skýrt um innihald þeirra.

Verðtollinn greiðir viðtakandi í frímerkjum um leið og hann tekur við bögglinum, og skal pósthúsið, sem afhendir hann, líma þau á hann eða fylgibréfið og stimpla þau á venjulegan hátt. Póstmaður skal gæta þess, að viðtakandi taki frímerkin. Af póstbögglum, sem endursendir eru til útlanda, skal ekkert gjald greiða.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja nánari reglur um innheimtu verðtolls af póstbögglum, ef þurfa þykir.

11. gr.

Verðtollinn skal greiða gjaldheimtumanni í því lögsagnarumdæmi, þar sem varan er flutt úr skipi, nema hún eigi samkvæmt farmskrá skipsins að halda áfram með sama eða öðru skipi til annarar hafnar innanlands, og að því er lausakaupmenn snertir, þar sem skipið á fyrst að sýna skipsskjöl sín eftir gildandi lögum.

12. gr.

Hinar gjaldskyldu vörur má ekki byrja að flytja úr skipi fyrr en skipstjóri eða afgreiðslumaður hefir skilað gjaldheimtumanni eða umboðsmanni hans öllum skjölum, er skipsfarminn snerta, og látið fylgja skriflegt vottorð skipstjóra, að viðlögðum drengskap, um það, að ekki séu í skipinu aðrar eða meiri gjaldskyldar vörur til þess staðar en þær, sem tilfærðar eru á farmskránni.

Sé afferming byrjuð áður en fullnægt er fyrirmælum þessarar greinar, verður skipstjóri sekur um allt að 1000 kr.

13. gr.

Ekki má án samþykkis gjaldheimtumanns afhenda viðtakendum gjaldskyldar vörur fyrr en gjaldið er greitt. Brot gegn þessu fyrirmæli varðar sektum, allt að 1000 kr., á hendur skipstjóra eða afgreiðslumanni skips, ef hann er þar á staðnum. Auk þess ber skipstjóri eða afgreiðslumaður ábyrgð á greiðslu tollsins af hinum afhentu vörum á sama hátt og segir um viðtakanda í 17. gr. Hafi vörurnar verið afhentar viðtakanda án samþykkis gjaldheimtumanns eða áður en hann hefir fengið kvittun gjaldheimtumanns fyrir því, að gjaldið sé greitt, þá er viðtakandi skyldur til að skýra gjaldheimtumanni eða umboðsmanni hans frá þessu þegar í stað, eða í síðasta lagi innan þriggja daga frá því er hann tók við vörunum, og greiði hann þá gjaldið um

leið, ef það er ekki þegar greitt. Verðtollurinn fellur í gjalddaga, þegar skip það, er vörurnar flytur, hefir hafnað sig þar, sem gjaldið á að greiðast.

14. gr.

Lögreglustjórar (í Reykjavík tollstjóri) hafa vald til, hvenær sem vera skal, að heimta af hverjum manni í umdæmi sínu, er ástæður þykja til að ætla, að fái gjaldskyldar vörur frá útlöndum, skriflegt vottorð, að viðlögðum drengskap, um hvort hann hafi fengið þesskonar vörur, og ef svo er, þá hverjar og hve mikið af þeim og hvað þær hafi kostað.

Ef nokkur tregðast við að gefa þau vottorð, sem ræðir um í þessari grein, má þvinga hann til þess með dagsektum, allt að 60 kr. á dag, og má gjaldheimtumaður ákveða sektirnar í bréfi til viðtakanda.

15. gr.

Farmskrá yfir allan farm skips skal frá hverju landi vera samin í minnst 2 samritum, og auk þess samhljóða útdrættir úr farmskránni yfir vörur þær, sem fara eiga á hverja einstaka höfn. Eitt eintak af aðalfarmskránni afhendist gjaldheimtumanni í þeirri höfn, þar sem skipið hafnar sig fyrst, en hann sendir það síðan fjármálaráðuneytinu með fyrstu ferð. Útdrættina úr aðalfarmskránni skal afhenda gjaldheimtumanni eða umboðsmanni hans á þeirri höfn, sem vörurnar eiga að affermast. Útdrættir þessir skulu vera greinilega skrifaðir, svo auðvelt sé að lesa þá. Á þeim sé greinilega tilgreint stykkjatal, merki og númer þeirra, sendandi og móttakandi, heiti og þungi eða rúmmál vörunnar, svo og flutningsgjald. Vörusendingar skulu á skrám og útdráttum tilfærðar í óslitinni töluröð.

Það varðar skipstjóra sektum, allt að 1000 kr., ef farmskrár fylgja ekki skipi, samdar eins og hér er mælt fyrir, eða ef vanrækt er að afhenda þær gjaldheimtumanni eða umboðsmanni hans. Ef svo stendur á eða skrám er áfátt, getur gjaldheimtumaður og krafizt þess, að skipstjóri eða afgreiðslumaður láti rita skrár upp, svo þær fullnægi framangreindum skilyrðum, og ef hann telur þess þörf, látið telja vörur upp úr skipinu á kostnað skipseiganda. Annars má gjaldheimtumaður, hvenær sem honum þykir þurfa, láta telja vörur úr skipi, en ekki ber skipseigandi þá kostnað við það, nema skrár reynist rangar við talninguna.

16. gr.

Nú verður maður uppvís að því að hafa vanrækt að skýra gjaldheimtumanni, áður en lögmætur frestur er liðinn, frá verðtollsskyldum vörum, er hann hefir innflutt eða tekið við, eða hafa sagt rangt til um slíkar vörur eða verð þeirra, án þess þó að yfirlýsingin sé gefin á þann hátt, sem í 155. gr. almennra hegningarlaga, 25. júní 1869, segir, og skal hann þá sæta frá 50—3000 kr. sektum.

Nú hefir maður ranglega gefið slíka yfirlýsingu á þann hátt, sem í 155. gr. almennra hegningarlaga greinir, eða á annan samsvarandi hátt, og skal hann þá sæta þeirri refsingu, sem í nefndri grein hegningarlaganna er ákveðin, þó

þannig, að aldrei verði beitt vægari refsingu en 30 daga einföldu fangelsi eða lægri sektum en 200 kr.

Sömu refsingu og til er tekið í 2. málsgrein þessarar gr. skal sá sæta, sem afhendir til stimplunar reikninga, sem hann veit, að ekki sýna hið rétta verð vörunnar.

Ennfremur skal jafnan auk refsingar þrefaldur verðtollur af vörum, þegar rangt hefir verið sagt til um magn þeirra eða verð.

Auk þeirrar refsingar, er í 1., 2. og 3. málsgr. segir, skal sá, er þrisvar hefir gerzt sekur um þar nefnd brot, við 3. brot, ef miklar sakir eru, dæmdur til að hafa fyrirgert leyfi til verzlunar eða umboðssölu, ef hann hefir slíkt leyfi. Að liðnum 5 árum frá dómsuppsögn að telja getur hann þó fengið slíkt leyfi aftur, enda hafi hann ekki á þeim tíma orðið sekur að nýju um brot gegn ákvæðum þessara laga. Sá, er eigi hefir slík leyfi er hann verður brotlegur, getur ekki fengið þau fyrr en að sama tíma liðnum.

17. gr.

Hinar aðfluttu verðtollsskyldu vörur skulu vera að veði fyrir tollinum og sektum, og hefir viðtakandi ekki rétt til að ráðstafa þeim fyrr en tollurinn er greiddur. Veðréttur inn helzt eins, þótt vörurnar hafi verið afhentar viðtakanda. Séu ekki skil gerð samkvæmt lögum þessum, hefir gjaldheimtumaður vald til að selja vörurnar, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar tolli og sektum. Það skal gera á uppboði, er boðað sé með viku fyrirvara, og má krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst ekki til vöru þeirrar, er gjaldið átti af að greiða, og má þá, án undanfarinnar birtingar, gera lögtak fyrir verðtolli og sektum í öðrum eignum viðtakanda og selja hið lögtekna á sama hátt og að framan greinir um hina tollskyldu vöru.

18. gr.

Nú vill svo til, að verðtollsskyld vara ónýtist á leið hingað til lands, eða í uppskipun, og greiðist þá enginn tollur af henni. Ef vara rýrnar í verði vegna skemmda á leiðinni, greiðist tollurinn eftir því verðmæti, sem hún hefir þannig skemmd, eftir óvilhallra manna mati.

Þegar sjóskemmdar vörur eru seldar á uppboði, telst söluverðið sannvirði, og greiðist verðtollurinn af uppboðsandvirðinu með forgangsrétti næst á eftir uppboðskostnaði.

19. gr.

Nú er vara, sem verðtollur hefir verið greiddur af, flutt úr landinu aftur, og getur útflytjandi þá fengið hjá gjaldheimtumanni skírteini þar að lútandi. Ef hann síðar skilar því skírteini aftur, með áritun útlendrar tollstjórnar um það, að vara sú, sem ræðir um í skírteininu, sé þangað innflutt, þá skal endurgreiða honum tollinn. Þó er ekki skylt að endurgreiða tollinn, ef lengri tími en eitt ár líður frá því að varan hefir verið flutt hingað til lands þar til hún hefir verið flutt úr landinu aftur.

20. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál. Þó sæta brot gegn 2. og 3. málsgr. 16. gr. sakamálsmeðferð.

21. gr.

Sektir eftir lögum þessum renna í ríkissjóð.

22. gr.

Um leið og lög þessi öðlast gildi, eru úr gildi numin þau lög, sem hér segir:

Lög nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll á nokkrum vörum.

Lög nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll.

Lög nr. 16, 31. maí 1927, um breyting á lögum nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll.

Ákvæðin: »Efnivörur til framleiðslu innlendrar tollvörugerðar skulu undanþegnar verðtolli« í 1. málsgr. 3. gr. laga nr. 50, 31. maí 1927, um gjald af innlendum tollvöruteguudum.

Lög nr. 4, 3. apríl 1928, um breyting á lögum nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll, og

Lög nr. 5, 3. apríl 1928, um breyting á lögum nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll á nokkrum vörum.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1932.

Nd. **294. Breytingartillögur**

við frv. til laga um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Aftan við 2. málslið greinarinnar bætist: en í bæjum skal nefndin kosin af bæjarstjórn.
   b. Á eftir orðinu „nautgriparæktarfélag“ í þriðja málslið greinarinnar komi: sem í er meiri hluti kúaeigenda.
2. Við 7. gr. Orðið „það“ í síðasta málslið 1. málsgreinar falli burt.
3. Við 16. gr. Niðurlag greinarinnar orðist svo: og renna þær í sjóð nautgriparæktarfélags þar sem brotið er framið, en ella í sjóð nautahaldsins.

4. Við 19. gr. Á eftir orðunum „ríkissjóði (sbr. 34. gr.)“ komi: og í er meiri hluti búenda í hreppnum.
5. Við 29. gr. Niðurlag greinarinnar, orðin „enda er sveitarsjóði“ o. s. frv. falli niður.
6. Við 43. gr. Greinin orðist svo:

   Heimilt er mönnum að stofna með sér félagsskap til að vinna í sameiningu að kynbótum sauðfjárins, og kallast slík félög sauðfjárræktarfélög.

   Gera skal samþykktir fyrir sauðfjárræktarfélög, og skal þar tekið fram:

   a. Að halda skuli fóður- og vigtarskýrslur um kynbótafé.
   b. Að halda skuli ættbók yfir kynbótafé og merkja hvern einstakling þess með einstaklingsmerki.
   c. Hvernig haga skuli skýrsluhaldi, til þess að fá sem öruggasta vissu um erfðaeðli einstaklinganna.
   d. Hve margt kynbótafé hver meðlimur félagsins hafi, og má ærtala félagsins ekki vera undir 50, og ekki yfir 30 hjá hverjum einstökum félagsmanni.
7. Við 44. gr. Greinin orðist svo:

   Félög þau, sem ræðir um í 43. gr., geta árlega fengið styrk úr ríkissjóði, eftir að þau hafa fengið samþykktir sínar viðurkenndar af Búnaðarfélagi Íslands. Styrkurinn rennur í félagssjóð og borgast eftir á, þegar félagið hefir sent skýrslur um starf sitt til Búnaðarfélags Íslands. Hinn árlegi styrkur sé 75 kr. fyrir 1. verðlauna hrúta og 20 kr. fyrir hverjar 100 kynbótaær, sem í félaginu eru og skýrsla er haldin um og send Búnaðarfélaginu.

   Heimilt er atvinnumálaráðherra, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, að veita einstökum mönnum, er fullnægja skilyrðum a-, b- og c-liða 43. gr., sama styrk og sauðfjárræktarfélögum.
8. Við 45. gr. Greinin orðist svo:

   Auk þessa getur atvinnumálaráðherra styrkt 8 sauðfjárræktarbú, tvö í hverjum fjórðungi, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, með allt að 800 kr. hvert, þó ekki yfir ⅔ á móti viðkomandi búnaðarsamböndum eða annarsstaðar frá. Fjárræktarbú þessi skulu uppfylla öll þau skilyrði, er um ræðir í a—c-liðum 43. gr., og önnur ákvæði, er sett kunna að verða.

   Við ábúendaskipti hefir Búnaðarfélag Íslands rétt til að ráðstafa kynbótafénu og í samráði við aðra, er styrkt hafa búið, að ákveða, hvar búið starfar áfram. Borga skal búsféð með matsverði óvilhallra dómkvaddra manna
9. Við 47. gr. Greinin falli burt.
10. Við 48. gr. Greinin falli burt.
11. Við 49. gr. Greinin falli burt.
12. Við 50. gr. Fyrir „þriðja“ komi: fjórða. Fyrir „þrjú“ komi: fjögur.
13. Við 51. gr. Greinin orðist svo:

    Heimilt er ríkisstjórninni að stofna til samkeppni milli sauðfjárbúa. Skal hún bundin við ákveðna landshluta og samskonar staðhætti í hvert

sinn. Skal öllum landshlutum smám saman gefinn kostur á að taka þátt í henni, eftir nánari ákvæðum reglugerðar.

Til eftirlits og verðlauna við samkeppnina má greiða úr ríkissjóði allt að 5000 kr. á ári, unz farin hefir verið ein umferð um landið. Veita skal 1., 2. og 3. verðlaun þeim, er að dómi dómnefndar eiga arðsamast og bezt fé. Reglur um samkeppnina og annað, sem að henni lýtur, skal atvinnumálaráðherra setja, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

14. Við 52. gr. Greinin orðist svo:
Þegar lokið er einni umferð um landið samkv. 51. gr., má fara aðra, ef Búnaðarfélagi Íslands þykir ástæða til og þess er óskað af viðkomandi samkeppnissvæðum.

15. Á eftir 52. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Brot móti lögum þessum varða sektum, 10—100 kr., er renna í sveitarsjóð þar, sem brotið er framið.

16. Við 55. gr. Á eftir fyrri málsgrein greinarinnar komi: Stjórn fóðurbirgðafélags skal sjá um, að fóðurskoðanir eigi sér stað eins oft og þurfa þykir, og skal hin fyrsta ætið fara fram fyrir 15. okt.

17. Við 60. gr. Greinin orðist svo:
Nú kemur það í ljós að aflokinni skoðun, sbr. 55. gr., að tryggingarsjóður nægir ekki til fóðurkaupa, og er þá félaginu heimilt lán úr bjargráðasjóði til þess, er á vantar, gegn 5% ársvöxtum og endurgreiðslu innan þriggja ára.

Fóðurbirgðafélagi, sem jafnframt tryggir heimilin innan félagsins fyrir bjargarskorti, er auk þess heimilt, ef þörf krefur, nauðsynlegt rekstrarlán úr bjargráðasjóði, gegn 5% ársvöxtum, og sé lánið afborgunarlaust fyrstu 5 árin, en afborgist síðan á 10 árum með jöfnum árlegum afborgunum. Skylt er hreppsnefnd að ábyrgjast bráðabirgðalán og rekstrarlán fyrir hlutaðeigandi fóðurbirgðafélög.

Fé það, sem fóðurbirgðafélag fær þannig að láni, skal það ávaxta í sparisjóði eða annari tryggri peningastofnun þann tíma, sem það er ekki bundið í vörubirgðum félagsins.

18. Við 63. gr. Aftan við fyrri málslið greinarinnar bætist: að nokkru eða öllu leyti.

19. Við 89. gr. Fyrri málsgrein greinarinnar orðist svo:
a. Heimilt er að halda héraðssýningar þegar viðkomandi héraðsstjórnir óska. Þar má sýna helztu tegundir búfjár, svo sem sauðfé, nautgripi, hross, hænsni og geitfé. Skal þá skipta landinu í 10 umdæmi og sýningar haldnar í þeim til skiptis. Fleiri sýslur en ein, eða sýsluhlutar, geta verið saman um héraðssýningu.
b. Síðari málsgrein greinarinnar breytist þannig, að á eftir „sýslusjóði“ komi: eða sýslusjóðum, — á eftir „sýslusjóður“ komi: eða sýslusjóðir, — á eftir „sýslunefnd“ komi: eða sýslunefndum.

Ed. 295. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 7, 14. júní 1929, um tannlækningar.

Flutningsm.: Jón Jónsson.

4. gr. laganna orðist svo:

Öllum öðrum en tannlæknum eða þeim, sem tannlækningaleyfi hafa, er óheimilt að setja gervitennur og tanngarða í menn. Þetta nær ekki til lækna, ef þeir sanna fyrir heilbrigðisstjórninni, að þeir hafi aflað sér nægilegrar þekkingar í þessari grein. Heimilt er og dómsmálaráðherra með samþykki landlæknis að veita mönnum, er lokið hafa tannsmíðanámi, leyfi til að setja gervitennur og tanngarða í menn í samráði við héraðslækni í þeim héruðum, sem eru tannlæknislaus.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, fara tannsjúkdómar árlega í vöxt hjá þjóðinni. Þörfin á tannsmíðum vex að sama skapi. Aftur eru tannlæknar ekki nema í 3 stærstu bæjunum. Er það því augljóst, að aðstaðan fyrir menn, sem búa fjarvistum frá þeim bæjum, er erfið um að fá gervitennur, þar sem öllum öðrum en tannlæknum er með 4. gr. laga nr. 7, 14. júní 1929, bannað að setja gervitennur í menn.

Er frv. þessu ætlað að ráða bót á slíkum vandkvæðum, enda er mér kunnugt, að erlendis er altítt að veita lærðum tannsmíðum, þó ekki hafi lokið tannlækningaprófi, leyfi til tannsmíða, og þar sem leyfi til slíkra starfa er í frv. bundið við samþykki landlæknis, virðist ekki áhorfsmál að heimila slíkt leyfi.

Ed. 296. Nefndarálit

um frv. til laga um kirkjuráð.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt, en telur þó nauðsynlegt, að tekið sé fram um lengd kjörtíma hinna kjörnu fulltrúa ráðsins. Samkvæmt því leyfir nefndin sér að flytja eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU.

Við 4. gr.

Fyrri málsliður orðist svo:

Kirkjuráðið skipa 5 menn, biskup landsins og 2 guðfræðingar, kosnir af söknarprestum þjóðkirkjunnar og kennurum guðfræðideildar háskólans til 5 ára í senn, og 2 fulltrúar, kosnir af héraðsfundum til sama tíma.

Alþingi, 27. marz 1931.

Jón Jónsson, form., frsm.	Erlingur Friðjónsson, fundaskrifari.	Guðrún Lárusdóttir.

Ed. 297. Breytingartillaga

við tillögu til þingsályktunar út af lokun Íslandsbanka.

Flutningsmaður: Pétur Magnússon.

Tillgr. orðist þannig:

Efri deild Alþingis ályktar að skipa þriggja manna nefnd, samkv. 35. gr. stjórnarskrárinnar, til að rannsaka tildrögin að lokun Íslandsbanka.

Ed. 298. Breytingartillaga

við frv. til laga um utanfararstyrk presta.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið veitir árlega 2 prestum, þeim er þjónað hafa embætti a. m. k. 2 ár, styrk til utanfarar með þeim skilmálum, er segir í lögum þessum.

Nd. 299. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um verðtoll.

Frá Jóni A. Jónssyni.

1. Við 8. gr. Aftan við staflið f. komi: og tómir pokar og ullarballar.

2. Við 9. gr.
   a. Við staflið A. Eftir »Gull- . . . plettvörur« komi: Humar, krabbar, ostrur og aðrir skelfiskar.
   b. Við staflið B. »Ávextir og grænmeti, þurrkað, saltað og syltað. Egg ný, niðursoðin og eggjaduft . . . niðursoðinn. . . . Humar, krabbar, ostrur og aðrir skelfiskar. Kex, kökur og brauð hverskonar. . . . reiðhjól . . . leir-, gler- . . . og klukkur« falli niður.
   c. Við staflið C. Inn undir liðinn bætist: Ávextir og grænmeti, þurrkað, saltað, niðursoðið og syltað. Egg, ný, niðursoðin og eggjaduft. Fiskur niðursoðinn. Kex, kökur og brauð hverskonar. Reiðhjól. Leir- og glervörur. Klukkur.

Ed. 300. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr, 45, 15. júní 1926, um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar.

Flutningsm.: Guðrún Lárusdóttir.

Fyrri málsgrein 7. gr. laganna skal orða svo:

Bönn þau, sem talin eru í undanfarandi greinum, ná yfir allan daginn skírdag, föstudaginn langa og hinn fyrri helgidag stórhátíðanna. Þau gilda einnig eftir kl. 6 á aðfangadagskvöld jóla.

Greinargerð.

Það er óþarfi að hafa langa greinargerð með þessu frv. Kvöldmáltíðar- og Getsemaneminningarnar eru öllum alvörugefnum mönnum, sem hafa alizt upp í kristnu landi, svo heilagt og viðkvæmt mál, að þeim mun þykja sjálfsagt, að engar almennar skemmtanir fari fram á skírdagskvöld, og því er lagt hér til, að skírdagur sé friðhelgaður alveg eins og föstudagurinn langi.

Nd. 301. Breytingartillögur

við frv. til laga um búfjárrækt og við brtt. á þskj. 294.

Frá Hákoni Kristóferssyni.

1. Við brtt. 294, 7 (við 44. gr.). Fyrir »75« komi: 45.
2. Við 59. gr.
   a. Fyrir »30 kr.« í tölul. 1 komi: 15 kr.
   b. Fyrir »50 aurar« í tölul. 2 komi: 30 aurar.

Nd. 302. Breytingartillögur

við frv. til laga um verðtoll.

Flm.: Pétur Ottesen, Jón Sigurðsson.

Við 9. gr.

1. Úr B-lið færist í A-lið í réttri stafrófsröð: Fiskur, nýr, ísvarinn, niðursoðinn, hertur og saltaður. Humar, krabbar, ostrur og aðrir skelfiskar. Kjöt og kjötmeti, nýtt, ísvarið, niðursoðið, saltað og hert.
2. Úr C-lið færist í B-lið á sama hátt: Mjólk og rjómi allskonar. Mjólkurduft. Ostar. Smjör.

Nd. 303. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um ríkisborgararétt.

Frá Jóni A. Jónssyni.

Við frvgr. bætist nýr liður:

8. Gunnar Akselson verzlunarstjóra á Ísafirði, fæddum í Noregi.

Nd. 304. Lög

um skatt af húseignum í Neskaupstað.

(Afgreidd frá Nd. 30. marz).

1. gr.

Af öllum húseignum í Neskaupstað skal greiða gjald, er rennur í bæjarsjóð.

2. gr.

Húseignaskatt samkvæmt 1. gr. skal miða við virðingarverð húsa eftir fasteignamatslögum, og ákveðst hann þannig:

Af öllum húseignum, úr hvaða efni sem þau eru og til hvers sem þau eru notuð, skal greiða 0,5% — fimmtíu aura af hverjum hundrað krónum — virðingarverðs samkvæmt fasteignamatslögunum. Minni upphæð en 100 kr. skal sleppt.

Gjald þetta greiða húseigendur.

3. gr.

Fyrir gjald þetta annast bærinn, húseigendum að kostnaðarlausu, sót-, sorp- og salernahreinsun og gerir ráðstafanir til að fyrirbyggja eldsvoða.

4. gr.

Húseignaskatturinn greiðist í skrifstofu bæjarins, og er gjalddagi 1. sept. ár hvert.

Húseignaskatturinn hvílir sem lögveð á eigninni, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, að fasteignaskatti til ríkissjóðs undanskildum.

Brenni húseignin, hefir gjaldið forgangsrétt í brunabótum á sama hátt.

Sé húseignaskatturinn ekki greiddur á gjalddaga, skal reikna af honum sömu dráttarvexti og útsvörum.

Dráttarvextir hafa lögtaksrétt á sama hátt og gjöldin sjálf.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 305. Frumvarp

til laga um Rafveitulánasjóð Íslands.

Flm.: Héðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson, Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Rafveitulánasjóður Íslands. Tilgangur sjóðsins er að styrkja sveitar- og bæjarfélög og orkuveitufélög eða orkuveitusambönd til þess að byggja vatnsaflsstöðvar til raforkuframleiðslu eða til að gera orkuveitur út frá vatnsaflsstöð.

2. gr.

Ríkissjóður leggur Rafveitulánasjóði til ½ millj. kr. sem stofnfé á árinu 1931. Ríkisstjórninni er heimilt að taka fé þetta að láni að nokkru eða öllu leyti, ef þörf krefur. Sjóðurinn greiðir ríkissjóði 6% ársvexti af stofnfénu. Fyrstu fimm árin greiðir sjóðurinn engar afborganir af stofnfénu, en að þeim liðnum endurgreiðir hann ríkissjóði það á 20 árum með jöfnum ársgreiðslum.

Ennfremur skulu sjóðnum lagðar til árlega til ársloka 1942 tekjur af tóbakseinkasölu ríkisins, frá kr. 250—300 þúsund, er bætist við höfuðstól sjóðsins. Verði tekjur af tóbakseinkasölu eitthvert árið minni en 250 þús. kr., skal ríkissjóður leggja mismuninn fram.

3. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu eiga sæti 5 menn, er atvinnumálaráðherra skipar til þriggja ára í senn. Forstöðumaður rafmagnseftirlits ríkisins og ráðunautur ríkisstjórnarinnar í vatnamálum (nú vegamálastjóri) skulu eiga sæti í stjórninni. Ráðherra ákveður þóknun stjórnenda.

4. gr.

Fyrst um sinn, þangað til stjórn sjóðsins með samþykki ráðherra gerir aðra ákvörðun, hefir Landsbanki Íslands á hendi alla afgreiðslu Rafveitulánasjóðs. Verði ágreiningur, úrskurðar ráðherra upphæðina.

5. gr.

Upphæð lána úr sjóðnum má nema allt að ⅘ virðingarverðs vatnsorkuvers eða raforkuveitu, sem lánin eru veitt til. Venjulega skulu lánin eigi koma til útborgunar fyrr en vatnsorkuver það eða raforkuveita, sem lánað er til, er fullgert. Þó má lán koma til útborgunar að nokkru leyti meðan verkið stendur yfir, ef nægilegt veð er fyrir. Aldrei má lána úr sjóðnum nema ábyrgð hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarfélags, orkuveitufélags eða orkuveitusambands sé einnig fyrir láninu.

6. gr.

Lána skal úr sjóðnum í fyrsta sinn árið 1932, ef umsókn liggur fyrir, er stjórn sjóðsins tekur gilda, og síðan má á hverju ári lána allt handbært fé sjóðsins, ef umsóknir liggja fyrir, að frádregnum þeim upphæðum, sem þarf til þess að standast greiðslu afborgana og vaxta af stofnfjárláninu og rekstrarkostnað.

7. gr.

Lán úr sjóðnum má veita til allt að 25 ára, og mega þau vera afborgunarlaus fyrstu 5 árin af lánstímanum. Í vexti af lánum þessum skal greiða 5% á ári, og skulu vextirnir greiðast hálfsárslega eftir á. Afborganir skulu greiðast í lok árs þess, er þær falla í gjalddaga. Skal greiðslum afborgana hagað þannig, að samanlögð upphæð vaxta og afborgana verði jöfn öll árin.

8. gr.

Rafveitulánasjóður er undanþeginn tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfélaga.

9. gr.

Í reglugerð fyrir Rafveitulánasjóðinn má setja þau nánari ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg kunna að þykja, þó ekki sé sérstaklega gert ráð fyrir þeim í lögum þessum, enda fari þau ekki í bága við nein ákvæði í lögunum.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal Rafveitulánasjóður taka til starfa samkvæmt þeim eigi síðar en 1. janúar 1932.

Greinargerð.

Það er eitthvert mesta nauðsynjamál íslenzku þjóðarinnar, að virkjað verði til almenningsþarfa svo mikið vatnsafl, að landsmenn geti alstaðar þar, sem því verður við komið, haft næga og ódýra raforku til lýsingar, suðu, smáiðjurekstrar og jafnvel hitunar. Ýmsar skoðanir hafa komið fram um það, á hvern hátt heppilegast væri að ná því marki, en meðal þeirra manna, sem óska þess, að reynt verði sem mest að leysa úr orkuþörf landsmanna með virkjun vatnsafls, hafa einkum verið uppi tvær stefnur. Önnur stefnan er sú, að styrkja vatnsaflsvirkjanir og raforkuveitur með framlagi úr ríkissjóði (sbr. frv. J. Þorl. o. fl. 1929 um raforkuveitur til almenningsþarfa). Hin stefnan, sem telja má, að orðið hafi ofan á í raforkumálanefnd ríkisins, nefnd, sem ríkisstjórnin skipaði sumarið 1930 til að rannsaka og gera tillögur um raforkumálin, er sú, að heppilegasta leiðin sé, *að virkjun vatnsafls til framleiðslu raforku til almenningsþarfa fari fram eftir ákveðinni fastri áætlun fyrir allt landið, og að þau fyrirtækin séu framkvæmd fyrst, sem sýnilega bera sig bezt fjárhagslega.* Ennfremur að stuðningur frá ríkisins hálfu komi eigi fram sem styrkur, heldur sem ábyrgð á eða útvegun lánsfjár til virkjana eða veitutauga, enda er gengið út frá því, að gengið sé fyrst úr skugga um, hvort um fjárhagslega heilbrigt fyrirtæki er að ræða, áður en lán er veitt.

Svo sem kunnugt er hefir Reykjavíkurbær ákveðið að ráðast í virkjun Sogsins (Efra-Fallið) og liggur nú fyrir Alþingi frv. til laga um framkvæmdir í því máli. Samkv. því á að vera búið að virkja a. m. k. 5000 kw stöð við Efra-Fallið í Soginu eigi síðar en 1934—35. Að tilhlutnn raforkumálanefndar ríkisins hefir verið rannsakað, hver tök væru á að láta öðrum sveitarfélögum en Reykjavík og Hafnarfirði í té raforku úr Sogi. Rannsóknin hefir leitt í ljós, að það borgar sig ágætlega að leggja orkuveitutaugar frá Sogveitunni: 1) Niður á Eyrarbakka og Stokkseyri og til Vestmannaeyja; 2) til Akraness; 3 suður um Reykjanes.

Raforkumálanefndin fól á síðastliðnu hausti þeim verkfræðingunum Jakob Gíslasyni, forstöðumanni rafmagnseftirlits ríkisins, og Steingrími Jónssyni, rafmagnsstjóra í Reykjavík, að rannsaka, hvernig línur út frá Sogsvirkjuninni myndu bera sig. Árangur þessarar rannsóknar varð:

1) Lína frá Sogi niður um Eyrarbakka og Stokkseyri og út til Vestmannaeyja (af Krosssandi), að meðtöldum 90 sveitabæjum á leiðinni, og sem nær til 5434 manns, kostar *1 millj. 129 þús. krónur* fyrir 97 wött flutt á mann. Með hæfilegu orkuverði frá stöðvarvegg (85 kr. árskw.) kostaði því raforkan komin til notenda um 36 krónur á mann, eða sama og Reykvíkingar greiða nú fyrir nál. helmingi minni raforku. Með því að salan eykst, lækkar svo verð-

ið á orkunni. Einnig myndi það geta orðið nokkru lægra, ef engir eða aðeins fáir sveitabæir væru reiknaðir með.

2) Lína frá spennistöð í Mosfellsveit, um Kjalarnes, yfir Hvalfjörð til Akraness, er flytti 200 wött á mann, myndi kosta með spennistöðinni *390 þúsund krónur*. Línan gæti flutt raforku til ca. 1500 manns og tekjurnar rúml. 14% af stofnkostnaði línunnar, en 12% er talið nægilegt til að línan beri sig, með því að greiða 85 kr. fyrir raforkuna við stöðvarvegg í Sogi eða tilsvarandi verð fyrir orkuna frá spennistöð.

3) Lína frá afspennistöð við Elliðaár suður um Reykjanes nær til 2450 manns, kostar rúmlega 500 þús. kr. og myndi geta gefið af sér um 13%, eða rúmlega nóg til að bera línukostnaðinn, enda þótt orkan gæti orðið ca. þrisvar sinnum ódýrari til notenda en Reykvíkingar greiða nú fyrir raforku.

Ísafjarðarkaupstaður hefir sem kunnugt er leitað ábyrgðar ríkissjóðs fyrir láni til rafveitu. Sömuleiðis Siglufjarðarkaupstaður. Um fyrirhugaða rafveitu Ísafjarðar liggur fyrir fullunnin kostnaðaráætlun, er sýnir, að stöðin muni vel bera sig, enda hefir bygging stöðvarinnar einu sinni verið boðin út. Um byggingu rafstöðvar handa Siglufirði (og ef til vill einnig Sauðárkróki og Skagafjarðarhéraði) liggur fyrir nokkuð nákvæm áætlun, er virðist benda til, að Siglufjarðarvirkjunin verði mjög gott fyrirtæki. Þess verður einnig sjálfsagt skammt að bíða, að Akureyrarkaupstaður og umhverfi þarfnist meiri raforku. Það er því sýnilegt, að ríkissjóður verður á hverju ári í næstu 10 ár eða lengur beðinn um ábyrgð fyrir rafveitulánum, og það sumum hverjum allstórum. Ólíklegt er, að mörgum sveitarfélögum muni takast að fá nægilega hagstæð lán innanlands eða erlendis án ríkisábyrgðar. Ef leysa ætti úr málinu á þennan hátt, lítur út fyrir, að árangurinn mundi verða sá, að annaðhvort yrði ríkið allmjög að auka við ábyrgðarskuldbindingar sínar á smáum lánum erlendis, sem af ýmsum er talið vafasamt, hversu holt sé fyrir lánstraust ríkisins, eða að ábyrgðirnar yrðu ekki veittar og framkvæmdir um virkjun drægjust von úr viti. Telja má víst, að fyrsta virkjun Sogsins verði eigi leyst með öðru móti betur en að ríkið ábyrgist lán til hennar, þar sem um svo stórt fyrirtæki er að ræða. Hinsvegar er ekki nauðsyn á að leggja strax meiri orkutaugar frá Sogsveitunni en til Reykjavíkur og Hafnarfjarðar og þannig hægt að minnka fyrstu lántöku til Sogsvirkjunar. Aðrar raforkutaugar þaðan mætti vel hugsa sér að leggja á 5—6 árum.

Ef Efra-Fallið í Sogi verður virkjað á næstu 3—4 árum og til þess fengið erlent lán með ríkisábyrgð (ca. 6—7 millj. króna), væri unnt með því móti, sem stungið er upp á í frumvarpinu að framan, að ljúka á næstu 10 árum við allar þær framkvæmdir um rafveitur, sem nú sem stendur lítur út fyrir, að vel geti borið sig fjárhagslega, enda gengið út frá því, að lántakandi geti ætíð sjálfur útvegað sér um ⅓ hluta byggingarkostnaðar að láni annarsstaðar eða lagt þá upphæð fram á t. d. 5 árum. Sundurliðaðar gætu framkvæmdirnar orðið í aðaldráttum þannig:

Árið	Lánað	Stofnkostnaður orkuvers eða orkuveitu	Tekjur sjóðs
1932 Ísafjarðarkaupst., (fyrri hluti)	400 þús. kr.	550 þús. kr.	495 þús. kr.
1933 Sami (síðari hl.) .. 40 þús. Siglufjkpst. (fyrri hl.) 260 —	300 — —	700 — —	257 — —
1934 Sami (síðari hluti)	300 — —	„ — —	270 — —
1935 Eyrarbakka-, Stokkseyrar- og Vestmannaeyjalína	300 — —	1120 — —	284 — —
1936 Sama	300 — —	„ — —	273 — —
1937 Sama	300 — —	„ — —	290 — —
1938 Akraneslína	310 — —	390 — —	324 — —
1939 Reykjaneslína	400 — —	500 — —	356 — —
1940 Akureyrarvirkjun (Eyjafjarðar- og S-Þing.sýslur)	400 — —	1500 — —	388 — —
1941 Sama	400 — —	„ — —	423 — —
1942 Sama	400 — —	„ — —	454 — —
	3810 þús. kr.	4760 þús. kr.	3814 þús. kr.

Framangreint yfirlit er reiknað út með tilliti til greiðslu vaxta og afborgana og miðað við, að lánin greiðist upp á 20 árum, og mun vera nærri lagi, þótt tölurnar séu eigi alveg nákvæmar, enda myndi það ætíð á valdi stjórnar sjóðsins, hvernig færi um sjóðseign og greiðslu vaxta og afborgana frá ári til árs. Árið 1942 standa eftir af stofnláni sjóðsins 350 þús. krónur, og *verður hrein eign sjóðsins þá um 3½ milljón króna.* Úr því yrðu árlegar tekjur sjóðsins af vöxtum og afborgunum 2—300 þús. krónur, sem mætti annaðhvort verja til áframhaldandi lána í sama skyni, eða til þess að styrkja þá, sem verri aðstöðu hafa til að verða raforku aðnjótandi.

Með framangreindri skipun rafmagnsmálsins yrði á næstu 11 árum búið að lána til og fullgera raforkuveitur til almenningsþarfa á öllum þeim stöðum á landinu, sem nú lítur helzt út fyrir, að slík fyrirtæki geti borið sig án styrks. Væri þá séð fyrir nægri og ódýrri raforku handa 7—10 þús. manns á Norðurlandi, 3—4 þús. manns á Vesturlandi og 40—45 þús. manns á Suðurlandi, eða 50—60 þús. manns á öllu landinu.

Á þeim stöðum á landinu, þar sem annaðhvort er ekki hægt að ná til raforku úr stórri kaupstaðarveitu, eða það borgar sig eigi sökum vegalengda o. s. frv., er eðlilegt, að mönnum sé séð fyrir þægilegum lánum til að virkja smávatnsaflsstöðvar, þar sem því verður við komið, og er eðlilegt, að Búnaðarbanki Íslands sjái bændum fyrir slíkum lánum, og væri nauðsynlegt, að veiting slíkra lána yrði hafin svo fljótt sem unnt er.

Enda þótt rannsóknir á sveitaveitum út frá Sogi hafi leitt í ljós, að lítt er hugsanlegt, að orkuveitur um strjálbýlar sveitir geti borið sig fjárhagslega, virðist rétt að leggja áherzlu á að teygja orkuveitur frá höfuðveitum kaupstaðanna upp um sveitirnar, þar sem ekki þarf mikið opinbert framlag til þess

að sveitaorkuveita geti borið sig, þegar fé verður fyrir hendi til þess, en það myndi verða eftir rúmlega 10 ár, er Rafveitulánasjóðurinn hefði lokið við lánveitingar til aðalorkuveitnanna. Væru þá tiltækilegar um 2—300 þúsund krónur á ári í þeim tilgangi.

Nd. 306. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 32, 11. júlí 1911, um úrskurðarvald sáttanefnda.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

1. málsgr. og a-lið 1. gr. laganna skal orða svo:

Í skuldamálum, þar sem skuldarhæðin nemur eigi meira en 500 kr., skal sáttanefnd kveða upp úrskurð, ef skuldheimtumaður krefst þess:

a. Þegar kærði kemur eigi á sáttafund, þrátt fyrir löglega birtingu fyrirkallsins, og sáttanefndin hefir eigi ástæðu til að ætla, að hann hafi lögleg forföll, er meini honum það eða manni fyrir hann, enda hafi kærandi getið þess í sáttakærunni, að hann muni, ef sátt kemst ekki á, krefjast úrskurðar sáttanefndar.

2. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Fyrir uppsögu og bókun úrskurðar greiðist tveggja króna gjald til hvers sáttanefndarmanns, er þar á hlut í, ef kröfuupphæð fer fram úr 50 kr., en að öðrum kosti ein kr. Fyrir endurrit úr sáttabók greiðist 50 aurar fyrir hverja örk hálfa eða þaðan af minna.

Ed. 307. Frumvarp

til laga, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárbóta.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. KAFLI.

Um innflutningsheimild og innflutning.

1. gr.

Með lögum þessum er ríkisstjórninni heimilað að láta flytja inn sauðfé af brezku holdafjárkyni og karakulafé frá Þýzkalandi á kostnað ríkissjóðs til einblendingsræktar og hreinræktar hér á landi.

Framkvæmd laganna og öll mál, er standa í sambandi við þau, heyra undir atvinnumálaráðherra í samráði við Búnaðarfélag Íslands, rannsóknarstofu ríkisins í þágu atvinnuveganna og dýralækna landsins, einkum dýralækninn í Reykjavík.

2. gr.

Aðeins má flytja inn sauðfjárkyn frá þeim héruðum í Skotlandi, sem dýralæknaráð Skotlands gefur vottorð um, að lifrarormasýki (Leverfluke) eigi þar ekki heima né aðrir skæðir búfjársjúkdómar, sem ekki liggja hér í landi, og að gin- og klaufaveiki hafi eigi gert vart við sig tvö síðastliðin ár, áður en innflutningur fjárins fer fram.

Karakulafé má einungis flytja inn í samráði við dýralæknaráð þeirra ríkja, sem féð yrði flutt frá. Að öðru leyti gilda ákvæði fyrri málsgreinar um allar varúðarreglur.

3. gr.

Enga kind má flytja inn, nema henni fylgi vottorð frá skozkum eða þýzkum dýralækni, að hún sé eigi haldin neinum næmum sjúkdómi og að gætt hafi verið allra varúðarráðstafana, sem ákveðnar kunna að vera í skozkum eða þýzkum lögum því til tryggingar, að fé, sem selt er þar úr landi til kynblöndunar í öðrum löndum, sé eigi haldið næmum sjúkdómum.

4. gr.

Eigi má fyrst um sinn flytja inn sauðfé til annara hafna hér á landi en til Reykjavíkur, og einungis með þeim skipum, er koma þangað beinustu siglingaleið frá Skotlandi eða Þýzkalandi.

Einstökum mönnum eða félögum má eigi leyfa innflutning.

II. KAFLI.

Um sóttvarnir.

5. gr.

Nú er afráðið að flytja inn erlent sauðfé samkvæmt lögum þessum, og skal þá atvinnumálaráðherra sjá um, að til verði hentug sóttkví til þess að flytja það í, og allt undirbúið til að veita því viðtöku til hirðingar þegar í stað. Er ráðherra heimilt að taka til þess haganleg svæði í eyjum eða á landi.

6. gr.

Þá er skip það kemur í höfn, sem féð flytur, skal dýralæknir tafarlaust skoða hverja kind og gefa atvinnumálaráðuneytinu skýrslu um ástand og heilsufar fjárins. Ef hann álítur féð heilbrigt, skal það flutt beina leið í sóttkvína. Skal því haldið þar svo lengi, sem dýralæknir, í samráði við formann rannsóknarstofu ríkisins í þágu atvinnuveganna, telur nauðsynlegt.

Ef féð er flutt í umbúðum, skal flytja það í þeim í sóttkvína og má eigi flytja umbúðirnar þaðan, nema þær séu áður sótthreinsaðar tryggilega og dýralæknir veiti leyfi til þess.

Eigi má flytja innlent búfé í innflutningsskipið, meðan hið innflutta fé er þar, og eigi fyrr en örugg sótthreinsun hefir farið fram í lestarrúmi því, er það var í, nema dýralæknir álíti hana óþarfa.

Þegar hið innflutta fé er komið í sóttkví, skal það sem fyrst bólusett gegn bráðafári.

7. gr.

Innfluttum kindum, sem haldnar eru, eða grunur leikur á að haldnar séu einhverjum skæðum sjúkdómi, sem óþekktur er í íslenzku sauðfé að áliti dýralæknis eða forstöðumanns rannsóknarstofu ríkisins í þágu atvinnuveganna, skal tafarlaust lóga, þegar þess verður vart, og fara með eftir ströngustu sóttvarnarreglum.

Nú kemur slíkur sjúkdómur fram, eða grunur um hann, eftir að féð er í sóttkví komið, og skal svo með fara sem nú var sagt, og eigi má þá sleppa fé úr þeirri sóttkví eða taka þangað annað fé, fyrr en dýralæknir og formaður rannsóknarstofu ríkisins í þágu atvinnuveganna telja óhætt.

8. gr.

Fé, sem í sóttkví er, skal vera undir eftirliti þess dýralæknis, er næstur situr, nema ráðherra leggi öðruvísi fyrir, og skal því eftirliti hagað eftir reglum, er atvinnumálaráðherra setur þar um.

9. gr.

Eigi má annað fé hafa á sóttvarnarstöðum á sóttvarnartíma en hið innflutta fé, samanber þó 10. gr.

III. KAFLI.

Um einblendingsrækt.

10. gr.

Meðan hið innflutta fé er í sóttkví, skal það látið æxlast og öll lömb látin lifa, sem lífvænleg þykja. Jafnframt skal kaupa nokkrar ær íslenzkar, setja þær saman við hið útlenda fé og láta þær fá lömb við hinum innfluttu hrútum. Lömbum þeirra skal öllum lóga, og hrútlömbum ekki síðar en 15. október, nema gelt séu. Ær þessar skulu háðar sömu sóttvarnarreglum sem hið innflutta fé. Veikist þær af einhverjum ískyggilegum kvilla, skal með þær fara eftir fyrirskipun dýralæknis.

11. gr.

Nú hefir innflutt fé verið í sóttkví tilskilinn tíma og er ósjúkt, að áliti dýralæknis. Er þá atvinnumálaráðherra heimilt að selja hrúta einstökum mönn-

um, fjárræktarfélögum, eftirlits- og fóðurbirgðafélögum, búnaðarfélögum og sveitarfélögum til einblendingsræktar, enda hafi kaupandinn áður undirgengizt þær skuldbindingar, er atvinnumálaráðherra setur um meðferð og notkun slíkra hrúta og afkvæma þeirra.

12. gr.

Atvinnumálaráðherra gefur út reglugerð um einblendingsrækt til leiðbeiningar fyrir þá, sem hana vilja stunda. Skal þar einnig sýnt með dæmum fram á, hvert tjón getur hlotizt af misnotkun hennar, og greint frá hver viðurlög eru, ef út af reglunum er brugðið.

13. gr.

Lóga skal öllum einblendingum hvert haust fyrir októberlok, nema geldingum, sem menn kynnu að vilja láta lifa. Finnist einblendingur lifandi eftir 1. nóv. og er ekki geldingur, skal þegar lóga honum. Sé hann þá lifandi samkvæmt ákvörðun eða vilja eiganda, skal eigandi sæta sektum, auk þess sem kindin skal vera eign ríkissjóðs.

Eiganda einblendinga er óheimilt að selja þá öðrum, nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra, eða fulltrúa þess, sem ræðir um í 16. gr., enda sé ekki um sölu til slátrunar að ræða. Sama gildir um hrúta af útlendu kyni.

Afkvæmi einblendinga, er finnast kunna, skulu eign ríkissjóðs, en eigandi sæti sektum, ef þau eru til orðin með vilja hans og vitund.

14. gr.

Eigendum hrúta af erlendu kyni og einblendinga er skylt að tilkynna atvinnumálaráðuneytinu, fulltrúa þeim, sem um getur í 16. gr., eða dýralækni tafarlaust, ef vart verður við eða grunur leikur á, að það fé sé haldið einhverjum kvillum eða sjúkdómum, sem óvenjulegir eru eða óþekktir í íslenzku sauðfé.

15. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur krafizt þess, að þeir, sem stunda einblendingsrækt, gefi því árlega skýrslu um fjárrækt sína í því formi, sem því þykir við eiga, einkum um frálagsverðmæti fjárins, bæði einblendinga og annars sláturfjár.

16. gr.

Heimilt er atvinnumálaráðherra að skipa fulltrúa í hverri sveit, þar sem stunduð er einblendingsrækt, til þess að hafa eftirlit með því, að hlýtt sé ákvæðum laga þessara og öðrum fyrirmælum í sambandi við þau. Með erindisbréfi skal ákveða skyldur og vald slíkra fulltrúa.

IV. KAFLI.

Um stofnfjárrækt.

17. gr.

Nú þykir sýnt, að áliti Búnaðarfélags Íslands, að einblendingsrækt sú, er um ræðir í lögum þessum, megi verði hér til verulegra hagsbóta. Er þá atvinnumálaráðherra heimilt að auka innflutninginn svo, að fullnægt megi verða eftirspurn eftir hrútum af hinu innflutta kyni, enda sé í engu brugðið frá reglum þeim um innflutning og sóttvarnir, sem að framan greinir, svo og gera aðrar ráðstafanir, sem nauðsynlegar verða vegna eftirspurnar.

Í þessu skyni heimilast ráðherra að stofna og láta reka bú, eitt eða fleiri, á kostnað ríkissjóðs til hreinræktar á hinu innflutta kyni eða kynjum. Ræður hann þá bústjóra til að veita slíkum búum forstöðu og gefur þeim erindisbréf.

V. KAFLI.

Um brot, sektir o. fl.

18. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 2000 krónum.

Verði einhver uppvís að óleyfilegri kynblöndun, eða öðru alvarlegu broti á lögunum, skulu auk sekta hrútar þeir, er hann á af innfluttu kyni, vera upptækir og eign ríkissjóðs.

19. gr

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1931.

Nd. 308. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 52, 7. maí 1928, um tilbúinn áburð.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Árin 1932, 1933 og 1934 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði þann kostnað, sem af því leiðir að flytja tilbúinn áburð bæði frá útlöndum og

milli og til allra þeirra hafna, sem skip Eimskipafélags Íslands og strandferðaskip ríkisins koma á. Ennfremur heimilast ríkisstjórninni að greiða eftir ákveðnum reglum, í samráði við Búnaðarfél. Íslands, kostnað þann, sem leiðir af flutningi áburðarins á landi, fyrir vegalengdir umfram 35 km.

2. gr.

2. málsliður 3. gr. laganna orðist svo:
Heimilt er að leggja á áburðinn allt að 3%.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1932 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 46, 14. júní 1929, um breyting á lögum nr. 52, 7. maí 1928, um tilbúinn áburð.

Nd. 309. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 35, frá 30. júlí 1909, um stofnun háskóla.

Flutningsm.: Gunnar Sigurðsson, Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Aftan við 32. gr. komi ný 33. gr.:
Kennslumálaráðherra getur, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, veitt undanþágu frá ákvæðum 17. gr. um skilyrði fyrir skrásetningu í stúdentatölu, ákvæðum 20. gr. um hvenær háskólanemar megi ganga undir próf háskólans, svo og frá ákvæðum 30. gr. um skilyrði fyrir því, að menn megi ganga undir doktorspróf.

2. gr.

Lögin öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á Alþingi 1928 var flutt í neðri deild tillaga til þingsályktunar um að heimila mönnum, sem eigi hafa lokið stúdentsprófi, en hafa nægan undirbúning og þroska til háskólanáms, að innritast sem nemendur við háskólann, og að embættispróf skyldi eigi sett sem skilyrði fyrir því, að mega keppa um doktors- eða meistaranafnbót. Tillaga þessi náði eigi fram að ganga. Er því lagt til í frv. þessu, að kennslumálaráðherra sé heimilað að veita undanþágu frá þessum skilyrðum, þegar ástæða þykir til.

Nd. 310. Nefndarálit

um frv. til laga um ríkisbókhald og endurskoðun.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin er klofin í málinu. Meiri hlutinn telur frumvarpið til verulegra bóta og óskar þess, að það nái fram að ganga. Aftur á móti mun einn nefndarmanna (ÓTh) ekki óska eftir löggjöf um þetta mál, og annar (SE) vill afgreiða það með rökstuddri dagskrá.

Meiri hlutinn telur bókhald það, er ríkið hefir hingað til haft, ófullnægjandi og gefa óljósa hugmynd um rekstur ríkisbúsins og efnahag á ýmsum tímum. Endurskoðun reikninga ríkissjóðs og stofnana hans sé einnig óhentuglega fyrir komið og sé hvorki eins samfelld né ítarleg eins og óska mætti. Úr göllum þessum bætir frv., er kemur samskonar lagi á reikninga ríkissjóðs og endurskoðun þeirra og reikninga ríkisstofnana eins og er í nágrannalöndunum.

Reikningsráð það, sem ráðgert er í frv., telur meiri hlutinn þó óþarft að lögfesta, en væntir hinsvegar, að fyrsta árið, sem nýja reikningshaldið er haft, láti ríkisstjórnin 3 embættismenn sína, aðalbókara ríkisins, aðalendurskoðanda ríkisins og skattstjórann í Reykjavík (eða ríkisskattstjóra), starfa til að koma föstu skipulagi á þessi mál á sama grundvelli eins og reikningsráðið starfar eftir frv.

Loks vill meiri hlutinn gera nokkrar smábreytingar á frv., sem þó raska ekki efni þess.

Meiri hlutinn leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Síðasta málsgrein falli niður.
2. Við 2. gr. Orðin »að fengnum tillögum reikningsráðs« í næstsíðasta og síðasta málslið falli niður.
3. Við 3. gr.
   a. Fyrsta málsgrein orðist svo:
      Ríkisstofnanir skulu bókfæra í bókum sínum allar þær ríkiseignir, er þær hafa undir höndum, og skuldir, sem þeim er ætlað sjálfum að standa straum af.
   b. Orðið »þá« í 2. málsgrein falli niður.
   c. Orðin »samkvæmt framansögðu« í 3. málsgrein falli niður.
   d. Orðin »að fengnum tillögum reikningsráðs« í 4. málsgrein falli niður.
4. Við 4. gr.
   a. Orðin »til þess, að því marki verði náð« í fyrstu málsgrein falli niður.
   b. Tvær síðustu málsgreinar orðist svo:
      Efnahagsreikningi fylgi yfirlit um ástæður til breytinga á skuldlausri eign ríkisins.

Sá hluti ríkisreikningsins, sem sundurliðaður er, skal saminn í samræmi við fjárlög, og skulu yfirlitsreikningarnir samdir samkvæmt honum.

5. Við 5. gr. Orðið »eru« í 2. málslið breytist í: skulu.
6. Við 7. gr. Orðin »að fengnum tillögum reikningsráðs« falli niður.
7. Við 8. gr.
   a. Tvær fyrstu málsgreinar orðist svo:
      Endurskoða skal alla reikninga ríkisins og ríkisstofnana. Við endurskoðunina ber þess að gæta:
      1. Að reikningarnir séu tölulega réttir og samdir samkvæmt réttum bókhaldsreglum og að allir tekju- og gjaldaliðir séu sannaðir með viðeigandi fylgiskjölum.
   b. Síðasta málsgrein orðist svo:
      Fjármálaráðuneytið setur nánari fyrirmæli um framkvæmd og tilhögun endurskoðunar með reglugerð.
8. Við 9. gr.
   a. Orðið »opinberra« í fyrstu málsgrein falli niður.
   b. Síðari málsgrein falli niður.
9. Við 10. gr. Orðin »sem fylgiskjöl með honum« í fyrri málsgr. falli niður.
10. Við 12. gr. Orðin »að fengnum tillögum reikningsráðs« í fyrsta málsl. falli niður.
11. Við 13. gr.
   a. Fyrsta málsgrein orðist svo:
      Ríkisreikningurinn og bækur ríkisbókhaldsins skulu endurskoðast af yfirskoðunarmönnum samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar. Yfirskoðunarmönnum er heimilt að fela fjármálaráðuneytinu að annast þann hluta af endurskoðunarstarfinu, sem um ræðir í 1. tölulið og niðurlagi 3. tölulíðar 8. gr. laga þessara.
   b. Orðið »en« í síðustu málsgrein breytist í: er.
12. Við 15. gr. Orðið »einstaklingur« í síðustu málsgr. breytist í: maður.
13. Við 16. gr. Greinin falli niður. (Greinatalan breytist skv. því).
14. Við 17. gr.
   a. Fyrsti málsliður greinarinnar orðist svo:
      Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum frá 200—2000 kr., nema þyngri refsingar liggi við samkvæmt öðrum lögum.
   b. Orðin »að hætti« breytist í: sem.
15. Við 18. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisreikninga Íslands fyrir árið 1930 skal semja samkvæmt lögum þessum, að svo miklu leyti sem unnt er. Fylgja skulu reikningnum svo fullnægjandi skýringar, að fullur samanburður fáist á fjárveitingum og eyðslu, og einnig samanburður við önnur ár.
16. Við 19. gr. Fyrri málsliður orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 26 marz 1931.

H. Stefánsson, form.	Héðinn Valdimarsson, frsm.	Ásg. Ásgeirsson, fundaskrifari.

Ed. 311. Frumvarp

til laga um ríkisborgararétt.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Ríkisborgararréttur veitist þeim mönnum, sem hér segir:

1. Johan Martin Pettersen Hestnæs smið á Ísafirði, fæddum í Noregi.
2. Paul Oskar Smith pípulagningarmeistara í Reykjavík, fæddum í Noregi.
3. Ernst Fresenius garðyrkjumanni á Reykjum í Mosfellssveit, fæddum í Þýzkalandi.
4. Alexander Bridde bakarameistara í Reykjavík, fæddum í Rússlandi.
5. Sigmund Ovelius Lövdahl bakara í Neskaupstað, fæddum í Noregi.
6. Karl Johan Svendsen vélasmið í Neskaupstað, fæddum í Noregi.
7. Engelhart Holst Svendsen rafstöðvarstjóra í Neskaupstað, fæddum í Noregi.
8. Gunnar Akselson verzlunarstjóra á Ísafirði, fæddum í Noregi.

Ríkisborgararéttur þessara manna er þó því skilyrði bundinn, að þeir áður ár er liðið frá því, er lög þessi öðlast gildi, sanni fyrir dómsmálaráðherra, að þeir eigi ekki ríkisborgararétt þar, sem þeir eru fæddir.

Ed. 312. Frumvarp

til laga um búfjárrækt.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

I. KAFLI.

Um nautgriparækt.

1. gr.

Bannað er að láta naut eldri en 8 mánaða ganga laus í afréttum eða heimahögum, nema heimild til þess felist í lögum þessum.

2. gr.

Í hverjum hreppi eða bæjarfélagi, þar sem ekki er nautgriparæktarfélag, er hefir fengið lög sín staðfest af Búnaðarfélagi Íslands, skal vera nautgripakynbótanefnd, skipuð þrem mönnum. Um kosning í nefndina fer eftir sömu reglum og um kosning í hreppsnefnd, en í bæjum skal nefndin kosin af bæjarstjórn. Þar, sem er starfandi nautgriparæktarfélag, sem í er meiri hluti kúaeig-

enda, er stjórn þess sjálfkjörin nautgripakynbótanefnd, og þar, sem stofnuð verða nautgriparæktarfélög eftir að lög þessi öðlast gildi og eftir að kosin hefir verið nautgripakynbótanefnd, fellur starfssvið hennar niður, en við því tekur hin nýja stjórn nautgriparæktarfélagsins.

3. gr.

Kynbótanefnd skal sjá um, að jafnan séu til hæfilega mörg kyngóð og efnileg naut til afnota fyrir hreppsbúa. Naut þau, er kynbótanefnd velur, skal hún eftir því sem unnt er velja að vorinu, fyrir vorhreppaskilaþing, og á þeim tilkynna hreppsbúum, hver þau séu. Heimilt er kynbótanefnd að kaupa eða taka naut á leigu, eða semja um það á annan hátt, eftir því sem henni þykir bezt við eiga. Heimilt er kynbótanefndum tveggja eða fleiri hreppa að vinna saman að kynbótum, t. d. með því að nota sömu kynbótanaut, sömu girðingar, hafa sama eftirlitsmann o. fl.

Leyft getur kynbótanefnd einstöku mönnum, sem vegna afstöðu sinnar eiga óhægt með að nota kynbótanautin eða taka annan þátt í starfinu, að vera utan við starfið, en allir, sem ekki fá slíka undanþágu, eru skyldir að taka sameiginlegan þátt í öllum kostnaði, er leiðir af nautahaldinu, að réttri tiltölu við tölu kúa með kálfi (sbr. 7. gr.). Samskonar undanþágu getur atvinnumálaráðherra veitt einstöku sveitarfélagi í heild, ef meiri hluti bænda þar óskar og nautgriparáðunautur mælir með.

4. gr.

Kynbótanefnd getur leyft, að kynbótanaut gangi laus, ef öruggt þykir, að þau geti engan skaða gert. Sé um leigunaut að ræða, og það í vörzlu eiganda, ber hann ábyrgð á ef skaði hlýzt af, en sé að ræða um félagsnaut, sem kynbótanefnd sér um haga fyrir, ber hún ábyrgðina.

5. gr.

Öll naut, sem eru 8 mánaða eða eldri, og ekki eru valin af kynbótanefnd til að notast til undaneldis í hreppnum, skal gelda, gefa inni eða hafa í öruggri vörzlu beitartíma kúnna. Brot gegn þessu varða sektum og skaðabótum, ef tjón hlýzt af, eftir nánari fyrirmælum reglugerðar. Taka má slík naut utan heimalands eiganda, ef það ekki er í öruggri vörzlu, og fara með sem óskilafénað og selja án innlausnarfrests.

6. gr.

Nú hittist naut, sem kynbótanefnd hefir auglýst að nota beri til kynbóta í hreppnum, gæzlulaust og ekki í öruggri vörzlu, og skal þá taka það í örugga vörzlu, og á hús og hey ef þörf krefur. Sá, sem tekur nautið, skal tafarlaust gera kynbótanefnd aðvart, og skal hún svo fljótt, sem því verður við komið vitja nautsins og borga áfallinn fóður- og hirðingarkostnað. Hafi nautið verið í geymslu eiganda, á hún aftur aðgang að honum með greiðsluna. Hafi kynbótanefnd ekki vitjað nautsins innan hálfs mánaðar, skal sá, er tók nautið í hald, afhenda það hreppstjóra, er þá selur það með mánaðar innlausnarfresti.

7. gr.

Öllum árlegum kostnaði við nautahaldið, svo sem landleigu fyrir sumarhaga, vetrarfóður, kostnaði við nautagirðingu, vöxtum og afborgunum af lánum til nautakaupa eða girðinga o. s. frv., jafnar kynbótanefndin niður á allar kýr, sem haldið er undir naut í hreppnum á því ári og sem ekki eru eign manna, sem hafa fengið undanþágu frá að þurfa að taka þátt í sameiginlega kostnaðinum, sbr. 3. gr. Þóknun til kynbótanefndar ákveður hreppsfundur, ef um er að ræða, og telst þá með öðrum árlegum kostnaði.

Sanni kýreigandi, að kýrin hefir ekki fest fang, þó haldið hafi verið, ber honum ekki að borga nema hálfan nautstoll.

Heimilt er kynbótanefnd, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæðum allra kýreigenda, að láta menn borga nautstolla með fóðri eða heyi, að nokkru eða öllu leyti, enda gangi það þá hlutfallslega jafnt yfir alla kýreigendur.

8. gr.

Kynbótanefnd skal bóka gerðir sínar, svo og reikninga, bréf og annað. Á fundum nefndarinnar ræður afl atkvæða. Nefndarfundir eru löglegir og ályktunarfærir, þó einn nefndarmann vanti, ef hinir tveir eru sammála. Eftir hver áramót skal formaður nefndarinnar gera reikning yfir tekjur og gjöld nautahaldsins (sbr. 7. gr.). Reikningur skal endurskoðaður af tveim mönnum. kosnum á aðalfundi nautgriparæktarfélagsins, en þar sem slíkt félag er ekki starfandi, skal reikningurinn endurskoðaður af endurskoðendum hreppsreikninganna.

9. gr.

Kynbótanefnd skal árlega ræða um kynbótastarfið á almennum hreppsfundi. Þar skal taka ákvörðun um, hvernig og hvenær skuli innheimta nautstolla, svo og annað, er starfið varðar. Það, sem samþykkt er á fundinum og ekki kemur í bága við lög þessi, er bindandi fyrir nefndina og hreppsmenn.

10. gr.

Þar sem 10 bændur í hreppi, eða meiri hluti bænda þar, ef færri eru í hreppnum en 10, hefir samþykkt að stofna nautgriparæktarfélag, komið sér saman um reglur fyrir félagið og fengið þær samþykktar af Búnaðarfélagi Íslands, getur félagið fengið styrk til starfseminnar úr ríkissjóði, eftir því sem fyrir er mælt í lögum þessum.

11. gr.

Tilgangur nautgriparæktarfélaga, sem um ræðir í 10. gr., skal vera að bæta kúakynið.

Í samþykktum félagsins skal tekið fram, að árlega skuli halda mjólkur- og fóðurskýrslur, gera fitumælingar í mjólkinni, og eftir því sem föng eru til sjá um, að notuð séu sem bezt naut til undaneldis.

Samþykktir hvers félags skal gera eftir fyrirmynd, sem Búnaðarfélag Íslands semur, og skulu þær samþykktar af því.

Þegar félag hefir fengið samþykktir sínar viðurkenndar af Búnaðar-

félagi Íslands, getur það fengið styrk til starfsemi sinnar, og nemur hann 1,50 kr. á hverja reiknaða árskú í félaginu, séu aðeins gerðar vikulegar mjólkur- og fóðurmælingar, en 2,00 kr. á hverja reiknaða árskú, séu jafnframt gerðar að minnsta kosti 3 fitumælingar á ári.

Styrkurinn borgast eftir á, þegar félagið hefir sent skýrslur til Búnaðarfélags Íslands, í því formi, er það krefst og nánar skal tekið fram í reglugerð.

12. gr.

Félag, sem stofnað er eftir 10. gr., getur auk styrks þess, sem um ræðir í 11. gr., fengið styrk til nautahalds, ef það notar naut, sem er að minnsta kosti tveggja ára, og sem hefir hlotið I. eða II. verðlaun á sýningu, eða verið viðurkennt þess verðugt af ráðunaut Búnaðarfélags Íslands í nautgriparækt. Félögin geta fengið styrk, er sé 75 kr. fyrir naut, sem hefir hlotið önnur verðlaun, en 150 kr. fyrir naut, sem hlotið hefir fyrstu verðlaun. Noti sama félag fleiri en eitt 1. og 2. verðlauna naut, getur það fengið styrk á hvert þeirra sem að ofan segir.

13. gr.

Að tilhlutun Búnaðarfélags Íslands skal halda nautgripasýningu í hverju nautgriparæktarfélagi fimmta hvert ár. Skal þá landinu skipt í 5 sýningarleggur ríkissjóður 50 aura fyrir hvern framtalinn nautgrip, gegn jöfnu framlagi sveði og sýningar haldnar í þeim til skiptis. Til verðlauna á sýningunum annarsstaðar að. Fyrstu og önnur verðlaun á naut greiðast eingöngu úr ríkissjóði. Búnaðarfélag Íslands sér um fyrirkomulag sýninga þessara og úthlutun verðlauna.

14. gr.

Nú kemur nautgriparæktarfélag sér upp girðingu til að geyma naut sín í sumarlangt, og skal þá greiða úr ríkissjóði ⅓ af kostnaðarverði girðingarinnar, þó aldrei meira en 400 krónur til sama félags.

15. gr.

Búnaðarfélag Íslands sér um framkvæmdir samkvæmt þessum kafla, úthlutun á styrk eftir honum og annað, sem að því lýtur og hann fjallar um. Það safnar skýrslum um starfið og sér um, að unnið verði úr þeim sem aðgengilegast yfirlit, og það birt eftir því sem nauðsyn þykir. Búnaðarfélag Íslands getur sett reglur um þau atriði nautgriparæktar, sem lög þessi fjalla um, og skulu þær samþykktar af atvinnumálaráðuneytinu.

16. gr.

Brot gegn kafla þessum varða sektum frá 10—500 kr., og renna þær í sjóð nautgriparæktarfélags þar sem brotið er framið, en ella í sjóð nautahaldsins.

17. gr.

Verði ágreiningur um skilning á einhverju í þessum kafla, eða um kostnað við kynbótastarfið, sker atvinnumálaráðherra úr, og er það fullnaðarúrskurður.

II. KAFLI.

Um kynbætur hrossa.

18. gr.

Bannað er að láta graðhesta, 1½ árs eða eldri, ganga lausa í heimahögum eða afréttum, nema heimild til þess felist í lögum þessum.

19. gr.

Í hverjum hreppi skal vera hrossakynbótanefnd, skipuð þrem mönnum, kosin eftir sömu reglum og gilda um kosning í hreppsnefnd. Þar sem hrossaræktarfélag er, sem starfar með styrk úr ríkissjóði (sbr. 34. gr.) og í er meiri hluti búenda í hreppnum, er stjórn þess sjálfkjörin kynbótanefnd.

20. gr.

Á hverjum vetri skal hrossakynbótanefnd velja eða útvega, innan eða utan hrepps, hæfilega marga góða graðhesta til undaneldis í hreppnum næsta sumar, sbr. þó 28. gr. Hesta, sem kynbótanefnd velur, skal nefndin taka á leigu til afnota innan hrepps. Skal nefndin gera hreppsbúum kunnugt um val hestanna, með auglýsingu fyrir lok marzmánaðar.

Heimilt er hrossakynbótanefndum tveggja eða fleiri hreppa að vinna saman að hrossakynbótum, nota sömu hesta, sömu girðingar o. s. frv.

21. gr.

Hrossakynbótanefnd hefir vald til að ákveða, hvaða kynbótahestur er tekinn á leigu fyrir hreppinn, og sömuleiðis til að semja um leigu, fóður og hirðingu fyrir hestinn, en til að kaupa hest þarf nefndin heimild hreppsnefndar eða lögmæts hreppsfundar. Þó má ekki kaupa kynbótahest nema hrossakynbótanefnd samþykki valið á hestinum.

22. gr.

Nú á hreppsfélag enga girðingu fyrir kynbótahross, en hrossakynbótanefnd sannar, að hún geti ekki haldið gildandi lög um kynbætur hrossa, nema að hún hafi slíka girðingu til afnota, og er henni þá heimilt að taka slíka girðingu á leigu og semja um leiguna. Telst þessi kostnaður með öðrum gjöldum kynbótastarfseminnar.

Geti hrossakynbótanefnd ekki útvegað sér neitt tilboð um girðingarafnot, sem hún telur viðunanlegt, skal hún tilkynna hreppsnefndinni það, en hreppsnefndin kaupa land, eða taka það á leigu, og girða það, svo fljótt sem þurfa þykir og við verður komið. Skylt er hrossakynbótanefndinni að aðstoða hreppsnefndina við þessar framkvæmdir. Vextir og afborganir af fé því, sem þarf til þessara framkvæmda, telst til útgjalda hrossakynbótanna, hvort sem það er greitt úr hreppssjóði eða til þess tekið sérstakt lán.

23. gr.

Alla graðhesta, sem kynbótanefnd hefir valið til undaneldis eða verðlaun hafa hlotið á héraðssýningum, er styrks hafa notið úr ríkissjóði, skal merkja þannig, að klippa Kh á hægri lend þeirra. Eigandi eða umráðamaður hestsins skal endurnýja merkið svo oft sem með þarf, til þess að það sé jafnan glöggt.

Nú sannast, að einhver hafi merkt graðhest þessu merki án leyfis kynbótanefndar, enda hafi hann ekki hlotið verðlaun eins og fyrr segir, og varðar það sektum. Taka má slíkan hest, hvar sem hann hittist utan gripheldra girðinga, ráðstafa honum sem óskilafé og selja án innlausnarfrests.

24. gr.

Alla graðhesta, sem eru 1½ árs eða eldri og ekki eru ætlaðir til undaneldis samkv. 20. og 21. gr., skal gelda eða taka í örugga vörzlu fyrir 20. apríl ár hvert. Graðhesta á þeim aldri, sem ekki er hægt að gelda þá vegna byggingarlýta, skal taka í örugga vörzlu þar til þeir hafa verið geltir.

Nú vanrækir eigandi eða umráðamaður að láta gelda hest sinn eða taka í örugga vörzlu, og skal hann þá sekt gjalda, og auk þess skaðabætur, ef tjón hlýzt af. Taka má slíkan hest, hvar hann hittist, nema í öruggri vörzlu sé, ráðstafa honum sem óskilagrip og selja án innlausnarfrests.

25. gr.

Nú hittist graðhestur, merktur Kh á hægri lend, gæzlulaus án heimildar, hvort heldur er innan eða utan þeirrar sveitar eða svæðis, er hann var valinn fyrir sem undaneldishestur, og má þá taka hann í örugga gæzlu, og ef þörf gerist á fóður, á kostnað eiganda eða umráðamanns, en gera skal honum aðvart svo fljótt sem unnt er. Ef hestsins er ekki vitjað og greiddur áfallinn kostnaður áður liðnar eru 6 vikur frá því hann var tekinn, má ráðstafa honum sem óskilagrip og selja hann með 4 vikna innlausnarfresti.

26. gr.

Öllum árlegum kostnaði við kynbæturnar, svo sem þóknun til kynbótanefndar, er ákveðin sé á hreppaskilaþingi, leigu fyrir kynbótahest, hagagöngu, umsjón með hestinum, fóður, leigu eftir girðingu, vexti og afborganir af lánum o. s. frv., jafnar nefndin niður á folöld þau, sem fæðast í hreppnum á því ári, með þeim undantekningum, sem um getur í 28. gr. Skulu eigendur greiða gjald þetta árlega til hrossakynbótanefndar, á þeim tíma, er hún til tekur, og er gjaldið lögtakskræft.

Nú nær kostnaðurinn við kynbótastarfið ekki 8 kr. á hvert folald, og er kynbótanefnd þá heimilt að jafna niður meiru en kostnaðinum nemur, allt að 2 kr. á hvert folald, þó svo, að alls verði ekki greitt yfir 8 kr. fyrir hvert folald. Verði ágreiningur um gjald þetta, sker atvinnumálaráðherra úr.

27. gr.

Nú er hryssu komið í fóður eða í hagagöngu í annan hrepp en eigandi á heimili í, og kastar áður en hún er færð heim, þá skal gjalda toll af því folaldi þar sem hryssan var talin fram.

Sé hryssan yfir allt árið í öðrum hreppi en heimili eigandans er, og er leidd þar til kynbótahests, þá skal gjalda toll af folaldi hennar þar sem hún framfærist, en ekki þar sem eigandinn er til heimilis.

28. gr.

Nú er samþykkt á lögmætum sveitarfundi með meiri hluta atkvæða, að hreppurinn hafi engan graðhest til afnota í eitt eða fleiri ár, og geta þá þeir hreppsbúar, er vilja hafa graðhest, krafizt þess af hrossakynbótanefnd, að hún semji um afnot af graðhesti fyrir þá í öðrum hreppi eða leyfi þeim að hafa graðhest til notkunar, sbr. 30. gr.

29. gr.

Þegar hluti af hreppi er í hrossaræktarfélagi, sem nýtur styrks úr ríkissjóði, sbr. 34. gr., og sá hluti hreppsins, sem er utan félagsins, vill ekki vera í samvinnu við félagið um hrossakynbætur, þá er þeim, sem í félaginu eru, ekki skylt að taka neinn þátt í kostnaði af kynbótastarfi þess hluta hreppsins, sem ekki er í félaginu.

30. gr.

Heimilt er kynbótanefnd að leyfa hrossamörgum bændum, eða þeim, sem eiga mjög gott hrossakyn, eða öðrum, sbr. 28. og 29. gr., að halda sjálfir sína eigin graðhesta, og greiða þeir þá ekki tolla af folöldum sínum til kynbótastarfsemi hreppsins, en samþykkja skal kynbótanefnd val slíkra kynbótahesta. Eigendur kynbótahestanna skulu aftur á móti skuldbinda sig til að lána þá, eftir því sem kynbótanefnd telur henta bezt fyrir sveitina, og eigi við hærra verði en þá gildir almennt í þeirri sveit. Þó má kynbótanefnd leyfa, að þessir tollar séu allt að kr. 5.00 hærri, sé um mjög ágæta kynbótahesta að ræða.

31. gr.

Hrossakynbótanefnd skal halda gerðabók, þar sem hún ritar í allar ályktanir sínar og aðrar gerðir, reikninga, bréf o. fl.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála á nefndarfundum, og eru þeir lögmætir og ályktunarfærir þó einn nefndarmanna vanti, ef hinir tveir eru sammála.

Formaður gerir reikning yfir tekjur og gjöld hrossakynbótastarfsins á nýliðnu ári, strax eftir hver áramót. Reikninginn skal endurskoða af hreppsnefnd og leggja fram á næsta vorhreppaskilaþingi.

32. gr.

Rétt er bændum að stofna hrossaræktarfélög. Mega þeir eigi vera færri en 5 og eiga samtals að minnsta kosti 30 hryssur til undaneldis. Nú hafa menn orðið ásáttir um reglur fyrir félagið og fengið þær samþykktar af Búnaðarfé-

lagi Íslands, og getur þá félagið fengið styrk úr ríkissjóði, eftir því sem lög þessi mæla fyrir, sbr. 33., 34. og 35. grein.

33. gr.

Reikningsár hrossaræktarfélags er almanaksár. Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal hrossaræktarfélag hafa sent Búnaðarfélagi Íslands skýrslu um störf sín á síðastliðnu ári og reikning yfir tekjur og gjöld félagsins á sama tíma, og sé reikningurinn endurskoðaður og samþykktur á aðalfundi félagsins. Beri ársskýrsla og reikningur félagsins það með sér, að félagið hafi uppfyllt þær kröfur, sem Búnaðarfélag Íslands gerir til slíkra félaga, þá nýtur það styrks úr ríkissjóði sem hér segir:

1. Fyrir hverja hryssu, sem leidd er til kynbótahests félagsins, 1,50 kr.
2. Upp í fóðurkostnað kynbótahests félagsins, ef hann hefir hlotið fyrstu verðlaun á afkvæmasýningu, þar sem ríkissjóður greiddi verðlaunin, 100 kr.

34. gr.

Starfandi hrossaræktarfélög, sem um ræðir í 32. og 33. gr., njóta styrks úr ríkissjóði til að kaupa kynbótahesta, er nemur ⅓ þess verðs, er hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands virðir hestinn til peninga, enda mæli hann með kaupunum. Styrkur þessi skal bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi félag noti hestinn til undaneldis, á meðan hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands telur það rétt. Styrkur þessi má endurtakast til sama félags, þó eigi með skemmra millibili en 15 árum, enda mæli hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands með því.

35. gr.

Hrossaræktarfélög njóta styrks úr ríkissjóði til að koma upp girðingum til afnota fyrir hrossakynbætur, með allt að ⅓ kostnaðar, þó ekki yfir 400 kr. til hverrar girðingar. Skyld eru félög að halda slíkum girðingum við, til afnota fyrir kynbótastarfsemina, að minnsta kost í 15 ár, ella endurgreiði þau styrkinn.

36. gr.

Nú þekkir hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands stóðhest, sem, eftir því sem vitað verður, er ágætur kynbótagripur, og eigandi hans hefir ekki ástæður til að halda hann graðan, en fær ekki kaupanda að honum sem kynbótahesti, eða að hesturinn þykir svo ágætur, að sérstaklega þurfi að tryggja framtíð hans sem kynbótahests. Er þá atvinnumálaráðherra rétt að kaupa hestinn fyrir ríkissjóðsfé, enda hafi hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands mælt með kaupunum. Skal þá Búnaðarfélag Íslands ráðstafa hestinum með samþykki atvinnumálaráðherra, þannig að hestinum sé fengið fóður og hirðing í því héraði, þar sem álizt mest þörf að bæta við góðum kynbótahesti, og skal hann þá lánaður héraðsbúum til afnota fyrir ákveðið gjald fyrir hverja hryssu, sem leidd er til hans. Gjaldið ákveður Búnaðarfélag Íslands í samráði við atvinnumálaráðherra.

Heimilt er að selja slíka hesta, þó aðeins hrossaræktarfélögum, og með

því skilyrði, að þeir séu notaðir til undaneldis á meðan hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands telur það rétt. Þó skal ríkissjóður aldrei eiga fleiri en 4 kynbótahesta samtímis.

37. gr.

Að tilhlutun Búnaðarfélags Íslands skal halda hrossasýningar í hverri sýslu landsins þriðja hvert ár. Skal þá landinu skipt í þrjú sýningarsvæði, og sýningar haldnar í þeim til skiptis.

Til verðlauna á sýningunum leggur ríkissjóður 10 aura fyrir hvert framtalið hross í sýningarumdæminu, og þó aldrei minna en 100 krónur til hverrar sýningar, gegn jöfnu framlagi frá hlutaðeigandi sýslusjóði. Auk þess greiðir ríkissjóður 50 kr. til viðbótar hverjum I. verðlaunum stóðhestanna, en af sýningarfjám skulu greiddar 50 kr., og fylgi sú kvöð, að skylt sé að nota þessa hesta til undaneldis næstu þrjú ár eftir að verðlaunin voru greidd. Önnur verðlaun ákveður dómnefnd hverrar sýningar.

Hlutaðeigandi sýslunefnd kýs sýningarstjóra og tvo dómnefndarmenn á þær sýningar, sem haldnar verða í hverri sýslu, og greiðist þeim þóknun fyrir starfið úr sýslusjóði. Einnig ákveður sýslunefnd, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, hve margar sýningar skuli haldnar í sýslunum og á hvaða stöðum. Hlutaðeigandi sýsla annast um nauðsynlegan undirbúning á sýningarstöðunum, en átroðningur af sýningum greiðist af fé sýningarinnar.

38. gr.

Jafnframt því sem héraðssýningar eru haldnar, skal gefa eigendum fullorðinna stóðhesta kost á afkvæmasýningum fyrir þá. Hver hestur má keppa tvisvar um verðlaun fyrir afkvæmi, og líði ekki minna en 6 ár á milli. Verðlaun fyrir afkvæmi greiðist úr ríkissjóði.

Er hestur keppir í fyrsta sinn um verðlaun fyrir afkvæmi, skulu þau vera: I. verðlaun 300 kr., II. verðlaun 200 kr. og III. verðlaun 100 kr. Er hestur keppir í annað sinn um slík verðlaun, skulu þau vera: I. verðlaun 500 kr., II. verðlaun 300 kr. og III. verðlaun 100 kr.

Á afkvæmasýningu leggur eigandi hestsins til sýningarstaðinn, hlutaðeigandi sýsla 2 menn í dómnefnd, Búnaðarfélag Íslands oddamann dómnefndarinnar, sem jafnframt er sýningarstjóri, og skal það vera hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands.

39. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur sett reglugerð um framkvæmd þessa kafla eftir því sem þurfa þykir.

40. gr.

Brot gegn þessum kafla varða sektum 10—500 krónum, er renna í sjóð hrossaræktarfélags þar sem brotið er framið, ella renni það til sveitarsjóðs hlutaðeigandi hrepps.

III. KAFLI.

Um sauðfjárrækt.

41. gr.

Heimilt er sveitarfélögum, með samþykki meiri hluta bænda, að banna að hrútar gangi lausir í sveitinni allt tímabilið frá 1. nóv. til 1. maí ár hvert eða nokkurn hluta þess.

42. gr.

Nú hittist gæzlulaus hrútur innan sveitar, sem gert hefir samþykkt skv. 41. gr., og er þá skylt að taka hann í vörzlu og gera eiganda hans eins fljótt og verða má aðvart um hann. Eigandi skal hafa vitjað hrútsins eða ráðstafað honum innan viku frá því hann fékk tilkynningu um hrútinn, en að þeim tíma liðnum skal farið með hann sem óskilafé.

43. gr.

Heimilt er mönnum að stofna með sér félagsskap til að vinna í sameiningu að kynbótum sauðfjárins, og kallast slík félög sauðfjárræktarfélög.

Gera skal samþykktir fyrir sauðfjárræktarfélög, og skal þar tekið fram:

a. Að halda skuli fóður- og vigtarskýrslur um kynbótafé.
b. Að halda skuli ættbók yfir kynbótafé og merkja hvern einstakling þess með einstaklingsmerki.
c. Hvernig haga skuli skýrsluhaldi, til þess að fá sem öruggasta vissu um erfðaeðli einstaklinganna.
d. Hve margt kynbótafé hver meðlimur félagsins hafi, og má ærtala félagsins ekki vera undir 50, og ekki yfir 30 hjá hverjum einstökum félagsmanni.

44. gr.

Félög þau, sem ræðir um í 43. gr., geta árlega fengið styrk úr ríkissjóði, eftir að þau hafa fengið samþykktir sínar viðurkenndar af Búnaðarfélagi Íslands. Styrkurinn rennur í félagssjóð og borgast eftir á, þegar félagið hefir sent skýrslur um starf sitt til Búnaðarfélags Íslands. Hinn árlegi styrkur sé 75 kr. fyrir 1. verðlauna hrúta og 20 kr. fyrir hverjar 100 kynbótaær, sem í félaginu eru og skýrsla er haldin um og send Búnaðarfélaginu.

Heimilt er atvinnumálaráðherra, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, að veita einstökum mönnum, er fullnægja skilyrðum a-, b- og c-liða 43. gr., sama styrk og sauðfjárræktarfélögum.

45. gr.

Auk þessa getur atvinnumálaráðherra styrkt 8 sauðfjárræktarbú, tvö í hverjum fjórðungi, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, með allt að 800 kr. hvert, þó ekki yfir ⅔ á móti viðkomandi búnaðarsamböndum eða annarsstaðar frá. Fjárræktarbú þessi skulu uppfylla öll þau skilyrði, er um ræðir í a—c-liðum 43. gr., og önnur ákvæði, er sett kunna að verða.

Við ábúendaskipti hefir Búnaðarfélag Íslands rétt til að ráðstafa kynbótafénu og í samráði við aðra, er styrkt hafa búið, að ákveða, hvar búið starfar áfram. Borga skal búsféð með matsverði óvilhallra dómkvaddra manna.

46. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal hafa yfirumsjón sauðfjárræktarbúanna, og skulu þau haga skýrslugerð eftir fyrirmælum þess.

Skylt er sauðfjárræktarbúunum að senda Búnaðarfélagi Íslands árlega skýrslu yfir störf sín, og skal það birta úr þeim útdrátt eftir því sem þurfa þykir.

47. gr.

Hrútasýningar skal halda í einstökum hreppum, þar sem þess er óskað, fjórða hvert ár. Skal þá skipta landinu í fjögur umdæmi og skulu sýningar haldnar í þeim til skiptis.

Til hrútaverðlauna á sýningum þessum veitir ríkissjóður sýningarárið 2 aura á hverja framtalda kind í hreppnum, gegn jöfnu fjárframlagi á móti annarsstaðar að. Búnaðarfélag Íslands setur reglur um sýningarnar, og skulu þær samþykktar af atvinnumálaráðuneytinu.

48. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að stofna til samkeppni milli sauðfjárbúa. Skal hún bundin við ákveðna landshluta og samskonar staðhætti í hvert sinn. Skal öllum landshlutum smám saman gefinn kostur á að taka þátt í henni, eftir nánari ákvæðum reglugerðar.

Til eftirlits og verðlauna við samkeppnina má greiða úr ríkissjóði allt að 5000 kr. á ári, unz farin hefir verið ein umferð um landið. Veita skal 1., 2. og 3. verðlaun þeim, er að dómi dómnefndar eiga arðsamast og bezt fé. Reglur um samkeppnina og annað, sem að henni lýtur, skal atvinnumálaráðherra setja, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

49. gr.

Þegar lokið er einni umferð um landið samkv. 48. gr., má fara aðra, ef Búnaðarfélagi Íslands þykir ástæða til og þess er óskað af viðkomandi samkeppnissvæðum.

50. gr.

Brot gegn þessum kafla laganna varða sektum, 10—100 kr., er renna í sveitarsjóð þar, sem brotið er framið.

51. gr.

Verði ágreiningur um skilning þessa kafla, sker atvinnumálaráðuneytið úr, og er það fullnaðarúrskurður.

IV. KAFLI.

Um fóðurbirgðafélög.

52. gr.

Heimilt er sveitar- og bæjarfélögum að stofna fóðurbirgðafélög, og takmarkast félögin ætíð af hreppamörkum.

53. gr.

Verksvið fóðurbirgðafélaga er að tryggja það, að á hverju hausti sé til fóður fyrir búfé félagsmanna, sem nægi í hinum harðasta vetri, og að rannsaka, hvernig bændur eigi að fóðra búfé sitt, svo að það gefi sem mestan arð, miðað við tilkostnað. Stjórn fóðurbirgðafélags skal sjá um, að fóðurskoðanir eigi sér stað eins og oft og þurfa þykir, og skal hin fyrsta ætíð fara fram fyrir 15. okt.

Heimilt er fóðurbirgðafélagi að taka upp í samþykkt sína ákvæði um, að það skuli einnig tryggja hverju heimili innan félagsins nægilegt rúgmjöl og haframjöl til manneldis frá jólaföstubyrjun til fardaga.

54. gr.

Nú vilja menn koma á fóðurbirgðafélagi í hreppi eða kaupstað, og skal þá sveitarstjórn boða til almenns sveitarfundar með nægum fyrirvara og leggja fyrir hann uppkast að samþykkt fyrir félagið. Atkvæðisrétt á þeim fundi hafa allir þeir, sem búfénað hafa í fóðrum í sveitinni. Sé fundur lögmætur og nái uppkastið samþykki $^{2}/_{3}$ hluta atkvæðisbærra fundarmanna, skal stofna félagið, og er uppkastið bindandi fyrir alla sveitarbúa, enda hafi það verið tekið fram í fundarboðinu, að um þetta mál yrði rætt og gengið til atkvæða um það.

Samþykkt sveitarfundarins skal leggjast fyrir næsta hlutaðeigandi sýslufund til samþykktar.

Nú samþykkir sýslufundur samþykktaruppkast fóðurbirgðafélagsins óbreytt, og sendist það þá atvinnumálaráðuneytinu til staðfestingar. Breyti sýslufundur samþykktinni, skal bera hana með áorðnum breytingum undir atkvæði lögmæts hreppsfundar á sama hátt og í fyrra skiptið. Fallist hann á breytingar sýslufundar, sendist samþykktin atvinnumálaráðuneytinu til staðfestingar. Að öðrum kosti er hún fallin, nema gerðar séu á henni breytingar, og skal þá leggja hana fyrir sýslunefnd að nýju og aftur með fara á sama hátt og ný samþykkt væri. Virðist ráðuneytinu samþykkt, sem því hefir verið send til staðfestingar, koma í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, endursendir það hana án staðfestingar ásamt synjunarástæðum. Að öðrum kosti staðfestir ráðuneytið samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur hvenær hún öðlist gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, sem í þeim hreppi eða kaupstað búa, sem hún er gerð fyrir.

Samþykkt, sem ráðuneytið hefir staðfest, má ekki breyta á annan hátt en hún var stofnuð.

55. gr.

Nú er fellt á almennum sveitarfundi að stofna fóðurbirgðafélag, og geta þá 10 menn eða fleiri, allir innan þess hrepps, myndað fóðurbirgðafélag með sömu skyldum og réttindum og heill hreppur væri. Er hlutaðeigandi sveitarsjóði skylt að greiða tryggingarsjóði félagsins, þeirra vegna, eins og 56. gr. tölul. 1. mælir fyrir, og eins fyrir hvern hreppsbúa, er gengur síðar í félagið.

56. gr.

Hvert það fóðurbirgðafélag, sem er stofnað samkvæmt lögum þessum og fullnægir fyrirmælum þeirra og samþykktar, sem um þau er gerð samkvæmt 54. gr., nýtur árlegs styrks úr ríkissjóði sem hér segir:

1. Fyrir hvern bónda, sem býr einn á jörð, 10 kr.
2. Þegar fleiri en einn bóndi búa á sömu jörð, nemur styrkurinn 10 kr. fyrir einn bóndann (eða annan), en 5 kr. fyrir hinn bóndann, eða hvern hinna, ef fleiri eru en tveir.

57. gr.

Hvert fóðurbirgðafélag skal stofna tryggingarsjóð og er hann óskiptileg eign félagsins. Skal hann ávaxtaður í sparisjóði eða annari tryggri peningastofnun, en þó þannig, að ætíð sé hann félaginu handbær, ef það þarf að kaupa fóður.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Framlag úr hlutaðeigandi sveitarsjóði, sem nemur 30 kr. fyrir hvern félagsmann, og greiði sveitarsjóður það á eigi lengri tíma en 10 árum, með jöfnum árgreiðslum.
2. Árlegt gjald, sem búfjáreigendur greiða eftir búfjárfjölda, sem þeir hafa á fóðrum, sem sé
   a. Fyrir hvern nautgrip ..... 50 aurar.
   b. Fyrir hvert hross ..... 25 —
   c. Fyrir hverja sauðkind ..... 5 —
3. Ef styrkur ríkissjóðs eyðist ekki allur til árlegrar starfrækslu félagsins, leggst það, sem af gengur, í tryggingarsjóðinn.

Gjöld samkvæmt 2. tölulið hafa lögtaksrétt samkvæmt lögum nr. 29, 16. des. 1885.

58. gr.

Nú kemur það í ljós að aflokinni skoðun, sbr. 53. gr., að tryggingarsjóður nægir ekki til fóðurkaupa, og er þá félaginu heimilt lán úr bjargráðasjóði til þess, er á vantar, gegn 5% ársvöxtum og endurgreiðslu innan þriggja ára.

Fóðurbirgðafélagi, sem jafnframt tryggir heimilin innan félagsins fyrir bjargarskorti, er auk þess heimilt, ef þörf krefur, nauðsynlegt rekstrarlán úr bjargráðasjóði, gegn 5% ársvöxtum, og sé lánið afborgunarlaust fyrstu 5 árin, en afborgist síðan á 10 árum með jöfnum árlegum afborgunum. Skylt er hreppsnefnd að ábyrgjast bráðabirgðalán og rekstrarlán fyrir hlutaðeigandi fóðurbirgðafélög.

Fé það, sem fóðurbirgðafélag fær þannig að láni, skal það ávaxta í sparisjóði eða annari tryggri peningastofnun þann tíma, sem það er ekki bundið í vörubirgðum félagsins.

59. gr.

Gjalddagi iðgjalda er 1. des. ár hvert. Reikningsár fóðurbirgðafélaga er fardagaár. Skýrsluár félagsins er frá 1. október til jafnlengdar næsta ár.

60. gr.

Fóðurbirgðafélagi stýrir þriggja manna stjórn. Tveir þeirra eru kosnir eftir sömu reglum og sveitarstjórnir, en einn þeirra tilnefnir hlutaðeigandi hreppsnefnd.

Stjórn félagsins sér um allar fjárreiður félagsins og framkvæmdir, og eru skuldbindingar hennar bindandi fyrir félagið.

Nú nær félagið aðeins til nokkurs hluta hreppsbúa, og skal það þá kjósa 2 menn í stjórn, en einn stjórnarnefndarmanninn skal hlutaðeigandi hreppsnefnd tilnefna.

61. gr.

Nú er tryggingarsjóður fóðurbirgðafélagsins orðinn svo stór, að hann nemur 150 kr. fyrir hvern félagsmann, og er þá félaginu rétt með aðalfundarsamþykkt að létta af iðgjöldum þeim, sem ræðir um í 57. gr. tölul. 2, að nokkru eða öllu leyti. Þó þarf samþykki atvinnumálaráðherra til þess.

62. gr.

Þau sveitar- eða bæjarfélög, sem koma á hjá sér fóðurbirgðafélagsskap samkvæmt lögum þessum, skulu undanþegin ákvæðum laga um forðagæzlu, frá 10. nóv. 1913, meðan félagsskapurinn starfar og er viðurkenndur af atvinnumálaráðherra.

63. gr.

Fyrir brot gegn samþykkt má í henni ákveða sektir, allt að 200 krónum, er renna í sjóð þess fóðurbirgðafélags, sem samþykktin er gerð fyrir.

Atvinnumálaráðuneytið getur, ef þurfa þykir, sett nánari reglur um fóðurbirgðafélög, og má ákveða sömu sektir og segir í næstu málsgrein á undan fyrir brot gegn þeim, og renni þær í sjóð þess fóðurbirgðafélags, þar sem brotið er framið.

V. KAFLI.

Um búfjártryggingarsjóð Íslands.

64. gr.

Búfjártryggingarsjóður Íslands, stofnaður með lögum nr. 28, 7. maí 1928, skal taka að sér vátryggingu á kúm, kynbótanautum, kynbótahestum, hrútum og öðru því búfé, sem lög þessi heimila, og sem skylduábyrgð hvílir á samkvæmt þessum kafla. Skal ríkissjóður hafa lagt sjóðnum til 45.000 krónur fyrir

árslok 1931 og síðan 15.000 kr. á ári í 17 ár, þannig að tillag ríkissjóðs verði alls 300.000 krónur. Um vátrygginguna fer að öðru leyti eftir fyrirmælum þessa kafla og nánari ákvæðum reglugerðar, sem atvinnumálaráðherra setur, en hann hefir yfirstjórn þeirra mála, sem undir lög þessi falla, og úrskurðar ágreining, er út af þeim kann að rísa, nema um dómsmál sé að ræða.

65. gr.

Sérhvert sveitar- og bæjarfélag á Íslandi, sem hefir á lögmætum fundi skv. 71. gr. samþykkt að leita vátryggingar hjá Búfjártryggingarsjóði Íslands, á rétt á að fá vátryggingu hjá sjóðnum, að því tilskildu, að skylduábyrgð hvíli á öllum þeim gripum, sem um getur í 64. gr., allra búfjáreigenda í því sveitar- eða bæjarfélagi. Þó tekur Búfjártryggingarsjóður Íslands ekki til starfa fyrr en atvinnumálaráðherra hefir borizt slík beiðni um vátryggingu frá að minnsta kosti 10 sveitarfélögum.

66. gr.

Búfjártryggingarsjóður bætir $\frac{4}{5}$ hluta alls þess skaða, er eigendur eða afnotahafar vátryggðra gripa verða fyrir, af hverskonar vanhöldum gripanna, ef ekki er um að kenna fóðurskorti, hirðuleysi eða handvömm hlutaðeiganda, þjóna þeirra eða nánustu erfingja, að áliti virðingarmanna sjóðsins.

Til vanhalda teljast dauðsföll gripa af sjúkdómum og slysum, svo og vanheimtur og afurða og afnotamissir sakir veikinda og verðfalls sökum eðlisgalla (t. d. ófrjósemi kynbótadýra), eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

67. gr.

Aldrei má hafa í vátryggingu eldri gripi en hér segir: Hrúta 6 vetra, kynbótanaut 12 vetra, kýr 15 vetra og stóðhesta 18 vetra.

Lambhrúta má eigi taka í vátryggingu fyrr en liðnir eru 8 dagar frá bólusetningu. Svo getur og stjórn vátryggingarsjóðsins krafizt þess, að vátryggðir hrútar skuli bólusettir veturgamlir og eldri, en ekki er heimilt að sjóðurinn bæti skaðann, þótt hrútur farist af bólusetningu, nema stjórn sjóðsins hafi fyrirfram viðurkennt þann, er bólusetur. Vátrygging á kynbótahestum nær til slysa af geldingu, þó því aðeins, að dýralæknir, eða annar maður, er stjórn sjóðsins hefir viðurkennt, geldi.

68. gr.

Vátryggingarskylda hvílir á öllum eigendum þeirra gripa, sem taldir eru í 64. gr., þegar samþykkt hefir verið á löglegan hátt að leita vátryggingar hjá Búfjártryggingarsjóði Íslands, sbr. 71. gr.

69. gr.

Takast má vátryggingarsjóður á hendur almenna vátryggingu sauðfjár og hrossa í þeim sveitar- og bæjarfélögum, þar sem fóðurtrygging er í góðu lagi að áliti Búnaðarfélags Íslands. Leita skal þó samþykkis ráðherra um þetta í hverju einstöku tilfelli.

70. gr.

Hvergi má vátryggja annarsstaðar þann ⅕ hluta af virðingarverði vátryggðra gripa, sem ekki er vátryggður samkvæmt lögum þessum.

71. gr.

Húsráðendur í sveitum og aðrir búfjáreigendur, er atkvæðisrétt eiga í sveitarmálum, og eigendur vátryggingarskyldra gripa í bæjarfélögum og kauptúnum, sem eru hreppar út af fyrir sig, geta á lögmætum fundi samþykkt að leita vátryggingar hjá Búfjártryggingarsjóði Íslands á öllum þeim gripum allra búfjáreigenda hreppsins, sem sjóðurinn tekur að sér vátryggingu á skv. 64. gr.

Meiri hluti atkvæða allra þeirra, er um ræðir í fyrstu málsgr. þessarar gr. ræður úrslitum, og hafa þeir allir jafnan atkvæðisrétt, án tillits til gripaeignar. Þó hafa formenn kynbótafélaga sjálfstæðan atkvæðisrétt fyrir kynbótagripi félaga þeirra, sem þeir eru formenn fyrir.

Fundur er lögmætur í sveitum, þá er hreppsnefnd boðar hann öllum hlutaðeigendum með skriflegu fundarboði og eigi minna en tveggja vikna fyrirvara, en í bæjum eða kauptúnahreppum, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd boðar hann öllum eigendum vátryggingarskyldra gripa, með fundarboði í blaði, auglýsingu á fjölförnum stað í bænum eða kauptúninu, eða með umburðarbréfi, og með viku fyrirvara. Jafnan skal taka fram í fundarboðinu, um hver mál atkvæðagreiðsla skuli fram fara.

Nú er samþykkt á lögmætum fundi að leita vátryggingar hjá Búfjártryggingarsjóði Íslands, eftir því sem fyrr var sagt, og skal þá sveitar- eða bæjarstjórn tafarlaust tilkynna það atvinnumálaráðuneytinu, en það gerir svo fljótt sem verða má allar þær ráðstafanir, sem það telur nauðsynlegar eða reglugerð ákveður, til þess að vátryggingin gangi í gildi.

72. gr.

Sveitarstjórnir í hreppum, en bæjarstjórnir í bæjarfélögum ábyrgjast gagnvart Búfjártryggingarsjóði Íslands öll iðgjöld og aukaiðgjöld, sem búfjáreigendum hreppsins ber að greiða. Öll gjöld til sjóðsins innheimta þær með öðrum sveitargjöldum, og má heimta þau með lögtaki.

73. gr.

Nú hefir Búfjártryggingarsjóður Íslands tekið að sér vátryggingu fyrir sveitar- eða bæjarfélag, og skal þá sýslumaður eða lögreglustjóri nefna virðingarmenn, 2 eða fleiri, fyrir sjóðinn í samráði við hreppsnefnd eða bæjarstjórn, og einn varamann fyrir hverja tvo aðalvirðingarmenn, til þess að virða gripi til vátryggingar og skaðabóta samkvæmt lögum þessum og nánari ákvæðum reglugerðar.

Heimilt er þó stjórn sjóðsins að ákveða, fyrir eitt ár í senn, jafnaðarverð til skaðabóta á hverri tegund búfjár í hreppnum, án þess að sérstakt mat fari fram. Má það verð ekki vera hærra en það, sem telja má sannvirði á meðalgrip. Vilji vátryggjandi eigi hlíta því meðalverði, sem þannig er sett, getur hann á

sinn kostnað látið virðingarmennina meta gripi sína og vátryggt þá samkvæmt því mati.

Verði ágreiningur milli virðingarmanna og vátryggjenda, sker stjórn sjóðsins úr, en áfrýja má þeim úrskurði til atvinnumálaráðherra.

74. gr.

Allar virðingargerðir rita virðingarmenn inn í sérstaka bók, er ráðherra lætur gera og leggur til, en sveitar- eða bæjarstjórn varðveitir, og sendir hún ráðherra afrit af öllum virðingargerðum og skaðabótavirðingum á þar til gerð eyðublöð, svo oft sem ráðherra ákveður og eftir þeim reglum, sem ráðherra setur.

75. gr.

Iðgjaldið hvílir á hinum vátryggðu gripum og greiðist af eigendum þeirra. Eigandi telst í þessu sambandi hver sá, er vátryggingarskylda gripi hefir undir höndum, hvort sem þeir eru eign hans eða leigugripir, eða þeir eru í hans umsjá sem formanns í félagi, er gripina á eða hefir á leigu.

76. gr.

Nú eru gripir, sem vátryggðir eru samkvæmt lögum þessum, veðsettir, og nær þá veðrétturinn einnig til vátryggingarfjárins. Fyrirgeri veðsetjandi rétti sínum til skaðabóta, hefir veðhafi eigi að síður rétt til skaðabótanna, að svo miklu leyti sem þarf til lúkningar veðskuldinni, ef annað veð eða eignir veðsetjanda hafa eigi hrokkið til.

77. gr.

Iðgjöld til vátryggingarsjóðs ákveður atvinnumálaráðuneytið með reglugerð eða auglýsingu, og skal þá leggja til grundvallar vanhaldaskýrslur þær, sem um getur í 78. gr., þegar þær eru fengnar, en að öðrum kosti þær beztu upplýsingar um vanhöld, sem ráðuneytið getur aflað sér á annan hátt. Heimilt er ráðuneytinu jafnan að breyta iðgjöldum, þegar því þykir ástæða til, svo að þau séu í sem beztu samræmi við eðlileg eða venjuleg vanhöld, en tilkynna skal það breytinguna eigi síðar en 3 mánuðum áður en ákveða skal iðgjöld eftir henni.

78. gr.

Til leiðbeiningar um réttlátan og hæfilegan mælikvarða fyrir iðgjaldagreiðslum leggur atvinnumálaráðuneytið fyrir lögreglustjóra landsins að safna skýrslum um vanhöld á búpeningi, í því formi, sem það ákveður.

79. gr.

Atvinnumálaráðherra annast stofnun, stjórn og framkvæmdir Búfjártryggingarsjóðs Íslands og lætur ávaxta fé hans á tryggilegan hátt. Þegar honum þykir nauðsyn bera til, getur hann falið einum manni eða fleirum stjórn sjóðsins á hendur, gegn endurgjaldi af sjóðnum, er hann ákveður.

80. gr.

Nú verða vanhöld svo mikil á gripum, sem vátryggðir eru í sjóði þessum, að hann hrekkur ekki til, og skal þá ríkissjóður lána vaxtalaust það, sem á skortir, og endurborgast það eftir því sem tekjur sjóðsins vinnast til. En fari svo, að lán þetta nemi meiru en 25 þúsund krónum, skal leggja á alla eigendur gripa, sem vátryggðir eru hjá sjóðnum, aukagjöld, í réttu hlutfalli við hið fasta iðgjald þeirra ár hvert, svo sem þörf krefur, til þess að sá hluti lánsins, sem umfram er 25 þúsund krónur, greiðist ríkissjóði að fullu á eigi lengri tíma en 10 árum.

Eigi getur sveitar- eða bæjarfélag sagt upp vátryggingu sinni hjá sjóðnum meðan ógoldin eru aukaiðgjöld eða hluti þeirra.

81. gr.

Nú eru atvinnumálaráðuneytinu færðar líkur fyrir því, að of há sé vátryggingarvirðing á gripum í einu eða fleiri sveitar- eða bæjarfélögum, sem stofnuð eru samkvæmt lögum þessum, og er því þá heimilt að skipa fyrir um endurvirðing í þeim félögum. Lækki þá virðing til jafnaðar, greiðist kostnaður við endurvirðingu úr hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarsjóði, en að öðrum kosti greiðist kostnaðurinn úr Búfjártryggingarsjóði Íslands.

82. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur reglur um nánara fyrirkomulag á Búfjártryggingarsjóði Íslands. Skal þar meðal annars segja fyrir um flokkun vátryggðra gripa eftir vanhaldahættu og ákveða upphæð iðgjalda fyrir hvern flokk, og skulu þau vera ⅓ hluta hærri en áætluð venjuleg vanhöld. Reglugerð þessa og tilkynningar um breytingar á iðgjöldum, sbr. 77, 78. og 80. gr., skal senda öllum sveitar- og bæjarfélögum á landinu.

83. gr.

Í reglugerðinni skal gefa leiðbeiningar um, hvernig meta skal skaða af vanhöldum, og ákveða nánar, hvað telst til vanhalda, sem skylt er að bæta. Eru reglur þær og leiðbeiningar bindandi fyrir alla vátryggjendur. Síðan lætur atvinnumálaráðuneytið prenta eyðublöð fyrir vátryggingarskírteini handa öllum vátryggjendum, og séu þar á prentuð vátryggingarskilyrðin og þau ákvæði laganna, sem einkum varða hvern vátryggjanda.

Ábyrgð vátryggingarsjóðs byrjar, þá er vátryggjandi hefir í hendur fengið vátryggingarskírteini eða greiðsluskírteini fyrir iðgjaldi.

Ennfremur lætur ráðuneytið prenta önnur nauðsynleg eyðublöð fyrir Búfjártryggingarsjóð Íslands, svo og fyrir vanhaldaskýrslur lögreglustjóranna.

84. gr.

Virðingarbækur og gerðabækur lætur ráðuneytið búa til, og fá sveitar- og bæjarstjórnir þær ókeypis. Bækurnar eru eign ríkisins og skulu sendar Landsskjalasafninu, þá er þær eru fullskrifaðar fyrir nokkru og nýjar bækur komnar í stað hinna eldri, eftir því sem atvinnumálaráðuneytið nánar ákveður.

Vanskil á bókum varða sektum, allt að 100 krónum, er renna í Búfjártryggingarsjóð Íslands.

85. gr.

Vanhaldaskýrslur skal prenta á kostnað ríkissjóðs, en aðrar skýrslur, skírteini og bækur á kostnað Búfjártryggingarsjóðs Íslands.

86. gr.

Brot vátryggjanda og vanræksla á ákvæðum þessa kafla og reglum þeim og skilyrðum, sem sett eru samkvæmt honum, varða missi skaðabótaréttar eftir málavöxtum, svo sem reglugerð tiltekur nánar. Svo má og í reglugerð ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum hennar, 5—200 kr., er renna í sjóð þann, sem brotið er við.

VI. KAFLI.

Almenn ákvæði.

87. gr.

Heimilt er að halda héraðssýningar þegar viðkomandi héraðsstjórnir óska. Þar má sýna helztu tegundir búfjár, svo sem sauðfé, nautgripi, hross, hænsni og geitfé. Skal þá skipta landinu í 10 umdæmi og sýningar haldnar í þeim til skiptis. Fleiri sýslur en ein, eða sýsluhlutar, geta verið saman um héraðssýningu.

Styrkja skal sýningar þessar að ¾ hlutum úr ríkissjóði, en að ¼ úr viðkomandi sýslusjóði eða sýslusjóðum, er hvorttveggja gangi til gripaverðlauna. Auk þess styrks, er sýslusjóður veitir eða sýslusjóðir til gripaverðlauna, ber sýslunefnd eða sýslunefndum að annast um allan undirbúning sýningarsvæðisins. Búnaðarfélag Íslands setur reglur um tilhögun sýslusýninga, er atvinnumálaráðuneytið staðfestir.

88. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

89. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 24, 22. nóv. 1918; lög nr. 19, 15. júní 1926; lög nr. 29, 14. júní 1929; lög nr. 28, 7. maí 1928, og lög nr. 42, 28. nóv. 1919, um samþykktir eftirlits- og fóðurbirgðafélaga, sem og öll önnur ákvæði, er koma í bág við lög þessi.

90. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1932.

Nd. 313. Breytingartillaga

við frv. til laga um vitagjald o. fl.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 1. gr.

Í stað orðsins »vitagjald« komi: gjald til vita, sjómerkja og til mælinga siglingaleiðum.

Ed. 314. Lög

um utanfararstyrk presta.

(Afgreidd frá Ed. 31. marz).

1. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið veitir árlega, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum, 2—5 prestum, þeim er þjónað hafa embætti a. m. k. 2 ár, styrk til utanfara með þeim skilmálum, er segir í lögum þessum.

2. gr.

Styrkur samkvæmt 1. gr. veitist með því skilyrði, að prestur sá, er hans nýtur, dvelji eigi skemur en 4 mánuði erlendis, til að kynnast þar kirkju- og menntalífi eða mannúðarmálum í samráði við kirkjuráð, þegar sett verður. Skal hann síðan flytja í héraði sínu erindi um einhver þau efni, er hann hefir kynnt sér í utanför sinni, og skal að minnsta kosti eitt þeirra birt á prenti eða flutt í útvarp.

3. gr.

Styrkur veitist 2000 kr. hverjum presti. Greiðist helmingur styrks þegar utanför er hafin, en hinn helmingurinn þegar 3 mánuðir eru liðnir frá heimanför.

4. gr.

Prestum þjóðkirkjunnar skal skylt að þjóna endurgjaldslaust prestakalli nágrannaprests síns, allt að 6 mánuðum, meðan hann er í utanför samkvæmt lögum þessum. Og skipta þeir þá með sér verkum eftir því, sem biskup og prófastur mæla fyrir.

Nú verður þjónustu nágrannaprests alls eigi komið við, að dómi kirkjustjórnar, og sér hún þá prestakallinu fyrir prestsþjónustu.

5. gr.

Sæki eitthvert ár fleiri prestar um styrk til utanfarar en heimilt er að veita það ár, sker kirkjustjórnin úr um það, hverjir fái styrkinn.

6. gr.

Eigi má veita sama manni utanfararstyrk oftar en 7. hvert ár, nema sérstaklega standi á. Þeim presti, sem notið hefir utanfararstyrks úr Sáttmálasjóði, má eigi veita styrk samkv. lögum þessum fyrr en 5 ár eru liðin frá því hann fékk styrk úr þeim sjóði.

Ed. 315. Nefndarálit

um frv. til laga um endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum af efnivörum til iðnaðar.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með frv., einn nefndarmaður þó með nokkrum fyrirvara, sem hann mun gera grein fyrir við umr. En til þess að taka af öll tvímæli um það í frv. sjálfu, sem getið er í greinargerðinni, að ákvæðunum er ekki ætlað að ná til þeirra vörutegunda, sem tollaðar eru samkvæmt tollögum, flytur nefndin svofellda

BREYTINGARTILLÖGU.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist nýr málsliður, þannig:

3. Ákvæðin í 1. og 2. lið taka eigi til þeirra vörutegunda, sem aðflutningsgjald er greitt af samkvæmt tolllögum.

Alþingi, 31. marz 1931.

Ingvar Pálmason, form.	Jón Þorláksson, frsm.	Jón Baldvinsson, fundaskrifari; með fyrirvara.

Ed. 316. Frumvarp

til laga um kirkjuráð.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Setja skal kirkjuráð fyrir hina íslenzku þjóðkirkju samkvæmt því, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Verkefni kirkjuráðsins er að vinna að eflingu íslenzkrar kristni og styðja að trúar- og menningaráhrifum þjóðkirkjunnar með því að:

a. íhuga og gera ályktanir um þau mál, sem varða þjóðkirkjuna í heild sinni og einstaka söfnuði hennar.
b. stuðla að frjálsri starfsemi til eflingar kristnilífi þjóðarinnar, mannúðar- og líknarstarfsemi.

3. gr.

Kirkjuráðið hefir:

1. Ráðgjafaratkvæði og tillögurétt um þau mál, er kirkjuna varða og heyra undir verksvið löggjafarvaldsins eða sæta konungsúrskurði. Svo og þau mál önnur, er kirkjustjórnin kann að leita álits þess um.
2. Samþykktaratkvæði og ákvörðunarrétt um guðsþjónustur kirkjunnar, veitingu sakramenta og kirkjulegar athafnir og helgisiði, þó eigi fyrr en tillögur ráðsins hafa verið samþykktar á prestastefnu (synodus). Ennfremur um þau mál, er hið almenna löggjafarvald kann að fá kirkjuráðinu til meðferðar og fullnaðarákvörðunar.
3. Rétt til að kjósa 1 mann til að taka þátt í stjórn kirkjulegrar starfsemi í sambandi við útvarp.
4. Ráðstöfunarvald yfir fé því, sem lagt kann að verða til frjálsrar kirkjulegrar starfsemi eða annara kirkjulegra þarfa, eftir nánari ákvæðum, sem fjárveitingavaldið setur í hvert sinn.

Vafaatriði um takmörk á samþykktar- og ákvörðunarvaldi kirkjuráðs samkvæmt 2. lið þessarar greinar sæti úrskurði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

4. gr.

Kirkjuráðið skipa 5 menn, biskup landsins, 2 guðfræðingar, kosnir af sóknarprestum þjóðkirkjunnar og kennurum guðfræðideildar háskólans til 5 ára í senn, og 2 fulltrúar, kosnir af héraðsfundum til sama tíma. Kirkjumálaráðuneytið setur reglugerð um kosninguna.

5. gr.

Enginn má eiga sæti í kirkjuráði, nema hann fullnægi þessum skilyrðum:

a. Sé meðlimur þjóðkirkjunnar.
b. Sé orðinn 25 ára að aldri.
c. Eigi löglega með sig sjálfur og
d. hafi óflekkað mannorð.

6. gr.

Kirkjuráðið er ályktunarfært um mál þau, er greinir í 1., 3. og 4. lið 3. gr., ef 4 eru á fundi.

En um þau mál, er getur í 2. lið 3. gr., hefir ráðið eigi ákvörðunarrétt, nema það sé fullskipað, eða 4 kirkjuráðsmenn greiða samhljóða atkvæði.

Nú er kirkjuráði með sérstökum lögum falið að gera tillögu um veitingu prestakalla, og er þá ráðið ályktunarfært, þótt eigi séu 4 á fundi, ef þeir, sem

eru fjarverandi, senda skriflegt álit og tillögu í símskeyti. Nú verða atkvæði jöfn, og ræður þá atkvæði biskups.

7. gr.

Biskup er sjálfkjörinn forseti kirkjuráðs. En ráðið sjálft kýs varaforseta og ræður ritara. Forseti kallar ráðið saman og kemur ályktunum þess á framfæri.

Biskup kallar saman kirkjuráð á ársfund einu sinni á ári. Aukafundir skulu haldnir þegar kirkjumálaráðherra, biskup eða 2 menn í ráðinu óska þess.

8. gr.

Kirkjuráðsmenn fá greiddan framlagðan kostnað og aðstoð eftir reikningi, er ráðuneytið úrskurðar.

Ed. 317. Nefndarálit

um frv. til laga um fimmtardóm.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefir ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls; er nefndin klofin, og skilar hvor nefndarhluti sínu áliti.

Frumvarp þetta var borið fram á síðasta þingi og er nú flutt að mestu eins og Ed. samþykkti það við 2. umræðu í fyrra. Tveimur nýjum ákvæðum hefir verið bætt inn í frv. og árslaun aðaldómara í fimmtardómi eru ákveðin nokkru lægri en í frv. í fyrra, eða jöfn launum núverandi hæstaréttardómara.

Hin nýju atriði eru bæði í 8. gr., um veitingarskilyrði aðaldómenda. Það fyrra heimilar, að maður, sem sýnt hefir verulega yfirburði í lögfræði með vísindalegri starfsemi, geti orðið dómari, þótt eigi hafi hann verið embættismaður eða flutt mál fyrir hæstarétti eða fimmtardómi. Hið síðara mælir svo fyrir, að fimmtardómendur skuli hafa lokið prófi í siglingafræði. Fyrra atriðið álítur meiri hl. til bóta.

Hvað síðara atriðið snertir, telur meiri hl. æskilegt, að dómarar í fimmtardómi hefðu þá sérþekkingu, sem þar er áskilin, en þar sem deila má um, hvernig slíkri fræðslu yrði bezt komið fyrir, virðist meiri hl. rétt að láta ákvæðið niður falla, þar til séð hefir verið fyrir slíkri fræðslu við háskólann á þann hátt, er við þykir eiga.

Þar sem ekki verður hjá því komizt, að mjög bráðlega fari fram endurskoðun á launakjörum allra embættis- og starfsmanna ríkisins, virðist eðlilegt, að svo stöddu, að dómurum við fimmtardóm séu ætluð sömu laun og nú hafa dómarar hæstaréttar.

Um frv. að öðru leyti vísast til nefndarálits meiri hl. allsherjarnefndar Ed. á síðasta þingi (Alþt. 1930, A. þskj. 374) og umræðna þeirra, er þá fóru fram um málið.

Meiri hl. allsherjarnefndar leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 8. gr. 3. töluliður greinarinnar falli niður.
2. Við 64. gr. Síðari málsliður greinarinnar falli niður.

Alþingi, 31. marz 1931.

Ingvar Pálmason, form. og frsm.

Erlingur Friðjónsson, fundaskrifari.

Ed. 318. Frumvarp

til laga um vitagjald.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

Fyrir hvert skip, sem hefir fullkomið þilfar eða gangvél og tekur höfn hér á landi eða haldið er úti frá landinu, skal greiða gjald til vita, sjómerkja og til mælinga siglingaleiðum, er nemur kr. 1,25 af hverri smálest af rúmmáli skipsins, og skal hálf lest og þaðan af stærra brot talin heil, en minna broti sleppt. Skemmtiferðaskip, sem flytja engan farm fyrir borgun, annan en farþega, skulu þó aðeins greiða 50 aura gjald af hverri smálest.

Undanþegin gjaldi þessu eru herskip og skip, sem leita hafnar í neyð, en taka engan farm í landi né úr öðrum skipum, né heldur flytja farm í land eða önnur skip, enda hafi sannazt í sjóprófi eða á annan hátt, að þau hafi verið í nauðum stödd af árekstri, sjóskemmdum, veikindum, farmskekkju eða ófriði.

Gjald þetta skal greiða í hverri ferð, er skip kemur frá útlöndum, og skal það innt af hendi á fyrstu höfn, sem skipið tekur hér við land. Skip, sem aðeins eru höfð til innanlandssiglinga eða haldið er úti til fiskjar af landsmönnum, greiða gjald þetta einu sinni á ári. Árgjaldið greiðist í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett.

Ríkisstjórnin hefir heimild til að semja við stjórnir annara ríkja um gjald þetta fyrir fiskiskip, sem þaðan eru gerð út til fiskveiða hér við land.

2. gr.

Gjald það, sem um ræðir í 1. gr., rennur í ríkissjóð og innheimtir það tollstjórinn í Reykjavík, en annarsstaðar lögreglustjórar eða umboðsmenn þeirra. Þegar umboðsmenn lögreglustjóra innheimta gjald þetta af erlendum

fiskiskipum á stöðum, þar sem lögreglustjóri er ekki búsettur, ber innheimtumanni 20% af gjaldinu.

Skipstjóri er skyldur að sýna innheimtumanni dagbók skipsins.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða skipstjóra 30—600 kr. sektum til ríkissjóðs, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

4. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1932 og falla samtímis úr gildi þessi lög:

Lög nr. 17, 11. júlí 1911, um vitagjald, að því leyti sem þau eru ekki áður úr gildi felld.

Lög nr. 29, 28. nóv. 1919, um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. júlí 1911.

Ed. 319. Frumvarp

til laga um opinbera greinargerð starfsmanna ríkisins.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason, Erlingur Friðjónsson.

1. gr.

Skylt er embættismönnum landsins og öðrum sýslunarmönnum að flytja árlega í útvarp ríkisins að minnsta kosti tvö fræðandi erindi um stofnun þá eða starfsgrein, er þeir veita forstöðu.

Lengd erindanna miðast við 20 mínútur og skulu þau miða til þess að veita almenningi yfirlitsfræðslu um unnin störf og fyrirætlanir í framkvæmdum þjóðarinnar og opinberri starfrækslu.

2. gr.

Fyrir 1. október ár hvert semur útvarpsráðið skrá yfir þau erindi, er það óskar, að flutt verði samkvæmt lögum þessum í útvarpið á næsta dagskrárári. Skylt er útvarpsráði að tilkynna, með að minnsta kosti tveggja vikna fyrirvara, þeim, sem erindi eiga að flytja, dag og stund, er erindið skal flutt.

3. gr.

Nú óskar útvarpsráðið eftir því, að fengnu samþykki atvinnumálaráðherra, að embættis- eða sýslunarmaður landsins taki sér ferð á hendur til þess að flytja í útvarpið opinbera greinargerð samkvæmt lögum þessum. Fær hann

þá greiddan ferðakostnað úr ríkissjóði samkvæmt reikningi, er atvinnumálaráðherra úrskurðar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Flestum embættismönnum ríkisins og öðrum sýslunarmönnum er nú gert að skyldu að gera grein, reikningslega eða annarsháttar, fyrir starfrækslu sinni, ýmist til hagstofu ríkisins eða beint til landsstjórnarinnar. Frumvarp þetta miðar til þess, að þessi sjálfsagða greinargerð starfsmanna landsins nái jafnframt til allrar þjóðarinnar, eftir því sem við verður komið, jafnharðan gegnum útvarpið.

Fátt mun almenningi í landinu vera hugleiknara en að fá á hverjum tíma glögg skil þjóðframkvæmdanna, hvort heldur eru þegar unnin störf eða fyrirhugaðar framkvæmdir. Það virðist því ekki einungis vera sanngjarnt, heldur bein skylda þings og stjórnar að hlutast til um það, að embættismenn og sýslunarmenn þeir, er þjóðin felur mikilsverð störf, geri henni við og við sjálfir grein fyrir því, hvernig þeir rækja störf sín og fara með umboð það, er þjóðin hefir veitt þeim.

Jafnframt má benda á nokkrar líkur fyrir því, að slík opinber greinargerð í útvarpið, þar sem þjóðin öll legði við hlustirnar, yrði hverjum nýtum starfsmanni hvatning til hugkvæmdar, nýtilegra athafna og samvizkusamlegrar starfrækslu embættis síns eða sýslunar.

Rétt þykir að fara nokkrum orðum um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gera má ráð fyrir, að jafnaðarlega yrði óskað eftir aðeins einu yfirlitserindi frá starfsmanni hverjum. Þykir þó rétt að gera ráð fyrir tveimur, ef starfsgrein eða embætti er svo umfangsmikið, að ekki nægi eitt erindi til greinargerðar. Lengd erindanna er miðuð við núverandi lengd útvarpserinda samkvæmt dagskrá útvarpsins.

Um 2. gr.

Rétt þykir að fela útvarpsráðinu að gera fyrirfram ár hvert skrá yfir þá fyrirlestra, er það óskar, að fluttir verði samkvæmt þessum lögum, og fela því að öðru leyti framkvæmd málsins. Yrði slík skrá meðal þeirra frumdraga, er útvarpsráðið gerir til undirbúnings dagskrárvinnu, og myndu yfirlitserindi þessi falla inn í hina almennu dagskrá útvarpsins.

Um 3. gr.

Langflestir embættis- og sýslunarmenn landsins eru búsettir í Reykjavík. Rétt þykir þó að gera ráð fyrir því, að einstöku sinnum gæti það komið fyrir, að embættismaður taki sér ferð á hendur í þessu skyni samkvæmt óskum útvarpsráðsins, að fengnu samþykki atvinnumálaráðherra. Þykir sanngjarnt, að sá maður fái greiddan kostnað við slíka för.

Nd. **320. Frumvarp**

til laga um kartöflukjallara og markaðsskála.

Flutningsm.: Bjarni Ásgeirsson, Pétur Ottesen.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa á hentugum stað í Reykjavík kjallara til öruggrar geymslu á kartöflum, sem framleiddar eru í landinu og ætlaðar til sölu innanlands, og sé stærð kjallarans ákveðin með hliðsjón af því, að hann rúmi 10000 tunnur.

Ennfremur er stjórninni heimilt að láta reisa ofan á kjallaranum skála með hæfilegum umbúnaði til þess að þar geti farið fram, þegar ástæður leyfa, sala með markaðssniði á íslenzkum afurðum.

2. gr.

Þegar kartöflukjallarinn er fullgerður, skal hann leigður til þeirra nota, sem segir í 1. gr., íslenzkum kartöfluframleiðendum og þeim, er verzla með íslenzkar kartöflur.

3. gr.

Þegar markaðsskálinn er fullgerður, skal leigja hann þeim einstaklingum eða félögum, sem vilja selja þar eða láta selja íslenzkar afurðir, þær sem hagkvæmt þykir að hafa á boðstólum á þann hátt.

4. gr.

Atvinnumálaráðherra setur með reglugerð, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, nánari ákvæði um notkun og starfrækslu bygginga þessara, hvorrar um sig, og semur um leigu fyrir afnot þeirra.

5. gr.

Byggingar þessar er stjórninni heimilt að selja, ríkissjóði að skaðlausu, samlagi eða samvinnufélagi kartöfluframleiðenda og þeirra, er verzla með innlendar kartöflur, ef slíkur félagsskapur æskir kaupanna og setur tryggingar, er ríkisstjórnin metur gildar, en þá skal sala markaðsskálans bundin því skilyrði, að eigendur íslenzkra framleiðsluvara, þótt eigi séu í slíkum félagsskap, megi hafa þar vörur sínar á boðstólum, að því leyti, sem rúm leyfir, með leigumála, er atvinnumálaráðherra samþykkir.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Öllum má vera ljóst, hver nauðsyn er á, að landsmenn framleiði sjálfir sem mest af sínum eigin lífsnauðsynjum. Kartaflan er ein af mestu nytjajurtum heimsins og sú af þeim, er mest er notuð til manneldis, sem bezt er fallin til ræktunar hér á landi, svo að ekki verður talið vansalaust, að hún skuli vera innflutt í svo stórum stíl sem enn er. Það, sem hvað mest hefir staðið hér í vegi fyrir stórfelldri ræktun kartöflu til sölu, eru örðugleikar þeir, sem eru á að geyma miklar birgðir af þeim á þeim stöðum, þar sem sala er mest, t. d. í Reykjavík. En samgönguerfiðleikar innanlands á vetrum eru þess valdandi, að hægra verður að ná nýjum birgðum frá útlöndum en utan úr sveitum, þótt til væru þar. Úr þessu má mikið bæta með byggingu kartöflukjallara í Reykjavík, með því að þá er opnuð leið til þess að menn víðsvegar af landinu geti notað kartöflumarkaðinn í Reykjavík allt árið, og með því tryggt, að fé það, sem nú er greitt út úr landinu fyrir kartöflur, geti runnið í vasa innlendra kartöfluframleiðenda.

Erlendis hefir það löngum verið venja, og er enn, að selja ýmsar landbúnaðarvörur á markaði eða torgi, sem kallað er. Hafa víða verið reistar söluhallir til þess að hægt sé að reka þessháttar verzlun að vetrinum og aðra tíma árs, þegar misjafnt er veður. Hér hefir þetta sölufyrirkomulag verið lítið þekkt til þessa. Síðastliðið sumar var það þó reynt lítilsháttar í Reykjavík, bæði með grænmeti og mjólkurafurðir, og eftir reynslu þeirri, er það gaf, virðist mega gera sér vonir um góðan árangur af því, bæði fyrir framleiðendur og neytendur. En það er ljóst, að mun meiri þörf er hér en í hinum suðlægari löndum fyrir skýli til að reka þessa verzlun í, og virðist réttast, að það sé byggt yfir kartöflukjallarann. — Nánar í framsögu.

Nd. 321. Lög

um bókasöfn prestakalla.

(Afgreidd frá Nd. 31. marz).

1. gr.

Stofna má bókasöfn fyrir prestaköll með bókagjöfum og bókakaupum, svo sem nánar er tiltekið í lögum þessum.

2. gr.

Til bókasafna prestakalla skulu einkum keyptar bækur guðfræðilegs og heimspekilegs efnis, svo og almennar fræðibækur og úrvals skáldrit. Bókasöfnin mega þiggja bækur að gjöf.

3. gr.

Nú vill sóknarprestur stofna eða auka við bókasafn prestakalls síns. Skal hann þá fyrir júnílok ár hvert senda „bókanefnd prestakalla“ skrá yfir bækur þær, er hann óskar að fá í bókasafnið, og greiða ¼ verðs þeirra innbundinna og flutningsgjalds fyrirfram.

4. gr.

Bókanefnd prestakalla skipa þrír menn. Kýs prestastefnan tvo þeirra og einn varamann, en kirkjumálaráðuneytið skipar einn mann, kunnan að smekkvísi og þekkingu á bókmenntum. Nefndin skal kosin og skipuð til þriggja ára í senn og skiptir sjálf með sér störfum. Bókanefnd starfar kauplaust, en útlagður kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af bókakaupafé.

Bókanefnd skal veita leiðbeiningar um val bóka, annast kaup á þeim og úrskurða um það, hvort bækur fullnægi skilyrðum 2. gr. Nefndin sker úr um það, hverjum skuli veita styrk til bókakaupa og hvaða bækur skuli kaupa af þeim, sem óskað er eftir, þegar umsóknir fara fram úr því, sem hámark ríkisstyrks leyfir.

Þau prestaköll ganga fyrir öðrum um styrkveitingu, þar sem ekki eru fyrir bókasöfn, sem prestur og söfnuður getur haft til afnota.

5. gr.

Nú hefir bókanefnd borizt beiðni um útvegun bóka samkvæmt 3. gr., og kemur beiðnin eigi í bága við fyrirmæli 2. greinar laga þessara. Útvegar hún þá bækurnar, en ráðuneytið ávísar bókanefndinni, eða bóksala hennar, ¾ kostnaðar úr ríkissjóði, gegn því að bækurnar verði eign bókasafns prestakallsins. Þó má ekkert ár verja meiru fé úr ríkissjóði í þessu skyni en 4 þús. kr. samtals.

6. gr.

Um leið og bókanefnd sendir presti bækur til bókasafns prestakalls hans samkvæmt lögum þessum, sendir hún prófasti skrá yfir bækur þær, er bókasafninu þannig bætast. Prestar skulu árlega senda prófasti skrá um gefnar bækur. Skal prófastur gera aðalskrá um bókasöfn í prófastsdæminu, sundurliðaða eftir prestaköllum.

7. gr.

Þegar prestur hefir veitt móttöku bókum samkvæmt lögum þessum, skal hann rita á þær nafn prestakalls síns og skrásetja. Prófastur löggildir bók undir bókaskrá prestakalls, og ber honum á skoðunarferðum sínum að hafa eftirlit með því, að bækurnar séu vel varðveittar.

8. gr.

Bókasafn prestakalls skal geymt á heimili prests. Presti er skylt að vátryggja safnið gegn eldsvoða. Þar sem fleiri en einn sóknarprestur er í prestakalli, skal sá prestur varðveita bókasafnið, sem elztur er að embættisaldri, nema öðruvísi um semjist með prestum kallsins.

Nú er prestakall prestslaust, og gerir prófastur þá þær ráðstafanir, er þurfa þykir, til öryggis safninu.

Við prestaskipti skal fara fram úttekt á bókasafni prestakallsins, og gerir prófastur þá fráfarandi presti að greiða bætur fyrir, ef á vantar og kenna má vangeymslu hans.

9. gr.

Presti er skylt að lána sóknarbörnum bækur úr bókasafni prestakalls síns, sér að bagalausu. Lántakandi er skaðabótaskyldur, þegar bækur skaddast eða glatast. Útlánaskrá skal fylgja hverju bókasafni. Skal prestur leggja kapp á, að bókasafn prestakallsins verði söfnuðinum að sem mestum notum. Prestum er heimilt að lána hver öðrum bækur úr bókasöfnum prestakalla. Heimilt er og að skiptast á bókum úr bókasöfnum, þegar hlutaðeigandi prestar óska þess og bókanefnd samþykkir.

10. gr.

Prestum og próföstum er skylt að gefa þær skýrslur um bókasöfn prestakalla, notkun þeirra og varðveizlu, sem biskup fyrirskipar.

Ed. 322. Breytingartillaga

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Frá atvinnumálaráðherra.

Á eftir 5. gr. frv. bætist ný grein svo látandi og breytist greinatalan samkvæmt því:

Á eftir 74. gr. stjórnarskrárinnar komi ný grein, er verði 75. gr. og orðist svo:

Þá er vatnsorkusérleyfis er beiðzt, er fer fram úr 25000 hestöflum, skal fengið samþykki tveggja Alþinga í röð til þess, áður en sérleyfið er veitt, og sæti málið sömu meðferð sem lagafrumvörp á hvoru þinginu.

Nd. 323. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Annar minni hluti sjávarútvegsnefndar hefir á þingskjali 27 skýrt frá því, að „annar minni hlutinn vilji samþykkja frv. óbreytt, en hinn minni hlutinn vilji fella það". Þeir, sem frá þessu skýra, eru hv. 1. þm. Suður-Múlasýslu (SvÓ) og

4. þm. Reykjavíkur (SÁÓ). Af innleggi þeirra verður samt eigi séð, hvað þeir sjálfir leggja til. Annars er rétt að geta þess, að nefndin er ekki skipt í tvo minni hluta, heldur í meiri og minni hluta. Um efni frv. er það að segja, að farið er fram á það, að hér eftir skuli lögboðið, að ekki séu skrifaðir vitnisburðir sjómanna, er þeir láta skrá sig úr skiprúmi, en hingað til hefir þótt sjálfsagt, að slíkir vitnisburðir væru skráðir í bókina. Þetta er að sögn fram komið eftir ósk Sjómannafélags Reykjavíkur, þó að undarlegt megi virðast, þar eð allur þorri sjómanna eru vitanlega góðir og gegnir menn í starfi sínu. Meiri hluta sjómannastéttarinnar getur því varla þótt neinn hagur í því, að þeim fáu, sem ekki reynast heppilegir, sé gert hægara fyrir en ella, ef þeir vilja villa á sér sýn, er þeir ráðast í nýtt skiprúm, en til þess er óneitanlega stofnað, ef vitnisburði má ekki skrá í sjóferðabækur.

Nefndin hafði tal af formanni skipstjórafélagsins „Öldunnar", hr. Þorsteini Þorsteinssyni skipstjóra, um frv. þetta, og taldi hann, að vitnisburðir í sjóferðabækurnar væru nauðsynlegir, enda bækurnar til þess ætlaðar jafnframt, og með þeim má sanna siglingatíma þess sjómanns, er hlut á að máli.

Meiri hluti fær því ekki séð, að nein bót sé að því, að þetta frv. nái fram að ganga, heldur hið gagnstæða, og leggur því til, að það verði fellt.

Alþingi, 30. marz 1931.

Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.	Benedikt Sveinsson, fundaskr.	Hákon J. Kristófersson.

Ed. 324. Lög

um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita Jóni Þorleifi Jósefssyni skírteini til vélstjórnar á íslenzkum skipum.

(Afgreidd frá Ed. 1. apríl).

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal heimilt að veita Jóni Þorleifi Jósefssyni vélstjóra skírteini til þess að vera vélstjóri á gufuskipum og mótorskipum, sem ganga á fiskveiðar, og til þess að vera 1. vélstjóri á öðrum skipum með allt að 200 hestafla vél og til þess að vera 2. vélstjóri á öllum öðrum skipum.

2. gr.

Lög þessi koma til framkvæmdar þegar er þau hafa hlotið staðfestingu konungs.

Ed. 325. Lög

um viðauka við lög nr. 28, 19. maí 1930, um greiðslu verkkaups.

(Afgreidd frá Ed. 1. apríl).

1. gr.

Hlunnindi þau, sem felast í lögum nr. 28, 19. maí 1930, um greiðslu verkkaups, skulu einnig ná til kaupgjalds og aksturslauna bifreiðarstjóra.

2. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað.

Nd. 326. Breytingartillögur

við frv. til l. um loftskeytatæki á botnvörpuskipum og um eftirlit með loftskeytanotkun íslenzkra veiðiskipa.

Frá Sveini Ólafssyni og Ásgeiri Ásgeirssyni.

1. Við 4. gr.
   a. Fyrir „landhelgisbrotum“ í annari málsgrein komi: landhelgibrotum.
   b. Síðasta málsgrein falli niður.
2. Við 5. gr.
   a. Í stað „landhelgisbrot“ komi: landhelgibrot.
   b. Í stað „í fyrsta sinn missa rétt til skipstjórnar í 1 ár .... sektum frá 500—10000 kr.“ komi:
      í annað sinn missa rétt til skipstjórnar um allt að tveggja ára tíma. Verði hann í þriðja sinn sannur að sök, missir hann skipstjórnarréttindi á veiðiskipi fyrir fullt og allt.
      Brjóti einhver gegn fyrstu málsgrein 4. greinar eða verði að öðru leyti einhver brotlegur gegn 4. grein annar en þeir, sem nefndir eru í fyrri málsgrein þessarar greinar, sæti hann sektum frá 200 til 2000 kr.
3. Við 6. gr.
   a. Í stað „landhelgisbrot“ komi: landhelgibrot.
   b. Í stað orðanna „og skal þá dómsmálaráðuneytinu .... og skipstjórnarmenn“ komi:
      og skal þá dómsmálaráðuneytinu heimilt, meðan á réttarrannsókn og dómsuppsögn stendur, að svipta útgerðarstjórn og skipstjórnarmenn.

Nd. **327. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1932.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 2. gr. 12. (Áfengistollur).
Fyrir »400000« kemur 450000
2. — 2. — 13. (Tóbakstollur).
Fyrir »950000« kemur 1000000
3. — 2. — 16. (Vörutollur).
Fyrir »1350000« kemur. 1450000
4. — 2. — 17. (Verðtollur).
Fyrir »1450000« kemur. 1550000
5. — 3. — A. 3. (Víneinkasala).
Fyrir »600000« kemur 650000
6. — 3. — A. (Póstsjóður) II. 3. a. (Skrifstofukostn. í Rvík.).
Fyrir »15000« kemur. 16000
7. — 3. — A. (Síminn) II. b. 3. (Ritsímastöðin í Reykjavík).
Fyrir »45000« kemur 50000
8. — 3. — A. (Síminn) II. b. 5. (Bæjarsíminn í Reykjavik).
Fyrir »260000« kemur 270000
9. — 3. — A. (Síminn) II. b. 6 (Áhaldahúsið).
Fyrir »5000« kemur 7000
10. — 3. — A. (Síminn) II. b. 17. a. (Símritarar o. fl.).
Fyrir »14000« kemur 18700
11. — 3. — A. (Síminn) II. b. 17. b. (Til kvenvarðstjóra o. fl.).
Fyrir »3600« kemur 4000
12. — 3. — A. (Síminn) II. c. (Eyðublöð, prentkostn. ritföng m. m.).
Fyrir »40000« kemur 45000
13. — 3. — A. (Síminn) II. j. Nýr liður:
Slysatrygging ríkisins 1500
14. — 3. — A. Eignahreyfingar II. (Símakerfi o. fl.)
Fyrir »50000« kemur 60000
15. — 10. — I. 3. (Laun starfsmanna stjórnarráðsins).
Fyrir »75000« kemur 83000
16. — 10. — I. 4. (Annar kostnaður í ráðuneytinu).
Fyrir »44000« kemur 55000
17. — 10. — I. 6. b. (Til pappírs og prentunar).
Fyrir »12000« kemur 14000
18. — 10. — III. (Utanríkismál o. fl.). Liðurinn orðist svo:
1. Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:
a. Laun sendiherra 20000
b. Húsaleiga 6000

c. Kostnaður við embættið 29000
d. Til skrifstofuhalds 20000
75000
2. Fyrir meðferð utanríkismála 14600
3. Ríkisráðskostnaður 4800
4. Kostnaður við sambandslaganefnd 1000

19. Við 11. gr. A. 5. a. Nýr liður:
Aðstoð og aukavinna 10000

20. — 11. — A. 5. b. (Laun 6 tollvarða).
Fyrir »tollvarða« kemur: tollritara.

21. — 11. — A. 6. a. (Laun 2 fulltrúa og 4 skrifara).
Fyrir »Laun 2 fulltrúa og 4 skrifara 25000« kemur:
Laun 2 fulltrúa og 6 skrifara 29000

22. — 11. — A. 6. b. (Húsaleiga lögregluskrifstofunnar).
Fyrir »4000« kemur 5000

23. — 11. — A. 12. (Litla-Hraun).
Fyrir »16250« kemur 21250

24. — 11. — A. 13. (Annar sakamálakostnaður).
Fyrir »15000« kemur 110000

25. — 11. — B. 1. a. (Endurgjald á burðareyri embættisbréfa).
Fyrir »3500« kemur 4000

26. — 11. — B. 3. (Embættiseftirlitsferðir).
Fyrir »6000« kemur 9000

27. — 11. — B. 5. (Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.).
Fyrir »15000« kemur 35000

28. — 12. — 2. (Skrifstofukostnaður landlæknis).
Fyrir »2000« kemur 4000

29. — 12. — 9. (Utanferðastyrkur héraðslækna).
Fyrir »3000« kemur 5000

30. — 12. gr. 10. (Landsspítalinn). Liðurinn orðist svo:
Rekstrarkostnaður 59000
Sá kostnaður sundurliðast þannig:
A. Laun lækna 36000
B. Annar kostnaður:
1. Laun starfsfólks 48000
2. Fæði 66000
3. Þvottur og ræsting 23000
4. Lyf og umbúðir 15000
5. Ljós og hiti 32000
6. Fatnaður sjúkl. og starfsfólks . 10000
7. Viðhald og endurbætur . . . 15000
8. Skattar 5000
9. Ýms gjöld 5000
10. Fyrning húsa og áhalda . . . 24000
243000
279000

Þar frá dregst:

1. Daggjald sjúklinga	210000	
2. Tekjur af röntgendeild	10000	
		220000
	Mismunur	59000

31.	Við 12. gr.	11. B. 8. Nýr liður: Flutningskostnaður	2000
32.	— 12. —	12. II. B. 9. Nýr liður: Flutningskostnaður	2000
33.	— 12. —	15. h. Nýr liður: Til Þóru Havsteen, til áhaldakaupa í nuddlækningastofu hennar á Akureyri	2000
34.	— 13. —	A. V. 1. (Vegamál. Til áhalda). Fyrir »10000« kemur	18000
35.	— 13. —	A. VI. 2. (Sýsluvegasjóðir). Fyrir »70000« kemur	80000
36.	— 13. —	A. IX. (Vetrarflutn. yfir Hellisheiði). Liðurinn orðist svo: Styrkur til þess að halda uppi vetrarflutningum:	
		a. yfir Hellisheiði	5000
		b. — Holtavörðuheiði	1000
		c. — Fagradal	1000
37.	— 13. —	B. Nýr stafliður á eftir B: Loftferðir. Styrkur til flugferða	20000
38.	— 13. —	C. I. 3. (Skrifstofukostnaður vitamálastjóra). Fyrir »6000« kemur	7000
39.	— 13. —	C. II. (Laun vitavarða). Fyrir »22000« kemur	27000
40.	— 13. —	D. I. 5. (Útvarpið. Skrifstofan). Fyrir »18000« kemur	28000
41.	— 14. —	A. b. 3. (Viðbót við eftirlaun). Fyrir »7000« kemur	8000
42.	— 14. —	B. I. c. (Söngkennsla í háskólanum). Fyrir »500« kemur	1000
43.	— 14. —	B. I. h. (Rannsóknarstofa háskólans). Fyrir »5000« kemur	6000
44.	— 14. —	B. V. a. (Menntaskólinn á Akureyri. Laun). Fyrir »29000« kemur	33000
45.	— 14. —	B. V. b. 1. (Aukakennarar og stundakennsla). Fyrir »10000« kemur	15000
46.	— 14. —	B. V. b. 4. (Eldiviður og ljós). Fyrir »5000« kemur	6500
47.	— 14. —	B. V. b. 6. (Dyravarzla). Fyrir »1400« kemur	2000

48. Við 14. gr. B. V. b. 8. (Ýms gjöld).
Fyrir »3000« kemur 4000
49. — 14. — B. VI. b. 1. (Kennaraskólinn, stundakennsla).
Fyrir »3000« kemur 4000
50. — 14. — B. VIII. b. 2. (Húsnæði vélstjóraskólans).
Fyrir »3000« kemur 3800
51. — 14. — B. X. a. (Iðnskóli í Reykjavík).
Fyrir »6000« kemur 7500
52. — 14. — B. X. e. (Verklegt framhaldsnám).
Fyrir »3000« kemur 4000
53. — 14. — B. XII. 2. b. (Ljósmæðraskólinn, annar kostnaður).
a. fyrir »200« kemur 500
b. Nýr liður:
Styrkur til námskvenna, allt að 4000
54. — 14. — B. XIII. 1. Nýr liður á undan a.:
Húsnæðisstyrkur 5000
55. — 14. — B. XIV. 1. (Barnafræðsla. Laun kennara).
Fyrir »300000« kemur 350000
56. — 14. — B. XIV. 2. (Laun farkennara).
Fyrir »30000« kemur 75000
57. — 14. — B. XIV. 3. (Farkennsla o. fl.).
Fyrir »7000« kemur 5000
58. — 14. — B. XV. 4. (Unglingafræðsla utan kaupstaða).
Athugasemdin fellur niður.
59. — 14. — B. XV. 6. (Til þess að reisa unglingaskóla).
Athugasemdin fellur niður.
60. — 14. — B. XVI. 4. (Kvenfél. Ósk).
Fyrir »5000« kemur 6000
61. — 14. — B. XVII. (Kennsla heyrnar- og málleysingja).
Fyrir »26975« kemur 30975
62. — 14. — B. XVIII. 1. (Kennsla blindra barna).
a. Liðurinn orðist svo:
Til kennslu blindra barna, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að 800
b. Nýr liður:
Til Málfríðar Jónasdóttur, til blindranáms erlendis 1200
63. — 15. — 1. a. (Landsbókasafnið. Laun).
Fyrir »18300« kemur 23500
64. — 15. — 2. b. (Þjóðskjalasafnið, bókband o. fl.).
Fyrir »5000« kemur 5500
65. — 15. — 2. c. (Þjóðskjalasafnið, ýms gjöld).
Fyrir »500« kemur 1000
66. — 15. — 8. c. (Amtsbókasafnið á Seyðisfirði),
Athugasemdin fellur niður.

67. Við 15. gr. 9. (Sýslubókasöfn).
Fyrir »1000« kemur 2500
68. — 15. — 12. (Þjóðvinafélagið).
Fyrir »1800« kemur 6800
69. — 16. — 4. (Gjöld samkvæmt jarðræktarlögunum).
Fyrir »460000« kemur 540000
70. — 16. — 8. (Ráðstafanir um tilbúinn áburð).
Fyrir »50000« kemur 60000
71. — 16. — 17. a. (Veðurstofan. Laun).
Fyrir »15100« kemur 16900
72. — 16. — 20. (Fiskifélagið).
Fyrir »70000« kemur 85000
73. — 16. — 22. b. (Skrifstofukostnaður skipaskoðunarstjóra).
Fyrir »5000« kemur 8000
74. — 16. — 25. Nýr liður:
Til landssýningarnefndar upp í halla við landssýningu heimilisiðnaðarfélaganna 2000
75. — 16. — 32. Nýr liður:
Til sambands vestfirzkra kvenna 450
76. — 16. — 38. (Laun húsagerðarmeistara). Liðurinn orðist svo:
Húsagerðarmeistari ríkisins:
a. Laun 7800
b. Skrifstofukostnaður 5000
12800
77. — 17. — 1. (Styrkur til berklasjúklinga).
a. Fyrir »800000« kemur 650000
b. Aftan við liðinn bætist svohljóðandi aths.:
Þar af til Elínar Sigurðardóttur 1200 kr.
78. — 17. — 9. (Bjargráðasjóður).
Fyrir »24000« kemur 25000
79. — 17. — 10. (Ellistyrktarsjóðir).
Fyrir »45000« kemur 48000
80. — 18. — II. b. 12. (Guðný Jónsdóttir).
Liðurinn fellur niður.
81. — 18. — II. b. 26. Nýir liðir:
a. Til Sigríðar Jónasdóttur læknisekkju 400
b. — Súsönnu Friðriksdóttur læknisekkju 500
82. — 18. — II. c. 1. (Guðlaugur Guðmundsson).
Liðurinn fellur niður.
83. — 18. — II. c. 2. Nýir liðir:
a. Til Einars Pálssonar 430,00
b. — Kristins Daníelssonar 520,00
c. — Jóns Finnssonar 385,00

84. Við 18. gr. II. d. 31. Nýir liðir:
a. Til Sigríðar Þórðardóttur 144,00
b. — Sigurlaugar Knudsen 167,07
c. — Þóru Jónsdóttur 217,28
d. — Margrétar Jónasdóttur 168,64
e. — Sigríðar Jónasdóttur 146,71
85. — 18. — II. e. 15. Nýir liðir:
Til Cathincu Sigfússon 400
— Ragnheiðar Guðjónsdóttur 300
86. — 18. — II. f. 20. (Ólafur Ólafsson).
Liðurinn fellur niður.
87. — 18. — II. f. 26. Nýir liðir:
a. Til Kristjáns Jónssonar pósts 200
b. — Guðjóns Kjartanssonar pósts 200
c. — Torfa Sæmundssonar pósts 200
88. — 18. — II. i. 19. (Sigurveig Jónatansdóttir).
Liðurinn fellur niður.
89. — 18. — II. i. 33. Nýr liður:
Til Sigríðar Sveinsdóttur, ekkju Jakobs Björnssonar síldarmatsmanns 300
90. — 18. — II. i. 34. (Jakob Björnsson).
Liðurinn fellur niður.
91. — 18. — II. i. 58. Nýr liður:
Til Valgerðar Steinsen, fyrrv. spítalaráðskonu . . 300
92. — 18. — II. i. 59. (Gunnlaugur Indriðason).
Liðurinn fellur niður.
93. — 22. — III. Nýr liður:
Að kaupa fyrir fé kirkjujarðasjóðs mannvirki þau, er séra Ólafur Stephensen á í Bjarnanesi og hentugt virðist, að staðnum fylgi.

Nd. 328. Nefndarálit

um frv. til laga um rekstrarlánafélög fyrir bátaútveg og smáiðju.

Frá 1. minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Í nefndinni eru skoðanir mjög skiptar um nauðsyn og meðferð þessa máls. Meiri hlutinn vill afgreiða frv. með lítilli orðalagsbreytingu á 4. gr., 2. minni hluti vill gera á því verulegar breytingar og samþykkja aðalefnið, en undirritaður getur hvoruga þessa leið aðhyllzt og telur, eins og málum er kom-

ið, rétt að fresta lögfestingu frv. og bíða frekari árangurs þeirra ráðstafana, sem síðasta þing gerði til aukningar stofnfjár og rekstrarfjár fyrir útveginn.

Ríkissjóður hefir þegar ábyrgð tekið á mörgum milljónum króna af starfsfé bankanna og er nokkur vandi á um þann 3 millj. kr. viðauka, sem frv. ætlar af nýju til dreifingar og sem eðlilegast er, að þær ríkistryggðu lánsstofnanir útvegi á eigin ábyrgð og úthluti, ef þörf krefur og tryggingar eru fyrir.

Ég verð að líta svo á, að annarskonar ábyrgð eður atbeini ríkissjóðs við útveginn sé framar aðkallandi en þessi aukning rekstrarlána, og hefi þar einkum fyrir augum stuðning við útflutning ísvarins fiskjar, sem almennt er óskað eftir og sem myndi að verulegum mun draga úr þörf rekstrarlána, er afurðirnar seldust fljótar en venja er til um verkaðan saltfisk.

Á undanförnum þingum hefir efni þessa frv. legið fyrir í ýmsum búningi, bæði sérstakt og í sambandi við frv. til laga um Fiskveiðasjóð. Afgreiðsla þess máls á síðasta þingi barg þó aðeins stofnlánadeild sjóðsins, en niður féll fyrirhuguð rekstrarlánadeild hans, og olli þar mestu um erfiðleiki við öflun fjár, sem áhættunnar vegna eigi mátti ætla að fengist með vildari vaxtakjörum en bankarnir almennt veita.

Jafnframt fyrrgreindri lagasetningu síðasta þings um Fiskveiðasjóð og mikilli eflingu hans voru þá af þingsins hálfu gerðar aðrar og víðtækari ráðstafanir um fullnægingu rekstrarlánaþarfar og almennra viðskipta. Má þar til telja lög um stofnun Útvegsbankans, sem með miklum fjárframlögum úr ríkissjóði var efldur til þeirrar lánastarfsemi, er frv. hnígur að, en í öðru lagi lög um sveitabanka, sem einnig beina fé til sömu starfsemi og Útvegsbankinn, þótt einskorðað sé það við ákveðna atvinnuhætti.

Viðhorfið um öflun rekstrarfjár er því að miklum mun bætt frá því, sem áður var, og með starfandi útibúum Landsbankans og Útvegsbankans í öllum landshlutum eru skilyrði fengin til fullnægingar lánsþarfar einstaklinga og félaga fiskimanna og annara, sem með samábyrgð vilja styrkja lánstraust sitt.

Slíkt skipulag þarf eigi að lögbjóða. Það er að sjálfsögðu öllum frjálst og bönkunum sízt áhættumeira en viðskipti einstaklinga, enda aðferðin þekkt og reynd í mörgum samvinnufélögum.

Eftir framansögðu legg ég til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

Rökstuddri dagskrá:

Með því að undanfarin þing hafa með mikilli eflingu lánsstofnana fyrir hvortveggi aðalatvinnugreinar landsmanna lagt undirstöðu að heilbrigðri þróun atvinnuveganna, sem ætla verður, að fullnægt geti eðlilegri viðskiptaþörf um nokkurt árabil, ef vel er á haldið, og með því ennfremur, að ríkisábyrgð á öðrum framkvæmdum útveginum til hagsbóta liggur nær en öflun fjár til aukinna rekstrarlána, telur deildin eigi ástæðu til að samþykkja frv. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 4. apríl 1931.

Sveinn Ólafsson.

Nd. 329. Nefndarálit

um frv. til l. um breyting á l. nr. 56, 14. júní 1929 (notkun bifreiða).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er samþykk frv. um skyldutryggingu allra bifreiðarstjóra, en þar sem vegamálastjóri sendi nefndinni til viðbótar allvíðtækar breytingartillögur við lögin og l. nr. 56 1926, varð það að ráði að fella öll þessi nýmæli og eldri lögin inn í ný heildarlög um notkun bifreiða. Einn nefndarmaður (Magnús Torfason) var fjarverandi þegar frumvarpið var afgreitt frá nefndinni.

Gildandi ákvæði um hámarksbreidd bifreiða er orðið of lágt, þar sem verksmiðjurnar hafa á síðari árum yfirleitt breikkað bifreiðarnar nokkuð frá því, sem áður var, og verður því ekki komizt hjá að hækka hámarksbreiddina. Veittar hafa þegar verið allmargar undanþágur, allt upp í 186 cm. breidd, en hærra þykir vart mega fara vegna breiddar veganna víða um land.

Samkvæmt gildandi lögum er leyfi til að stýra bifreið bundið við tvítugs aldur, en þykir rétt að lækka í 18 ára aldur eins og á Norðurlöndum.

Hámarksökuhraði virðist allt of lágur nú, enda er honum sjaldan fylgt og mundi tefja umferðina um of. Hefir því þótt rétt að hækka hann bæði í bæjum og úti á þjóðvegum og í dimmu, en aftur þykir rétt, að hægt sé með reglugerð að ákveða hámarksökuhraða á einstökum vegum og sérstaklega þungum bifreiðum.

Þá virðist og rétt að hækka lágmarkstryggingar fyrir stórar bifreiðar nokkuð úr því, sem nú er, þar sem það er algerlega ófullnægjandi.

Ýmsar aðrar breytingar hafa verið teknar upp, að mestu eftir tillögum vegamálastjóra, og verður nánar gerð grein fyrir þeim í framsögu.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

I. Í stað frumvarpsgreinarinnar komi nýjar greinar svo hljóðandi:
   a. Í 3. gr. 1. málsgr. laga nr. 56 1926 komi í stað „1,75“: 1,86.
   b. 1. málsgr. 5. gr. sömu laga skal hljóða svo:
      Enginn má stýra bifreið nema hann sé fullra 18 ára að aldri og hafi ökuskírteini frá lögreglustjóra, sem heimilar honum að stýra bifreið. Enginn má þó stýra leigubifreið til mannflutninga nema hann sé fullra 20 ára að aldri.
   c. Í 6. gr. 2. málsgr. sömu laga komi í stað „18“: 25, — í stað „40“: 50 — og í stað „15“: 30.
      Á eftir sömu málsgrein komi 3 nýjar málsgreinar svo hljóðandi:
      Ákvæði þessara laga um hámarkshraða ná þó ekki til bifreiða í lögregluefirlits- eða í læknisferðum.

Ráðherra getur ákveðið í reglugerð, að hámarksökuhraði á einstökum vegum og hámarksökuhraði þungra vörubifreiða og fólksbifreiða til mannflutninga, er flytja fleiri en 7 farþega, skuli vera lægri en hér greinir.

Samskonar ákvæði má setja um takmörkun ökuhraða á götum í kaupstöðum og kauptúnum, ef bæjarstjórn eða hreppsstjórn gerir þar um samþykkt og ráðherra staðfestir.

d. Í upphafi 1. málsgr. 9. gr. sömu laga komi á eftir „Bifreiðarstjóri“: á leigubifreið til mannflutninga.

e. 10. gr. sömu laga skal orða þannig:

Ráðherra heimilast að setja gjaldskrá, er ákveði fargjöld með leigubifreiðum til mannflutninga. Einnig heimilast ráðherra að ákveða, að gjaldvísir skuli vera í leigubifreiðum til mannflutninga.

f. Framan við 15. gr. sömu laga bætist ný málsgr. svo hljóðandi:

Skylt er bifreiðarstjóra að sýna almenna varkárni við akstur og meðferð bifreiðar á almannafæri.

g. 1.—2. málsgrein 17. gr. sömu laga skal orða svo (og jafnframt skal fella burt 3. málsgrein í sömu gr.):

Sérhverjum bifreiðaeiganda er skylt að kaupa í tryggingarfélagi, sem viðurkennt er af ríkisstjórninni, og halda við tryggingu fyrir bifreið sína sem hér segir: Fyrir vörubifreiðar og bifreiðar, er flytja allt að 6 farþegum, 10000 kr. fyrir hverja bifreið, fyrir bifreiðar, er flytja fleiri en 6 farþega, 20000 kr. fyrir hverja bifreið. Skal með því tryggð greiðsla, að því leyti sem til hrekkur, á hverri þeirri skaðabótakröfu, er þeim kann að verða gert að greiða, sem ábyrgð ber á bifreiðinni, þegar slysið eða tjónið bar að höndum. Tvíhjóla bifreiðir og þær þríhjóla, sem ætlaðar eru einum manni, skulu á sama hátt tryggðar fyrir 5000 kr.

h. Aftan við 18. gr. sömu laga bætist 3 nýjar greinar, er verða 19., 20. og 21. gr., svo hljóðandi:

1. Heimilt er að setja í reglugerð um tryggingarskylduna ákvæði um, að undanþegið sé tryggingarskyldu smátjón eða slys, þar sem bætur eru innan við 200 kr.
2. Sérhverjum bifreiðaeiganda er skylt að tryggja hvern þann, sem ekur bifreið hans, fyrir bótum vegna slysa, er hann kann að verða fyrir við aksturinn. Skal tryggt í Slysatryggingu ríkisins og fyrir sömu bótum sem þar eru ákveðnar. Umboðsmenn slysatryggingarinnar innheimta iðgjöldin.
3. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um notkun bifreiða og skoðun.

i. Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 56, 14. júní 1929.

k. Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

l. Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella texta þeirra og 1. gr. laga nr. 23 1927 inn í meginmál laga nr. 56 1926, og gefa þau út svo breytt sem lög um notkun bifreiða.

II. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til l. um breyting á l. nr. 56, 15. júní 1926, um notkun bifreiða.

Alþingi, 4. apríl 1931.

Magnús Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson, frsm. og fundaskr. Lárus Helgason. Jón Ólafsson,

Nd. 330. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á l. nr. 11, 18. maí 1920, um þingmannakosning í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er ekki sammála um þetta frumvarp, en sér þó ekki ástæðu til að hafa tvö nefndarálit. Meiri hlutinn (MG, JÓl, HV) telur rétt að fjölga þingmönnum Reykjavíkur úr því, sem nú er, og mun bera fram sérstakar breytingartillögur þar að lútandi og skýrari orðun á 2. grein frumvarpsins, sem mun verða gerð nánari grein fyrir við næstu umræðu.

Minni hlutinn (LH) er andvígur frumvarpinu. Einn nefndarmaður (MT) var fjarverandi úr bænum og tók því ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. apríl 1931.

Héðinn Valdimarsson, fundaskrifari og frsm. Lárus Helgason. Jón Ólafsson. Magnús Guðmundsson.

Nd. 331. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyting á l. nr. 11, 18. maí 1920, um þingmannakosning í Reykjavík.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

1. Við 1. gr. 2. málsgrein. Í stað «9« komi: 6, — og í stað »33« komi: 30.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við fyrstu almennar kosningar, sem fara fram eftir að Alþingi 1931 er slitið.

Ed. 332. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Aftan við 1. gr. bætist:

Ennfremur skulu veiðar með lúru-botnvörpum (Skovlvaad) algerlega bannaðar í landhelgi.

2. gr.

Upphaf 3. gr. skal orða svo:

Brot gegn 1. gr. 1. og 3. málsgr. varða sektum, 3000—10000 gullkróna o. s. frv.

Aftan við sömu grein komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sektir samkvæmt þessari grein ná einnig til þeirra skipa, sem sektuð hafa verið eða dæmd fyrir veiðar með lúru-botnvörpum í landhelgi á árinu 1930.

3. gr.

Upphaf 4. gr. skal orða svo:

Hver sá, er leiðbeinir skipi við dragnóta- og lúru-botnvörpuveiðar, o. s. frv.

Í stað orðanna „sem staddur er í dragnótaveiðiskipi“ í sömu gr. komi: sem staddur er í dragnótaveiðiskipi eða lúru-botnvörpuskipi o. s. frv.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Þegar lög þessi hafa fengið staðfestingu konungs, skal fella þau inn í texta laga nr. 55, 7. maí 1928, og gefa þau þannig breytt út sem lög um bann gegn dragnóta- og lúru-botnvörpuveiðum í landhelgi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir tilmælum dómsmálaráðherra, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

„Eins og kunnugt er, voru mótorskipin „Sjöstjörnan“ T. G. 11, 63 smál. br., 27 netto, og „Grímur“ T. G. 10, 51 smál. br., 25 netto, bæði frá Trangisvaag í Færeyjum, sektuð síðastliðið ár fyrir fiskiveiðar í landhelgi með lúrubotnvörpu (Skovlvaad) samkvæmt lögum nr. 5, 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum. Hið fyrrnefnda fékk 12300 kr. sekt, samkv. lögregluréttardómi Seyðisfjarðarkaupstaðar 4. okt. 1930, en hið síðarnefnda 12500 kr. sekt samkv. lögregluréttardómi Þingeyjarsýslu 29. sept. s. á. Lög nr. 5, 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, skilgreina eigi, hvað átt er við með orðinu: „botn-

vörpuveiðar", og þess vegna komast dómstólarnir vart hjá því að heimfæra allar veiðar með botnvörpu undir umgetin lög, þó það að sjálfsögðu hafi eigi verið ætlun löggjafans með lögunum. Í fræðibókum eru taldar eitthvað um 40 tegundir af botnvörpum, og eiga margnefnd lög í raun og veru vart við nema eina tegund þeirra, sem sé þá, er venjulegir botnvörpungar nota. Botnvarpa sú, er kölluð er á dönsku „Skovlvaad" og nefnd er hér í frumvarpinu lúru-botnvarpa, er samkv. lýsingu fiskifræðinga landsins almennt skilgreind þannig: „Botnvarpan hefir járnbenta furuhlera 1—1,1 m. á lengd og 0,6—0,8 m. á hæð. Vanalega vængjalaus poki, 8—11 metra langur og 0,5—1,5 metra hæð á hliðum, og er þeim haldið sundur með 50 cm. keflum. Breiddin er 3—5 metrar, möskvavídd 40—55 mm. Efni baðmullargarn 12/12—12/15. Hlerarnir eru ekki beinlínis festir á vörpu, heldur á 40—100 m. langa strengi".

Við samanburð á slíkum veiðarfærum, sem nú hefir lýst verið, og þeim, er venjulegir íslenzkir og erlendir togarar nota, virðist auðsætt, að veiðar með þeim eru eigi sambærilegar við veiðar með venjulegum botnvörpum og að sama hegning getur eigi átt við notkun þeirra og hinna. Venjulegar botnvörpur eru miklu veigameiri og sterkari og hafa botnrúllur og hlera, sem eru jafnvel mörg þúsund pund á þyngd og hljóta því að gera miklu meiri usla en umræddar vörpur, sem að því leyti eru mun líkari venjulegri dragnót. Það má geta þess t. d., að botnvörpuhlerar þeir, sem umgetin færeysk skip notuðu, voru í annari vörpunni 22,1 kg. og í hinni 18,5 kg. og önnur varpan með hlerum var virt á kr. 26.00 og dráttarkaðlar á 60 kr.

Með því að svo mikill munur er á umræddum veiðarfærum, virðist nauðsynlegt að breyta lögunum í þessu efni þannig, að hegningin fyrir fiskiveiðar með lúru-botnvörpu í landhelgi samsvari verknaðinum. Hefir þótt tiltækilegast að ná þessu marki með því að leggja fyrir þingið frumvarp þetta til laga um breyting á lögum nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi. Jafnframt þykir hæfa að færa lágmark sekta úr 5000 kr. í 3000 kr. Að öðru leyti má ætla, að þessi breyting verði aðeins til bráðabirgða, með því að bráðnauðsynlegt virðist að endurskoða alla fiskiveiðalöggjöf landsins sem fyrst, svo að samræmi fáist í löggjöfina að því er sektir snertir fyrir hin ýmsu brot".

Nd. 333. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson, Sigurjón Á. Ólafsson, Magnús Jónsson.

1. gr.

Stafliður b í 1. gr. laganna orðist svo:

b. að hann hafi lokið kennaraprófi eða stúdentsprófi og auk þess prófi í uppeldisfræði og kennslu. Þó er fræðslumálastjórninni heimilt að veita undan-

þágu frá þessum ákvæðum, ef umsækjandi hefir stundað sérnám í leikfimi, teikningu, handavinnu eða matreiðslu við einhverja námsstofnun, sem undirbýr kennaraefni í þessum greinum, og lokið þar prófi.

2. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Nú segir kennari lausri stöðu sinni, og ber honum þá að tilkynna það skólanefnd þess skóla, sem hann er frá. Ef starfandi kennari sækir um aðra kennarastöðu og er veitt hún, þá skal fræðslumálastjórnin tilkynna það skólanefnd þess skóla, er hann starfaði áður við.

3. gr.

Stafliðirnir a.—e. í 9. gr. orðist svo:

a. Forstöðumenn barnaskóla í kaupstöðum: 3000 kr. auk ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, eða jafngildis þess í peningum.
b. Kennarar við kaupstaðaskóla: kr. 2400.
d. Forstöðumenn barnaskóla utan kaupstaða: kr. 2250 auk ókeypis þriggja herbergja íbúðar minnst, með ljósi og hita, eða jafngildi þess í peningum. Forstöðumenn heimavistarskóla hafa þar að auki til afnota, án endurgjalds, minnst 2 ha. af girtu landi og ræktuðu, eða hæfu til ræktunar.
e. Kennarar við barnaskóla utan kaupstaða: kr. 2100.
f. Farkennarar og eftirlitskennarar við heimafræðslu: kr: 750, auk ókeypis fæðis, húsnæðis, ljóss og hita og þjónustu, þann tíma ársins, sem skólinn stendur, eða jafngildi þess í peningum.

4. gr.

Á eftir 10. gr. komi tvær nýjar greinar:

a. 11. gr.

Kennarar, sem taldir eru í 9. gr. stafl. b. og e., fái, auk þeirra launa, sem þar eru talin, húsaleigufé 50% af leigu eftir tveggja herbergja íbúð auk eldhúss, á þeim stað, sem þeir kenna. Verði ekki samkomulag um húsaleigufé þetta, skal leigan metin af þrem mönnum. Skipi hreppsnefnd eða bæjarstjórn einn þeirra, kennarinn eða kennararnir annan, og stjórn Sambands íslenzkra barnakennara þriðja manninn, og verður úrskurði þeirra eigi áfrýjað.

b. 12. gr.

Forstöðumenn barnaskóla og kennarar skulu njóta framfærslueyris úr ríkissjóði fyrir börn sín, sem þeir hafa á sínu eigin framfæri, 300 kr. fyrir hvert barn umfram eitt. Giftar kennslukonur njóta þó ekki þessa framfærslueyris, enda séu menn þeirra vinnufærir.

5. gr.

11. gr. laganna verður 13. gr. og orðist svo:

Laun þau, sem talin eru í 9. gr. a. og b., greiðast að $^{7}/_{12}$ hlutum úr bæjarsjóði, en $^{5}/_{12}$ úr ríkissjóði.

Laun þau, sem talin eru í 9. gr. d. og e., greiðast að $^5/_{12}$ úr sveitarsjóði, en $^7/_{12}$ úr ríkissjóði.

Til farkennaralauna samkvæmt f-lið 9. gr. greiðast úr sveitarsjóði 150 kr., en hitt úr ríkissjóði.

Húsaleigukostnað, húsaleigufé, fæði og önnur hlunnindi, sem kennarar njóta eftir lögum þessum, greiðir bæjar- eða sveitarsjóður.

Verði hlutaðeigendur ekki ásáttir um hlunnindi þau, sem um ræðir í 9. gr., skal skorið úr á sama hátt og getur í 11. gr.

6. gr.

12. gr. laganna verði 14. gr. og orðist svo:

Launaviðbót eftir þjónustualdri, talin frá þeim tíma, er kennari tók við fastri stöðu, greiðist sem hér segir:

a. Forstöðumenn og kennarar við fasta skóla kr. 200 á tveggja ára fresti, upp að kr. 1200, og hafa þeir náð fullum launum eftir 12 ára þjónustu.
b. Farkennarar kr. 120 á tveggja ára fresti, upp að kr. 720, og hafa þeir náð fullum launum eftir 12 ára þjónustu.

5 ár við farkennslu skulu jafngilda 3 starfsárum við fastan skóla, en skemmri tími í hlutfalli þar við. Ef kennari við fastan skóla gerist farkennari, skal hann njóta launaviðbótar eins og hann hefði verið farkennari öll starfsár sín.

Allar launaviðbætur eftir þjónustualdri greiðir ríkissjóður.

7. gr.

Á eftir 14. gr. kemur ný grein, sem verður 15. gr., svolátandi:

Þegar samanlagður aldursárafjöldi og starfsárafjöldi kennara nemur 84 árum, skal fækka við hann kennslustundum, án þess að laun hans skerðist, um 2 stundir á viku á ári hverju í næstu 6 ár, svo að hann kenni úr því 18 stundir á viku.

8. gr.

13. gr. verður 16. gr. og orðist svo:

Auk framantaldra launa njóta kennarar þeir, er laun taka eftir lögum þessum, dýrtíðaruppbótar úr ríkissjóði eftir sömu hlutföllum og aðrir starfsmenn ríkisins. Hlunnindi þau, sem um ræðir í 9. gr. og 11. gr., og framfærslueyrir samkv. 12. gr. koma ekki til greina í þessu sambandi.

9. gr.

14. gr. verði 17. gr., en 15. gr. verði 18. gr. og orðist svo:

Öll ákvæði í lögum þessum eiga jafnt við um karla og konur, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

10. gr.

16. gr. verður 19. gr., og við greinina bætist: svo og lög nr. 21 1930 og önnur ákvæði, sem fara í bága við þessi lög.

11. gr.

17. gr. verður 20. gr. og orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1931, og skal fella meginmál þeirra inn í texta laga nr. 75, 28. nóv. 1919, og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Flm. flytja frv. þetta fyrir tilmæli Sambands íslenzkra barnakennara og fylgdi því svofelld greinargerð:

„Lög þau, sem nú gilda um skipun kennara og laun þeirra, voru sett 1919. Þau 12 ár, sem kennarar hafa búið við þau, er orðinn ærið nógu langur tími til að færa þeim sanninn heim um það, að þótt mjög væru bætt kjör þeirra með launalögunum 1919, þá endast þeim þó launin skammt til að lifa af þeim sæmilegu lífi og gefa sig óskipta að starfi sínu. Hitt er eðlilegt, að kennarar hafi lengur unað við sinn skarða hlut en aðrar launastéttir landsins, án þess að kvarta, því að allt fram að 1919 höfðu þeir búið við verri hungurlaun en nokkrir aðrir menn í launastétt, og urðu því umbótunum fegnari en aðrir, sem mundu betri daga.

Ekki þarf hér að rekja í löngu máli, hver atvik urðu til þess, að launalögin frá 1919 gáfust verr en ætlað var og til var stofnað. Þegar tekið var til við útreikning dýrtíðaruppbótarinnar samkv. lögum þessum, var gripið það óheillaráð að reikna dýrtíðaruppbótina eftir gangverði fárra vörutegunda, og bæta upp, eftir þeim verðstuðli, er þannig fékkst, aðeins ⅔ hluta launanna. Með þessu móti fékkst að vísu sama niðurstaða og þótt reiknuð hefði verið út dýrtíðaruppbót eftir gangverði flestra lífsnauðsynja *á þeim sama tíma*, en svo óheppilega hefir viljað til, að einmitt þær vörutegundir, sem ákveðið var að leggja til grundvallar, féllu að samanlögðu miklu meira í verði en hinar, sem sleppt var. Dýrtíðaruppbótin lækkaði því raunverulega miklu örar en dýrtíðinni létti. Þetta voru að vísu ósjálfráð mistök, sem ekki tjáir að sakast um, en þau hafa þó komið hvað verst niður á þeim, sem sízt máttu við, en það eru þeir, sem lægstu launin hafa.

En þótt ekki hefði tekizt svo til sem varð um útreikning dýrtíðaruppbótarinnar, og kennurum sem öðrum hefði auðnazt að njóta þeirra launa, sem þingið 1919 ætlaðist til, þá mundu þeir þó fyrir löngu komnir að raun um, að við þau laun getur enginn maður búið, svo sem verðlagi er háttað, án þess að gefa sig svo mjög að aukastörfum til að afla sér lífsviðurværis, að aðalstarf hans, kennslan, bíði við það óbætanlegt tjón. Má með sanni segja, að ónóg laun flæmi fjölda kennara svo mjög út í óskyld aukastörf, að þau verði að aðalstarfi, en kennslan aukastarf.

Með því að bera saman laun kennara og ýmsra annara starfsmanna ríkisins, eins og þau voru ákveðin 1919, er auðsætt, að launin eru miðuð aðeins við starfstímann einan og gert ráð fyrir, að þeir leiti sér annarar atvinnu allan þann tíma, sem hlé er á skólahaldi. Með því einu móti geta launin nægt öðrum en einhleypum mönnum, og komast þó ekki til jafns við aðra en allra

lægstu launaflokka starfsmanna ríkisins. Slíkt nær vitanlega engri átt. Í engu menningarlandi þekkist það, að kennurum sé ætlaður skemmri hvíldartími að sumri með fullum launum en 2 mánuðir, og allt upp í 4. Og engum mönnum, sem við andleg störf fást, mun meiri þörf að geta hvílzt nokkurn tíma áhyggjulaust og búið sig undir næsta starfstímabil. Mun og í fáum greinum sem kennslu jafnmikil hætta, að starfið verði andlaust vanaverk, ef aldrei gefst tóm né tækifæri á að hvílast né fylgjast með breyttum og bættum starfsháttum. Enn má benda á, að það er fjarstæða ein, að kennurum sé í lófa lagið að nota allan sumartímann til að afla sér tekna. *Allar starfsstéttir í þjóðfélaginu bindast æ fastari samtökum um að meina utanstéttarmönnum að grípa um stundarsakir inn í sína atvinnugrein. Gildir þetta um alla atvinnu, bæði erfiðisvinnu og aðra,* og er þetta öllum kunnugt.

Áður en vikið er að einstökum atriðum í frumvarpinu, er rétt að gera nokkurn samanburð á launakjörum kennara í nokkrum nágrannalöndum og launaákvæðum frumvarpsins. Hefir verið aflað skýrslna um þessi efni frá Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Bretlandi, Saxlandi og Prússlandi. Það skal þó tekið fram um þær tölur, sem nefndar eru frá Danmörku og Svíþjóð, að þær hafa breytzt á þessu ári og launin hækkað, en eigi hafa en fengizt upplýsingar um, hve miklu það nemur.

Danmörk:

Byrjunarlaun kaupstaðakennara	d. kr.	2820,00	
Full laun kaupstaðakennara	– —	*4620,00*	
Byrjunarlaun skólastjóra	– —	5400,00	
Full laun skólastjóra	– —	*6360,00*	
Ýmsar launabætur að meðaltali	– —	680,00	árl.
Starfstími árl. 9—10 mán.			

Svíþjóð:

Byrjunarlaun kaupstaðakennara	s. kr.	2100,00	
Full laun kaupstaðakennara	– —	3000,00	
Af $^{9}/_{10}$ hl. þeirra launa greiðir ríkið dýrtíðaruppbót 32%. Þá verða byrjunarlaun	– —	2711,00	
Full laun	– —	3709,00	
Ýmsar launabætur í peningum (meðaltal) ..	– —	273,00	

Auk þess ókeypis húsnæði (2—3 herb. og eldhús), ljós og hiti. Starfstími 8 mánuðir. Launahækkun hlutfallsleg við lengdan starfstíma.

Noregur:

Byrjunarlaun kaupstaðaskólakennara	n. kr.	3200,00	
Full laun	– —	4600,00	
Sérstakar launabætur að meðaltali	– —	325,00	

Langflestar borgir og bæir í þessum löndum binda sig ekki við lágmark, sem þeim ber að greiða kennurum að sínum hluta, heldur greiða þeim miklu hærri laun.

Þannig verða full laun kennara í Stokkhólmi og Osló *kr. 7000,00 til 8000,00.*

Saxland:

Byrjunarlaun kennaraskólalærðra kennara	Rm.	2800,00
Full laun kennaraskólalærðra kennara	—	5800,00
Byrjunarlaun háskólagenginna kennara	—	4000,00
Full laun háskólagenginna kennara	—	7500,00

Prússland:

Byrjunarlaun fastra kennara	Rm.	4752,00
Full laun fastra kennara	—	6952,00
Auk þess framfærslustyrkur fyrir hvert barn árl.	—	240,00—360,00

England:

Byrjunarlaun fastra kennara við smábarnaskóla ..	£	180,—
Full laun fastra kennara við smábarnaskóla	-	300,—
Byrjunarlaun fastra kennara við skóla eldri barna	-	250,—
Full laun fastra kennara við skóla eldri barna	-	400,—

Í þessu stutta yfirliti eru teknar aðeins fáar tölur frá hverju landi, en sami launaflokkur alstaðar valinn. Launahæðin er talin í mynt hvers lands. Séu nú þessar tölur bornar saman við launaákvæði frumvarpsins og hlunnindi metin sanngjarnlega eftir verðlagi á hverjum stað, mun koma í ljós, að íslenzkir kennarar komast þó ekki til jafns við stéttarbræður sína í neinu þessara landa, þótt fullt tillit sé tekið til starfstíma.

En ennþá meiri verður þó munurinn, ef þess er gætt, að *það má fremur heita regla en undantekning um öll Norðurlönd, að bæir launa kennurum sínum miklu hærra en lög mæla fyrir*, svo að laun þeirra verði í samræmi við laun annara starfsmanna bæjarfélaganna. En slíka rausn er ekki vitanlegt, að neitt bæjar- eða sveitarfélag á Íslandi hafi leyft sér fram að þessu, og ekki miklar horfur á, að breytt verði til í því efni.

Skal nú vikið að frumvarpinu, gerð grein fyrir, eftir hvaða reglum ákvæðin um launahækkun eru gerð, og síðan vikið að einstökum liðum.

Í frumvarpinu eru launin, sem ákvæðin voru með lögum 1919, alstaðar lögð til grundvallar, en þessum töluliðum vikið við og breytt lítið eitt. Launalögin gera kaupstaðakennurum 1500 kr. árslaun, miðað við 6 mánaða starf, forstöðumönnum skóla utan kaupstaða 1600 kr., og kennurum við skóla utan kaupstaða 1300 kr. Þessum tölum er breytt svo, að þær verða í sömu röð 1600 kr., 1500 kr. og 1400 kr.

Þessi laun eru síðan hækkuð um 20%, en sú hækkun lætur nærri hinni raunverulegu dýrtíðaruppbót hagstofunnar, þegar við bætist sú dýrtíðaruppbót, sem nú er lögboðin og verða mun á næstunni hér um bil 30%. — Er í upphafi þessarar greinargerðar vikið að því, að lækkun sú, sem orðið hefir á dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins, er um að kenna mistökum við reglurnar um útreikning hennar, og í rauninni í gegn því, sem Alþingi vildi. Þess vegna er sjálfsagt að nota hina réttu vísitölu, en ekki hina röngu, þótt henni hafi verið beitt undanfarin ár.

Þá eru launin hækkuð sem nemur hlutfallinu 5 : 4. Er hér á undan gerð grein fyrir því, að launin geta því aðeins nægt til framfæris, að kennarar væru sér úti um alla þá aukavinnu, sem unnt er, bæði sumar og vetur. Kennsl-

an, sem á að vera aðalstarf, bíður við þetta óbætanlegt tjón. Hér er stefnt að því, að þeir geti notið 1½ mánaðar sumarleyfis með fullum launum, hvílzt og búið sig undir næsta starfsár, og er þar ekki til of mikils mælzt.

Þá er í 4. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir húsaleigustyrk, sem svari hálfri húsaleigu á hverjum stað, sem greiðist úr bæjar- og sveitarsjóðum.

Það er alkunna, að geysimiklu munar á framfærslukostnaði í ýmsum kaupstöðum og landshlutum. Veldur húsnæðið langmestu um. Til þess að jafna þennan mismun ætti að greiða staðaruppbót eftir vísitölu, er fundin væri eftir verðlagi á hverjum stað. Nú eru engar skýrslur fyrir hendi, sem unnt sé að byggja slíka vísitölu á, og er því sú leið ófær. Sé horfið að því að bæta upp húsaleiguna eina saman, er hægara um vik. Að vísu þyrfti helzt að finna meðalleigu á hverjum stað eftir skýrslum um þau efni, en vegna þess, að slíkar skýrslur eru sjaldfengnar, er horfið að því ráði, sem nefnt er í áðurnefndri grein frumvarpsins.

Er í þessu sambandi rétt að minna á það, að Svíar hafa lengi fylgt þeirri reglu að sjá öllum kennurum við barnaskóla fyrir húsnæði, ljósi og hita, eða greitt jafnvirði þess í peningum, og auk þess staðaruppbætur, eftir mismunandi verði á lífsnauðsynjum.

Í 4. gr. frumvarpsins er ennfremur gert ráð fyrir framfærslustyrk fyrir börn kennara á aldrinum 1—14 ára. Laun þau, sem kennurum eru gerð með frumvarpi þessu, má telja nægileg einhleypum kennurum eða barnlausum, en öðru máli er að gegna um þá, sem hafa þungt heimili. Því er þessi tillaga borin fram, til þess að rétta hluta fjölskyldumanna gagnvart einhleypingum. Þetta er að vísu ekki nýmæli hér á landi. Slíkur framfærslustyrkur var tekinn upp hér um skeið, en féll niður aftur, og var það illa farið. Þessari reglu fylgja Prússar, samkvæmt þeirri launalöggjöf, sem gildir nú þar í landi, en fara að vísu miklu lengra en hér er gert.

Þær breytingar eru gerðar á 13. gr. á ákvæðum núgildandi laga, að aldurslaunabót hækki um 20%, eins og stofnlaunin, og að allir kennarar við fasta skóla njóti sömu aldurshækkunar og nái fullum launum eftir 12 ára þjónustu. Um þessa breytingu er það að segja, að ekki er sjáanleg nokkur skynsamleg ástæða fyrir því, að t. d. kennari á Akranesi skuli fá hálfu minni aldurshækkun en kennari í Nesi í Norðfirði, eða hverjum kaupstað öðrum sem vera skal. Það er misrétti, og annað ekki. Þá er hitt atriðið, hvort fullri launahæð skuli náð eftir 15 ára þjónustu, svo sem nú er ákveðið, eða fyrr, eins og frv. leggur til. Um það má að vísu deila, en þegar launabót eftir þjónustualdri er ekki hærri en hér er ákveðið, er næsta óeðlilegt, að dregið sé svo á langinn að greiða hana að fullu. Öðru máli er að gegna, þegar aldurshækkunin er svo há, að hún nemur kr. 2000—3000, eins og t. d. hjá Dönum og Þjóðverjum. Þá er eðlilegt, að henni sé jafnað á nokkuð langt árabil.

Loks er það nýmæli í frv. þessu, að létt sé störfum á kennurum, er þeir taka að eldast og lýjast, svo að þeir þurfi síður að slíta út að fullu síðustu kröftum sínum og mættu endast betur. Ef gert er ráð fyrir, að kennari taki við starfi 24 ára, sem er hið allra fyrsta, hefði hann eftir 36 ára kennslu, sex-

tugur að aldri, fengið þá ívilnun, að kenna ekki nema 18 stundir á viku úr því, en þeim mun seinna, sem hann byrjar seinna lífsstarf sitt.

Hlutfallstölur þær í 5. gr., sem tiltaka, hve mikinn hluta launa hvor skuli greiða, ríkissjóður og sveitar- eða bæjarsjóður, eru settar þannig, að sá hluti launanna, sem hefir verið dýrtíðaruppbót, greidd af ríkissjóði, verður samkvæmt þessum tölum enn ríkissjóðsgreiðsla, en raunveruleg launahækkun lendir á ríkissjóði og bæjar- og sveitarsjóðum, í alveg sama hlutfalli og nú gildir um launaflokkana d., e. og f.; en hvað laun í kaupstöðum áhrærir (flokkana a og b), þá er hlutfallið ekki nákvæmlega hið sama og nú, og mætti, til þess að komast sem næst því hlutfalli, sem nú er, hafa brotin $^{7}/_{16}$ og $^{9}/_{16}$, eða þá $^{44}/_{100}$ og $^{56}/_{100}$, en ekki þótti taka því. Með því að hafa hlutfallstölurnar $^{5}/_{12}$ og $^{7}/_{12}$, eins og í hinum flokkunum, þar sem tölurnar eru nákvæmar, færast 66,67% í byrjunarlaunum kaupstaðakennara af ríkissjóði yfir á bæjarsjóð, ef miðað er við nákvæmlega sama hlutfall og nú er.

Öllum tillögum í frumv. þessu er stillt í hóf sem framast má vera. Þótt gengið sé út frá því, að 1919 hafi kennurum verið ákveðin þurftarlaun — og skortir þó mjög á, að svo sé —, þá sést þó glögglega af samanburði við útreikninga Hagstofu Íslands á búreikningsvísitölu, að fjarri fer, að launin séu nú þurftarlaun. (Sbr. og álit launamálanefndar félags starfsmanna ríkisins, Alþt. 1929, þskj. 58, bls. 311). Hitt er rétt, að þótt tillögur þessar séu ekki stórtækar, þá valda þær þó ríkinu nokkrum útgjaldaauka. En í sambandi við það er rétt að benda á annað til samanburðar. Við framsögu fjárlaga í Nd. Alþingis 1929 skýrði forsætisráðherra frá því, að hann hefði látið gera samanburðartöflu um ýmsa útgjaldaliði ríkisins allt frá 1880—1927. Af töflu þessari má sjá, að gjaldabyrði ríkisins vegna kennslumála er stórum minni nú en hún var fyrir mannsaldri síðan, hlutfallslega við önnur gjöld. Árið 1880 greiddi ríkissjóður til kennslumála 17,8% af gjöldum sínum. Árið 1910 var hlutfallið 19,5%. Árið 1927 var þessi greiðsla komin niður í 9,9% af gjöldum ríkisins. Mun óhætt að fullyrða, að hvergi í Norðurálfu muni vera að finna hliðstætt dæmi frá síðari árum, og má sjálfsagt leita langt. Á þessum sama tíma hafa allar helztu þjóðir Norðurálfu lagt svo mikið kapp á að bæta og fullkomna alþýðuskóla sína, bæði að vel menntuðu kennaraliði, kennslutækjum og góðum skólahúsum, að gjöld ríkissjóðanna hafa margfaldazt. Er ekki ofmælt, að hjá oss hefir í þessu efni sigið á ógæfuhlið.

Enn er eitt atriði, sem ekki má ganga framhjá. Um vinnukraft manna gilda að mestu leyti sömu lögmál og um vöruframboð á frjálsum markaði. Bezta varan selst hæstu verði, og starfhæfustu og nýtustu mennirnir komast yfirleitt að lífvænlegustu stöðunum í þjóðfélaginu. Því verr sem eitthvert starf er launað, því meiri líkur eru fyrir því, að til þess veljist miður hæfir menn. Nú neitar því enginn lengur í alvöru, að uppeldisstarf og kennsla, bæði eldri nemenda og yngri, sé eitt hið ábyrgðarmesta starf. En ef það starf er svo illa launað, að ekki er lífvænlegt við, þá fer svo er stundir líða, að til þess veljast um of menn, sem lítt eru til þess hæfir. Og það tjón, sem af slíku hlýzt, verður trauðlega metið til fjár. Það er hvorttveggja, að því aðeins fást til þessa starfa

menn, sem eru vandanum vaxnir, að þeir fái lifað við það sæmilegu lífi og þurfi ekki að gefa sig svo mjög við öðrum störfum, að þeir séu neyddir til að bregðast skyldum sínum".

Ed. 334. Frumvarp

til laga um innheimtu skulda.

Flutningsm.: Jón Þorláksson.

1. gr.

Samkvæmt lögum þessum má innheimta víxla, skuldabréf og aðrar skriflega viðurkenndar kröfur, svo og skuldir, sem stofnaðar eru við verzlun eða annað slíkt fyrirtæki, sem bókhaldsskylt er að lögum, enda falli þau viðskipti, sem skuldin er sprottin af, undir þá grein atvinnunnar, sem bókhaldsskyldan nær til.

Ef um er að ræða skuld, sem ekki er skriflega viðurkennd, er það skilyrði til þess að hún verði innheimt samkvæmt neðantöldum ákvæðum, að hún hafi verið bókfærð í þá bók eða bækur, sem skylda var til.

2. gr.

Sá, sem innheimta vill skuld samkvæmt lögum þessum, skal senda héraðsdómara, þar sem skuldunautur á heima, beiðni um, að hann gefi út kröfubréf á hendur skuldunaut.

Í beiðni skal tekið fram:

1. Nöfn beggja aðila, staða og heimili, svo að ekki verði um villzt.
2. Upphæð kröfunnar, og frá hvaða tíma vexti skuli telja, ef þeirra er krafizt.
3. Að skuldin óskist innheimt samkvæmt lögum þessum. Fylgja skal gjald það, er samkvæmt reglugerð er ákveðið fyrir störf dómara, svo og birtingar- og réttargjöld.

Sé um að ræða skuld, sem ekki er skriflega viðurkennd, skulu fylgja beiðninni tvö eftirrit úr þeirri bók eða þeim bókum skuldareiganda, er viðskiptin bar lögum samkvæmt að bókfesta í, og skal sýnt sundurliðað, fyrir hvað skuldin er og hvenær stofnuð.

Eftirrit skulu notarialiter staðfest með athugasemd um, að bókin sé að því er séð verði greinilega og löglega færð.

Sé um skriflega viðurkennda skuld að ræða, skal senda hina skjalfestu viðurkenningu, ásamt eftirriti af henni, staðfestu sem áður segir.

3. gr.

Er héraðsdómara hefir borizt beiðni, sem uppfyllir framangreind skilyrði, skal hann gefa út kröfubréf á hendur skuldunaut. Ef sérstök ástæða er til

þess að ætla, að krafan sé ekki á rökum reist, eigi gjaldkræf eða athugaverð að einhverju leyti, skal beiðanda gert aðvart um, hverju áfátt sé. Ef hann bætir ekki úr því án óþarfa dráttar, vísar dómari beiðni frá með úrskurði.

Í kröfubréfi skal greina þau atriði, sem nefnd eru í 2. gr. l., 2. og 3., en auk þess:

Að skuldunaut beri, að viðlagðri aðför, að greiða dómaranum í skrifstofu hans kröfuna, ásamt vöxtum og kostnaði, innan frests, er dómari tiltekur eftir atvikum og í samræmi við stefnufrest í almennum einkamálum í héraði, eða að hefja andmæli fyrir þann tíma.

Frestur telst frá birtingu kröfubréfs, en birtingu annast stefnuvottar að tilhlutun dómarans.

Ef um er að ræða kröfu, sem komin er að fyrningu, riftist fyrning, þegar beiðni um kröfubréf hefir verið afhent.

Að lokinni birtingu skal tafarlaust endursenda dómara kröfubréfið með vottorði um birtinguna.

4. gr.

Nú koma fram andmæli innan hins ákveðna frests, er dómara sýnast kunna vera á rökum byggð, og skal hann þá tilkynna þau skuldareiganda, jafnframt því sem hann tilkynnir báðum aðilum, að mál verði fyrir tekið um kröfuna á fresti, er dómari tiltekur eftir öllum atvikum. Skal það mál síðan rekið sem gestaréttarmál í þeirri þinghá, er skuldin var stofnuð í, nema því aðeins, að annað varnarþing hafi sérstaklega verið um samið.

Eigi annar dómari en sá, er beiðnin var send, aðild gestaréttarmálsins, skal honum og tilkynnt, en skjölin send beiðanda.

5. gr.

Ef um útlenda kröfu er að ræða, skal málið rekið fyrir gestarétti Reykjavíkur.

Séu andmæli ekki hafin á réttum tíma, eða séu þau sýnilega rakalaus, skrifar dómari á kröfubréfið, hverju krafan nemi með vöxtum og kostnaði og að þar sem krafan hafi engum andmælum sætt, megi framkvæma aðför fyrir upphæðinni þrem dögum eftir að aðfararheimildin sé birt. Sér hann síðan um birtinguna, enda skal bréfið endursent honum með árituðu birtingarvottorði, þegar birting hefir farið fram.

6. gr.

Kröfubréf, sem sætt hefir þeirri meðferð, sem rætt er um að framan, er aðfararhæft eins og undirréttardómur, en skjóta má málsefninu og málsmeðferðinni til æðra dóms og bera þar fram varnir og gögn, þótt eigi hafi fyrr komið fram. Um slíka áfrýjun fer annars á sama hátt og áfrýjun venjulegra einkamála.

7. gr.

Hafi þess verið beiðzt í beiðni þeirri, sem um ræðir í 2. gr., að aðför verði framkvæmd og gjald það, sem greiða ber fyrir störf fógeta samkv. reglugerð, jafnframt verið sent, skal fógeti án frekari beiðni framkvæma gerðina og

annast innheimtuna, þar með talið að sjá um sölu þess, er aðför var gerð í, innheimta andvirði þess, og senda síðan skuldareiganda það, sem honum ber, að frádregnum kostnaði.

Ekki þarf skuldareigandi að mæta eða láta mæta við gerðina.

Ákvæði þessarar greinar eiga einnig við, þótt beiðni um aðför hafi engin verið í hinni upphaflegu beiðni, ef ný beiðni er síðar send, aðfarar óskað og gjald sent samkv. því, er tilskilið kann að verða í reglugerð.

Beiðni um aðför verður þó því aðeins sinnt, að fjárnám mætti fram fara, ef um dóm væri að ræða.

8. gr.

Fyrir útgáfu greiðslu- og aðfararskipunar greiðist hvert sinn gjald í ríkissjóð sama og fyrir útgáfu undirdómsstefnu. Fyrir aðför og uppboð greiðast gjöld í ríkissjóð lögum samkvæmt. Gangi mál til dóms, greiðast venjuleg réttargjöld.

9. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um einstök atriði málsmeðferðar samkvæmt lögum þessum, semur fyrirmyndir að eyðublöðum fyrir kröfur, bréf og beiðnir og setur gjaldskrá um greiðslur fyrir störf dómara og fógeta samkvæmt lögunum.

Greinargerð.

Frv. þetta hefir verið samið að tilhlutun kaupsýslumanna í Reykjavík og fylgdu því eftirfarandi skýringar frá hendi höfundar:

„Það er kunnugra en frá þurfi að segja, hve skuldaskipti eru almenn í viðskiptum manna hér á landi. Og hitt er ekki síður kunnugt, hve innheimta skulda er erfið. Veldur þar margt um, en ekki sízt strangformbundin meðferð hinna einföldustu mála og úrelt varnarþingsákvæði, er hvorttveggja veldur óhæfilegum seinagangi á allri innheimtu og miklum kostnaði, þótt allt gangi sæmilega eftir því sem ástæður leyfa, en oft einnig fullkomnu réttleysi þeirra, sem fé eiga að heimta.

Þess er engin von, að hægt sé að komast hjá margháttuðum skuldaskiptum, og verður því afleiðing þessa ástands sú, að stórfelld vanhöld verða á skuldum. Komast þá þeir skuldareigendur, sem ekki eru fjárhagslega sterkir, í vandræði. Lenda þá skuldheimtumenn þeirra í sömu fordæmingunni. Síðan koll af kolli, til bankanna eða útlendra lánardrottna.

Töp þau, sem þannig verða, greiða síðan skilamenn í hækkuðum vöxtum og dýrum vörum.

Þetta ástand er óviðunandi með öllu. Innheimta skulda á að vera svo greið og kostnaðarlítil, sem frekast er unnt, en þó að sjálfsögðu þannig, að réttur skuldunauts sé tryggður.

Í þeim tilgangi er frumvarp þetta samið.

Það er að nokkru sniðið eftir þýzkum lögum: Zivilprozessordnung 30.

jan. 1877, 7. kafla, eins og þau eru, og nefna Þjóðverjar þessa málsmeðferð „Mahnverfahren“. Ýmsu er þó vikið við og á annan veg sett, vegna staðhátta hér og vegna þess, að taka verður tillit til þeirra danskra og norskra tvö hundruð ára gömlu laga og tilskipana, er hér gilda um réttarfar.

Aðalmunurinn, sem er á þessu frumvarpi og gildandi lögum, er sá, að yfirleitt er dómari nú að mestu hlutlaus um gang máls og meðferð, og annast aðilar það. Samkv. frumvarpinu er til þess ætlazt, að dómarinn vinni að málinu í embættisnafni, er til hans hefir verið leitað, svipað og nú á sér stað t. d. um innheimtu opinberra gjalda.

Önnur aðalbreytingin er sú, að ekki er ætlazt til, að neinn dómur sé kveðinn upp, nema þegar skuldunautur hreyfir andmælum. Er þetta í rauninni sjálfsögð regla, því að þar sem enginn ágreiningur er, þarf ekki að skera úr neinu. Hitt er tryggt, að skuldheimtumaður geti ekki gengið að, nema dómari hafi sannfærzt um lögmæti kröfunnar. Aðferðin verður í rauninni sú, ef ríkjandi ástand er haft í huga, að stefnan ein nægir sem aðfararheimild, og aðförin líkust lögtaki.

Málsmeðferðin, sem hér er farið fram á að lögfesta, hefir að grundvelli sömu hugsun og kemur fram í 10. gr. Ts. 15/8 1832, en þó lengra farið.

Um einstakar greinar skal tekið fram:

Um 1. gr.

Hér er svið frumvarpsins markað. Heimildin til þeirrar málsmeðferðar, sem um ræðir, nær aðeins til krafna, sem eru viðurkenndar skriflega, en til allra slíkra krafna. Auk þess ná þau til skulda, sem stofnaðar eru við bókhaldsskylt fyrirtæki, t. d. verzlanir, en þó með þeim sjálfsögðu skilyrðum, er greinin setur.

Um 2. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í rauninni ekki verulegt nýmæli, því að samkv. gildandi lögum eiga menn kröfu til þess, að dómari búi til stefnu, og er það, sem hér er talið, hið sama og dómari þarf að vita til þess að búa stefnu til.

Skjölin, sem þurfa að fylgja, eru nauðsynleg, vegna þess að skuldunautur verður að fá tækifæri til þess að athuga þau, og er til þess ætlazt, að honum séu afhent eftirritin, þegar birting fer fram, sbr. 3. gr.

Um 3. gr.

Hér eru ákvæði um, að dómari skuli athuga, hvort krafan verði heimt að lögum. Hann synjar um birtingu, t. d. ef krafan er fyrnd, ekki gjaldkræf o. s. frv., en rétt þykir, að formlegur úrskurður sé upp kveðinn. Í greininni er talað um, að dómari vísi beiðninni frá. Í því liggur, að þótt um sé að ræða ástæðu, sem annars mundi valda sýknu, t. d. aðildarskortur, þá verður ekki sýknað, og beiðandi hefir því opna leið til venjulegrar dómsleiðar eða þá áfrýjunar, ef hann kýs. Um riftingarregluna á fyrningu má e. t. v. deila og kann sumum að finnast réttara, að hún sé talin frá birtingu kröfubréfs. Hitt er þó í

samræmi við fyrningu lögtaksréttar t. d., og auk þess ekki óeðlilegt, þar sem skuldareigandi hefir gert sitt til, er hann hefir sent beiðnina.

Annars gefur greinin ekki tilefni til athugasemda.

Um 4. gr.

Málsmeðferðin, sem frumvarpið fer fram á, á ekki við, ef ágreiningur er. Ef skuldunautur hefur andmæli, er því ætlazt til, að málið verði rekið á venjulegan hátt. Þó eru í greininni nokkur afbrigði. Mál skal rekið fyrir gestaréttí. Flestar þær skuldir, sem hér ræðir um, mundi hvort sem er mega reka fyrir gestaréttí, því að slíkt er oftast tekið fram í skriflegum skuldarviðurkenningum eða lögboðið um aðrar skuldir, er hér koma til greina, sbr. t. d. lög nr. 33/1911 og 59/1905. Varnarþingsreglan — að mál skuli rekið þar, sem skuldin var stofnuð, er í samræmi við lög nr. 59/1905, en hið fortakslausa orðalag „skal“ er viðhaft vegna þess, að samkvæmt frumvarpinu er krafan send þeim dómara, sem lögsögu á yfir skuldunaut, en gestaréttarmálið er rekið þar, sem skuldin var stofnuð. Oft á því annar dómari að fara með málið heldur en sá, sem beiðnina fékk í upphafi, en hinn síðarnefndi á að tilkynna aðilum, að málið verði tekið fyrir. Til þess að ekki þurfi að tefja sig á að fá upplýsingar um, fyrir hvaða rétti reka skuli málið, verður það því að vera ákveðið strax. Þessi tilkynning dómarans til aðila samsvarar stefnu, og rétt að hún sé höfð í slíku formi. Eigi annar dómari að fara með málið, verður tilkynningin sem utanréttarstefna. Því þarf ekki að tilkynna hlutaðeigandi dómara, en skjölin ber að senda skuldareiganda eða umboðsmanni hans.

Einfaldara væri, að sá dómari, er beiðnin var send í upphafi, færi alltaf með málið, til loka, en þar sem skuldareigandi yrði þá mun verr settur heldur en nú er hann samkv. lögum 59/1905, þykir það ekki fært, enda væri þá að nokkru tekið með annari hendi það, sem gefið er með hinni, ef skuldunautur gæti með rakalitlum andmælum spillt öllum rétti, er skuldheimtumanni er ætlaður samkvæmt lögum þessum, og einnig rétti hans samkv. öðrum réttarbótum. Þess má t. d. geta hér, að málflutningsmenn eru mjög óvíða nema hér í Reykjavík, en aðrir fást naumast til skuldheimtu, og í kauptúnum eða sveitum, þar sem hver þekkir annan, er þeim, sem innheimtu tekur að sér án þess að hafa gert slíkt sér að atvinnu, legið á hálsi og aðgerðir þeirra taldar sprottnar af persónulegri óvild til skuldunauts. Má því heita ógerningur að innheimta nema með aðstoð málflm., sem að vísu er nægjanlega dýr, þótt ekki bætist við ferðalög, jafnvel í aðra landsfjórðunga.

Eigi þykir ástæða til, að útlendingar séu verr settir en innlendir menn, því að nóg hafa vandræðin um skuldainnheimtu spillt lánstrausti landsmanna erlendis. Þess vegna er sett ákvæðið um gestarétt Reykjavíkur að því er þá snertir.

Um 5. gr.

Þegar dómari hefir gengið úr skugga um, að krafan megi verða innheimt samkv. frumvarpi þessu og skuldunautur hefir ekki notað gefið tilefni til athugasemda, má ganga að því vísu, að krafan sé réttmæt og þurfi ekki frek-

ari rannsóknar við. Hún er því eftir þessa meðferð aðfarargrundvöllur, en birtingu þarf að sjálfsögðu, og sér dómari um hana sem annað.

Um 6. gr.

Að sjálfsögðu ber ekki að gera kröfubréf, sem hér ræðir um, réttlhærra en venjulegan dóm. Það er því heimilt að áfrýja samkvæmt almennum reglum, og aðför verður ekki framkvæmd t. d. ef áfrýjunarstefna er lögð fram, sbr. síðasta lið 7. gr., nema þar sem sérstakar reglur gilda, eins og t. d. um víxla.

Yfirleitt er kröfubréf, sem sætt hefir þeirri meðferð, er frumvarpið fjallar um, sett jafnfætis undirréttardómi í öllum greinum, sem við getur átt, hvort heldur er um að ræða efnis- eða formsatriði.

Um 7. gr.

Hér eru ákvæðin, sem fjalla um aðförina sjálfa, og er hún eins og um lögtak væri að ræða.

Um 8. gr.

Hér segir um gjöld þau, er greiða ber í ríkissjóð. Yfirleitt greiðast venjuleg gjöld, en sé aðeins um að ræða útgáfu greiðslu- og aðfararskipunar, greiðast engin réttargjöld fyrr en til aðfarar kemur, nema gjöld þau, sem greinin telur. Vitanlega má hækka þau, ef ástæða þykir til, en upphæðin, sem hér er sett, virðist bezt í samræmi við aukatekjulögin.

Um 9. gr.

Ýms atriði þarf vitanlega að kveða nánar á um, og að sjálfsögðu ber að greiða dómara, auk réttargjalda, sem 8. gr. fjallar um, þóknun fyrir störf hans og aukinn kostnað í sambandi við nýmæli frumvarpsins. Virðist rétt, að þeir fái sjálfir þá þóknun, þar sem störf þeirra eru aukin.

Ed. 335. Frumvarp

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

26. gr. stjórnarskrárinnar orðist þannig:

Á Alþingi eiga sæti 36 þjóðkjörnir þingmenn. Fjölga má þingmönnum með lögum.

Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Á þriðjungur þingmanna sæti í efri deild, en tveir þriðju hlutar í neðri deild. Verði þing-

mönnum fjölgað þannig, að eigi sé unnt að skipta til þriðjunga í deildirnar, eiga þeir þingmenn, einn eða tveir, sem umfram eru, sæti í neðri deild.

Þingmenn skulu kosnir óhlutbundnum kosningum til 4 ára í sérstökum kjördæmum. Þó má með lögum ákveða, að þingmenn skuli kosnir hlutbundnum kosningum og gilda þá um kjörgengi og kosningarrétt sömu reglur sem við óhlutbundnar kosningar.

Sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu þingmenn þá, sem sæti eiga í efri deild, úr flokki þingmanna í byrjun fyrsta þings á kjörtímabilinu. Hinir eiga sæti í neðri deild.

2. gr.

27. gr. stjórnarskrárinnar fellur burt, og breytist greinatalan samkv. því.

3. gr.

28. gr., sem verður 27. gr., orðist svo:

Deyi þingmaður á kjörtímanum, eða fari frá, skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans. Með lögum má ákveða, að kosnir séu varaþingmenn eftir sömu reglum og þingmenn eru kosnir og samtímis. Tekur þá varaþingmaður sæti, það sem eftir er kjörtímans, ef þingmaður deyr eða fer frá á kjörtímanum. Sama er og, ef þingmaður forfallast, svo að hann getur ekki setið á einhverju þingi, hvort er reglulegt þing eða aukaþing, eða það, sem eftir er af því þingi.

4. gr.

1. málsgr. 29. gr., sem verður 28. gr., orðist þannig:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar og konur, sem eru 21 árs eða eldri, þegar kosning fer fram, og sem hafa ríkisborgararétt hér á landi og hafa verið búsettir í landinu síðustu fimm árin áður en kosningar fara fram. Þó getur enginn átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu 1 ár og sé fjár síns ráðandi.

3. málsgr. sömu greinar orðist þannig:

Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar.

5. gr.

Fyrri málsgrein 30. gr., sem verður 29. gr., orðist svo:

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver ríkisborgari, sem kosningarrétt á til þeirra. Kjósa má samt mann, sem á heima utan kjördæmis, eða sem hefir átt heima í kjördæminu skemur en eitt ár.

6. gr.

2. og 3. tölul. ákvæða stjórnarskrárinnar um stundarsakir falli burt, en í stað þeirra komi nýr 2. liður, svo hljóðandi:

Umboð þingmanna fellur niður að loknu reglulegu Alþingi 1932, og fara þá fram almennar kosningar til Alþingis.

Ed. 336. Frumvarp

til laga um endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum af efnivörum til iðnaðar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ráðherra er heimilt að endurgjalda iðnaðarmanni eða iðjurekanda vörutoll og verðtoll, er greiddur hefir verið í ríkissjóð af efnivörum til iðnaðar, er hlutaðeigandi hefir notað til iðnaðarframleiðslu sinnar, eftir þessum reglum:

1. Þegar iðnaðarvaran, sem framleidd er úr hinum umræddu efnivörum, mundi vera undanþegin vörutolli og verðtolli, ef flutt væri tilbúin til landsins frá útlöndum, skal endurgjalda allan vörutoll og verðtoll, sem greiddur kann að hafa verið í ríkissjóð af efnivörunum.
2. Þegar iðnaðarvaran við innflutning frá útlöndum sætir lægri gjöldum af vörutolli og verðtolli en tilsvarandi efnivörur, skal endurgjalda hluta af greiddum vörutolli og verðtolli, svo mikinn, að aldrei verði meira eftir af slíkum gjöldum á efnivörunum en sem nemur gjöldum af tilsvarandi unnum iðnaðarvörum, ef fluttar væru inn frá útlöndum.
3. Ákvæðin í 1. og 2. lið taka eigi til þeirra vörutegunda, sem aðflutningsgjald er greitt af samkvæmt tolllögum.

2. gr.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum tollstjórans í Reykjavík, sett nánari reglur og fyrirmæli um framkvæmd ákvæðanna í 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1931, og má þá endurgreiða aðflutningsgjöld af óseldum birgðum iðnaðarmanna og iðjurekenda af unnum iðnaðarvörum, er falla undir ákvæði 1. gr. að efni til.

Ed. 337. Frumvarp

til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 12, 31. maí 1927.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

4. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 12, 31. maí 1927, skal orða svo:

Nú hefir kauptún eða þorp 200 íbúa eða fleiri, og hefir það þá rétt til að fá sérstaka sveitarstjórn og verða hreppur fyrir sig með þeim ummerkjum, er ráðherra ákveður eftir tillögum hreppsnefndar og sýslunefndar. Ráðherra kveður á sama hátt á um fjárskipti og skulda með hinu nýja hreppsfélagi og hinum

hluta þess hrepps, er það áður var í, og skal við skiptingu þess farið eftir því, hvernig byrði viðkomandi hrepps hefir verið skipt 5 árin næstu á undan, nema samkomulag fáist.

Greinargerð.

Frv. þetta fer fram á að rýmka rétt kauptúna til þess að verða sérstakur hreppur. Nú er í sveitarstjórnarlögum ákveðið, að kauptún eða þorp, sem hefir 300 íbúa eða fleiri, hafi rétt á að fá sérstaka sveitarstjórn og verða hreppur fyrir sig. Hér er stungið upp á þeirri breytingu einni, að kauptún með 200 íbúa eða fleiri geti krafizt þessa.

Verður nánari grein gerð fyrir málinu við flutning þess.

Ed. 338. Breytingartillaga

við frv. til laga um vitagjald.

Frá Jóni Þorlákssyni.

Við 1. gr. Fyrir orðin: »gjald til vita, sjómerkja og til mælinga siglingaleiðum« komi: vitagjald.

Nd. 339. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á l. nr. 61, 14. júní 1929, um einkasölu á síld.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir haft þetta mál til umræðu á nokkrum fundum, og eru allir nefndarmenn þeirrar skoðunar, að gera ætti breyting á ofangreindum lögum, en þó hefir ekki náðst samkomulag milli okkar, sem hér ritum undir, og hinna nefndarmannanna um ákveðnar tillögur. Minni hlutinn viðurkennir að vísu, að fleiri leiðir til umbóta á fyrirkomulaginu megi fara en þær, sem farið er fram á í frv., en hann telur, að með samþykkt þess sé stigið spor í rétta átt, að því er það snertir að færa yfirráðin yfir síldareinkasölunni í hendur síldareigenda, sem eru hinir réttu aðilar.

Þegar þess er gætt, hversu mjög hefir hallað á sjómenn og útgerðarmenn — eigendur síldarinnar — síðan einkasalan hófst, er það ábyrgðarhluti fyrir löggjafarvaldið að bægja þeim lengur en orðið er frá því að skipa sínum eigin málum í þessu efni.

Það hefir hingað til gengið svo til við einkasöluna, sem átti að verða lyftistöng síldarútvegsins, að allar kröfur hafa, að því er virðist, í augum forráðamanna hennar gengið fyrir þeim sjálfsögðu kröfum, er útgerðin og þeir, sem að henni standa, sjómenn og útgerðarmenn, hafa átt á hendur einkasölunni.

Útlendu kaupendurnir hafa að sjálfsögðu fengið sínar kröfur um flokkun og aðra meðferð síldarinnar uppfylltar. Auk þess hafa þeir yfirleitt sætt betri kjörum hjá einkasölunni en áður var, og væri það að vísu ekki aðfinnsluvert, ef ekki væri um leið annara hlutur fyrir borð borinn.

Verkafólk í landi hefir líka fengið kjör sín bætt, og það jafnvel í svo ríkum mæli, að einn af forstjórunum (P. Ó.) lætur þess getið í síðustu ársskýrslu sinni, að hann vilji alls ekki taka að sér að verja sumar þær kauphækkanir, sem átt hafa sér stað.

Síldarsaltendur hafa ekki orðið fyrir tapi, því að þeir hafa krafizt og fengið hærra söltunargjald um leið og kaup verkafólksins hefir hækkað. Þeir bera því ekki af þeim ástæðum skarðan hlut frá borði.

Hinir fastlaunuðu starfsmenn einkasölunnar hafa líka fengið sitt. Starfsmenn þessir eru margir og misjafnlega þarfir, að því er sagt er. Þeim hefir síldareinkasalan reynzt drjúg til framfærslu.

Þeir, sem á hakanum hafa setið frá byrjun, og þó einna mest síðastliðið ár, eru þeir, sem leggja fram krafta sína til að afla síldarinnar og koma henni á land. Þeir hafa orðið að horfa á það ár eftir ár, að hlutur þeirra hefir verið fyrir borð borinn, sumpart í þágu þeirra aðilja, er nefndir voru hér að framan, og sumpart til að bæta fyrir mistök einkasölustjórnarinnar og óstjórn hennar í ýmsum efnum.

Þær kröfur, sem eru fram komnar frá sjómönnum og útgerðarmönnum um réttingu hlutar þeirra, eru því ekki að nauðsynjalausu fram komnar. Verði enn horfið að því ráði að halda fyrir þeim yfirráðum einkasölunnar, má við því búast, að hluttaka þeirra við þennan atvinnuveg fari minnkandi, en hinsvegar ekki líklegt, að heppilegt yrði fyrir einkasöluna sjálfa að ráða menn fyrir kaup til að afla síldarinnar, eða „gera út á síld", sem kallað er, en sennilegt er, að einhverjir vildu til þess örþrifaráðs grípa, þegar búið væri að eyðileggja atvinnuna fyrir þeim, er hana hafa stundað fram að þessu.

Samkvæmt framansögðu leggjum við því til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 7. apríl 1931.

Jóhann Þ. Jósefsson, frsm. Hákon J. Kristófersson.

Nd. 340. Nefndarálit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1932.

Frá meiri hluta fjárveitinganefndar.

Hin margþættu störf fjárveitinganefndar hafa nú eins og undanfarið tekið alllangan tíma. Nefndin hefir haldið 66 fundi, lesið og rætt öll erindi, sem henni hafa borizt, og veitt mörgum mönnum viðtöl, bæði forstjórum ríkisstofnana, nefndum og einstökum mönnum, sem hafa haft mál sitt að flytja við nefndina, auk þess sem hún hefir háð fundi með ráðherrunum um ýms mál. Jafnframt hefir nefndin lesið vandlega saman frv. við fjárlög og landsreikn. síðustu ára og haft til hliðsjónar till. hinna fróðustu manna um flesta veigamestu útgjaldaliði frv.

Það er samhuga álit nefndarinnar, að þá fyrst sé fjármálastjórn þjóðarinnar beint í fastan og öruggan farveg, þegar fullkomin nákvæmni er viðhöfð um áætlun fjárlaga.

Nefndin hefir að þessu sinni gert ýtarlegri tilraun en áður til þess að ná þessu marki; þó dylst henni ekki, að ýmislegt vantar enn í áætlun útgjalda, sem ekki verður hægt að komast hjá að greiða, og mun hún til 3. umr. athuga nánar, hvort ekki muni rétt að færa frekar en gert er ýmsa liði af 19. og 25. gr. LR. í áætlun á viðkomandi gr. frv.

Í fjárlagafrumvarpinu er ekkert fé ætlað til nýrra þjóðvega, síma (nema einkasíma), brúa eða vita, og hefir nefndin horfið að því ráði, að bera ekki að svo stöddu fram neinar tillögur um fjárveitingar til þessa. Hefir nefndin, eins og áður er sagt, reynt að færa áætlanir allar sem næst því, er hún telur rétt vera, og telur ekki hyggilegt, eins og árferði er nú, að treysta því, að útkoma ársins verði betri en frv. ber með sér.

Um reikningsform frv. hefir nefndin frestað að taka ákvörðun til 3. umr.

Niðurstaðan af tillögum nefndarinnar hefir orðið þessi:

Aukin fjárveiting	kr. 61628,70	
Hækkun á áætlun gjalda	— 511191,00	
		kr. 552819,70
Lækkun gjalda	kr. 155900,00	
Hækkun tekna	— 350000,00	
		— 505900,00
	Nettóhækkun gjalda	kr. 46919,70

sem dregst frá tekjuafgangi frv., kr. 162382,16, svo tekjuafgangur frv. skv. till. n. verður kr. 115462,46.

1. Tekjubálkurinn.

Nefndin vill að sjálfsögðu fara varlega í áætlun teknanna. Þó undanfarin ár hafi gefið óvenjumiklar tekjur, verður ekki á því byggt um afkomu næstu ára. Mikill hluti teknanna er háður verðlagi og afkomu atvinnuveganna. Það er því fyrirsjáanlegt, að margir tekjuliðirnir lækka stórkostlega frá því, sem verið hefir. Engu að síður virðist nefndinni áætlun stjórnarinnar svo varleg, að óhætt muni að hækka þessa liði tekjubálksins:

1. Áfengistollinn	um	kr.	50000,00
2. Tóbakstollinn	—	—	50000,00
3. Vörutollinn	—	—	100000,00
4. Verðtollinn	—	—	100000,00
5. Vínein kasöluna	—	—	50000,00
Verður þessi hækkun teknanna samtals		kr.	350000,00

Þrátt fyrir þessa hækkun verða umræddir tekjuliðir langt fyrir neðan það, sem reynsla undanfarandi ára hefir sýnt, að þeir gefa.

Þá hefir nefndin gert nokkrar brtt. við útgjaldaliði ríkisstofnananna, sem heyra undir 3. gr. frv. Allar þessar breytingar eru leiðréttingar til hækkunar á áætluðum gjöldum stofnananna og kemur fram í lækkuðum tekjum.

2. Gjaldabálkurinn.

10. gr.

Með hverju ári fara vaxandi störf í stjórnarráðinu, en þess hefir ekki verið gætt nógu vel við áætlun fjárl. undanfarið. Niðurstaðan hefir því orðið sú, að þessi gjöld hafa farið langt fram úr áætlun. Nefndin telur, að ekki verði komizt hjá þessum útgjöldum, og leggur því til, að 3 liðir verði hækkaðir um samtals kr. 21000,00, til samræmis við undanfarandi reynslu.

Gjöld vegna utanríkismála hafa orðið talsvert meiri en séð verður af fjárl. og LR. undanfarandi ára. Stafar þetta af því, að fjárveitingin hefir verði greidd í dönskum krónum og gengismunurinn færður til gjalda á gengisreikningi. Þessu er nú að nokkru kippt í lag af stjórninni með því að færa í sérstökum lið á kostn. utanríkismála gengismun. Nefndin telur rétt og sjálfsagt, að allir kostnaðarliðir þessir séu útfærðir í ísl. krónum, eins og allir aðrir liðir fjárlaganna, og hefir því fært gengismuninn á liði þessa, eftir því sem hún taldi rétt vera.

11. gr.

Brtt. við þessa grein frv. eru eingöngu um áætlun útgjalda og byggðar á undanfarandi reynslu. Það þykir því ekki þörf að fara mörgum orðum um

þær. Mesta breytingin er A. 13 (Annar sakamálskostn.). Nefndin leggur til, að hann verði hækkaður úr 15000 kr. í 110000 kr. Þessi kostnaður hefir orðið árið 1930:

Löggæzla úti um land	kr.	34500,00
Do. í Reykjavík	—	52579,23
Málskostnaður	—	33783,47
Samtals	kr.	120862,70

Sérstaklega hefir hin aukna löggæzla haft áhrif til hækkunar á þessum lið.

12. gr.

Landlæknir hefir nú fengið skrifstofu í Arnarhváli. Leiga fyrir skrifstofu þessa er í tekjuáætlun Arnarhváls talin kr. 1620,00, og þar sem landlæknir hefir ráðið fastan mann í skrifstofuna, virðist ekki mega áætla þennan kostnað lægri en kr. 4000,00, enda varð hann á árinu 1929 kr. 4343,49.

Fyrir nefndinni lá beiðni frá Jónasi Sveinssyni lækni um 5 þús. kr. styrk til skurðfræðináms. Jónas læknir dvelur nú erlendis og ætlar á 2 næstu árum að ná fullkominni sérþekkingu í þessari grein læknisfræðinnar. Þó nefndinni væri kunnugt um hæfileika Jónasar læknis, sá hún sér ekki fært að taka upp sérstaka fjárveitingu handa honum í þessu skyni. Hinsvegar hefir nefndin hækkað utanferðastyrk lækna úr 3000 í 5000 kr. og ætlast til, að Jónasi lækni Sveinssyni verði veittur ríflegur styrkur af þeim lið.

Nefndin leggur til, að tekin verði upp 2000 kr. fjárveiting til frú Þóru Havsteen, til áhaldakaupa í nuddlækningastofu hennar á Akureyri. Síðan í júlímán. 1929 hefir frú Þ. Havsteen stundað nuddlækningar á Akureyri og getið sér hið bezta orð. Þar sem þingið hefir áður styrkt nuddlækningastofu í Reykjavík mjög ríflega, þykir nefndinni sanngjarnt að veita þessa litlu upphæð til að fullkomna samskonar lækningastofu á Akureyri.

Aðrar brtt. við þessa gr. frv. eru aðeins áætlunaratriði og byggðar á undanfarandi reynslu og upplýsingum um, hvað þeir liðir myndu vera. Brtt. n. um landsspítalann eru byggðar á áætlun frá spítalanum sjálfum.

13. gr.

Sýsluvegasamþykktir eru nú staðfestar í 8 sýslum og auk þess hafa verið gerðar samþykktir í 2 sýslum, sem ekki hafa náð staðfestingu enn, en búast má við, að verði komnar í gildi 1932. Nefndin telur því ekki fært að áætla þennan kostnað minni en í fjárl. fyrir árið 1931 og leggur því til, að liðurinn verði hækkaður úr 70 þús. kr. í 80 þús. kr.

Vegamálastjóri telur mjög heppilegt, að keyptir verði 2 nýir vegheflar á næstu 2 árum og mulningstæki til að mylja og harpa möl í suma vegi sunnanlands. Nefndin lítur svo á, að rétt sé að afla þeirra tækja, sem létt geta undir með viðhaldi veganna, og leggur því til, að liðurinn „til áhaldakaupa“ verði hækkaður úr 10 þús. kr. í 18 þús. kr.

Þá hefir n. lagt til, að 1000 kr. yrðu veittar á hvorn stað til að halda uppi vetrarflutningum yfir Holtavörðuheiði og Fagradal. Snjóbílar hafa geng-

ið á þessum stöðum í vetur, og virðist sú tilraun hafa gefið góðan árangur. Vill n. styðja að því, að slíkum tilraunum verði haldið áfram.

Með lögum um flugmálasjóð var sjávarútveginum lögð nokkur byrði á herðar í þeim tilgangi að greiða fyrir síldveiðinni með því að láta flugvél leita að síldartorfum og gefa upplýsingar um, hvar sé veiði von. Nú er vitanlegt, að Flugfélagið getur ekki annazt almennar flugferðir án styrks frá ríkissjóði, auk þess sem flugmálasjóður leggur fram, og leggur n. því til, að veittur verði styrkur til flugferða, 20000 kr.

Um aðrar brtt. við þessa gr. frv. þykir ekki ástæða að fjölyrða, þar sem aðeins er um áætlun að ræða.

14. gr.

Biskup átti tal við nefndina og óskaði viðbótar við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta skv. lögum. Hefir þessari upphæð verið skipt milli 3 uppgjafapresta og 48 prestsekkna. Biskup segir, að prestsekkjur séu nú 54, og minnkar því sú upphæð, sem hver styrkþegi fær, ef liðurinn helzt óbreyttur.

Þar sem hér er um fátækt fólk að ræða, þá fannst nefndinni sanngjarnt að hækka þennan lið nokkuð, og leggur til, að hann sé settur í 8000 kr. eins og hann var fyrir nokkrum árum.

Nemendur guðfræðideildar háskólans sendu nefndinni erindi og fóru þess á leit, að upphæðin, sem veitt er í þ. á. fjárlögum til kennslu í söng, mætti haldast óbreytt. Var beiðni þessi studd af guðfræðikennurum, sem telja þessa kennslu ómissandi. Þar sem hér er ekki um stóra fjárhæð að ræða, leggur nefndin til, að upphæðin sé sett eins og í fjárlögum þ. á.

Guðm. Hannesson prófessor kom á fund nefndarinnar og óskaði, að nefndin hækkaði rekstrarstyrkinn til rannsóknarstofu háskólans upp í 6000 kr. Kvað hann það að vísu ekki nægja, en bjóst við og taldi nokkurn veginn víst, að sáttmálasjóður legði fram þær 2000 kr., er við þyrfti að bæta.

Nefndin ákvað að hækka þennan lið og væntir þess, að sáttmálasjóður veiti það, er til vantar.

Menntaskólinn á Akureyri hafði eigi sent tillögur um rekstrarkostnað. En af viðtali við skólameistara varð það bert, að ýmsir liðir væru mikils til of lágt áætlaðir í fjárl.frv. Virtist nefndinni því, að eigi yrði hjá því komizt að hækka ýmsa liði til skólans. Mest er hækkun á launum, til stundakennslu og til eldiviðar og ljósa.

Alls varð hækkun nefndarinnar til þessa skóla 12100 kr., og má líta á það sem leiðréttingu, þar eð stjórnin hafði eigi gert neinar tillögur um þetta.

Samkvæmt ósk forstöðumanns Kennaraskólans hækkar nefndin liðinn til stundakennslu. og má telja það leiðrétting, þar eð sá liður hefir undanfarið farið fram úr áætlun.

Skólastjóra vélstjóraskólans ber skv. samningi 3800 kr. í húsnæðisstyrk, auk launa; leiðrétti því nefndin þann lið skv. því.

Skólastjóri Iðnskólans í Reykjavík sækir um 4000 kr. hækkun á styrk til rekstrar skólans og færir sem aðalástæðu, að félag stundakennara í Rvík hafi

krafizt 4 kr. kaups fyrir hverja kennslustund og 25 aura fyrir hvern stíl, sem leiðréttur væri, og verði skólinn að sæta þessum kjörum.

Nefndin hefir eigi getað tekið þessar ástæður til greina að öllu leyti, því þótt kaupið vegna samtaka hafi hækkað nokkuð í ár, þá er ekki sennilegt, að það haldist svo áfram, þar sem nauðsynjavörur ýmsar fara allmikið lækkandi og dýrtíðaruppbótin er nú þegar að réttu lagi komin niður í 30%, þá virðist það benda til, að kaupgjald muni heldur lækka en hitt.

Stjórnin hefir fært styrkinn til skólans nokkuð niður, en nefndinni virðist rétt, að öllu athuguðu, að færa styrkinn upp í það, sem nú er, nefnil. 7500 kr.

Þá hefir nefndin hækkað styrkinn til verklegs framhaldsnáms erlendis upp í 4000 kr., eins og hann hefir verið mörg undanfarin ár.

Ljósmæðraskólinn er nú fluttur í landsspítalann, og sparast því húsaleigukostnaður á þessum lið. Eftir skýrslu setts landlæknis hafa ljósmæðranemendur ókeypis húsnæði, ljós og hita í landsspítalanum, en greiða fyrir fæði 35 kr. á mánuði. Fór því landlæknir fram á, að styrkur til námskvenna yrði greiddur sem svarar fæðiskostnaði a. m. k. Nefndin áleit það sanngjarnt og veitir 4000 kr. námsstyrk.

Skólanefnd Kvennaskólans í Reykjavík hafði sent erindi um hækkun á rekstrarstyrk, vegna hækkunar á kaupi stundakennara og vegna aukins rekstrarkostnaðar út af lánum. Er farið alls fram á 12000 kr.

Nefndin leggur til, að veittur verði húsnæðisstyrkur 5000 kr. eins og í síðustu fjárlögum.

Fræðslumálastjóri kom á fund nefndarinnar og átti tal við hana um fjárveitingar til fræðslumála. Er það augljóst, að í frv. eru ýmsir liðir til barnafræðslu allt of lágt áætlaðir. Eftir reynslu undanfarinna ára hafa laun kennara við fasta skóla farið allmikið fram úr áætlun. Leggur nefndin því til, að sá liður sé hækkaður allmikið. Á síðasta þingi voru hækkuð laun farkennara, og verður því ekki hjá því komizt að hækka þann lið upp í 75 þús. kr.

Fyrir nefndinni lá ekki nein skýrsla um kennslu heyrnar- og málleysingja. Í frv. eru ætluð 26 þús. til rekstrar málleysingjaskólans, en eftir reynslu undanfarinna ára er það of lágt. Nefndin leggur því til að hækka liðinn um 4000 kr., og mun ekki hægt að komast af með minna.

Kvenfélagið Ósk á Ísafirði sækir um 10 þús. kr. rekstrarstyrk til húsmæðraskólans og 3000 kr. til áhaldakaupa. Nefndin sá sér eigi fært að veita svo háa fjárhæð, en leggur til að styrkja skólann með jafnháu tillagi eins og í fjárlögum þ. á.

15. gr.

Á þessu ári hefir verið bætt við starfsmanni á landsbókasafninu, og hlýtur því launaliðurinn að hækka. Í samræmi við þær upplýsingar, sem nefndin hefir getað aflað sér um laun þessa manns, þá leggur hún til, að launaliðurinn verði færður upp í 23500 kr.

Þjóðskjalavörður sendi nefndinni bréf og lýsti óánægju sinni yfir því, að stjórnin hafði lækkað fjárframlög til Þjóðskjalasafnsins frá því, sem verið hefir undanfarin ár. Nefndin féllst á að færa liðina b. og c. í sama horf og verið hefir síðastl. 3 ár, og er það 500 kr. hækkun á hvorum lið.

Sýslubókasöfnum er stöðugt að fjölga. Hafa þau það hlutverk að kaupa hin stærri ritverk, helzt úrvalsrit, innlend og útlend, sem lestrarfélög sveitanna ekki megna að kaupa. Sýslubókasöfnin lána bækur sínar til lestrarfélaga og einstaklinga út um héraðið. Njóta þau styrks úr sýslusjóði og frá hreppssjóðum, og svo er skipt á milli þeirra þessum litla landssjóðsstyrk, sem er svo naumt við neglur skorinn, að hvert safn fær eigi meira en 30—60 kr. — Nefndinni virðist rétt að efla þessi bókasöfn og vill því hækka nokkuð styrkinn til þeirra.

Þjóðvinafélagið hefir síðan 1929 fengið aukastyrk, 5000 kr., til útgáfu æfisögu Jóns Sigurðssonar, og er svo enn í fjárl.frv. En í útfærslunni eru aðeins tilfærðar 1800 kr., sem er prentvilla, sem nú er leiðrétt. Er þetta fjórða greiðsla til útgáfu æfisögunnar.

16. gr.

Styrkur samkv. jarðræktarlögunum fer sífellt vaxandi, og er það gleðilegur vottur um þann áhuga, sem glæðzt hefir svo mjög um ræktun landsins. Nefndin býst við, að þrátt fyrir misærið muni menn þó reyna að halda nokkuð í horfið í ræktunarmálum, og með það fyrir augum leggur hún til, að styrkurinn sé hækkaður verulega frá því, sem er í frv.

Notkun tilbúins áburðar hefir vaxið hröðum skrefum allra síðustu árin, og vex þá kostnaður ríkissjóðs við flutning áburðarins í samræmi við það. Nefndin leggur því til, að þessi liður verði hækkaður nokkuð frá því, sem er í frumvarpinu.

Fyrir nefndinni lágu tillögur frá forstöðumanni veðurstofunnar. Telur hann, að laun forstöðumanns og fulltrúa séu 16900 kr., og á landsreikningi 1929 hefir sú upphæð verið greidd. Virðist því þetta vera hin rétta upphæð, og leggur nefndin til að hækka launaliðinn samkv. því.

Forseti Fiskifélagsins kom á fund nefndarinnar og fór þess á leit, að styrkurinn til félagsins yrði hækkaður upp í 90 þús. kr., sem væri sú upphæð, er Fiskiþingið hefði áætlað á þessu ári og þyrfti nauðsynlega að fá, svo ekki þyrfti að ganga um of á sjóðeign félagsins. Nefndin fellst á að hækka styrkinn til félagsins um 15 þús. kr.

Samkvæmt upplýsingum frá skipaskoðunarstjóra er upphæð sú, sem ætluð er til skrifstofukostnaðar við skipaeftirlitið, allt of lágt áætluð. Sagði hann, að hið minnsta, sem hægt væri að komast af með, væri 8000 kr. Leggur nefndin til, að sú upphæð sé veitt.

Landssýningarnefndin sendi nefndinni erindi og óskaði, að Alþingi greiddi þann halla, sem varð á rekstri landssýningarinnar síðastl. sumar og hún telur vera 7700 kr.

Þótt nefndin telji ekki skyldu ríkissjóðs að greiða þennan halla, þá er þó þess að geta, að heimilisiðnaðarfélögin sýndu lofsverðan áhuga um að vanda allan undirbúning og sýningin var eitt af því markverðara, er landið hafði að bjóða á hátíðarárinu, og vill því nefndin leggja til, að hlaupið sé undir bagga með því að veita 2000 kr. upp í hallann.

Samband vestfirzkra kvenna sækir um 450 kr. styrk til starfsemi sinnar. Á svæðinu frá Horni til Látrabjargs eru 10—12 kvenfélög og kringum Breiða-

fjörð eru 10—15 félög, sem hafa starfað árum saman. Nefndin leggur til, að þessu sambandi verði veitt sama styrkupphæð eins og hinum fjórðungssamböndunum.

Undanfarið hefir ekki verið áætlað neitt til skrifstofukostnaðar húsameistara, en hefir verið greitt eftir á eftir reikningi, síðastl. ár full 6000 kr. Nefndin leggur til, að skrifstofukostnaðurinn sé settur í fjárl.frv. og áætlar til þess 5000 kr.

17. gr.

Styrkur til berklasjúklinga hefir farið lækkandi síðustu árin. Árið 1929 varð kostnaðurinn við berklavarnir 672 þús. og 1930 kemst kostnaðurinn niður í 651 þús. kr. Samkvæmt þessari reynslu telur nefndin óhætt að lækka þennan lið niður í 650 þús. kr.

Elín Sigurðardóttir, sem um mörg ár hefir dvalið í berklahælum á ríkiskostnað, sendi erindi til þingsins, þar sem hún fer fram á 1200 kr. styrk til veru annarsstaðar. Nú sem stendur dvelur hún í hressingarhælinu í Kópavogi, og verður að greiða þar með henni 1800 kr.

Ef hún gæti útvegað sér vist annarsstaðar fyrir 1200 kr., þá vill nefndin verða við þessari ósk hennar, þar eð það sparar dálitið útgjöld við þennan sjúkling. Og henni sjálfri virðist vera annt um að skipta um verustað.

Samkv. landsreikningi 1929 hefir tillag til bjargráðasjóðs orðið það ár 25600 kr. Nefndin vill því færa þennan lið upp í samræmi við það. Sama máli er að gegna með tillag til ellitryggingarsjóðs. Tillögur nefndarinnar miða að því að færa þessi lögboðnu gjöld sem næst því, er reynzt hefir undanfarið.

18. gr.

Við þessa grein eru allmargar brtt. Er þar fyrst að telja, að þessir styrkþegar hafa andazt: Guðný Jónsdóttir sýslumannsekkja, Guðlaugur Guðmundsson uppgjafaprestur, Ólafur Ólafsson póstur, Sigurveig Jónatansdóttir ljósmóðir, Jakob Björnsson fyrrv. síldarmatsmaður, og Gunnlaugur Indriðason veðurfræðingur. — Falla því þessir liðir niður að sjálfsögðu.

Aftur á móti hefir nefndin tekið upp nokkra nýja liði. Er þar fyrst að telja 2 læknisekkjur, 3 uppgjafapresta og 5 prestsekkjur, 3 pósta o. s. frv. Er þar fylgt þeirri reglu, er áður hefir tíðkazt um viðbót við lögmælt eftirlaun.

22. gr.

Fyrir nefndinni lá erindi frá fyrrv. presti Ólafi Stephensen í Bjarnanesi um að ríkið keypti hús þau, er hann á á staðnum. Að því er biskup tjáir, hefir stjórnin stundum keypt hús þau, er fráfarandi prestar hafa átt og prestssetrunum hafa verið nauðsynleg. Nefndin vill því gefa stjórninni heimild til húskaupa í Bjarnanesi, eftir því sem staðnum hentar, eftir að lögleg skil staðarins hafa farið fram.

Einn nefndarmanna, Haraldur Guðmundsson, mun koma fram með sérstakt álit.

Alþingi, 8. apríl 1931.

Ing. Bjarnarson, formaður.	Hannes Jónsson, fundaskr. og frsm. fyrri hl.	Þorleifur Jónsson, frsm. síðari hl.
Magnús Jónsson.	Jón Sigurðsson.	Pétur Ottesen.

Ed. 341. Nefndarálit

um frv. til laga um einkasöluheimild bæjar- og sveitarfélaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er ekki sammála um afgreiðslu þessa frv. Leggur einn nefndarmanna, Erlingur Friðjónsson, til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Vísar hann til greinargerðar þeirrar, er frv. fylgir, og framsögu sinnar með fyrstu umræðu málsins því til sönnunar, að nauðsyn sé á því, að frv. nái fram að ganga. Annar nefndarmaður, Ingvar Pálmason, er ósamþykkur tveimur fyrstu greinum frv. og leggur til, að þær verði felldar, en vill framgang frv. að öðru leyti. Þriðji nefndarmaðurinn, Pétur Magnússon, er andvígur frv. í heild og leggur til, að það verði fellt.

Alþingi, 8. marz 1931.

Ingvar Pálmason, form.	Erlingur Friðjónsson, fundaskr. og frsm.	Pétur Magnússon.

Ed. 342. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 19. júní 1922, um fiskimat.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 8. apríl 1931.

Erlingur Friðjónsson, formaður.	Ingvar Pálmason, fundaskr. og frsm.	Halldór Steinsson.

Nd. 343. Nefndarálit

um frv. til l. um nýjan veg frá Lækjarbotnum í Mosfellssveit austur í Ölfus.

Frá samgöngumálanefnd.

Með frv. þessu er í fyrsta sinn horfið frá því að leggja járnbraut um auðnirnar milli Reykjavíkur og Suðurlendisins, og þá einkum fyrir kostnaðarsakir, en hinsvegar beri svo bráðan að um bættar vetrarsamgöngur, að því megi fyrir engan mun slá á frest.

Er það og mála sannast, að bæði Suðurlendinu og Reykjavík standa stórir skaðar af vegarbanni því, er snjóar og jökulfannir leggja á allar samgöngur meðan vetrarmegn er sem mest. Þarf ekki að minna á annað en flutning mjólkurafurða, sem er jöfn nauðsyn heilsu Reykvíkinga og hag austursveita.

Frv. vill nú bæta úr þessu með því að leggja nýjan háveg frá Lækjarbotnum upp í Svínahraun og þaðan um þrengslin austur Ölfus, fyrst um sinn sem vetrarbraut.

Mun enginn efins í, að hér er rétt af stað farið, eins og nú horfir við. Sá er þó ljóður á, að vegarkaflinn um þrengslin frá Svínahraunsvegi austur á Reykjabraut lengir leiðina um 12.5 km., eða fullan sjöttung. Nú, þar sem flutningskostnaður frá Ölfusá niður fyrir Heiði nemur 600 þús. kr., en um hann er mest vert, verður með þessu móti lagður tilfinnanlegur skattur á alla flutninga, og því frekari sem stundir líða og flutningsmegn eykst árförum.

Þetta hefir bæði stjórn og vegamálastjóri viðurkennt og í þeirri veru lagt til, að vetrarvegurinn verði síðar breikkaður og malbikaður, svo sem til að draga úr flutningskostnaðinum, og er áætlað, að sú vegarbót mundi kosta sem næst 1200 þús. kr.

Eins og sést af greinargerð vegamálastjóra, er vetrarflutningurinn ennþá hverfandi í samanburði við sumarflutningana. Virðist þá miklu sennilegra að snúa sér að því að bæta sumarleiðina, stytta hana eftir föngum og leggja hana þannig, að hún yrði sem lengst akfær. Hefir þetta ekki verið rannsakað til neinnar hlítar, en þar sem fyrirhugaðar umbætur vetrarvegarins um þrengslin mundu kosta of fjár, virðist rétt að breyta frv. í það horf, að eigi sé girt fyrir einhverja slíka lausn málsins. Vér leggjum því til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Orðin „í Mosfellssveit“ falli niður.
2. Við 2. gr. Orðin „í stað núverandi vegar um Hellisheiði“ falli niður.
3. Við 5. gr. Aftan við greinina bætist: en sýni rannsókn, að hagkvæmara

verði að leggja veginn sem beinasta leið yfir heiðina, en malbika þennan kafla, skal það gert.

4. Við fyrirsögnina. Orðin „í Mosfellssveit“ falli niður.

Alþingi, 8. apríl 1931.

Gunnar Sigurðsson, formaður; með fyrirvara.	Magnús Torfason, frsm.	Jón A. Jónsson, með fyrirvara.
Benedikt Sveinsson.	Hákon J. Kristófersson. með fyrirvara.	

Sþ.

344. Frumvarp

til laga um vitagjald.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

Fyrir hvert skip, sem hefir fullkomið þilfar eða gangvél og tekur höfn hér á landi eða haldið er úti frá landinu, skal greiða vitagjald, er nemur kr. 1,25 af hverri smálest af rúmmáli skipsins, og skal hálf lest og þaðan af stærra brot talin heil, en minna broti sleppt. Skemmtiferðaskip, sem flytja engan farm fyrir borgun, annan en farþega, skulu þó aðeins greiða 50 aura gjald af hverri smálest.

Undanþegin gjaldi þessu eru herskip og skip, sem leita hafnar í neyð, en taka engan farm í landi né úr öðrum skipum, né heldur flytja farm í land eða önnur skip, enda hafi sannazt í sjóprófi eða á annan hátt, að þau hafi verið í nauðum stödd af árekstri, sjóskemmdum, veikindum, farmskekkju eða ófriði.

Gjald þetta skal greiða í hverri ferð, er skip kemur frá útlöndum, og skal það innt af hendi á fyrstu höfn, sem skipið tekur hér við land. Skip, sem aðeins eru höfð til innanlandssiglinga eða haldið er úti til fiskjar af landsmönnum, greiða gjald þetta einu sinni á ári. Árgjaldið greiðist í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett.

Ríkisstjórnin hefir heimild til að semja við stjórnir annara ríkja um gjald þetta fyrir fiskiskip, sem þaðan eru gerð út til fiskveiða hér við land.

2. gr.

Gjald það, sem um ræðir í 1. gr., rennur í ríkissjóð og innheimtir það tollstjórinn í Reykjavík, en annarsstaðar lögreglustjórar eða umboðsmenn þeirra. Þegar umboðsmenn lögreglustjóra innheimta gjald þetta af erlendum fiskiskipum á stöðum, þar sem lögreglustjóri er ekki búsettur, ber innheimtumanni 20% af gjaldinu.

Skipstjóri er skyldur að sýna innheimtumanni dagbók skipsins.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða skipstjóra 30—600 kr. sektum til ríkissjóðs, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

4. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1932 og falla samtímis úr gildi þessi lög:

Lög nr. 17, 11. júlí 1911, um vitagjald, að því leyti sem þau eru ekki áður úr gildi felld.

Lög nr. 29, 28. nóv. 1919, um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. júlí 1911.

Ed. 345. Lög

um breyting á lögum nr. 32, 11. júlí 1911, um úrskurðarvald sáttanefnda.

(Afgreidd frá Ed. 8. apríl).

1. gr.

1. málsgr. og a-lið 1. gr. laganna skal orða svo:

Í skuldamálum, þar sem skuldarhæðin nemur eigi meira en 500 kr., skal sáttanefnd kveða upp úrskurð, ef skuldheimtumaður krefst þess:

a. Þegar kærði kemur eigi á sáttafund, þrátt fyrir löglega birtingu fyrirkallsins, og sáttanefndin hefir eigi ástæðu til að ætla, að hann hafi lögleg forföll, er meini honum það eða manni fyrir hann, enda hafi kærandi getið þess í sáttakærunni, að hann muni, ef sátt kemst ekki á, krefjast úrskurðar sáttanefndar.

2. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Fyrir uppsögu og bókun úrskurðar greiðist tveggja króna gjald til hvers sáttanefndarmanns, er þar á hlut í, ef kröfuupphæð fer fram úr 50 kr., en að öðrum kosti ein kr. Fyrir endurrit úr sáttabók greiðist 50 aurar fyrir hverja örk hálfa eða þaðan af minna.

Ed. 346. Lög

um breyting á lögum nr. 52, 7. maí 1928, um tilbúinn áburð.

(Afgreidd frá Ed. 8. apríl).

1. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Árin 1932, 1933 og 1934 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði þann kostnað, sem af því leiðir að flytja tilbúinn áburð bæði frá útlöndum og milli og til allra þeirra hafna, sem skip Eimskipafélags Íslands og strandferðaskip ríkisins koma á. Ennfremur heimilast ríkisstjórninni að greiða eftir ákveðnum reglum, í samráði við Búnaðarfél. Íslands, kostnað þann, sem leiðir af flutningi áburðarins á landi, fyrir vegalengdir umfram 35 km.

2. gr.

2. málsliður 3. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er að leggja á áburðinn allt að 3%.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1932 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 46, 14. júní 1929, um breyting á lögum nr. 52, 7. maí 1928, um tilbúinn áburð.

Ed. 347. Breytingartillögur

við frv. til l. um fimmtardóm.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   Æðsti dómstóll ríkisins nefnist hæstiréttur.
   Til vara: Æðsti dómstóll ríkisins nefnist yfirdómur.
   Verði önnurhvor tillagan samþykkt, breytist í samræmi við það alstaðar í frv. orðin „fimmtardómur“, „fimmtardómari“ og „fimmtardómsritari“.
2. Við 2. gr. Greinin falli burt. Greinatalan breytist samkv. því.
3. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:
   Hæstarétt skipa fimm dómarar og er einn þeirra forseti dómsins. Konungur skipar dómarana, en þeir kjósa sér forseta úr sínum hópi, til ekki skemmri tíma en eins árs í senn.
4. Við 5. gr. Greinin orðist þannig:
   Eigi má dóm setja með færri dómendum en 5.

5. Við 6. gr. Greinin falli burt. Greinatalan breytist samkv. því.
6. Við 7. gr.
   a. Í stað „aðaldómari“ og „aðaldómara“ í 1. málsgr. komi: hæstaréttardómari og hæstaréttardómara.
   b. Í stað orðanna „sbr. 6. gr.“ í niðurlagi sömu málsgr. komi: eftir þeim reglum, sem gilt hafa.
   c. Í stað „aukadómara“ í 2. málsgr. komi: varadómara.
7. Við 8. gr.
   a. Orðin „dómari í hæstarétti“ í 2. lið falli burt.
   b. Aftan við 4. lið bætist: þegar þeir fá veitingu fyrir embættinu.
   c. Undantekningarákvæðið við 4. lið („undanþegnir þessu skilyrði“ o. s. frv.) falli burt.
   d. Á eftir 4. lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
      Hafa sýnt það með því að greiða fyrstur dómsatkvæði í 4 málum, og sé að minnsta kosti 1 þeirra einkamál, að hann sé hæfur til að skipa sæti í dóminum.
8. Við 14. gr. Greinin orðist þannig:
   Hæstaréttardómarar hafa að árslaunum kr. 12000 hver, auk dýrtíðaruppbótar eftir gildandi launalögum. Forseti hefir að auki 1000 kr. á ári.
   Varadómarar fá sérstaka borgun fyrir hvert mál, er þeir dæma. Hæstiréttur ákveður þá þóknun.
9. Við 25.—27. gr. Greinarnar falli niður.
10. Við 37. gr. Orðin „eða í hæstarétti“ falli burt.
11. Við 39. gr. Greinin orðist þannig:
    Reglur þær, er gilt hafa um málshöfðun fyrir hæstarétti sem lægsta dómi, haldist óbreyttar.
12. Við 43. gr. Í stað orðanna „áður gilti um hæstarétt“ komi: hingað til hefir gilt.
13. Við 52. gr. Orðin „og fimmtardómsritari“ í 2. málsgr. falli burt.
14. Við 64. gr. Greinin falli niður. Greinatalan breytist samkvæmt því.
15. Við 65. gr. Greinin falli niður. Greinatalan breytist samkvæmt því.
16. Við 66. gr. Greinin falli niður. Greinatalan breytist samkvæmt því.
17. Við 68. gr. Greinin orðist þannig:
    Nú er landsyfirdómi eða einstökum yfirdómara falið í lögum að framkvæma einhverja ráðstöfun, svo sem þinglýsingar, kvaðning matsmanna, þátttöku í matsgerð eða gerðardómi o. s. frv., og kemur þá hæstiréttur í staðinn.
    Þrír hæstaréttardómarar, hinir elztu að embættisaldri, skulu eiga sæti í landsdómi.
18. Við fyrirsögn frumvarpsins. Í stað „fimmtardóm“ komi: hæstarétt.
    Til vara: Í stað „fimmtardóm“ komi: yfirdóm.

Nd. 348. Frumvarp

til laga um ræktunarsamþykktir.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Heimilt er að gera ræktunarsamþykktir fyrir lögbýli á tilteknu svæði — einum hreppi að jafnaði — um túnsléttun og nýrækt eftir þeim reglum og með þeim skilyrðum, skyldum og réttindum, sem lög þessi greina.

2. gr.

Aðstoð um undirbúning ræktunarsamþykkta og eftirlit allra framkvæmda samkvæmt þeim hefir Búnaðarfélag Íslands, eftir því sem lög þessi mæla fyrir.

3. gr.

Frumkvæði að því, að ræktunarsamþykkt sé gerð, getur átt hver ábúandi lögbýlis á samþykktarsvæðinu, eða þeir menn, er vinna í opinberri þjónustu að landbúnaðarmálum.

4. gr.

Nú vill einhver gera tillögu um, að undirbúningur sé hafinn um að ræktunarsamþykkt sé sett fyrir lögbýli í hreppi hans. Skal hann þá snúa sér til sveitarstjórnar með ósk um, að hún boði alla búendur hreppsins á fund með nægum fyrirvara og að tilgreindu fundarefni.

5. gr.

Þá er fundur ályktunarfær um málið, ef minnst ⅕ búenda sækja hann. Sveitarstjórn leggur þá fyrir fundinn tillögu um að ræktunarsamþykkt sé sett fyrir hreppinn. Hljóti tillagan samþykki ⅚ hluta búenda, sem á fundi eru, skal hafinn undirbúningur til framkvæmda.

6. gr.

Nú samþykkir fundurinn að hefja undirbúning til lögmætrar samþykktar, skal sveitarstjórn þá snúa sér til Búnaðarfélags Íslands með ósk um, að hún láti athuga skilyrði fyrir túnsléttun og nýrækt á öllum lögbýlum samþykktarsvæðisins, og sömuleiðis skilyrði fyrir skiptingu jarða til nýbýla, gera áætlun um kostnað og framkvæmd ræktunarinnar, hversu mikið land skuli brjóta til nýræktar á hverju býli, hversu langan tíma muni taka að vinna það, er vinna þarf með dráttarvélum — einni eða fleirum — og tilheyrandi jarðyrkjuáhöldum, og hversu mikið ræktunin muni kosta.

Skylt er Búnaðarfélagi Íslands að láta þennan undirbúning í té að kostnaðarlausu fyrir viðkomandi héruð.

Búnaðarfélag Íslands getur leitað aðstoðar viðkomandi búnaðarsambanda,

hreppabúnaðarfélaga og sveitarstjórna um allt það, er þessu við kemur. Skal skylt að láta þá aðstoð í té.

7. gr.

Að þessum undirbúningi loknum skal sveitarstjórn boða til fundar á ný um málið. Skal lagt fyrir fundinn álit og tillögur Búnaðarfélagsins um málið, áætlun um kostnað, aðgreindan fyrir hvert býli, og frumvarp til ræktunarsamþykktar. Gilda sömu ákvæði um lögmæti þess fundar og löglegt samþykki á ræktunarsamþykktinni, sem fram eru tekin í 5. gr.

8. gr.

Nú hefir frumvarp til ræktunarsamþykktar verið samþykkt í héraði samkvæmt 7. gr., og skal þá leita staðfestingar ríkisstjórnar á henni. — Að fenginni umsögn Búnaðarfélags Íslands staðfestir atvinnumálaráðherra samþykktina, eða breytir henni, og endursendir hana þá til endursamþykktar í héraði. Ríkisstjórn skipar fyrir um birting ræktunarsamþykktar og tiltekur hvenær hún skuli öðlast gildi.

9. gr.

Jafnskjótt sem ræktunarsamþykkt hefir náð staðfestingu ríkisstjórnar. skal skipuð framkvæmdarstjórn þannig, að ráðherra skipar formann framkvæmdarstjórnar, en Búnaðarfélag Íslands og viðkomandi sveitarstjórn sinn meðstjórnandann hvort. — Framkvæmdarstjórnin annast um, með aðstoð og eftirliti Búnaðarfélags Íslands, framkvæmd ræktunar eftir ræktunarsamþykkt.

10. gr.

Í ræktunarsamþykkt skal ákveðið:

1. Að slétta tún allra lögbýla í hreppnum, svo að þau verði véltæk til heyvinnu (sbr. þó 18. gr.).
2. Að brjóta land til nýræktar á hverju býli, svo stórt sem hæfa þykir til þess að hægt sé að leggja niður útheyskap, sem eigi svarar kostnaði.
3. Hversu framkvæmd skuli haga, svo sem hvar skuli byrja, hvort farin skuli ein eða fleiri umferðir um samþykktarsvæðið með verkfærin og því um líkt.
4. Að ræktunarkostnaðurinn skiptist niður á býlin eftir kostnaði við ræktun hvers þeirra.
5. Að kostnaðarhluta jarðeigenda við ræktunina megi leggja á býlin sem kvöð, er hvílir á jarðeigendum en greiðist af landskuldinni, í svo mörg ár, sem hæfilegt þykir eftir upphæð kostnaðarins og stærð býlisins, þó ekki í lengri tíma en 15 ár eftir að ræktuninni er lokið á býlinu.
6. Að framlag ríkisins til kostnaðar við ræktun býlis, sbr. 15. gr., megi leggjast á býlið sem ævarandi afgjaldskvöð.
7. Að ábúendur býlanna allra, sem samþykktin nær til, ábyrgist sameiginlega — einn fyrir alla og allir fyrir einn — að ábúendur inni af höndum, eftir því sem þörf krefur, þann hluta af framlagi til ræktunarkostnaðar, er þeim sem slíkum er skylt að inna af höndum.
8. Annað það, er þurfa þykir.

11. gr.

Á býlum, sem eru í einkaeign, skal umsamin landskuld, ef um leiguábúð er að ræða — en metin landskuld 4% af fasteignamatsverði af býlum, sem eru í sjálfsábúð — vera veð fyrir þeim hluta ræktunarkostnaðar, sem ræðir um í 15. gr. 2. lið. — Má leggja löghald á landskuld leigubýlis til fullnægingar áskilinni árgreiðslu, en taka árlegt áskilið framlag fyrir býli í sjálfsábúð lögtaki í eignum ábúanda. Þessi kvöð kemur því aðeins til, að eigendur býlanna leggi ekki fram ræktunarkostnaðinn jafnóðum sem hann fellur á.

Gegn framangreindri tryggingu skal framkvæmdarstjórn heimilt að taka lán, eftir því sem þörf krefur, til þessa hluta kostnaðar. Lánið má taka í Búnaðarbanka Íslands, eða annarsstaðar.

12. gr.

Eigendur býla geta leyst af þeim afgjaldskvöð þá, er ræðir um í 10. gr. 6. lið, annaðhvort með því að leggja fram sjálfir ⅘ hluta þess kostnaðar þegar í upphafi, eða með því að leysa inn afgjaldskvöðina með 20-faldri upphæð hennar. Styrkur samkvæmt jarðræktarlögunum greiðist ekki til þess hluta framkvæmdanna, er um getur í 15. gr. 1. lið.

13. gr.

Nú verða ábúendaskipti á býli, sem er í leiguábúð, áður en lokið er ræktunarframkvæmdum samkv. ræktunarsamþykkt, og flyzt þá sjálfskuldarábyrgð leiguliða samkvæmt 10. gr. 7. lið yfir á viðkomandi leiguliða.

14. gr.

Ábúandi fer jafnan með atkvæði fyrir ábýli sitt. Er eigendum þeirra jarða á samþykktarsvæðinu, sem í leiguábúð eru, skylt að hlíta ræktunarsamþykktum fyrir jarðir sínar, án þess að samþykkis þeirra sé leitað sérstaklega.

15. gr.

Framlag til ræktunarframkvæmda samkvæmt ræktunarsamþykkt skiptist þannig:

1. Ríkissjóður leggur til dráttarvélar með tilheyrandi jarðyrkjuverkfærum og mann til að stjórna þeim.
2. Jarðeigandi leggur fram grasfræ til varanlegrar grasræktar, og ef þörf er, framræslukostnað og efni til girðinga.
3. Ábúendur leggja fram áburð og sáðvörur, aðrar en grasfræ, flutning á girðingarefni, vinnu við uppsetningu girðinga og sáningar og aðstoð til jarðvinnu eftir þörfum.

16. gr.

Skylt er ábúendum á jörðum í leiguábúð að greiða 4% vexti af framlagi landsdrottins og ríkisins samlögðu, eftir að landið er komið í rækt. Hafi framlag landsdrottins verið greitt með lánsfé, ber þó leiguliða að greiða þá vexti, er sannanlega hvíla á framlaginu, þó hærri séu en 4%. Skilríki um framlag þessara

aðila og hækkun jarðarafgjalds samkvæmt því riti stjórn ræktunarframkvæmdanna á byggingarbréfið.

17. gr.

Um skipti á jarðræktarstyrk milli landsdrottins og leiguliða, vegna þess hluta framkvæmdanna, er um getur í 15. gr. 2. og 3. tölulið, skal ákveða í reglugerð, er atvinnumálaráðherra setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

18. gr.

Atvinnumálaráðherra úrskurðar, hvenær hafizt er handa um ræktunarframkvæmdir samkvæmt ræktunarsamþykkt á hverju samþykktarsvæði.

19. gr.

Heimilt er að undanþiggja ræktunarskyldu eftir ræktunarsamþykkt jarðir í heiðum og afdölum, eða á útkjálkum, þar sem ræktunarskilyrði eru lítil, eða hætta getur verið á að jarðirnar leggist í eyði, eða ekki er hægt að flytja jarðyrkjuvélarnar þangað sökum samgönguörðugleika, sömuleiðis þær jarðir, sem fullræktaðar geta talizt, allt eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands.

20. gr.

Ræktunarframkvæmdum samkvæmt ræktunarsamþykktum á hverju samþykktarsvæði skal lokið innan 4 ára frá því, er verkið var hafið.

21. gr.

Nú hefir maður heimild á landi, sem Búnaðarfélag Íslands telur vel fallið til nýbýlis, og hefir hann þá sama rétt og búendur til þátttöku í ræktunarsamþykktinni fyrir land sitt.

Nd. 349. Frumvarp

til laga um Brunabótafélag Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Brunabótafélag Íslands, stofnað með lögum 3. nóv. 1915, er gagnkvæmt ábyrgðarfélag með ábyrgð ríkissjóðs fyrir allt að 800000 krónum og ábyrgð vátryggjenda eftir því, sem lög þessi ákveða.

2. gr.

Félagið tekur að sér eldsvoðatryggingar á húseignum utan Reykjavíkur, og í Reykjavík ef um semst, og á lausafé, allt eftir þeim nánari ákvæðum, sem lög þessi og reglugerðir setja.

3. gr.

Skylduábyrgð til félagsins hvílir á öllum húseignum í kaupstöðum og kauptúnum, þar með talin hús í smíðum, hvort sem þær eru eign einstakra manna, félaga eða opinberar eignir. Sömuleiðis hvílir skyldutrygging til félagsins á öllum íbúðarhúsum utan kaupstaða og kauptúna, úr hverju efni sem þau eru byggð, svo og geymsluhúsum, sem þeim eru áföst þannig, að þau megi teljast vera í sameiginlegri brunahættu við íbúðarhúsin. Ennfremur á kirkjum, skólahúsum og samkomuhúsum.

4. gr.

Heimilt er félaginu að taka eldsvoðaábyrgð á öllum öðrum húsum í sveitum, svo sem gripahúsum og hlöðum; sömuleiðis er félaginu heimilt að taka í ábyrgð, hvar sem er á landinu, hverskonar lausafé, þar með taldar verzlunarvörur, skip eða báta á landi eða í höfn.

5. gr.

Vátryggingarupphæð húsa ákveðst með virðingargerð, og vátryggir félagið alla virðingarupphæðina. Þó má tryggja hús í smíðum samkvæmt skýrslu eiganda. Lausafé skal tekið í ábyrgð eftir skrá, er eigandi semur með áætluðu sanngjörnu verði munanna.

6. gr.

Tryggingar félagsins skiptast í þrjá flokka og myndast af iðgjöldum til félagsins þrír tryggingarsjóðir, hver fyrir sinn flokk:

1. Tryggingarsjóður af iðgjöldum fyrir hús í skylduábyrgð í kaupstöðum og kauptúnum, 1. flokkur.
2. Tryggingarsjóður af iðgjöldum fyrir öll hús í sveitum utan kauptúna, hvort sem þau eru í skylduábyrgð eða í frjálsri tryggingu, 2. flokkur.
3. Tryggingarsjóður af iðgjöldum fyrir lausafé, sem tryggt er í félaginu, 3. flokkur.

7. gr.

Félagið leitar endurtryggingar eða samtryggingar (co-assurance) hjá öðrum brunabótafélögum á því, er vátryggingar, sem félagið tekur að sér, eru hærri en hér segir:

A. **Hús og mannvirki.**

1. Steinhús	kr.	20000.00
2. Timburhús eldvarnarklædd	—	15000.00
3. Önnur hús og mannvirki	—	10000.00

B. **Lausafé.**

1. Í steinhúsum	—	12000.00
2. Í timburhúsum eldvarnarklæddum	—	9000.00
3. Í öðrum húsum og annað lausafé	—	6000.00

Á meðan félagið fær ekki endurtryggingu á lausafé, er því ekki skylt að taka hærri lausafjártryggingar en að framan segir.

8. gr.

Allir þeir, sem vátryggja í Brunabótafélagi Íslands samkvæmt 6. gr. 1. og 2. tölulið, eru félagsmenn þess. Félagsmenn ábyrgjast hver í sínum flokki hver gagnvart öðrum, að iðgjaldasjóður þess flokks standi í skilum. Þó nær skuldbinding þessi aðeins til eigna þeirra, sem vátryggðar eru í félaginu.

Skaðabóta má krefjast af félagsmönnum aðeins á þann hátt, að heimt sé inn aukagjald, er eigi sé hærra nokkurt ár en helmingur hins árlega iðgjalds, er tiltekið er í brunaskírteininu.

9. gr.

Ríkissjóður ábyrgist með allt að 800000 kr., að félagið uppfylli skyldur sínar. Geti félagið eigi af eigin rammleik borgað skaðabætur, er skylt er að greiða, leggur ríkissjóður til það, er vantar, þó aldrei meira en áðurnefnda upphæð.

Ef félagið hefir orðið að leita aðstoðar ríkissjóðs til þess að greiða skaðabætur, skal styrkur sá, er félagið hefir fengið af ríkissjóði, endurgreiðast smátt og smátt, eftir því sem efni félagsins leyfa. Nú nemur það, er lagt hefir verið fram af ríkissjóði, meira en 50000 kr., og skal félagið þá gera vátryggjendum að greiða aukagjöld þannig, að það, sem fram yfir er 50000 kr., endurgreiðist ríkissjóði á 10 árum í seinasta lagi, ef hægt er, en ávallt skal gæta ákvæða 8. greinar um stærð aukaiðgjalda.

10. gr.

Vátryggingar á lausafé og húseignum samkvæmt 4. gr. gilda til þess tíma, sem tiltekið er í vátryggingarskírteini.

Enga tryggingu má fella úr tryggingu fyrir þá sök, að iðgjald sé eigi greitt.

11. gr.

Félagið tekur ekki ábyrgð á tjóni, sem orsakast af landskjálfta eða ófriði, né heldur á tjóni, sem af því leiðir, að vátryggjandi, kona hans eða nánustu erfingjar eru valdir að brunanum af ásettu ráði, eða fyrir stórkostlegt hirðuleysi.

Félagið á auk þess rétt á að draga fjórðung af brunabótum, er vátryggjandi hefir út af eldsvoðanum verið dæmdur í sekt fyrir brot gegn brunamálalögunum, eða ef hann hefir gengizt undir það sjálfviljugur að greiða slíka sekt.

12. gr.

Skaðabætur má eigi greiða af hendi fyrr en haldin hefir verið réttarrannsókn út af brunanum. Þó má félagið gera undantekningu frá þessu, ef tjónið nemur eigi meiru en 500 kr.

13. gr.

Bætur fyrir tjón á húsum má aðeins greiða til þess að gera við hús, sem skemmzt hefir við bruna, eða endurbyggja á sama stað hús, er brunnið hefir, eða þar sem félagið, í samráði við byggingarnefndir í kaupstöðum og kauptúnum og hreppsnefndir í sveitum, ákveður, og er félaginu skylt að tryggja það, áður en brunabæturnar eru greiddar, að þeim sé réttilega varið.

Félaginu er heimilt að veita undanþágu frá byggingarskyldu samkvæmt ákvæðum fyrri málsgreinar þessarar greinar, þó svo, að 10—20% af brunabótaupphæðinni sé þá dregið frá, nema almannahagur heimti, að vikið sé frá þessu ákvæði um frádrátt.

14. gr.

Þegar eignir þær, er tryggðar eru hjá félaginu, eru veðsettar, nær veðrétturinn einnig til brunabótafjárins. Glati veðsetjandi rétti sínum til brunabótanna, á veðhafi engu að síður heimtingu á greiðslu þeirri, svo sem með þarf, til þess að borga kröfuskuld hans með eins árs vöxtum, ef annað veð eða aðrar eignir veðsetjanda hafa ekki hrokkið til.

15. gr.

Tryggingariðgjaldið hvílir á eignum þeim, er tryggðar eru í félaginu, og gengur í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum, er á þeim liggja, nema sköttum til ríkissjóðs.

Öll iðgjöld til félagsins, virðingargjöld og skirteinagjöld má heimta með lögtaki.

16. gr.

Eindagi á öllum iðgjöldum skal vera 15. október. Nú eru eignir vátryggðar á öðrum tíma, og skal þá ávallt fyrsta vátryggingartímabilið teljast til 15. okt. þess, er næstur kemur eftir að vátryggingin byrjar, nema vátryggt sé til skemmri tíma. Öll iðgjöld greiðast fyrirfram fyrir vátryggingartímabilið.

17. gr.

Nánari ákvæði um verksvið félagsins, virðingar, iðgjöld, endurtryggingu, brunatjón og brunabætur, ábyrgð félagsmanna og annað fyrirkomulag á málum þess, setur ríkisstjórnin með reglugerð.

18. gr.

Félagið skal hafa heimili og varnarþing í Reykjavík og stendur undir umsjón ríkisstjórnarinnar.

19. gr.

Félaginu stjórnar framkvæmdarstjóri, er skipaður er af ríkisstjórninni. Félagið greiðir laun framkvæmdarstjóra og annan starfrækslukostnað.

20. gr.

Félagið hefir umboðsmenn í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru sérstakur hreppur. Í kauptúnum, sem ekki eru sérstakur hreppur, getur félagið einnig haft umboðsmenn, en utan kaupstaða og kauptúna er hreppsnefndum skylt að annast umboðsstörf fyrir félagið, hverri fyrir sinn hrepp, gegn tilsvarandi ómakslaunum og umboðsmenn félagsins hafa.

21. gr.

Iðgjaldasjóði kaupstaða og kauptúna, sem félagið varðveitir samkv. 7. gr. laga nr. 54, 3. nóv. 1915, skal varið þannig, að fyrst séu greiddar af sam-

eiginlegum eignum sjóðanna skuldir einstakra sjóða við Brunabótafélag Íslands og það, er hinir einstöku kaupstaðir og kauptún kunna að hafa greitt til að bæta brunatjón umfram iðgjöld, en afgangurinn sé látinn renna í tryggingarsjóð kaupstaða og kauptúna.

Brunabótasjóðir sveitabæja og annara húsa utan kauptúna samkv. 1. gr. laga nr. 35, 27. júní 1921, og hinn sameiginlegi brunabótasjóður samkv. 18. gr. sömu laga, skulu mynda tryggingarsjóði sveitabæja utan kaupstaða og kauptúna að greiddum skuldum hinna einstöku sjóða.

22. gr.

Af tryggingarsjóði kaupstaða og kauptúna skal taka 10 þúsund krónur og leggja í sérstakan tryggingarsjóð fyrir lausafé, og er það stofnfé lausafjártryggingarsjóðs.

23. gr.

Brjóti vátryggjandi móti lögum þessum eða reglum þeim og skilyrðum, sem sett eru samkvæmt þeim, varðar það réttindamissi til brunabóta eftir málavöxtum, svo sem reglugerð nánar tiltekur.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum hennar, 10—500 kr., er renni í sjóð þann, sem brotið er við.

24. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. okt. 1931.

Frá sama tíma eru úr gildi felld lög nr. 54, 3. nóv. 1915, um stofnun Brunabótafélags Íslands, og lög nr. 35, 27. júní 1921, um vátrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum utan kauptúna, svo og um lausafjártryggingar.

Ed. 350. Nefndarálit

um frv. til laga um fimmtardóm.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Eins og tekið er fram í áliti meiri hl. allsherjarnefndar á þskj. 317 hefir nefndin ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþykkt með aðeins einni smábreytingu. Ég er hinsvegar þeirrar skoðunar, að slík samþykkt frv. væri spor í öfuga átt. Hefi ég því leyft mér að bera fram allmargar brtt. á þskj. 347.

Höfuðbreytingarnar, sem ég legg til að gerðar verði á frv., eru þessar:

1. Fimmtardómsheitið falli niður. Rétturinn haldi því nafni, er hann nú ber, en þyki það eigi viðkunnanlegt, sé tekið upp nafnið „yfirdómur“.

2. Í stað þess að frv. gerir ráð fyrir dómarafjölgun í æðsta dómstólnum á þann hátt, að 2 af lagakennurum háskólans séu til kvaddir sem aukadómarar í vissum málum, legg ég til, að fastadómurum sé fjölgað upp í 5.

3. Samkv. frv. á að nema burt dómarapróf það, er hæstaréttarlögin ákveða. Ég legg til, að það verði látið haldast.

4. Í frv. því um fimmtardóm, er lagt var fyrir Alþingi 1930, var ákvæði um nokkra launahækkun dómaranna í æðsta dómstólnum. Þetta ákvæði er fellt úr frv. því, er nú liggur fyrir þinginu. Ég hefi tekið upp brtt. um hækkun launanna í samræmi við það, sem lagt var til í stjfrv. 1930.

5. 2. gr. frv. mælir svo fyrir, að hæstarétt skuli leggja niður þegar fimmtardómur tekur til starfa. Ákvæði þetta er sennilega komið inn í frv. fyrir vangá, því vitanlega hefir eigi verið ætlazt til, að æðsti dómstóll ríkisins yrði lagður niður, þótt gerð væri nafnbreyting á honum. Legg ég því til, að greinin falli burt.

6. Frv. gerir ráð fyrir, að málaflutningsmönnum við æðsta dómstól landsins sé gert að skyldu að bindast félagssamtökum undir nokkurskonar yfirstjórn dómsmálaráðherra. Ég fæ eigi séð, hvaða nauður rekur til að lögskylda þessa stétt manna, frekar en aðrar, til félagsskapar. Legg ég því til, að ákvæðið sé niður fellt.

Flestar aðrar brtt., sem ég flyt, standa í sambandi við eða eru bein afleiðing af þeim breytingum, sem ég nú hefi drepið á. Nánari grein fyrir tillögum mínum mun ég gera í framsögu.

Að öðru leyti get ég vísað til álits minni hl. allsherjarnefndar efri deildar 1930 (þskj. 381), að svo miklu leyti, sem það fjallar um þær breytingar, er nú liggja fyrir.

Ég get því aðeins gefið frv. atkv. mitt, að breytingartill. mínar nái í höfuðatriðum fram að ganga.

Alþingi, 9. apríl 1931.

Pétur Magnússon.

Ed. 351. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 46, 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Flutningsm.: Guðrún Lárusdóttir.

1. gr.

26. gr. laganna orðist þannig:

Sé barnsfúlga sú, sem barnsföður (meðlagsskyldum) er skylt að borga með óskilgetnu barni, samkvæmt úrskurði valdsmanns eða samningi, stað-

festum af valdsmanni, ekki greidd á réttum eindaga, og eigi móðir þess rétt til framfærslu hér á landi, þá er henni heimilt, áður en eitt ár er liðið frá eindaga, að krefjast þess, að fúlgan verði greidd henni af sveitarfé í dvalarsveit hennar. Beiðni barnsmóður til dvalarsveitar skal fylgja meðlagsúrskurður valdsmanns, löglega birtur, eða samningur, staðfestur af honum og löglega birtur, og lífsvottorð barnsins, enda láti móðirin uppi þá skýringu um framfærslusveit barnsföður (meðlagsskylds), sem hún er fær um.

Meðlagið telst sveitarstyrkur til handa barnsföður (meðlagsskyldum) frá dvalarsveit móður, og fer um endurgjald á honum sem öðrum sveitarstyrk.

2. gr.

31. gr. laganna orðist þannig:

Nú líður meira en 12 mánuðir frá því, að konan varð heil, þangað til hún leitar dvalarsveitar út af gjaldkræfu framlagi samkvæmt 29. gr. og 30. gr., og er dvalarsveit þá eigi skylt að inna það af hendi.

3. gr.

Lög nr. 15, 31. maí 1927, um breyting á lögum nr. 46, 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, eru úr gildi numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

Við 1. gr.

Breyting sú, sem 1. gr. frv. fer fram á, er að felldur sé úr 26. gr. laga nr. 15, 31. maí 1927, þessi kafli:

> Þó eigi meira en meðalmeðgjöf í þeirri sveit, sem barnið dvelur í. En upphæð meðalmeðgjafar með óskilgetnum börnum ákveður atvinnumálaráðuneytið, að fengnum tillögum sýslunefnda og bæjarstjórna, fyrir hvert sveitarfélag um 3 ár í senn, og skal miða meðalmeðlag við aldur barna, hinn sama á öllu landinu, —

og þar með numið úr gildi það ákvæði, að dvalarsveit óskilgetins barns beri aldrei að greiða meira en meðalmeðlag, eins og það er ákveðið fyrir hvern þriggja ára tíma; en hinsvegar gert skylt að greiða meðlagið samkvæmt því, sem ákveðið er í meðlagsúrskurði valdsmanns eða samningi, staðfestum af valdsmanni.

Þar sem meðlagsúrskurður ákveður oft aðra upphæð meðlags en hið lögákvarðaða meðalmeðlag, virðist ranglátt að einskorða meðlag, sem greitt er af dvalarsveit barns fyrir hönd barnsföður, við meðalmeðlag. Hitt er rétt-

látara, að fylgja þar eins og jafnan, er meðlagsúrskurður liggur fyrir, því ákvæði, sem í honum er sett um meðlagsupphæðina.

Við 2. gr.

Fresturinn á greiðslu á barnsfararkostnaði frá dvalarsveit er aðeins 6 mánuðir, en þar sem barnsfaðernismál má höfða innan árs frá fæðingu barnsins, og það dregst oft að höfða slík mál, þó að víst sé um faðernið, vegna þess að margar stúlkur leita ekki aðstoðar yfirvaldanna fyrr en í síðustu lög, þá hefir mæðrastyrksnefndin, en að hennar tilhlutan er frv. borið fram, orðið þess vör, að alloft fæst barnsfararkostnaðurinn ekki greiddur, af því að ekki er snúið sér til sveitarinnar fyrr en 6 mánaða fresturinn er liðinn. Virðist því hentugra, að sami frestur gildi um greiðslu á barnsfararkostnaði af sveitarfé og gildir um höfðun barnsfaðernismáls.

Nd. 352. Lög

um kirkjuráð.

(Afgreidd frá Nd. 9. apríl).

1. gr.

Setja skal kirkjuráð fyrir hina íslenzku þjóðkirkju samkvæmt því, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Verkefni kirkjuráðsins er að vinna að eflingu íslenzkrar kristni og styðja að trúar- og menningaráhrifum þjóðkirkjunnar með því að:

a. íhuga og gera ályktanir um þau mál, sem varða þjóðkirkjuna í heild sinni og einstaka söfnuði hennar.
b. stuðla að frjálsri starfsemi til eflingar kristnilífi þjóðarinnar, mannúðar- og líknarstarfsemi.

3. gr.

Kirkjuráðið hefir:

1. Ráðgjafaratkvæði og tillögurétt um þau mál, er kirkjuna varða og heyra undir verksvið löggjafarvaldsins eða sæta konungsúrskurði. Svo og þau mál önnur, er kirkjustjórnin kann að leita álits þess um.
2. Samþykktaratkvæði og ákvörðunarrétt um guðsþjónustur kirkjunnar, veitingu sakramenta og kirkjulegar athafnir og helgisiði, þó eigi fyrr en tillögur ráðsins hafa verið samþykktar á prestastefnu (synodus). Ennfremur um þau mál, er hið almenna löggjafarvald kann að fá kirkjuráðinu til meðferðar og fullnaðarákvörðunar.
3. Rétt til að kjósa 1 mann til að taka þátt í stjórn kirkjulegrar starfsemi í sambandi við útvarp.
4. Ráðstöfunarvald yfir fé því, sem lagt kann að verða til frjálsrar kirkju-

legrar starfsemi eða annara kirkjulegra þarfa, eftir nánari ákvæðum, sem fjárveitingavaldið setur í hvert sinn.

Vafaatriði um takmörk á samþykktar- og ákvörðunarvaldi kirkjuráðs samkvæmt 2. lið þessarar greinar sæti úrskurði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

4. gr.

Kirkjuráðið skipa 5 menn, biskup landsins, 2 guðfræðingar, kosnir af sóknarprestum þjóðkirkjunnar og kennurum guðfræðideildar háskólans til 5 ára í senn, og 2 fulltrúar, kosnir af héraðsfundum til sama tíma. Kirkjumálaráðuneytið setur reglugerð um kosninguna.

5. gr.

Enginn má eiga sæti í kirkjuráði, nema hann fullnægi þessum skilyrðum:

a. Sé meðlimur þjóðkirkjunnar.
b. Sé orðinn 25 ára að aldri.
c. Eigi löglega með sig sjálfur og
d. hafi óflekkað mannorð.

6. gr.

Kirkjuráðið er ályktunarfært um mál þau, er greinir í 1., 3. og 4. lið 3. gr., ef 4 eru á fundi.

En um þau mál, er getur í 2. lið 3. gr., hefir ráðið eigi ákvörðunarrétt, nema það sé fullskipað, eða 4 kirkjuráðsmenn greiða samhljóða atkvæði.

Nú er kirkjuráði með sérstökum lögum falið að gera tillögu um veitingu prestakalla, og er þá ráðið ályktunarfært, þótt eigi séu 4 á fundi, ef þeir, sem eru fjarverandi, senda skriflegt álit og tillögu í símskeyti. Nú verða atkvæði jöfn, og ræður þá atkvæði biskups.

7. gr.

Biskup er sjálfkjörinn forseti kirkjuráðs. En ráðið sjálft kýs varaforseta og ræður ritara. Forseti kallar ráðið saman og kemur ályktunum þess á framfæri.

Biskup kallar saman kirkjuráð á ársfund einu sinni á ári. Aukafundir skulu haldnir þegar kirkjumálaráðherra, biskup eða 2 menn í ráðinu óska þess.

8. gr.

Kirkjuráðsmenn fá greiddan framlagðan kostnað og aðstoð eftir reikningi, er ráðuneytið úrskurðar.

Nd. 353. Nefndarálit

um frumvarp til l. um breyt. á l. nr. 73, 7. maí 1928 (Slysatryggingarlög).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er meðmælt frumvarpinu, en telur þó ekki sem stendur nauðsyn bera til að láta lögin ná yfir bæjarhús úr steini eða timbri fremur en torfi,

og gerir auk þess aðra breytingu við 1. gr. Leggur nefndin því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Við 1. gr.

1. Við staflið a. Á eftir „minni en 12 smál.“ komi: og róðrarbátum.
2. Stafliður d. falli niður.

Alþingi, 9. apríl 1931.

Magnús Torfason, form. Héðinn Valdimarsson, fundaskrifari, frsm. Jón Ólafsson.
Magnús Guðmundsson. Lárus Helgason.

Nd. 354. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á l. nr. 11, 18. maí 1920, um þingmannakosning í Reykjavík.

Frá 2. minni hluta allsherjarnefndar.

Frv. þetta vill fjölga þm. Reykjavíkur um 5 menn, úr 4 upp í 9.

Er þetta sú gífurlegasta röskun á kjördæmaskipun landsins, sem fram á hefir verið farið síðan stjórnarskráin 1874 gekk í gildi.

Það mætti því ætla, að nefndin hefði tekið sér tóm til að hugsa frv. nokkru ger en greinargerð þess ber með sér, og þá eigi síður fyrir það, að allur meiri hluti nefndarinnar er búsettur í Reykjavík. En hv. meiri hluta hefir sýnilega ekki virzt nein þörf á að heyra röksemdir þeirra, er aðstöðu hafa til að líta á málið frá öðru sjónarmiði en Reykvíkinga einna. Og svo brátt hefir þeim orðið, að þeir hafa afgreitt nefndarálitið á sjálfri páskahelginni.

Eins og nefndarálit meiri hlutans ber með sér, hefi ég ekki átt þess kost að ræða málið í nefnd, sakir fjarveru í embættiserindum.

Greinargerðin ber með sér, að þessi Reykjavíkurkrafa er miðuð við höfðatölu hér í borg, og hana eina. Skal því ekki neitað, að hún hlýtur jafnan að vera þung á meti. En ekki verður viðurkennt, að á hana beri að líta eina og ekki annað. Í því efni nægir að minna á, að hvergi munu þess finnast dæmi, að stórborgir hafi fulltrúatal á þingi að réttri tiltölu íbúatölu sinnar og manntals alls landsins. T. d. hefir New-York fylki jafna tölu í öldungadeild þingsins í Bandaríkjunum og minnsta smáfylkið, og er þetta vörn smásílanna gegn golþorskinum. Ber hér að því, að ekki tjáir að taka eitt meginatriði úr ríkislögum og ráða því til lykta, án þess að um leið sé séð fyrir því, að við það raskist ekki um of grundvöllur sá, sem á er byggt.

Allir munu játa, að hver landshluti og hvert hérað hafi rétt til íhlutunar um landsmál, og þess sé gætt, að sanngjarnar sérkröfur þeirra verði ekki fyrir

borð bornar. Skipting kjördæma landsins, hvers á fætur öðru, sýnir, að þingið hefir viðurkennt þetta, og sama kemur fram í því, að megn mótstaða ríkir gegn fækkun kjördæma með hlutfallskosningu, að ég ekki nefni óhuginn gegn því, að landið yrði gert að einu kjördæmi með hlutfallskosningu, en það væri auðvitað eina rétta kosningaskipunin, ef höfðatalan ein ætti að ráða.

Með kröfu Reykvíkinga um þingmannafjölgunina yrði þessu jafnrétti landshlutanna, sem hingað til hefir reynzt mjög farsælt, tilfinnanlega breytt. Og misjöfnuðurinn yrði þó enn meiri sakir yfirburða Reykjavíkur fram yfir önnur kjördæmi á öllum sviðum. Má þar margt til telja. Landskjörnir þingmenn nú síðast hafa allir verið kosnir úr Reykjavík og saga landskjörsins sýnir, að þeim er í lófa lagið að ráða meiri hluta þeirra eða jafnvel kjöri þeirra allra, ef þeir hnigu að einu ráði. Sökum hinna mörgu og margháttuðu menningartækja, er hrúgað hefir verið saman í Reykjavík, mun það ætíð við brenna, að Reykvíkingar nái kjöri víða um land, og sakir hins mikla blaðakosts, er þeir ráða yfir, gætir áhrifa þeirra til innstu dala og yztu annesja. Og eftir því, sem nú horfir við, er ekki annað sýnilegra en að þau áhrif aukist árförum, meðan fólki fækkar til sveita en fjölgar í Reykjavík. Fleira þarf svo ekki að tína til, því að peningavaldið þar auglýsir sig sjálft.

Næði nú þessi fyrirhugaða þingmannafjölgun fram að ganga, mætti gera ráð fyrir, að það hefði gagngerð áhrif á stjórnarfar landsins, því að engar líkur eru til, að nein stjórn mundi geta náð meiri hluta á þingi, nema með samþykki Reykjavíkurþingmannanna, né setið án þeirra vilja. Þarf ekki að lýsa því, hver bylting yrði með því á öllum stjórnarháttum og hve háskalegt það gæti orðið, að fá einu kjördæmi slíkt ofurvald í hendur.

Enginn nauður rekur til að fjölga nú þingmönnum Reykjavíkur. Ég get engin dæmi fundið þess, að traðkað hafi verið réttum málum þeirra, hafi þau fengið sæmilegan undirbúning. Miklu fremur má finna því stað, að þeir hafi komið lögum á landsfólkið, sem það hefir tekið stóra skaða af. En ein höfuðástæðan fyrir fjölgun þingmanna hlýtur jafnan að vera sú, að réttur þeirra, sem að standa, sé fyrir borð borinn, enda staðfestir þingsagan, að á það hefir verið lögð hin mesta áherzla, en hlutur Reykvíkinga hefir vissulega ekki verið fyrir borð borinn. Viðfangsefni síðari ára hefir verið og mun verða það, að verjast Reykjavíkurvaldinu. Sveitir landsins eru nú þegar í varnarstöðu.

Nú er ég ekki mótfallinn því, að fjölga þingmönnum Reykjavíkur eitthvað, út af fyrir sig, en um leið verð ég að krefjast þess, að næg trygging fyrir jafnrétti hinna landshlutanna verði fengin, t. d. með gagngerðri breyting efri deildar, þannig, að þar gæti ekki sérstaklega ríkis Reykjavíkur. Með öðrum orðum: að mínu viti á fjölgun þeirra fyrir engan mun að geta komið til greina, nema í sambandi við gagngerða endurskoðun á skipun þings og kjördæma, að undangengnum rækilegum undirbúningi og samvinnu flokkanna að þeim málum öllum saman.

Alþingi, 9. apríl 1931.

Magnús Torfason.

Nd. **355. Nefndarálit**

um frv. til laga um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir athugað þetta frumvarp og greinargerð þess allítarlega og komizt að þeirri niðurstöðu, að samþykkja beri frv. óbreytt að efni til. Þó skal þess getið, að framsögumaður nefndarinnar hefir áskilið sér rétt til að koma fram með breytingartillögur, og mun nefndin síðar taka afstöðu til þeirra.

Það er nú að vísu svo, að hvikað er frá þeim upphaflega grundvelli, sem fyrirhleðslulögin nr. 69 1917 leggja, með frumvarpi þessu, og 1. tillaga greinargerðarinnar lýsir, en nefndin lítur svo á, að framkvæmd hennar sé, eins og sakir standa, ókleif kostnaðar vegna, enda tekur það verk langan tíma, en samgöngubætur hinsvegar brýnar. Einkanlega telur nefndin mjög brýna nauðsyn á að setja brú á Þverá, einkum fyrir Landeyjar, og jafnvel allar sveitir austan ár, þar með talin Vestur-Skaftafellssýsla. Þá er nefndin sammála greinargerð frv. um það, að ekki sé vert að hverfa frá því að vinna að því í framtíðinni að stokkleggja vötnin, ef tilraunir og rannsóknir staðfesta, að það sé kleift, svo að svara þyki kostnaði. Nefndin telur heppilegra, ef það reynist kleift kostnaðar vegna, að brúin á Markarfljóti yrði sett neðar, hjá Kattarnefi fyrir ofan Hamragarða, og leggur til, að það verði rannsakað ítarlegar, hvort það brúarstæði muni ekki hagfelldara. Eins og áður er vikið að, telur nefndin ákvæðin um brúa- og vegagerðir höfuðatriði frv. og viðurkennir, að brýn nauðsyn sé til að bæta úr samgönguvandræðum fyrrnefndra sveita sem fyrst. Annars mun málið ítarlegar skýrt í framsögu. Breytingar þær, sem nefndin gerir á frv., miða eingöngu að því að breyta málinu til hins betra. Af framanskráðu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Fyrir „Litlu Dímon“ í 3. og 4. lið komi: Litla Dímon.
2. Við 4. gr.
   a. Fyrir „óriðnir eru við fyrirtækið“ komi: ekki eru við fyrirtækið riðnir.
   b. Fyrir „1927“ í niðurlagi greinarinnar komi: 1923.
3. Við 5. gr. Fyrir „og 3. gr. setur“ í síðara málslið fyrri málsgreinar komi: og í 3. gr. segir.
4. Við 9. gr. Fyrir „Hefir samþykktin“ komi: Samþykktin.

Alþingi, 9. apríl 1931.

Gunnar Sigurðsson, form. og frsm.
Benedikt Sveinsson, fundaskr., með fyrirvara.
Jón A. Jónsson.
Magnús Torfason.
Hákon J. Kristófersson.

Ed. 356. Frumvarp

til laga um einkasöluheimild ríkisstjórnarinnar á steinolíu.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson, Erlingur Friðjónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að kaupa svo mikla steinolíu, er henni þykir þurfa til þess að birgja landið, og selja hana samvinnufélögum, útvegsmönnum, kaupmönnum, sveitarfélögum og öðrum, samkvæmt reglugerð fyrir steinolíuverzlunina, er ríkisstjórnin setur. Steinolía telst hverskonar olía til brennslu, hráolíur, hreinsuð olía og benzín.

2. gr.

Þegar ríkisstjórnin hefir tekið að sér aðflutninga á steinolíu samkvæmt 1. gr., er engum öðrum leyfilegt að flytja hingað til lands steinolíu en ríkisstjórninni, nema með sérstöku leyfi hennar.

3. gr.

Þá er ríkisstjórnin hefir ákveðið að nota heimild þá, er 1. gr. ræðir um, skal hún hefja samninga við steinolíufélög þau, er olíugeyma eiga hér á landi, um kaup eða leigu á olíustöðvum þeirra, með geymum og öllu tilheyrandi, benzíndælum, „tank"-skipum, geymum og lóðum, og um kaup á steinolíubirgðum þeirra með umbúðum, fullum og tómum.

Náist ekki viðunandi samningar um kaup eða leigu á eignum steinolíufélaganna, getur ríkisstjórnin látið taka eignarnámi eignir þessar, eða þær af þeim, er steinolíuverzlun ríkisstjórnarinnar eru nauðsynlegar til hagfellds rekstrar verzlunarinnar, að dómi ríkisstjórnarinnar.

4. gr.

Ríkisstjórnin skal tryggja sér með samningi, er eigi verði sagt upp með minna en 1 árs fyrirvara, að áreiðanleg verzlunarhús selji steinolíuverzluninni nægar birgðir af steinolíu fyrir eigi hærra verð en almennt stórkaupamarkaðsverð er á hverjum tíma á þeim stað, sem olían er keypt í „tank"-skip úr olíuverzlun.

5. gr.

Á hver 150 kg. af steinolíu, er steinolíuverzlunin selur hér á landi, skal leggja 4 kr. gjald, er renni fyrst um sinn í veltufjár- og varasjóð steinolíuverzlunarinnar.

Að öðru leyti skal selja olíur fyrir það verð, er liðlega svarar innkaupsverði og öllum kostnaði.

Þegar verzluninni hefir safnazt svo mikið veltufé, að nægi til að reka með verzlunina skuldlaust, fellur gjald það, er ræðir um í 1. málsgr. þessarar greinar, í ríkissjóð. Hvers árs arður, sem til kann að falla umfram hið ákveðna

4 kr. gjald, leggist í veltu- og varasjóð verzlunarinnar, enda ber hann og það tap, sem verzlunin kann að verða fyrir.

6. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til þess að taka það lán, sem á þarf að halda til innkaupa á olíunni, til kaupa á olíustöðvum, olíugeymum og „tank"-skipum, til nauðsynlegra áhalda og til rekstrar steinolíuverzlunarinnar.

7. gr.

Ríkisstjórnin skipar vel hæfan mann, er hafi forstöðu steinolíuverzlunarinnar á hendi. Skal hann hafa skrifstofu í Reykjavík, er annast alla reikningsfærslu; ræður hann starfsmenn á skrifstofu og umsjónarmenn olíustöðva og aðra starfsmenn, er verzluninni eru nauðsynlegir, svo og umboðsmenn steinolíuverzlunarinnar, þar sem forstöðumaður telur nauðsynlegt að hafa umboðsmenn. Ríkisstjórnin velur 2 bókhaldsfróða menn til eins árs í senn til þess að endurskoða og rannsaka alla reikninga og bækur verzlunarinnar, og skal sú endurskoðun fara fram jafnóðum, og eigi sjaldnar en eftir hverja 3 mánuði. Ríkisstjórnin ákveður laun forstöðumanns og endurskoðenda.

8. gr.

Í reglugerð þeirri, er getur um í 1. gr., kveður landsstjórnin á um, hvernig fara skuli um steinolíubirgðir þær, sem félög eða einstakir menn kunna að eiga óseldar, þegar lög þessi koma til framkvæmda, hvort leyft skuli að selja þær, eða hvort þær skuli teknar eignarnámi til handa ríkissjóði.

9. gr.

Brot gegn 2. gr. laga þessara varða sektum, allt að 50000 kr., og skal ólöglega innflutt steinolía upptæk og andvirðið renna í ríkissjóð. Með brot gegn lögum þessum skal farið sem með almenn lögreglumál.

10. gr.

Um leið og steinolíuverzlun landsins byrjar, fellur niður vörutollur sá á steinolíu, sem ákveðinn er í lögum.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1932.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 77, 14. nóv. 1917, um einkasölu landsstjórnarinnar á steinolíu.

Greinargerð.

Með lögum nr. 77, 14. nóv. 1917, var landsstjórninni veitt heimild til þess að taka að sér einkasölu á innflutningi á steinolíu. Tildrög þeirrar löggjafar

voru þau, að erlent félag hafði þá um langt árabil haft raunverulega einkasölu á allri steinolíu, sem til landsins fluttist. Það var þó eigi fyrr en árið 1922, að landsstjórnin ákvað að nota heimildina og taka í sínar hendur einkasölu á allri steinolíu, er til landsins fluttist, þótt áður hafi landsverzlun í nokkur ár haft verzlun með steinolíu. Landsverzlun með steinolíu stóð svo til 1925, og þótti það sýnt á þessum stutta tíma, að steinolíuverzlunin væri til mikilla hagsbóta fyrir útvegsmenn landsins, sérstaklega fyrir hina smærri; kom þetta greinilega fram í opinberum umræðum um þetta mál, bæði innan þings og utan.

Það var hugsun forstöðumanna landsverzlunarinnar meðan hún starfaði, að koma rekstri hennar í það horf, sem fullkomlega svaraði kröfum tímans, sem sé að koma upp geymum fyrir steinolíu á helztu útgerðarstöðum hér innanlands, og flytja síðan inn olíuna í „tank"-skipum. Með því móti var hægt að komast að betri kaupum á steinolíu og að mestu komið í veg fyrir hina miklu rýrnun á olíunni, sem ávallt hlaut að verða, meðan hún var flutt inn í tunnum. Þó hafði landsverzlunin tekið upp þá nýung, að flytja inn olíuna í ståltunnum, og var það stórmikill hagnaður fyrir kaupendur. En áður en þetta kæmist í framkvæmd, var landsverzlunin lögð niður.

Nú hafa aðallega 3 félög haft alla steinolíuverzlunina á hendi, og hafa öll sama verðlag á vörum sínum; þau hafa komið því í framkvæmd, sem vakti fyrir forráðamönnum landsverzlunarinnar, sem sé að koma upp olíugeymum, og nú er farið að flytja inn steinolíu í „tank"-skipum.

Lögin frá 1917 gera aðeins ráð fyrir því, að ríkisstjórnin taki að sér einkainnflutning á steinolíu; hinsvegar er ekki gert ráð fyrir því, að landsverzlunin komi sér upp eða kaupi nein þau tæki, sem slíkri verzlun nú eru nauðsynleg, en þau kosta stórfé.

Frv. það, sem hér er borið fram, byggir að allmiklu leyti á lögunum frá 1917, en við er bætt þeim ákvæðum, að ríkisstjórninni heimilast að kaupa olíustöðvar og aðrar eignir af steinolíufélögunum, er hér starfa, eftir því sem nauðsynlegt þykir fyrir steinolíuverzlun landsins. Rétt þykir að hafa einnig þau ákvæði í frv., að stjórnin geti tekið þessar eignir eignarnámi, ef ekki næst samkomulag um kaup á þeim.

Nd. 357. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 60, 7. maí 1928, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabréfa.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Fyrir „allt að 10 milljónum króna" í upphafi 1. gr. komi: allt að 14 milljónum króna.

2. gr.

Síðasta málsgrein 6. greinar, „Ennfremur ..... lögum“, falli burt.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum nr. 60, 7. maí 1928, hafa starfað tveir veðdeildarflokkar, 8. og 9. flokkur. Útlánum úr 8. flokki, sem námu um 4 millj. kr., var lokið 3. febrúar 1930. 9. flokkur, sem nú er starfandi, er einnig 4 millj. kr., og er nú eftir af honum tæp 1½ millj. kr. Má gera ráð fyrir, að þeim flokki verði lokið á þessu ári. Heimild sú, er veitt var veðdeildinni með lögunum frá 1928, var 10 millj. kr., og eru þá eftir ónotaðar 2 millj. kr. Samkvæmt reynslu þeirri, er fengizt hefir á undanförnum árum, þá er það of lítil fjárhæð fyrir sérstakan flokk, og er því í frumvarpi þessu farið fram á viðbótarheimild, þannig að flokkurinn geti numið 6 millj. kr. Má gera ráð fyrir, að 6 millj. kr. flokkur muni nægja allt að tveimur árum, og getur það eigi talizt of langur tími, enda má og taka tillit til þess, að stofnkostnaður er tiltölulega meiri við litla flokka.

Ástæðan til þess, að lagt er til að felld sé burt heimildin í 6. gr. til þess að veðdeildin veiti lán bæjar-, sýslu- og sveitarfélögum, er sú, að lán þessi, sem eru annars eðlis en önnur lán veðdeildarinnar, rýra sölumöguleika bréfanna erlendis. Ef veðdeildin lánar aðeins út á hreinan 1. veðrétt í auðseljanlegum fasteignum, verða veðdeildarbréfin sambærileg við samskonar erlend verðbréf, og mundi það greiða fyrir sölu þeirra erlendis.

Frv. er flutt að ósk bankaráðs og bankastjórnar Landsbankans.

Nd. 358. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 16, 19. maí 1930 (Laun embættismanna).

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir að sjálfsögðu með, að frumvarpið verði samþykkt. Á fundi voru allir mættir nema Héðinn Valdimarsson.

Alþingi, 9. apríl 1931.

H. Stefánsson, form.	Ólafur Thors.	Sig. Eggerz, frsm.
	Ásg. Ásgeirsson, fundaskrifari.	

Nd. **359. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 56, 15. júní 1926, um notkun bifreiða.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í 3. gr. 1. málsgr. laga nr. 56 1926 komi í stað „1,75“: 1,86.

2. gr.

1. málsgr. 5. gr. sömu laga skal hljóða svo:

Enginn má stýra bifreið nema hann sé fullra 18 ára að aldri og hafi ökuskírteini frá lögreglustjóra, sem heimilar honum að stýra bifreið. Enginn má þó stýra leigubifreið til mannflutninga nema hann sé fullra 20 ára að aldri.

3. gr.

Í 6. gr. 2. málsgr. sömu laga komi í stað „18“: 25, — í stað „40“: 50 — og í stað „15“: 30.

Á eftir sömu málsgrein komi 3 nýjar málsgreinar svo hljóðandi:

Ákvæði þessara laga um hámarkshraða ná þó ekki til bifreiða í lögreglueftirlits- eða læknisferðum.

Ráðherra getur ákveðið í reglugerð, að hámarksökuhraði á einstökum vegum og hámarksökuhraði þungra vörubifreiða og fólksbifreiða til mannflutninga, er flytja fleiri en 7 farþega, skuli vera lægri en hér greinir.

Samskonar ákvæði má setja um takmörkun ökuhraða á götum í kaupstöðum og kauptúnum, ef bæjarstjórn eða hreppsstjórn gerir þar um samþykkt og ráðherra staðfestir.

4. gr.

Í upphafi 1. málsgr. 9. gr. sömu laga komi á eftir „Bifreiðarstjóri“: á leigubifreið til mannflutninga.

5. gr.

10. gr. sömu laga skal orða þannig:

Ráðherra heimilast að setja gjaldskrá, er ákveði fargjöld með leigubifreiðum til mannflutninga. Einnig heimilast ráðherra að ákveða, að gjaldvísir skuli vera í leigubifreiðum til mannflutninga.

6. gr.

Framan við 15. gr. sömu laga bætist ný málsgr. svo hljóðandi:

Skylt er bifreiðarstjóra að sýna almenna varkárni við akstur og meðferð bifreiðar á almannafæri.

7. gr.

1.—2. málsgrein 17. gr. sömu laga skal orða svo (og jafnframt skal fella burt 3. málsgrein í sömu gr.):

Sérhverjum bifreiðaeiganda er skylt að kaupa í tryggingarfélagi, sem viðurkennt er af ríkisstjórninni, og halda við tryggingu fyrir bifreið sína sem hér segir: Fyrir vörubifreiðar og bifreiðar, er flytja allt að 6 farþegum, 10000 kr. fyrir hverja bifreið, fyrir bifreiðar, er flytja fleiri en 6 farþega, 20000 kr. fyrir hverja bifreið. Skal með því tryggð greiðsla, að því leyti sem til hrekkur, á hverri þeirri skaðabótakröfu, er þeim kann að verða gert að greiða, sem ábyrgð ber á bifreiðinni, þegar slysið eða tjónið bar að höndum. Tvíhjóla bifreiðir og þær þríhjóla, sem ætlaðar eru einum manni, skulu á sama hátt tryggðar fyrir 5000 kr.

8. gr.

Aftan við 18. gr. sömu laga bætist 3 nýjar greinar, er verða 19., 20. og 21. gr., svo hljóðandi:

1. Heimilt er að setja í reglugerð um tryggingarskylduna ákvæði um, að undanþegið sé tryggingarskyldu smátjón eða slys, þar sem bætur eru innan við 200 kr.
2. Sérhverjum bifreiðaeiganda er skylt að tryggja hvern þann, sem ekur bifreið hans, fyrir bótum vegna slysa, er hann kann að verða fyrir við aksturinn. Skal tryggt í Slysatryggingu ríkisins og fyrir sömu bótum sem þar eru ákveðnar. Umboðsmenn slysatryggingarinnar innheimta iðgjöldin.
3. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um notkun bifreiða og skoðun.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 56, 14. júní 1929.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

11. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella teksta þeirra og 1. gr. laga nr. 23 1927 inn í meginmál laga nr. 56 1926, og gefa þau út svo breytt sem lög um notkun bifreiða.

Nd. 360. Breytingartillaga

við breytingartill. á þskj. 331 (Þingmannakosning í Reykjavík).

Frá Magnúsi Guðmundssyni.

Við 1. brtt. Í stað »6« komi: 5 — og í stað »30« komi: 29.

Nd. 361. Nefndarálit

um frv. til laga um verzlunarnám og atvinnuréttindi verzlunarmanna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin telur fulla þörf fyrir löggjöf um þessi efni, en þykir hinsvegar frumvarpið tæplega nógu rækilega undirbúið, og í trausti þess, að ríkisstjórnin láti athuga málið og leggi frv. fyrir næsta þing, leggur nefndin til, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 10. apríl 1931.

Magnús Torfason, form. Héðinn Valdimarsson, frsm. og fundaskr.
Magnús Guðmundsson. Jón Ólafsson. Lárus Helgason.

Nd. 362. Nefndarálit

um frv. til l. um verzlunaratvinnu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin telur fulla þörf fyrir löggjöf um þessi efni, en þykir hinsvegar frumvarpið tæplega nógu rækilega undirbúið, og í trausti þess, að ríkisstjórnin láti athuga málið og leggi frv. fyrir næsta þing, leggur nefndin til, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 10. apríl 1931.

Magnús Torfason, form. Héðinn Valdimarsson, frsm. og fundaskr.
Magnús Guðmundsson. Jón Ólafsson. Lárus Helgason.

Nd. 363. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufélög.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. þetta verði samþykkt.

Alþingi, 10. apríl 1931.

Magnús Torfason, form., frsm. Héðinn Valdimarsson, fundaskrifari.
Magnús Guðmundsson. Jón Ólafsson. Lárus Helgason.

Sþ. 364. Reglur um útvarp frá Alþingi,

settar af forsetum í samráði við þingflokka.

1. gr.

Útvarpa skal þingsetning og þinglausnum.

Þá skal og útvarpa framsöguræðu fjármálaráðherra um frv. til fjárlaga og, ef óskað er, hálfrar stundar ræðum af hálfu annara þingflokka, enda hefir fjármálaráðherra þá og rétt til stundarfjórðungs svarræðu.

2. gr.

Þegar útvarpað er umræðum um þingmál, skulu þingflokkar hafa rétt til jafnlangs ræðutíma og forsetar gefa þingmönnum færi á að taka til máls þannig, að flokkarnir skiptist á.

3. gr.

Við framhald fyrstu umræðu fjárlaga í neðri deild og fyrstu umræðu í efri deild mega ræður í fyrstu umferð vara eina stund, en síðan hálfa stund þrjár umferðir og enn aðrar þrjár stundarfjórðung. Skal þá útvarpi umræðna um fjárlög að fullu lokið. Sama regla gildir um útvarp umræðu um vantraust.

Það er umferð, þegar fulltrúar allra þingflokka hafa tekið til máls.

4. gr.

Þegar útvarpað er umræðum um önnur mál en fjárlög, skal hverjum þingflokki heimill hálfrar stundar ræðutími í fyrstu umferð, en úr því stundarfjórðungs.

Ekki skal útvarpað lengur en þrjár stundir við hverja umræðu, nema samþykki allra þingflokka komi til.

5. gr.

Nú óskar þingflokkur, að umræðu verði útvarpað, og snýr þá formaður flokksins tilmælum sínum til forseta. Skal forseti þegar tilkynna það formönnum annara þingflokka, en þeir leita samþykkis flokks síns svo fljótt sem auðið er. Útvarpa skal umræðu þegar samþykki allra flokka kemur til.

6. gr.

Nú næst ekki samkomulag milli þingflokka um útvarp umræðu, og skal forseti þá tilkynna það þeim, sem kröfuna átti. Ef þingflokkur ítrekar kröfu sína, skal umræðunni útvarpað. Réttur til útvarps án samþykkis annara þingflokka nær þó ekki lengra en til tveggja umræðna umfram þann flokk, sem sjaldnast hefir neytt þessa réttar.

7. gr.

Dag og stund útvarpsumræðu skal tilkynna í útvarpi og á þingfundi svo fljótt sem unnt er.

8. gr.

Umræðum skal útvarpa í sömu röð og kröfur um útvarp bárust forseta, enda sé að öðru leyti fullnægt ákvæðum þingskapa. Forseti getur þó vikið frá þessari röð, ef sérstakar ástæður liggja til.

9. gr.

Formenn þingflokka eru réttir aðilar gagnvart forseta og þingmönnum flokksins um allt það, er að útvarpi umræðna lýtur.

10. gr.

Forseti sker úr ágreiningi, sem verður um skilning á reglum þessum eða framkvæmd þeirra.

Ed. 365. Nefndarálit

um frv. til laga um merkingu á útfluttum saltfiski.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frv. nái fram að ganga, en telur rétt, að á því séu gerðar þær breytingar, að útflytjandi og seljandi séu skyldaðir til að setja merki sitt á fiskpakkana, í stað þess að í frv. er gert ráð fyrir því, að þeir hafi rétt til þess, en ekki skyldu.

Leggur því nefndin til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Við 3. gr.

a. Við 3. málsgrein. Í stað orðanna: „Útflytjandi hefir rétt til“ komi: Útflytjandi skal.
b. 4. málsgr. skal orða svo: Sé annar seljandi en útflytjandi, skal hann setja merki sitt í efra horn pakkans til hægri handar.

Alþingi, 10. apríl 1931.

Erlingur Friðjónsson, form. og frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskrifari.	H. Steinsson.

Nd. 366. Frumvarp

til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Jarðirnar Þormóðsstaðir og Skildinganes í Seltjarnarneshreppi, ásamt öllum lóðum og löndum, sem seldar hafa verið frá þeim, svo og verzlunarstaðurinn Skildinganes við Skerjafjörð, skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur frá 1. janúar 1932.

2. gr.

Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sér framfærslu allra þeirra þurfalinga, sem eru eða verða og framfærslusveit eiga eða mundu eignast, ef lög þessi yrðu ekki sett, vegna fæðingar eða dvalar á löndum þeim, sem um ræðir í 1. grein.

3. gr.

Fyrir árslok 1931 skulu fara fram endanleg fjárskipti milli Reykjavíkur og Seltjarnarneshrepps, þar á meðal væntanleg skaðabótagreiðsla til Seltjarnarneshrepps vegna laga þessara.

Náist ekki samkomulag milli nefndra aðila, skal það, sem milli ber, lagt í gerð þriggja manna, sem séu þannig skipaðir, að hvor aðili skipar einn mann í dóm, en oddamann skipar hæstiréttur. Nefni annarhvor aðili ekki mann í gerðardóminn, skal hæstiréttur nefna manninn í hans stað. Gerð þessara þriggja manna eru báðir aðilar skyldir að hlíta.

Nd. 367. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1932.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

1. Við 2. gr.

a.	Við 1. lið	(Fasteignask.). Í stað „280000“ kemur	350000
b.	— 2. —	(Tekju- og eignarsk.). Í stað „900000“ kemur	1200000
c.	— 3. —	(Lestagjald). Í stað „40000“ kemur	50000
d.	— 4. —	(Aukatekjur). Í stað „500000“ kemur	550000
e.	— 5. —	(Erfðafjárskattur). Í stað „35000“ kemur	50000
f.	— 6. —	(Vitagjald). Í stað „ 375000“ kemur	450000
g.	— 8. —	(Stimpilgjald). Í stað „360000“ kemur	400000
h.	— 9. —	(Skólagjöld). Liðurinn fellur niður.	

i. Við 10. lið (Bifreiðaskattur). Í stað „80000“ kemur 120000
j. — 11. — (Útflutningsgj.). Í stað „900000“ kemur 1000000
k. — 12. — (Áfengistollur). Í stað „400000“ kemur 500000
l. — 13. — (Tóbakstollur). Í stað „950000“ kemur 1050000
m. — 14. — (Kaffi- og sykurtollur). Í stað „850000“ kemur 950000
n. — 15. — (Annað aðflutningsgj.). Í stað „180000“ kemur .. 230000
o. — 16. — (Vörutollur). Í stað „1350000“ kemur 1475000
p. — 17. — (Verðtollur). Í stað „1450000“ kemur 1575000
q. — 18. — (Sætindagerðargj.). Í stað „50000“ kemur 100000

2. Við 3. gr. A. Sundurliðun.
a. Póstsjóður I. Í stað „550000“ kemur 575000
b. Síminn I. Í stað „1800000“ kemur 1900000
c. Eignahreyfingar. Út. II. Aftan við liðinn bætist nýr liður svolátandi:
Til nýrra símalagninga, með því skilyrði, að samkomulag náist við hlutaðeigandi héruð:
1. Til símalínu frá Svignaskarði að Fornahvammi 13000
2. — —— — Akureyri að Breiðamýri 18000
3. — —— — Ísafirði að Arngerðareyri 33000
4. — —— — Gröf í Grundarfirði að Bryggju .. 4000
5. — —— — Torfastöðum að Geysi 15000
6. — —— — Skagalínu 25000
7. — —— — Arngerðareyri að Melgraseyri 9000
: ———— 117000
d. Víneinkasalan I. Í stað „771000“ kemur 871000
Sundurliðun rekstrarhagnaðar breytist skv. a., b. og d. í 3. gr. A. 1.—7.

3. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
Borðfé konungs 60000

4. Við 13. gr. A. I. Aftan við liðinn bætist nýr liður, er orðist svo:
II. Til nýrra akvega:
1. Kjósarvegur, gegn framlagi ¼ kostnaðar frá hlutaðeigendum 20000
2. Snæfellingabraut 20000
3. Stykkishólmsvegur 20000
4. Breiðadalsheiðarvegur 30000
5. Holtavörðuheiðarvegur 60000
6. Hrútafjarðarvegur 10000
7. Vatnsskarðsvegur 20000
8. Hofsósvegur 8000
9. Öxnadalsvegur 12000
10. Vaðlaheiðarvegur 10000
11. Þistilfjarðarvegur 10000
12. Skeggjastaðarþinghárvegur 5000

13. Vopnafjarðarvegur 5000
14. Jökuldalsvegur 50000
15. Fjarðarheiðarvegur 30000
16. Biskupstungnabraut 20000

———— 330000

5. Við 13. gr. A. II. (Viðhald og umbætur).
   a. Í stað „200000“ kemur 500000
   b. Aftan við liðinn bætist nýr liður, er orðist svo:
      Til brúargerða skv. brúalögum 100000
6. Við 13. gr. A. IV. (Fjallvegir).
   Í stað „15000“ kemur 30000
7. Við 13. gr. C. VII. Liðurinn orðist svo:
   a. Til bryggjugerða og lendingarbóta, allt að ⅓ kostnaðar, gegn ⅔ frá hlutaðeigandi héruðum, enda sé það fé fyrir hendi og atvinnumálaráðuneytið samþykki áætlunina:
      1. Til bryggjugerðar í Keflavík, 2. veiting 27500
      2. — —— - Húsavík, 2. veiting 22000
      3. — —— - Hvammstanga, 2. veiting 11000
      4. — —— - Hnífsdal, 2. veiting 9000
      5. — —— - Vopnafirði, lokaveiting 8000
      6. — —— - Sauðárkróki 13000
      7. — —— - Vatnsleysustrandarhreppi 5500

      ———— 96000
   b. Til sjóvarnargarðs í Ólafsvík, lokaveiting 30000
   c. Til brimbrjótsins á Skálum á Langanesi 6000
   d. Til breikkunar á Snepilrás 6000
8. Við 13. gr. C. VII. Aftan við liðinn bætist nýr liður svo látandi:
   Til hafnargerðar á Akranesi 48000
9. Við 13. gr. C. VII. Aftan við liðinn bætist ný grein, er orðist svo:

Eignahreyfingar.
Út.

Til að reisa nýja vita:
a. Óshólaviti 19000
b. Sauðanesviti (ljós og hljóðviti) 76000

———— 95000

10. Við 13. gr. D. (Útvarpið).
    a. Við „Tekjur“. Í stað „200000“ kemur 250000
    b. Liðurinn færist á 3. gr. A. „Sundurliðun“, næst á eftir „Vín-einkasalan“.
       Rekstrarhalli útvarpsins kemur til frádráttar á rekstrarhagnaði skv. 3. gr. A. 1.—7.
11. Við 14. gr. B. I. o. Á eftir liðnum kemur ný grein, er hljóði svo:

Eignahreyfingar.

Út.

Framlag til háskólabyggingar, enda sé unnið fyrir upphæðina á árinu 100000

12. Við 14. B. VIII. Athugasemdin um skólagjöld skal falla niður.

13. Við 14. gr. B. XIV. 5 (Barnaskólabyggingar utan kaupstaða). Í stað „20000“ kemur 30000

14. Við 14. gr. B. XV. 6. Aftan við liðinn bætist tveir nýir liðir, svo látandi:

7. Framlag til byggingar gagnfræðaskóla í Reykjavík, gegn lögboðnu framlagi frá Reykjavíkurbæ, enda sé unnið fyrir fé á árinu 50000

8. Framlag til byggingar gagnfræðaskóla í kaupstöðum utan Reykjavíkur, gegn lögboðnu framlagi frá hlutaðeigandi kaupstöðum, enda sé unnið fyrir fé á árinu 40000

15. Við 14. gr. B. XVI. 3. (Húsmæðraskólar, byggingarstyrkur)

a. Í stað „20000“ kemur 30000

b. Aftan við liðinn bætist:

Þar af til kvenfélagsins Óskar á Ísafirði 10000 kr.

16. Við 16. gr. 7. Aftan við liðinn bætist nýr liður, svo látandi:

Styrkur til verklegra framkvæmda, er sveitar- og bæjarfélög láta vinna að þann tíma ársins, sem minnst er um atvinnu, allt að ⅓ kostnaðar, gegn a. m. k. tvöföldu framlagi frá hlutaðeigandi sveit eða kaupstað 300000

Ed. 368. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 59 1929, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

1. gr.

Í bæjarstjórn eða í nefndum innan bæjarstjórnar hafa þeir, sem eru formenn bæjarstjórnar samkvæmt embættisstöðu sinni að lögum, en eru þó eigi kosnir bæjarstjórar, eigi atkvæðisrétt nema kosnir séu fulltrúar.

2. gr.

Hér með eru úr lögum numin þau ákvæði laga, sem koma í bága við lög þessi.

Ástæður.

Með lögum nr. 59/1929 voru þau ákvæði sett, að bæjarstjórar hefðu eigi atkvæðisrétt í bæjarstjórn eða innan nefnda bæjarstjórnar. Eftir orðalaginu virðist það þó ekki ná til þeirra, sem eru oddvitar bæjarstjórna samkv. sérstökum lögum. Það er nú tilgangur laganna frá 1929, að aðeins kosnir fulltrúar í bæjarstjórn hafi atkvæðisrétt, eins og sjálfsagt er frá lýðræðissjónarmiði, en frumvarp þetta slær þessu föstu fyrir þá oddvita bæjarstjórnar, sem eru ekki kosnir bæjarstjórar.

Ed. **369. Frumvarp**

til laga um verðtoll.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Verðtoll skal greiða í ríkissjóð af vörum, sem fluttar eru til landsins, eftir þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Verðtollinn innheimta sýslumenn og bæjarfógetar, en í Reykjavík tollstjóri. Póstmenn innheimta verðtoll af þeim vörum, sem til landsins flytjast í pósti.

3. gr.

Gjaldheimtumenn greiða verðtollinn í ríkissjóð eftir þeim reglum, sem gilda um opinber reikningsskil, og fjármálaráðherra er heimilt að setja allar nauðsynlegar reglur til þess að tryggja ríkissjóð.

4. gr.

Hver, sem fær vörur frá útlöndum, er skyldur til, áður en vörurnar eru afhentar honum, að sýna hlutaðeigandi gjaldheimtumanni, eða umboðsmanni hans, reikning yfir innkaupsverð þeirra, kominna um borð í skip, er flytja á vörurnar hingað til lands, og er verðtollurinn innheimtur eftir þeim reikningum.

Á innkaupsreikningum skulu skýrt og greinilega tilgreind nöfn vörutegunda þeirra, er hann ræðir um, og verðið á hverri einstakri vörutegund, bæði einingar og heildarverð. Svo skal og í þeim greint, í hverri mynt er reiknað. Allir töluliðir reikninganna skulu lagðir saman og aðalupphæð þeirra skýrt tilgreind. Bannað er með öllu að nota á innkaupsreikningum verðskrárnúmer eða stafi í stað vöruheita. Innkaupsreikningar skulu einnig skýra greinilega frá númerum og merkjum á umbúðum vörunnar, svo og frá stykkjatölu hennar og þunga, með og án umbúða (brúttó og nettó þyngd).

Á innkaupsreikningum skal vera vottorð seljanda, undirritað af honum sjálfum eða af einhverjum þeim, er samkvæmt lögum í landi seljanda hefir rétt til að rita firma hans, um að stykki þau, er þar eru talin, hafi ekki aðrar eða meiri vörur inni að halda en þær, sem reikningurinn hljóðar um, og að allar vörur á reikningnum séu taldar með fullu því verði, sem kaupanda eða móttakanda ber að greiða fyrir þær. Sé téð vottorð ekki ritað á reikninginn eða ef hann fullnægir ekki öðrum framangreindum skilyrðum, varðar það innflytjanda allt að 1000 kr. sektum.

Auk innkaupsreiknings ber innflytjanda við greiðslu tollsins að sýna gjaldheimtumanni farmskirteini yfir vöruna, og sé á því greinilega skýrt frá vörutegund, stykkjatölu, merkjum og númerum stykkjanna.

Nú kemur það í ljós, að innkaupsverð á reikningi, sem fullnægir að formi til framangreindum skilyrðum, er óeðlilega lágt, og getur gjaldheimtumaður þá krafið innflytjanda um fyllri sannanir fyrir innkaupsverðinu, og fáist þær ekki, er gjaldheimtumanni heimilt að meta eða láta meta vöruna til verðs með hliðsjón af almennu innkaupsverði á samskonar vöru.

Gjaldheimtumenn geta og, hvenær sem þeim þykir þörf, rannsakað innfluttar vörur og gengið þannig úr skugga um, að innkaupsreikningar, farmskirteini og farmskrár greini rétt frá innihaldi sendinganna.

Sýnishorn og gjafir, sem enginn innkaupsreikningur fylgir og enginn reikningur verður gefinn yfir, metur gjaldheimtumaður eða lætur meta til verðs, og reiknast verðtollurinn af því matsverði. Sömuleiðis er gjaldheimtumanni heimilt að meta eða láta meta til verðs vörur þær, sem hann lætur selja á uppboði fyrir tolli, þegar hann hefir ekki fengið fullnægjandi skilríki um innkaupsverð þeirra. Kostnaður af mati á vöru, sem seld er fyrir tolli, greiðist af uppboðsandvirði vörunnar.

5. gr.

Gjaldheimtumaður, eða umboðsmaður hans, kvittar fyrir greiðslu verðtollsins með því að stimpla reikninga þá, er í 4. gr. getur, með merkjum þeim og á þann hátt, sem ræðir um í lögum nr. 75, 27. júní 1921. Önnur kvittun er ógild gagnvart ríkissjóði. Póstmenn kvitta þó fyrir verðtolli með frímerkjum.

6. gr.

Verðtollurinn er tvennskonar:

a. Allsherjar verðtollur, sem greiðist með sama hundraðshluta af öllum vörum, hvort sem þær að öðru leyti eru tollaðar eða ekki, nema sérstakar undantekningar séu gerðar.
b. Sérstakur verðtollur, sem greiðist með mismunandi hundraðshluta af verði vöru, eftir flokkum þeim, sem taldir eru í lögum þessum.

7. gr.

Verðtollur sá, er ræðir um í a-lið 6. gr., er 1½%. Hann greiðist af öllum vörum, þar með talin skip og bátar, er til landsins flytjast, nema íslenzkum vörum, sem endursendar eru frá útlöndum, ef þær eru endursendar

óbreyttar í sömu umbúðum og þær voru sendar héðan, og notuðum umbúðum undan íslenzkum vörum, enda sé gjaldheimtumanni, þar sem þær eru settar í land, afhent vottorð frá tollgæzlustöð, þar sem þær eru fluttar í skip erlendis, um að varan sé íslenzk vara eða umbúðirnar séu undan íslenzkum vörum, sem komið hafa héðan til útlanda.

Venjulegur farangur ferðamanna telst ekki vara í lögum þessum, og ekki heldur heimilismunir manna, sem flytja vistferlum til landsins, né notaðir munir, sem sendir hafa verið til aðgerðar.

8. gr.

Undanþegnar verðtolli þeim, er getur í b-lið 6. gr., eru þær vörur, sem hér segir:

a. Aflvakar, aflvélar og frystivélar og hlutar í þær, nema í mótorhjól og mótorvagna, til kökugerðar, brjóstsykursgerðar og kvikmyndasýninga.
b. Áburðarolíur og áburðarfeiti.
c. Áburður, tilbúinn.
d. Benzín.
e. Brunavarnatæki.
f. Fiskábreiður, fiskumbúðastrigi og tómir pokar og ullarballar.
g. Girðingavír, girðinganet, steypuvírnet, steypuvír og girðingastólpar og kengir.
h. Hurðir, gluggar og húsalistar.
i. Jarðyrkjuáhöld.
j. Járnpípur, dregnar og steyptar, og tengistykki á þær, og leirpípur.
k. Korntegundir, fóðurmjöl og fóðurkökur.
l. Leður og skinn, sútað, nema loðskinn.
m. Lyf og lyfjavörur.
n. Ofnar, eldavélar og miðstöðvartæki, og hlutar í þau.
o. Pappi, pappír, umslög, bækur, tímarit og blöð, kennslutæki og vísindaáhöld.
p. Rafmagnsperur.
q. Rúðugler.
r. Saumur, hnoðsaumur og skrúfnaglar.
s. Símavír og efni til símalagningar og loftskeytastöðva.
t. Skip og bátar.
u. Smíðajárn, gjarðajárn, þakjárn, stál og blikk, stálvírar og kaðlar.
v. Steinlím og kalk.
x. Steinolía.
y. Trjáviður.
z. Útvarpstæki.
þ. Vindur (spil).
æ. Veggfóður og veggplötur til bygginga, gólfplötur og þakhellur.
ö. Veiðarfæri og veiðarfæraefni, nema til stangarveiði.
aa. Vörur, sem tollaðar eru í sérstökum tollflokkum.

9. gr.

Verðtollur sá, sem í 6. gr. b getur, er eins og hér segir:

A. Með 30% tollast eftirtaldar vörur:
Blómlaukar. Bréfspjöld og myndabækur. Flugeldar. Gimsteinar og demantar. Glysvarningur, svo sem blómglös, blómvasar, borðflögg, grímur, grímubúningar, jurtapottar úr hverskonar efni, ef þeir eru eitthvað skreyttir, og aðrar slíkar vörur. Gull-, silfur-, platínu- og plettvörur. Humar, krabbar, ostrur og aðrir skelfiskar. Jólatré og jólatrésskraut. Kransar og kransaefni. Lakkrís. Lakkskór, flosskór, flauelsskór og rósaskór (brokadeskór). Leikföng allskonar. Loðskinn og loðskinnafatnaður. Munnhörpur. Plöntur og blóm, lifandi, þurrkuð og tilbúin. Silkivefnaður, silkifatnaður, silkihattar og silkiskór. Skrautvarningur, svo sem málverk, myndir, myndastyttur, skrautsmælki (nips) og veggskildir, og aðrar slíkar vörur. Spil. Sólhlífar.

B. Með 20% tollast eftirtaldar vörur:
Ávaxtamauk. Ávextir og grænmeti, þurrkað, saltað, niðursoðið og syltað. Egg, ný, niðursoðin og eggjaduft. Eldspýtur. Fiður, dúnn og dýnur úr því efni. Fiskur, nýr, ísvarinn, niðursoðinn, hertur og saltur. Ger, gerduft og gerefni allskonar. Grammófónar og grammófónplötur, og tilheyrandi tæki. Göngustafir. Hanzkar, nema úr silki. Harmónikur. Hár, allskonar. Hár-, húð- og handsnyrtitæki og efni, sem notuð eru við slíkar snyrtingar, hárgreiður, höfuðkambar, hárnálar, hand- og raksápur. Hattar (aðrir en silkihattar) og húfur. Kex, kökur og brauð hverskonar. Kjöt og kjötmeti, nýtt, ísvarið, niðursoðið, saltað og hert. Krydd og kryddolíur allskonar. Legsteinar. Ljósmyndaáhöld og efni til ljósmyndagerðar. Mótorhjól og reiðhjól. Myndarammar (úr öðru en gulli, silfri, platínu og pletti). Postulíns-, leir-, gler-. kristal-, alumin-, tin- og steinungsvörur. Rakhnífar, rakvélar og rakvélablöð. Regnhlífar. Speglar og spegilgler. Tóbakspípur og tóbaksmunnstykki. Úr, úrfestar (úr öðru en gulli, silfri og platínu) og klukkur. Veiðistengur og veiðarfæraefni til stangarveiða. Veggteppi, gólfteppi, teppadreglar og dyratjöld (úr öðru en silki).

C. Með 10% tollast eftirtaldar vörur:
Fatnaður, annar en olíufatnaður og fatnaður, sem fellur undir hærri verðtoll. Fólksflutningabifreiðar. Fægiduft, fægilögur, fægisápur og fægismyrsl. Garn og tvinni, allskonar. Gljávax (bon). Hnífar og hnífapör. Húsgögn allskonar, heil og í hlutum. Kerti. Línsterkja. Mjólk og rjómi allskonar. Mjólkurduft. Ostar. Reiðtýgi. Rótarávextir. Skotfæri, skotvopn. Skófatnaður, annar en sá, er fellur undir hærri verðtoll. Skóáburður og stigvélaáburður. Smjör og smjörlíki. Tólg. Töskur allskonar. Vefnaðarvörur, aðrar en segldúkur, fiskábreiður, umbúðastrigi, segl- og strigaborðar, og vefnaðarvörur, sem falla undir hærri verðtoll. Veski allskonar.

D. Með 5% tollast:
Allar vörur, sem ekki eru undanþegnar þessum tolli né taldar í A.—C.-lið.

Verði ágreiningur um flokkunina, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

10. gr.

Af vörum þeim, sem til landsins flytjast í póstbögglum, greiðist verðtollur eftir reglum 9. gr. Ef reikningur fylgir ekki póstböggli, skal um verðmætið fara eftir skýrslu viðtakanda, ef póstþjónn telur hana ekki tortryggilega, en að öðrum kosti skal hann meta verðið.

Heimilt er póstmönnum að opna böggulsendingar, sem sendar eru í pósti frá útlöndum, að viðtakanda ásjáandi eða umboðsmanni hans, um leið og þær eru afhentar, ef grunsamt þykir, að ekki sé rétt frá skýrt um innihald þeirra.

Verðtollinn greiðir viðtakandi í frímerkjum um leið og hann tekur við bögglinum, og skal pósthúsið, sem afhendir hann, líma þau á hann eða fylgibréfið og stimpla þau á venjulegan hátt. Póstmaður skal gæta þess, að viðtakandi taki frímerkin. Af póstbögglum, sem endursendir eru til útlanda, skal ekkert gjald greiða.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja nánari reglur um innheimtu verðtolls af póstbögglum, ef þurfa þykir.

11. gr.

Verðtollinn skal greiða gjaldheimtumanni í því lögsagnarumdæmi, þar sem varan er flutt úr skipi, nema hún eigi samkvæmt farmskrá skipsins að halda áfram með sama eða öðru skipi til annarar hafnar innanlands, og að því er lausakaupmenn snertir, þar sem skipið á fyrst að sýna skipsskjöl sín eftir gildandi lögum.

12. gr.

Hinar gjaldskyldu vörur má ekki byrja að flytja úr skipi fyrr en skipstjóri eða afgreiðslumaður hefir skilað gjaldheimtumanni eða umboðsmanni hans öllum skjölum, er skipsfarminn snerta, og látið fylgja skriflegt vottorð skipstjóra, að viðlögðum drengskap, um það, að ekki séu í skipinu aðrar eða meiri gjaldskyldar vörur til þess staðar en þær, sem tilfærðar eru á farmskránni.

Sé afferming byrjuð áður en fullnægt er fyrirmælum þessarar greinar, verður skipstjóri sekur um allt að 1000 kr.

13. gr.

Ekki má án samþykkis gjaldheimtumanns afhenda viðtakendum gjaldskyldar vörur fyrr en gjaldið er greitt. Brot gegn þessu fyrirmæli varðar sektum, allt að 1000 kr., á hendur skipstjóra eða afgreiðslumanni skips, ef hann er þar á staðnum. Auk þess ber skipstjóri eða afgreiðslumaður ábyrgð á greiðslu tollsins af hinum afhentu vörum á sama hátt og segir um viðtakanda í 17. gr. Hafi vörurnar verið afhentar viðtakanda án samþykkis gjaldheimtumanns eða áður en hann hefir fengið kvittun gjaldheimtumanns fyrir því, að gjaldið sé greitt, þá er viðtakandi skyldur til að skýra gjaldheimtumanni eða umboðsmanni hans frá þessu þegar í stað, eða í síðasta lagi innan þriggja daga frá því er hann tók við vörunum, og greiði hann þá gjaldið um

leið, ef það er ekki þegar greitt. Verðtollurinn fellur í gjalddaga, þegar skip það, er vörurnar flytur, hefir hafnað sig þar, sem gjaldið á að greiðast.

14. gr.

Lögreglustjórar (í Reykjavík tollstjóri) hafa vald til, hvenær sem vera skal, að heimta af hverjum manni í umdæmi sínu, er ástæður þykja til að ætla, að fái gjaldskyldar vörur frá útlöndum, skriflegt vottorð, að viðlögðum drengskap, um hvort hann hafi fengið þesskonar vörur, og ef svo er, þá hverjar og hve mikið af þeim og hvað þær hafi kostað.

Ef nokkur tregðast við að gefa þau vottorð, sem ræðir um í þessari grein, má þvinga hann til þess með dagsektum, allt að 60 kr. á dag, og má gjaldheimtumaður ákveða sektirnar í bréfi til viðtakanda.

15. gr.

Farmskrá yfir allan farm skips skal frá hverju landi vera samin í minnst 2 samritum, og auk þess samhljóða útdrættir úr farmskránni yfir vörur þær, sem fara eiga á hverja einstaka höfn. Eitt eintak af aðalfarmskránni afhendist gjaldheimtumanni í þeirri höfn, þar sem skipið hafnar sig fyrst, en hann sendir það síðan fjármálaráðuneytinu með fyrstu ferð. Útdrættina úr aðalfarmskránni skal afhenda gjaldheimtumanni eða umboðsmanni hans á þeirri höfn, sem vörurnar eiga að affermast. Útdrættir þessir skulu vera greinilega skrifaðir, svo auðvelt sé að lesa þá. Á þeim sé greinilega tilgreint stykkjatal, merki og númer þeirra, sendandi og móttakandi, heiti og þungi eða rúmmál vörunnar, svo og flutningsgjald. Vörusendingar skulu á skrám og útdráttum tilfærðar í óslitinni töluröð.

Það varðar skipstjóra sektum, allt að 1000 kr., ef farmskrár fylgja ekki skipi, samdar eins og hér er mælt fyrir, eða ef vanrækt er að afhenda þær gjaldheimtumanni eða umboðsmanni hans. Ef svo stendur á eða skrám er áfátt, getur gjaldheimtumaður og krafizt þess, að skipstjóri eða afgreiðslumaður láti rita skrár upp, svo þær fullnægi framangreindum skilyrðum, og ef hann telur þess þörf, látið telja vörur upp úr skipinu á kostnað skipseiganda. Annars má gjaldheimtumaður, hvenær sem honum þykir þurfa, láta telja vörur úr skipi, en ekki ber skipseigandi þá kostnað við það, nema skrár reynist rangar við talninguna.

16. gr.

Nú verður maður uppvís að því að hafa vanrækt að skýra gjaldheimtumanni, áður en lögmætur frestur er liðinn, frá verðtollsskyldum vörum, er hann hefir innflutt eða tekið við, eða hafa sagt rangt til um slíkar vörur eða verð þeirra, án þess þó að yfirlýsingin sé gefin á þann hátt, sem í 155. gr. almennra hegningarlaga, 25. júní 1869, segir, og skal hann þá sæta frá 50—3000 kr. sektum.

Nú hefir maður ranglega gefið slíka yfirlýsingu á þann hátt, sem í 155. gr. almennra hegningarlaga greinir, eða á annan samsvarandi hátt, og skal hann þá sæta þeirri refsingu, sem í nefndri grein hegningarlaganna er ákveðin, þó

þannig, að aldrei verði beitt vægari refsingu en 30 daga einföldu fangelsi eða lægri sektum en 200 kr.

Sömu refsingu og til er tekið í 2. málsgrein þessarar gr. skal sá sæta, sem afhendir til stimplunar reikninga, sem hann veit, að ekki sýna hið rétta verð vörunnar.

Ennfremur skal jafnan auk refsingar þrefaldur verðtollur af vörum, þegar rangt hefir verið sagt til um magn þeirra eða verð.

Auk þeirrar refsingar, er í 1., 2. og 3. málsgr. segir, skal sá, er þrisvar hefir gerzt sekur um þar nefnd brot, við 3. brot, ef miklar sakir eru, dæmdur til að hafa fyrirgert leyfi til verzlunar eða umboðssölu, ef hann hefir slíkt leyfi. Að liðnum 5 árum frá dómsuppsögn að telja getur hann þó fengið slíkt leyfi aftur, enda hafi hann ekki á þeim tíma orðið sekur að nýju um brot gegn ákvæðum þessara laga. Sá, er eigi hefir slík leyfi er hann verður brotlegur, getur ekki fengið þau fyrr en að sama tíma liðnum.

17. gr.

Hinar aðfluttu verðtollsskyldu vörur skulu vera að veði fyrir tollinum og sektum, og hefir viðtakandi ekki rétt til að ráðstafa þeim fyrr en tollurinn er greiddur. Veðrétturinn helzt eins, þótt vörurnar hafi verið afhentar viðtakanda. Séu ekki skil gerð samkvæmt lögum þessum, hefir gjaldheimtumaður vald til að selja vörurnar, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar tolli og sektum. Það skal gera á uppboði, er boðað sé með viku fyrirvara, og má krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst ekki til vöru þeirrar, er gjaldið átti af að greiða, og má þá, án undanfarinnar birtingar, gera lögtak fyrir verðtolli og sektum í öðrum eignum viðtakanda og selja hið lögtekna á sama hátt og að framan greinir um hina tollskyldu vöru.

18. gr.

Nú vill svo til, að verðtollsskyld vara ónýtist á leið hingað til lands, eða í uppskipun, og greiðist þá enginn tollur af henni. Ef vara rýrnar í verði vegna skemmda á leiðinni, greiðist tollurinn eftir því verðmæti, sem hún hefir þannig skemmd, eftir óvilhallra manna mati.

Þegar sjóskemmdar vörur eru seldar á uppboði, telst söluverðið sannvirði, og greiðist verðtollurinn af uppboðsandvirðinu með forgangsrétti næst á eftir uppboðskostnaði.

19. gr.

Nú er vara, sem verðtollur hefir verið greiddur af, flutt úr landinu aftur, og getur útflytjandi þá fengið hjá gjaldheimtumanni skírteini þar að lútandi. Ef hann síðar skilar því skírteini aftur, með áritun útlendrar tollstjórnar um það, að vara sú, sem ræðir um í skírteininu, sé þangað innflutt, þá skal endurgreiða honum tollinn. Þó er ekki skylt að endurgreiða tollinn, ef lengri tími en eitt ár líður frá því að varan hefir verið flutt hingað til lands þar til hún hefir verið flutt úr landinu aftur.

20. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál. Þó sæta brot gegn 2. og 3. málsgr. 16. gr. sakamálsmeðferð.

21. gr.

Sektir eftir lögum þessum renna í ríkissjóð.

22. gr.

Um leið og lög þessi öðlast gildi, eru úr gildi numin þau lög, sem hér segir:

Lög nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll á nokkrum vörum.

Lög nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll.

Lög nr. 16, 31. maí 1927, um breyting á lögum nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll.

Ákvæðin: »Efnivörur til framleiðslu innlendrar tollvörugerðar skulu undanþegnar verðtolli« í 1. málsgr. 3. gr. laga nr. 50, 31. maí 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Lög nr. 4, 3. apríl 1928, um breyting á lögum nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll, og

Lög nr. 5, 3. apríl 1928, um breyting á lögum nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll á nokkrum vörum.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1932.

Ed. 370. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 22, 3. nóv. 1915, um fasteignamat.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Stjórnarráðið skipar yfirmatsnefnd til þess að endurskoða og samræma hið nýframkvæmda mat allra fasteigna í landinu. Í nefndinni eiga sæti 3 menn, og er einn þeirra formaður, er stjórnarráðið skipar. Nefndin getur krafizt allra upplýsinga um matið frá matsnefndum, er hún telur nauðsynlegar, og skulu nefndarmenn láta þær í té ókeypis. Yfirmatsnefnd skal hafa lokið störfum sínum svo snemma, að hún hafi sent stjórnarráðinu hið endurskoðaða mat fyrir 1. okt. 1931. Stjórnarráðið setur nánari reglur um starf nefndarinnar.

2. gr.

Eftir að yfirmatsnefnd landsins hefir endurskoðað fasteignamatið, lætur landsstjórnin semja fasteignamatsbók fyrir allt landið. Gildir hún frá 1.

febr. eftir að matinu er lokið, í fyrsta sinn frá 1. febr. 1932 til þess tíma, er nýtt fasteignamat kemur í gildi. Fasteignabókin skal löggilt af stjórnarráðinu, prentuð og send ókeypis öllum þeim, er fá Stjórnartíðindin kauplaust.

3. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 47, 28. nóv. 1919, um breyting á lögum nr. 22, 3. nóv. 1915, um fasteignamat, úr gildi numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nú þegar fasteignamatinu er að verða lokið, virðist það koma í ljós, að nauðsyn beri til þess, að nefnd sé skipuð til að endurskoða það og færa til samræmis, ef þurfa þykir. Með lögum nr. 47 1919 var sett yfirmatsnefnd til þess að athuga og samræma fasteignamatið, sem fram fór 1916—18, en ákvæði þeirra laga geta ekki gilt fyrir það mat, sem nú hefir verið framkvæmt. Þess vegna er nauðsyn á nýrri löggjöf um þetta efni.

Nd. 371. Breytingartillaga

við frv. til laga um ræktunarsamþykktir.

Frá Sveini Ólafssyni.

Við 14. gr. Greinin orðist svo:

Leiguliði fer með atkvæði fyrir ábýli sitt í samráði við landeiganda, ef hann er fjarverandi.

Nd. 372. Breytingartillögur

við frv. til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur (þskj. 89).

Frá Hákoni Kristóferssyni.

Við 3. gr.

a. Á eftir orðinu »Seltjarnarneshrepps« í fyrri málsgrein greinarinnar komi: og Kjósarsýslu.

b. Önnur málsgrein greinarinnar hljóði þannig:

Nú hefir ekki náðst samkomulag milli aðilja þeirra, er hlut eiga að máli, fyrir árslok 1931, og eru þá lög þessi þar með úr gildi fallin.

Nd. 373. Frumvarp

til laga um breyting á l. nr. 11, 18. maí 1920, um þingmannakosning í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. laga nr. 11, 18. maí 1920, um þingmannakosning í Reykjavík, orðist þannig:

Alþingismenn í Reykjavík skulu vera 5. Skal þá neðri deild Alþingis skipuð 29 mönnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við fyrstu almennar kosningar, sem fara fram eftir að Alþingi 1931 er slitið.

Sþ. 374. Tillaga

til þingsályktunar um vantraust á núverandi stjórn.

Flutningsm.: Jón Þorláksson, Jón Ólafsson, Magnús Guðmundsson, Magnús Jónsson, Ólafur Thors, Sig. Eggerz.

Alþingi ályktar að lýsa vantrausti á núverandi stjórn.

Ed. 375. Nefndarálit

um frumvarp til laga um opinbera greinargerð starfsmanna ríkisins.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með, að frv. gangi fram. Telur hún þó rétt, til þess að fyrirbyggja ágreining við framkvæmd laganna, að bætt sé inn í fyrstu málsgr. 1. gr. orðunum: án endurgjalds. Leggur nefndin því til, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 1. gr. Upphaf fyrstu málsgreinar orðist þannig:

Skylt er embættismönnum landsins og öðrum sýslunarmönnum án endurgjalds o. s. frv.

Alþingi, 11. apríl 1931.

Ingvar Pálmason, form. og frsm.	Erlingur Friðjónsson, fundaskrifari.	Pétur Magnússon.

Ed. 376. Nefndarálit

um frv. til laga um ríkisborgararétt.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndinni hefir borizt umsókn frá Harald Aspelund, bókhaldara á Ísafirði, um veitingu ríkisborgararéttar. Leggur nefndin til, að sú umsókn verði tekin til greina, með sömu skilyrðum og sett eru í frv. um aðrar umsóknir.

Nefndin hefir og athugað beiðnir þær, er um ræðir í frv., og hefir ekkert við þær að athuga.

Samkv. þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Á eftir 8. tölulið komi:

9. Harald Aspelund bókhaldara á Ísafirði, fæddum í Noregi.

Alþingi, 11. apríl 1931.

Ingvar Pálmason, form.; með fyrirvara.	Erlingur Friðjónsson, fundaskrifari.	Pétur Magnússon, frsm.

Ed. 377. Nefndarálit

um frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Súðavík við Álftafjörð í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. apríl 1931.

Ingvar Pálmason, form.	Erlingur Friðjónsson, fundaskrifari.	Pétur Magnússon, frsm.

Nd. 378. Breytingartillaga

við frv. til laga um ræktunarsamþykktir (þskj. 348).

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

Á eftir 18. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Undanþegnar ræktunarsamþykktum eru Kristfjárjarðir og þær jarðir aðrar, sem afgjaldi þeirra er ráðstafað sérstaklega samkvæmt ákvæðum gjafabréfa eða skipulagsskráa.

Nd. 379. Nefndarálit

um frv. til laga um rekstrarlánafélög fyrir bátaútveg og smáiðju.

Frá 2. minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Um frv. þetta hafa skoðanir nefndarmanna skipzt. Meiri hlutinn vill samþykkja það næstum óbreytt, en 1. minni hluti vill afgreiða það með rökstuddri dagskrá. Hvoruga leiðina get ég fallizt á.

Um aðalatriði frv. er ég sammála, rekstrarlánaþörfina og þá upphæð, er til hennar skal verja.

Hinsvegar get ég ekki fallizt á það form, er frv. gerir ráð fyrir að verði á rekstrarlánafélögunum. Enda virðist frv. útiloka alla, sem ekki eru eigendur báta eða iðjufyrirtækja. Eins og kunnugt er, er fjöldi sjómanna ráðinn fyrir hlut og afla, og eiga þess kost að verka hann, og á þann hátt að gera hlutinn sér verðmætari. En til þess að geta þetta, þurfa þeir á lánum að halda, svo lengi sem aflinn er ekki seldur. Samkvæmt tillögum þeim, er hér fara á eftir, ætlast ég til, að sjómenn stofni samvinnufélög án tillits til, hvort þeir eru eigendur framleiðslutækjanna, meðeigendur eða eingöngu verkamenn, er eiga sinn þátt í framleiðslunni.

Tillögur mínar miða til þess að hvetja sjómenn til samvinnu og gera þeim kleift að koma henni við um eitt og annað, er atvinnurekstrinum tilheyrir, og allir geta verið þar með, sem vilja.

Ég sé enga ástæðu til að lögbjóða aðrar reglur en nú gilda um samvinnufélög, og felli því þau ákvæði niður úr frv. Aðrar breytingartillögur eru afleiðingar af þessu.

Legg ég því til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Fiskveiðasjóði Íslands er heimilt að veita rekstrarlán frá ári til árs samvinnufélögum sjómanna og útvegsmanna, sem stofnuð eru og starfrækt í því skyni að afla fiskjar og gera hann að seljanlegri vöru, eftir því, sem bezt þykir henta fyrir erlendan sem innlendan markað, svo og til smærri iðjufyrirtækja til hagnýtingar aflans, eða á annan hátt útveginum til þróunar.
   Félög þessi skulu stofnuð og starfrækt samkvæmt lögum um samvinnufélög með skyldum og réttindum samvinnufélaga.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Rekstrarlán þessi skulu veitt sem reikningslán og eigi til lengri tíma en 1 árs í senn og greiðast að fullu ásamt áföllnum vöxtum innan þess tíma. Skal miða hámark lánanna við atvinnurekstur félagsmanna, lánsþörf og greiðslugetu félagsins.

3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Samvinnufélögin skulu setja lánsstofnun þeirri, er þau skipta við, fullnægjandi veð fyrir reikningslánum þessum, eins og þau eru hæst á hverjum tíma.
   Félagsmenn ábyrgjast, einn fyrir alla og allir fyrir einn, greiðslu á reikningslánsskuld félagsins. Óveiddur afli er veðhæfur sem trygging, enda liggi fyrir yfirlýsing útvegsmanns og skipshafnar um, að þeir leyfi veðsetninguna.
4. Við 4., 5., 6. og 7. gr. Greinarnar falli niður.
5. Við 8. gr. Greinin verði 4. gr. og orðist svo:
   Til þess að tryggja samvinnufélögum þeim, er um ræðir í 1. gr., starfsfé, skal ríkisstjórnin ábyrgjast allt að 3 milljóna króna reikningslán frá ári til árs, og skal þessi reikningslánsstarfsemi vera sérstök deild í Fiskveiðasjóði Íslands og lúta sömu yfirstjórn og sá sjóður hefir.
6. Við 9. gr. Greinin verði 5. gr. og orðist svo:
   Af fé því, sem ræðir um í 4. gr., veitir Fiskveiðasjóður Íslands lán til sparisjóða, banka og bankaútibúa utan Reykjavíkur með þessum skilyrðum:
   a. Peningastofnanir þessar mega eingöngu nota féð til þess að lána það út til samvinnufélaga samkvæmt lögum þessum.
   b. Þær endurgreiða lánin, ásamt vöxtum, á tilsettum gjalddaga.
   c. Vextir miðast á hverjum tíma við lánskjörin á láni því, er um ræðir í 4. gr., að viðbættri framfærslu, er fjármálaráðherra ákveður.
7. Við 10. gr. Greinin verði 6. gr. og orðist svo:
   Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um samvinnufélög þau, er hér um ræðir, og gefið út leiðbeinandi fyrirmyndir að samþykktum þeirra.
8. Við 11. gr. Greinin verði 7. gr.
9. Fyrirsögn frv. orðist svo:
   Frumvarp til laga um rekstrarlán fyrir samvinnufélög sjómanna og útvegsmanna og til smáiðju.

Alþingi, 11. apríl 1931.

Sigurjón Á. Ólafsson.

Nd. 380. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 17, 19. maí 1930, um stofnun flugmálasjóðs Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Um haldkvæmni og nauðsyn flugferða eru eðlilega skoðanir skiptar, einkum eru brigður á það bornar, að flug til síldarleitar sé veiðimönnum að því liði, að réttlætt geti flugmálaskatt síldveiðimanna.

Eftir skammvinna reynslu, sem ennþá er fengin, verður ekki með vissu um þetta dæmt, enda hefir eigi að þessu verið kostur á að dreifa síldarfréttum frá leitarflugum svo víða, sem æskilegt væri. Um hitt kemur þeim saman, sem bezt þekkja til, að síldarleit með flugvél sé vissasta leið til að tryggja almenna og stöðuga veiði, ef dreifing síldarfrétta nær jafnharðan og auðveldlega yfir veiðisvæðið.

Að því leyti sem síldarskatturinn gengur til sjóðmyndunar og geymslufjár, má með nokkrum rétti segja, að síldveiðamönnum sé eigi skyldara en öðrum að safna því fé, en þess ber þá að minnast, að lítill hluti skattsins er þannig til geymslu hafður og flugferðirnar undanfarið aðallega styrktar af póstsjóði og ríkissjóði, en flugið þó hafið og rekið með hagsmuni síldveiðamanna að marki.

Af efnahagsreikningi flugfélagsins næstl. ár, sem nefndinni hefir verið látinn í té, er ljóst, að miklar stofnskuldir hvíla á félaginu, en rekstrarreikningur, sem telur tekjur af síldarskattinum 51000 kr. og frá ríkissjóði og póstsjóði 40000 kr., sýnir óverulegan rekstrarhagnað, aðeins lítið brot þess stofnkostnaðar, sem ennþá er ógreiddur.

Af skýrslum og reikningum félagsins er augljóst, að starfsemi þess hlýtur að stöðvast, ef síldarskatturinn verður færður niður, svo sem frv. ráðgerir, og ekkert kemur móti þeirri tekjurýrnun. Mundi þá að litlu haldi koma reynsluflug undanfarinna ára og sjóðmyndun sú flugsins vegna, sem aðeins er í byrjun, en hinsvegar öll skilyrði til myndunar nýs flugfélags erfiðari verða, er sá vísir, sem nú er myndaður, væri týndur.

Það er óneitanlega rétt, sem greinargerð frv. segir, að útflutningsgjald síldar er hlutfallslega hærra en annara afurða landsins, og má lengi um það deila, hvort rétt sé að íþyngja þannig einni sérstakri atvinnugrein. Hinsvegar verður því ekki með réttu haldið fram, að afkoma síldveiðanna velti á því, hvort flugmálaskattur er 5 eða 10 aurar af síldarmáli hverju eða tunnu. Aftur benda sterkar líkur til þess, að veiðimönnum, sem vanizt hafa síldarleit flugunnar undanfarið, kæmi illa og óþægilega, að starfsemin legðist niður.

Nefndin telur ennþá ekki tímabært að breyta lögum um stofnun flugmálasjóðs Íslands frá síðasta þingi, sem vart getur talizt, að reynd hafi verið, enda litlar vonir um aukinn styrk til flugferða úr öðrum áttum. Afleiðingin mundi verða hefting flugferða um lengri eða skemmri tíma og alvarlegar afleiðingar fyrir þá, sem í góðri trú hafa varið fé og fyrirhöfn til stofnunar flugferðum. Leggur nefndin því til, að málið verði að þessu sinni afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að vonlítið er um framhald flugferða hér á landi næstu ár, ef flugmálaskattur er af tekinn eða færður mjög niður og tekjuvonir flugfélagsins úr öðrum áttum eru mjög hæpnar, og með því ennfremur, að lækkun

skattsins eftir frv. getur engin úrslitaáhrif haft á afkomu síldveiðanna, telur deildin eigi ástæðu til að afgreiða frv. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 9. apríl 1931.

Sveinn Ólafsson, form. og frsm.
Benedikt Sveinsson, fundaskrifari.
Sigurjón Á. Ólafsson.
Jóhann Þ. Jósefsson, með fyrirvara.
Hákon J. Kristófersson, með fyrirvara.

Ed. 381. Nefndarálit

um frv. til laga um sjóveitu í Vestmannaeyjum.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta er flutt af þm. Vestmannaeyinga að tilhlutun bæjarstjórnar Vestmannaeyjakaupstaðar. Nefndin er sammála um, að þess muni vera full þörf, að slíkri sjóveitu sé komið upp í Vestmannaeyjum, sem ráð er fyrir gert í frv., og sér ekki ástæðu til breytinga á einstökum greinum frv., enda er frv. komið frá Nd. og hafa á því verið gerðar nokkrar breytingar þar. Leggur því nefndin til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. apríl 1931.

Ingvar Pálmason, *form.*
Erlingur Friðjónsson, fundaskrifari og frsm.
Pétur Magnússon.

Nd. 382. Breytingartillaga

við frv. til l. um Brunabótafélag Íslands.

Frá Sigurði Eggerz.

Við 7. gr.

a. Síðasti málsliður (Á meðan . . . framan segir) falli niður.

b. Við greinina bætist nýr málsliður:

Aldrei má þó samanlögð lausafjártrygging félagsins án endurtryggingar nema hærri upphæð en ½ milljón króna.

Ed. 383. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

Flm.: Jón Baldvinsson og Erlingur Friðjónsson.

1. gr.

Á eftir 2. málsgr. 2. gr. laga nr. 79, 14. nóv. 1917, komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Enn er bæjarstjórnum heimilt að gera samþykktir um lokunartíma sölubúða og sölustaða, þar sem innlendar vörur eða innlendur varningur er hafður á boðstólum, t. d. konfektbúða, og um lokunartíma vinnustofa, sem hafa viðskipti við almenning, svo sem rakarastofur, þótt enginn varningur sé þar seldur.

Þá er og bæjarstjórnum heimilt að gera samþykktir um takmörkun á vinnutíma sendisveina, er starfa hjá hverskonar verzlunar- eða iðnaðarfyrirtækjum eða skrifstofum. Til að tryggja vinnutíma sendisveina má í samþykkt meðal annars ákveða, að útsendingu á vörum, bréfaburði og innheimtu, er sendisveinar starfa að, skuli lokið eigi síðar en einni klukkustund fyrir lokunartíma. Heimilt er að ákveða vinnutíma sendisveina misjafnlega stuttan, eftir aldri þeirra.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 12, 7. maí 1928, um viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1931.

Greinargerð.

Samkvæmt heimild í lögum frá 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða, hafa bæjarstjórnir í kaupstöðum gert samþykktir, sem takmarka vinnutíma verzlunarfólks. Áður voru engin lög til um þetta og ekkert því til fyrirstöðu, að búðir væru opnar frá því kl. 6 á morgnana til kl. 12 á kvöldin, enda þekktust þess dæmi. Má geta nærri, hvert slit það hefir verið á verzlunarfólki að hafa svo langan vinnudag, og það alveg að óþörfu, því verzlunin varð eigi meiri, þótt lengi væri opin búð.

Með viðauka við þessi lög, er samþ. var á Alþingi 1928, hið svonefnda »rakarafrv.«, sem frægt er orðið, var heimildin látin ná til sölubúða og sölu-

staða, þar sem innlendar vörur eru seldar, og til vinnustofa, er hafa viðskipti við almenning, og hafa bæjarstjórnir einnig sett reglur um lokunartíma samkvæmt þessum viðauka við lögin.

Sá viðauki við lögin, sem þetta frv. felur í sér, heimilar bæjarstjórnum að takmarka vinnutíma sendisveina. Það er sem sé alkunnugt, að þótt lokun búða og vinnustofa sé nú ákveðin, þá losnar ekki starfsfólk verzlana að jafnaði þá þegar. Þá er venjulega mikið starf eftir; jafnvel má segja, að þá fyrst byrji í alvöru vinnudagur sendisveinanna, enda er ekki óalgengt að sjá þá vera að flytja vörur heim til kaupenda fram yfir miðnætti. Hvílík áníðsla þetta er á sendisveinum, þarf eigi að lýsa, eða óþægindi fyrir aðstandendur þeirra, að þurfa að bíða eftir því fram eftir allri nóttu, að þeir komi heim frá starfi. En þetta verður ekki lagað nema með því, að settar séu reglur um vinnutíma þeirra. Í viðbótinni við lögin, sem hér er flutt, er bæjarstjórnum heimilað að setja í samþykkt, að vörur frá verzlunum verði eigi sendar heim til kaupenda lengur dags en svo, að ein klukkustund sé til lokunartíma. Ef kaupendur vara vissu það, að þeir fengju vörur eigi heimsendar eftir tiltekinn tíma dagsins, þá mundi ekki ske annað en það, að þeir gerðu innkaup í verzlunum fyrr dags en nú er gert. Því þetta sleifarlag, sem nú er, býður þeim beinlínis upp á að draga fram að lokunartíma kaup sín. Því alltaf er hægt að síma í kaupmanninn og fá vöruna senda heim.

Er því meiri þörf á að setja um þetta reglur að opinberri tilhlutun, sem sendisveinarnir eru algerlega varnarlausir fyrir þeirri áníðslu, sem þeir eru ofurseldir undir þessu fyrirkomulagi.

Í frv. eru ekki settar neinar ákveðnar reglur um það, hve langur skuli vera vinnutími sendisveina; það er bæjarstjórnum ætlað að gera. En í frv. er heimild til þess að ákveða vinnutíma í flokkum, misjafnlega langan eða stuttan, eftir aldri sendisveinanna.

Nd. 384. Nefndarálit

um frv. til laga um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir yfirfarið og athugað frv. og sömuleiðis breytingartillögur flutningsmanns þess. Álítur hún hinar einstöku breytingartillögur yfirleitt til bóta, og sömuleiðis hinn nýja kafla um veiðifélög. Hinsvegar hefir hún ekki enn tekið neinar ákvarðanir um einstakar greinar frv. né breytingartillögur við þær, enda virðist henni það mjög óaðgengilegt, fyrr en búið er að fella þær breytingartillögur, sem fyrir liggja, inn í meginmál frv. Hefir því meiri hluti nefndarinnar orðið ásáttur um að flýta fyrir afgreiðslu málsins með því að afgreiða frv. til 2. umr. á þann hátt að leggja til, að breytingartillögur

flutningsmanns verði samþykktar, en geyma sér réttinn til að bera fram sínar breytingartillögur til 3. umr.

Einn nefndarmanna, J. S., telur sig andvígan þessari afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. apríl 1931.

Lárus Helgason, form.	Bjarni Ásgeirsson, fundaskr. og frsm.	Einar Jónsson, með fyrirvara.
Bernharð Stefánsson.	Jón Sigurðsson.	

Nd. 385. Breytingartillaga

við breytingartillögu á þskj. 218 [Hafnargerð á Akranesi].

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

Við 1. gr. Orðin »þegar fé er veitt til þess í fjárlögum« falli niður.

Nd. 386. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 73, 7. maí 1928 (Slysatryggingarlög).

Frá Halldóri Stefánssyni.

Við 1. gr. Stafliður *a* orðist þannig:

Hásetar og formenn á róðrarbátum og vélbátum minni en 12 smál., er stunda fiskveiðar og vöruflutninga á milli hafna innanlands í 1 mánuð á ári eða lengur.

Nd. 387. Nefndarálit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1932.

Frá minni hluta fjárveitinganefndar.

Fjárlagafrumvarp stjórnarinnar er að þessu sinni í öðru formi en verið hefir undanfarið. Er sýnilega til þess ætlazt, að fjárlögin verði afgreidd þannig, að glögglega megi á þeim sjá, hvaða gjöld eru bein rekstrargjöld og hvað gengur til afborgana skulda og annara eignaaukninga. Er þetta tvímælalaust til bóta frá því, sem verið hefir.

Af þessari breytingu leiðir það, að upp er tekinn í rekstrargjöld nýr liður:

fyrning fasteigna ríkissjóðs, sem hingað til hefir eigi verið færð á fjárlög. Nemur þessi gjaldaliður um 354 þús. krónum. Við athugunarlitinn samanburð virðist því rekstrarútkoma frv. óhagstæðari í samanburði við fjárlög fyrri ára, sem þessari upphæð nemur, en hún í raun réttri er. Þannig er rekstrarafgangurinn samkvæmt frv. áætlaður um 873 þús. kr., en væri, ef fyrning teldist eigi til rekstrargjalda, um 1227 þús. krónur. Á greiðslujöfnuð sjóðreiknings hefir þetta hinsvegar engin áhrif.

Breyting sú, er að framan greinir, má heita það eina, sem gott er að segja um frv. Bæði tekju- og gjaldaliðir virðast þar áætlaðir mjög af handahófi og ýmsir mjög fjarri því, sem reynsla undanfarinna ára sumpart bendir til og sumpart sannar, að þeir muni verða. Hefir meiri hluti nefndarinnar þegar lagt til, að leiðréttar yrðu bersýnilegar skekkjur í útgjaldaáætluninni, og nema þær leiðréttingar til hækkunar yfir hálfri milljón króna. Þar frá dragast svo leiðréttingar til lækkunar gjalda um 150 þús. kr. Um þessar tillögur er ég yfirleitt sammála meiri hlutanum.

Ein mjög stórfelld skekkja á útgjaldaáætluninni er þó látin óleiðrétt af nefndinni. Er það áætlunarliðurinn: Til viðhalds og umbóta á þjóðvegum, sem í frv. stjórnarinnar er áætlaður aðeins 200 þús. kr., en samkvæmt upplýsingum vegamálastjóra hlýtur að verða a. m. k. um 500 þús. kr., ef ekki er til þess ætlazt, að þjóðvegirnir spillist og verði ófærir. Þessa skekkju telur meiri hlutinn eigi ástæðu til að leiðrétta að svo stöddu og ber því við, að enn sé eigi vitað, hvort frv. um benzínskatt o. fl. verður að lögum á þessu þingi. Fæ ég eigi séð, að afgreiðsla þess máls geti haft nokkur áhrif til aukningar eða minnkunar viðhaldskostnaðar veganna og legg því til, að upphæðin sé hækkuð nú þegar.

Svo ónákvæm, sem áætlun gjaldanna er í frv., þá er þó tekjuáætlunin að minni hyggju ennþá fjær sanni, langt fyrir neðan það, sem ætla má að þær verði. Meiri hlutinn hefir eigi viljað ganga lengra í því að hækka tekjuáætlunina en svo, að hægt sé að láta líta svo út, sem fjárlögin séu rétt aðeins hallalaus. Um þetta reis ágreiningur milli mín og meiri hlutans.

Ég tel alveg jafnsjálfsagt og nauðsynlegt að áætla tekjurnar sem næst því, sem ætla má að þær verði, eins og að fylgja þeirri reglu um áætlun gjaldanna. Sé gjaldaáætlunin rétt, en tekjurnar áætlaðar svo „varlega“, að þær fari langt fram úr áætlun, er ríkisstjórninni þar með beinlínis gefið undir fót að ráðstafa fénu utan fjárlaga til þeirra framkvæmda, sem henni eru hugstæðastar. Með þessu er fjárveitingavaldið að miklu leyti tekið frá Alþingi og lagt í hendur ríkisstjórnanna. Reynsla undanfarinna ára sýnir greinilega, hve óhyggilegt þetta er. Tekjurnar hafa undanfarið verið áætlaðar svo „varlega“, að stjórnin hefir fengið margar milljónir til ráðstöfunar umfram það, sem þurfti til að standast gjöld þau, er fjárlög ákváðu. Þetta fé er nú eytt. Stjórnin hefir ráðstafað því án þess að Alþingi gæfist einu sinni kostur á að segja fyrir um, til hvers það skyldi notað.

Með því stöðugt að áætla tekjurnar of lágar, er þjóðinni sagt ósatt um það, hversu mikla tolla og álögur henni er ætlað að greiða og hún leynd því, sem hún á sjálfsagðan rétt á að fá sem sannasta vitneskju um. Og loks er sá megingalli á þessari reglu, að hún veitir tylliástæðu til að synja um fjárveitingar

til nauðsynlegra framkvæmda undir því yfirskini, að eigi sé hægt að leggja fram þær fjárhæðir án þess að afgreiða fjárlögin með tekjuhalla. Undir þessu yfirskini hefir mörg nauðsynleg fjárveiting verið felld og margföldum upphæðum síðan varið til annars af ríkisstjórninni án heimildar frá þinginu.

Vilji þingið í raun og veru hafa fjárveitingavaldið í sínum höndum, verður það að ganga svo frá fjárlögum, að bæði tekjur og gjöld séu áætluð sem allra næst því, sem ætla má að þau verði, og krefjast þess af hverri ríkisstjórn, að hún fari hvergi fram úr heimildum fjárlaganna, svo að nokkru verulegu nemi, nema sérstök lög skyldi hana til þess.

Hin síðari ár hefir verið lagt svo ríflega fé til verklegra framkvæmda í fjárlögum, að þess eru engin dæmi fyrr. Samt hefir stjórnin tekið sér bessaleyfi og aukið stórkostlega við ýmsar þessar fjárveitingar, í sumum tilfellum um 100% eða meira.

Nú er blaðinu snúið við.

Í frv. stjórnarinnar nú er enginn eyrir ætlaður til verklegra framkvæmda, þegar frá eru teknir smávægilegir styrkir til einkasíma, sýsluvega og skólahúsa.

Þetta er megingalli frv. Og um þetta atriði reis sá ágreiningur innan nefndarinnar, er olli því, að hún klofnaði. Meiri hlutinn taldi eigi fært að breyta þessu og taka upp fjárveitingar til verklegra framkvæmda. Ég tel eigi fært að samþykkja fjárlögin án þess, að þessu atriði sé breytt og upp teknar fjárveitingar til verklegra framkvæmda svo um muni.

Ríkissjóðurinn er langstærsti atvinnurekandinn á landinu, þótt ekkert tillit sé tekið til embættismanna og annara fastra starfsmanna, en aðeins litið á þann hóp daglaunamanna, sem þar hefir átt sína aðalatvinnu. Auk framlaga til viðhalds vega og annara opinberra mannvirkja hefir ríkissjóður undanfarin ár lagt fram stórfé árlega til nýbygginga vega, síma, brúa, vita, hafna, lendingarbóta og allskonar húsabygginga. Hafa upphæðir þessar hlaupið á milljónum hvert síðustu ára. Þúsundir verkamanna um land allt hafa byggt og byggja atvinnuvonir sínar á þessum framkvæmdum. Þúsundir bænda, sjómanna og útvegsmanna byggja vonir sínar um bætt skilyrði til sjálfsbjargar á því, að þessum framkvæmdum verði haldið áfram. Enn vantar vegi, síma og brýr um sveitir landsins til að bæta lífsskilyrði þeirra, sem þær byggja. Enn vantar vita, sjómerki, bryggjur, hafnir og lendingarbætur til að tryggja líf og starf sjómanna og fiskimanna. Enn vantar skóla fyrir börn og unglinga. Og atvinnuleysið hangir eins og svipa yfir höfði verkalýðsins, sem engin starfstæki á og vantar kaupanda að vinnu sinni.

Allar þessar vonir þúsunda verkamanna, bænda og sjómanna á nú að drepa með einu höggi. Verði frv. stjórnarinnar samþykkt, er úti um þær. Meiri hluti nefndarinnar er sama sinnis og stjórnin. Hún afsakar sig með því, að **„eins og árferði er nú“** sé ekki fært að veita einn eyri til verklegra framkvæmda.

Ég er á gagnstæðri skoðun. Ég lít svo á, að einmitt vegna þess, að árferði og útlit er eins og það er, sé allsendis ófært að fella niður fjárveitingar til verklegra framkvæmda.

Í vetur hafa þúsundir manna í þorpum og kaupstöðum um land allt gengið atvinnulausir mánuðum saman. Sumir hafa alls enga vinnu fengið síðan í haust.

Í Reykjavík einni voru skrásettir nærri 600 atvinnuleysingjar í febrúar s. l. Höfðu margir þeirra þá gengið atvinnulausir í 4—5 mánuði. Og fullt útlit er fyrir, að atvinnukreppa sú, sem nú gengur yfir flest lönd heims, eigi enn eftir að gera meira vart við sig hér á landi en orðið er, ef eigi er að gert í tíma.

Með því að létta tollum af nauðsynjavörum er hægt að veita fátækasta hluta þjóðarinnar, jafnt í sveitum sem við sjó, þeim, sem æfinlega verða harðast úti í misærum, hjálp til að standast harðindin. Alþingi hefir synjað um þessa hjálp.

Með því að styðja sjómenn og smáútvegsmenn til þess að koma afla sínum í verð, gera hann sem fjölbreyttastan og breyta um verkunar- og verzlunarhætti, er hægt að styrkja þá í baráttunni við kreppuna. Alþingi hefir enn eigi fengizt til að afgreiða frv. um stuðning ríkisins til að koma á reglubundnum ferðum til útlanda með ísvarinn fisk frá samvinnufélögum sjómanna og útvegsmanna. Það hefir enn eigi afgreitt tillögu um ábyrgð fyrir viðskiptum við Rússa. En það hefir gefið sér tóm til þess að drepa frv. um að leyfa fiskimönnum að hagnýta sér kolann við strendur landsins með því að lengja dragnótaveiðitímann. Sá er stuðningur þingsins við þessa menn.

Með því að halda í horfinu eða auka við verklegar framkvæmdir ríkissjóðs og hvetja sveitar- og bæjarfélög til þess að gera slíkt hið sama er hægt að draga mikið úr þeim vandræðum, sem nú steðja að verkalýðnum.

Ef hinsvegar Alþingi hnígur að því ráði að fella alveg niður verklegar framkvæmdir, samtímis því sem það eykur við tollana, í stað þess að lækka þá, þá herðir það á kreppunni og eykur stórkostlega vandræði almennings.

Einmitt vegna árferðisins er nauðsynin nú ennþá brýnni til að halda uppi verklegum framkvæmdum en nokkru sinni fyrr. Ofan á nauðsyn landsmanna í sveitum og við sjó á því að fá samgöngutæki og menningartæki aukin og bætt bætist nú knýjandi nauðsyn verkafólksins á því að fá vinnu. Felli Alþingi nú niður verklegar framkvæmdir og vísi öllum þeim stóra hóp, sem þar hefir átt atvinnu sína, út á gaddinn, er það sama og að ganga í lið með þeim atvinnurekendum, sem hyggjast að nota sér neyð verkalýðsins og atvinnuleysi til þess að koma fram lækkun á kaupgjaldi. Slíkt getur Alþingi ekki látið sér sæma.

Til þess að gefa nokkra hugmynd um, hversu stór sá hópur er, sem á atvinnu sína undir því, að eigi verði felldar niður verklegar framkvæmdir, skal hér bent á nokkrar framkvæmdir síðustu ára:

Þessi stórhýsi hafa verið reist eða fullgerð:

Laugarvatnsskóli.
Reykjaskóli.
Reykholtsskóli.
Landsspítali.
Landssímastöð.
Útvarpsstöð.
Arnarhváll.
Þjóðleikhúskjallari.
Síldarbræðslustöð.
Vinnuhælið.

Við þessar byggingar hafa þúsundir haft vinnu. Nú er þeim sagt að fara.

Til nýbygginga vita, hafnargerða, bryggjugerða, lendingarbóta o. þ. h. hefir á síðustu 3 árum verið varið úr ríkissjóði yfir 1200 þús. krónum, eða yfir 400 þús. kr. á ári. Á móti þessum fjárhæðum hefir verið lagt stórfé annarsstaðar frá. Hundruð manna hafa haft atvinnu við þetta. Nú á að vísa þeim öllum burt.

Til nýrra símalagninga og viðbóta og viðhalds símanna hefir þessi sömu ár verið varið yfir 1800 þús. kr., eða yfir 600 þús. krónum hvert árið. Það var atvinna fyrir mörg hundruð manna. Nú er hún af þeim tekin.

Stórfé hefir verið lagt til framkvæmda í Flóanum, auk sjálfrar áveitunnar. Vegir hafa verið gerðir, tvö mjólkurbú reist o. fl. o. fl. Nú er þar ekki atvinnu að fá.

Til vegamála hefir ríkissjóður á þessum 3 árum lagt um 5⅓ millj. króna. Árið 1929 unnu verkamenn yfir 130 þús. dagsverk við þau störf. Árið 1930 hefir dagsverkatalan líklega verið 140—150 þús. a. m. k., eða sem svarar óslitinni 6 mánaða vinnu fyrir 1000 manns. Á því ári var varið til vegamála um 2 millj. og 60 þús. kr., þar af helmingnum án þingheimildar. Öllum þeim fjölda verkamanna, sem unnið hafa að þessum störfum, langflestir fyrir óhæfileg sultarlaun, á nú að vísa burt, samtímis því sem atvinnurekendur draga úr atvinnurekstrinum.

Slíkt væri hin mesta óhæfa.

Og engin þörf knýr til þessara ráðstafana; síður en svo. Tekjuáætlun stjórnar og meiri hluta er svo „varleg", að bersýnilegt er, að hún er allt of lág, ef ekki er gert ráð fyrir, að allt fari hér í kalda kol.

Þessu til sönnunar læt ég fylgja hér yfirlit yfir helztu tekjuliði ríkissjóðs, sem nefndin lét semja. Sýnir það tekjurnar 1928, 1929 og 1930. Við það hefi ég svo bætt meðalupphæð hvers tekjuliðs á ári, áætlunarupphæðum frv. og upphæðum samkv. tillögum minum.

I. Skatta- og tollatekjur ríkissjóðs.

	1928 þús.	1929 þús.	1930 þús.	Meðaltal 1928—1930 þús.	Frv. stjórn. þús.	Till. HG þús.
1. Fasteignaskattur	260	270	285	275	280	350
2. Tekju- og eignarskattur	1110	1660	1735	1500	900	1200
3. Lestagjald	45	55	50	50	40	50
4. Aukatekjur	575	600	610	595	500	550
5. Erfðafjárskattur	40	60	65	55	35	50
6. Vitagjald	450	470	500	470	375	450
7. Stimpilgjald	420	400	415	415	360	400
8. Bifreiðaskattur	60	70	110	80	80	120
9. Útflutningsgjald	1340	1205	1090	1210	900	1000
10. Áfengistollur	440	660	750	620	400	500
11. Tóbakstollur	1080	1250	1290	1210	950	1050
12. Kaffi- og sykurtollur	1220	1080	1050	1120	850	950
13. Annað aðflutningsgjald	255	310	290	285	180	230

	1928 þús.	1929 þús.	1930 þús.	Meðaltal 1928—1930 þús.	Frv. stjórn. þús.	Till. HG þús.
14. Vörutollur	1650	2025	1950	1875	1350	1475
15. Verðtollur	1670	2175	2270	2040	1450	1575
16. Sætindagjald	105	120	145	125	50	100
Samtals kr.	10720	12410	12605	11925	8700	10050
II. Stofnanir:						
1. Póstur	560	625	600	595	550	575
2. Sími	1655	1750	2025	1830	1800	1900
3. Vineinkasala	530	1000	1250	930	600	700
Samtals kr.	2745	3375	3875	3355	2950	3175

Eins og yfirlit þetta ber með sér, áætlar stjórnin tolla- og skattatekjur ársins 1932 aðeins 8,7 millj. króna. Er það nærri 1 millj. lægra en þessar tekjur urðu síðastliðið ár, samkv. yfirliti stjórnarinnar, og 3¼ millj. króna lægra en meðalupphæð þriggja síðustu ára. Samkv. till. minum hækka þessir tekjuliðir um 1⅓ millj., og eru þeir þó nærri 2 millj. undir meðallagi.

Tekjur af ríkisstofnunum áætlar stjórnin 925 þús. kr. lægri en 1930 og 405 þús. kr. lægri en meðaltekjur þriggja síðustu ára. En reynslan hefir sýnt, að tekjur pósts og síma fara jafnt og ört vaxandi. Samkv. minum tillögum eru þessar tekjur þó áætlaðar 180 þús. kr. lægri en meðalupphæðin og 600 þús. lægri en 1930.

Um einstaka tekjuliði skal fátt eitt sagt. Þeir skýra sig sjálfir flestir. Hækkun fasteignaskattsins er sett með hliðsjón af því, sem ætla má, að fasteignamatið frá 1930 verði. Áætlunin um tekju- og eignarskatt styðst að nokkru við þá miklu eignaaukningu, sem fram hefir komið í skattskýrslum 3 síðustu árin og t. d. nemur hér í Reykjavík einni nærfellt 20 millj. kr., og er sett með hliðsjón af skattinum undanfarin ár. Verðtollur og vörutollur eru miðaðir við áætlanir meiri hlutans í milliþinganefnd um skatta- og tollamál. Var þar gert ráð fyrir og miðað við innflutninginn 1926, sem er lægsta innflutningsár um langa hríð, að verðtollurinn myndi nema samkv. frv. því, er Nd. nú hefir samþykkt, nokkuð yfir 3 millj. kr. En áætlun min er 3 millj. 50 þús. kr. Till. um að skólagjöld verði felld niður þarf heldur ekki að skýra. Þau nema svo litlu, að ríkissjóð munar engu, þótt þau falli burt, en nemendur og aðstandendur þeirra flestir eru svo settir, að þeim er afar erfitt að greiða 150 krónur á vetri. Áætlað er, að útvarpsnotendur verði orðnir um 5000 árið 1932, og er tekjuáætlun útvarpsins byggð á því og upplýsingum frá Viðtækjaverzlun ríkisins.

Gjaldamegin eru aðalbreytingartillögurnar um hækkun á 13. gr.: framlög til vegamála, vita, lendingabóta o. þ. h. Til nýrra akvega er ætlað 330 þús. krónur. Eru þeir allir nema 2, Jökuldalsvegur og Snæfellingabraut, komnir í tölu þjóðvega, og gera má ráð fyrir, að þessir 2 verði bráðlega teknir í þjóðvegatölu. Tillögum vegamálastjóra er fylgt að mestu, nema um Snæfellingabraut og

Breiðadalsheiðarveg. Breiðadalsheiði liggur milli Skutulsfjarðar og Önundarfjarðar, og er gert ráð fyrir, að fyrir 60 þús. kr. (tvennar 30 þús.) sé hægt að gera hana bílfæra að sumarlagi, og tengja þannig ágæta sveit við stóran kaupstað til gagnsemdar fyrir báða aðila. Hækkun viðhalds um 300 þús. kr., framlög til brúagerða 100 þús. og hækkun fjallvega 15 þús. er sett samkv. till. vegamálastjóra, en þó brúaféð lækkað nokkuð. Samtals nema hækkanir á þessum lið, vegamálum, 745 þús. kr.

Vegamálastjóri telur, að með því að verja fjallvegafé að mestu til ruðnings á Reykjaheiði, Hólsfjöllum og Möðrudalsöræfum og ef sæmilega er lagt til viðhalds þjóðvega, verði hægt næsta ár að gera bílfært að sumarlagi alla leið frá Reykjavík norður um land og austur í Jökuldal. Fyrir 50 þús. kr. telur hann og, að gera megi slarkfært í bíl um Jökuldalinn, og er þá bílfært orðið alla leið frá Reykjavík til Reyðarfjarðar. Eða réttara sagt, frá því austast í Vestur-Skaftafellssýslu — þegar vötnin í Rangárvallasýslu eru fær — og alla leið til Reyðarfjarðar vestur og norður um land. Og fyrir 90—100 þús. kr. (þrjár 30 þús. kr. fjárveitingar) telur hann, að hægt sé að gera bílfæran sumarveg yfir Fjarðarheiði og tengja þannig Seyðisfjörð við vegakerfið. Austfirðir og Vestfirðir hafa til þessa verið svo afskiptir við úthlutun vegafjár, að ekki er sæmandi. Verði þetta gert, er nokkuð úr bætt.

Tillögur mínar til hækkunar á 13. gr. nema samtals 261 þús. krónum. Kveður þar mest að bryggjugerðum. Í fjárlögum þessa árs er styrkur ætlaður til bryggjugerða í Keflavík, Húsavík, Hvammstanga, Hnífsdal og Vopnafirði, samtals 77500 krónur. Allt er þetta fyrsta fjárveiting af 2 eða fleirum. Til þess að eigi þurfi að hætta við þessi verk hálfunnin, verður að veita sama styrk áfram. Alþingi getur eigi hvatt héruð til framkvæmda með loforðum um fjárstyrk og síðan kippt að sér hendinni og gabbað þá, sem reiddu sig á loforðin. Ólafsvíkingar hafa þegar lagt fram svo mikið fé til varnargarðsins þar, að þeim er um megn að leggja meira fram, en til þess að fullgera garðinn, svo að hann komi að fullum notum, þarf um 30 þús. kr. Sauðkræklingar hafa fé til að leggja á móti styrknum og Útgerðarfélag Vatnsleysustrandarhrepps mun þegar hafa að mestu gert þær lendingarbætur, sem þar er um að ræða, en rís tæplega undir kostnaðinum, sem varð um 17 þús. kr. Akranes hefir þegar lagt fram og látið vinna fyrir 120 þús. kr. að hafnargerð þar. Er tillagan miðuð við ⅖ af þeirri upphæð, og er gert ráð fyrir, að verkinu verði haldið áfram og styrkur veittur í sömu hlutföllum.

Verkamenn, sem unnu við brimbrjótinn á Skálum, eiga enn þá eftir að fá greitt allmikið af kaupi sínu. Nema þær skuldir um 6000 krónum. Verkið var unnið undir yfirumsjón vitamálastjóra og styrkur veittur til þess frá hreppnum, ríkissjóði og Fiskifélaginu. Það er fullkomin óhæfa og vansi fyrir hið opinbera, þar sem verkið var unnið undir þess umsjón, að ekki skuli hafa verið staðið í skilum með kaupgreiðslur til verkamanna, og er sjálfsagt að bæta úr þessu nú þegar.

Brýn og aðkallandi þörf er að fá nú þegar vita á Óshóla innan við Bolungavík og Sauðanes við Siglufjörð. Vegna þoku verður ekki hjá því komizt að hafa hljóðvita á Sauðanesi. Vitamálastjóri áætlar kostnaðinn við að koma upp

þessum vitum báðum 95 þúsund. Siglufjarðarkaupstaður mun fáanlegur til að leggja eitthvað fram til Sauðanesvitans, og mætti þá nota það fé til að byggja íbúðarhús fyrir vitavörðinn.

Fyrir þinginu liggur nú frv. til laga um háskólabyggingu. Gera má ráð fyrir, að það verði samþykkt bráðlega. Eigi þau lög að verða annað en pappírsgagn, þarf að sjá fyrir fé til byggingarinnar. Reykjavíkurbær hefir lofað ágætri og stórri lóð ókeypis. Er sjálfsagt að hafa þetta verk sem atvinnubótavinnu þegar minnst er að gera. Eigi lögin um gagnfræðaskóla í kaupstöðum að koma að haldi, þarf að byggja hús fyrir skólana bæði hér í Reykjavík og í öðrum kaupstöðum. Sjálfsagt er, eftir því sem því verður við komið, að hafa þessi verk sem atvinnubætur og vinna fyrir styrkinn og framlög kaupstaðanna þann tíma árs, sem minnst er að gera.

Til nýrra símalagninga eru ætlaðar 117 þús. krónur, og er í tillögum mínum farið eftir tillögum landssímastjóra, en nokkuð dregið úr fjárhæðinni.

Þá er loks sú tillaga, að verja 300 þús. kr. til þess að styrkja bæjar- og sveitarfélög til atvinnubóta, þegar atvinnuskortur er í héraðinu. Frv. um jöfnunarsjóð ríkisins hefir enn eigi náð fram að ganga, og þótt það verði að lögum á þessu þingi, hefir sjóðurinn lítið fé til umráða í byrjun. En eins og útlit er nú, má telja fullvíst, að óhjákvæmilegt verði að halda uppi atvinnubótum á næsta ári. Má og telja víst, að flestar bæjarstjórnir myndu halda uppi atvinnubótum, ef þriðjungs styrkur kæmi á móti úr ríkissjóði. En verði ekkert bætt úr atvinnuleysinu, hlýtur fátækraframfæri að aukast alveg gífurlega, eða þeir, sem verst eru settir, að líða beinan skort.

Samtals nema tillögur mínar um hækkun gjalda til verklegra framkvæmda ..... kr. 1633 þús.
Þar frá dregst: Lækkun konungsmótu ..... kr. 13000
og lækkun rekstrarhalla útvarps ..... — 50000
——— — 63 —

Hækkun gjalda verður kr. 1570 þús.
Hækkun tekna samkv. 2. gr. er samkv. till. mínum kr. 1335 þús.
og hækkun rekstrarhagn. á 3. gr. ..... — 225 —
——— kr. 1560 þús.

Mismunur kr. 10 þús.

Þeim, sem kann að þykja óvíst, að áætlanir mínar um tekjurnar reynist réttar, eða telja hyggilegra að áætla þær svo „varlega“, að fullvíst megi heita, að ríkisstjórnin fái þar umframtekjur til ráðstöfunar, skal bent á, að fyrir þinginu liggja frv. um tekjuauka, t. d. um fasteignaskatt og um einkasölu á tóbaki, og loks það, að enn er nægur tími til að hækka tekju- og eignarskattinn, þann skatt, sem nær eingöngu hvílir á eignamönnum og þeim öðrum, sem hafa háar tekjur og kreppan mæðir minnst eða ekkert á.

Móti framlögum þeim, sem gert er ráð fyrir frá ríkissjóði í tillögum

minum og samtals nema 1 milljón 618 þús. krónum, eiga að koma sem framlög héraðanna til skólabygginga, hafna, bryggju- og hafnargerða og sérstakra atvinnubóta um 1 milljón og 80 þús. krónur.

Samtals myndu því verklegar framkvæmdir hins opinbera aukast um 2 milljónir og 700 þús. krónur, ef tillögur mínar ná samþykki.

Alþingi, 11. apríl 1931.

Haraldur Guðmundsson.

Nd. 388. Frumvarp

tli laga um húsnæði í Reykjavík.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Til þess að komið verði í veg fyrir húsnæðisvandræði, ósanngjarnan leigumála m. m. í Reykjavík, skal skipa þar fimm manna húsnæðisnefnd.

2. gr.

Hæstiréttur skipar formann húsnæðisnefndar og varaformann. Mega þeir ekki fást við kaup eða sölu fasteigna, og mega þeir hvorki vera leigutakar íbúðar né eigendur húss, sem leigt er til íbúðar að nokkru leyti eða öllu. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið skipar 2 nefndarmenn, annan úr flokki húseigenda, en hinn úr flokki leigutaka húsnæðis. Á sama hátt skipar bæjarstjórnin 2 nefndarmenn. Eins fer um skipun fjögurra varamanna, eins fyrir hvern nefndarmann. Allir skulu mennirnir vera heimilisfastir í Reykjavík og hafa þekking á húsnæðismálefnum bæjarins. Það er borgaraskylda að taka við skipun í húsnæðisnefnd. Nú missir nefndarmaður einhvers skilyrða, er getur í þessari grein, og gengur hann þá úr nefndinni. Annars gildir skipun í tvö ár.

3. gr.

Kostnaður við nefndina greiðist úr bæjarsjóði. Þóknun fyrir starf nefndarmanna ákveður bæjarstjórn í reglugerð, er ráðuneytið staðfestir.

4. gr.

Nefndarfundir eru því aðeins ályktunarfærir, að auk formanns séu á fundi að minnsta kosti 2 nefndarmenn, kosnir af ráðuneytinu og af bæjarstjórn, annar úr flokki húseigenda, en hinn úr flokki leigutaka. Afl atkvæða ræður úrslitum mála, en séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns. Í forföllum aðalmanns tekur varamaður hans sæti í nefndinni.

5. gr.

Nefndarmaður getur ekki tekið þátt í meðferð máls, ef úrslit þess skipta hann máli eða maka hans. Sama er, ef hann er skyldur eða mægður aðila að feðgatali eða niðja, eða að fyrsta til hliðar.

6. gr.

Þeir, sem leita nefndarinnar, gera það skriflega eða munnlega. Nefndin aflar síðan upplýsinga og gagna og sér um, að málið upplýsist svo vel sem unnt er. Áður en mál er leitt til lykta skal aðilum — einnig þeim aðila, sem komið hefir máli fyrir nefndina — gefinn kostur á að láta uppi umsögn sína. Skal umsögn vera munnleg, ef aðili eða nefndin krefst þess. Fyrirkall til aðila skal vera með tveggja daga fyrirvara, og skal í fyrirkallinu getið málsatriða. Aðili má senda mann í umboði sínu vottföstu, nema því aðeins, að nefndin krefjist þess, að aðili komi sjálfur.

7. gr.

Nefndin getur sjálf farið á vettvang til skoðunar, en rétt er henni og að fá aðstoð opinberra starfsmanna, eftir því sem henni þykir þörf. Húseigendur skulu láta nefndinni í té þær upplýsingar um húseignir sínar, er nefndin telur þörf á. Skýrslur aðila um fjárhagsástæður hans má eigi gera kunnar hinum aðilanum né heldur öðrum mönnum.

Sérhver, sem á heimili í bænum, er skyldur til, samkvæmt fyrirkalli með tveggja daga fyrirvara, að koma á fund nefndarinnar, til þess að gefa henni skýrslu. Komi hann ekki, og hafi þó ekki tjáð lögleg forföll, má í almennu lögreglumáli dæma hann í sektir frá 10 kr. til 100 kr. Í fyrirkalli skal getið viðurlaga þessara.

8. gr.

Húsnæðisnefnd hefir gerðabók. Skal í hana rita kröfur aðila og úrslit máls ásamt stuttri greinargerð. Þess skal og getið í gerðabók, ef nefndarmenn hafa ekki verið á eitt sáttir um úrslitin, hver hafi orðið í minni hluta, hver tillaga minni hlutans hafi verið og hvernig rökstudd. Nefndin ræður málum til lykta svo fljótt sem unnt er, og eigi síðar en fjórum vikum frá því að málið kom fyrir nefndina, nema því aðeins, að aðilar hafi óskað að fresta málinu, eða að málið sé svo vaxið eða mál svo mörg fyrir nefndinni, að frestun hafi verið óhjákvæmileg. Málsúrslit ásamt greinargerð skulu, ef unnt er, innan 5 daga tilkynnt aðilum skriflega.

Úrskurði húsnæðisnefndar verður, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum, hvorki skotið til dómstólanna né til annara stjórnarvalda, enda hafi nefndin ekki farið út fyrir starfsvið sitt eða að öðru leyti farið í bága við lög þessi.

Þegar nefndin hefir samþykkt leigumála eða annað samkvæmt lögum þessum, eða skorið úr ágreiningi um húsnæði, verður því máli eigi skotið til nefndarinnar aftur fyrr en 14. maí eða 1. október næst eftir að úrskurður var felldur, og þá því aðeins, að nýjar ástæður hafi til komið.

9. gr.

Alla leigusamninga um húsnæði til íbúðar eða atvinnurekstrar, en íbúð telst eitt herbergi eða fleiri, sem gerðir eru eftir að lög þessi öðlast gildi, skal eigandi innan 8 daga eftir samningsgerð leggja fyrir húsnæðisnefnd. Nefndin skal gæta þess, að samningurinn sé ekki ósanngjarn, leigan hæfileg og ákvæðum laga þessara að öðru fullnægt. Sama er um breytingar á gildandi samningum. Sem leigu ber að skoða sérhverja kvöð eða aukagjöld, sem lögð eru á leigutaka, og yfirleitt skal tillit haft til allra ákvæða, sem gera leigumálann lakari fyrir leigutaka en hann annars væri.

Fallist nefndin á samninginn, ritar hún á hann samþykki sitt.

Það er bannað, hvernig sem á stendur, að taka við eða greiða hærri leigu en húsnæðisnefnd hefir samþykkt.

Þegar hjón skilja að borði og sæng eða fullum lögskilnaði, ákveður dóms- og kirkjumálaráðuneytið, hvort hjónanna skuli halda íbúð þeirra.

Leigusali íbúðar eða húsnæðis, þar sem atvinna er stunduð, og leigjandi hafa að öðru leyti hvor um sig rétt til að leita úrskurðar húsnæðisnefndar um leigumála.

Eigi má segja leigutaka upp húsnæði hans, nema eiganda sé því brýnni þörf til eigin íbúðar eða nota og hann hafi verið orðinn eigandi þess 14. maí 1931. Ágreiningur í þessu efni heyrir undir húsnæðisnefnd. Leigusali heldur þó óskertum rétti til að slíta leigumálanum vegna vanskila á húsaleigu eða annara samningsrofa af hálfu leigutaka. Verði ágreiningur í síðarnefndu efni, sker húsnæðisnefnd að vísu úr, en málið má leggja fyrir dómstólana til úrslita. Úrskurði nefndarinnar skal þó hlíta unz fallinn er dómur.

Uppsagnir á húsnæði, sem áður hafa farið fram, skulu ógildar, nema húseigandi sanni fyrir húsnæðisnefnd, að hann hafi áður en lög þessi voru sett samið um leigu á húsnæðinu við húsnæðislausan mann, eða að hann þurfi á húsnæðinu að halda fyrir sig sjálfan eins og að ofan segir.

Íbúðarherbergi má ekki taka til annarar notkunar en íbúðar, og íbúðarhús má ekki rífa nema heilbrigðisnefnd banni að nota það til íbúðar. Húsnæðisnefnd getur þó, ef allir nefndarmenn eru sammála, veitt leyfi til að rífa hús, með því skilyrði, að húseigandi sjái um jafnmikla aukningu húsnæðis til íbúðar í bænum innan 6 mánaða.

Bæjarstjórn Reykjavíkur skal heimilt að taka til sinna umráða auðar íbúðir og ráðstafa þeim til afnota handa húsnæðislausu fólki, enda komi fullt endurgjald fyrir. Áður en þetta sé gert skal húsnæðisnefnd rannsaka málið og síðan úrskurða, hvort íbúð skuli tekin og ákveða leiguupphæð, tímalengd og annað, er þörf þykir að taka ákvörðun um og málsaðilum kemur ekki saman um. Á sama hátt skal bæjarstjórn heimilt að taka til sinna umráða annað ónotað húsnæði og útbúa það til íbúðar.

10. gr.

Það er bannað að leigja utanbæjarmönnum húsnæði í Reykjavík, nema um leigu sé að ræða á einstökum herbergjum til einhleypra námsmanna við

opinbera skóla í bænum. Húsnæðisnefnd getur þó veitt leyfi til þessa eins og hér segir:

a. Þá er menn fá stöðu hjá ríkinu eða bæjarfélaginu og verða þess vegna að vera í bænum.
b. Þá er maður sannar að hafa með fjárframlögum, er nemi að minnsta kosti eins miklu eins og verðmæti umræddS húsnæðis, stutt að húsagerð í bænum.
c. Þá er íslenzkur ríkisborgari, sem hefir átt síðasta heimili hér á landi í bænum, hverfur heim aftur frá útlöndum.
d. Þá er öðruvísi stendur á, en þó alveg sérstaklega, ef allir nefndarmenn eru sammála.

Ákvæðin um utanbæjarmenn ná ekki til sendimanna frá ríkisstjórnum annara ríkja.

11. gr.

Heildarleiga eftir hvert hús má vera allt að 15% af fasteignamatsverði hússins, að viðbættum 5% af fasteignamatsverði lóðar þeirrar, er húsið notar, og ákveður húsnæðisnefnd, hvernig leigan skiptist milli íbúða hússins.

Sama gildir og um hús, sem að nokkru eða öllu leyti eru leigð til atvinnurekstrar, og gilda ákvæði laga þessara að öllu leyti um þau, eftir því sem við á.

12. gr.

Lög þessi ná ekki til leigumála, sem fylgir fullt fæði, eða til gistihúsa.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 25 kr. til 5000 kr.
Sektir allar renna í bæjarsjóð Reykjavíkur.

14. gr.

Með mál út af brotum skal farið sem opinber lögreglumál.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og má með konunglegri tilskipun láta þau öðlast gildi fyrir aðra kaupstaði, einn eða fleiri.

Þegar ekki þykir lengur þörf laga þessara, má fella þau úr gildi með konunglegri tilskipun.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í samráði við landsstjórnina. Um ástæðurnar fyrir frumvarpinu vísast til skýrslu þeirrar, er herra Páll Zophóníasson ráðunautur hefir samið og hér fer á eftir.

Greinargerð um húsnæði, húsaleigu og fleira, er að því lýtur, í Reykjavík í des. 1930.

Eftir ósk atvinnumálaráðherra hefi ég séð um rannsókn á húsaleigu og fleiru hér í bæ nú um áramótin.

Rannsókn þessari er nú lokið, og um leið og ég skýri hér með frá niðurstöðum hennar, skal ég skýra nokkuð frá, hvernig henni var hagað.

Eftir manntalinu 2. desember var athugað, hverjir byggju í hverju húsi í bænum. Aðgætt var, hvort þeir væru í eigin húsum eða að þeir væru leigjendur. Væru þeir leigjendur, var aðgætt, hvað þeir borguðu í húsaleigu. Eftir þessu var fundið, hve mikil leiga borgaðist eftir allt húsið, og voru þá ekki talin einstök herbergi, sem leigð voru út af leigjendum eða húseigendum, enda þau herbergi talin í þeirra íbúðum, er herbergin leigðu frá sér. Aftur á móti voru taldar eins herbergis íbúðir, þ. e. þar sem aðgangur var að eldhúsi, þegar þau voru leigð út af húseiganda, og herbergin því ekki talin í leigu annara, er bjuggu í húsinu. Á þennan hátt var athugað, hve mikil leiga væri greidd eftir hvert hús.

Eftir bókum brunamálastjóra var síðan athugað, hve mikið hvert hús í bænum, sem sjálfstæð brunavirðing var til á, var virt til brunabóta.

Á sama hátt var aðgætt, hvert væri lóðarverð undir húsinu, og varð þá að fara eftir mati því, er nú gildir, því hinu er ekki lokið, sem nú stendur yfir. Lóðaverðið og brunabótaverðið var lagt saman, og er það samanlagt kallað brunabótavirðing hér á eftir.

Eftir veðmálabókum lögmanns var athugað, hvaða hús hefðu verið seld og hvert þinglesið kaupverð þeirra hefði verið. Kaupverðið á hverju húsi var borið saman við brunabótavirðinguna.

Teljendur við manntalið höfðu ekki spurt um eða skrifað húsaleigu við þau hús, sem notuð eru til atvinnurekstrar. Þessi herbergi eru hér kölluð „íbúðir til atvinnurekstrar", gagnstætt hinum, sem búið er í og sem aðeins eru kallaðar íbúðir, og ýmist eru í eiginíbúð eða á leigu.

Vegna þessa varð að fá mann til að fara um allan bæinn og safna upplýsingum um leiguna, sem greidd er eftir íbúðirnar, sem notaðar eru til atvinnurekstrar. Jafnframt skrifaði hann upp þá atvinnurekendur, sem fallið höfðu úr hjá teljurum, en þeir reyndust rúmir 70. Leiguna, sem hver borgaði, ritaði hann inn á atvinnuskýrsluna, og hefir skattstjóri nú fengið þær til afnota við samanburð á skattskrám, eftir að ég hefi notað þær.

Í bænum eru 2398 hús. Sumir eigendur húsanna búa einir í þeim, og leigja ekkert af þeim út. Aðrir leigja einstaka herbergi til einhleypra manna, og telst það herbergi til þeirrar íbúðar. Í öllum bænum eru 559 hús, sem eigendur nota einir.

Þá eru mörg hús, sem eigendur leigja svo lítið af, að ekki er hægt að finna leiguna eftir allt húsið, nema með því að áætla meginið af allri leigunni.

Því hefi ég sleppt, og því verður ekki reynt að finna leigu af þeim húsum, sem þannig er ástatt með. Önnur er ekki unnt að taka með af því, að þar vantar að einhverju leyti virðing, t. d. lóðarvirðingu, þar sem lóð er sameiginleg undir tveim húsum eða annað því um líkt. Þeim hefir líka orðið að sleppa.

Enn eru nokkur hús, sem eru að því leyti ekki sambærileg við önnur, að þeim fylgir svo mikið land, mikil fénaðarhús, stakkstæði o. fl., að ekki er gerlegt að finna sjálft húsaverðið og lóð undir því út úr heildarverðinu, og því er þessum húsum, sem eru 53 alls, sleppt úr öllum samanburði.

Eftir þessu má flokka húsin í bænum niður í eftirfarandi:

559, sem eigendur nota sjálfir og leigja ekki af, eða 23,3%.

801, sem eigendur nota að mestu leyti eða sleppt er úr samanburði af öðrum ástæðum, en það eru 33,4%.

53, sem sleppt er úr samanburði vegna þess, að þeim fylgir búskapur eða annað, en það eru 2,2% af öllum húsum í bænum.

704, sem að mestu eru leigð út, en það eru 29,4%.

281, sem eingöngu eru leigð út, en það eru 11,7%.

Það eru því alls 1360 hús, sem eigendur búa að mestu leyti í, og 985, sem leigjendur nota að mestu leyti.

Í þessum 985 húsum, sem leigð eru út að mestu eða öllu leyti, búa þó allmargir húseigendur. En þeir nota þá ekki nema lítinn hluta hússins. Þá hefir orðið að áætla þeim leigu, til þess að geta fundið leigu eftir allt húsið, og er þá fylgt þeirri reglu, að áætla þeim sömu leigu og þeir leigja út frá sér jafnherbergjamarga íbúð. Með þessu er reynt að tryggja það, að slík áætlun verði ekki of há. Og það ætti að vera tryggt, bæði af því, að oftar búa eigendur á betri hæðunum, og af hinu, að oftast eru þeir í beztu herbergjunum. Það ætti því að vera nokkuð tryggt, að með þessu sé ekki áætluð of há leiga hjá eiganda.

Alls eru 281 hús í bænum, sem í búa eingöngu leigjendur.

Alls eru 6059 íbúðir, sem búið er í í bænum, í þeim 2398 húsum, sem áður eru talin.

2149 af þessum íbúðum eru í eigin notkun eða í sjálfsíbúð. Þar af búa 559 í heilum húsum, eða nota öll húsin sjálfir. Margar af þessum íbúðum eru mjög stórar, sumar hafa milli 10 og 20 herbergi, en annars hefir það mál ekki verið rannsakað, og hefir heldur ekki þýðingu í því sambandi, sem hér liggur fyrir.

Í tölu þeirra manna, sem taldir eru að búa í eigin íbúðum, eru nokkrir, sem að vísu eiga ekki húsin sjálfir, en búa leigulaust í húsum náinna ættingja, t. d. sonur í húsi, sem gömul móðir hans á, o. s. frv., og sem því má skoða sem eiginíbúð. Eftir þessu er ljóst, að það eru 35,5% af bæjarbúum, sem búa í eiginíbúðum, 3907 eru leigjendur, og er það 64,5% af bæjarbúum, sem þá eru leiguliðar. Af þessu er sýnilegt, að meiri hluti af bæjarbúum eru leigjendur. Því ber, hvað húsaleigu snertir, að taka meira tillit til þeirra en hinna, sem búa í eiginíbúðum. Og sérstaklega verður þetta augljóst, þegar þess er gætt, að um fjórði hlutinn af húseigendum býr út af fyrir sig í eigin húsum, og koma því ekki við þetta mál, nema ef þeir eiga einhver af þeim 281 húsum, sem eingöngu búa í leigjendur.

Í þeim 985 húsum, sem hægt hefir verið að rannsaka, hve há ársleiga er borguð eftir, og bera hana saman við brunabótavirðinguna, búa 2684 leigjendur, eða 68,7% af öllum leigjendum í bænum.

Ekki hefir verið unnt að rannsaka til hlítar samanburð á leigu á íbúðum með misjafnri stærð, eða á misjöfnum hæðum í húsum. Til þess hefði þurft skoðun á hverri íbúð, og hana var ekki unnt að framkvæma. Að hinu leytinu er sýnilegt, að leigan á íbúðunum er afarmisjöfn, og yfirleitt hærri á litlu íbúðunum en þeim stærri. Þetta atriði var rannsakað af húsaleigunefndinni fyrir nokkrum árum, og það lítur ekki út fyrir, eftir þeim gögnum, er nú eru fyrir hendi, að það hafi neitt breytzt síðan sú rannsókn fór fram.

Hæð húsaleigunnar hefir verið reiknuð af öllu húsinu, og til að fá samanburð milli húsanna, hefir hún verið miðuð við brunabótamatið.

Sá samanburður sést á skýrslu I.

Skýrsla I.

% af brunabótaverði	Fjöldi húsa Alls	Fjöldi húsa Í %	Fjöldi íbúða leigjenda Alls	Fjöldi íbúða leigjenda Í %	Ársleiga alls í krónum	Lækkun á ársleigu, ef hún væri ekki nema 10%
5— 6	1	0,1	2,0	0,07	2400	
6— 7	5	0,5	41	1,52	18000	
7— 8	16	1,62	42	1,56	69400	
8— 9	35	3,55	94	3,50	120882	
9—10	66	6,70	173	6,44	248990	
10—11	112	11,37	254	9,46	425422	
11—12	137	13,91	345	12,85	655417	59583
12—13	133	13,50	347	12,93	604144	100690
13—14	122	12,3	338	12,59	636254	146827
14—15	101	10,25	293	10,92	498250	142357
15—16	71	7,21	192	7,15	366300	122100
16—17	41	4,16	127	4,73	220620	82732
17—18	36	3,65	89	3,31	141114	58106
18—19	30	3,05	84	3,12	166554	74024
19—20	26	2,64	60	2,24	85472	40486
20—21	12	1,22	61	2,27	81808	40904
21—22	8	0,81	18	0,67	49524	25941
22—23	8	0,81	20	0,75	34920	19047
23—24	8	0,81	26	0,97	45752	25860
24—25	2	0,20	6	0,22	7044	4109
25—26	3	0,30	10	0,37	17820	10692
26—27	3	0,30	18	0,67	18780	11557
27—28	2	0,20	17	0,53	8364	5266
30—31	2	0,20	9	0,34	16500	11000
33—34	1	0,1	3	0,11	3840	2648
35—36	1	0,1	2	0,07	2100	1500
38—39	1	0,1	8	0,30	6780	4995

% af brunabóta-verði	Fjöldi húsa Alls	Í %	Fjöldi íbúða leigjenda Alls	Í %	Ársleiga alls í krónum	Lækkun á ársleigu, ef hún væri ekki nema 10%
39—40	1	0,1	4	0,15	5340	3971
43—44	1	0,1	1	0,03	8880	6814
	985		2684		4566671	1001209

Talan í fremsta dálki sýnir, hve mörg prósent af brunabótaverði hússins öll leigan af húsinu sé. Hér var ekki rúm til að sýna það nánar en í heilum tölum, en það hefir verið reiknað út fyrir hvert af þeim 985 húsum, sem gerlegt þótti að gera þennan samanburð á, með einum desímala.

Til frekari útskýringar á töflunni verður að geta þess, að í mörgum af þeim húsum, sem sýna lægsta leigu, miðað við brunabótavirðingu, búa menn, sem eru nánir ættingjar húseiganda. Í öðrum tilfellum e rað ræða um gömul hús, sem hafa verið byggð meðan ódýrt var að byggja, og leigan ekki verið hækkuð þegar allt hækkaði í verði. Af þessum ástæðum báðum má ekki taka þá leigu sem bendingu um, að leigan þurfi ekki að vera hærri en þar er sýnt, að hún nú er.

Næstu tveir dálkarnir sýna, hve mörg hús það eru, sem leigð eru út fyrir þá prósentu af brunabótaverðinu, sem um ræðir í fyrsta dálki. Sýndur er bæði fjöldi húsanna og hlutfallstala.

Fjórði og fimmti dálkur sýna, hve margar íbúðir eru í þeim húsum, sem talin eru í öðrum og þriðja dálki, og er þetta sýnt bæði með raunverulegum tölum og hlutfallstölum.

Sjötti dálkur sýnir samlagða ársleiguna, sem greidd er eftir öll húsin, eða sem sama er, eftir allar íbúðirnar, sem taldar eru í fremri dálkunum

Loks er í aftasta dálki sýnt, hve mikið húsaleigan mundi lækka í heild í hverjum flokki, ef húsaleigan væri ekki nema 10% af brunabótaverði.

Skýrslan sýnir, að yfir 60% af húsunum eru leigð fyrir 10—15% af brunabótaverði húsanna, og um 40% fyrir 11—14%.

Ennfremur sést, að þessir 2684 leigjendur, er leigja í þessum húsum, borga alls yfir 4,5 milljónir króna í húsaleigu um árið.

Væri unnt að lækka húsaleiguna það, að hún yrði hvergi hærri en 10% af brunabótaverðinu, þá sparaðist árlega um 1 milljón í húsaleigu. Það væri minnkuð útgjöld þeirra 2684 leigjenda, sem búa í húsunum, en jafnframt lækkuðu tekjur þeirra manna, sem húsin eiga, um sömu upphæð.

Í þessum húsum búa ekki 1223 leigjendur í bænum. Þeir búa í hinum húsunum, sem eigendur búa í, og þá fyrst og fremst í þeim 801, sem áður eru talin, en einstaka líka í þeim 53 húsum, sem standa í sambandi við landbúnað o. fl., og áður eru líka nefnd. Það mun mega gera ráð fyrir, að þeir búi ekki við lægri leigu en hinir, og töluverðar líkur eru fyrir, að hún sé hærri. Venjulega er leigan sem sé hærri, sé lítið leigt út af húsunum, en þegar þau eru öll leigð út, eða mikið til öll. En þó ekki sé tekið tillit til þessa, þá er sýnilegt, að öll húsaleigan, sem leigjendur í Reykjavík greiða fyrir íbúðir sínar, er um kr. 7000000 — sjö milljónir króna — um árið.

Á sama hátt má gera ráð fyrir því, ef gerlegt þætti að lækka húsaleiguna

niður í 10% af brunabótavirðingu húsanna, þá mundu sparast upp undir 2 milljónir króna í greiðslu húsaleigu, en tekjur húseiganda rýrna að sama skapi.

Atvinnurekstur er rekinn í 1127 íbúðum. Af þeim eru 370, eða 32,8% í húsum, sem atvinnurekandi á, eða í notkun eiganda, en 757, eða 67,2 í leigðum íbúðum. Að svo miklu leyti, sem þær eru í húsum, sem eru meðal þeirra, sem talin eru í skýrslu I., er leigan eftir þær þegar komin í ljós. En það eru þær ekki nema að mjög litlu leyti. Langmestur hluti af atvinnurekstraríbúðunum eru í þeim 801 húsi, sem eigendur búa í, en leigja líka út að meira eða minna leyti. Það er svo lítill hluti af sölubúðaleigu bæjarins innifalinn í nefndum sjö millj.

Í leigu eftir þær 757 íbúðir, sem notaðar eru til atvinnurekstrar, eru borgaðar 2000640 krónur á ári.

Langsamlega flestar íbúðir, sem notaðar eru til atvinnurekstrar, eru notaðar til verzlunar. Meginið af þessum tveim milljónum, sem borgaðar eru í leigu eftir þær 757 íbúðir, sem notaðar eru til atvinnurekstrar og leigðar af atvinnurekendum, eru því borgaðar af verzluninni. Leigan verður því að takast með álagning af vörunum, sem seldar eru í bænum.

Þriðjungur af atvinnurekendum er í eigin íbúðum. Meðal þeirra eru margir þeir stærstu. Því er ekki of í lagt, þótt þeim sé ætluð lík húsaleiga og hinum. Það má því búast við, að það séu um 3 eða jafnvel milli 3 og 4 milljónir, sem atvinnurekendur sumpart verða að borga og sumpart muni reikna sér í húsaleigu og þá vitanlega aftur leggja á atvinnuna, sem mest er verzlun.

Allt ber því að þeim brunni, að nú muni húsaleiga eftir verzlunarbúðirnar í bænum vera sem næst 10—11% af verði aðfluttrar erlendrar vöru til bæjarins. Það er því að ræða um atriði, sem getur haft ekki litla þýðingu á vöruverði í bænum. Heppnist að finna leið til þess að minnka leiguna eftir sölubúðirnar, og sérstaklega ef það fyndist leið til að fækka þeim, þá er stigið mikilsvert spor í áttina til þess að lækka vöruverð í bænum og draga úr húsnæðisleysinu.

Eins og ljóst er hér að framan, er öll húsaleiga borin saman við brunabótavirðingu húsanna, og eftir því talað um, hvort þau séu leigð dýrt eða ekki. Því er sérstök ástæða til að athuga brunabótavirðinguna. Brunabótavirðingin er yfirleitt sem næst verði húsanna, þegar brunabótavirðingin fer fram. En að hinu leytinu eru húsin byggð á misjöfnum tímum, og því er brunabótavirðingin nú mjög mismikill hluti af því, sem húsið raunverulega hefir kostað, þegar það var byggt. Þessa gætir vitanlega mjög á eldri húsum. Brunabótaverð þeirra er yfirleitt hærra en það kostaði að byggja þau á sínum tíma. Á yngri húsum er þetta misjafnt, en yfirleitt hefir brunabótamati húsanna ekki verið breytt svo ört, að mörg hús eru með brunabótamati frá því að dýrtíðin var sem mest. Og þá er nefndur sá annmarki, sem verstur er við að nota brunabótamatið til grundvallar, en hann er, að það er frá ýmsum tímum, eða mötin eru misgömul. Þetta, samhliða því, að þess eru dæmi, að sum hús hafa ekki verið metin um, eftir að þau voru fullgerð, og standa því í óeðlilega lágu mati, gerir, að með varasemi verður að nota brunabótamatið í þessu augnamiði, og að ekki má lögfesta húsaleigu við það, nema með því fyrst að finna ráð til þess að gera það sambærilegt.

Fasteignamatið er sambærilegra, enda gert á sama tíma fyrir öll hús í bænum, en það er svo lágt, að það mun láta mjög nærri, að það sé um ⅔ af

brunabótaverðinu (brunabótaverði í ár) og svipað sé miðað við raunverulegt kostnaðarverð hússins nú.

Fari svo, að gerlegt þyki að lögfesta hámarkshúsaleigu hér í bæ, þá þarf að gæta þess, ef miða á við brunabótamatið, að gera það sambærilegt, og ef miða á við fasteignamatið, sem nú er verið að framkvæma, að það er um ⅔ af raunverulegu kostnaðarverði hússins nú í ár.

Af þeim 2398 húsum, sem eru í bænum, eru 1419, eða 59,2%, sem ekki hafa skipt um eiganda síðan þau voru byggð. Af þessum húsum eru þó nokkur, sem hafa skipt um eiganda að nafninu til, en það hefir þá orðið án þess verð hússins hafi breytzt, t. d. með því að ganga í arf, án sérstaks mats, vera gefið, vera skipt til annars maka við kaupmála o. fl.

Hin 979, eða 40,8%, af húsunum í bænum hafa skipt um eigendur, og þá verið þinglesin með ákveðnu verði, sem vitanlega er ekki víst, að hafi verið hið sama og kostnaðarverðið.

Sé enn miðað við brunabótavirðingu húsanna eins og hún er nú, þá hafa húsin, sem seld hafa verið, ýmist verið seld fyrir verð, sem er fyrir ofan eða neðan brunabótavirðinguna. Þegar þetta er athugað nánar, sést, að 317 hús hafa verið seld fyrir verð, sem er hærra en brunabótaverðið, en 662 hafa verið seld fyrir verð, sem er neðan við brunabótaverðið. Það er strax augljóst, að þeir, sem keypt hafa fyrir verð, sem er lægra en brunabótaverðið, mega vel við una að fá með leigunni rentur af hærri höfuðstól (brunabótaverðinu) en kaupverðinu. Þeir, sem þau hús eiga, svo og hinir, sem eiga húsin, sem ekki hafa verið seld, hafa því enga ástæðu til að vera óánægðir, ef húsaleigan yrði miðuð við brunabótamatið. Sumir mega meira að segja stórvel una, því þess eru dæmi, að hús, sem hafa verið keypt fyrr, eru nú leigð út fyrir ársleigu, sem er allt að því eins mikil — og einstaka sinnum eins há — eins og kaupverð hússins þegar kaupin fóru fram.

Af þessu er auðsætt, að eigendur að 2081 (1319 og 662) húsi, eða 86,7% af öllum húseigendum í bænum, gætu engan hnekki beðið við það, þó húsaleigan væri fest við brunabótaverðið, samanborið við að renta höfuðstól húsanna í bönkum eða sparisjóðum. Frá þeirra hálfu getur því engin sanngirni mælt á móti því, að húsaleiga yrði hæst t. d. 10 eða 11% af brunabótavirðingunni.

Um hin húsin, sem hafa verið seld fyrir hærra verð en brunabótavirðingu, er allt öðru máli að gegna. Þau eru 317 talsins. Margt af þessum húsum er keypt fyrir verð, sem er svo nálægt brunabótavirðingu, að ekki munar 1% á leigunni miðað við brunabótaverðið eða kaupverðið, og sem ekki settu leiguna niður fyrir 10% af kaupverði hússins, þó miðað væri við brunabótaverðið. Húsin, sem þetta hefði áhrif á, eru aðallega 84, og eru þau hér öll talin upp.

Aftasti dálkurinn sýnir hundraðshluta húsaleigunnar af kaupverðinu, miðað við 10% af brunabótaverði.

Gata og húsnr.	Brunabóta-virðing kr.	Húsa-leiga %	Kaup-verð kr.	Húsa-leiga %	
Ásvallagata 27	38490	15,1	48000	12	8
Barónsstígur 21	32785	12,1	37000	10,8	8,8

Gata og húsnr.	Brunabóta-virðing kr.	Húsa-leiga %	Kaup-verð kr.	Húsa-leiga %	
Baldursgata 1	12368	20,3	18000	14,0	6,9
— 4	22157	14,6	27772	11,7	8,0
— 15	18279	15,7	24000	12,0	7,6
— 23	20669	10,4	25000	8,6	8,2
— 36	10706	8,4	15000	6,0	7,1
Bergstaðastræti 25	13592	15,0	18000	11,9	7,5
— 42	16000	18,8	22000	13,6	7,2
— 50	7405	19,9	9000	16,0	8,2
— 49	22054	20,6	29000	15,3	7,6
Bergþórugata 15	19856	12,2	23500	10,9	8,4
Bókhlöðustígur 6 b	9675	18,7	20000	9,0	4,8
Bragagata 38 a	22746	18,5	26000	16,1	8,7
Fálkagata 17	8192	13,2	10500	10,2	7,8
— 20	13948	13,3	21000	8,8	6,6
— 23	14280	17,1	18000	14,4	7,9
Fischerssund 1	16921	19,5	18300	18,0	9,2
Fjölnisvegur 1	65300	10,7	70000	9,8	9,3
Frakkastígur 7	14367	10,4	20000	7,5	7,2
— 15	22140	8,5	28000	6,8	7,9
— 19	25953	16,1	35000	12,0	7,4
— 14	11468	12,6	14000	10,2	8,2
Framnesvegur 10 a	27468	13,1	30000	12,0	9,1
Freyjugata 25	21709	14,6	24000	11,2	9,0
— 27 a	17706	16,2	25000	11,5	7,1
Grettisgata 1	21098	23,0	38000	14,2	5,5
— 19 b	9116	16,4	14500	10,3	6,3
— 20 b	30938	11,6	36000	10,0	8,6
— 44 b	26815	17,2	30600	11,6	8,8
— 54	23475	15,1	29000	13,2	8,1
— 55 a	10567	21,5	14000	16,3	7,5
— 72	25200	15,2	30000	12,8	8,4
Grjótagata 14 b	15539	16,2	19000	13,2	8,1
Grundarstígur 3	22014	14,1	25000	12,5	8,8
Hringbraut 148	49910	12,5	53000	11,8	9,8
Hverfisgata 57 a	21504	10,3	24000	9,2	8,9
— 58 a	19710	15,2	22300	13,5	8,8
— 84	21228	18,0	29000	13,2	7,3
— 90	11361	33,8	39000	9,8	2,9
— 94	20247	16,3	22506	14,6	9,0
Ingólfsstræti 21	37898	15,8	45000	13,3	8,4
Kárastígur 8	27622	15,6	35000	12,3	7,9
Klapparstígur 44	27301	15,3	29700	14,1	9,2

Gata og húsnr.	Brunabótavirðing kr.	Húsaleiga %	Kaupverð kr.	Húsaleiga %	
Laufásvegur 2 a	34928	11,9	37000	10,9	9,4
— 27	29269	13,5	31500	12,6	9,3
— 41	48751	12,9	64000	9,8	7,6
Laugavegur 12	38160	18,5	65000	11,1	5,8
— 12 b	25148	23,8	55679	10,8	4,5
— 18 b	65844	12,7	80000	10,4	8,2
— 28	33743	20,6	55000	12,6	6,1
— 28 d	12702	16,0	15750	13,0	8,1
— 40 b	13955	15,9	16000	13,6	8,7
— 41	43955	14,1	53750	11,3	8,2
— 63	23760	18,9	36500	12,4	6,5
— 73	37508	11,2	40000	10,5	9,4
— 76 c	22855	13,6	25000	12,5	9,1
— 78	39358	13,3	41000	12,8	9,6
— 87	42371	15,7	53000	12,4	8,0
— 147 a	22678	14,3	29000	11,1	7,8
Lindargata 23	16137	14,8	24500	9,7	6,7
— 40	16225	11,0	25000	7,2	6,4
Ljósvallagata 14	49670	15,9	54000	14,6	9,1
Lokastígur 7	28879	11,6	30800	10,9	9,3
— 22	21764	17,6	24000	16,0	9,1
Mjóstræti 6	100207	12,8	110000	11,6	9,1
Mjölnisvegur 48	25240	13,3	27000	12,4	9,3
Mýrargata 7	16689	16,7	18500	14,5	9,0
Njálsgata 15	27764	15,9	35000	11,8	7,9
— 33 b	15496	16,1	22000	12,0	7,0
— 50	25461	15,3	30000	13,0	8,3
Njarðargata 7	16402	16,6	23000	12,0	7,1
— 9	19488	21,6	26000	16,4	7,5
Óðinsgata 20	22191	11,4	26000	9,7	8,5
— 21	31474	15,1	34000	14,0	9,2
Ránargata 1	42890	14,7	47000	12,8	9,0
— 7 a	36970	14,9	40000	13,3	9,2
— 9	37070	16,8	42000	14,2	8,8
Skólavörðustígur 43	15426	13,2	17500	11,6	8,8
Sólvallagata 33	40557	14,3	43000	13,5	9,4
Spítalastígur 2	23676	14,3	25600	13,1	9,2
Suðurgata 8 b	42999	11,1	65000	7,3	6,6
Þingholtsstræti 15	50781	14,2	60000	12,0	8,4
Vesturgata 34	14340	16,7	21000	11,4	6,8
— 45	24268	22,7	32000	14,2	7,6
— 50 b	7442	18,5	14000	9,8	5,3
Öldugata 6	37349	11,3	42000	10,0	8,9

Með þessari upptalningu eru upp talin öll þau hús í bænum, sem lög, er ákvæðu leigu eftir brunabótaverði, hefðu nokkur veruleg áhrif á. Hin, sem seld eru fyrir hærra verð en brunabótavirðingu, eru seld svo lítið ofan við hana, að það hefir lítið að segja fyrir eigendur þeirra. Þó kynni að þurfa að athuga nánar, hvort eitthvert hús, sem ekki er leigt nema að litlu leyti út, gæti heyrt hér undir, en til þess getur varla komið.

Það er augljóst, þegar borin er saman leigan af brunabótaverðinu og kaupverðinu, að ef þessi hús yrðu allt í einu leigð út á 10% af brunabótaverðinu, þá mundu eigendur húsanna bíða fjárhagslegt tjón. Hve mikið þetta er, má reikna út fyrir hvert hús eftir tölunum, sem í skýrslunni standa.

En í sambandi við þetta er líka þess að geta, að meðan ekkert er gert til þess að fyrirbyggja, að hús séu leigð hátt út, þá getur hátt húsaverð staðizt, og t. d. í sumar er eitt af þeim húsum, sem talin eru í skýrslunni, keypt af sveitamanni, til þess að geta ávaxtað fé sitt betur en í bönkum, hvað hann aðeins getur meðan húsaleigan getur haldizt há. Þetta hús er leigt á 14,7% af brunabótaverði, og getur hann með því fengið 12,8% af húsverðinu. Væri það leigt út á 10%, þá fengi hann ekki nema um 9%, og eftir því hefði hann ekki sótzt.

Ég hef reiknað út og sett með tölum aftan við hvert hús, hvaða prósentu eða rentu þeir menn, er eiga þessi hús, munu fá af þeim höfuðstól, er þeir hafa lagt í húsin, ef þeim með lögum væri gert að skyldu að leigja þau út á 10% af brunabótavirðingu. Af þeim tölum sést, að allur fjöldinn fær 7 og 8 og 9%, en einstaka komast lengra niður, jafnvel niður í 2% af kaupverðinu. Þessir menn allir yrðu því fyrir tilfinnanlegu tjóni, ef hámarkshúsaleiga væri ákveðin 10%.

Þann órétt mætti bæta þeim á fleiri vegu, ef ástæða þætti til, en þar sem ekki er um fleiri menn að ræða, virðist vera réttlætanlegt, þó þeir bíði fjárhagsskaða, ef heildin vinnur margfalt í staðinn.

Til að fá ofurlitla bendingu um það, hvort sama leiga væri yfirleitt á timburhúsum og steinhúsum, var athugað, hve mörg prósent af húsum í hvorum flokki væru byggð úr steini, og hve mörg úr timbri. Það kom þá í ljós, að hér er ekki um mikinn mun að ræða. Eftirfarandi tafla sýnir þetta nokkuð:

Af húsum leigðum fyrir	7	8	10	12	13	14	15	16	18%
voru hlutfallslega byggð úr timbri	44	46	49	40	50	48	53	54	73—
voru hlutfallslega byggð úr steini	56	54	51	60	50	52	47	46	37—

Það lítur því svo út, sem meðal þeirra húsa, sem lægst eru leigð, sé tiltölulega fleira af steinhúsum, en aftur séu tiltölulega fleiri timburhús meðal þeirra, sem leigð eru allra hæst. Þetta er þó ekki svo greinilegt, að hægt sé að draga af því neinar ákveðnar ályktanir, en þegar þess er gætt, að í steinhúsunum, sem yfirleitt eru yngri, eru meiri þægindi en í eldri timburhúsunum, þá mætti ætla, að þau væru yfirleitt leigð ódýrara. Þegar svo er ekki, þá hlýtur það að standa í sambandi við meira viðhald á timburhúsunum og að þau þess vegna verði að leigjast dýrara en steinhúsin. Að minnsta kosti virðist þessi niðurstaða geta bent í þessa átt.

Þá hefir verið rannsakað, hvenær húsin, sem talin eru í skýrslu I., eru byggð. Sú rannsókn var gerð til þess að fá leitt í ljós, hvort húsin, sem byggð

voru þegar dýrast var að byggja, væru leigð út hærra en hin, sem byggð voru á ódýrari tímum.

Því miður hefir ekki heppnast að fá vitneskju um, hvenær 8 hús voru byggð. En þar sem þau geta engu breytt í niðurstöðunni, ætti það ekki að gera mikið til. Af þeim 985 húsum, sem talin eru í skýrslu I., eru 977 talin í skýrslu II. og þar sýnt, hvenær þau hafa verið byggð, eða fengið höfuðviðgerð.

Skýrslan þarf engrar útskýringar við; hún sýnir, að leigan stendur ekki í neinu sambandi við það, hvenær húsin hafa verið byggð. Þar með er líka sagt, að leigan standi ekki í neinu sambandi við raunverulegan byggingarkostnað.

Skýrsla II.

sýnir aldur húsa og leigu eftir þau í prósentum af brunabótavirðingu.

Húsið byggt árið	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	30	33	38	39	43	Alls
1870—80	.	.	.	1	1	.	.	1	.	.	.	.	.	1	.	.	1	.	.	.	.	1	.	.	.	.	.	.	6
1880—90	.	.	2	1	2	4	6	2	.	3	2	2	2	.	2	.	.	.	.	.	.	.	.	1	.	.	.	.	29
1890—00	1	1	1	2	7	8	10	10	4	6	4	4	4	5	2	4	.	2	2	.	1	1	.	.	.	.	1	1	81
1900—05	.	1	2	2	9	13	14	16	21	11	9	8	2	3	4	3	2	3	2	1	1	1	1	.	1	.	.	.	130
1905—10	.	.	2	3	9	13	19	14	21	12	12	6	12	2	6	.	1	1	2	.	1	.	.	.	.	.	.	.	136
1910—15	.	.	2	2	4	3	3	4	5	7	4	3	2	4	.	2	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	45
1915—20	.	.	3	3	3	6	8	7	12	7	3	2	1	1	4	1	1	.	.	1	.	.	.	.	.	.	.	.	63
1920....	.	.	.	3	5	8	7	6	9	5	4	1	2	4	.	1	.	.	.	.	.	.	.	1	.	.	.	.	56
1921....	.	1	2	1	.	3	2	3	5	5	6	2	2	1	.	.	1	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	34
1922....	.	.	1	1	3	2	4	2	5	6	4	2	1	1	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	32
1923....	.	.	.	1	3	5	6	9	5	5	4	3	1	2	2	1	1	.	1	.	.	.	.	.	.	.	.	.	49
1924....	.	.	.	3	.	2	4	4	2	2	1	1	1	1	1	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	22
1925....	.	.	.	1	2	3	4	2	2	1	1	.	.	.	1	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	17
1926....	.	1	.	2	2	12	9	8	9	4	3	.	2	.	.	.	.	.	.	.	.	.	1	.	.	.	.	.	54
1927....	.	.	.	2	5	13	7	11	4	6	2	2	2	1	.	.	.	1	1	.	.	.	.	.	.	.	.	.	58
1928....	.	.	.	1	3	6	11	9	4	6	2	2	.	1	.	.	.	1	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	47
1929....	.	.	1	3	4	4	13	13	6	9	5	1	1	.	.	.	1	.	.	.	.	.	.	.	.	1	.	.	62
1930....	.	1	.	3	4	7	10	12	4	6	5	2	1	1	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	56
Samtals	1	5	16	35	66	112	137	133	118	101	71	41	36	28	25	12	8	8	8	2	3	3	2	2	1	1	1	1	977

Af því, sem sagt er hér að framan, tel ég að megi sjá:

1. Að húsin í bænum flokkist svo:
   559, sem eigendur búa í einir.
   854, sem ekki er hægt að nota við samanburð á hæð húsaleigu af ýmsum ástæðum.
   704, sem meiri hlutinn er leigður út.
   281, sem eingöngu búa í leigjendur.
2. Þessi 985 hús, sem eru alveg eða að mestu leyti leigð út, eru leigð mjög mis-

hátt, þegar miðað er við brunabótavirðingu þeirra, eða frá tæp 6% til liðug 43% af brunabótavirðingunni.

3. Ársleiga þeirra 3907 leigjenda, sem leigja í bænum og hafa aðgang að eldhúsi, er um 7 milljónir króna.
4. Húsaleiga eftir þær íbúðir, sem notaðar eru til atvinnurekstrar, er um 11% af verði aðfluttrar erlendrar vöru.
5. Reynist gerlegt að lögbjóða hámarkshúsaleigu, og væri hægt að miða hana við 10% af brunabótavirðingu húsanna, mundi það hafa um tveggja millj. króna sparnað á húsaleigu í för með sér. Sparnaðurinn yrði vinningur leigjenda, en mundi rýra tekjur húseigenda að sama skapi.
6. Væri mögulegt að fækka búðum í bænum, mundi það hafa áhrif bæði á vöruverð í bænum, sem þá mundi lækka, og á húsnæðismálið, þar sem þá fengist laust húsnæði til íbúðar, sem nú er fast undir atvinnurekstri.
7. Öll hús í bænum má ennfremur flokka sem hér segir:
   1419 hafa ekki verið seld síðan þau voru byggð. Hafi þau skipt um eiganda, hefir aðeins verið að ræða um nafnaskipti á eigendum, án þess að það hafi áhrif á verð húsanna (kaupmáli, erfðir o. fl.).
   662 hús hafa verið seld fyrir verð, sem er lægra en núverandi brunabótamat.
   233 hafa verið seld fyrir hærra verð en núgildandi brunabótamat, en munurinn er óverulegur.
   84 hafa verið seld fyrir mun hærra verð en núgildandi brunabótamat. Væru eigendur þeirra skyldaðir til að leigja þau út fyrir 10% af brunabótamati, mundu þeir ekki fá venjulega peningavexti af kaupverði húsanna.
8. Meðal þeirra húsa, sem eru leigð tiltölulega ódýrast út, er meira af steinhúsum en timburhúsum, meðan það aftur er tiltölulega fleira af timburhúsum meðal þeirra húsa, sem eru leigð dýrast.
9. Það er sýnilegt, að meiri hluti húseigenda hefir haft hag af þeirri verðhækkun á húsum, sem átt hefir sér stað (2081), enda meðal þeirra nokkrir af þeim 662, sem keypt hafa hús undir brunabótavirðingu, sem nú leigja hús sín út fyrir hartnær eða alveg sama verð og þeir á sínum tíma hafa keypt þau fyrir.
10. Hvenær húsin hafa verið byggð, virðist engin áhrif hafa á húsaleiguna í bænum; hús, sem eru byggð fyrir aldamót, eru ekki leigð ódýrara en hús, sem byggð eru þegar dýrast var að byggja.
11. Brunabótavirðing húsanna, sem hér hefir orðið að miða við, er gerð á misjöfnum tímum. Væri því horfið að því ráði að miða húsaleiguna við hana, verður hún að samræmast og miðast við núverandi ár.
12. Fasteignamatið er um ⅔ af brunabótavirðingu húsanna, og væri húsaleiga miðuð við það, verður að taka tillit til þess.

Reykjavík, 26. febrúar 1931.

Páll Zóphóníasson.

Nd. 389. Breytingartillaga

við frv. til laga um virkjun Efra-Sogsins.

Frá Gunnari Sigurðssyni.

Við 6. gr.

Í stað orðanna »við kostnaðarverði . . . . . frá 1923« komi: með því verði, er greinir í 62. gr. vatnalaganna, nr. 15, 20. júní 1923, þó með þeirri breytingu frá ákvæðum 3. málsgr. þeirrar greinar, að ef til ráðstöfunar kemur á tekjuafgangi samkvæmt þeirri málsgrein, þá skulu notendur utan Reykjavíkur eiga rétt til endurgreiðslu á óskertum sínum hluta af þeim tekjuafgangi.

Nd. 390. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á l. nr. 11, 18. maí 1920, um þingmannakosning í Reykjavík.

Flm.: Magnús Torfason, Bernharð Stefánsson.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Siglufjarðarkaupstaður skal vera sérstakt kjördæmi og kjósa 1 þingmann. Tala þingmanna í neðri deild breytist eftir því.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi koma til framkvæmda við næstu kjördæmakosningar til Alþingis.
3. Við fyrirsögnina. Fyrirsögnin orðist svo:
   Frumvarp til laga um kosning þingmanns fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Nd. 391. Nefndarálit

við frv. til laga um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Þetta mál hefir áður legið fyrir Alþingi og var fellt í Nd. í fyrra með 16:9 atkv. Nefndin er klofin um málið, og leggur undirritaður meiri hl. til, að frv. verði fellt af ástæðum, sem fram hafa komið á fyrri þingum.

Alþingi, 13. apríl 1931.

Magnús Guðmundsson, frsm. Jón Ólafsson. Lárus Helgason.

Nd. 392. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 60, 14. júní 1929, um varnir gegn berklaveiki.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

1. gr.

5. málsgrein 14. gr. nefndra laga orðist svo:

Ráðuneytið skal semja fyrirfram fyrir heilt eða hálft ár í senn við ljóslækningastofur og sjúkrahús um kostnað allan við dvöl og lækningar styrkhæfra sjúklinga. Náist eigi samningar, skal ráðuneytið ákveða hámark ljóslækningataxta og daggjalda fyrir sjúklinga, og skal þá leggja til grundvallar kostnað við dvöl sjúklinga á Vífilsstöðum, þar með talin hæfileg húsaleiga fyrir hælið og læknabústaði, en taka tillit til alls aðstöðumunar, svo sem áhvílandi skulda á sjúkrahúsinu, verðlags á rafmagni, mjólk og helztu nauðsynja- og neyzluvöru, sem sjúkahúsin eða ljóslækningastofurnar þurfa að kaupa. Ráðuneytinu er og rétt að setja reglur um form og sundurliðun þeirra reikninga, er ríkissjóður greiðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nefndinni hefir þótt vissara að flytja í frumvarpsformi þáltill. frá þm. Ísfirðinga um skilning á 5. málsgrein 14. gr. laga um varnir gegn berklaveiki, nr. 60, 14. júní 1929, til þess að lögin sjálf verði svo skýr, að ekki verði um villzt fyrir neytt ráðuneyti. Ráða landlæknis hefir verið leitað, og leggur hann með málinu, þó með þeim fyrirvara, að takmörkuð verði tala á ljóslækningastofum, sem styrks njóti, og þær verði við Ísafjörð, Sauðárkrók, Akureyri, Seyðisfjörð, Vík í Mýrdal, Vestmannaeyjar og Landsspítalann í Reykjavík, ef þær hafa fullnægjandi lækningatæki, auk Vífilsstaða og Kristneshælis, sem stunda sína sérstöku sjúklinga. Er því ætlazt til þess, að fleiri ljóslækningastofur verði ekki styrktar fyrst um sinn, nema þá eftir ráði landlæknis, og verði útbúnaður ljóslækningatækja einhverra af þessum stofum ófullnægjandi, megi að ráði landlæknis taka af þeim réttinn til að fá styrk.

Ed. 393. Frumvarp

til laga um hafnargerð á Akranesi.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Til hafnargerðar á Akranesi veitast úr ríkissjóði ⅖ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefir samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum,

allt að kr. 480000 — fjögur hundruð og áttatíu þúsund krónur — gegn ⅗ frá hafnarsjóði Akraness.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 500000 — fimm hundruð þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Akraness kann að fá til hafnargerðarinnar, gegn ábyrgð Borgarfjarðarsýslu. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Akraness. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Akraness.

4. gr.

Hafnarmerki skulu vera: Frá Vestriflasartá um Syðriflasarenda í Þjótarsker og þaðan sjónhending á vestanverðan Sólmundarhöfða.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Ytri-Akraneshrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Hreppsnefndinni er heimilt, með samþykki atvinnumálaráðherra, að

taka eignarnámi lönd og lóðir, sem að höfninni liggja og nauðsynlegar teljast til hagnýtingar henni.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 5 menn, 3 kosnir af hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps, en 2 af sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til 5 ára, og gengur 1 úr árlega, fyrstu 4 árin eftir hlutkesti. Að minnsta kosti 3 nefndarmenn skulu eiga heima í Akraneskauptúni eða í nágrenni þess.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Hafnarsjóður á allt það land innan hafnargarðs, sem nú flýtur yfir með stórstraumsflóði.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á Akraneshöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
   f. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem heimili eiga í kauptúninu og leggja þar afla á land eða hafa þar uppsátur.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulið 2 a, b og c.

12. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkv. 11. gr., má taka lögtaki.

13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

14. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjuliðum.

15. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári, og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og hreppsreikninga.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina,

góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Ed. 394. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr, 46, 15. júní 1926, um útsvör.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er öll sammála um að leggja til, að 1. gr. frv. verði samþykkt. Hinsvegar vilja tveir nefndarmennirnir (IP og EF) ekki fallast á þá hækkun dráttarvaxta, sem 2. gr. gerir ráð fyrir, og leggja til, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 2. gr. Greinin falli niður.

Alþingi, 11. apríl 1931.

Ingvar Pálmason, form. og frsm.	Erlingur Friðjónsson, fundaskrifari.	Pétur Magnússon.

Nd. 395. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 386 (Slysatryggingarlög).

Frá Héðni Valdimarssyni.

Á eftir orðinu »hásetar« komi: vélamenn.

Ed. 396. Lög

um breyting á lögum nr. 18, 19. júní 1922, um fiskimat.

(Afgreidd frá Ed. 13. apríl).

1. gr.

3. málsgrein 1. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa svo fyrir, að allur útfluttur fiskur til þessara landa verði bundinn í bagga og hafður í hæfilegum umbúðum, að dómi matsmanna, hvort heldur hann er fluttur beint frá Íslandi eða um önnur lönd.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 397. Frumvarp

til laga um merkingu á útfluttum saltfiski.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 249, með þeirri breytingu, að 3. gr. hljóðar svo:

Öll merki skulu vera glögg og vel læsileg. Skulu þau gerð með stimpli eða máluð í þar til gert stafamót áður en umbúðir eru saumaðar utan um pakkann.

Nafnið „Ísland“ komi þvert yfir pakkann laust neðan við miðju og tölustafir og bókstafir ofan við.

Útflytjandi skal setja merki sitt á efra horn pakkans til vinstri handar.

Sé annar seljandi en útflytjandi, skal hann setja merki sitt í efra horn pakkans til hægri handar.

Nd. 398. Frumvarp

til laga um kosning þingmanns fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Flm.: Héðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson, Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

Siglufjarðarkaupstaður skal vera sérstakt kjördæmi og kjósa 1 þingmann. Tala þingmanna í neðri deild breytist samkvæmt því.

2. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda við næstu kjördæmakosningar til Alþingis.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir óskum Siglfirðinga. Í kaupstaðnum eru nú rúmlega 2000 íbúar.

Nd. 399. Frumvarp

til laga um kosning þingmanns fyrir Neskaupstað.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson, Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

Neskaupstaður skal vera sérstakt kjördæmi og kjósa 1 þingmann. Tala þingmanna í neðri deild breytist eftir því.

2. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda við næstu kjördæmakosningar til Alþingis.

Greinargerð.

Þinginu hafa borizt áskoranir frá íbúum Neskaupstaðar um, að kaupstaðurinn yrði gerður að sérstöku kjördæmi. Íbúatala Neskaupstaðar er nú 1100—1200 og fer hraðvaxandi.

Nd. 400. Frumvarp

til laga um breyt. á l. nr. 73, 7. maí 1928. (Slysatryggingalög).

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Við 1. gr.

a. Liður 1 b orðist svo:

Hásetar, vélamenn og formenn á róðrarbátum og vélbátum minni en 12 smál., er stunda fiskveiðar og vöruflutninga á milli hafna innanlands í 1 mánuð á ári eða lengur.

b. Liður 2 a. Aftan við liðinn bætist:
Þar með talin stjórn aflvéla við jarðvinnslu.
c. Liður 2 b. Aftan af liðnum falli: „Þar sem 5 manns eða fleiri vinna eða aflvélar eru notaðar að staðaldri".

2. gr.

Við 2. gr.
Fyrir „3 mönnum" komi: forstjóra Tryggingarstofnunar ríkisins og 2 meðstjórnendum.

3. gr.

Við 8. gr.
a. Aftan við málsgreinina bætist:
Iðgjald fyrir forfallaðan skipverja má endurgreiða þegar forföllin stafa ekki af bótaskyldu slysi, enda hafi maðurinn gengið úr skiprúminu.
b. Á eftir orðinu „róðrarbáta" í annari málsgrein bætist: og vélbáta minni en 12 smálestir.

4. gr.

Við 12. gr.
Á eftir 1. málsgrein komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Því aðeins ber að taka til greina og framsenda til slysatryggingarinnar kröfur um bætur fyrir slys, er verða við atvinnurekstur, sem heimilt er að tryggja í frjálsri tryggingu, að tryggingar hafi verið beiðzt og iðgjöld greidd eftir áætlun, áður en eða samhliða því, að atvinnureksturinn var hafinn.

5. gr.

Breytingar þær, er samþykktar verða, og sömuleiðis breytingar þær, er samþykktar voru á síðasta þingi, skulu færðar inn í texta laganna.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar.

Nd. 401. Frumvarp

til laga um nýjan veg frá Lækjarbotnum austur í Ölfus.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Nýjan veg skal leggja af Suðurlandsbraut hjá Lækjarbotnum sunnan við Lyklafell, um svo nefnd Þrengsli og Eldborgarhraun, niður í Ölfus vestanvert allt að Suðurlandsbrautinni nálægt Reykjum.

2. gr.

Skal fyrst lokið austurkafla vegar þessa, þaðan er hann liggur frá núverandi vegi um Svínahraun, skammt fyrir neðan Kolviðarhól, allt austur að vegamótum í Ölfusi.

Vegarkafli þessi skal fyrst í stað gerður sem vetrarleið.

3. gr.

Skal gæta þess sérstaklega um legu vegarins og gerð, að hann verjist sem bezt snjó.

4. gr.

Vegur þessi skal vera þjóðvegur og skal telja kostnað við vegagerðina í fjárlögum, svo sem annan kostnað við lagningu nýrra akvega. Viðhald vegarins skal greiða af fé því, sem árlega er veitt í fjárlögum til viðhalds þjóðvegum.

5. gr.

Meðan sá kafli vegarins, er um getur í 2. gr., er aðeins vetrarleið, skal halda við þjóðveginum um Hellisheiði sem aðalflutningaleið, en sýni rannsókn, að hagkvæmara verði að leggja veginn sem beinasta leið yfir heiðina, en malbika þennan kafla, skal það gert.

6. gr.

Þá er nýr vegur frá Lækjarbotnum að vegamótum Suðurlandsbrautar í Svínahrauni er fullgerður, leggst niður núverandi vegur á þessum kafla.

Nd. 402. Breytingartillögur

við frv. til laga um brúargerðir.

Frá Sveini Ólafssyni.

1. Við 2. gr. I. c. Aftan við stafliðinn bætist:
   6. Fossá við Berufjörð.
   7. Hofsá í Álftafirði.
2. Við 2. gr. III. Nýr töluliður:
   10. Breiðdalsá hjá Heydölum.

Nd. **403. Nefndarálit**

um frv. til ábúðarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingartillögum, sem hún ber fram. Hefir hún haldið marga fundi um málið, og auk þess skipað í það undirnefnd, sem starfað hefir lengi að breytingum á frv., á þeim grundvelli, er samkomulag varð um að afgreiða málið á. Höfuðbreytingar nefndarinnar eru við ákvæði frv. um hýsingar- og viðhaldsskyldu landsdrottins. Eftir því er hver landsdrottinn skyldaður að leggja jörðinni til öll nauðsynleg hús, annast fyrningu þeirra og að nokkru leyti viðhald. Nefndin varð ásátt um að leggja til, að skylda landsdrottins væri aðeins bundin við að leggja ábúanda til bæjarhús og annast endurbyggingu þeirra, en leiguliði sæi sér fyrst um sinn fyrir útihúsum. Þó skulu öll þau hús fylgja jörðu áfram, sem áður hafa fylgt. Íbúðarhúsin eru yfirleitt langverðmætustu byggingar jarðanna, þegar til þeirra er vandað, eins og nú gerist um öll nýbyggð hús, en eru þá um leið varanlegustu húsin og minnstum breytingum háð frá einum tíma til annars. Virðist því eðlilegast að skoða slíkar byggingar sem einn hluta jarðarinnar og hagkvæmast, að sami sé eigandinn að hvorutveggja. Um útihús gegnir hér nokkuð öðru máli. Bæði er það nú svo og verður víst enn um stund, að þau eru hvorki jafndýrar né vandaðar byggingar sem hin. Eru þau því fjárhagslega viðráðanlegri leiguliðunum, en um leið hverfulli eign og meiri breytingum háð eftir búsrekstri hinna ýmsu ábúenda. Þar er því erfiðara að sníða þörf jarðar fastan stakk. Hinsvegar álítur nefndin sjálfsagt, að leiguliða sé tryggt, er hann yfirgefur jörð, sanngjarnt verð fyrir þau útihús, er hann á, ef þau eru vel gerð og jörðinni nauðsynleg. Er þetta tryggt með því að skylda landeiganda til að kaupa þesskonar byggingar, ef samkomulag getur ekki orðið um eignaskipti á þeim á milli fráfarandi og viðtakanda. Og með þessu ákvæði er það sömuleiðis tryggt, að eftir því sem varanlegum útihúsbyggingum í landinu fjölgar, þá komast þær smám saman allar í eign landeiganda, þannig, að jörð og byggingar verða með tímanum samfelld, óaðskiljanleg eign, eins og stefnt er að með frv., en aðeins með lempilegra og viðráðanlegra móti en eftir ákvæðum frv., sem gerir ráð fyrir, að þetta verði allt tekið í einu stökki, sbr. 52. gr.

Þá er viðhalds- og fyrningarskyldan. Samkv. frv. er landeiganda lögð á herðar öll fyrningarskylda og ákvæðin um viðhaldsskyldu leiguliða eru þar nokkuð óljós. Þessu leggur nefndin til að breytt verði þannig, að um leið og bæjarhúsabyggingarskylda er lögð á landeiganda, þá beri leiguliði eða sá, er byggingunna notar, fyrningu hennar og viðhald. Álitur meiri hluti nefndarinnar, að þetta geti orðið báðum hagur. Af eðlilegum ástæðum verður viðhald bygginganna ódýrara og hægara fyrir ábúanda en eiganda, sem oft er búsettur allfjarri þessari eign sinni og getur því átt örðugt með eftirlit og aðgerð. Ábúandi aftur á móti getur gert sér viðhaldið léttbært, fyrst og fremst með góðri umgengni og meðferð húsanna og einnig með stöðugri aðdyttingu og viðgerð á því, sem aflaga fer. Ef honum því er lögð á herðar skylda þessi og hann látinn

njóta þess eða gjalda, hve vel eða illa hann hefir uppfyllt hana, með álagsupphæðinni þegar hann yfirgefur jörðina, þá eru að dómi nefndarinnar miklu meiri líkur til, að hann noti sína góðu aðstöðu til að halda sæmilega við sinni eigin íbúð, heldur en ef þeirri skyldu væri alveg af honum létt og umgengni eða viðhald lítils eða einskis metin við úttekt húsanna.

Hinsvegar virðist það ljóst, að landsdrottinn verður einhvernveginn að tryggja sér kostnaðinn við fyrningu og viðhald húsanna, og að það getur hann ekki gert á annan hátt en þann, að leggja það á jarðarafgjaldið. Og þar sem, eins og áður er sagt, gera má ráð fyrir, að viðhaldið yrði kostnaðarsamara og meira fyrir landeiganda, myndi það gjald, sem ábúandi á þennan hátt yrði að greiða til viðhalds híbýlum sínum, verða hærra og honum tilfinnanlegra en ef hann annaðist það beint sjálfur.

Þetta, sem nú hefir verið drepið á, eru höfuðbreytingar nefndarinnar við frumvarpið, og eru flestar breytingartillögur hennar beint eða óbeint afleiðingar þeirra. Aðrar breytingartillögur eru flestar minniháttar, og mun hver einstök þeirra verða skýrð lítilsháttar hér á eftir, en nánar í framsögu.

1. brtt., við 1. gr.:

Ákvæðið um að byggja þeim einum jörð, er hefir „hæfilega“ áhöfn, virðist óþarft og gagnslaust, með því að það út af fyrir sig er engin trygging þess, að jörð sé vel setin. Frumbýlingur, sem byrjar með litla áhöfn, getur setið jörðina vel og aukið bústofn sinn fljótlega, en hinsvegar en engin trygging fyrir því, að sá, sem byrjar með stóra áhöfn, sitji jörðina vel eða haldi þeirri áhöfn til lengdar. Hitt virðist nauðsynlegt, að tryggja viðkomandi sveitarfélagi réttmætar tekjur af búskap á jörðum, með því að koma í veg fyrir, að jarðir séu byggðar út úr sveitarfélaginu.

2. brtt., við 2. gr.:

Þó að nefndin sé því samþykk, að sveitarstjórnir fái umráðarétt yfir jörðum innan síns sveitarfélags, þegar eigandi ekki getur byggt þær öðrum né nytjað þær sjálfur, vill hún ekki gefa þeim slíkt vald yfir eignar- og umráðarétti landeigenda, sem þeim er veitt samkvæmt þessari grein frumvarpsins. Leggur hún því til, að niður verði felldur sá hluti hennar, er um þetta fjallar.

3. brtt., við 3. gr.:

Hér eru 3. og 4. gr. frumvarpsins færðar saman í eina og orðaðar um, en efni þeirra lítið breytt.

5. brtt., við 9. gr.:

Nefndin vildi hér gefa landeiganda sama rétt fyrir foreldra og barnabörn eins og fyrir börn og fósturbörn. Rétt þennan telur hún svo sjálfsagðan, að nauðsynlegt sé að tryggja hann með lögunum, þótt yfirsézt hafi að áskilja sér hann einnig með byggingarbréfi. Þess vegna fellir hún það ákvæði burt. Aftur á móti telur hún rétt, að menn hafi leyfi til að semja hann af sér í byggingarbréfi um lengri eða skemmri tíma, ef þeir vilja.

6. brtt., við 10. gr.:

Greinin er aðeins orðuð um vegna breytingar á 9. gr.

7. brtt., við 11. gr.:

Tillagan er í samræmi við þá höfuðbreytingu, er nefndin kom sér saman um að gera á frumvarpinu og nánar er skýrt í upphafi nefndarálitsins. Ennfremur taldi hún nauðsyn á að gefa ríkisstjórninni heimild til lántöku á nokkrum hluta byggingarkostnaðarins á jörðum í opinberri eign.

8. brtt., við 12. gr.:

Þessi tillaga stafar sömuleiðis af þeirri stefnu nefndarinnar, sem að framan er getið, að leggja viðhaldsskyldu og fyrningu á ábúanda. Hér er ennfremur bætt við ákvæði um viðhald á öðrum mannvirkjum, er jörðum fylgja, en það vantaði í frumvarpið.

9., 10. og 11. brtt., við 13., 14. og 15. gr.:

Nefndin lítur svo á, að nauðsynlegt sé að setja í lögin skýrari ákvæði um endurbyggingu íbúðarhúsa og skyldu landsdrottins í því efni en þau, sem í frumvarpinu eru, og fjalla þessar breytingartillögur um það efni. Ákvæðið um að undanþiggja endurbyggingarskyldu eigendur þeirra jarða, sem búast má við, að bráðlega leggist í eyði, er að nokkru tekið úr 11. gr. frv., er létti þeirri kvöð af því opinbera. Virðist nefndinni ástæðulaust annað en að láta hið sama ná til einstakra manna, er eins stendur á fyrir.

12. brtt., við 16. gr.:

Tillaga þessi fjallar sömuleiðis um efni það, sem að framan getur, þ. e. sölu fráfaranda á húsum þeim, er hann á á jörðinni. Rétt er að gera ráð fyrir því, að samningar geti náðst milli fráfaranda og viðtakanda um eignaskipti á þeim byggingum, sem ekki eru eign landeiganda. Verði ekki samkomulag þeirra á milli, er landeigandi skyldaður að kaupa hús þau, sem teljast mega nauðsynleg jörðinni, með ákvæðum, sem tryggja það, að ekki verði þröngvað inn á hann það miklum og dýrum húsum, að þau beri jörðina ofurliði. Gera má ráð fyrir, að sú verði venjan, að landeigandi kaupi húsin við ábúendaskipti, og tæki hann þau þá upp í það álag, sem fráfaranda ber að greiða.

13. brtt., við 17. gr.:

Í frumvarpinu (16. gr.) er landeiganda gefin heimild til að hækka eftirgjald jarðar um 5% af framlögðum kostnaði við endurbyggingu húsa. Þetta getur ekki talizt fyllilega réttlátt, ef landeigandi verður að taka til þess lán sjálfur og greiða af því hærri vexti. Virðist réttlátast, að landeigandi fái greidda í hækkuðu afgjaldi sömu vexti og hann verður sjálfur að greiða.

Í tillögu þessari er einnig gert ráð fyrir sérstöku framlagi frá ábúanda við byggingu bæjarhúsa. Þótt engin lögskylda yrði um slíkt, er ekki óeðlilegt að gera ráð fyrir, að stundum geti orðið samkomulag um, að ábúandi leggi fram

nokkurn hluta byggingarkostnaðar, t. d. til að fá hús endurbyggt fyrr eða að hafa það stærra eða með öðru fyrirkomulagi en hann gæti ella krafizt.

14. brtt., við 20. gr.:

Aðeins breyting á orðalagi.

16. brtt., við 22. gr.:

Hér er bætt inn ákvæði um ábyrgð leiguliða á innstæðukúgildum, og skattmat sett í stað verðlagsskrárverðs.

17. brtt., við 23. gr.:

Nefndinni þykir það ákvæði frumvarpsins óeðlilega strangt, að landeigandi megi ekki undanskilja sjálfum sér við byggingu nokkurn hluta af notkun jarðar, t. d. slægna, beitar eða hlunninda, þótt ábúanda sé það meinfangalaust. Einnig virðist þetta ákvæði frumvarpsins geta komið í bága við nauðsyn samninga, t. d. með að leigja á til stangaveiði um ákveðinn tíma í félagi við aðra veiðieigendur o. s. frv.

18. brtt., við 24. gr.:

Engin ástæða virðist lengur til að banna heysölu af jörðum, þar sem mönnum er nú innan handar að bæta þeim það upp með áburðarkaupum.

20. brtt. Ný gr.:

Í 13. gr. frv. er ákvæði um skoðun úttektarmanna, einkum á jarðarhúsum, á 5 ára fresti. Þetta ákvæði er flutt hingað, hinar árbundnu skoðanir afnumdar og í þeirra stað ákveðin skoðun þegar landeigandi sérstaklega óskar, en skoðunin þá látin ná yfir öll mannvirki jarðar og ásigkomulag.

21. brtt., við 26. gr.:

Hér er gjalddagi á kúgildaleigum settur að haustinu, eins og verið hefir, en samkv. frv. yrði hann um fardaga.

23., 24. og 25. brtt., við 33., 34. og 35. gr.:

Í öllum þessum tillögum er tekið til meðferðar það viðfangsefni, hvernig landeigandi og ábúandi skipti með sér óvæntu tjóni, er jörð og mannvirki verða fyrir og hvorugum þeirra verður sök á gefin, og að nokkru leyti samskonar happi (verðhækkun lands). Um þetta hafa gilt til þessa mjög óljós ákvæði, sem að mestu leyti eru tekin óbreytt upp í frv., auk þess sem þar er í fyrsta sinn sett svipað ákvæði um hagnað af verðhækkun lands.

Nefndin hefir reynt að draga hér hreinar línur um skiptingu slíkra happa og óhappa á milli áðurnefndra aðilja, og ætlar landeiganda ætíð ⅔ hluta, en ábúanda ⅓. Það má deila um það, hvort hlutföll þessi séu réttlát, en hitt er einsætt, að á þennan hátt verða þessi skipti hreinust og miskliðarminnst.

26. brtt., við 36. gr.:

Grein þessi virðist meiri hluta nefndarinnar varhugaverð. Mætti þannig af hrekkjum fleka landeiganda, sem annars vildi ekki byggja jörð sína, til að gera það með því að bjóða óeðlilega háa leigu og láta síðan færa hana niður á næsta ári samkvæmt þessari grein, er hann hefði fengið lífstíðarábúð á jörðinni, en landeigandi staðið uppi svikinn og réttlaus.

27., 28. og 29. brtt., við 37., 38. og 39. gr.:

Nefndin varð ásátt um að leggja til, að sömu ákvæði væru látin gilda um reka á jörðum og önnur aðvífandi höpp eða óhöpp (sjá 23., 24. og 25. brtt.), þannig, að landeiganda beri ⅔, en ábúanda ⅓ hluti, en annars hafa gilt um þessa hluti nokkuð misjafnar reglur og óákveðnar, sem gott er að fá samræmdar. Hefir landeiganda borið allur hvalur og mestur hluti viðarreka. Sýnist ekki ósanngjarnt að ætla ábúanda þarna hluttöku nokkra, þar sem honum ber að gæta reka og bjarga undan sjó.

31. brtt., við 42. gr.:

Nefndin áleit réttara að miða „meiri háttar" jarðabætur við dýrleika jarðar heldur en við ákveðna upphæð. 400 kr. t. d. geta verið stór upphæð fyrir smábónda, en lítil fyrir þann, er situr stórbýli. Afgjaldshækkun er hér miðuð við vexti þá, er landeigandi greiðir sjálfur, eins og áður hefir verið lagt til um afgjaldshækkun vegna bygginga.

32. brtt. Ný gr.:

Ákvæði þetta er í núgildandi lögum, en ekki upp tekið í frv. Áleit nefndin rétt að taka það upp í tillögur sínar, þar sem hún telur sjálfsagt, að menn hafi heimild til að rækta jarðir sínar, ef þeir óska þess, þótt þær séu öðrum byggðar.

35. brtt., við 44. gr.:

Nefndin sá ekki ástæðu til að hafa greiðslufrest þann, sem hér um ræðir, eins langan og ákveðið er í frv., þegar um fasteignamatsverð er að ræða. Hinsvegar þótti henni rétt að taka skýrt fram, að ábúandi skuli halda ábúðarrétti sínum fyrir öllum öðrum en hinum nýja eiganda, þótt hann hafi neitað að kaupa jörð sína samkv. grein þessari.

34., 35., 36., 37. og 38. brtt., við 45.—49. gr.:

Greinar þessar, sem allar fjalla um úttekt jarða, eru engar efnisbreytingar við frv., heldur aðeins kveðið nokkuð nánar á um ýms atriði viðvíkjandi úttekt og einnig um eiðstaf úttektarmanna, laun þeirra o. fl.

39., 40. og 41. brtt., við 49.—50. gr.:

Ákvæði þessarar tillögu eru ekki í frv., en þau eru sjálfsögð afleiðing þess, að fyrningar- og viðhaldsskylda er færð yfir á ábúanda. Hefir nefndin reynt að tryggja það með ákvæðum þessum, að fyrningargjald komi sem réttilegast niður á ábúendur, með því að dreifa því sem jafnast yfir allan ábúðartímann og forð-

ast með því ranglæti það, sem oft hefir átt sér stað, að gjald þetta hefir að mestu leyti lent á þeim, sem síðast hefir búið í húsunum, áður en þau voru endurbyggð.

43. brtt., við 51. gr.:

Þar sem störf úttektarmanna verða jafnmargháttuð og ábyrgðarmikil eins og gert er ráð fyrir í frv., virðist nauðsynlegt að láta ákvæði um yfirdóm gilda, engu síður um ýmsa úrskurði og álitsgerðir matsmanna en um úttekt þeirra á jörðum. Hefir nefndin bætt inn í grein þessa ákvæði um það.

44. brtt., við 52. gr.:

Nefndin álítur, að það muni verða viðfelldnast, vinsælast og viðráðanlegast, að breytingar þær, sem frv. gerir á ábúðarlöggjöfinni, komi smám saman í gildi, eftir því sem byggingartími á hinum einstöku jörðum í landinu rennur út.

Nánar í framsögu.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Fyrri málsgrein greinarinnar orðist svo:
   Hver maður, sem á jörð og nytjar hana ekki sjálfur, skal selja hana öðrum á leigu, enda hafi leiguliði lögheimili innan þess sveitarfélags, er jörðin liggur í.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Ef sveitarstjórn tekur við jörð til ráðstöfunar, ber hún ábyrgð á öllum jarðarafgjöldum til landsdrottins. Gildir sama um ábúðarrétt þeirra manna, er sveitarstjórn leigir jörðina, sem ákveðið er í lögum þessum.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Hjáleigu má leggja undir heimajörð, og sömuleiðis sameina tvær eða fleiri jarðir í eina. Einnig getur jarðeigandi skipt jörð í tvö eða fleiri sjálfstæð býli.
4. Við 4. gr. Greinin falli niður.
5. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Allar jarðir skulu leigðar til lífstíðar, og hefir ekkja ábúanda rétt manns síns jafnt fyrir það, þótt hún giftist aftur, ef hún hefir aðskilinn fjárhag. Heimilt er þó landsdrottni að taka jörð úr ábúð handa sjálfum sér, foreldri sínu, barni, fósturbarni eða barnabarni til eignar og ábúðar, nema landsdrottinn hafi skuldbundið sig til annars í byggingarbréfi. Uppsögn ábúðar skal vera tilkynnt að minnsta kosti með árs fyrirvara.
6. Við 10. gr. 1. málsliður greinarinnar orðist svo:
   Nú segir landsdrottinn upp ábúð, en aðeins af yfirskinsástæðum, þannig að hann hvorki flytur sjálfur á jörðina né afhendir hana öðrum til eignar og ábúðar samkv. 9. gr.
7. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   Hverri jörð skulu fylgja nauðsynleg bæjarhús og önnur jarðarhús,

er henni hafa fylgt. Stærð bæjarhúsa skal miðuð við þann fólksfjölda, er þarf til þess að nytja jörðina, með tilliti til þess búsrekstrar, er á henni hefir verið síðustu 5 ár. Bæjarhús skulu afhent leiguliða í nothæfu standi, en önnur hús í gildu og góðu standi eða með fullu álagi. En það telst fullt álag, er ásamt matsverði húsanna nægir til að endurbyggja þau að nýju, svo sem þau voru upphaflega. Þegar byggt er upp á jörðum í opinberri eign, er ríkisstjórninni heimilt að taka til þess lán, er nemi 60% af byggingarkostnaði.

8. Við 12. gr. Greinin orðist svo:

Skyldur er búandi hver að halda uppi húsum þeim, er þar voru, er hann kom til jarðar og jörðu fylgja, og ábyrgist hann fyrning þeirra.

Svo skal hann og viðhalda öðrum nytsömum mannvirkjum, er jörðu fylgja, svo sem girðingum, matjurðagörðum, fénaðarréttum, skurðum, flóðgörðum, stíflugörðum og hverju öðru, er afhent hefir verið við úttektargerð, og endurbæta svo nothæft sé og byggja upp, ef fallið hefir, þó með þeim takmörkunum, er um ræðir í 13. gr. Þegar leiguliði flytur sig frá jörðu eða deyr og ekkja hans bregður búi, skal hann eða bú hans skila öllu, er jörðu fylgir, fullgildu eða með fullu álagi.

9. Við 13. gr. Greinin orðist svo:

Landsdrottinn skal endurbyggja bæjarhús öll, er þörf krefur. Skylt er leiguliða að leggja til byggingarinnar sem svarar álagi því, er hann kann að hafa tekið við á bæjarhús, er hann kom að jörðinni, og ennfremur að greiða álag það, er úttektarmenn meta, áður en bygging fer fram og fyrir þann tíma, er ábúandi hefir setið jörðina, og á þau hús landsdrottins, sem ákveðið er að endurbyggja. Endurbyggingarskylda sú, er um ræðir í þessari grein, hvílir þó ekki á eigendum þeirra jarða, sem ætla má, að bráðlega leggist í eyði að dómi úttektarmanna.

10. Við 14. gr. Greinin orðist svo:

Nú verða leiguliði og landsdrottinn ekki á eitt sáttir um, hvenær endurbyggingar sé þörf samkvæmt 13. gr., og getur þá hvor aðili leitað umsagnar viðkomandi héraðslæknis eða úttektarmanna. Skylt er landsdrottni að endurbyggja þau bæjarhús, er héraðslæknir telur hættuleg heilsu manna eða úttektarmenn telja komin að falli.

11. Við 15. gr. Greinin orðist svo:

Nú er nýbyggt hús þannig, að úttektarmenn telja víst, að það liggi undir skemmdum, eða héraðslæknir telur það hættulegt heilsu manna, og er þá landsdrottinn skyldur að bæta úr þeim ágöllum að fullu innan tveggja mánaða frá þeim úrskurði, enda fari þá fram á því fullnaðarskoðunargerð. Endurbyggð bæjarhús skulu ávallt, þegar byggingu er lokið, skoðuð og metin af viðkomandi úttektarmönnum, er gera af því nákvæma lýsingu, sem skráð sé í úttektarbók hreppsins.

12. Við 16. gr. Greinin orðist svo:

Nú á fráfarandi hús á jörðu, og skal hann þá bjóða viðtakanda eða jarðeiganda þau til kaups. Neiti viðtakandi kaupunum, en landsdrottinn og fráfarandi verði ekki ásáttir, getur hvor aðili leitað álits hlutaðeigandi út-

tektarmanna um verð húsanna eða hvort þeirra sé full þörf á jörðinni. Skal þá miðað við bú það, er jörðin hefir framfleytt síðastliðin 5 ár, en hinsvegar taka tillit til þess búrekstrar, sem líklegt er, að verði á jörðinni á næstu árum. Ennfremur skal gæta þess við matið, að jörðin verði ekki yfirbyggð þannig, að eftirgjald eftir jarðarhús verði óeðlilega hátt, miðað við landsnytjar. Nú telja úttektarmenn að rannsökuðu máli, að húsin séu nauðsynleg fyrir jörðina, og skal þá landsdrottni skylt að kaupa þau við því verði, er úttektarmenn meta, enda séu þau vönduð að öllum frágangi og í góðu og gildu standi. Sé landsdrottni ekki gert að kaupa húsin, skal fráfarandi bjóða viðtakanda þau að nýju til kaups við því verði, er úttektarmenn meta. Vilji hann ekki kaupa húsin, er fráfaranda rétt að taka ofan húsin og flytja af jörðu eða selja hverjum, er hann vill, til burtflutnings. Skal hús rjúfa fyrir Jónsmessu hina næstu, ef ábúandi vill þar hús gera, er hin voru, en flytja burt viði og húsaefni fyrir veturnætur. Hús skal rjúfa svo, að viðtakanda sé sem minnst mein að. Steinveggjum eða öðrum mannvirkjum, sem ekki verða flutt af jörðu, má fráfarandi ekki spilla að þarflausu.

13. Við 17. gr. Greinin orðist svo:

Nú hefir landsdrottinn endurbyggt bæjarhús, svo sem um ræðir í 13. gr., og er þá landsdrottni heimilt að hækka eftirgjald jarðarinnar sem svarar vöxtum af þeirri upphæð, sem matsverð nýju húsanna er hærra en gömlu húsanna, að viðbættu álagi og öðru framlagi leiguliða, ef um það er að ræða. Vaxtahæðina skal miða við vaxtakjör þau, er landsdrottinn verður að sæta á lánum vegna byggingarinnar, ef um lánsfé er að ræða, ella við innlánsvexti sparisjóða á þeim tíma.

14. Við 20. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Ef fráfarandi af jörð á fyrning heys, eldsneytis eða byggingarefnis, er hann hefir aflað á þeirri jörð, skal hann bjóða viðtakanda o. s. frv.

15. Við 21. gr. Í stað orðanna „ekki síðar en viku af sumri“ komi: í tæka tíð.

16. Við 22. gr. Síðari málsliður greinarinnar orðist svo:

Taki leiguliði við kúgildum á jörð, skal hann ábyrgjast, að þau séu ávallt til og í leigufæru standi, og greiði hann eftir þau 6% af verði þeirra eftir skattmati.

17. Við 23. gr.

a. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Ábúandi skal hafa öll leiguliðaafnot af jörð sinni, nema annað sé fram tekið í byggingarbréfi, en það eru leiguliðanot o. s. frv.

b. Á eftir orðunum „hlunnindi, sem“ komi: þá.

18. Við 24. gr. Á eftir orðunum „hey eða beit“ komi: eða áburði.

19. Við 25. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Ef leiguliði situr illa ábúðarjörð sína, svo að tún og engi fari í órækt eða hús og mannvirki spillast sökum vanhirðu hans, eða jörðin á annan hátt líður varanlegar skemmdir o. s. frv.

20. Eftir 25. grein komi ný grein, svo hljóðandi:

Skyldir eru hlutaðeigandi úttektarmenn, hvenær sem jarðareigandi krefst þess, að rannsaka, hvort ábúandi uppfyllir viðhaldsskyldur sínar sam-

kv. 12. og 25. gr. Skulu þeir athuga jörð, hús og mannvirki og gefa jarðareiganda skýrslur um alla umgengni, hirðingu, viðhald og endurbætur, og hvort byggingarskilmálum þar um er fylgt, og hvernig jörð yfirleitt er setin. Eru skýrslur þessar full sönnun fyrir landsdrottin til að ná rétti sínum, ef leiguliði hefir brotið byggingarskilmála eða ákvæði þessara laga. Ef úttektarmenn uppfylla eigi skyldur sínar samkvæmt grein þessari og það sannast, að landsdrottinn hafi fyrir það beðið tjón, skulu þeir skyldir að bæta honum skaða allan, hvort heldur er eftir mati, sem tekið er gilt, eða dómi.

21. Við 26. gr. Annar málsliður greinarinnar orðist svo:

Eindagi á kúgildaleigum er 1. október ár hvert, en á landsskuld hvers árs fardagar.

22. Við 29. gr.

a. Þriðji liður greinarinnar orðist svo:

Situr illa jörð, svo að tún fari í órækt, hús eða mannvirki spillist eða valdi skemmdum o. s. frv. samkvæmt 12. og 25. gr.

b. Á undan 5. lið komi nýr liður, svo hljóðandi:

Ef leiguliði vanrækir að inna af höndum jarðabætur eða annað, sem tilskilið er í byggingarbréfi, meira en eitt ár, sbr. 41. gr.

23. Við 33. gr. Greinin orðist svo:

Ef hús á leigujörð verða fyrir skemmdum af völdum náttúrunnar, svo sem af snjóflóði, vatnsflóði, skriðum eða jarðskjálfta og öðru, sem leiguliða verður engin sök á gefin, skal tjónið þegar metið af úttektarmönnum hreppsins. Eigi landeigandi hús þau, er þannig hafa orðið fyrir skemmdum, ber ábúandi ⅓ af því tjóni, auk álags þess, er kann að standa inni hjá honum. Á sama hátt ber landeigandi ⅓ af því tjóni, er ábúandi þannig verður fyrir á sínum húsum.

24. Við 34. gr. Tveir síðari málsliðir greinarinnar orðist svo:

Séu skemmdir ekki meiri en svo, að bættar verði innan eins árs að mati úttektarmanna, skulu landsdrottinn og leiguliði bæta þær þannig, að landsdrottinn leggur fram ⅔, en leiguliði ⅓ kostnaðar. Verði jörð fyrir meiri skemmdum, svo að hún rýrni til langframa, skulu úttektarmenn meta, hve miklu það nemur af afnotagildi jarðarinnar, og ákveða samkvæmt því hæfilega eftirgjaldslækkun ár hvert á meðan skemmdirnar vara. Er þá landsdrottni skylt að setja niður eftirgjaldið um ⅔ hinnar metnu eftirgjaldslækkunar.

25. Við 35. gr. Á eftir orðunum „síðan hann var settur“ í niðurlagi greinarinnar komi: Nú ákveður gerðardómur, hvað hæfilegt sé, að jarðarafgjald skuli hækka, og ber þá leiguliða að greiða landsdrottni ⅔ þeirrar hækkunar. Á sama hátt ber landsdrottni, ef um eftirgjaldslækkun er að ræða, að færa landsskuldina niður um ⅔ af metinni lækkun.

26. Við 36. gr. Greinin falli niður.

27. Við 37. gr. Greinin falli niður.

28. Við 38. gr. Greinin orðist svo:

Þegar reki fylgir jörðu, skal landsdrottinn hafa ⅔ rekans og leigu-

liði ⅓. Skal þá leiguliði hirða við þann, er rekur, sem ætti hann sjálfur, og draga úr flæðarmáli, svo eigi taki út aftur. Skylt er leiguliða, ef sérstakt rekaítak er í ábýlisjörð hans, að hirða reka fyrir eiganda, marka hann viðarmarki hans og bjarga, svo að sjór taki ekki út. Öll álnarlöng kefli eða minni skulu vera eign leiguliða.

29. Við 39. gr. Fyrri málsgrein greinarinnar orðist svo:

Nú rekur hval, og skal þá landeigandi hafa ⅔, en leiguliði ⅓ hluta hvalsins. Leiguliði skal festa hvalinn landfestum o. s. frv.

30. Við 41. gr.

a. Á eftir orðunum „með jarðabótum“ í fyrsta málslið komi: eða öðrum framkvæmdum.

b. Fyrir „tólffalda“ í síðasta málslið komi: allt að tólffalda.

31. Við 42. gr.

a. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Ef leiguliði ætlar að gera meiri háttar jarðabætur, þannig að þær á einu ári kosti hann meira en sem nemur eftirgjaldi jarðarinnar, skal hann jafnan leita o. s. frv.

b. Fyrir orðin „um 4%“ komi: sem svarar þeim vöxtum, er landsdrottinn verður að greiða af láni því, er hann kann að taka vegna hennar, ella sparisjóðsvöxtum.

32. Á eftir 42. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Nú vill landsdrottinn gera jarðabót á jörð, sem er í fastri byggingu, og getur hann þá um það leitað samkomulags við leiguliða. Náist ekki samkomulag, getur hann látið gera jarðabótina engu að síður, en bæti leiguliða fullum bótum það, sem verkið kann að spilla leiguliðanotum hans. Þegar jarðabótinni er lokið, getur hann látið úttektarmenn skoða hana og meta, hversu mikið jarðarafgjald megi hækka við jarðabótina. Getur hann þá afhent hana leiguliða, og ber honum þá að halda henni vel við og svara henni ásamt jörðinni í góðu standi eða með fullu álagi. Ennfremur ber honum að gjalda árlega þá hækkun á eftirgjaldi, sem metin er fyrir jarðabótina.

33. Við 44. gr. Greinin orðist svo:

Ef landsdrottinn býður leiguliða ábýlisjörð sína til kaups með fasteignamatsverði, að viðbættu virðingarverði þeirra umbóta á jörðinni, er landsdrottinn á og gerðar hafa verið eftir að síðasta fasteignamat fór fram, enda sé honum gefinn greiðslufrestur ekki skemur en 4 mánuði, en leiguliði neitar að kaupa, hefir leiguliði fyrirgert ábúðarrétti sínum og skal víkja fyrir hinum nýja eiganda.

34. Við 45. gr. Tvær fyrri málsgr. greinarinnar orðist þannig:

Þá er leiguliðaskipti verða á jörðum, skal taka þær út með lögmætri skoðunargerð. Úttekt á jörðu skal fram fara ekki síðar en tveim vikum eftir fardaga.

35. Við 46. gr. Tveir fyrstu málsliðir greinarinnar orðist þannig:

Úttektarmenn skulu vera tveir. Hreppstjórar eru úttektarmenn hver

í sínum hreppi, en hinn aðalúttektarmanninn skipar sýslumaður, og tvo varamenn eftir tillögum sveitarstjórnar.

36. Við 47. gr. Á eftir síðasta málslið greinarinnar komi:

Þeir úttektarmenn, sem eigi hafa áður unnið eið embættis- eða sýslunarmanna, skulu áður en þeir byrja starf sitt undirrita í úttektarbókina drengskaparvottorð um að gegna starfi sínu hlutdrægnislaust og eftir beztu vitund og sannfæringu.

37. Á eftir 47. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Úttektarmenn fá þóknun fyrir starf sitt sem hér segir:

1. Fyrir úttekt á jörð skal greiða svo sem fyrir er mælt í lögum nr. 64, frá 14. nóv. 1917, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m., og kosti fráfarandi og viðtakandi hana að hálfu hvor.
2. Fyrir virðingar- og skoðunargerðir, er um ræðir í lögum þessum, ber hverjum úttektarmanni 4 krónur, auk ferðakostnaðar, sem lög nr. 64, frá 14. nóv. 1917, ákveða, og greiðist af þeim, er krafizt hefir virðingar eða skoðunargerðar. Þó kostar landsdrottinn og leiguliði skoðun og virðingu, sem gerð er samkv. 15. gr., að hálfu hvor.

38. Við 49. gr. Greinin orðist svo:

Úttektarmenn skulu fyrst taka út hús þau, er jörðu fylgja, og lýsa nákvæmlega stærð og gerð þeirra, göllum, skemmdum og viðhaldi öllu. Ennfremur skulu þeir taka út og lýsa öðrum mannvirkjum landsdrottins á jörðinni samkv. 12. gr. Ef innstæðukúgildi fylgja jörðu, skulu úttektarmenn meta, hvort þau séu í löggildu standi.

39. Á eftir 49. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:

Ákveða skal, að lokinni lýsingu, hæfilegt álag á hús og mannvirki, sem út eru tekin, en álagsupphæðin skal fundin á þann hátt, að meta hæfilegt árlegt fyrningargjald, miðað við verð og áætlaða endingu húsa eða mannvirkja, og fella af eða bæta við þá upphæð, eftir því hvernig viðhaldið hefir verið.

40. Á eftir þessari grein kemur ný grein, svo hljóðandi:

Ef viðtakandi óskar þess, skulu úttektarmenn gera áætlun um hæfilegt árlegt fyrningargjald á hús og mannvirki, er hann tekur við, og sömuleiðis á þau bæjarhús, er landsdrottinn byggir samkv. þessari gr., um leið og afhending þeirra fer fram. Skal álitsgerð þessi færð inn í úttektarbókina í lok úttektargerðar til leiðbeiningar við síðari úttektir.

41. Við 50. gr. Síðari hluti greinarinnar: „Að lokinni úttektargerð“, til enda greinarinnar, falli niður.

42. Á eftir 50. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Að lokinni úttektargerð greiði fráfarandi álag til landsdrottins af bæjarhúsum, en af öðrum húsum og mannvirkjum til viðtakanda, nema samkomulag verði milli þessara aðilja um greiðslu á því síðar. Nú greiðir fráfarandi ekki álagið, og samkomulag næst heldur ekki um greiðslu á því, getur þá viðtakandi eða landsdrottinn krafizt þess, að úttektarmenn geri þegar fjárnám til lúkningar álaginu í munum þeim, er fráfarandi á á jörðinni og hann vísar á, eða fyrir hendi eru. Nú fær viðtakandi ekki álagið

greitt að fullu, þótt hann hafi að lögum krafizt þess, og er þá landsdrottinn skyldur að greiða honum það, sem á vantar, nema öðruvísi hafi verið um samið.

43. Við 51. gr. Greinin orðist svo:

Ef einhver, sem hlut á að máli, vill eigi hlíta úrskurði úttektarmanna, getur hann krafizt yfirúttektar eða úrskurðar. Skal þá sýslumaður innan hálfs mánaðar skipa 4 yfirúttektarmenn, og skulu þeir haga störfum sínum á sama hátt. Sömu laun eiga þeir fyrir starfa sinn sem úttektarmenn, og greiðir krefjandi yfirúttektar eða úrskurðar það gjald, ef álagsupphæð eða úrskurði er eigi breytt, ella fer um gjaldið sem segir í 48. gr.

44. Við 52. gr. Greinin orðist svo:

Ákvæði laga þessara koma til framkvæmda jafnskjótt og leiguskipti verða á jörð eða nýtt byggingarbréf er gefið út, eftir að lög þessi öðlast gildi.

45. Við 53. gr. Greinin falli burt.

46. Við 54. gr. Greinin falli burt.

47. Við 55. gr. Greinin orðist þannig:

Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 1, 12. jan. 1884, jafnóðum og lög þessi koma til framkvæmda, svo og önnur lagafyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

Alþingi, 14. apríl 1931.

Lárus Helgason, form. Bjarni Ásgeirsson, fundaskr., frsm. Jón Sigurðsson.

Einar Jónsson. Bernh. Stefánsson, með fyrirvara.

Nd. 404. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1932 og við brtt. á þskj. 327.

I. Frá *Magnúsi Jónssyni, Jóni Sigurðssyni* og *Pétri Ottesen.*

Við 7. gr. 3. Nýr liður:

Erlent lán 90000

II. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni* og *Jóni A. Jónssyni.*

Við 12. gr. 15. e. Nýr liður:

Til greiðslu kostnaðar við einangrun sýkilbera 3000

III. Frá *Þorleifi Jónssyni.*

Við 13. gr. A. VIII. Nýr liður:

Til ferju yfir Hornafjarðarós 150

IV. Frá *Halldóri Stefánssyni.*

Við 13. gr. A. X. (Hýsing vegna ferðamanna).

a. Fyrir »3000« kemur 3500

b. Aftan við liðinn bætist svo hljóðandi athugasemd:
Þar af til ábúandans í Víðidal á Möðrudalsheiði 500 krónur.

V. Frá *Pétri Ottesen.*
Við 13. gr. C. VII. Nýr liður:
Til hafnargerðar á Akranesi 50000

VI. Frá *Magnúsi Jónssyni, Jóni Sigurðssyni* og *Pétri Ottesen.*
Við 13. gr. D. I. 1. Liðinn skal orða svo:
1. Yfirstjórn.
a. Laun útvarpsstjóra 9300
b. Laun útvarpsráðs 5500
c. Laun verkfræðings (að hálfu móti landssímanum) 4000 18800

VII. Frá *Jóni Ólafssyni.*
Við 14. gr. B. II. b. Nýr liður:
Til Ingveldar Sigurðardóttur, til framhaldsnáms í viðskiptafræði í Þýzkalandi... 1000

VIII. Frá *Jóni Ólafssyni* og *Magnúsi Jónssyni.*
Við 14. gr. B. XV. 3. Nýr liður:
Til gagnfræðaskóla Reykvíkinga... 2000

IX. Frá *Einari Jónssyni* og *Lárusi Helgasyni.*
Við 16. gr. 3. (Sandgræðsla).
Fyrir »25000« koma 40000

X. Frá *Magnúsi Jónssyni, Jóni Sigurðssyni* og *Pétri Ottesen.*
Við 16. gr. 28. Nýr liður:
Til kvenfélagasambands Íslands 4000

XI. Frá *Magnúsi Jónssyni, Pétri Ottesen* og *Jóni Sigurðssyni.*
Við 17. gr. 11. (Stórstúkan).
Fyrir »8000« kemur 12000

XII. Frá *Þorleifi Jónssyni.*
Við 18. gr. II. i. 27. Nýr liður:
Til Guðríðar Guðmundsdóttur ljósmóður 200

XIII. Frá *Hákoni Kristóferssyni.*
Við brtt. 327, 91 (við 18. gr. II. i. 58) (Valgerður Steinsen).
Fyrir »300« kemur... 500

Sþ. 405. **Nefndaskipun 1931.**

1.

Fastanefndir í deildum.

A.

Í efri deild.

1. Fjárhagsnefnd:

Ingvar Pálmason, formaður,
Jón Þorláksson,
Jón Baldvinsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um einkasölu ríkisins á tóbaki og eldspýtum (36[1]), n. 170 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl. Jón Baldvinsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
2. Till. til þál. um dýrtíðaruppbót á laun embættis- og starfsmanna ríkisins (30, n. 80 (meiri hl.) og 115 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jón Baldvinsson.
   Frsm. minni hl.: Ingvar Pálmason.
3. Frv. til laga um verðfesting pappírsgjaldeyris (52).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Till. til þál. um ábyrgð ríkissjóðs fyrir viðskiptum við Rússland (59, n. 119 (meiri hl.) og 128 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jón Baldvinsson.
   Frsm. minni hl.: Jón Þorláksson.
5. Frv. til myntlaga (102).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 27, 27. júní 1921, um aukatekjur ríkissjóðs (7, n. 169 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
7. Frv. til tollaga (6).
   Nefndarálit kom ekki.

---

1) Tölurnar innan sviga tákna númer á þingskjölum, og eru ekki talin önnur þingskjalanúmer en þau, sem málið bar, þá er því var til nefndar vísað, svo og þau, er nefndarálit (skammstafað: n.) hlutu. Sama er um þau mál, er nefndirnar flytja.

Fastanefndir Ed.: Fjárhags-, fjárveitinga-, samgöngumála- og landbúnaðarnefndir.

8. Frv. til laga um vitagjald o. fl. (8, n. 239).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
9. Frv. til laga um endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum af efnivörum til iðnaðar (134, n. 315).
   Frsm.: Jón Þorláksson.
10. Frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt (282).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Frv. til laga um verðtoll (369).
    Nefndarálit kom ekki.

Nefndin flutti:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 16, 19. maí 1930. [Laun embættismanna]. (256).
Frsm.: Jón Baldvinsson.

2. Fjárveitinganefnd:

Jón Jónsson, formaður,
Jóhannes Jóhannesson,
Páll Hermannsson, fundaskrifari,
Halldór Steinsson,
Erlingur Friðjónsson.

Ekkert mál bar undir nefndina.

3. Samgöngumálanefnd:

Páll Hermannsson, formaður,
Björn Kristjánsson,
Jón Jónsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924 (15).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Frv. til laga um brúargerðir (17, n. 227).
   Frsm.: Jón Jónsson.

4. Landbúnaðarnefnd:

Páll Hermannsson, formaður.
Pétur Magnússon,
Jón Baldvinsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 52, 7. maí 1928, um tilbúinn áburð (13, n. 146).
   Frsm.: Páll Hermannsson.
2. Frv. til laga, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárbóta (21, n. 286).
   Frsm.: Páll Hermannsson.

Fastanefndir Ed.: Landbúnaðar,- sjávarútvegs- og menntamálanefndir.

3. Frv. til laga um búfjárrækt (312).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 44, 10. nóv. 1913, um forðagæzlu (246).
   Nefndarálit kom ekki.

5. Sjávarútvegsnefnd.

Ingvar Pálmason, fundaskrifari,
Halldór Steinsson,
Erlingur Friðjónsson, formaður.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um stofnun vélstjóraskóla á Akureyri (76).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 19. júní 1922, um fiskimat (181, n. 342).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
3. Frv. til laga um merkingu á útfluttum saltfiski (249, n. 365).
   Frsm.: Erlingur Friðjónsson.
4. Frv. til laga um einkasöluheimild ríkisstjórnarinnar á steinolíu (356).
   Nefndarálit kom ekki.

Nefndin flutti:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi (332).
Frsm.: Ingvar Pálmason.

6. Menntamálanefnd:

Jón Jónsson, formaður,
Guðrún Lárusdóttir,
Erlingur Friðjónsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um kirkjugarða (24, n. 72).
   Frsm.: Jón Jónsson.
2. Frv. til laga um utanfararstyrk presta (29, n. 78).
   Frsm.: Guðrún Lárusdóttir.
3. Frv. til laga um byggingu fyrir háskóla Íslands (23, n. 228).
   Frsm.: Erlingur Friðjónsson.
4. Frv. til laga um bókasöfn prestakalla (150, n. 259).
   Frsm.: Guðrún Lárusdóttir.
5. Frv. til laga um kirkjuráð (186, n. 296).
   Frsm.: Jón Jónsson.
6. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 45, 15. júní 1926, um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar (300).
   Nefndarálit kom ekki.

7. Allsherjarnefnd.

Ingvar Pálmason, formaður,
Pétur Magnússon,
Erlingur Friðjónsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um bókhald (22, n. 126 og 192 (frh.nál.)).
   Frsm.: Erlingur Friðjónsson.
2. Frv. til laga um veitingu prestakalla (28).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Frv. til laga um skatt af húseignum í Neskaupstað (33, n. 101).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
4. Frv. til laga um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl. (51, n. 167).
   Frsm.: Erlingur Friðjónsson.
5. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 77, 27. júní 1921, um hlutafélög (69).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 32, 11. júlí 1911, um úrskurðarvald sáttanefnda (100, n. 163).
   Frsm.: Pétur Magnússon.
7. Frv. til laga um breyting á fátækralögum, nr. 43 1927 (109).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 42, 13. nóv. 1903, um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð (67, n. 237).
   Frsm.: Pétur Magnússon.
9. Frv. til laga um fimmtardóm (137, n. 317 (meiri hl.) og 350 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.
   Frsm. minni hl.: Pétur Magnússon.
10. Frv. til laga um einkasöluheimild bæjar- og sveitarfélaga (149, n. 341).
    Frsm.: Erlingur Friðjónsson.
11. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 29, 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar (157, n. 243).
    Frsm.: Pétur Magnússon.
12. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 16, 20. júní 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum (166).
    Nefndarálit kom ekki.
13. Frv. til laga um kirkjur (212).
    Nefndarálit kom ekki.
14. Frv. til laga um sjóveitu í Vestmannaeyjum (196, n. 381).
    Frsm.: Erlingur Friðjónsson.
15. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör (214, n. 394).
    Frsm.: Ingvar Pálmason.
16. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 31. maí 1927, um iðju og iðnað (213).
    Nefndarálit kom ekki.

17. Frv. til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita Jóni Þorleifi Jósefssyni skírteini til vélstjórnar á íslenzkum skipum (116, n. 285).
Frsm.: Ingvar Pálmason.
18. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 28, 19. maí 1930, um greiðslu verkkaups (250, n. 284).
Frsm.: Erlingur Friðjónsson.
19. Till. til þál. um leyfi til að reka útvarpsstöð (229).
Nefndarálit kom ekki.
20. Frv. til framfærslulaga (274).
Nefndarálit kom ekki.
21. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 7, 14. júní 1929, um tannlækningar (295).
Nefndarálit kom ekki.
22. Frv. til laga um veiting ríkisborgararéttar (311, n. 376).
Frsm.: Pétur Magnússon.
23. Frv. til laga um opinbera greinargerð starfsmanna ríkisins (319, n. 375).
Frsm.: Ingvar Pálmason.
24. Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Súðavík við Álftafjörð í Norður-Ísafjarðarsýslu (174, n. 377).
Frsm.: Pétur Magnússon.
25. Frv. til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 12, 31. maí 1927 (337).
Nefndarálit kom ekki.
26. Frv. til laga um innheimtu skulda (334).
Nefndarálit kom ekki.
27. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 46, 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna (351).
Nefndarálit kom ekki.

Nefndin flutti:

1. Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta koma í gildi alþjóðleg einkamálaréttarákvæði milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Sviþjóðar, snertandi hjúskap, ættleiðingu og lögráð (240).
Frsm.: Ingvar Pálmason.
2. Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta koma í gildi ákvæðin í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um innheimtu meðlaga (241).
Frsm.: Ingvar Pálmason.
3. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 22, 3. nóv. 1915, um fasteignamat (370).
Frsm. var ekki ákveðinn.

Meiri hl. nefndarinnar flutti:

Frv. til laga um viðauka við lög nr. 59 1929, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða (368).
Frsm. var ekki ákveðinn.

B.

Í neðri deild.

1. Fjárhagsnefnd:

Halldór Stefánsson, formaður,
Ólafur Thors,
Ásgeir Ásgeirsson, fundaskrifari,
Sigurður Eggerz,
Héðinn Valdimarsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1929 (2).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Frv. til laga um samþykkt á landsreikningnum 1929 (3).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Frv. til laga um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra (26).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt (4, n. 108 (meiri hl.) og 175 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Halldór Stefánsson.
   Frsm. minni hl.: Héðinn Valdimarsson.
5. Frv. til laga um verðtoll (5, n. 168 (minni hl.) og 172 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Héðinn Valdimarsson.
   Frsm. meiri hl.: Halldór Stefánsson.
6. Frv. til tolllaga (6, n. 75 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Halldór Stefánsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
7. Frv. til laga um breyting á l. nr. 27, 27. júní 1921, um aukatekjur ríkissjóðs (7, n. 74 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Halldór Stefánsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
8. Frv. til laga um vitagjald o. fl. (8, n. 73 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Halldór Stefánsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
9. Frv. til laga um ríkisbókhald og endurskoðun (9, n. 310 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Héðinn Valdimarsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
10. Frv. til laga um bifreiðaskatt o. fl. (10, n. 222 (meiri hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Ásgeir Ásgeirsson.
    Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
11. Frv. til laga um Brunabótafélag Íslands (14, n. 236 (meiri hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Halldór Stefánsson.
    Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
12. Frv. til laga um breyting á l. nr. 50 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum (45, n. 221 (meiri hl.)).

Frsm. meiri hl.: Ásgeir Ásgeirsson.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.

13. Till. til þál. um lyfjaverzlun (42).
Nefndarálit kom ekki.
14. Frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt (47).
Nefndarálit kom ekki.
15. Frv. til laga um fasteignaskatt (48).
Nefndarálit kom ekki.
16. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tolllaga, nr. 54, 11. júlí 1911 (49).
Nefndarálit kom ekki.
17. Till. til þál. um lækkun vaxta (43).
Nefndarálit kom ekki.
18. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 32, 7. maí 1928, um sundhöll í Reykjavík (70).
Nefndarálit kom ekki.
19. Frv. til laga um jöfnunarsjóð ríkisins (90).
Nefndarálit kom ekki.
20. Frv. til laga um Útvegsbanka Íslands h/f (173).
Nefndarálit kom ekki.
21. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 16, 19. maí 1930 (Laun embættismanna) (256, n. 358).
Frsm.: Sigurður Eggerz.
22. Frv. til laga um endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum af efnivörum til iðnaðar (336).
Nefndarálit kom ekki.

Nefndin flutti:

1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 33, 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands (269).
Frsm.: Sigurður Eggerz.
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 60, 7. maí 1928, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seriur) bankavaxtabréfa (357).
Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.

2. Fjárveitinganefnd:

Ingólfur Bjarnarson, formaður,
Pétur Ottesen,
Þorleifur Jónsson,
Jón Sigurðsson,
Hannes Jónsson, fundaskrifari,
Magnús Jónsson,
Haraldur Guðmundsson.

Til hennar vísað:
Frv. til fjárlaga fyrir árið 1932 (1, n. 340 (meiri hl.) og 387 (minni hl.)).
Frsm. fyrri kafla (1.—13. gr.): Hannes Jónsson.
Frsm. síðari kafla (14.—25. gr.): Þorleifur Jónsson.
Frsm. minni hl.: Haraldur Guðmundsson.

3. Samgöngumálanefnd:

Benedikt Sveinsson, fundaskrifari,
Hákon Kristófersson,
Gunnar Sigurðsson, formaður,
Jón Auðunn Jónsson,
Magnús Torfason.

1. Frv. til laga um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts (18, n. 355).
Frsm.: Gunnar Sigurðsson.
2. Frv. til laga um nýjan veg frá Lækjarbotnum í Mosfellssveit austur í Ölfus (19, n. 343).
Frsm.: Magnús Torfason.
3. Frv. til laga um brúargerðir (17).
Nefndarálit kom ekki.

4. Landbúnaðarnefnd:

Lárus Helgason, formaður,
Jón Sigurðsson,
Bernharð Stefánsson,
Einar Jónsson,
Bjarni Ásgeirsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:
1. Frv. til laga um búfjárrækt (20, n. 176).
Frsm.: Bjarni Ásgeirsson.
2. Frv. til laga um ræktunarsamþykktir (32, n. 278).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.
3. Frv. til ábúðarlaga (54, n. 403).
Frsm.: Bjarni Ásgeirsson.
4. Frv. til laga um ágang búfjár (55).
Nefndarálit kom ekki.
5. Frv. til laga um lax- og silungsveiði (56, n. 384).
Frsm.: Bjarni Ásgeirsson.
6. Frv. til laga um erfðaleigulönd í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum (92).
Nefndarálit kom ekki.
7. Frv. til laga um sauðfjármörk (94).
Nefndarálit kom ekki.

8. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 52, 7. maí 1928, um tilbúinn áburð (13, n. 287).
Frsm.: Einar Jónsson.
9. Frv. til laga, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárbóta (307).
Nefndarálit kom ekki.

Nefndin flutti:

1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 44, 10. nóv. 1913, um forðagæzlu (246).
Frsm.: Lárus Helgason.
2. Frv. til laga um geldingu hesta og nauta (260).
Frsm.: Lárus Helgason.

5. Sjávarútvegsnefnd:

Sveinn Ólafsson, formaður,
Jóhann Jósefsson,
Benedikt Sveinsson, fundaskrifari,
Hákon Kristófersson,
Sigurjón Á. Ólafsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um lendingarbætur á Eyrarbakka (35, n. 189 (minni hl.) og 225 (meiri hl.)).
Frsm. minni hl.: Sigurjón Á. Ólafsson.
Frsm. meiri hl.: Benedikt Sveinsson.
2. Frv. til laga um hafnargerð á Akranesi (38, n. 195 (meiri hl.) og 218 minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Jóhann Jósefsson.
Frsm. minni hl.: Sveinn Ólafsson.
3. Frv. til laga um hafnargerð á Sauðárkróki (40, n. 188 (minni hl.) og 117 (meiri hl.)).
Frsm. minni hl.: Hákon Kristófersson.
Frsm. meiri hl.: Sveinn Ólafsson.
4. Frv. til laga um hafnargerð á Dalvík (44, n. 187 (minni hl.) og 216 (meiri hl.)).
Frsm. minni hl.: Hákon Kristófersson.
Frsm. meiri hl.: Sveinn Ólafsson.
5. Frv. til laga um rekstrarlánafélög fyrir bátaútveg og smáiðju (62, n. 223 (meiri hl.), 328 (1. minni hl.) og 379 (2. minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Jóhann Jósefsson.
Frsm. 1. minni hl.: Sveinn Ólafsson.
Frsm. 2. minni hl.: Sigurjón Á. Ólafsson.
6. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar (68, n. 271 (minni hl.) og 323 (meiri hl.)).
Frsm. minni hl.: Sigurjón Á. Ólafsson.
Frsm. meiri hl.: Jóhann Jósefsson.

7. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 19. júní 1922, um fiskimat (77, n. 97).
Frsm: Jóhann Jósefsson.
8. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 17, 19. maí 1930, um stofnun flugmálasjóðs Íslands (87, n. 380).
Frsm.: Sveinn Ólafsson.
9. Frv. til laga um breyting á 11. gr. hafnarlaga fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913 (96).
Nefndarálit kom ekki.
10. Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að gera tilraunir með nýjar veiðiaðferðir og veiðarfæri (121).
Nefndarálit kom ekki.
11. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 61, 14. júní 1929, um einkasölu á síld (145, n. 339 (minni hl.)).
Frsm. minni hl.: Jóhann Jósefsson.
Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
12. Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að styðja að útflutningi á nýjum fiski (122).
Nefndarálit kom ekki.
13. Frv. til laga um mannafla á íslenzkum eimskipum og mótorskipum (139).
Nefndarálit kom ekki.
14. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 42 1929, um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar (155).
Nefndarálit kom ekki.

Nefndin flutti:

Frv. til laga um stjórn vitamála og um vitabyggingar (245).
Frsm.: Jóhann Jósefsson.

Meiri hl. nefndarinnar flutti:

Frv. til laga um viðauka við lög nr. 14, 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 43, 3. nóv. 1915, um atvinnu við vélgæzlu á gufuskipum (201).
Frsm.: Sveinn Ólafsson.

6. Menntamálanefnd:

Ásgeir Ásgeirsson, formaður,
Jón Auðunn Jónsson,
Gunnar Sigurðsson,
Jón Ólafsson,
Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um bókasöfn prestakalla (25, n. 63).
Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.
2. Frv. til laga um styrkveiting til handa íslenzkum stúdentum við erlenda háskóla (83).
Nefndarálit kom ekki.

3. Frv. til laga um kirkjugarða (107).
Nefndarálit kom ekki.
4. Frv. til laga um utanfararstyrk presta (98, n. 235).
Frsm.: Gunnar Sigurðsson.
5. Frv. til laga um ríkisútgáfu skólabóka (148).
Nefndarálit kom ekki.
6. Frv. til laga um byggingu fyrir háskóla Íslands (23).
Nefndarálit kom ekki.
7. Frv. til laga um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum (184).
Nefndarálit kom ekki.
8. Frv. til laga um andleg verk (177).
Nefndarálit kom ekki.

Nefndin flutti:

Frv. til laga um kirkjuráð (65).
Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.

7. *Allsherjarnefnd:*

Magnús Torfason, formaður,
Magnús Guðmundsson,
Lárus Helgason,
Jón Ólafsson,
Héðinn Valdimarsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um kirkjur (27, n. 114).
Frsm.: Magnús Torfason.
2. Frv. til laga um eignar- og notkunarrétt hveraorku (16).
Nefndarálit kom ekki.
3. Till. til þál. um, að Ísland sæki um upptöku í þjóðabandalagið (11).
Nefndarálit kom ekki.
4. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör (58, n. 110).
Frsm.: Lárus Helgason.
5. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 52, 27. júní 1925, um verzlunaratvinnu (66, n. 362).
Frsm.: Héðinn Valdimarsson.
6. Frv. til laga um breyting á lögum 42, 13. nóv. 1903, um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð (67, n. 105).
Frsm.: Jón Ólafsson.
7. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 31. maí 1927, um iðju og iðnað (71, n. 165).
Frsm.: Magnús Guðmundsson.

8. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 29, 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar (79, n, 125).
   Frsm.: Magnús Guðmundsson.
9. Frv. til laga um veiting ríkisborgararéttar (88. n. 272).
   Frsm.: Magnús Guðmundsson.
10. Frv. til laga um undanþágu skóla og sjúkrahúsa frá afnotagjaldi til útvarps (82).
   Nefndarálit kom ekki.
11. Till. til þál. um sölu viðtækja (81).
   Nefndarálit kom ekki.
12. Till. til þál. um sölu viðtækja (útvarpstækja) og um lækkun afnotagjalds (86).
   Nefndarálit kom ekki.
13. Frv. til laga um læknishéraðasjóði (84, n. 162 (meiri hl.) og 203 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Magnús Guðmundsson.
   Frsm. minni hl.: Héðinn Valdimarsson.
14. Frv. til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur (89, n. 199 (meiri hl.) og 202 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Héðinn Valdimarsson.
   Frsm. minni hl.: Magnús Guðmundsson.
15. Frv. til laga um sveitargjöld (91).
   Nefndarálit kom ekki.
16. Frv. til laga um verzlunarnám og atvinnuréttindi verzlunarmanna (93, n. 361).
   Frsm.: Héðinn Valdimarsson.
17. Frv. til laga um sjóveitu í Vestmannaeyjum (95, n. 161).
   Frsm.: Jón Ólafsson.
18. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 7, 15. júní 1926, um raforkuvirki (104).
   Nefndarálit kom ekki.
19. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 29, 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis (112).
   Nefndarálit kom ekki.
20. Till. til þál. um skilning á 5. málsgr. 14. gr. laga um varnir gegn berklaveiki, nr. 60, 14. júní 1929 (85).
   Nefndarálit kom ekki.
21. Frv. til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita Jóni Þorleifi Jósefssyni skírteini til vélstjórnar á íslenzkum skipum (116, n. 204).
   Frsm.: Jón Ólafsson.
22. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör (117).
   Nefndarálit kom ekki.
23. Frv. til laga um innheimtu útsvara í Reykjavík (118).
   Nefndarálit kom ekki.
24. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 73, 7. maí 1928 (Slysatryggingalög) (129, n. 353).
   Frsm.: Héðinn Valdimarsson.

25. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 28, 19. maí 1930, um greiðslu verkkaups (133, n. 200).
Frsm.: Héðinn Valdimarsson.
26. Frv. til laga um skatt af húseignum í Neskaupstað (33, n. 279).
Frsm.: Lárus Helgason.
27. Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Súðavík við Álftafjörð í Norður-Ísafjarðarsýslu (174, n. 280).
Frsm.: Magnús Torfason.
28. Till. til þál. um sölu og afnotagjald viðtækja (152).
Nefndarálit kom ekki.
29. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 56, 14. júní 1929 (Notkun bifreiða). (130, n. 329).
Frsm.: Héðinn Valdimarsson.
30. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 32, 11. júlí 1911, um úrskurðarvald sáttanefnda (206, n. 291).
Frsm.: Magnús Guðmundsson.
31. Frv. til laga um bókhald (208).
Nefndarálit kom ekki.
32. Frv. til laga um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl. (51, n. 391 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Magnús Guðmundsson.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
33. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 11, 18. maí 1920, um þingmannakosning í Reykjavík (194, n. 330 og 354 (2. minni hl.)).
Frsm.: Héðinn Valdimarsson.
Frsm. 2. minni hl.: Magnús Torfason.
34. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufélög (197, n. 363).
Frsm.: Magnús Torfason.
35. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 45, 14. júní 1929, um verkamannabústaði (234).
Nefndarálit kom ekki.

Nefndin flutti:

1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 20. okt. 1905, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna (273).
Frsm.: Magnús Torfason.
2. Frv. til laga um íbúðarhús á prestssetrum (224).
Frsm.: Magnús Guðmundsson.

Meiri hl. nefndarinnar flutti:

1. Frv. til laga um virkjun Efra-Sogsins (283).
Frsm.: Jón Ólafsson.
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 60, 14. júní 1929, um varnir gegn berklaveiki (392).
Frsm.: Héðinn Valdimarsson.

Vinnunefndir beggja deilda. — *Lausanefnd í Ed.:* Stjórnarskrárnefnd. — *Nefndir í Sþ.:* Kjörbréfa- og utanríkismálanefndir.

C.
Vinnunefndir.

Auk framantalinna nefnda skipuðu formenn fastanefnda, forseti og fyrri varaforseti eina nefnd í hvorri deild, *vinnunefnd.*

Vinnunefndir gerðu skrá um fundastaði og fundatíma fastanefnda, er fjölrituð var og útbýtt meðal þingmanna.

2.
Lausanefnd í efri deild.

Stjórnarskrárnefnd:

Páll Hermannsson, formaður,
Jón Þorláksson,
Jón Jónsson, fundaskrifari,
Jóhannes Jóhannesson,
Jón Baldvinsson.

Nefndin kosin til að íhuga:

Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands (12, n. 263).

Frsm.: Páll Hermannsson.

3.
Nefndir kosnar af sameinuðu þingi.

1. Kjörbréfanefnd:

Sveinn Ólafsson, formaður,
Magnús Guðmundsson,
Magnús Torfason, fundaskrifari,
Sigurður Eggerz,
Héðinn Valdimarsson.

2. Utanríkismálanefnd:

Benedikt Sveinsson, formaður,
Sigurður Eggerz,
Ásgeir Ásgeirsson, fundaskrifari,
Jón Þorláksson,
Bjarni Ásgeirsson,
Ólafur Thors,
Héðinn Valdimarsson.

Sþ. 406. **Skrá**

um erindi þau, er bárust Alþingi (43. löggjafarþingi) 1931.

— Raðað eftir stafrófsröð —

Aðalsteinn Jónsson sækir um 4500 kr. styrk til útbúnaðar á skíðum undir bifreiðar. Bréf 17. febr. 1 fskj. (Nd. 52).

Alidýrasjúkdómar. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi frá dr. H. Lotz, dags. 2. sept. 1930, um 7000 kr. greiðslu fyrir rannsóknarstörf viðvíkjandi ýmsum alidýrasjúkdómum. Bréf 28. febr. 1 fskj. (Nd. 98).

Andakílsá, sjá Brúargerðir 2.

Anna Bjarnardóttir frá Sauðafelli, sjá Námsstyrkur 1.

Arnarhváll. Gjaldkeri Arnarhváls sendir fjvn. áætlun yfir tekjur og gjöld skrifstofubyggingar ríkisins í Arnarhváli fyrir yfirstandandi ár. Bréf 30. marz. (Nd. 289).

Arndís Sigurðardóttir, sjá Eftirlaun 1.

Arthur Gook, sjá Útvarp.

Atvinnuleysistryggingar. Fundur verkamanna og verkakvenna í Reykjavík 15. marz skorar á Alþingi að lögleiða þegar í stað atvinnuleysistryggingar á kostnað atvinnurekenda. Bréf 16. marz. (Nd. 236).

Axel Arnfjörð, sjá Námsstyrkur 25.

Ábyrgðir.

1. Borgarstjórinn í Reykjavík fer þess á leit, að Alþingi heimili ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir Reykjavíkurkaupstað 8 millj. kr. lán til virkjunar á 10 þús. hestafla raforkustöð við Sogið. Bréf 7. apríl. 3 fskj. (Nd. 304).
2. Bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar sendir Alþingi áskorun um að heimila ríkisstjórninni að ganga í ábyrgð fyrir síldarsölu til Rússlands. Bréf 26. febr. (Nd. 134).
3. Fundur félags íslenzkra línuveiðaraeigenda skorar á Alþingi að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast greiðslu á víxlum þeim, sem Rússastjórn hefir samþ. fyrir andvirði síldar, seldrar Rússum síðastliðið ár, og þeim víxlum, sem Rússastjórn kynni að samþ. fyrir andvirði síldar seldrar Rússum á þessu ári. Bréf 31. marz. (Nd. 307).
4. Bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar skorar á Alþingi að fela ríkisstjórninni að ábekja víxla síldareinkasölunnar fyrir síld, selda Rússum

síðastliðið sumar, og að heimila ríkisstjórninni að ganga í ábyrgð fyrir síldarsölu til Rússa á sumri komandi fyrir minnst 80% andvirðis. Símsk. 26. febr. (Nd. 80).

5. Ályktun fundar útflutningsnefndar síldareinkasölunnar, sem í felst áskorun til Alþingis um að samþykkja ríkisábyrgð á víxlum Rússa, sem þeir greiddu fyrir síldina síðastliðið ár, og áskorun til löggjafarvaldsins um að samþykkja ríkisábyrgð á andvirði seldrar síldar á þessu ári til Rússlands. Símskeyti 23. febr. (Nd. 68).
6. Bæjarstjórnin á Akureyri sendir Alþingi áskorun þess efnis, að Alþingi heimili ríkisstjórninni að ábyrgjast greiðslu á víxlum Rússa fyrir síldina í sumar og veiti ríkisábyrgð fyrir víxlum Rússa, er þeir greiða þá síld með, er kann að verða seld þeim á komandi sumri. Bréf 28. jan. (Nd. 5).
7. Áskorun frá hreppsnefnd Hólshrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu um að Alþingi heimili ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hreppinn 200 þús. kr. lán til byggingar rafmagnsstöðvar, en til vara, að ábyrgðarheimildin frá 1930 verði endurnýjuð. (Nd. 62).
8. Jón Auðunn Jónsson alþm. fer þess á leit, að ábyrgð sú, að upphæð 170 þús. kr., er ríkisstjórninni hefir verið heimilað að takast á hendur vegna rafveitubyggingar fyrir Hólshrepp í Norður-Ísafjarðarsýslu, verði endurnýjuð. Bréf 13. marz. (Nd. 222).
9. Oddviti Hvammshrepps í Mýrdal fer þess á leit, að sú 60 þús. kr. ríkisábyrgð, sem Alþingi heimilaði í fyrra til rafvirkjunar í Víkurkauptúni, en kom ekki til framkvæmda, verði látin halda sér. Bréf 31. jan. (Nd. 84).
10. Skúli Pálsson fer þess á leit, að Alþingi heimili ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir sig 15 þús. kr. lán til 5 ára, til þess að kaupa vélar í því skyni að búa til fiskilínur og öngultauma. Bréf 3. marz. (Nd. 144).

Áfengisverzlun ríkisins. Forstjóri Áfengisverzlunar ríkisins sendir fjvn. skýrslu um rekstrarafkomu Áfengisverzlunarinnar og greiðslur hennar í ríkissjóð árið 1931. Bréf 18. marz. (Nd. 246).

Ágúst Sigurðsson, sjá Námsstyrkur 3.

Árni Friðriksson, sjá Dragnótaveiðar í landhelgi 5.

Árný Filippusdóttir, sjá Námsstyrkur 4.

Ársæll Árnason, sjá Sauðnaut.

Ásgeir Bjarnþórsson, sjá Námsstyrkur 5.

Bandalag íslenzkra listamanna. Stjórn bandalags íslenzkra listamanna sækir um 1500 kr. styrk til starfsemi bandalagsins. Bréf 4. marz. (Nd. 157).

Bandalag íslenzkra skáta fer þess á leit, að sá styrkur, sem það hefir notið undanfarin ár, verði látinn halda sér í næsta árs fjárlögum. Bréf 4. marz. (Nd. 147).

Bankamál.

1. Fjármálaráðherra sendir fjhn. 2 bréf frá Jóni Krabbe skrifstofustjóra

til Jónasar Jónssonar dómsmálaráðherra, dags. 23. jan. og 9. febr., um skilyrði fyrir sölu á veðdeildarbréfum Landsbankans og Búnaðarbankans á opnum markaði í nágrannalöndunum. Bréf 27. marz. (Nd. 279).
2. Fjmrn. sendir fjhn. til athugunar lánssamning, dags. 7. nóv. 1930, milli ríkisstjórnarinnar og Hambros Bank Ltd. í London, ásamt íslenzkri þýðingu á samningnum. Bréf 20. marz. (Nd. 337).
3. Stjórn Landsbanka Íslands sendir fjhn. umsögn sína um till. til þál. um lækkun vaxta og brtt. við hana. Bréf 7. apríl. (Nd. 305).
4. Sama sendir fjhn. umsögn sína um tvö atriði í frv. til l. um Útvegsbanka Íslands h/f. Bréf 7. apríl. (Nd. 306).

Sjá ennfr. Bókhald.

Benedikt Björnsson, sjá Ritstyrkur 1.

Benedikt Þ. Gröndal, sjá Eftirlaun 4.

Benedikt Jónasson, sjá Launamál 1.

Bergsveinn Ólafsson, sjá Eftirlaun 10.

Bessastaðahreppur. Reikningur um tekjur og gjöld sveitarsjóðsins í Bessastaðahreppi ásamt beiðni um fjárstyrk til hreppsins. Bréf oddvita 27. febr (Nd. 321).

Bifreiðaskattur. Mótmæli gegn frv. til l. um bifreiðaskatt o. fl. frá verkamannafélaginu Dagsbrún. (Nd. 67) og verkamannafélaginu Hlíf í Hafnarfirði. (Nd. 210).

Bjarni Sæmundsson, sjá Fiskirannsóknir.

Björg, slysavarnasveit, sjá Hafnir og lendingarbætur 1.

Björn Bjarnarson í Grafarholti, sjá Sauðfjármörk, Tekjuskattur og eignarskattur 1.

Björn Bjarnason, sjá Námsstyrkur 7.

Bókasöfn.
1. Stjórnarnefnd bókasafnsins á Akureyri fer þess á leit, að árlegur styrkur til safnsins verði hækkaður úr 600 kr. upp í 1200 kr. Bréf 14. marz. (Nd. 242).
2. Bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar skorar á Alþingi að veita bókasafni kaupstaðarins aukastyrk, er svari til árskaups bókavarðar. Bréf 12. marz. (Nd. 209).
3. Bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar sækir um styrk til bókasafns kaupstaðarins. Bréf 21. nóv. 1930. 1 fskj. (Nd. 7, XLI).

Bókhald. Bankaráð Landsbankans fer þess á leit við allshn., að hún hlutist til um, að ákvæði frv. til l. um bókhald, sem liggur fyrir þinginu, verði ekki látin ná til bankanna eða útibúa þeirra, og orðið »bankar« því fellt úr 3. lið 2. gr. frv. Bréf 30. marz. (Nd. 290).

Breiðafjarðarbáturinn Norðri h/f., sjá Strandferðir 2.

Breikkun á Stokkseyrarsundi, sjá Hafnir og lendingarbætur 8.

Bridde, Alexander, sjá Ríkisborgararéttur.

Bríet Bjarnhéðinsdóttir, sjá Eftirlaun 25, Samband austfirzkra kvenna.

Brunabótafélag Íslands. Atv.- og samgmrn. sendir fjhn. svör þeirra bæjar-

stjórna og hreppsnefnda, er látið hafa í ljós álit sitt um frv. til l. um Brunabótafélag Íslands, ásamt bréfi frá Brunabótafélagi Íslands, dags. 9. jan., um svör þau, er þá voru fram komin. Bréf 26. febr. 5 fskj. (Nd. 93).

Brúargerðir.

1. Pétur Ottesen alþm. sendir áskoranir tveggja þingmálafunda, á Sturlureykjum í Reykholtsdal 31. jan. og á Lundi í Lundarreykjadal 4. febr., um að láta endurbyggja brúna á Flókadalsá. (Nd. 114).
2. Sami sendir áskorun þingmálafundar á Grund í Skorradal 29. jan., um að láta byggja brú á Andakílsá við Skorradalsvatnsós þegar á næsta vori. (Nd. 117).

Búnaðarfélag Íslands. Áætlun búnaðarmálastjóra um tekjur og gjöld Búnaðarfélags Íslands árið 1932, ásamt bréfi búnaðarmálastjóra 18. des. 1930. 1 fskj. (Nd. 16, IV). Sjá ennfr. Síldarmjöl.

Búnaðarsamband Suðurlands, sjá Vegamál 3.

Búnaðarþing, sjá Byggðaskipulag í sveitum landsins, Eignar- og notkunarréttur hveraorku, Tilbúinn áburður.

Byggðaskipulag í sveitum landsins. Búnaðarþing 1931 skorar á Alþingi að skipa milliþn. til rannsóknar á fyrirkomulagi og framkvæmd byggðaskipulags í sveitum landsins. Bréf 17. marz. 2 fskj. (Nd. 241).

Bændaskólar.

1. Áætlun frá skólastjóra Hólaskóla um útgjöld skólans árið 1932. Símskeyti 15. okt. 1930. (Nd. 7, XXVII).
2. Áætlun frá skólastjóra Hvanneyrarskóla um útgjöld skólans árið 1932, ásamt áætlunum frá tveim kennurum skólans. Bréf 17. nóv. 1930 og 19. nóv. 1930. (Nd. 7, XXVI).

Böðvar Bjarnason prestur fer þess á leit, að Alþingi ákveði að veita sér nokkra fjárupphæð í viðurkenningarskyni fyrir það kennslustarf, sem hann hefir leyst af hendi, og muni hann verja fénu til útgáfu kennslubókar í kristnum fræðum. Bréf 6. jan. 1 fskj. (Nd. 199).

Cathinca Sigfússon, sjá Eftirlaun 5.

Danska sendiráðið í Oslo, sjá Útflutningur á saltfiski frá Noregi.

Djúpbáturinn h/f, sjá Strandferðir 3.

Dragnótaveiðar í landhelgi.

1. Aðalfundur Fiskifélags Íslands skorar á Alþingi að nema úr lögum 8. gr. l. nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi. Bréf 5. marz. (Nd. 326).
2. Almennur sveitarfundur í Hofsósi, almennur sveitarfundur í Skarðshreppi, fjölmennur borgarafundur á Sauðárkróki og sýslunefnd Skagafjarðarsýslu mótmæla allri rýmkun á heimild til dragnótaveiða í landhelgi. Símsk. 24. marz. (Nd. 263).
3. Atv.- og samgmrn. sendir sjútvn. erindi oddvita Keflavíkurhrepps,

dags. 28. nóv. 1930, um að fella úr gildi reglugerð nr. 57, 11. júní 1923, um bann gegn dragnótaveiðum við sunnanverðan Faxaflóa, að því er snertir svæðið fyrir landi Keflavíkurhrepps. Bréf 28. febr. 1 fskj. (Nd. 110).

4. Sama sendir sjútvn. erindi sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, um friðun á Skjálfandaflóa fyrir dragnótaveiði í landhelgi, dags. 26. febr. Bréf 14. marz. 1 fskj. (Nd. 229).
5. Árni Friðriksson fiskifræðingur sendir sjútvn. umsögn sína um lífnaðarhætti skarkolans, skarkolaveiðar og dragnótanotkun við Ísland. 1 fskj. (Nd. 319).
6. Fundur 50 sjómanna og útgerðarmanna í Norðfirði mótmælir frv. Haralds Guðmundssonar um breyting á l. nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi. Símsk. 23. marz. (Nd. 262).
7. Fundur fiskifélagsdeildarinnar Garða, Húsavík, skorar á ríkisstjórnina að friða Skjálfandaflóa gegn dragnótaveiði í landhelgi. Ennfremur mótmælir fundurinn því, að 8. gr. gildandi laga um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi sé burtu numin. Bréf 24. febr. (Nd. 211).
8. Fundur fiskifélagsdeildarinnar í Keflavík 25. marz skorar á Alþingi að breyta nú þegar l. nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi, á líkan hátt og lagt er til í frv. Haralds Guðmundssonar. Bréf 29. marz. (Nd. 309).
9. Stjórn fiskifélagsdeildarinnar í Keflavík skorar á Alþingi að samþ. frv. Haralds Guðmundssonar um breyting á l. nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi, með nokkrum breytingum. Bréf 29. marz. (Nd. 288).
10. Sveitarfundur á Eskifirði telur rétt að rýmka núverandi leyfi til dragnótaveiða í landhelgi. Bréf 11. febr. (Nd. 18, II).

Dýpkunarskip. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi vitamálastjóra, dags. 17. des. 1930, um dýpkunarskip. Bréf 28. febr. 1 fskj. (Nd. 107).

Dýralækningar.

1. Halldór Kr. Jónsson sækir um 600 kr. árlegan styrk til þess að stunda dýralækningar í Svarfaðardalshreppi. 1 fskj. (Nd. 38).
2. Jón Pálsson dýralæknir sækir um 2000 kr. styrk til þess að fara utan og fullkomna sig í dýralækningum. Bréf 3. marz. (Nd. 240).

Dýraverndunarfélag Íslands.

1. Stjórn Dýraverndunarfélags Íslands sækir um 2000 kr. styrk til starfsemi félagsins. Bréf 4. marz. (Nd. 180).
2. Stjórn Dýraverndunarfélags Íslands sendir landbn. tilmæli um, að hún leggi fyrir þingið frv. til laga um geldingu hesta og nauta, eins og það var samþ. til Ed. á síðasta þingi. Bréf 4. marz. 1 fskj. (Nd. 183).
3. Ingunn Einarsdóttir á Bjarmalandi sækir um 3000 kr. styrk til þess að kaupa eða láta reisa hús í Reykjavík, þar sem Dýraverndunarfélag Íslands geti haldið fundi sína. Bréf 3. marz. (Nd. 133).

Efnarannsóknarstofan, sjá Launamál 2.

Eftirlaun og styrktarfé.

1. Arndís Sigurðardóttir sækir um 500 kr. árleg eftirlaun, eftir 20 ára starf við holdsveikraspítalann í Laugarnesi. Bréf 4. marz. (Nd. 160).
2. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi Torfa Sæmundssonar pósts, dags. 21. des. 1930, um eftirlaunastyrk, ásamt áliti póstmálastjóra, dags. 13. febr. Bréf 28. febr. 3 fskj. (Nd. 104).
3. Sama sendir fjvn. erindi frá Gizuri Hólmgeirssyni þess efnis, að Hólmgeiri Þorsteinssyni, fyrrv. stöðvarstjóra á Breiðumýri, verði greidd dýrtíðaruppbót á laun sín frá 1917—1927. Bréf 11. marz. 1 fskj. (Nd. 207).
4. Benedikt Þ. Gröndal fer þess á leit, að sér verði veitt eftirlaun frá 1. jan. 1931 að telja. Bréf 15. febr. (Nd. 15).
5. Cathinca Sigfússon sækir um 1000 kr. eftirlaun á ári. Bréf 21. febr. (Nd. 65).
6. Guðjón Kjartansson, póstur í Borgarfjarðarhéraði, sækir um eftirlaun frá vori komanda. Bréf 5. febr. (Nd. 36).
7. Guðríður Guðmundsdóttir, sem gegnt hefir ljósmóðurstörfum í Mýrahreppi í Austur-Skaftafellssýslu í 25 ár, sækir um eftirlaun. Bréf 14. jan. (Nd. 88).
8. Guðrún Björnsdóttir prestsekkja fer þess á leit, að eftirlaun sín verði hækkuð úr 25 kr. mánaðarlega upp í 80 kr. Bréf 9. marz. (Nd. 192).
9. Helgi Konráðsson, sóknarprestur á Bíldudal, mælir með því, að Sigurgarði Sturlaugssyni fyrrv. barnakennara verði veittur nokkur lífeyrir. (Nd. 271).
10. Jón Auðunn Jónsson alþm. fer þess á leit, að Bergsveini Ólafssyni fyrrv. barnakennara verði veittur 200 kr. styrkur. Bréf 20. marz. (Nd. 251).
11. Jón Steingrímsson settur sýslumaður, Sigurður Steinþórsson kaupfélagsstjóri og Sigurður Ó. Lárusson sóknarprestur sækja um 1200 kr. eftirlaun handa Jóni Runólfssyni, fyrrv. sýsluskrifara í Stykkishólmi. Bréf 5. febr. 1 fskj. (Nd. 29).
12. Jörundur Brynjólfsson alþm. fer þess á leit, að Guðrúnu Gísladóttur, ekkju Kristjáns Þorvaldssonar pósts, verði veitt 300 kr. árleg eftirlaun. Bréf 10. marz. (Nd. 202).
13. Karl Einarsson fyrrv. sýslumaður fer þess á leit, að sér verði greidd úr ríkissjóði eftirlaun, sem hann telur sér vangoldin, frá því er hann lét af embætti 1924 til 1. jan. 1928. Bréf 6. marz. (Nd. 238).
14. Kristján Jónsson póstur sækir um 400 króna árleg eftirlaun. Bréf 20. des. 1930. 4 fskj. (Nd. 21).
15. Lögmaðurinn í Reykjavík fer þess á leit, að skrifara lögmanns, Benedikt Þ. Gröndal, verði veitt eftirlaun. Bréf 11. nóv. 1930. (Nd. 7, III).

16. Magnús Egilsson steinsmiður fer þess á leit, að Alþingi veiti sér einhverja viðurkenningu fyrir æfistarf sitt. Bréf 1. marz. (Nd. 125).
17. Prófessorarnir Sigurður Nordal, Páll Eggert Ólason, Ágúst H. Bjarnason og Alexander Jóhannesson og Einar Ól. Sveinsson magister fara þess á leit, að Ólafi Marteinssyni mag. art. verði veittur 2400 kr. styrkur í fjárlögum fyrir árið 1932. Bréf ódags. (Nd. 197).
18. Ragnheiður Guðjónsdóttir, fyrrv. kennari við daufdumbraskólann í Reykjavík, sækir um viðbót við eftirlaun sín. Bréf 7. marz. (Nd. 223).
19. Sigurður Eggerz alþm. fer þess á leit, að Vilborgu Sigurðardóttur fyrrv. yfirsetukonu verði veitt eftirlaun, ekki minni en 300 kr. á ári. Bréf 13. marz. (Nd. 214).
20. Sami þm. fer þess á leit, að ákveðin verði 1000 kr. þóknun handa Eggert Magnússyni í Tjaldanesi fyrir það starf, sem hann hefir unnið sem dýralæknir. Bréf 13. marz. (Nd. 215).
21. Valgerður Steinsen, fyrrv. ráðskona Laugarnesspítala, sækir um 600 króna eftirlaun á ári. Bréf 23. febr. 4 fskj. (Nd. 76).
22. Vegamálastjóri mælir með því, að Ingveldi Guðmundsdóttur, ekkju Erlends Zakaríassonar verkstjóra verði veitt eftirlaun. Bréf 10. jan. (Nd. 16, II).
23. Þorvaldur Pálsson læknir fer þess á leit, að sér verði endurveittar þær 1800 kr. auk dýrtíðaruppbótar, sem hann eigi geymdar hjá ríkissjóði og veittar hafa verið sem »styrktarfé og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna«. (Nd. 121).
24. Þórður Jensson sækir um viðbót við eftirlaun handa Sigríði Jónsdóttur, ekkju Bjarna Jenssonar læknis. Bréf 15. des. 1930. (Nd. 7, XLVIII).
25. Þriðji landsfundur íslenzkra kvenna skorar á Alþingi að veita Bríetu Bjarnhéðinsdóttur lífeyri það sem hún á eftir ólifað. Undirskriftaskjal 10. júlí 1930. (Nd. 7, XLIX).

Eggert Magnússon, sjá Eftirlaun 20.

Eiðaskóli. Tillögur forstöðumanns Eiðaskóla um fjárveitingar til skólans árið 1932. Bréf 3. okt. 1930. (Nd. 7, XXII).

Eiður S. Kvaran, sjá Sjúkrastyrkur 7.

Eignar- og notkunarréttur hveraorku. Búnaðarfélag Íslands sendir landbn. tillögur allshn. Búnaðarþings 1931 við frv. til l. um eignar- og notkunarrétt hveraorku. Bréf 14. marz. (Nd. 333).

Eimskipafélag Íslands.

1. Stjórn h/f Eimskipafélags Íslands fer þess á leit, að Alþingi ákveði að lækka um helming afgreiðslu- og vitagjöld, sem félagið þarf að greiða, og ennfremur lestagjöld af skipum félagsins, enda hafi félagið a. m. k. 5 skip í föstum áætlunarferðum yfir allt árið. Bréf ódags. 2 fskj. (Nd. 224).
2. Stjórn h/f Eimskipafélags Íslands fer þess á leit, að ríkisstjórnin leggi fyrir Alþingi frv. til l. um framlengingu á gildi laga um skatt-

greiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, nr. 33, 7. maí 1928, fyrir árin 1931 og 1932. Bréf 3. marz. (Nd. 320).

Einar M. Jónasson fyrrv. sýslumaður sendir Alþingi skýrslu út af sakamálsrannsókn Halldórs Kr. Júlíussonar, ásamt yfirlýsingu, er birt var 30. jan. forsætisráðherra, dómsmálaráðherra og ritstjórum Alþýðublaðsins og Tímans. Bréf 16. febr. (Nd. 32). Sjá ennfr. Launamál 3.

Einar Kristjánsson, sjá Námsstyrkur 24.

Einar E. Straumfjörð, sjá Sjúkrastyrkur 1.

Einkasala á nauðsynjavörum. Bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar skorar á Alþingi að samþ. heimildarlög fyrir kaupstaðina til að taka að sér einkasölu á nauðsynjavörum. Bréf 12. marz. (Nd. 208).

Einkasala á síld, sjá Síld 1.

Einkasala á tóbaki og eldspýtum. Verzlunarráð Íslands skorar á Alþingi að fella frv. til l. um einkasölu á tóbaki og eldspýtum. Bréf 26. marz. (Nd. 275).

Eiríkur E. Sverrisson kennari sækir um styrk til þess að kanna ætta-, býla- og byggðasögu Vestur-Skaftafellssýslu. Bréf 30. jan. 6 fskj. (Nd. 43).

Elín Sigurðardóttir, sjá Sjúkrastyrkur 2.

Elliheimili.

1. Stjórn elliheimilisins Grundar í Reykjavík sækir um 25 þús. kr. byggingarstyrk, eða til vara, að í vor verði gefin út frímerki, er elliheimilið fái hálfan nettóágóða af. Bréf 4. marz. 1 fskj. (Nd. 148).
2. Kvenfélagið Kvik á Seyðisfirði sækir um 1000 króna styrk til starfrækslu sinnar. Bréf 15. jan. (Nd. 1).

Engidalur á Sauðanesi, sjá Vitamál 7.

Fangahús. Tillögur lögreglustjórans í Reykjavík um fjárveitingar til hegningarhússins þar árið 1932. Bréf 18. nóv. 1930. (Nd. 7, IV).

Fátækramál, sjá Framfærsla.

Ferja yfir Hornafjarðarós.

1. Hreppsnefnd Borgarhafnarhrepps skorar á Alþingi að veita 150 kr. árlega til viðhalds ferju yfir Hornafjarðarós. Símsk. 13. marz. (Nd. 216).
2. Hreppsnefnd Borgarhafnarhrepps sendir Alþingi viðbótarerindi út af styrkbeiðni til viðhalds ferju yfir Hornafjarðarós. Bréf 14. marz. (Nd. 311).

Félag íslenzkra hjúkrunarkvenna, sjá Námsstyrkur 10.

Félag ungra Framsóknarmanna, sjá Kosningar til Alþingis.

Fiskifélag Íslands. Áætlun forseta Fiskifélags Íslands um útgjöld félagsins árið 1932. Bréf 16. okt. 1930. (Nd. 7, XLIV). Sjá ennfr. Dragnótaveiðar í landhelgi 1, Síld 2, Útflutningur á fiski 3, Útflutningsgjald af síld.

Fiskiflutningaskip, sjá Hafnsöguskylda.

Fiskirannsóknir. Bjarni Sæmundsson sækir um 1000 króna styrk til þess að

standast útgjöld við fiskirannsóknir sínar. Bréf 7. nóv. 1930. (Nd. 7, XXXVII).

Fiskiveiðasjóður Íslands, sjá Hafnir og lendingarbætur 5.

Flaga í Skaftártungu, sjá Símamál 4 og 5.

Flókadalsá, sjá Brúargerðir 1.

Flugfélag Íslands, sjá Flughöfn, Síld 2.

Flughöfn. Dr. Alexander Jóhannesson fer þess á leit f. h. Flugfélags Íslands h/f, að Alþingi ákveði að leggja fram $^3/_5$ af kostnaði við að koma upp flughöfn í Reykjavík og veiti félaginu ennfremur 20 þús. kr. rekstrarstyrk á árinu 1932. Bréf ódags. 1 fskj. (Nd. 124).

Fornleifafélagið fer þess á leit, að styrkur sá, sem það hefir notið undanfarin ár, verði hækkaður upp í allt að 1500 kr. á ári. Bréf ódags. (Nd. 420).

Forstjóri h/f Eimskipafélags Íslands, sjá Útflutningur á fiski 1.

Frakknesk-íslenzk orðabók.

1. Fjmrn. sendir umsókn Páls Sveinssonar um að sér verði í fjárlögum fyrir árið 1932 veittur styrkur til útgáfu frakknesk-íslenzkrar orðabókar. Bréf 24. des. 1930. (Nd. 7, XXIII).
2. Páll Sveinsson skólakennari sækir um 5000 kr. styrk til þess að gefa út frakknesk-íslenzka orðabók. Bréf 26. marz. (Nd. 272).

Framfærsla þurfamanna. 3. þing sambands ungra jafnaðarmanna skorar á Alþingi að samþ. lög um að landið verði eitt framfærsluhérað. Bréf ódags. (Nd. 250).

Fresenius, Ernst, sjá Ríkisborgararéttur.

Friðrik Ásmundsson Brekkan, sjá Ritstyrkur 2.

Fræðafélagið. Hið íslenzka fræðafélag í Kaupmannahöfn sækir um 5000 króna styrk, 2500 krónur hvort áranna 1932 og 1933, til þess að gefa út Hnappadals- og Snæfellsnessýslu af jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Bréf 7. okt. 1930. (Nd. 7, XLII).

Fræðslumál. Tillögur fræðslumálastjóra um fjárveitingar til fræðslumála árið 1932. Bréf 20. des 1930. (Nd. 7, XIX).

Gagnfræðaskóli Reykvíkinga. Skólanefnd Gagnfræðaskóla Reykvíkinga sækir um 3000 kr. styrk til skólans. Bréf 26. febr. 1 fskj. (Nd. 83).

Gagnfræðaskóli Reykjavíkur. Nemendur Gagnfræðaskóla Reykjavíkur skora á Alþingi að veita 3000 kr. til nemendasjóðs skólans. Bréf ódags. 1 fskj. (Nd. 128).

Geir G. Þormar, sjá Tréskurður 1.

Gelding hesta og nauta, sjá Dýraverndunarfélag Íslands 2.

Gestsstaðir, sjá Kirkjujarðir.

Gistihús og gististaðir.

1. Hjálpræðisherinn á Íslandi sækir um 5000 kr. styrk til starfrækslu gesta- og sjómannaheimilisins í Seyðisfjarðarkaupstað. Bréf 27. marz. (Nd. 312).

2. Þorsteinn Sigurðsson, bóndi að Víðidal í Norður-Múlasýslu, sækir um 500 kr. styrk á ári í 10 ár til þess að halda uppi greiðasölu fyrir ferðafólk. Bréf 10. des. 1930. 2 fskj. (Nd. 30).

Gísli Magnússon, sjá Kampalampaveiðar.

Grund, elliheimili, sjá Elliheimili 1.

Guðbrandur Jónsson, sjá Síldarbræðslustöð.

Guðjón Kjartansson, sjá Eftirlaun 6.

Guðmundur Bárðarson prófessor sækir um undanþágu frá kennslustörfum næsta vetur, með sömu kjörum og í vetur. Bréf 4. marz. 2 fskj. (Nd. 176).

Guðmundur Björnsson, sýslumaður í Borgarfjarðarsýslu, fer þess á leit, að Alþingi heimili ríkisstjórninni að kaupa hús það, sem hann fékk lán úr viðlagasjóði 1921 til þess að reisa fyrir fjölskyldu sína, skrifstofu embættisins og póstafgreiðslu, en nú hafi póstur og sími verið sameinaður í Borgarnesi og hann þar með misst möguleikann til þess að greiða vexti og afborganir af láninu. Bréf 24. febr. (Nd. 69).

Guðmundur Finnbogason sækir um að halda þeim styrk, sem hann hefir áður notið til þess að vinna að bók um eðliseinkenni Íslendinga. Bréf 4. nóv. 1930. (Nd. 7, XXXVI).

Guðmundur Jónsson, sjá Námsstyrkur 11.

Guðríður Guðmundsdóttir, sjá Eftirlaun 7.

Guðrún Björnsdóttir, sjá Eftirlaun 8.

Guðrún Gísladóttir, sjá Eftirlaun 12.

Hafnir og lendingarbætur.

1. Aðalfundur slysavarnasveitarinnar Bjargar á Eyrarbakka sendir Alþingi tilmæli um, að það hlutist til um, að gerðar verði ráðstafanir, er tryggi það, að sandburður úr Ölfusá berist ekki í leiðir, legur og sundin á Eyrarbakka. Bréf 31. marz. (Nd. 303).
2. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi Páls Guðmundssonar og Jóns Magnússonar á Baugsstöðum í Stokkseyrarhreppi, dags. 28. jan., um styrk til þess að hefta landbrot af völdum sjávar. Bréf 28. febr. (Nd. 96).
3. Benedikt Sveinsson alþm. sendir fjvn. erindi um að ríkissjóður greiði eftirstöðvar kostnaðar við brimbrjótinn að Skálum á Langanesi, að upphæð um 6000 kr. Bréf 5. marz. (Nd. 165).
4. Fiskifélagsdeildin á Stokkseyri sækir um 6000 kr. styrk til frekari endurbóta á vélbátainnsiglingunni til Stokkseyrar. Bréf 31. marz. (Nd. 299).
5. Fiskiveiðasjóður Íslands sendir sjútvn. umsögn um frv. til l. um breyting á 11. gr. hafnarlaga fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913. Bréf 27. marz. (Nd. 274).
6. Halldór Steinsson alþm. sækir um 20 þús. kr. fjárveitingu til hafnarbóta í Ólafsvík. Bréf 25. febr. (Nd. 75).
7. Hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps skorar á Alþingi að samþ. frv. til

l. um lendingarbætur á Eyrarbakka og afgreiða sem lög frá þessu þingi. Bréf 16. marz. (Nd. 258).

8. Jörundur Brynjólfsson og Magnús Torfason alþm. fara þess á leit við fjvn., að hún flytji tillögu um 6000 kr. fjárveitingu til breikkunar á Stokkseyrarsundi. Bréf 4. marz. (Nd. 154).
9. Magnús Guðmundsson og Jón Sigurðsson alþm. senda fjárveitinganefndum skýrslu vitamálastjóra, dags. 17. marz, um kostnað við bryggjugerð í Hofsósi og fara þess jafnframt á leit, að allt að 5000 kr. verði veittar sem viðbótargreiðsla til bryggju þessarar. Bréf 30. marz. (Nd. 286).
10. Sömu þm. senda fjárveitinganefndum áætlun vitamálastjóra, ásamt frumteikningu, um lenging bryggju á Sauðárkróki og fara þess jafnframt á leit, að veitt verði til hennar fé úr ríkissjóði, sem nemi þriðjungi kostnaðar, en það verður samkv. áætluninni 13333.33 kr. Bréf 30. marz. 1 fskj. (Nd. 287).
11. Magnús Torfason alþm. sendir sjútvn. uppdrátt af mælingum danskra sjóliðsforingja á höfninni við Eyrarbakka. Bréf 6. apríl. (Nd. 298).
12. Pétur Ottesen alþm. sendir áskorun þingmálafundar á Akranesi 27. jan. um að Alþingi samþykki frv. það um hafnarlög fyrir Akranes, er borið var fram á síðasta þingi, og ennfremur um að Alþingi veiti á þessu ári styrk úr ríkissjóði til þeirra hafnarmannvirkja, er komið var upp á Akranesi síðastliðið sumar. 1 fskj. (Nd. 116).
13. Sami fer þess á leit, að Alþingi ákveði að veita 50 þús. kr. styrk til framhalds hafnargerð á Akranesi. Bréf 27. marz. (Nd. 277).
14. Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu skorar á Alþingi að samþ. frv. til l. um hafnargerð á Sauðárkróki, sem flutt er af þingmönnum sýslunnar. Símsk. 6. apríl. (Nd. 300).
15. Útgerðarfélag Vatnsleysustrandar sækir um styrk, er nemi hálfu andvirði lendingarbóta, sem félagið hefir látið gera á Vatnsleysuströnd, eða að upphæð 8500 kr. Bréf 23. febr. (Nd. 71).
16. Vitamálastjóri fer þess á leit, að fjárveiting sú, sem veitt var í fjárlögum 1931 til bryggjugerða og lendingarbóta, verði látin halda sér í fjárlögum 1932. Bréf 16. febr. (Nd. 26).
17. Sami sendir fjvn. skýrslu og áætlun um bátabryggju á Blönduósi, ásamt teikningu. Bréf 10. apríl. (Nd. 315).

Hafnsöguskylda. Atv.- og samgmrn. sendir sjútvn. erindi til athugunar frá vitamálanefndinni, um hvort rétt sé að fyrirskipa hafnsöguskyldu fyrir fiskiflutningaskip, sem eru á ferð hér við land að vetrarlagi, dags. 20. febr. Bréf 16. marz. (Nd. 230).

Hagstofan. Áætlun hagstofustjóra um útgjöld hagstofunnar árið 1932. Bréf 23. des. 1930. (Nd. 7, I).

Halldór Kr. Jónsson, sjá Dýralækningar 1.

Halldóra Bjarnadóttir, sjá Heimilisiðnaður.

Hallgrímskirkja. Nefnd sú, er gengst fyrir byggingu Hallgrímskirkju í Saurbæ, sækir um 10 þús. kr. styrk til byggingarinnar. Bréf 2. marz. (Nd. 126).

Hallormsstaður, sjá Húsmæðrafræðsla 1. og 2.

Hallsteinn Hinriksson, sjá Námsstyrkur 12.

Hákon Bjarnason, sjá Námsstyrkur 2. og 13.

Háskólinn.

1. Tillögur frá rektor háskólans um fjárveitingar til háskólans árið 1932. Bréf 15. nóv. 1930. (Nd. 7, XX).
2. Kennarar guðfræðideildar háskólans senda milliþinganefnd í kirkjumálum umsögn sína um kostnaðarreikning yfir 4 ára guðfræðinám, sem 3 af elztu nemendum deildarinnar hafa samið. Bréf 16. marz. 1 fskj. (Nd. 232).
3. Læknadeild háskólans ber sig upp undan því, að Kjartan Ólafsson augnlæknir hafi frá 1. okt. síðastl. verið sviptur launum sínum fyrir kennslu við háskólann í augnlæknisfræði, og fer fram á, að Alþingi kippi þessu í lag. Ennfremur leitar læknadeildin þess, að dr. med. Helga Tómassyni verði í næstu fjárlögum ákveðin 1000 kr. þóknun fyrir háskólakennslu í geðveikisfræði. Bréf 27. febr. (Nd. 94).
4. Nemendur guðfræðideildar háskólans fara þess á leit, að fjárveiting til söngkennslu í guðfræðideildinni verði ekki lækkuð. Bréf 19. marz. (Nd. 248).

Helgi P. Briem, sjá Rekstrarlánafélög fyrir bátaútveg og smáiðju.

Helgi Pétursson sækir um 30 þús. kr. styrk til þess að geta haldið áfram ritstörfum sínum. Bréf 23. febr. 2 fskj. (Nd. 73).

Helgi Tómasson.

1. Áskorun frá hreppsnefnd Hólshrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu um að dr. Helga Tómassyni, eða öðrum hæfum manni, verði tafarlaust falin forstaða geðveikrahælisins á Nýja-Kleppi. Bréf 10. des. 1930. (Nd. 61).
2. 32 alþingiskjósendur á Hólmavík senda Alþingi áskorun um, að það hlutist til um, að dr. Helgi Tómasson verði tafarlaust skipaður yfirlæknir á Nýja-Kleppi. Bréf 27. febr. (Nd. 220).
3. 33 alþingiskjósendur, staddir um borð í e.s. Goðafossi, skora á Alþingi að taka ekki til greina áskorun 32 Hólmvíkinga um að setja dr. Helga Tómasson inn í geðveikralæknisembættið á Nýja-Kleppi. Bréf 29. marz. (Nd. 294).

Sjá ennfr. Háskólinn 3.

Heimilisiðnaður. Halldóra Bjarnadóttir sækir um 3500 kr. föst árslaun sem ráðunautur almennings í heimilisiðnaðarmálum. Bréf 15. des. 1930. 1 fskj. (Nd. 7, XLVII).

Heyþurrkunarvél. Jacob Jacobsen beykir, Magnús Jónsson trésmiður og Sigurlinni Pétursson trésmiður sækja um allt að 5000 kr. styrk til smíði á heyþurrkunarvél, sem þeir hafa fundið upp. Bréf 4. marz. 2 fskj. (Nd. 139).

Hjálpræðisherinn á Íslandi, sjá Gistihús og gististaðir 1.
Hlutafélag með erlendu fjármagni.
1. Kristján Torfason og Jón J. Fannberg senda sjútvn. frv. til l. um sérleyfi til stofnunar hlutafélags með erlendu fjármagni, með tilmælum um, að nefndin flytji frv. Bréf 7. marz. (Nd. 330).
2. Stjórn Landsbanka Íslands tilkynnir sjútvn., að samþ. hafi verið á fundi bankastjórnarinnar, að ekki væri ástæða fyrir bankaráð og framkvæmdarstjórn bankans að láta uppi álit sitt um frv. til l. um sérleyfi til stofnunar hlutafélags með erlendu fjármagni, sem sjútvn. sendi bankastjórninni til umsagnar. Bréf 30. marz. (Nd. 329).

Hólmar við Reyðarfjörð, sjá Þjóðjarðir.
Hólmgeir Þorsteinsson, sjá Eftirlaun 3.
Hreindýr. Kristófer Ólafsson, bóndi í Kalmanstungu, sækir um allt að 20 þús. kr. styrk til innflutnings á hreindýrum og stofnsetningar á hreindýrabúi. Bréf 13. febr. 1 fskj. (Nd. 45).
Huseby, Kristian M., sjá Ríkisborgararéttur.
Húsmæðrafræðsla.
1. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi skólaráðsins á Eiðum, dags. 20. des. 1930, um 8000 kr. fjárframlag til rekstrar húsmæðraskólans á Hallormsstað árið 1932. Bréf 28. febr. 1 fskj. (Nd. 101).
2. Sama sendir fjvn. erindi skólaráðs húsmæðraskólans á Hallormsstað, dags. 13. des. 1930, um 3000 kr. viðbótarstyrk við þær 5000 kr., sem veittar voru til skólans í fjárlögum fyrir árið 1931. Bréf 28. febr. 1 fskj. (Nd. 102).
3. Kvenfélagið Ósk á Ísafirði sækir um 10 þús. kr. styrk til byggingar húsmæðraskóla. Bréf 26. jan. (Nd. 10).
4. Sama sækir um 13 þús. kr. styrk til húsmæðraskólans á Ísafirði. Bréf 26. jan. (Nd. 11).
5. Þriðji landsfundur íslenzkra kvenna skorar á þing og stjórn að veita Kvenfélagasambandi Íslands ríflegt fé til að vinna að eflingu húsmæðrafræðslu í landinu. Bréf 25. febr. (Nd. 79).

Hvalfjarðarbáturinn, sjá Strandferðir 6.
Höfn í Hornafirði, sjá Vitamál 13.
Höyer, A. C., sjá Innflutningsbann á jurtum og grænmeti.

Iðnaðarmannafélag Akureyrar, sjá Iðnskólar 3.
Iðnráð Reykjavíkur sækir um 2000 kr. styrk til þess að standa straum af skrifstofukostnaði og öðrum kostnaði, sem starfsemi þess hefir í för með sér. Bréf 3. marz. 1 fskj. (Nd. 145).
Iðnskólar.
1. Tillögur frá forstöðumanni iðnskólans í Reykjavík um fjárveitingar til skólans árið 1932. Bréf 15. okt. 1930. (Nd. 7, XXX).
2. Skólanefnd iðnskólans í Reykjavík fer þess á leit, að sá styrkur, sem skólanum er ætlaður á árinu 1932, verði hækkaður um 4000 kr. og ennfremur, að sá styrkur, sem á síðasta þingi var veittur til

framhaldsnámsskeiðs, verði látinn halda sér. Bréf 3. marz. 1 fskj. (Nd 127).

3. Stjórn Iðnaðarmannafélags Akureyrar sækir um 2000 kr. styrk til þess að halda uppi kvöldskóla á Akureyri fyrir iðnnema. Bréf 26. febr. (Nd. 283).
4. Bæjarstjórinn í Hafnarfirði sækir um 400 kr. styrk til iðnskólans í Hafnarfirði. Bréf 17. nóv. 1930. 2 fskj. (Nd. 7, XXXIV).

Ingólfur G. S. Esphólín, sjá Verðtollur 1. og 2.
Ingólfur Kristjánsson, sjá Námsstyrkur 18.
Ingunn Einarsdóttir, sjá Dýraverndunarfélag Íslands 3.
Ingveldur Guðmundsdóttir, sjá Eftirlaun 22.
Ingveldur Sigurðardóttir, sjá Námsstyrkur 27.

Innflutningsbann á jurtum og grænmeti. Atv.- og samgmrn. sendir landbn. erindi frá A. C. Höyer, bónda í Hveradölum, dags. 3. nóv. 1930, um innflutningsbann á jurtum og grænmeti, ásamt bréfi Búnaðarfélags Íslands, dags. 3. jan., um að taka til athugunar, hvort setja eigi takmörkun eða aukatoll á innfluttar ræktunarvörur og búsafurðir. Bréf 28. febr. 1 fskj. (Nd. 108).

Ísfiskur h/f. Stjórn h/f Ísfisks í Reykjavík sækir um styrk til skipakaupa og fer þess jafnframt á leit, að fiskiflutningaskip félagsins verði háð sömu lögum um rekstur og gjöld eins og íslenzk fiskiskip, sem flytja út fisk sinn. Bréf 3. marz. (Nd. 169).

Jacob Jacobsen, sjá Heyþurrkunarvél.
Jakob Benediktsson, sjá Námsstyrkur 15.
Jakobsen, Gunnlaugur Eberg, sjá Ríkisborgararéttur.
Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sjá Fræðafélagið.
Jensen, Jörgen, sjá Ríkisborgararéttur.

Jochum M. Eggertsson sækir um 2000 kr. styrk til þess að fara utan og taka þátt í alþjóða-ritlöfundakeppni, sem tvö kunn bókaútgáfufélög hafa stofnað til. Bréf 4. marz. (Nd. 164).

Jóhann Baldvinsson, sjá Vitamál 6.

Jóh. Fr. Kristjánsson sækir um 7—10 þús. kr. styrk vegna tilrauna með byggingarefni til endurbóta íslenzkri húsagerð. Bréf 5. marz. 4 fskj. (Nd. 190).

Jóhann Símonarson, sjá Lax- og silungsveiði 2.
Jóhannes B. Jónasson úr Kötlum, sjá Skáldastyrkur 1.
Jón J. Fannberg, sjá Hlutafélag með erlendu fjármagni 1.
Jón Á. Gizurarson, sjá Námsstyrkur 16.
Jón Karlsson, sjá Símamál 3.
Jón Magnússon, sjá Hafnir og lendingarbætur 2.
Jón Pálsson, sjá Dýralækningar 2., Námsstyrkur 17.
Jón Runólfsson, sjá Eftirlaun 11.
Jón Sigurðsson, sjá Námsstyrkur 26.
Jón Þorleifsson listmálari, sjá Lánbeiðnir 2.
Jónas Árnason, sjá Sjúkrastyrkur 3.

Jónas Sveinsson, sjá Námsstyrkur 19.
Jónas Þorvaldsson, sjá Námsstyrkur 20.

Kampalampaveiðar. Atv.- og samgmrn. sendir Alþingi umsókn Gísla Magnússonar, útgerðarmanns í Vestmannaeyjum, um leyfi til þess að veiða kampalampa í landhelgi með þar til gerðu veiðarfæri. Bréf 20. febr. 3 fskj. (Nd. 82).

Karl Einarsson, sjá Eftirlaun 13., Sjúkrastyrkur 5.

Karlakór K.F.U.M. sækir um 5000 kr. utanfararstyrk til þess að taka þátt í norrænu söngmóti í Kaupmannahöfn 29.—31. maí. Bréf 11. marz. (Nd. 203).

Karlakór Reykjavíkur sækir um 1000 kr. styrk til starfsemi sinnar. Bréf 3. marz. 1 fskj. (Nd. 150).

Kaupfélag Stykkishólms, sjá Strandferðir 5.

Kennaraskólinn. Tillögur frá skólastjóra kennaraskólans um fjárveitingar til skólans árið 1932. Bréf 14. nóv. 1930. (Nd. 7, XXVIII).

Kennslubækur.

1. Stjórn sambands íslenzkra barnakennara skorar á Alþingi að samþ. frv. um ríkisútgáfu skólabóka. Bréf 15. marz. (Nd. 266).
2. Þórhallur Þorgilsson, kennari í rómönskum málum, sækir um 3000 kr. styrk til þess að gefa út handhægar kennslubækur í ítölsku og spönsku. Bréf 17. febr. (Nd. 33).

Kirkjujarðir. Hreppsnefnd Búðahrepps fer þess á leit, að Alþingi heimili ríkisstjórninni að selja hreppnum kirkjujörðina Gestsstaði í Fáskrúðsfjarðarhreppi. Bréf 13. febr. 1 fskj. (Nd. 50).

Kirkjur og kirkjumál.

1. Stjórn Prestafélags Íslands sendir Alþingi áskoranir, undirritaðar af 74 prestum, um að það taki til fullnaðarafgreiðslu tillögur kirkjumálanefndar um stofnun kirkjuráðs og um bætt kjör presta. Bréf 6. marz. (Nd. 185).
2. Samskonar áskoranir til fjhn. Nd. (Nd. 186).
3. Samskonar áskoranir til menntmn. Nd. (Nd. 187).
4. Samskonar áskoranir til allshn. Nd. (Nd. 188).
5. Samskonar áskoranir til fjhn. Ed. (Ed. 11).
6. Samskonar áskoranir til menntmn. Ed. (Ed. 12).
7. Samskonar áskoranir til allshn. Ed. (Ed. 13).
8. Tillögur biskups um fjárveitingar til kirkjumála árið 1932. Bréf 19. nóv. 1930. (Nd. 7, XVIII).

Sjá ennfr. Háskólinn 2.

Kjartan Ólafsson augnlæknir, sjá Háskólinn 3.

Kjartan Ólafsson stúdent, sjá Námsstyrkur 21.

Kleppur, sjá Sjúkrahús 2. og 3.

Kosningar til Alþingis. Stjórn félags ungra Framsóknarmanna skorar á Alþingi að samþ. breytingu á stjórnarskránni þess efnis, að aldurstakmark

við alþingiskosningar verði eftirleiðis bundið við 21 ár. Bréf 24. nóv. 1930. (Nd. 6).
Kristinn Ingvarsson, sjá Námsstyrkur 22.
Kristján Jónsson, sjá Eftirlaun 14.
Kristján Torfason, sjá Hlutafélag með erlendu fjármagni 1.
Kristófer Ólafsson, sjá Hreindýr.
Kvenfélagasamband Íslands. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi Kvenfélagasambands Íslands, dags. 12. nóv. 1930, um 10 þús. kr. viðbót við þær 2000 kr., sem sambandinu eru veittar í fjárlögum 1931. Bréf 27. febr. 1 fskj. (Nd. 111).
Kvenfélagið Kvik, sjá Elliheimili 2.
Kvenfélagið Ósk, sjá Húsmæðrafræðsla 3. og 4.
Kvennaskólinn í Reykjavík.
1. Tillögur frá forstöðunefnd kvennaskólans í Reykjavík um fjárveitingar til skólans árið 1932. Bréf 13. nóv. 1930. (Nd. 7, XXI).
2. Forstöðunefnd kvennaskólans í Reykjavík fer þess á leit, að sá húsaleigustyrkur, sem skólinn hefir notið undanfarin ár, verði látinn halda sér og ennfremur, að styrkurinn til rekstrarkostnaðar skólans verði hækkaður um minnst 6000 kr. Bréf 3. marz. (Nd. 141).

Kvenréttindafélag Íslands sendir Alþingi útdrátt úr fundargerð 3. landsfundar kvenna, en þar voru samþykktar 7 tillögur um ýms áhugamál félagsins. (Nd. 85).

Landhelgisgæzla.
1. Slysavarnafélag Íslands skorar á Alþingi og ríkisstjórn að sjá um, að gæzluskipið Þór verði látið annast gæzlu og björgunarstarfsemi fyrir Norðurlandi frá 15. sept. til áramóta. Bréf 31. marz. (Nd. 293).
2. Forsætisráðherra sendir sjútvn. erindi til athugunar frá sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn um framkvæmd landhelgisgæzlunnar hér við land. Bréf 17. febr. 6 fskj. (Nd. 247).

Landmælingar, sjá Vegamál 2.
Landsbanki Íslands, sjá Hlutafélag með erlendu fjármagni 2.
Landsbókasafn. Tillögur landsbókavarðar um fjárveitingar til Landsbókasafnsins árið 1932. Bréf 31. okt. 1930. (Nd. 7, XXXV).
Landsspítalinn, sjá Sjúkrahús 1.
Landssýningin. Landssýningarnefndin fer þess á leit, að ríkissjóður greiði þann halla, sem orðið hefir á rekstri sýningarinnar, að upphæð 7700 kr. Bréf 3. marz. 1 fskj. (Nd. 173).
Laugarnesspítali, sjá Sjúkrahús 4.
Launamál.
1. Benedikt Jónasson verkfræðingur fer þess á leit, að fjvn. hlutist til um, að sér verði greiddar úr ríkissjóði kr. 687.65, sem hann telur sér vangoldnar af launum sínum. Bréf 9. marz. 5 fskj. (Nd. 193).
2. Bréf frá atv.- og samgmrn. um launahækkun forstöðumanns efnarannsóknarstofunnar í Reykjavík, dags. 29. okt. 1930. (Nd. 7, XLV).

3. Einar Jónasson fyrrv. sýslumaður fer þess á leit, að hann fái greidd full laun úr ríkissjóði auk dýrtíðaruppbótar frá þeim degi, er hann lét af embætti. Bréf 4. marz. (Nd. 140).
4. 35 alþingiskjósendur á Hólmavík mótmæla þeirri tillögu, að láta dýrtíðaruppbót embættis- og starfsmanna ríkisins haldast óbreytta. Bréf ódags. (Nd. 284).

Lax- og silungsveiði.

1. 12 eigendur laxveiðiréttar í Laxá í Borgarfjarðarsýslu senda Alþingi tilmæli um, að ádráttarveiði og lagnetaveiði í Laxá verði afnumin með lögum. Bréf 10. marz. (Nd. 217).
2. Jóhann Símonarson á Litlu-Strönd sendir Alþingi umsögn sína og athugasemdir um frv. til l. um lax- og silungsveiði. Bréf 4. apríl. (Nd. 317).

Lánbeiðnir.

1. Hreppsnefnd Norðfjarðarhrepps fer þess á leit, að Alþingi heimili ríkisstjórninni að veita hreppnum 16 þús. kr. lán. Bréf 17. jan. 1 fskj. (Nd. 195).
2. Jón Þorleifsson listmálari sækir um 10 þús. kr. lán úr ríkissjóði, til þess að koma sér upp íbúðarhúsi með vinnustofu. Bréf 2. marz. (Nd. 163).

Lántökur, sjá Bankamál 2.

Lárus Kr. Jónsson, sjá Sjúkrastyrkur 6.

Ljósmæðraskólinn. Áætlun landlæknis um rekstrarkostnað ljósmæðraskólans árið 1932. Bréf 3. nóv. 1930. (Nd. 7, XXXIII).

Loftur Guðmundsson ljósmyndari býður ríkinu kaup á kvikmynd þeirri, er hann tók af alþingishátíðarhöldunum, fyrir 8000 kr., þar í talin frummyndin. Bréf 27. febr. 1 fskj. (Nd. 92).

Lotz, H., sjá Alidýrasjúkdómar.

Lyfjaverzlun á Íslandi. Landlæknir sendir fjhn. umsögn sína og lyfsölustjóra ríkisins um till. til þál. um lyfjaverzlun á Íslandi. Bréf 26. marz. (Nd. 273).

Lækkun vaxta, sjá Bankamál 3.

Læknishéraðasjóðir. Landlæknir sendir allshn. umsögn sína um frv. til l. um læknishéraðasjóði. (Nd. 243).

Læknisstyrkur. Jörundur Brynjólfsson og Magnús Torfason alþm. fara þess á leit við fjvn., að hún flytji tillögu um 2000 kr. fjárveitingu til praktiserandi læknis, er búsettur sé á Eyrarbakka eða Stokkseyri. Bréf 4. marz. (Nd. 153).

Lögmaðurinn í Reykjavík. Áætlun frá lögmanninum í Reykjavík um skrifstofukostnað við embættið árið 1932. Bréf 11. nóv. 1930. (Nd. 7, II).

Lögreglustjórinn í Reykjavík. Áætlun frá lögreglustjóranum í Reykjavík um skrifstofukostnað við embættið árið 1932. Bréf 18. nóv. 1930. (Nd. 7, V).

Lövdahl, Sigmund, sjá Ríkisborgararéttur.

Magnús Egilsson, sjá Eftirlaun 16.

Magnús Jónsson, sjá Heyþurrkunarvél.

Markaður.

1. Atv.- og samgmrn. sendir sjútvn. erindi Vilhjálms Finsens, dags. 28. nóv. 1930, um að hann takist á hendur ferð til Spánar til þess að rannsaka, með hvaða hætti samauglýsingum fyrir íslenzkar fiskframleiðsluvörur yrði þar haganlegast fyrir komið. Bréf 28. febr. 5 fskj. (Nd. 109).
2. Chr. Fr. Nielsen fer þess á leit, að sér verði endurgreiddar úr ríkissjóði 5000 kr., sem hann hefir lagt út vegna markaðsleitar. Bréf 22. febr. 19 fskj. (Nd. 179).

Málfríður Jónasdóttir, sjá Sjúkrastyrkur 4.

Menntamálaráð Íslands, sjá Stúdentar 1.

Menntaskólinn í Reykjavík. Tillögur frá rektor menntaskólans í Reykjavík um fjárveitingar til skólans árið 1932. Bréf 13. nóv. 1930. (Nd. 7, XXIX).

Mjöll. Mjólkurfélagið Mjöll sækir um styrk, ekki minni en 2 kr. á hvern framleiddan kassa mjólkur. Bréf 23. febr. (Nd. 64).

Námsstyrkur.

1. Anna Bjarnardóttir frá Sauðafelli sækir um allt að 2000 kr. styrk til þess að fara til Englands og Skotlands og kynna sér barnafræðslu og uppeldismál. Bréf 28. febr. 4 fskj. (Nd. 136).
2. Ágúst H. Bjarnason sækir um 1200 kr. styrk handa Hákoni syni sínum til lokanáms í skógrækt. Bréf 28. febr. (Nd. 112).
3. Ágúst Sigurðsson stúdent frá Lundi sækir um 1200 kr. styrk til framhaldsnáms í dönsku og ensku við háskólann í Kaupmannahöfn. Bréf ódags. 5 fskj. (Nd. 178).
4. Árný Filippusdóttir, forstöðukona kvennaskólans á Blönduósi, sækir um 2000 kr. utanfararstyrk. Bréf 12. febr. 1 fskj. (Nd. 46).
5. Ásgeir Bjarnþórsson listmálari fer þess á leit, að Alþingi veiti sér 2000 kr. styrk til framhaldsnáms í Ítalíu, eða að öðrum kosti 2000 kr. lán. Bréf 14. febr. 2 fskj. (Nd. 130).
6. Baldvin Jónsson á Akureyri sækir um allt að 1875 dollara styrk handa syni sínum, Ottó Baldvins, til fullnaðarnáms í flugi. Bréf 6. febr. 2 fskj. (Nd. 70).
7. Björn Þorgrímsson sækir um 2000 kr. styrk handa Birni Bjarnasyni, stud. mag. frá Steinnesi, til þess að ljúka námi í málfræði við Kaupmannahafnarháskóla. Bréf 4. marz. (Nd. 152).
8. Einar Þórðarson sækir um 1200 kr. styrk handa syni sínum, Ólafi H. Einarssyni stúdent, til náms í gerla-efnafræði í München. Bréf 3. marz. (Nd. 135).
9. Elín Theódórs sækir um 1000 kr. námsstyrk handa syni sínum, Þorvaldi Skúlasyni listmálara. Bréf 5. marz. 4 fskj. (Nd. 177).
10. Félag íslenzkra hjúkrunarkvenna sækir um 700 kr. styrk til þess að styrkja hjúkrunarnema sína til náms. Bréf 3. marz. (Nd. 174).
11. Guðmundur Jónsson sækir um 2000 kr. styrk til þess að halda

áfram verkfræðinámi í Sternburg, Þýzkalandi. Bréf 23. marz. 5 fskj. (Nd. 278).

12. Hallsteinn Hinriksson kennari sækir um 1500 kr. utanfararstyrk til framhaldsnáms við »Statens Gymnastik Institut« í Kaupmannahöfn. Bréf 25. febr. (Nd. 161).
13. Hákon Bjarnason stúdent sækir um 1500 kr. styrk til lokanáms í skógrækt og sandgræðslu við kgl. landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn. Bréf 24. febr. 1 fskj. (Nd. 200).
14. Helgi Sveinsson fyrrv. bankastjóri sækir um 2500 kr. styrk handa Þorláki syni sínum, til verkfræðináms með vatnafræði sem sérgrein. Bréf 24. febr. 5 fskj. (Nd. 72).
15. Jakob Benediktsson stud. mag. sækir um 1000 kr. styrk til þess að geta lokið námi sínu við Kaupmannahafnarháskóla. Bréf 9. febr. 1 fskj. (Nd. 41).
16. Jón Á. Gizurarson stúdent sækir um 1200 kr. styrk á ári í 3 ár til náms við verzlunarháskóla í Mannheim. Bréf 12. jan. 7 fskj. (Nd. 58).
17. Jón Pálsson dýralæknir sækir um 2000 kr. styrk til þess að fara utan og fullkomna sig í dýralækningum. Bréf 3. marz. (Nd. 240).
18. Jón Þorsteinsson íþróttakennari sækir fyrir hönd Ingólfs Kristjánssonar, fimleikakennara við Eiðaskóla, um 2000 kr. utanfararstyrk. Bréf 4. marz. (Nd. 151).
19. Jónas Sveinsson héraðslæknir sækir um 5000 kr. styrk til þess að geta dvalið erlendis næstu 2 ár og lagt stund á skurðlæknisfræði. Bréf ódags. 2 fskj. (Nd. 198).
20. Jónas Þorvaldsson kennari sækir um 1000 kr. utanfararstyrk, til þess að kynna sér kennslu- og skólamál á Norðurlöndum. Bréf 18. jan. (Nd. 196).
21. Kjartan Ólafsson stúdent sækir um 1200 kr. styrk á ári í 2 ár, til þess að ljúka námi í verzlunar- og hagfræði við háskólann í Brüssel. Bréf 2. marz. (Nd. 244).
22. Kristinn Ingvarsson sækir um 3000 kr. styrk til framhaldsnáms í organleik. Bréf 3. marz. 2 fskj. (Nd. 149).
23. Kristín Sandholt sækir um 1000 kr. styrk á ári í 3 ár handa Theódór Brynjólfssyni, til þess að ljúka tannlækninganámi við háskólann í Kiel. Bréf 3. marz. 1 fskj. (Nd. 142).
24. Kristján Helgason sækir um 1200 kr. styrk handa syni sínum, Einari Kristjánssyni stúdent, til söngnáms. Bréf 12. marz. 2 fskj. (Nd. 206).
25. Páll Ísólfsson sækir um 3000 kr. styrk handa Axel Arnfjörð, til framhaldsnáms í pianóleik og tónfræði. Bréf 4. marz 1 fskj. (Nd. 158).
26. Pétur Sigurðsson háskólaritari fer þess á leit, að fjvn. flytji tillögu um áframhaldandi styrk handa Jóni Sigurðssyni stúdent, til verkfræðináms. Bréf ódags. (Nd. 138).
27. Sigurður Árnason sækir um allt að 1000 kr. styrk til verzlunarnáms handa Ingveldi dóttur sinni. Bréf 16. febr. 3 fskj. (Nd. 57).

28. Sigurður Thoroddsen yfirkennari sækir um 1200 kr. styrk handa Valgarði syni sínum, til lokanáms í rafmagnsfræði við háskólann í Berlín. Bréf 5. marz. (Nd. 170).
29. Vigdís Kristjánsdóttir sækir um 2000 kr. styrk til hljómlistarnáms. Bréf ódags. 2 fskj. (Nd. 53).
30. Vignir Andrésson sækir um 2500 kr. styrk til þess að fara utan og kynna sér nýjustu kennsluaðferðir í sundi. Bréf 2. marz. 7 fskj. (Nd. 129).
31. Þórarinn J. Einarsson sækir um 1500 kr. styrk til þess að fullkomna sig í skólasmíði og teiknun í Englandi og Svíþjóð á næstkomandi sumri. Bréf 7. febr. 4 fskj. (Nd. 39).

Náttúrufræðifélagið. Hið íslenzka náttúrufræðifélag sækir um samskonar styrk og því var veittur árið 1931. Bréf 22. nóv. 1930. (Nd. 7, XXXIX).

Niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur, sjá Skattamál.

Nielsen, C. F., sjá Markaður 2.

Norræna félagið sækir um 1500 kr. styrk til starfsemi sinnar. Bréf 4. marz. (Nd. 228).

Nudd- og gigtlækningastofa. Þóra Havsteen sækir um allt að 3000 kr. styrk til þess að setja á stofn nudd- og gigtlækningastofu á Akureyri. Bréf 17. marz. 4 fskj. (Nd. 245).

Nýja stúdentafélagið, sjá Stúdentar 2. og 3.

Oddur Oddsson, sjá Ritstyrkur 3.

Oddviti Gerðahrepps fer þess á leit, að hreppurinn verði styrktur að hálfu til þess að standast kostnað við fátækraframfærslu. Bréf 20. febr. (Nd. 156).

Ottó Baldvins, sjá Námsstyrkur 6.

Ólafur H. Einarsson, sjá Námsstyrkur 8.

Ólafur Marteinsson, sjá Eftirlaun 17.

Ólafur Stephensen, fyrrv. prófastur í Bjarnanesi, fer þess á leit, að Alþingi kaupi f. h. ríkissjóðs hús þau og mannvirki, sem hann hefir komið upp í Bjarnanesi. Bréf 27. febr. 5 fskj. (Nd. 86).

Ólafur Sveinsson, fyrrv. vitavörður á Reykjanesi, fer þess á leit, að Alþingi greiði sér skaðabætur fyrir það misrétti, sem hann telur sig hafa verið beittan, er honum var vikið úr vitavarðarstöðunni. Bréf 3. marz. 14 fskj. (Nd. 146).

Ólafur Þorsteinsson, sjá Símamál 8.

Páll Guðmundsson, sjá Hafnir og lendingarbætur 2.

Páll Halldórsson, skólastjóri stýrimannaskólans, fer þess á leit við efri deild Alþingis, að hún veiti sér leyfi til þess að stefna Jónasi Jónssyni dómsmálaráðherra fyrir ummæli í greinargerð fyrir frv. til l. um fimmtardóm, er hann telur meiðandi fyrir sig, en til vara, að hann megi stefna flutningsmanni frv., Ingvari Pálmasyni. Bréf 14. marz. (Ed. 15).

Páll Sveinsson, sjá Frakknesk-íslenzk orðabók.
Páll Torfason sendir Alþingi erindi um störf sín í þágu íslenzka ríkisins og fer þess á leit, að Alþingi hlutist til um, að sér verði greiddar 32500 kr., er hann telur sig eiga hjá ríkissjóði, ásamt vöxtum og vaxtavöxtum, út af útvegun brezka lánsins. Bréf ódags. (Nd. 308).
Páll Zóphóníasson sendir landbn. tilmæli um, að hún beri fram till. til þál. þess efnis, að skora á ríkisstjórnina að sjá um, að árlega sé safnað skýrslum um heyfeng landsmanna svo snemma að haustinu, að hægt sé að nota skýrslurnar það haust til yfirlits um vetrarforða landsmanna. Bréf ódags. (Nd. 182).
Póstbáturinn Unnur, sjá Strandferðir 4.
Póstmál.
1. Áætlun aðalpóstmeistara um útgjöld við póststjórnina árið 1932. Bréf 14. okt. 1930. (Nd. 7, XIII).
2. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi frá 7 póstbréfberum í Reykjavík, dags. 29. jan., um fjárveitingu til greiðslu fyrir einkennisbúninga handa póstbréfberum í Reykjavík. Bréf 28. febr. 1 fskj. (Nd. 97).
3. Sama sendir samgmn. framhaldsnál. póst- og símamálanefndar, ásamt áætlun nefndarinnar um kostnað við ferðir landpóstanna samkv. því fyrirkomulagi, sem nefndin leggur til, að upp sé tekið, svo og tillögur nefndarinnar um bréfhirðingar og þóknun til bréfhirðingarmanna og útdrætti úr sýslufundargerðum allra sýslna landsins, nema Ísafjarðarsýslu, varðandi þetta mál. Bréf 9. apríl. (Nd. 313).
4. Jón Auðunn Jónsson alþm. sendir samgmn. tillögur um nokkrar breytingar frá tillögum póst- og símamálanefndar um póstferðir í Norður-Ísafjarðarsýslu. Bréf 9. marz. (Nd. 201).
5. Pétur Ottesen alþm. sendir samgmn. áskoranir þingmálafunda á Grund í Skorradal 29. jan. og á Lundi Lundarreykjadal 4. febr. út af tillögum um breytingar á póstferðum í Borgarfjarðarsýslu í framhaldsnál. póst- og símamálanefndar. (Nd. 118).
6. Sýslumaðurinn í Skaftafellssýslu sendir Alþingi beiðni um, að ekki sé sinnt tillögum póstmálanefndar um póstgöngur í Vestur-Skaftafellssýslu, heldur sé látið haldast það fyrirkomulag, sem er. Bréf 16. jan. (Nd. 34).
7. 31 kjósandi í Nauteyrarhreppi skorar á Alþingi að sjá um, að póstferðir yfir Steingrímsfjarðarheiði, milli Arngerðareyrar og Hólmavíkur, verði ekki lagðar niður. Bréf ódags. (Nd. 189).

Prestafélag Íslands, sjá Kirkjur og kirkjumál 1., 2., 3., 4., 5., 6., 7.

Raforkustöðvar, sjá Ábyrgðir 1., 7., 8, 9.
Ragnheiður Guðjónsdóttir, sjá Eftirlaun 18.
Rauðakrossdeild Akureyrar, sjá Sjúkrahús 6.
Rekstrarlánafélög fyrir bátaútveg og smáiðju. Umsögn Helga P. Briems bankastjóra um frv. til l. um rekstrarlánafélög fyrir bátaútveg og smáiðju. Bréf 23. marz. (Nd. 260).

Ritstyrkur.

1. Benedikt Björnsson, skólastjóri á Húsavík, sækir um allt að 2000 kr. styrk á árinu 1931, til ritstarfa. Bréf 10. des. 1930. (Nd. 95).
2. Friðrik Ásmundsson Brekkan sækir um 2000 kr. styrk til ritstarfa. Bréf 18. febr. 1 fskj. (Nd. 78).
3. Jörundur Brynjólfsson alþm. fer þess á leit við fjvn., að hún taki upp í tillögur sínar 1000 kr. fjárveitingu til Odds Oddsonar á Eyrarbakka, til ritstarfa. Bréf. 4. marz. (Nd. 131).

Ríkisborgararéttur. Umsóknir um íslenzkan ríkisborgararétt frá Kristian M. Huseby, Ernst Fresenius, Óskari Smith, Gunnlaugi Eberg Jakobsen, Alexander Bridde, Karli J. Svendsen, Sigmundi Lövdahl, Engelhardt Holst Svendsen, Jörgen Jensen. (Nd. 255).

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg sendir fjvn. rekstrar- og efnahagsreikning sinn fyrir árið 1930. Bréf 20. marz. (Nd. 254).

Ríkisútgáfa skólabóka. Stjórn sambands íslenzkra barnakennara skorar á Alþingi að samþ. frv. um ríkisútgáfu skólabóka. Bréf 15. marz. (Nd. 266).

Samband austfirzkra kvenna. Guðrún Lárusdóttir alþm. sendir fjvn. áskorun frá stjórn sambands austfirzkra kvenna, um lífeyri handa frú Bríetu Bjarnhéðinsdóttur. Bréf 3. marz. (Nd. 155).

Samband íslenzkra barnakennara, sjá Kennslubækur 1., Ríkisútgáfa skólabóka.

Samband íslenzkra esperantista sækir um 2000 kr. styrk til þess að gefa út esperantó-íslenzka orðabók. Bréf 4. marz. (Nd. 159).

Samband norðlenzkra kvenna sækir um 500 kr. styrk. Bréf 7. febr. (Nd. 24).

Samband vestfirzkra kvenna fer þess á leit, að það verði látið njóta sömu kjara um fjárstyrk til starfsemi sinnar og sambönd kvenna í öðrum landsfjórðungum. Bréf 20. febr. (Nd. 132).

Samband ungra jafnaðarmanna, sjá Framfærsla þurfamanna.

Sandgræðsla.

1. Áætlun búnaðarmálastjóra um gjöld sandgræðslu ríkisins árið 1932, ásamt bréfi búnaðarmálastjóra 3. jan. (Nd. 16, III).
2. Einar Jónsson alþm. fer þess á leit, að styrkur til sandgræðslu, sem í fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar er lækkaður úr 40 þús. kr. niður í 25 þús. kr., verði aftur hækkaður upp í 40 þús. kr. Bréf 21. marz. (Nd. 257).

Sauðfjármörk. Björn Bjarnarson í Grafarholti sendir landbn. brtt. við frv. til l. um sauðfjármörk. Bréf ódags. (Nd. 334).

Sauðnaut. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi Ársæls Árnasonar, dags. 10. nóv. 1930, um að fá endurgreiddar 225,25 kr. fyrir símskeyti, er hann hefir greitt vegna kaupa á 5 sauðnautum. Bréf. 28. febr. (Nd. 99).

Seley við Reyðarfjörð, sjá Vitamál 12.

Selvogar, sjá Vitamál 9.

Sigfús Sigfússon, sjá Þjóðsagnir.

Sigríður Jónsdóttir, sjá Eftirlaun 24.

Sigurður Hannesson hómópati sækir um 1000 kr. styrk til þess að kaupa sér

nýtizku læknisáhöld og kynna sér nýjustu framfarir í hómópatiskum læknisvísindum. Bréf 28. febr. 4 fskj. (Nd. 175).

Sigurður Skúlason mag. art. sækir um 2000 kr. styrk til að rannsaka menningarsögu Íslendinga eftir siðaskipti. Bréf 22. febr. 4 fskj. (Nd. 66).

Sigurgarður Sturluson, sjá Eftirlaun 9.

Sigurlinni Pétursson, sjá Heyþurrkunarvél.

Síld.

1. Fundargerð sjómanna og útgerðarmanna á Ísafirði 20. jan. (Nd. 13).
2. Sveitarfundur á Eskifirði skorar á þingmenn kjördæmisins að beita sér fyrir því, að Austfirðingar fái ótakmarkað síldarsöltunarleyfi á góðri útflutningsvöru, meðan engin síldarbræðslustöð er á Austurlandi. Bréf 11. febr. (Nd. 18, IV).
3. Aðalfundur Fiskifélags Íslands mælir með því, að Flugfélagið haldi áfram starfsemi sinni við síldarleit, en gjaldið frá skipaeigendum lækki um helming. Bréf 5. marz. (Nd. 328).

Síldarbræðslustöð. Atv.- og samgmrn. sendir sjútvn. erindi Guðbrands Jónssonar, dags. 22. sept. 1930, um byggingu síldarbræðslustöðvar á Seyðisfirði. Bréf 19. febr. 1 fskj. (Nd. 48).

Síldarmjöl. Búnaðarfélag Íslands sendir landbn. 2 erindi til athugunar um síldarmjölssölu síldarbræðsluverksmiðju ríkisins. Bréf 13. marz. 3 fskj. (Nd. 218).

Síldarsala til Rússlands, sjá Ábyrgðir 2., 3., 4., 5., 6.

Símamál.

1. Áætlun um tekjur og gjöld landssímans árið 1932. Bréf 5. nóv. 1930. 1 fskj. (Nd. 7, XVI).
2. Skrá yfir starfsmenn landssímans, laun þeirra o. fl., ódags. (Nd. 7, XVII).
3. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi Jóns Karlssonar, Mýri í Bárðardal, dags. 17. okt. 1930, um styrk til þess að leggja símalínu að bæ sínum. Bréf 28. febr. (Nd. 100).
4. Sama sendir fjvn. erindi landssímastjóra, dags. 20. des. 1930, um bruna símastöðvarinnar að Flögu í Skaftártungu, ásamt skýrslu um brunann. Bréf 28. febr. (Nd. 105).
5. Sama sendir fjvn. erindi landssímastjóra um brunann að Flögu í Skaftártungu, dags. 1. marz. Bréf 14. marz. 2 fskj. (Nd. 231).
6. Héraðsþing Vestur-Barðastrandarsýslu skorar á Alþingi og ríkisstjórn að láta leggja á næsta sumri fyrirhugaðar símalínur um Dalahrepp og Rauðasandshrepp og að símalínan frá Borðeyri til Patreksfjarðar verði tvöfölduð og stöðvum fjölgað á línusvæðinu. Bréf 27. jan. (Nd. 2).
7. Jón Auðunn Jónsson alþm. fer þess á leit, að 19 þús. kr. verði veittar til lagningar símalínu frá Sandeyri að Stað í Grunnavík. Bréf 18. marz. (Nd. 259).
8. Ólafur Þorsteinsson fer þess á leit, að Alþingi ákveði sæmileg árs-

laun til landssímastöðvarinnar á Krossum. Bréf 30. jan. 4 fskj. (Nd. 37).

9. Sigurður Eggerz alþm. fer þess á leit, að landssímalína verði lögð inn í Haukadal og frá Staðarfelli kringum Klofning að Skarði. Bréf 13. marz. (Nd. 219).
10. Slysavarnafélag Íslands fer þess á leit, að Alþingi hlutist til um, að símalína verði þegar lögð frá Sandgerði að Stafnesi. Ennfremur sendir félagið áskoranir frá 4 slysavarnasveitum, varðandi síma- og vitamál. Bréf 31. marz. (Nd. 293).
11. Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu skorar á Alþingi og ríkisstjórn að hlutast til um, að símalína verði lögð á næsta sumri frá Viðimýri að Goðdölum og línan um Skefilsstaðahrepp að Hrauni á Skaga svo fljótt sem auðið er. Símsk. 6. apríl. (Nd. 301).
12. Þriggja manna nefnd, kosin af hreppsnefnd Norðfjarðarhrepps, sendir Alþingi umsókn um að Hellisfjörður, Viðfjörður, Barðsnesbæir og Sandvík komist í símasamband sem allra fyrst. Bréf 20. jan. (Nd. 22).

Sjúkrahús.

1. Tillögur landlæknis um fjárveitingar til rekstrar Landsspítalans árið 1932. Bréf 17. nóv. 1930. (Nd. 7, VI).
2. Áætlun um rekstrarkostnað geðveikrahælisins á Kleppi árið 1932. Bréf 10. nóv. 1930. (Nd. 7, IX).
3. Áætlun um rekstrarkostnað nýja spítalans á Kleppi árið 1932. Bréf 10. nóv. 1930. (Nd. 7, VIII).
4. Tillögur forstöðumanns Laugarnesspítala um rekstrarkostnað spítalans árið 1932. Bréf 26. nóv. 1930. (Nd. 7, X).
5. Áætlun frá forstöðumanni Vífilsstaðahælis um fjárveitingar til rekstrar hælisins árið 1932. Bréf 17. nóv. 1930. (Nd. 7, VII).
6. Rauðakrossdeild Akureyrar sækir um 1000 kr. styrk til starfrækslu Hjálparstöðvarinnar fyrir berklaveika. Bréf 26. jan. (Ed. 1).

Sjúkrasjóður Hofshrepps, sjá Sjúkrastyrkur 8.

Sjúkrastyrkur.

1. Atv.- og samgmrn. beiðist umsagnar fjvn. um erindi vitamálastjóra, dags. 2. marz, ásamt meðfylgjandi erindi Einars E. Straumfjörðs, vitavarðar á Garðskaga, þar sem hann fer fram á, að sér verði veittur styrkur vegna veikinda, er hann hefir fengið við vinnu í þarfir vitans. Bréf 16. marz. 4 fskj. (Nd. 235).
2. Elín Sigurðardóttir, hressingarhælinu í Kópavogi, sækir um 1200 kr. styrk á ári, til þess að geta fengið sér annan dvalarstað. Bréf 3. marz. (Nd. 171).
3. Jónas Árnason sækir um 5000 kr. styrk sakir heilsuleysis konu sinnar. Bréf 26. febr. 3 fskj. (Nd. 172).
4. Jónas Benediktsson, Kolmúla í Fáskrúðsfjarðarhreppi, sækir um 1500 kr. styrk handa Málfríði dóttur sinni, til dvalar á blindraskóla í Danmörku. Bréf 10. jan. (Nd. 270).

5. Karl Einarsson fyrrv. sýslumaður sækir um 4000 kr. utanfararstyrk, til þess að leita sér heilsubótar. Bréf 6. marz. (Nd. 237).
6. Lárus Kr. Jónsson, Gilsá í Breiðdalshreppi, sækir um 1000 kr. sjúkrastyrk. Bréf 17. jan. 1 fskj. (Nd. 296).
7. Sigurður H. Kvaran læknir sækir um 960 kr. viðbótar-sjúkrastyrk handa syni sínum, Eiði S. Kvaran stud. phil. Bréf 24. marz. 1 fskj. (Nd. 265).
8. Stjórn sjúkrasjóðs Hofshrepps, Hofsósi, sækir um að sjóðurinn fái að halda þeim styrk, sem hann hefir notið að undanförnu. Bréf 20. febr. (Nd. 194).

Skattamál. Niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur sendir allshn. umsögn sína um frv. til l. um sveitargjöld. Bréf 8. apríl. (Nd. 310).

Skattþegnasamband Íslands, sjá Tekjuskattur og eignarskattur 2.

Skáldastyrkur.

1. Sigurður Eggerz alþm. fer þess á leit, að Jóhannesi B. Jónassyni, skáldi úr Kötlum, verði veittur 2000 kr. skáldastyrkur. Bréf 13. marz. (Nd. 212).
2. Sami fer þess á leit, að skáldalaun Stefáns Sigurðssonar frá Hvítadal verði hækkuð úr 1200 kr. upp í 2000 kr. Bréf 13. marz. (Nd. 213).

Skipaskoðunarstjóri, sjá Skrifstofufé.

Skipaútgerð ríkisins, sjá Strandferðir 1.

Skipaútgerðarstjóri ríkisins, sjá Útflutningur á fiski 4.

Skipstjórafélagið Aldan, sjá Vitamál 11.

Skógrækt.

1. Áætlun skógræktarstjóra um fjárveitingar til skógræktar árið 1932. Bréf 20. okt. 1930. (Nd. 7, XLVI).
2. Skógræktarfélag Íslands sækir um 20 þús. kr. styrk til starfsemi sinnar. Bréf 14. febr. 2 fskj. (Nd. 14).

Skólamál. 14 hreppstjórar og oddvitar í Rangárvallasýslu skora á Alþingi að samþ. skólafrv. það, er að tilhlutun sýslunefndar Rangárvallasýslu hefir legið fyrir 2 síðustu þingum. Bréf ódags. (Nd. 249).

Skrifstofufé.

Skipaskoðunarstjóri sendir fjvn. áætlun um skrifstofukostnað skipaskoðunarinnar árið 1932. Bréf 28. marz. (Nd. 324).

Skúli Pálsson, sjá Ábyrgðir 10.

Slysavarnafélag Íslands, sjá Landhelgisgæzla 1., Símamál 10.

Smith, Óskar, sjá Ríkisborgararéttur.

Soffía Stefánsdóttir, sjá Tréskurður 2.

Stefán Sigurðsson frá Hvítadal, sjá Skáldastyrkur 2.

Strandferðir.

1. Áætlun frá skrifstofu Skipaútgerðar ríkisins um tekjur og gjöld strandferðaskipa ríkissjóðs árið 1932. Bréf 27. okt. 1930. (Nd. 7, XV).
2. Atv.- og samgmrn. sendir Alþingi erindi frá h/f Breiðafjarðarbátnum Norðra, um að ríkissjóður geri annað tveggja, að veita félaginu

1200 króna lán, svo að því verði kleift að halda áfram útgerð þeirra tveggja báta, sem það hefir haft í förum um Breiðafjörð, eða kaupa stærri bátinn og taka að sér útgerð hans. Bréf 20. febr. 1 fskj. (Nd. 81).

3. H/f Djúpbáturinn, Ísafirði, sækir um 50 þús. kr. styrk til kaupa á nýjum bát til póstferða. Bréf 15. marz. 2 fskj. (Nd. 227).
4. Jónas Þór fer þess á leit fyrir hönd útgerðarfélags póstbátsins Unnar, að styrkur sá, sem félagið hefir notið undanfarin ár, verði hækkaður að minnsta kosti um 6 þús. kr. á ári. Bréf 10. febr. (Nd. 40).
5. Kaupfélag Stykkishólms sækir um allt að 5500 kr. styrk til þess að halda uppi reglubundnum mótorbátsferðum um innan- og sunnanverðan Breiðafjörð á yfirstandandi ári. Bréf 23. marz. (Nd. 285).
6. Pétur Ottesen alþm. sendir samgmn. áskorun þingmálafundar á Ferstiklu á Hvalfjarðarströnd 6. febr., um að Alþingi hækki nú þegar styrkinn til Hvalfjarðarbátsins, svo að hægt sé að fjölga ferðum hans frá því sem nú er, í sambandi við mjólkursölu til Reykjavíkur. 1 fskj. (Nd. 119).

Stúdentafélag háskólans, sjá Stúdentar 4.

Stúdentar.

1. Menntamálaráð Íslands sendir meðmæli sín með frv. Haralds Guðmundssonar alþm. um styrkveiting til handa íslenzkum stúdentum við erlenda háskóla. Bréf 14. marz. (Nd. 226).
2. Nýja stúdentafélagið skorar á Alþingi og ríkisstjórn að lána stúdentum og öðrum námsmönnum fé úr sáttmálasjóði með sömu vöxtum og nú eru greiddir af sáttmálasjóðsfé. Bréf 27. marz. (Nd. 281).
3. Sama skorar á Alþingi að samþ. frv. Haralds Guðmundssonar um styrkveiting til handa íslenzkum stúdentum við erlenda háskóla. Bréf 27. marz. (Nd. 282).
4. Stúdentafélag Háskólans skorar á Alþingi að samþ. frv. Haralds Guðmundssonar um styrkveiting til handa íslenzkum stúdentum við erlenda háskóla, með þeim breytingum, sem stúdentaráð Háskóla Íslands hefir lagt til. Bréf ódags. (Nd. 291).
5. Stúdentaráð Háskóla Íslands skorar á Alþingi að samþ. frv. Haralds Guðmundssonar um styrkveiting til handa íslenzkum stúdentum við erlenda háskóla, en leggur jafnframt til, að nokkrar breytingar verði gerðar á frv. Ennfremur skorar stúdentaráðið á Alþingi að veita 3—4000 kr. til frjálsrar úthlutunar menntamálaráðs. Bréf 23. marz. (Nd. 264).

Stúdentaráð Háskóla Íslands, sjá Stúdentar 5.

Styrktarsjóðir. Héðinn Valdimarsson alþm. sækir fyrir hönd stjórnar styrktarsjóðs bágstaddra verkamanna og sjómanna á Siglufirði um 800 kr. styrk til sjóðsins. Bréf 9. marz. (Nd. 191). Sjá ennfr. Vitamál 3.

Stýrimannaskólinn. Tillögur frá forstöðumanni stýrimannaskólans um fjárveitingar til skólans árið 1932. Bréf 12. nóv. 1930. (Nd. 7, XXV).

Stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

1. 104 hús-, lóða- og landeigendur í Seltjarnarneshreppi skora á Alþingi að samþ. frv. til l. um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur. Undirskriftaskjal ódags. (Nd. 221).
2. Hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps mótmælir frv. til l. um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur og sendir mótmæli 42 lóða- og húseigenda í Skildinganesi gegn frv. Bréf 16. marz. 1 fskj. (Nd. 239).

Sundlaugar og sundkennsla.

1. Héraðsþing Vestur-Barðastrandarsýslu skorar á Alþingi og ríkisstjórn að veita styrk til sundlaugarbyggingar á Sveinseyri í Tálknafirði. Bréf 27. jan. (Nd. 3).
2. Bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar sækir um styrk til sundkennslu í kaupstaðnum. Bréf 21. nóv. 1930. 1 fskj. (Nd. 7, XXXII).
3. Ungmennafélagið í Bolungavík sækir um 5000 kr. styrk til þess að fullgera sundlaug í Bolungavík. Bréf 21. febr. (Nd. 60).

Sveitargjöld, sjá Skattamál.

Svendsen, Engelhardt Holst, sjá Ríkisborgararéttur.

Svendsen, Karl J., sjá Ríkisborgararéttur.

Sýslunefnd Rangárvallasýslu, sjá Skólamál.

Söngkennsla, sjá Háskólinn 4.

Tekjuskattur og eignarskattur.

1. Björn Bjarnarson í Grafarholti sendir fjhn. athugasemdir sínar við frv. ríkisstjórnarinnar um tekjuskatt og eignarskatt. Bréf 1. marz. (Nd. 122).
2. Skattþegnasamband Íslands sendir fjhn. athugasemdir sínar við nokkur ákvæði í frv. ríkisstjórnarinnar um tekjuskatt og eignarskatt. Bréf 28. febr. (Nd. 123).

Theódór Brynjólfsson, sjá Námsstyrkur 23.

Tilbúinn áburður. Búnaðarfélag Íslands tilkynnir landbn. Ed. álit og tillögur búnaðarþings um frv. til l. um breyt. á l. nr. 52, 7. maí 1928, um tilbúinn áburð. 2 fskj. (Ed. 9).

Torfi Sæmundsson, sjá Eftirlaun 2.

Tónlistarskólinn í Reykjavík. Skólaráð tónlistarskólans í Reykjavík fer þess á leit, að í fjárlögum fyrir árið 1932 verði veittur styrkur til skólans, og samskonar styrkur í fjáraukalögum fyrir árið 1931. Bréf 26. nóv. 1930. 2 fskj. (Nd. 7, XXXI).

Tréskurður.

1. Geir G. Þormar myndskeri sækir um að fá að halda styrk þeim, sem Alþingi veitti honum síðastliðið ár. Bréf 14. febr. (Nd. 25).
2. Soffía Stefánsdóttir tréskeri fer þess á leit, að hún fái að halda styrk þeim, að upphæð 1200 kr., sem hún hefir notið til þess að halda uppi kennslu í teikningu og tréskurði. Bréf 13. apríl. (Nd. 316).

Ungmennafélagið í Bolungavík, sjá Sundlaugar og sundkennsla 3.
Upptaka Íslands í Þjóðabandalagið.
1. Fundur verkamanna og verkakvenna í Reykjavík 15. marz mótmælir því, að íslenzka ríkið sæki um upptöku í Þjóðabandalagið. Bréf 16. marz. (Nd. 236).
2. Fundur í verkamannafélagi Húsavíkur 19. marz mótmælir því, að íslenzka ríkið sæki um upptöku í Þjóðabandalagið. Símsk. 21. marz. (Nd. 256).

Útflutningur á fiski.
1. Forstjóri h/f Eimskipafélags Íslands tilkynnir sjútvn., að hann sjái sér ekki fært vegna anna að láta nefndinni í té umbeðið álit um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að styðja að útflutningi á nýjum fiski. Bréf 25. marz. (Nd. 269).
2. Fundur 50 sjómanna og útgerðarmanna í Norðfirði mælir með frv. Haralds Guðmundssonar um heimild fyrir ríkisstjórnina til að styðja að útflutningi á nýjum fiski. Símsk. 23. marz. (Nd. 262).
3. Nefnd, kosin á aðalfundi Fiskifélags Íslands, til þess að fjalla um útflutning á kældum fiski héðan á erlenda markaði, sendir sjútvn. álit sitt. Bréf 5. marz. (Nd. 325).
4. Skipaútgerðarstjóri ríkisins sendir sjútvn. umsögn sína um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að styðja að útflutningi á nýjum fiski. Bréf 26. marz. (Nd. 332).

Útflutningur á saltfiski frá Noregi. Forsætisráðherra sendir sjávarútvegsnefndum til athugunar endurrit af erindi frá danska sendiráðinu í Oslo, varðandi norskt lagafrv. um heimild handa ríkisstjórninni til að gera ráðstafanir, sem miða að því að skipuleggja útflutninginn á vörum frá Noregi, einkum saltfiskútflutninginn. Bréf 10. apríl. 1 fskj. (Nd. 314).

Útflutningsgjald af síld. Aðalfundur Fiskifélags Íslands skorar á Alþingi að lækka útflutningsgjald af síld og síldarafurðum, svo að það sé ekki hærra en af öðrum útfluttum vörum landsmanna. Bréf 5. marz. (Nd. 327).

Útgerðarfélag Vatnsleysustrandar, sjá Hafnir og lendingarbætur 15.

Útvarp.
1. Áætlun útvarpsstjóra um tekjur og gjöld Ríkisútvarpsins árið 1932. Bréf 4. nóv. 1930. (Nd. 7, XI).
2. Arthur Gook á Akureyri fer þess á leit, að Alþingi ákveði, að sér verði að nýju veitt leyfi til þess að starfrækja útvarpsstöðina á Akureyri. Bréf ódags. 3 fskj. (Nd. 168).
3. Atv.- og samgmrn. sendir fjhn. áskoranir bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar um að Alþingi hlutist til um, að útvarpstæki til Austurlands verði eftirleiðis seld í afborgunarsölu, þar sem útvarpsnotendur á Austurlandi þurfa að nota dýrari tæki en íbúar annara landshluta geta komizt af með. Bréf 3. marz. (Nd. 181).
4. Umsögn vitamálastjóra um styrk til viðtækjakaupa handa vitavörðum. Bréf 19. marz. (Nd. 253).
5. Útvarpsráðið fer þess á leit, að í fjárlagafrv. 1932 verði ætluð sér-

stök fjárveiting til þess að koma upp endurútvarpsstöð, sem áætlað er að kosti nálega 25 þús. kr. Bréf. 16. marz. (Nd. 252).
Útvarpstæki, sjá Útvarp 3 og 4.
Útvegsbanki Íslands h/f, sjá Bankamál 4.

Valgarður Thoroddsen, sjá Námsstyrkur 28.
Valgerður Steinsen, sjá Eftirlaun 21.
Varnir gegn kynsjúkdómum. Landlæknir sendir allshn. Ed. umsögn sína um frv. til l. um breyting á l. nr. 18, 20. júní 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum. Bréf 7. apríl. (Ed. 16).
Vatnafélag Rangæinga, sjá Vatnamál.
Vatnamál. Umsögn Vatnafélags Rangæinga um frv. till. um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts. Bréf 1. marz. (Nd. 336).
Veðdeildarbréf, sjá Bankamál 1.
Veðurstofan. Áætlun veðurstofustjóra um gjöld úr ríkissjóði til veðurstofunnar árið 1932, ásamt athugasemdum. Bréf 14. nóv. 1930. (Nd. 7, XLIII).
Vegamál.
1. Tillögur vegamálastjóra um fjárveitingar til vegamála árið 1932. (Nd. 16, I).
2. Vegamálastjóri sækir um fjárveitingu til landmælinga árið 1932. Bréf 13. jan. 1 fskj. (Nd. 7, XIV).
3. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi frá Búnaðarsambandi Suðurlands, dags. 9. des. 1930, um að þjóðvegunum frá Reykjavík um sambandssvæðið sé haldið færum til bifreiðaflutninga að vetrinum. Bréf 28. febr. (Nd. 106).
4. Hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps í Norður-Múlasýslu skorar á Alþingi að veita 10 þús. kr. til þjóðvegarins um Skeggjastaðahrepp. Bréf ódags. (Nd. 31).
5. Magnús Guðmundsson og Jón Sigurðsson alþm. senda Alþingi áskorun héraðsfundar Skagfirðinga 30. nóv. 1930, um að leggja fram nægilegt fé til þjóðvegarins frá Hjaltadalsá til Hofsóss. Bréf 2. marz. (Nd. 166).
6. Sömu þm. senda Alþingi áskorun héraðsfundar Skagfirðinga 30. nóv. 1930, um að leggja fram ríflega fé til fjallvegarins frá Heiði í Gönguskörðum yfir Laxárdalsheiði. Bréf 2. marz. (Nd. 167).
7. Pétur Ottesen alþm. sendir áskorun þingmálafundar á Lundi í Lundarreykjadal 4. febr., um að láta gera bílfæran veg yfir Uxahryggi þegar á næsta sumri. (Nd. 115).
8. Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu sendir Alþingi útskrift úr gerðabók sýslunefndar Kjósarsýslu þess efnis, að sýslunefnd skorar á Alþingi að nema úr fjárlögum 1930 og 1931 skilyrði um fjárframlag úr sýslusjóði og sveitarsjóðum til þjóðvegarins um Kjalarnes og Kjós. Bréf 20. febr. 4 fskj. (Nd. 55).
9. Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu skorar á Alþingi að samþ. framkomnar tillögur um að vegurinn frá Sauðárkróki austur um Hegranes að

Austur-Héraðsvatnabrú og yfir Viðvíkursveit, Óslandshlíð, Höfðaströnd og Sléttuhlíð verði gerður að þjóðvegi, ásamt veginum heim að Hólum og veginum frá Austur-Héraðsvatnabrú að Réttarholti. Símsk. 6. apríl. (Nd. 302).

10. Umsögn vegamálastjóra um frv. til l. um nýjan veg frá Lækjarbotnum í Mosfellssveit austur í Ölfus. Bréf 11. apríl. (Nd. 335).
11. 6 útdrættir úr gerðabók sýslunefndar Árnessýslu, varðandi vega- og samgöngumál. Bréf 31. marz. (Nd. 297).
12. 46 alþingiskjósendur í Geithellnahreppi fara þess á leit, að Alþingi veiti fé til akvega í hreppnum. Bréf 16. des. 1930. (Nd. 17).

Veiðiaðferðir og veiðarfæri. Fundur 50 sjómanna og útgerðarmanna í Norðfirði skorar á Alþingi að samþ. frv. Haralds Guðmundssonar um heimild fyrir ríkisstjórnina til að gera tilraunir með nýjar veiðiaðferðir og veiðarfæri. Símsk. 23. marz. (Nd. 262).

Verðtollur.

1. Ingólfur G. S. Espholín sendir fjhn. nokkrar brtt. við frv. til l. um verðtoll. Bréf. 2. marz. (Nd. 322).
2. Sami sendir fjhn. nokkrar brtt. við frv. til l. um breyting á l. nr. 50 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum. Bréf 2. marz. (Nd. 323).

Verkamannabústaðir. Bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar sendir Alþingi áskorun um að breyta lögum um verkamannabústaði frá 14. júní 1929 þannig, að tillag ríkissjóðs og bæjar- og sveitarsjóða hækki að minnsta kosti um helming frá því sem nú er. Bréf 26. febr. (Nd. 134).

Verzlunarnám og atvinnuréttindi verzlunarmanna. Verzlunarráð Íslands mótmælir frv. til l. um verzlunarnám og atvinnuréttindi verzlunarmanna í þeirri mynd, sem frv. er borið fram í. Bréf 26. marz. (Nd. 276).

Verzlunarráð Íslands, sjá Einkasala á tóbaki og eldspýtum, Verzlunarnám og atvinnuréttindi verzlunarmanna, Verzlunarskóli Íslands.

Verzlunarskóli Íslands. Verzlunarráð Íslands fer þess á leit, að aukinn verði fjárstyrkur til verzlunarskóla Íslands, þannig að styrkurinn nemi alls að minnsta kosti 10 þús. kr. á ári. Bréf 7. marz. 1 fskj. (Nd. 184).

Vélgæzla á gufuskipum. Vélstjórafélag Íslands mótmælir frv. til l. um atvinnu við vélgæzlu á gufuskipum, en til vara eru það eindregin tilmæli félagsins, að undanþáguheimildir þær, sem í frv. felast, séu bundnar við skip með allt að 300 hestafla vélum. Bréf 23. marz. 1 fskj. (Nd. 261).

Vélstjórafélag Íslands, sjá Vélgæzla á gufuskipum.

Vélstjóraskólinn. Tillögur frá skólastjóra vélstjóraskólans um fjárveitingar til skólans árið 1932. Bréf 21. nóv. 1930. (Nd. 7, XXIV).

Vigdís Kristjánsdóttir, sjá Námsstyrkur 29.

Vignir Andrésson, sjá Námsstyrkur 30.

Vilborg Sigurðardóttir, sjá Eftirlaun 19.

Vilhjálmur Finsen, sjá Markaður 1.

Vitamál.

1. Áætlun vitamálastjóra um útgjöld til vitamála og hafnargerða árið 1931. Bréf 3. des. 1930. (Nd. 7, XII).

2. Vitamálastjóri gerir nokkrar athugasemdir við fjárlagafrv. 1932, um vitamál og hafnargerðir. Bréf 25. febr. 1 fskj. (Nd. 89).
3. Sami fer þess á leit, að fjvn. hækki tillag ríkissjóðs til sjúkra- og styrktarsjóðs vitavarða úr 500 kr. upp í 800 kr. Bréf 26. febr. (Nd. 90).
4. Th. Krabbe formaður vitamálanefndar sendir sjútvn. álit og tillögur nefndarinnar. Bréf 16. febr. 2 fskj. (Nd. 27).
5. Th. Krabbe fer þess á leit fyrir hönd vitamálanefndar, að breyting verði gerð á 1. gr. stjfrv. um vitagjald o. fl. Bréf 21. febr. (Nd. 54).
6. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi vitamálastjóra um að ríkissjóður kaupi íbúðarhús Jóhanns Baldvinssonar, vitavarðar á Rifi á Melrakkasléttu. Bréf 26. febr. 5 fskj. (Nd. 91).
7. Sama sendir fjvn. erindi vitamálastjóra, dags. 19. jan., um leigu á jörðinni Engidal á Sauðanesi vegna hins fyrirhugaða ljós- og hljóðvita þar. Bréf 28. febr. 3 fskj. (Nd. 103).
8. Sama beiðist umsagnar fjvn. um erindi vitamálastjóra, dags. 3. marz, viðvíkjandi styrk til íslenzkrar útgáfu af »den islandske Lods«. Bréf 16. marz. (Nd. 233).
9. Sama beiðist umsagnar fjvn. um erindi vitamálastjóra, dags. 5. marz, viðvíkjandi kaupum á hálfri jörðinni Selvogum. Bréf 16. marz. (Nd. 234).
10. Jón Auðunn Jónsson alþm. fer þess á leit, að fé verði veitt í því skyni að byggja vita á Stigahlíð eða Óshólum. Bréf 10. marz. (Nd. 205).
11. Stjórn skipstjórafélagins Öldunnar sendir sjútvn. áskorun um að styðja að því, að frv. vitamálanefndar um stjórn vitamála og um vitabyggingar nái fram að ganga. Bréf 21. febr. (Nd. 56).
12. Sveitarfundur á Eskifirði skorar á Alþingi að láta á næsta sumri setja fullkominn ljós- og miðunarvita á Seley við Reyðarfjörð. Bréf 11. febr. (Nd. 18, III).
13. Vermenn í Höfn í Hornafirði skora á Alþingi að veita allt að 20 þús. kr. til endurbóta á leiðarljósum við Hornafjörð. Símsk. 24. marz. (Nd. 267).

Vífilsstaðahæli, sjá Sjúkrahús 5.

Vísindafélag Islands sækir um 1000 kr. styrk til starfsemi sinnar. Bréf 5. nóv. 1930 (Nd. 280).

Þingmálafundargerðir.

Úr Árnessýslu, fjórar, 7. febr., 9. febr., 10. febr., 11. febr. (Nd. 35).
Úr Austur-Húnavatnssýslu, þrjár, 26. jan., 28. jan., 30. jan. (Ed. 6).
Úr Austur-Skaftafellssýslu, fjórar, 17. jan., 18. jan., 27. jan., 4. febr. (Nd. 87).
Úr Borgarfjarðarsýslu, sjö, 27. jan., 29. jan., 31. jan., 2. febr., 4. febr., 6. febr., 7. febr. (Nd. 113).
Úr Dalasýslu, ein, 9. febr. (Nd. 47).

Frá Ísafirði, ein, 23. jan. (Nd. 12).
Úr Mýrasýslu, sjö, 22. jan., 23. jan., 25. jan., 26. jan., 27. jan., 28. jan., 30. jan. (Nd. 77).
Úr Norður-Ísafjarðarsýslu (fundargerð 4. þing- og héraðsmálafundar N.-Ísf. 23.—27. nóv. 1930). (Nd. 59).
Úr Norður-Múlasýslu, ein, 20. des. 1930. (Nd. 318).
Úr Norður-Þingeyjarsýslu, ein, 13. okt. 1930. (Nd. 162).
Úr Rangárvallasýslu, tvær, 9. febr., 10. febr. (Nd. 63).
Frá Siglufirði, ein, 13. febr. (Ed. 7).
Úr Snæfellsness., ein (landsmálafundargerð frá Ólafsvík 31. jan.). (Ed. 14).
Úr Suður-Múlasýslu, þrjár, 18. jan. (Nd. 19), 22. jan. (Nd. 20)., 11. febr. (Nd. 74).
Úr Vestur-Húnavatnssýslu, tvær, 31. jan., 7. febr. (Nd. 51).
Úr Vestur-Ísafjarðarsýslu (fundargerð 32. þing- og héraðsmálafundar V.-Ísf. 28. og 29. nóv.). (Nd. 4).
Úr Vestur-Skaftafellssýslu, fjórar, 22. jan., 23. jan., 24. jan., 28. jan. (Nd. 42).

Þjóðjarðir. Sveitarfundur á Eskifirði skorar á Alþingi að heimila ríkisstjórninni að selja Eskifjarðarhreppi jörðina Hólma við Reyðarfjörð. Bréf 11. febr. (Nd. 18, I).

Þjóðminjasafnið. Tillögur þjóðminjavarðar um fjárveitingar til þjóðminjasafnsins árið 1932. Bréf 22. nóv. 1930. (Nd. 7, XL).

Þjóðsagnir. Matthías Þórðarson fornminjavörður fer þess á leit fyrir hönd Sigfúsar Sigfússonar þjóðsagnasafnara, að Alþingi ákveði að veita sömu upphæð til útgáfu þjóðsagnasafns hans í fjárlögum fyrir árið 1932 og veitt er í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár. Bréf 4. marz. 1 fskj. (Nd. 143).

Þjóðskjalasafnið.
1. Tillögur þjóðskjalavarðar um fjárveitingar til þjóðskjalasafnsins árið 1932. Bréf 6. nóv. 1930. (Nd. 7, XXXVIII).
2. Þjóðskjalavörður sækir um að þjóðskjalasafnið fái að halda styrk þeim, sem það hefir notið undanfarin ár. Bréf 19. febr. (Nd. 49).

Þorlákur Helgason, sjá Námsstyrkur 14.

Þorleifur Þorleifsson ljósmyndari sækir um 1200 kr. styrk til þess að gefa út úrval af ljósmyndum frá alþingishátíðarhöldunum síðastliðið sumar. Bréf 4. marz. (Nd. 137).

Þorsteinn Sigurðsson, sjá Gistihús og gististaðir 2.

Þorvaldur Pálsson, sjá Eftirlaun 23.

Þorvaldur Skúlason, sjá Námsstyrkur 9.

Þóra Havsteen, sjá Nudd- og gigtlækningastofa.

Þórarinn J. Einarsson, sjá Námsstyrkur 31.

Þórhallur Þorgilsson, sjá Kennslubækur 2.

Þriðji landsfundur íslenzkra kvenna, sjá Eftirlaun 25, Húsmæðrafræðsla 5, Kvenréttindafélag Íslands.

Skammstafanir: a. = allsherjarnefnd, fjh. = fjárhagsnefnd, fjv. = fjárveitinganefnd, l. = landbúnaðarnefnd, m. = menntamálanefn

Tala	Nöfn þingmanna og staða	Kjördæmi	Fæðingar-dagur og ár
1.	Ásgeir Ásgeirsson, fræðslumálastjóri, forseti Sþ.	Vestur-Ísafjarðarsýsla.	13/5 '94
2.	Benedikt Sveinsson, bókavörður	Norður-Þingeyjarsýsla.	2/12 '77
3.	Bernharð Stefánsson, bóndi, skrifari í neðri deild	Eyjafjarðarsýsla, 2. þm.	8/1 '89
4.	Bjarni Ásgeirsson, bóndi	Mýrasýsla.	1/8 '91
5.	Björn Kristjánsson, fyrrv. bankastjóri	Gullbr.- og Kjósars., 1. þm.	26/2 '58
6.	Einar Arnason, fjármálaráðherra	Eyjafjarðarsýsla, 1. þm.	27/11 '75
7.	Einar Jónsson, bóndi	Rangárvallasýsla, 1. þm.	18/11 '68
8.	Erlingur Friðjónsson, kaupfélagsstjóri	Akureyri.	7/2 '77
9.	Guðmundur Ólafsson, bóndi, forseti efri deildar	Austur-Húnavatnssýsla.	13/10 '67
10.	Guðrún Lárusdóttir, frú	6. landskjörinn þm.	8/1 '80
11.	Gunnar Sigurðsson, málaflutningsmaður	Rangárvallasýsla, 2. þm.	14/7 '88
12.	Halldór Stefánsson, tryggingarstj., 2. varafors. Nd.	Norður-Múlasýsla, 1. þm.	26/5 '77
13.	Halldór Steinsson, læknir	Snæfellsnessýsla.	31/8 '73
14.	Hannes Jónsson, kaupfélagsstjóri	Vestur-Húnavatnssýsla.	17/11 '93
15.	Haraldur Guðmundsson, bankaútibússtjóri	Ísafjarðarkaupstaður.	26/7 '92
16.	Hakon Kristófersson, bóndi	Barðastrandarsýsla.	20/4 '77
17.	Héðinn Valdimarsson, forstjóri	Reykjavík, 2. þm.	26/5 '92
18.	Ingólfur Bjarnarson, bóndi, 1. varafors. Nd., skrif. í Sþ.	Suður-Þingeyjarsýsla.	6/11 '74
19.	Ingvar Pálmason, bóndi	Suður-Múlasýsla, 2. þm.	26/7 '73
20.	Jóhann Jósefsson, konsúll	Vestmannaeyjar.	17/6 '86
21.	Jóhannes Jóhannesson, fyrrv. bæjarfógeti	Seyðisfjarðarkaupstaður.	17/1 '66
22.	Jón Auðunn Jónsson, forstjóri, skrifari í Sþ.	Norður-Ísafjarðarsýsla.	17/7 '78
23.	Jón Baldvinsson, bankastjóri, 1. varaforseti Ed.	2. landskjörinn þm.	20/12 '82
24.	Jón Jónsson, bóndi, skrifari í Ed.	3. landskjörinn þm.	8/9 '86
25.	Jón Ólafsson, bankastjóri	Reykjavík, 3. þm.	16/10 '69
26	Jón Sigurðsson, bóndi	Skagafjarðarsýsla, 2. þm.	13/3 '88
27.	Jón Þorláksson, verkfræðingur	1. landskjörinn þm.	3/3 '77
28.	Jónas Jónsson, dómsmálaráðherra	5. landskjörinn þm.	1/5 '85
29.	Jörundur Brynjólfsson, bóndi, forseti neðri deildar	Árnessýsla, 1. þm.	21/2 '84
30.	Lárus Helgason, bóndi	Vestur-Skaftafellssýsla.	8/8 '73
31.	Magnús Guðmundsson, hæstaréttarmálaflm.	Skagafjarðarsýsla, 1. þm.	6/2 '79
32.	Magnús Jónsson, guðfræðiprófessor, skrifari í Nd.	Reykjavík, 1. þm.	26/11 '87
33.	Magnús Torfason, sýslumaður	Árnessýsla, 2. þm.	12/5 '68
34.	Ólafur Thors, forstjóri	Gullbr.- og Kjósars., 2. þm.	19/1 '92
35.	Páll Hermannsson, bústjóri	Norður-Múlasýsla, 2. þm.	28/4 '80
36.	Pétur Magnússon, hæstaréttarmálaflm., skrif. í Ed.	4. landskjörinn þm.	10/1 '88
37.	Pétur Ottesen, bóndi	Borgarfjarðarsýsla.	2/8 '88
38.	Sigurður Eggerz, fyrrv. ráðherra	Dalasýsla.	1/3 '75
39.	Sigurjón Á. Ólafsson, skipaafgreiðslumaður	Reykjavík, 4. þm.	29/10 '84
40.	Sveinn Ólafsson, bóndi	Suður-Múlasýsla, 1. þm.	11/2 '63
41.	Tryggvi Þórhallsson, forsætisráðherra	Strandasýsla.	9/2 '89
42.	Þorleifur Jónsson, bóndi, varaforseti Sþ.	Austur-Skaftafellssýsla.	21/8 '64

eð bústöðum o. fl.

= samgöngumálanefnd, sj. = sjávarútvegsnefnd. A = Alþýðuflokkur, F = Framsóknarflokkur, S = Sjálfstæðisflokkur, U = utan flokka.

Heimili	Dvalarstaður um þingtímann (og sími)	Í hverjum fastanefndum	Tala áður setinna þinga	Þing-flokkur	Þing-deild
Reykjavík.	Laufás. S. 1134.	fjh.; m.	7	F	Nd.
Reykjavík.	Skólavörðustígur 11. S. 345.	sa.; sj.	22	F	Nd.
Þverá í Öxnadal.	Hótel Borg.	l.	7	F	Nd.
Reykir í Mosfellssveit.	Vesturgata 27. S. 723.	l.	3	F	Nd.
Reykjavík.	Vesturgata 9. S. 632.	sa.	27	S	Ed.
Reykjavík.	Laufásvegur 71. S. 515.		16	F	Ed.
Geldingalækur á Rangárv.	Hótel Borg.	l.	15	S	Nd.
Akureyri.	Týsgata 4 C. S. 2063.	fjv.; sj.; m.; a.	3	A	Ed.
Ás í Vatnsdal.	Vesturgata 11. S. 1597.		18	F	Ed.
Reykjavík.	Sólvallagata 23. S. 236.	m.		S	Ed.
Reykjavík.	Laugavegur 73. S. 12.	sa.; m.	7	U	Nd.
Reykjavík.	Ljósvallagata 32. S. 2194.	fjh.	7	F	Nd.
Ólafsvík.	Suðurgata 5. S. 688.	fjv.; sj.	18	S	Ed.
Hvammstangi.	Bókhlöðustígur 2. S. 266.	fjv.	3	F	Nd.
Reykjavík.	Marargata 6. S. 2223.	fjv.	3	A	Nd.
Hagi á Barðaströnd.	Kirkjutorg 1. S. 16.	sa.; sj.	19	S	Nd.
Reykjavík.	Bergstaðastr. 14. S. 682 og 690.	fjh.; a.	4	A	Nd.
Fjósatunga í Fnjóskadal.	Laufásvegur 71. S. 515.	fjv.	9	F	Nd.
Neskaupstaður.	Bárugata 9.	fjh.; sj.; a.	7	F	Ed.
Vestmannaeyjar.	Hótel Borg.	sj.	7	S	Nd.
Reykjavík.	Suðurgata 4. S. 677.	fjv.	25	S	Ed.
Ísafjarðarkaupstaður.	Aðalstræti 11. S. 1518.	sa.; m.	11	S	Nd.
Reykjavík.	Miðstræti 10. S. 989.	fjh.; l.	10	A	Ed.
Stóridalur í Húnavatnssýslu.	Bókhlöðustígur 2. S. 266.	fjv.; sa.; m.	2	F	Ed.
Reykjavík.	Laufásvegur 55. S. 415.	m.; a.	4	S	Nd.
Reynistaður í Skagafirði.	Stýrimannastígur 9. S. 33.	fjv.; l.	11	S	Nd.
Reykjavík.	Bankastræti 11. S. 1283 og 2305.	fjh.	10	S	Ed.
Reykjavík.	Sambandshúsið. S. 603.		8	F	Ed.
Skálholt í Biskupstungum.	Bergstaðastræti 69. S. 2250.		12	F	Nd.
Kirkjubæjarklaustur á Síðu.	Skólavörðustígur 30. S. 636.	l.; a.	5	F	Nd.
Reykjavík.	Staðastaður. S. 34.	a.	16	S	Nd.
Reykjavík.	Laufásvegur 63. S. 877.	fjv.	10	S	Nd.
Eyrarbakki.	Laugavegur 40. S. 1897.	sa.; a.	13	F	Nd.
Reykjavík.	Garðastræti 41. S. 551.	fjh.	5	S	Nd.
Eiðar í Eiðaþinghá.	Sóleyjargata 13. S. 519.	fjv.; sa.; l.	3	F	Ed.
Reykjavík.	Suðurgata 18. S. 202 og 533.	l.; a.		S	Ed.
Ytri-Hólmur á Akranesi.	Stýrimannastígur 9. S. 33.	fjv.	16	S	Nd.
Reykjavík.	Laufásvegur 14. S. 627.	fjh.	19	S	Nd.
Reykjavík.	Laugavegur 42. S. 1262.	sj.; m.	3	A	Nd.
Fjörður í Mjóafirði.	Tjarnargata 24. S. 906.	sj.	16	F	Nd.
Reykjavík.	Tjarnargata 32. S. 91 og 2291.		7	F	Nd.
Hólar í Hornafirði.	Amtmannsstígur 5.	fjv.	22	F	Nd.